Þingsályktunartillögur samþykktar.

1. Friðun Faxaflóa.

Á deildafundum 9. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um friðun Faxaflóa (A. 14).

Á 4. fundi í Sþ., 30. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 5. fundi í Sþ., 5. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Pétur Ottesen): Herra forseti. Þetta mál hefur nú af vissum ástæðum legið niðri um hríð. Á styrjaldarárunum hafa ekki verið aðstæður til viðræðna við fulltrúa þeirra þjóða, sem við stóðum í samningum við um það að fá Faxaflóa friðaðan. Það hefur ekki heldur á þessum árum tekizt að ljúka að fullu þeim rannsóknum, sem eftir var að gera hér í Faxaflóanum til undirbúnings þessa máls. Þessi rannsókn var að vísu alllangt komin, þegar styrjöldin skall á, en eftir þeirri áætlun, sem gerð var af þeim vísindamönnum og öllum, sem um þetta mál fjölluðu, var eftir að ljúka til fullnustu þessum rannsóknum. Ef gerð verður nú krafa til þess af hálfu þeirra manna, sem við stöndum í samningum við, að þessum rannsóknum verði að fullu lokið, áður en endanlega verður gengið frá þessum málum, verður að vinda bráðan bug að því, að svo verði gert. En þetta kemur bráðlega í ljós, því að nú er nefnd manna héðan stödd á alþjóðaráðsfundi, sem tekur m. a. þetta mál til meðferðar. Er fundur þessi haldinn í Danmörku. Þar kemur vitanlega í ljós, hvort krafa verður gerð til þess, að þessum rannsóknum verði lokið, eins og upphaflega var fyrirhugað, eða að þær rannsóknir, sem gerðar hafa verið, verða látnar nægja. Verði það gert, er þess að vænta, að það standi ekki á því af okkar hálfu, að þeim verði að fullu ráðið til lykta. Svo mikið er í húfi, að framkvæmdir þessar geti sem fyrst orðið. Mér þykir ekki ástæða til að bæta við fram yfir það, sem í grg. stendur, sem fylgir þessari þáltill. og fylgdi þeirri till., sem ég flutti á aðalþinginu 1943, þar sem dregin er fram reynsla sú, sem fengizt hefur á styrjaldarárunum í sambandi við fiskveiðar og fiskigengd í Faxaflóa. Hitt er aðalatriðið, að þessu máli sé fylgt eftir af hálfu Íslendinga með öllum þeim krafti og öllum þeim meðulum, sem við höfum tiltæk og við búum nú yfir. Samþykkt Alþ. á þessari kröfu er vitaskuld einn verulegur þáttur í þessu efni, og því fylgir það, að öll fyrirgreiðsla af hálfu Alþ. sé látin sigla þar í kjölfarið. Ég mun láta það afskiptalaust, hvort menn vilja vísa þessari till. til n., en aðalatriðið er það, að Alþ. ýti eftir málinu með slíkri samþykkt sem hér er lagt til, að gerð verði með þessari þáltill.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 98).

---

2. Samþykki til frestunar á fundum Alþingis.

Á deildafundum 19. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþ. samkv. 23. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands 17. júní 1944 (A. 368).

Á 20. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 21. fundi í Sþ., 20. des., var till. tekin til einnar umr.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Eins og þessi þáltill. á þskj. 368 ber með sér, er lagt til, að fundum þingsins verði frestað frá deginum á morgun og eitthvað fram yfir nýár, þó þannig, að þ. verði kvatt saman eigi síðar en 1. febr. næstkomandi.

Það vakir fyrir ríkisstj. að kalla þ. saman 1. febr., nema eitthvað það komi fyrir, að æskilegra yrði talið að kalla það saman fyrr. Að öðru leyti er ætlunin að halda sér við till. — Ég sé ekki ástæðu til að fylgja till. úr hlaði með neinum sérstökum rökum, af því að þau eru öðrum hv. þm. jafnkunn sem mér, og af því að ekki tókst að ljúka þinginu fyrir jól, sem ef til vill ekki stóðu miklar vonir til, þar sem svo mörg

mál hafa verið hér á döfinni, þá geri ég ráð fyrir, að það séu heppilegri vinnubrögð að fresta því nú um þennan tíma, nema eitthvað sérstakt komi fyrir, sem mæli því í gegn, og geta þá þeir hv. þm., sem sækja langt að, eitthvað sinnt þeim störfum, sem bíða þeirra heima, úr því að þ. er á annað borð frestað. — Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 29:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 393).

3. Húsaleiga (till. GJ).

Á deildafundum 1. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um kosningu milliþinganefndar til þess að rannsaka áhrif húsaleigulaganna og endurskoða þau (A. 83).

Á 5. fundi í Sþ., 5. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þegar húsaleigulögin voru fyrst sett á Alþ. 1940, þá var það vegna ófriðarástands. Þessi l. standa enn, þrátt fyrir mótmæli húseigenda og þótt réttur þeirra sé fyrir borð borinn. L. var breytt á Alþ. 1943, og hér liggur fyrir brtt. um að breyta 6. gr., og er algerlega óviðunandi nema henni verði breytt. Nú er friður saminn og því grundvallaratriði laganna fallið úr gildi, og því hef ég borið fram þáltill., sem ég vona, að hæstv. Alþ. samþykki.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 6. fundi í Sþ., 8. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Sþ., 5. febr., var till. tekin til síðari umr. (A. 83, n. 330).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þessi till. á þskj. 83 hefur verið hjá allshn. Eins og segir í áliti n. á þskj. 330, var leitað álits þeirra höfuðaðila, sem ætla má, að séu kunnugastir þessum málum, félags fasteignaeigenda og húsaleigunefndar, og fór nú að vonum ekki saman þeirra álit. Félag fasteignaeigenda taldi, að það væri óþarfi að rannsaka frekar í þessum efnum, reynslan væri búin að sýna það, að húsaleigulögin ættu ekki lengur rétt á sér, enda hefðu þau verið sett í upphafi sem ófriðarráðstöfun, og þar sem ófriðnum væri lokið teldu þeir ekki rétt að halda þeim lengur í gildi. Húsaleigunefnd taldi sig raunar geta fallizt á þá skoðun, sem fram kemur í grg. hv. flm., en áleit þó, að ekki mundi vera hægt að fella húsaleigulögin úr gildi, enda taldi sú góða nefnd, að slíkt mundi leiða til mesta öngþveitis, og þó vildi hún ekki setja sig á móti því, að þetta mál væri rannsakað. Nú, eftir að hafa fengið álit þessara aðila, var þetta rætt í allshn. að nýju og skoðanir manna mjög mismunandi, því að eins og við má búast, hittast varla svo tveir menn um svona viðkvæmt mál, að ekki beri eitthvað á milli um skoðanir. Sumir töldu, að þetta mál, afskipti hins opinbera af húsaleigulögunum eins og þau eru hvað löggjöf snertir og í framkvæmd, yrði til þess að ýta undir eins konar svartan markað í húsnæðismálum, og því bæri að afnema þau. Aftur á móti voru svo aðrir þeirrar skoðunar, að ekkert ætti að gera fyrr en þessi rannsókn hefði farið fram. En um eitt voru allir sammála, og það var það, að ef rannsaka ætti, þyrfti að gera það skjótlega og endurskoða lögin. Samt sem áður virtist nefndinni, að rannsókn, framkvæmd af ríkisstj. í þá átt, sem henni þykir bezt henta, gæti orðið eins góð og ef sérstök mþn. væri skipuð til þessara hluta. Niðurstaðan varð því sú, að n. leyfir sér að leggja til, eins og hér segir á þskj. 330, að till. verði samþ. með þeirri breyt., er þar segir, að Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta tafarlaust fara fram rannsókn á því atriði, þ. e. a. s. húsaleigulögunum, og endurskoðun á þeim fyrir næsta reglulegt Alþingi. Undir þetta hafa allir nm. skrifað fyrirvaralaust.

Ég vil nú vænta þess, að hv. flm. geri sig ánægðan með þessa afgreiðslu á málinu, þar sem frá hans hendi var ekki farið fram á annað en að málið yrði rannsakað. En ekki er því að leyna, að meðal nm. eru ýmsir, sem, ef málið hefði legið öðruvísi fyrir, hefðu viljað leggja til, að þessi lög væru afnumin. Rannsókn á þessu atriði geti að vísu verið þörf og góð, en ég ætla, að þeir telji, að reynslan og það, sem daglega ber við í húsaleigumálum höfuðstaðarins, sé búið að sýna fram á nægilega, hve að mörgu leyti hafi verið skotið fram hjá markinu með þessari löggjöf. En um það er ekki að ræða hér, heldur það, hvort við viljum láta rannsaka og á hvern hátt, og þar ber í sjálfu sér ekkert á milli hv. flm. annað en það, hvernig þessi rannsóknarnefnd eða rannsóknarstofnun skuli vera skipuð.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka allshn. fyrir afgreiðslu málsins og lýsi yfir því, að ég er fullkomlega samþykkur þeirri breyt., sem gerð er á þskj. 330. Það er ekkert aðalatriði fyrir mér, hvernig nefndin er skipuð, heldur, að málið sé rannsakað, eins og formaður n. tók fram. Ég vil hins vegar gjarnan heyra álit félmrh. um það, hvort hann sé því samþykkur að taka á móti þessari þál. eins og hún er hér á skjalinu og láta þessa rannsókn fara fram nú þegar, eins og þar er rætt um. Í sambandi við það vil ég vita, hvort hann gæti látið þessa rannsókn fara svo skjótt fram, að niðurstöðurnar gætu komið fyrir þetta þing, ef það ætti nokkuð langa setu. Ég vil í sambandi við þetta upplýsa, að nýlega var haldinn mjög fjölmennur fundur í félagi fasteignaeigenda hér í Reykjavík, og var

samþ., svo að segja með öllum greiddum atkv., áskorun til Alþingis um að afnema húsaleigulögin nú þegar, og voru færð fyrir því mjög sterk rök, sem ég skal ekki eyða tíma í að endurtaka hér, þar sem þau eru öllum þm. mjög vel kunn. En þætti það ekki gerlegt á þessu þingi, þá a. m. k. að fá þær breyt. gerðar á l., sem hvort tveggja í senn gætu mildað eitthvað þann órétt, sem þeir enn búa við og eiga kröfu á að fá leiðréttan, þar sem ófriðnum er lokið, og hins vegar að bæta úr því öngþveiti, sem ríkir í þessum málum, því að nú er svo komið, að menn verða í sumum tilfellum að greiða 30 þús. kr. fyrir að komast inn í húsnæði, ekki af því, að húsnæði sé ekki nóg, heldur af því, að húsin kosta svo mikið fé og viðkomandi menn vilja tryggja sér niðurgreiðslu af þeim kostnaði eins og hægt er. En þetta ástand hlýtur að krefjast þess, að tafarlaust sé gengið skörulega inn í þetta mál til þess ekki aðeins að laga þann órétt, sem húseigendum er bakaður, heldur og til þess að laga það ástand, sem er um hin nýju hús í bænum og almenningur verður að búa við. Því vildi ég gjarnan heyra álit ráðh. um það, hvort hann hugsar sér að láta framkvæma þetta nú þegar, eftir að þál. nær samþykki Alþ., sem ég held, að verði hér í dag, og hvort hægt verði að fá úrbætur á þessu mjög fljótlega áður en þessu þingi lýkur.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Það hefur mikið verið deilt um húsaleigulögin, sem eðlilegt er, því að þó að þau hafi verið sett af nauðsyn og framkvæmd þeirra samvizkusamlega af hendi leyst, hafa þau valdið ranglæti og oft mjög augljósu misræmi. Það hefur ekki verið gerlegt að afnema þessa löggjöf, enda þótt ýmislegt hafi farið fram í sambandi við húsnæðismálin, sem æskilegt hefði verið að koma í veg fyrir. Margir, sem aðstöðu hafa haft til að byggja, hafa leigt húsnæði með óhóflegum ágóða, meðan þeir, sem áður höfðu eignazt hús, verða að sitja með leigjendur í gamalli leigu, sem varla er fyrir viðhaldskostnaði og sköttum. Þetta hefur farið fram, ekki vegna húsaleigulaganna eingöngu, heldur þrátt fyrir þau. Ég hygg, að fljótvirkasta ráðið til úrbóta í þessu máli sé að efla húsbyggingar fyrir almenning hér í bæ, og varðandi það hefur verið flutt frv., sem nú liggur fyrir Ed.

Ég held, að leggja beri áherzlu á það, að það byggingarefni, sem fæst, verði notað til að byggja íbúðir fyrir almenning, sem menn geti svo eignazt með góðu móti. Þetta held ég að sé auðveldasta leiðin til að koma í veg fyrir það óheilbrigða brask, sem nú á sér stað í húsnæðismálunum.

Mér væri mjög ljúft að láta fara fram rannsókn eins og um getur í brtt., en sú rannsókn hlýtur að taka nokkuð langan tíma, og auk þess þarf sú rannsókn að fara fram um allt land, þar sem hús eru leigð, svo að vart er hægt, að þeirri rannsókn yrði lokið meðan þetta þing situr. Auk þess tel ég það galla á till., að ekki er gert ráð fyrir heimild til þess að greiða kostnaðinn úr ríkissjóði. Það eru engir starfskraftar til þessara rannsókna í ráðuneytum stj., og verður því að skipa til þess menn utan ráðuneytanna. Og þó að ekki sé skipuð milliþinganefnd, þarf heimild til að greiða þann kostnað, sem óhjákvæmilega verður við þessa athugun.

Garðar Þorsteinsson: Þessi till., sem hér liggur fyrir um húsaleigul., hefur komið til allshn., þar sem ég á sæti. N. hefur ekki fundizt hægt að falla frá því að láta lögin halda gildi, þó að hún hins vegar hafi gert sér ljóst, að það er gengið á rétt þeirra manna, sem hafa lagt efni sín í húseignir og ætlað sér eða sínum að njóta þannig fjár síns. Það, sem mestu ræður, er, að hvorki húsaleigun. né aðrir hafa varnað því, að fólk flytti til bæjarins án þess að hafa rétt til þess samkv. húsaleigulögunum. Ég veit um fjölda af fólki, sem hefur fengið hér húsnæði án þess að hafa rétt til þess eftir húsaleigulögunum. Það, sem gerir menn óánægða með þessi lög, er ekki fyrst og fremst það að geta ekki sagt fólki upp, heldur misræmið. Ef tekin eru til dæmis tvö hús við Austurstræti, nr. 10 og 15, þá er leigan í öðru nærri fimm sinnum hærri en í hinu. Slíkt sem þetta veldur mikilli óánægju. Ég er viss um, að ef fundið væri ráð til að samræma þetta, mundi óánægjan út af þessum málum minnka til muna. Ég tek undir það með hv. þm. Barð. og tel það bæði hyggilegt og nauðsynlegt að skipa þessum málum sem fyrst. Ég tel það algert aukaatriði, hvort sú n., sem með þessi mál fer, er stjórnskipuð eða skipuð af Alþingi.

Ég get ekki fallizt á, að þetta mál sé látið bíða næsta þings, heldur sýnist mér nauðsynlegt, að fram úr því verði ráðið ekki síðar en 3 mánuðum fyrir 1. okt. n. k., og er það bæði vegna þeirra, sem leigja út, og leigutaka. Ég er ekki viss um, að stjórnskipuð nefnd eða þingskipuð nefnd finni lausn á þessu máli, ég held fremur, að hlutaðeigendur sjálfir, t. d. fulltrúar frá fasteignaeigendum og aðrir frá leigutökum, mundu helzt finna lausn á málinu.

Forseti (JPálm): Hér hefur borizt brtt. við tillgr. á þskj. 330, svo hljóðandi: „Við tillgr. bætist: Kostnaður við rannsóknina greiðist úr ríkissjóði.“ Till. er skrifl. og of seint fram komin og þarf því afbrigða við.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 398) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Ég verð að segja, að ég er undrandi yfir svari dómsmrh., þar sem honum hlýtur að vera ljóst, að þetta má ekki bíða. Ef þessi mál eiga að vera óbreytt þangað til búið er að byggja öll þau hús, sem þyrfti, þá verða menn að búa við sama óréttlætið í mörg ár enn þá. Ef það er rétt, að menn þurfi að borga allt upp í 30 þús. kr. til þess að komast inn í íbúð auk óheyrilegrar leigu, virðist ástandið það slæmt, að ekki veiti af að gera pósitívar ráðstafanir sem fyrst. Ég held, að hæstv. ráðh. hafi lokað augunum fyrir aðalatriðunum. Lögin voru í upphafi sett til þess, að ekki væri hægt að bera fólk út, en þessi lög ná ekki yfir nýju húsin og skapa því misræmi. Þetta þarf hæstv. ráðh. að skilja. Það er ekki heldur neitt óeðlilegt, þó að þurfi að endurskoða þessi lög, sem eru frá 1940—1941, en

það er alls ekki fullnægjandi hjá ráðh. að ætla að láta þessi mál bíða þar til búið er að byggja nægilegt húsnæði. Ég held, að fella mætti niður fimm fyrstu gr. laganna án þess að öngþveiti skapaðist. Ég hef ekki viljað flytja till. um það, því að ég taldi bezt, að málið yrði rannsakað nú þegar, en þegar ráðh. skýtur sér svona undan, verður að athuga, hvort ekki sé rétt að flytja slíka brtt. Þetta mál er ekki einungis húsnæðisspursmál, heldur og dýrtíðarspursmál og því aðkallandi einnig frá þeirri hlið.

Vegna brtt. frá form. nýbyggingarráðs, þá skildi ég þetta svo, að ætlazt væri til, að starfsmenn stjórnarinnar gerðu þetta án þess að skipuð yrði sérstök nefnd um það og án sérstakrar launagreiðslu. Ég vil vita, hvort ætlunin er að skipa nefnd til þessa, og ef svo er, þá er eins hægt að velja hana af þingmönnum og láta stjórnina skipa hana. En ég vil taka það fram, að ég tel ekki nauðsynlegt að skipa sérstaka nefnd, heldur finnst mér ríkisstj. geti aflað upplýsinga frá húsaleigunefndum og lagt þær upplýsingar til grundvallar.

Ég vil svo enda mál mitt með því að biðja hæstv. ráðh. að taka málið öðrum tökum en mér virtist hann gera í ræðu sinni áðan.

Pétur Ottesen: Ég held, að réttast sé að segja eins og er, að öll meðferð þessa máls hér ber þess augljósan vott, að Alþingi vill ekkert gera í þessu máli, en af hverju það stafar, veit ég ekki. Það hefur rignt yfir Alþingi alls konar kvörtunum og bænum um að lagfæra það öngþveiti, sem ríkir í þessum málum, en allt, sem gert hefur verið, er samþykkt á smábrtt. við l., sem ekki kom kjarna málsins nokkurn skapaðan hlut við. Hvað á svo að gerast nú? Jú, niðurstaðan hér virðist eiga að verða sú, að Sþ. leggi til, að nefnd verði skipuð af stj. til að athuga málið og leggja svo þær niðurstöður fyrir næsta þing. Það á sem sagt að skella skollaeyrum við öllum kvörtunum, því að það eru til dæmi um það, að málum, sem hefur verið vísað til stj. á svipaðan hátt og þessu er ætlað, hefur aldrei skotið upp aftur, en ég segi ekki, að svo verði endilega um þetta. En hvaða vonir eru til þess, að Alþingi næsta haust standi þessu framar? Tómlæti Alþingis hefur slegið svo þétta skjaldborg um þetta mál, að það rofar ekki til. Það var nægur tími til að afgreiða þetta mál á þessu þingi. Till. hv. þm. Barð. var flutt í október eða nóvember, en þingi ekki frestað fyrr en 20. des., en þá var þetta látið óhreyft. Fyrst nú, þegar komið er fram í febrúar, er farið að athuga þetta svo mjög aðkallandi mál.

Fyrir stríð voru hér sumir menn, sem bundu fjármuni sína í húseignum og ætluðu að hafa sér það til lífsviðurværis, en þeir hafa verið bundnir þannig á klafa með því skipulagi, sem ríkt hefur í þessum málum, að þeir hafa ekki getað dansað með í þessum verðbólgudansi. Enn eru aðrir menn, sem hafa eignazt mikið fé á stríðsárunum, en eins og kunnugt er, fá menn litla vexti af því að leggja skildinga sína inn í sparisjóði, og fá þeir, sem eru smátækastir, 2% þar, en hinir fjáðari ekkert nema þeir skipti fé sínu á margar bankabækur og inn í margar lánsstofnanir. Finnst þeim það ef til vill ekki ómaksins vert til þess að fá þessi 2%. Sumir þessara manna hafa því reynt að spekúlera með fé sitt hér í Reykjavík, því að hér snýst hjólið hraðast. Þeir hafa því útvegað sér byggingarefni, byggt hús og hafið uppboð á húsnæði meðal þess fólks, sem streymir til bæjarins. Þetta fólk hefur staðið hér á götunni og hefur ekki haft þak yfir höfuðið. Það hefur því verið ákaflega hægur leikur fyrir braskarana að eiga viðskipti við það fólk, sem þannig hefur verið ástatt fyrir og nokkurt fjármagn hefur haft milli handa. Þannig hafa þessir braskarar skapað sér aðstöðu til þess að margfalda höfuðstól sinn með því að hafa ærið fé út úr hinu húsnæðislausa fólki. Þessum mönnum þykir gott að lifa í skjóli húsnæðislaganna, og boðorð biblíunnar: „Elska skaltu náungann sem sjálfan þig", virðist ekki hafa haldið aftur af þeim að níðast á húsnæðislausu fólki í skjóli húsnæðisl. Í þessu sambandi dettur mér í hug saga af bónda nokkrum á Vestfjörðum, sem átti til að úthýsa mönnum. Taldi sóknarpresturinn það eitt af skylduverkum sínum að fara til bóndans og benda honum á, hversu ósæmilegt framferði þetta væri og að hann skyldi íhuga með sjálfum sér, að þegar hann kæmi yfir landamærin, væri ekki alveg víst, að Pétur postuli mundi ljúka upp fyrir honum. Bóndi hugsaði sig um nokkra stund, en sagði síðan: „Ég loka nú samt." Það skyldi þó ekki vera, að aðgerðarleysið í húsaleigumálunum orsakaðist af svipuðu sjónarmiði og um ræðir í framannefndri sögu? Mér virðist sú till., sem hér liggur fyrir, vera staðfesting á því, að Alþ. vilji ekkert gera í þessum málum, og er það fullkomið vorkunnarmál, þótt hæstv. ráðh. vilji ekki gefa loforð um, að þessari athugun á húsaleigul. verði lokið áður en þingi lýkur. Hitt hefði horft öðruvísi við, ef málið hefði verið afgr. hér áður en þingi var frestað. Ég er hins vegar ekki sammála hæstv. dómsmrh. um það, að ekki séu fyrir hendi starfskraftar í stjórnarráðinu til þess að gera þessa athugun. Þótt þeir séu ef til vill ekki í hans ráðuneyti, þá ætla ég, að það sé svo mikið samstarf milli ráðuneytanna eða ráðherranna, sem þeim ráða, að þeir gætu lagt fram krafta sinna manna til slíks þjóðfélagsmáls sem húsnæðismálin eru. Og það hefur verið tekið þannig undir það af einum ráðherranna, að það væri vel takandi í mál, að hægt væri að draga mjög úr kostnaði við rekstur hins opinbera, með því m. a. að fækka starfsfólki hjá því opinbera. *(EystJ:* Tók nokkur slík ummæli alvarlega?) Ég verð nú að segja það, að það situr illa á hv. 2. þm. S.-M. að taka ekki alvarlega ummæli, sem ráðh. hefur látið falla, og ætla ég, að hann hefði sagt eitthvað, ef slíkri aths. hefði verið varpað fram í hans ráðherratíð sem hann nú gerði. Ég er að vísu ekki stuðningsmaður núv. hæstv. ríkisstj., en ég er samt ekki úr því andrúmslofti, að ég fari að fella dóm um mál, fyrr en reynsla liggur fyrir um þau. Ég hefði gert ráð fyrir því, að ráðh. mundi geta fundið menn í stjórnarráðinu til þess að leysa af hendi þessa athugun, sem hefðu bæði áhuga, hæfileika og tíma til þess, og hv. allshn. virðist á sama máli, þar sem hún

breytir till. í þetta form í nál. sínu. Skal ég ekkert um það segja, hvort hún hefur nú breytt um afstöðu og verði við kröfum hæstv. dómsmrh. um það að fara ekki að ofbjóða starfskröftum í ráðuneytunum og að störf þau, sem hér um ræðir, skuli greidd úr ríkissjóði. En það hefur oft komið fyrir, þegar ríkisstj. hefur fengið þáltill. til meðferðar, að hún hefur þá einmitt valið menn úr stjórnarráðinu til þess og þá fyrir fulla borgun ofan á laun sín. Og það skyldi nú ekki verða niðurstaðan með þetta mál, að hægt yrði að fá menn úr stjórnarráðinu til þess að framkvæma þessa athugun, ef þau störf verða greidd úr ríkissjóði, — og að þá hafi þeir nægan tíma til þess? Þetta er sá lykill, sem hefur gengið að skránni og vel hefur gengið að opna með. En af því að brtt. er komin frá hv. allshn. um það að fela ríkisstj. þessi störf, og með tilliti til þess, að hv. frsm. og form. n. virðist hafa tilhneigingu til þess að ota því ráði, sem hann er form. fyrir, sem sé nýbyggingarráði, fram til þess að taka að sér ýmis mál, og hér liggja fyrir frv. og er von á öðrum, sem það er stór aðili að, — þá fyndist mér, að hann gæti létt af vandanum hvað þetta mál snertir og látið nýbyggingarráð taka það að sér. Ég veit ekki betur en að það ráð hafi á að skipa hagfræðingum, sem hafa komið heim síðan leiðir opnuðust eftir að stríðinu lauk. Eru þetta ungir menn í fullu fjöri, með mikinn lærdóm að baki sér í félagsmálum, eins og þátttaka þeirra í ýmsum málum hefur sýnt, síðan þeir komu heim.

Að lokum vil ég enn taka það fram, að allt bendir til þess, að Alþ. vilji ekkert gera í þessum málum. Ætla ég ekki að fara að þvo mínar hendur af því, því að ég hef látið reka með straumnum og ekki tekið mig fram um neinar aðgerðir þau varðandi. En með þessu máli held ég, að verði settur aðgerðarleysis- og viljaleysisstimpill á Alþingi, sem sé, að það vilji ekkert gera í því.

Það er að vísu hér önnur till. á dagskrá um ráðstafanir til þess að ráða bót á húsnæðisskortinum og um afnám húsaleigul., en ég held, að þegar búið verður að afgr. þetta mál, þá þyki erindi þeirrar till. ekki mikið, að málinu verði þá lokið að sinni og að Alþ. hafi sett á það sæmilegt svefnþorn, þannig að það geti sofið í ró og næði.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Mér hefur skilizt það af ræðu hv. 2. þm. Eyf., að það, sem hann væri mest á móti í þessu máli, væri ósamræmið í húsaleigu í gömlum og nýjum húsum og að þeir, sem ættu gömul hús, gætu ekki ráðið leigunni í þeim, sem hins vegar eigendum nýrra húsa væri frjálst. Nú hefur af Alþfl. hálfu verið borið fram frv. um jöfnunarsjóð á húsaleigu, og var með því ætlunin að koma í veg fyrir þetta óréttlæti, sem hann talaði um. Af einhverjum ástæðum fékk þessi till. ekki samþykki meiri hluta Alþ., en til eru ef til vill önnur ráð, sem gætu komið í veg fyrir þetta ósamræmi hér og tekin hafa verið upp hjá öðrum þjóðum, svo sem Englendingum og Ameríkönum. Þau eru í því fólgin að setja hámarksverð á húsaleigu og á þau hús, sem ganga kaupum og sölum. Tek ég þetta fram til þess að benda á það, að aðrar þjóðir hafa einnig orðið varar við þetta fyrirbrigði um misræmi á húsaleigu, sem hv. 2. þm. Eyf. var að geta um. Hins vegar er ekki hægt að segja það, að hér hafi allt verið látið valsa laust á stríðsárunum. Verðlagsnefnd hefur verið hér starfandi stríðsárin, og hefur verið sett hámarksverð á fjölda vörutegunda, þar eð það hefur verið talin nauðsyn af þjóðfélagslegum ástæðum að setja nokkrar hömlur á menn varðandi verðlagningu á vörum, til þess að þeir gætu ekki notað sér þann möguleika til að græða, sem stríðið gaf þeim með aukinni kaupgetu almennings.

Út af ræðu hv. þm. Barð. (GJ) er ekki þörf á að fjölyrða. Ég vil aðeins leiðrétta það, að ég hafi verið með undanbrögð um að láta rannsaka þetta mál. Ég vil benda á það, að ég taldi, að í því ráðuneyti, sem ég hef stjórn á, væru ekki starfskraftar, sem ég gæti haft tiltæka til þess að láta rannsókn fara fram og með nægum hraða. Því fer fjarri, að ég vilji draga rannsóknina, heldur vil ég þvert á móti, að henni sé hraðað. Og ef hv. þm. Barð. álítur, að ég vilji afnema húsaleigul., þá þyrfti engin rannsókn að fara fram. Annars skilst mér, að hv. þm. Barð. vilji helzt, að húseigendur, sem byggðu fyrir stríð, verði frjálsir um að ákveða leigjendum húsaleigu, svo að þeir geti komizt á svarta markaðinn eins og húseigendur nýbyggðu húsanna. En ég er í mjög miklum vafa um, að þetta sé lausnin á húsaleigumálunum, þótt vera megi, að það mundi leysa það ósamræmi, sem ríkir í húsaleigu í nýjum og gömlum húsum, þannig að allir geti komizt í „dansinn", eins og hv. þm. Borgf. orðaði það, og ekki er víst, að það mundi leysa vandamál þjóðfélagsins í þessum efnum, þótt öllum yrði gefið jafnt tækifæri til þess að braska með hús. Það er vitanlegt, að þetta mál er mjög tengt dýrtíðarmálum landsmanna, og væri hætt við því, ef húsabrask yrði enn almennara en nú er, að það yrði til þess að gera þau mál enn erfiðari viðureignar en þau eru nú, og skil ég ekki í því, að hv. þm. Barð. vilji óska eftir því, að gerðar yrðu ráðstafanir, sem torvelduðu lausn þessara mála.

Skal ég svo láta þessi orð nægja að sinni og vil ítreka það, að ef till. sú, er hér liggur fyrir, fær þá afgreiðslu, að þessi athugun á húsaleigul. á að fara fram, þá mun ég gera mitt til þess, að henni verði hraðað, en get hins vegar á engan hátt lofað fyrir fram um niðurstöðu á þessu máli, því að það fer allt eftir því, hvað niðurstaða rannsóknarinnar leiðir í ljós.

Ég vil svo biðja afsökunar á því, að ég verð að hverfa brott af þessum fundi, þar eð ég hef verið boðaður á fund með ríkisstjórninni.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það er ekki mikil þörf á að ræða um, hversu stórt þjóðfélagslegt vandamál húsnæðismálin eru, því að það er öllum ljóst. En það er eins og vanalega, að hæstv. ríkisstj. hleypur á brott og lætur ekki sjá sig, þegar mál eru hér til umr., sem erfitt er að ráða fram úr. Það er og ljóst, að umr. um þetta mál, eins og það er rætt hér, eru ekkert annað en látalæti, eins og hv. þm. Borgf. hefur fært

rök að. Ég ætla ekki að fara að minnast á það, hvernig framkvæmdin í húsnæðismálunum hefur verið og hverjar afleiðingar hún hefur haft, þar eð öllum má vera ljóst, að húsaleiguokrið á nýju húsunum hér í Reykjavík er sennilega einstakt fyrirbrigði í veröldinni, svo gífurlegt sem það er.

Mergurinn málsins varðandi þá till., sem hér liggur fyrir, er sá: Hvað þarf að rannsaka viðkomandi húsaleigul.? Svar við því er að finna í þeirri till., sem ég flyt hér og er næsta mál hér á dagskrá. Ég býst við því, að mönnum geti skilizt, að hægt er að fá skýrslur um húsnæðislaust fólk á 2 dögum. Það þarf aðeins að auglýsa og biðja það fólk, sem þannig er ástatt fyrir, að gefa sig fram, eins og þegar auglýst er eftir fólki til atvinnuleysisskráningar. Þetta er það, sem fyrst þarf að gera. Ekki þyrfti mikinn tíma til þess að athuga þá, hve mikið húsnæði þetta húsnæðislausa fólk þarf. Síðan yrði farið til byggingarfulltrúa og athugað, hve mörg hús væru í smíðum og fyrir hvaða tíma þeim væri lokið. Væri þar með fengið yfirlit um það, að hve miklu leyti þessi hús, sem væru í smíðum, gætu ekki fullnægt húsnæðisþörf hins húsnæðislausa fólks, og yrði að sjálfsögðu reiknað með eðlilegri fólksfjölgun yfir tiltekið tímabil. Hér er svo verið að tala um, að þetta krefjist mikillar rannsóknar, sem menn úr stjórnarráðinu þurfi að framkvæma, en hún er hins vegar ekki stærri en það, að hana má gera á einni viku. Mætti síðan leggja hana strax fyrir þ. og taka um hana ákvörðun. En ef ætti að fara að rannsaka það atriði, sem er þó ekki beinlínis varðandi húsnæðisskortinn, sem sé kjör þau, sem húsaleigjendur hafa búið og búa við, þá er það þannig vaxið, sem kunnugt er, að allt er á huldu um það, t. d. hvað fólk hefur greitt raunverulega í húsaleigu, og yrði erfitt eða ómögulegt að fá yfirlit yfir slíkt. Menn vita um þetta meira og minna, og út frá þeirri forsendu getur Alþ. tekið þessa ákvörðun viðkomandi afnámi húsaleigul. Það, sem skiptir máli, er að rannsaka það, sem ég hef bent á, og það er ekki nema sáralítið verk, það er hægt að gera það á einni viku. Hvað er það eiginlega, sem menn eru alltaf að fara í kringum og veldur því, eins og hv. þm. Borgf. tók fram, að ekkert er gert í málinu?

Húsaleigulögin voru sett á þeim tíma, þegar ætlunin var að halda niðri kaupgjaldi og verðlagi, og húsaleigul. voru, eins og kunnugt er, þáttur í þeirri heildarlöggjöf, sem snerti þegnana alla. Síðan hefur þetta allt eða flest breytzt, svo sem ráðstafanir viðvíkjandi kaupmannastéttinni. T. d. álagningarreglan, sem verðlagsráð setti, er þannig, að hún getur ekki talizt nein þvingun fyrir kaupmannastéttina, og má víða sjá það greinilega. Ég sé t. d. í einu norðanblaðinu birta töflu yfir vörur, sem sum fyrirtæki hafa selt fyrir neðan það verð, sem verðlagsráð hefur sett. Það má því segja, að húseigendur séu eina stéttin, sem býr undir svona löggjöf. Hver verður svo afleiðingin? Hún verður sú, að þegar allt hefur hækkað, er verðlagsvísitalan og framfærsluvísitalan orðin svo há, að hvorki landbúnaðurinn né sjávarútvegurinn verður rekinn nema með ábyrgð og meðlagi frá ríkinu, og vísitölunni er haldið niðri á falskan hátt með húsaleigul. Það er staðreynd. Ef húsaleigul. væru ekki í gildi og áhrif þeirra væru tekin út úr vísitölunni, þá liggur fyrir útreikningur um það frá einum þeirra manna, sem reiknað hafa út verðlagsvísitöluna, — það mun vera Jón Blöndal í blaðinu Útsýn, — að framfærsluvísitalan mundi hækka um 30 stig.

Hæstv. dómsmrh. tók það fram, sem var virðingarvert, að hann gæti ekki lofað neinu um árangur af þessum ráðstöfunum, og sagðist vilja benda á, eins og hv. þm. Borgf. hefði gert, að ef sú leið yrði tekin að afnema húsaleigul., gerði hann tæplega ráð fyrir, að menn vildu horfast í augu við þær afleiðingar, sem það hefði fyrir framleiðendur í landinu.

Það má segja, að húseigendur séu einkum þeir, sem fórna, a. m. k. þeir, sem eiga gömlu húsin og nota ekki þvingunarráð við leigutaka. Á baki þeirra hvílir það, að hægt sé að halda uppi framleiðslu í landinu, og um leið er þetta komið á bak launþegum, vegna þess að framfærsluvísitalan er með þessu fölsuð. Þetta er málið, og þetta er staðreyndin og þess vegna er farið í kringum þetta eins og köttur í kringum heitan graut. Það er alveg greinilegt, að það er ekki ætlunin að gera neitt, af því að það er ekki hægt nema með því að rannsókn fari fram og rannsaka þá liði, sem ég hef bent á í minni till., svo sem húsnæðisþörfina í landinu, reyna að fullnægja henni og afnema síðan húsaleigul. Og einnig að gera fjármálalegar ráðstafanir, svo að mögulegt sé að halda framleiðslunni og atvinnuvegunum í landinu áfram. En með núverandi fjármálastefnu er það ekki hægt, og þá ekki heldur hægt að afnema húsaleigul. nema það leiði til almennrar stöðvunar á framleiðslunni.

Það er táknrænt, að menn skuli eyða tíma og vinnu í að flytja og ræða till. og vísa til ríkisstj., þar sem allir vita, að ekkert verður gert í málinu. Það vita allir aðilar, þó að hæstv. dómsmrh. segði það, að hann gæti ekki ábyrgzt neinn árangur af þeirri rannsókn, sem stj. væri falin, og hann reyndi að segja þetta á einhvern þann hátt, hæfilega óákveðið, þar sem hann veit sjálfur, að ekkert verður gert í málinu. En rannsókn á málinu sjálfu þarf ekki að taka nema nokkra daga. En að skapa þann grundvöll, sem þarf til þess, að hægt sé að afnema húsaleigul., án þess að almenn stöðvun verði á framleiðslunni, er stórt verk, og verður þess vegna ekkert gert í málinu.

Sigurður Kristjánsson: Það kveður dálítið við annan tón en þegar rætt var um þetta mál hér fyrr á þingi. Þó blæs ekki byrlega fyrir raunhæfum aðgerðum í málinu.

Ég vil í upphafi minna á það, að ég flutti hér þáltill., sem ég satt að segja var alls ekki montinn af, því að hún var ekki svo skelegg. Hún var um það að rannsaka grundvöll húsaleiguvísitölunnar, og flutti ég till. ekki eingöngu af því, að ég væri sannfærður um, að það væri mjög athugunarvert að láta þennan misrétt haldast lengur, sem húsaleigul. hafa skapað, þó að hins vegar sé ekki mjög auðvelt að róta við þeim, heldur stafaði það af því, að húseigendur fara mjög eindregið fram á þessa athugun, og virðist

sú till. vera mjög hógvær og meinlaus. Og ráðh. hefur, þegar húsaleigul. voru sett, lýst yfir, að grundvöllurinn undir vísitölu húsaleigunnar væri ekki fullrannsakaður og líklega ekki réttur og þyrfti að taka það til athugunar seinna. En þá var friðhelgin svo mikil yfir húsaleigunni, að það ætlaði ekki að takast að fá þetta mál afgr., en það vannst þó að fá það á dagskrá. Og n., sem fjallaði um það, lagðist á móti því, með engum rökum, að því er mér virtist, og loks, þegar málið kom til afgreiðslu í hv. d., var því vísað frá með yfirgnæfandi meiri hl. atkv. Margir hv. þm. gengu að sönnu af fundi, en af þeim, sem eftir voru, 31, voru 25 þm. með því að vísa málinu frá, en við aðeins 6 þm., sem stóðum með till. Hér var þó ekki um að ræða stærri hluti en aðeins að rannsaka grundvöll húsaleiguvísitölunnar. Og ég endurtek það, að ég var ekki hreykinn af þessari till., af því að hún var náttúrlega engin lausn á málinu, en gekk í þá átt, að málið yrði tekið til rannsóknar. Það þarf ekki um það að deila, það er viðurkennt mál, að þessi l. komu af illri nauðsyn og komu hart og óvægilega niður á einstökum mönnum og hafa skapað ákaflega mikinn mun á kjörum þeirra manna, sem eiga húsnæði til þess að leigja út. Það er að sönnu ekki rétt, að þau séu einu l., sem menn búa við, er kalla má þvingunarl. og hafa skapazt af völdum stríðsins, því að við búum við margs konar þvingunarl. og margs konar óeðlilegt ástand í þjóðfélaginu, sem einnig eru áhrif frá stríðinu, og ekki hvað sízt í verzlun og viðskiptum. En það mun hvergi vera gengið nær mönnum en með húsaleigul., og það er mönnum vel kunnugt, að húsaleigul. hafa komið einkum niður á mönnum, sem hafa yfir litlu fé að ráða. Margir eldri menn hafa sparað saman í þak yfir höfuðið á áratugunum fyrir stríð og verið svo einfaldir að halda, að slíkt væri ekkert óráð, að eiga þak yfir höfuðið, en slíkt hefur reynzt mesti misskilningur. Þeir menn, sem ekki hafa fengið sig til þess að smjúga fram hjá l., þeir hafa margir hverjir svo að segja engar aðrar tekjur en eftir leigu af húsi sínu. En þessar tekjur hafa verið gerðar litlar eða engar, samanborið við þá miklu dýrtíð, sem er.

Það var alveg réttilega tekið fram af hv. þm. Borgf., að það virðast litlar líkur til þess, að málið fái þann framgang, sem leiði til þess, að nokkur breyting verði á núverandi ástandi. En ég hygg, að það sé ekki eingöngu af viljaleysi, heldur af því, að menn sjá ekki, hvernig ráða á fram úr málinu. Menn kvíða fyrir að róta við húsaleigul., af því að þeir sjá ekki, hvernig á að greiða þannig úr, að viðunanlegt verði án mikils óhagræðis fyrir þjóðfélagið, — ég á við, að menn kvíða fyrir, að það muni hækka verðlagsvísitöluna. Og eitt held ég, að sé áreiðanlega víst, að þeir aðilar, sem hlut eiga að máli, auk þjóðfélagsins sjálfs, þeir, sem taka húsnæði á leigu, og þeir, sem selja húsnæði, verði óánægðir með hverja þá lausn, sem fæst. Leigjendurnir vilja auðvitað búa við sem lægst húsnæði, og flestir munu verða tregir til þess að fara að setja annarra hagsmuni og þjóðarhagsmuni upp fyrir sína eigin hagsmuni. Aftur á móti er það svo með húseigendur, að þeir vilja helzt engu öðru hlíta en algeru afnámi l. Þeirra rök eru fyrst og fremst þau, að húsnæði minnki ekki við það, þó að húsaleigul. verði afnumin, og þeir segja, að það mundi jafnvel aukast, því að ýmsir vildu þá leggja á sig að minnka við sig húsnæði, ef þeim væri ekki meinað að leggja á það verð, sem er í samræmi við núverandi verðlag í landinu. Þetta er sjálfsagt alveg rétt. En það er ekki eingöngu þetta, sem menn sækjast eftir. Það er eðlilegt hagsmunamál að koma á uppboði með húsnæði, uppboði, sem hefur gengið allt of langt og leitt til vandræða. Það er eðlilegt, að það vaki fyrir húseigendum að geta fengið svo mikið fyrir það húsnæði, sem þeir leigja út, eins og í það er boðið.

Ég geri ekki ráð fyrir, að það fáist verulega góð lausn á þessu máli, en það virðist þó ekki vera úr vegi, að það sé rannsakað. Og ég legg líka áherzlu á það, eins og sumir hv. þm., sem hér hafa talað, að málinu verði flýtt sem allra mest að hægt er.

Þá hefur verið nokkuð rætt um það hér, hver sé orsökin til húsnæðisvandræðanna og hvernig hægt verði að leysa úr þeim. Og hér er nú á dagskrá frá hv. þm. Str. till. um þetta sama mál. En þó að það sé skynsamlegt að láta fara fram alls konar rannsókn og tilraunir, áður en ákvörðun er tekin í þessu húsaleigumáli, og þó að það sé út af fyrir sig rökrétt, þá er sýnilegt, að eftir þeirri till. verða áratugir, sem líða, þangað til nokkuð verður raunhæft aðhafzt. Menn hafa talað um það, að Alþ. verði að setja einhverjar hömlur á það, að það byggingarefni, sem flutt er inn, verði notað fyrst og fremst til bygginga íbúðarhúsa. En þetta er ekki í samræmi við það, sem hæstv. Alþ. gerir. Þetta eru orðin eintóm, því að það, sem Alþ. gerir í málinu, er allt annað. Það hefur samþ. að byggja hallir, sem ekki eru yfir nokkurn mann, alls konar hallir, auðvitað skemmtilegar og sumar til mikilla nytja, fyrir 20 millj. kr. á næsta ári. Og sumar þessar byggingar eru mjög nauðsynlegar, svo sem sjúkrahús og skólar, en svo koma líka ýmsar skrauthallir, og allar þessar byggingar miða ekki að því, að hægt sé að beina byggingarefninu að byggingu íbúðarhúsa. Ég fyrir mitt leyti barðist gegn þessu þrátt fyrir það, að ég viðurkenndi, að þetta væru allt menningarlegir hlutir. Ég var auðvitað í minni hluta, og það er ekki nóg, að það séu ætlaðar 30 millj. kr. í slíkar byggingar, heldur eru margir hv. þm. stórkostlega óánægðir með það, hvað litlu fé sé varið á þessu sviði.

Svo getur enginn maður byggt nema hann sé stórefnaður, og þó að honum væri gefið allt efnið og það flutt heim til hans, þá getur hann samt ekki byggt nema hann sé stórefnaður. Það er búið að gera vinnukostnaðinn svo gífurlegan, að hann lokar fyrir byggingar nema hjá þeim, sem eru stórefnaðir. En svo verða hinir fátækari menn að neyðast til þess að leigja í þessum dýru húsum heldur en að krókna á götunni. Þeir neyðast til þess að skríða inn í eitt herbergi, sem er alls ekki í samræmi við kröfur nútímans um stóraukið húsnæði. En það er svo komið í þessu þjóðfélagi, að hin róttæku stéttarsamtök eru svo búin að taka fram fyrir hendur á mönnum á mörgum sviðum, að þeir eru ekki lengur

frjálsir í þessu þjóðfélagi. Einmitt fyrir þessi takmarkalausu stéttasamtök má segja, að ekki sé hægt að reka nagla í fjöl nema hafa yfir sér stéttarfélagsbrodda, sem hóta öllu illu, ef þessi nagli er ekki dreginn út aftur, og það er ekki hægt að dytta að herbergi fyrir vinnukonuna nema til þess séu fengnir 4—5 sérfræðingar, og þeir þurfa svo að standa þar og spekúlera í þessu. Og þegar svo búið er að mála glugga og lagfæra hurð og hitalögn og veggfóðra, þá er þetta orðið jafndýrt og kostaði að byggja heila íbúð áður. Ef kvartað er yfir þessu, þá kemur eitthvert skrifstofuvald fagmanna og mælir og skoðar og sendir síðan reikning fyrir fagmanninn, og enn hækkar hann um 50%. Ef kvartað er svo yfir þessu, — ég er ekki að segja, að ég hafi gert það, en ég þekki marga, sem hafa orðið fyrir þessu, — þá er bara sagt við þá: Þú mátt bara þakka fyrir að fá að borga þetta, og mundu að brosa út undir eyru, annars getur þú átt á hættu að fá þessi samtök gegn þér.

Ég bendi á þetta til þess að sýna, að orsökin fyrir húsnæðisleysinu stafar að sumu leyti af því, að það er orðið svo dýrt að byggja og það geta ekki nema fjárhagslega sterkir menn. Og ef Alþ. treystir sér til þess að laga þetta ástand, þá verður byggt og byggt ódýrt, og þá þarf ekki þessi húsaleigulög.

Stefán Jóh. Stefánsson: Það er ekki óeðlilegt, þó að nokkuð hafi tognað úr umr. um húsaleigul. Mig langar að leggja þar nokkur orð í belg, en skal hafa þau svo fá sem kostur er.

Till., sem hér liggur fyrir til umr., er ósk um það, að endurskoðuð verði húsaleigulögin, og í sambandi við það hafa komið fram raddir um það, hvort nokkurrar endurskoðunar væri þörf eða hvort örstutt endurskoðun, sem leiddi til afnáms l., væri einhlít. Þá hafa komið hér inn í umr. þau alvarlegu mál, sem er grunnurinn fyrir öllu húsnæði, en það eru húsnæðismálin yfirleitt, og það er sýnilegt, að húsnæðismálin og húsaleigulöggjöfin eru svo tengd saman, að það er ekki óeðlilegt, að um hvort tveggja sé talað á sama tíma.

Það hefur mikið borið á kvörtun út af húsaleigul., að nokkru leyti frá húseigendum, sérstaklega eigendum gömlu húsanna, sem telja sig vera misrétti beitta, vegna þess að húsaleigu í húsum þeirra sé haldið óeðlilega niðri, samanborið við leigu í hinum nýrri húsum, og að þeir eigi þess ekki heldur kost að losna við leigjendurna. Þá hefur líka komið fram kvörtun frá leigjendunum sjálfum, sem telja, að það sé búið mjög misjafnlega að þeim, þar sem sumir þurfi að borga okurleigu, en aðrir eigi við að búa sæmilega leigu í eldri húsum með gömlum leiguskilmálum. Þá kvarta launþegar í landinu og segja, að það sé ekki rétt að byggja útreikning vísitölunnar á húsaleigunni, það sé aðeins til þess að falsa hana. Það má segja, að allar þessar umkvartanir séu á rökum reistar. Það er eðlilegt, að meðal leigjendanna vakni óánægja, þar sem t. d. í sömu götu búa tveir menn með ólíkum leigukjörum, annar býr í húsi með gömlum leigukjörum, sem eru viðráðanleg, en hinn býr við svo ákaflega háa húsaleigu, að verulegur hluti af tekjum hans, ef við hugsum okkur, að þeir séu báðir lágtekjumenn, fer til þess að greiða húsaleiguna. Það er ekki nema von, að leigjendur kvarti og segi: Við erum misrétti beittir, og það verður að umreikna vísitöluna. — Það mun láta nærri, eins og hv. þm. Str. sagði, að ef húsaleigan væri ekki tekin með og lögð til grundvallar, þegar verðlagsvísitalan er reiknuð út, mundi vísitalan hækka um a. m. k. 30 stig. En allar þessar umkvartanir, sem að mörgu leyti eru réttmætar og á rökum reistar, eiga rót sína að rekja til ástandsins í húsnæðismálunum, þ. e. skortsins á nægilegu húsnæði. Að vísu geta menn varpað fram tafarlaust þeirri spurningu, og er rétt að gera það að undangenginni einhverri rannsókn, hvort sem þarf að eyða í það löngum tíma eða ekki: Er hægt að afnema húsaleigulögin tafarlaust? Ef svo er, þá verður það væntanlega gert. Ef ekki, þá er spurningin, hvort hægt er að lagfæra húsaleigul. að einhverju leyti. Það eru ekki nema eðlilegar umkvartanir þeirra borgara, sem verða fyrir barðinu á slíkri löggjöf sem þessari, en á hitt verða menn líka að líta, að slík löggjöf er einn liður í almennum ráðstöfunum til þess að koma á betra skipulagi meðal þjóðfélagsþegnanna, og hafa það hugfast, að einhverju þarf einstaklingurinn oft að fórna til þess að þjóðfélaginu í heild vegni betur. Ég er ekki í vafa um það, að húsaleigul. eru gölluð og misræmi er í þeim verulegt, en ég er á þeirri skoðun, að það séu sáralitlar líkur til, að það væri neitt annað en að fara úr öskunni í eldinn að fara nú að afnema l., heldur mundi það aðeins skapa meira öngþveiti. En þá er sú spurning, ef hnigið er að þeirri niðurstöðu, hvað hægt er að gera til þess, að hægt sé að afnema þau sem fyrst, og hvort nú væri ekki hægt að endurbæta l. þannig, að af þeim yrðu sniðnir nokkrir vankantar, svo að þau yrðu viðunanlegri þann tíma, sem þau eiga eftir að standa.

Það er vissulega ekki húsaleigul. að kenna, þó að nú sé húsnæðisskortur, og það er vissulega ekki þeim að kenna, þó að húsnæði sé nú selt á svörtum markaði, eins og það er kallað, sumpart á þann hátt, að menn greiða álitlega upphæð til að fá að komast inn í húsnæði, og sumpart með því, að einstakir menn fá aðstöðu til að byggja hús í stórum stíl og leggja svo gífurlega á þessar byggingar, að þeir taka af því stórgróða, en þeir, sem vegna húsnæðisskorts eru neyddir til að kaupa, reisa sér þar hurðarás um öxl um langan tíma. Þetta er ekki húsnæðisl. að kenna, heldur ástandinu í húsnæðismálunum yfirleitt, því að þar er að finna ræturnar að því vandræðaástandi, sem nú ríkir. Ég held því, að rétt sé að gera samtímis það tvennt, sem talað er um í þessari till., að athuga, hvort ekki er hægt að sníða eitthvað af verstu vanköntunum af l., en þeir eru einhverjir til, því að það verður alltaf svo um löggjöf, sem gildir yfir árabil, sem verulegar breyt. verða á, eins og hér hefur orðið, og svo er hitt, sem er aðalatriðið, að gera ráðstafanir til þess, að húsnæði aukist.

Það var frekar sem ummæli frá stjórnarandstöðu en að því fylgdi nokkur sanngirni, sem hv. þm. Str. mælti hér, að hæstv. ríkisstj. gerði ekkert af sinni hálfu til að skera fyrir rætur þess-

arar meinsemdar og gera ráðstafanir til að auka húsnæði. Ég veit ekki betur en að frv. sé fram komið hér á þingi, flutt að tilhlutun hæstv. félmrh., sem mundi hafa stórmikla þýðingu, ef það væri framkvæmt skelegglega. Þar er ekki eingöngu gert ráð fyrir stórlega aukinni starfsemi verkamanna- og samvinnubústaða, heldur einnig að ríki og bæir leggi saman til að byggja sem allra fyrst yfir það fólk, sem nú býr í óviðunandi húsnæði. Ég veit, að þeir hv. alþm., sem til máls hafa tekið, — og vænti, að það sé eins með þá, sem enn hafa ekkert látið til sín heyra, — gera sér fyllilega ljóst, að ein allra mestu vandræðin í þéttbýlismálunum, sérstaklega í einstökum kaupstöðum og þá ekki síst í höfuðstaðnum, eru húsnæðismálin, því að við vitum, að um 1500 manns búa hér í bröggum og nokkuð álitlegur hópur í öðru húsnæði, sem er ónothæft til íbúðar. Í þessum íbúðum býr gamalt og veikt fólk og mikið af ungum börnum. Hér er um að ræða þjóðfélagsfyrirbæri, sem ég veit, að hv. þm. gera sér ljóst, að þarf mjög skjótrar úrlausnar. Ég vil því vænta þess, að hv. þm. geti komið sér saman um þetta tvennt, sem gera þarf gegn þessum mjög miklu vandræðum þjóðfélagsins. Annað er það, sem till. gengur út á, að sniðnir verði ýmsir vankantar af l. Ég vil t. d. skjóta því fram í sambandi við það, hvort þörf sé á að binda skrifstofuhúsnæði svo föstum böndum sem húsaleigul. gera nú, og svo er með ýmislegt fleira. Hitt er það, sem mest er vert, en það er að afgr. frá þessu þingi löggjöf, sem gæti orðið til þess, svo fljótt sem aðrar ástæður leyfa, að bætt yrði úr húsnæðismálunum. Ég hygg, að sá grundvöllur, sem lagður er með frv. hæstv. félmrh., sé ágætur til að byggja á, ef um það fjalla sanngjarnir og réttsýnir aðilar, sem ég vil ekki efast um.

Ég vildi aðeins láta þessi orð falla í sambandi við þetta mál. Ég er till. fylgjandi, en hún gerir aðeins ráð fyrir að bæta úr málunum á þann hátt, sem ég hygg, að verði ekki mikil endurbót. Hitt er aðalatriðið, að auka húsnæðið. Þá fyrst getur talizt tímabært að afnema l., og það verða áreiðanlega allir þeim tíma fegnir, þegar hægt verður að afnema þau. Það er engin ánægja í sambandi við þau, en ég er engu að síður sannfærður um, að þau hafa afstýrt stórkostlegum vandræðum, mjög stórkostlegum, sérstaklega framan af stríðstímanum. Ég teldi mesta glapræði að afnema þau, án þess að gerðar væru um leið róttækar ráðstafanir til úrbóta. Þess vegna á nú að lagfæra þau og gera um leið þær ráðstafanir, sem gætu orðið til þess, að þau þurfi ekki að vera í gildi nema sem allra stytztan tíma.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Það er nú búið að ræða nokkuð þetta mál, og hefur hvorki till. né meðferð allshn. fengið góða dóma. Hins vegar er það, og það kemur enn betur í ljós, þegar menn fara að ræða þetta mál frá fleiri en einni hlið, að það eru ýmsir erfiðleikar á því að kippa hér í lag, svo að dugi, á stuttum tíma. Það virðist því í sjálfu sér hafa verið fullkomlega réttmætt hjá hv. flm. að fara fyrst og fremst fram á rannsókn, og ég vil fyrir mitt leyti alls ekki taka undir það, sem hér hefur komið fram í ræðum sumra hv. þm., að bæði till. og meðferð n. á henni beri vott um það, að hér eigi ekkert að gera. Það er mjög ofmælt. En ef þessum hv. þm. hefði ekki þótt nóg að gert, þá hefði farið vel á því, að þeir hefðu komið með róttækari till. í þessu efni.

Að því er snertir það, hvað n. hefur hugsað sér um kostnaðinn við þessa rannsókn, þá skal ég játa, að ég hafði ekki í huga, að þetta þyrfti að kosta verulegt fé. Hins vegar vil ég benda á, að í okkar till. er farið fram á, að þessi rannsókn fari tafarlaust fram. Nál. er undirskrifað 5. des., og er þar gert ráð fyrir, að þessu starfi verði lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi. (*PZ:* Og næsta þing á að koma saman 15. febr. samkvæmt l.). Já, það var svo, þegar frá þessu var gengið. Það er því ekki hægt að álíta, að n. hafi sýnt málinu tómlæti og ætlist til, að ekkert sé gert. Hitt er annað mál, að þegar hæstv. dóms- og félmrh. bar sig upp undan því í heyranda hljóði, að hann gæti ekki látið starfsmenn stjórnarráðsins gera þetta og hann mundi þurfa að kaupa sér aðstoð, þá fannst mér hlýða til að undirstrika vilja n. á að rannsókn gæti farið fram, að bera fram þá brtt., sem ég gerði, að heimila að verja nokkru fé til þessara hluta. Annars má á það minna, og ég held, að ég fari rétt með það, að form. húsaleigun. er í stjórnarráðinu, starfsmaður í einu rn. þar, gott ef það er ekki í rn. hæstv. dómsmrh., og ég held, að form. húsaleigun. í Reykjavík sé líka starfsmaður í stjórnarráðinu, og kann þetta að réttlæta það, að allshn. taldi, að hæstv. ríkisstj. hefði innan sinna vébanda menn, sem væru öllum hnútum kunnugir. Annars geri ég ekki ráð fyrir, að n. geri það að neinu kappsmáli, hvernig till. er afgr. Það er bitamunur, en ekki byrðar á till. hv. flm. og brtt. allshn.

Hv. þm. Borgf. var að stangast eitthvað á við þetta og var að tala um, að ég hefði viljað ota nýbyggingarráði óþarflega mikið fram. Hann undraðist, að ég skyldi ekki hafa boðið, að nýbyggingarráð tæki þetta að sér. Ég tel þetta varla svara vert, enda skorti algerlega í ræðu hans, að hann færði fram rök fyrir, að nýbyggingarráð eða ég fyrir þess hönd hefði viljað ota því fram hér á þingi fram yfir það, sem lög standa til. Það kæmi auðvitað ekki til mála að vísa svona máli til nýbyggingarráðs.

Ég skal svo ekki orðlengja meira um þetta, þar sem málið þarf líka að fá afgreiðslu nú á þessum fundi.

Gísli Jónsson: Ég vil að gefnu tilefni leyfa mér að mótmæla því, sem hefur komið fram, að mál þetta væri fram borið til að sýnast. Það er borið fram af fullri alvöru.

Ég hef skilið till. hv. allshn. á þá leið, að það væri til þess, að málið fengi betri meðferð og fljótari en gert er með frumtill., og er ég n. þakklátur fyrir það.

Ég hygg, að þeir, sem hafa látið þau orð falla, að málið væri borið fram til að sýnast, hafi ekki gert það af heilum hug við málið. Þeim hefði þá verið innan handar að bera fram brtt., en það hafa þeir ekki gert. Að ég hef ekki borið fram brtt. við l. sjálf, kemur til af því, að mér þótti

heppilegra, að fyrst færi fram athugun á þeim. Ég vísa því alveg á bug öllum ummælum hv. þm. Str. og hv. þm. Borgf. og ummælum um, að hér sé verið með leikaraskap frá minni hálfu. Ég hygg, að megi segja um hv. þm. Str., að hann hafi verið með meiri leikaraskap í sambandi við síðustu bæjarstjórnarkosningar en hér er af minni hálfu.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Þegar allshn. hafði málið til meðferðar, þá lá ekkert fyrir um, að hæstv. stj. þyrfti að taka sér frí vegna bæjarstjórnarkosninganna. Þá lá því ekki annað fyrir en að þessu þingi yrði slitið fyrir jól eða rétt upp úr áramótum og kæmi aftur saman 15. febr. Þetta vil ég taka skýrt fram, svo að ekki sé álitið, að n. hafi viljað setja málið í eitthvert eilífðarform.

Hæstv. dómsmrh. er hér því miður ekki við. Hann sést hér nú aldrei, en mér hefði þótt gaman að fá upplýsingar hjá honum í sambandi við eitt atriði þessa máls. Snemma á þessu þingi barst mér í hendur nál. n., sem hefur með höndum lóðaspursmálið. Í þessari n. voru Jens Hólmgeirsson, Áki Jakobsson, núverandi atvmrh., Sigurður Á. Björnsson og Kjartan Ólafsson. Hún skilaði miklu frv., sem átti að koma í veg fyrir brask með lóðir í bæjum. Ég hef áhuga fyrir þessu máli, og mér datt í hug að flytja frv. Ég talaði um það við hæstv. ráðh., og hann sagði, að frv. gæti ekki staðizt, af því að þar væri ákvæði um, að lóðir mætti ekki selja fyrir hærra verð en tvöfalt fasteignamatsverð, hann væri búinn að leita um það álits hæstaréttar, og þeir væru sammála um, að þetta ákvæði gæti ekki staðizt. En nú upplýsir hæstv. ráðh., að eitt ráðið, sem hann vill grípa til til að ráða fram úr húsnæðisvandræðunum, sé að banna að selja hús nema fyrir ákveðið verð. Nú langar mig til að fá að vita hjá hæstv. ráðh., hvernig það getur verið brot á stjórnarskránni að dómi hans og hæstaréttar að ákveða, að ekki megi selja lóðir nema fyrir ákveðið verð, þegar hann getur hugsað sér að leysa húsnæðismálið í landinu með því að ákveða, að ekki megi selja hús nema fyrir ákveðið verð, og telur það ekki brot á stjórnarskránni. Ég skil þetta ekki vel og langar til að fá um það upplýsingar hjá hæstv. ráðh., hvernig þessu er háttað. Mér skilst, að ef ekki er leyfilegt að setja l. um að selja lóðir ákveðnu verði, þá hljóti það sama að gilda um húseignir.

Ég geri ráð fyrir, að þessi hæstv. ráðh., sem aldrei er hér í d., hafi hér einhvern til að segja sér, hvað hér gerist, og ég vona, að þeim boðum verði þá komið til hans, að ég óska eftir skýringum hans á því, hvernig þessu er háttað.

ATKVGR.

Brtt. 398 samþ. með 16:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, GJ, HB, HG, JJós, JörB, LJóh, SG, SK, SÞ, StJSt, SvbH, ÞB, BG, BK, JPálm.

nei: GÞ, HelgJ, HermJ, PZ, PÞ, PO, SkG, ÞÞ.

EystJ, IngJ, PHerm greiddu ekki atkv.

25 þm. (BrB, EE, EmJ, FJ, GSv, GÍG, GTh, IngP, JS, JJ, KA, LJós, MJ, ÓTh, PM, SigfS, SB, SEH, STh, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, BSt, BÁ, BBen) fjarstaddir.

Brtt. 330, svo breytt, samþ. með 20:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, StJSt, ÞÞ, ÞB, BG, BK, EOl, GJ, HB, HG, IngJ, JJós, JörB, LJóh, PHerm, PÞ, SG, SK, SÞ, JPálm.

nei: PZ.

SvbH, EystJ, GÞ, HelgJ, HermJ, PO greiddu ekki atkv.

25 þm. (StgrA, ÁkJ, ÁÁ, BSt, BÁ, BBen, BrB, EE, EmJ, FJ, GSv, GÍG, GTh, IngP, JS, JJ, KA, LJós, MJ, ÓTh, PM, SigfS, SB, SEH, STh) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Páll Zóphóníasson: Með því að fallin er grundvöllurinn undan till. þessari eins og hún var — því að það var hugsað í upphafi, að hún yrði samþ. fyrir jól og að ríkisstj. léti rannsaka þessi mál og legði niðurstöður þeirrar rannsóknar fram fyrir 1. febrúar s. l. —, og þar sem þetta var ekki gert og þar með er fallinn upphaflegi grundvöllur þessarar till., og þar sem þetta verður ekki hægt fyrr en í haust, er útilokað, að samþykkt till. nái að koma fram því ætlunarverki, sem Alþ. ætlaðist til, og segi ég því nei.

Till., svo breytt, samþ. með 19:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StJSt, ÞÞ, ÞB, BG, BK, EOl, GJ, HB, HG, IngJ, JJós, JörB, LJóh, PHerm, PÞ, SG, SK, SÞ, JPálm.

nei: PZ.

SkG, SvbH, EystJ, GÞ, HelgJ, HermJ, PO greiddu ekki atkv.

25 þm. (StgrA, ÁkJ, ÁÁ, BSt, BÁ, BBen, BrB, EE, EmJ, FJ, GSv, GÍG, GTh, IngP, JS, JJ, KA, LJós, MJ, ÓTh, PM, SigfS, SB, SEH, STh) fjarstaddir.

Forseti (JPálm): Samkv. atkvgr. þeirri, sem hér hefur fram farið, stendur ekki fyrirsögn þáltill., með því að felld hafa verið burt ákvæði í upphafl. tillgr. um, að kosin skyldi milliþinganefnd til þess að athuga þetta mál. Verður því að telja sjálfsagt, að fyrirsögn ályktunarinnar verði leiðrétt í samræmi við ákvæði hennar, þótt eigi hafi komið fram um það brtt. Legg ég til, að fyrirsögnin verði á þessa leið:

Þál. um rannsókn á áhrifum húsaleigulaganna og endurskoðun á þeim. Tel ég það samþ. án atkvgr., ef enginn mælir því í gegn.

Till. afgr. með framanskráðri fyrirsögn sem ályktun Alþingis (A. 399).

4. Afkoma sjávarútvegsins.

Á deildafundum 26. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um athugun á framleiðslukostnaði sjávarafurða og afkomu sjávarútvegsins (A. 55).

Á 4. fundi í Sþ., 30. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þessi till. til þál. á þskj. 55 er ákaflega lík að efni þáltill., sem ég hef flutt í tvö skipti áður, þó að vísu nokkuð frábrugðin, þar sem ég geri nú ekki till. um það, að sérstök n. verði skipuð til þess að athuga það verkefni, sem greinir í þáltill., heldur legg aðeins til, að hæstv. Alþ. leggi fyrir ríkisstj. að láta þá athugun fara fram, sem þarna er gert ráð fyrir, á framleiðslukostnaði sjávarafurða. Ég læt það liggja á milli hluta í þáltill., hvernig rannsóknin er fyrir komið, en geri ráð fyrir, að hún mundi verða falin jöfnum höndum sérstökum fagmönnum í þessum efnum annars vegar, sem vanir eru að vinna úr hagfræðilegum skýrslum og hafa sérþekkingu í því, og svo aftur öðrum, sem hefðu sérþekkingu um hag og afkomu sjávarútvegsins. — Ég geri mér fyrirfram nokkru meiri vonir nú en áður um það, að þessi þáltill. verði samþ., þar sem mér sýnist, að nú liggi það gleggra fyrir en áður, — þó að áður hafi verið glöggt, — að knýjandi nauðsyn er á því, að slík rannsókn fari fram. Ástæðurnar fyrir því eru sumpart tilfærðar í grg. þáltill., en ég vil einnig taka fram nokkur önnur atriði.

Það ætti öllum að vera ljóst, að þeir, sem framleiða vörur fyrir erlendan markað, geta ekki flúið undan verðbólgunni, nema þeim takist að hækka verð á þeim vörum, sem þeir selja úr landi. Auðvitað hefur verið reynt að fá hækkað verð fyrir útfluttar sjávarafurðir. Og t. d. árið 1942 tókst að fá verulega hækkun á verðinu fyrir fiskinn, aðalútflutningsvöru landsmanna, úr 35 aurum á kg í 45 aura, hjá þeim, sem selja hér við land. En þótt þessi hækkun fengist, óx verðbólgan það mikið jafnframt, að sjávarútvegurinn mun eftir það hafa verið verr settur með þetta hærra verð fyrir fiskinn en með lægra verðið áður. Á síðasta ári var gerð tilraun til þess að hækka verðið með nýrri skipan á fiskflutningunum og sölu á fiskinum. Örlítil hækkun fékkst um stund á fiskverðinu með þessu móti, og það er ýmissa manna skoðun, að hægt hefði verið að komast lengra í því, ef vel hefði verið á haldið, en ég ætla ekki að blanda því inn í þetta mál. En sá litli árangur hefur meir en étizt upp með síhækkandi framleiðslukostnaði og síversnandi aðstöðu þeirra, sem stunda sjávarútveg. Nú í dag er ástandið í þessum efnum þannig, sem mér skilst vera viðurkennt, þótt ekki liggi það fyrir í tölulegri athugun, eins og þó þyrfti að vera, að smáútvegurinn sé mjög illa haldinn. Smáútvegurinn hefur undanfarið flotið á því, að mokafli hefur verið, en ekki má neitt út af bera til þess að kostnaðurinn við smáútveginn verði svo stórfelldur, að engin tök verði fyrir menn að rísa undir honum. Ég hygg, að þótt ekki nema annaðhvort kæmi fyrir, að fiskverðið lækkaði eina vertíð eða þá hitt, að afli brygðist, þá væri hagur útgerðarinnar í voða. Ef við lítum lengra í þetta mál, sjáum við einnig hitt, að það er að verða sífellt erfiðara og erfiðara að fá menn til þess að stunda fiskveiðar á vélbátaflotanum, af þeirri einföldu ástæðu, að það er búið að koma þessum málum þannig fyrir, að sá hlutur, sem menn geta fengið í mörgum tilfellum á vélbátaflotanum, þótt vel gangi veiði og stríðsverðið haldist á fiskinum, er ekki nógu stór til þess að jafnast á við þann hlut, sem öðrum mönnum er ætlaður í kaupgreiðslum, eða tekjur, sem menn fá við önnur störf. Þetta hefur gengið svo langt undanfarið, þó að menn hafi ekki viljað sjá það, að fjölda útlendinga hefur orðið að fá á vélbátaflotann til þess að halda honum uppi. En það hefur ekki dugað til, þannig að útgerð hefur orðið að falla niður á bátum, sem hefðu ekki haft lakari skilyrði til að bjargast en ýmsir aðrir bátar, hefðu fengizt menn til þess að hægt hefði verið að gera þá út á veiðar. — Ef við jafnframt lítum á þá, sem nú eru að byrja útgerð, þá er ástandið þannig: Verðið á vélbátunum er 9—10 þús. kr. smálestin, ef þeir eru byggðir í landinu sjálfu, en líklega 5—6 þús. kr. frá Svíþjóð, og eitthvað talsvert ódýrari munu þeir vera frá Danmörku. Þeir, sem vilja leggja í útgerð, verða að borga allar lausar eignir sínar upp í bátana til þess að eignast þá, og skulda einnig, svo að ekki verður séð, hvernig menn fá undir risið, þó að allt leiki í lyndi, hvað þá ef eitthvað bæri út af. Afleiðingarnar yrðu þær fyrir þá, sem leggja út í að stunda þennan þýðingarmikla atvinnuveg, að ef eitthvað ber út af um afla eða verðlag, þá komast þeir í þrot. Það liggur nú fyrir, að síldveiði hefur brugðizt á síðasta sumri, sem ætti að geta orðið til þess að sýna mönnum, hver hætta yrði á ferðum, ef annar sjávarafli brygðist líka. Það hefur jafnvel komið til orða að setja upp kreppulánasjóð — nú í góðærinu — fyrir síldarútveginn, eftir að síldarútgerðin hefur brugðizt í eitt skipti. Þannig er búið að tefla þessum málefnum á fremsta hlunn. Og þetta gefur sannarlega vísbendingu um, hvað framundan kann að verða, ef ekki verður gerbreytt um stefnu. Það hefur verið talsvert rætt um þetta á undanförnum árum. En ég hef haldið fram, að umræður um það væri ekki nóg, heldur ætti að fara fram athugun á því, hvernig hag sjávarútvegsins væri ástatt og hver væri hlutur fiskimannanna í samanburði við hlut annarra. Því að ef fyrir hefðu legið tölulegar upplýsingar um það, þegar athugun sexmannan. fór fram á tekjum landbúnaðarmanna í samanburði við tekjur annarra manna, þá hefðu fengizt samtök um það nú fyrir nokkru síðan að nema staðar á þeirri óheillabraut, sem farin hefur verið. En menn hafa heldur viljað stinga höfðinu ofan í sandinn og koma í veg fyrir, að slík athugun færi fram, sem leitt hefði getað til þess, að það sæist svart á hvítu, hvernig ástandið í þessum efnum er.

Þegar ég flutti þáltill. í svipaða stefnu og þessa síðast, þá var henni vísað frá hér á hv. Alþ. með þeirri röksemd, að hún væri óþörf. Það var sagt, að það væri hægt að koma þessari athugun í framkvæmd með öðru móti. Menn vildu ekki beinlínis halda því fram, að það væri óþarft, að fyrir lægju upplýsingar í þessum efnum, sem sýndu, hvernig komið væri. En hitt sögðu menn, að það væri hægt að koma þessu í framkvæmd án þess að setja sérstaka nefnd og án þess að Alþ. skipti sér af því. Og það var á það bent, að Alþ. hefði sett l. um reikningaskrifstofu sjávar-

útvegsins og að sú stofnun gæti gert þessa athugun og mundi gera hana. Þáltill. var þá vísað frá, að því er kallað var í trausti þess, að sú stofnun ynni þetta verk og léti frá sér fara nægilega snemma upplýsingar um það. En hver hefur orðið niðurstaðan í þessu efni í framkvæmdinni í höndum þeirra manna, sem tóku á sig þá ábyrgð að vísa því máli frá með þeim rökum? Ég benti á það strax, að reikningaskrifstofa sjávarútvegsins gæti ekki leyst þetta hlutverk eins og þyrfti að vera, jafnvel þótt hún kæmist að fullu af stað með verkefni sín, auk þess sem ég áleit, að sú skrifstofa kæmi því ekki svo fljótt af, að að gagni væri. En reikningaskrifstofa sjávarútvegsins er hvergi til nema á pappírnum, og engin athugun hefur farið fram á þessu. Áhuginn hefur verið slíkur, að ekki einu sinni hefur verið hrint af stað þessari reikningaskrifstofu sjávarútvegsins, sem l. mæla þó fyrir, að skuli starfa. Ég hef spurzt nokkuð fyrir um þetta, og því hefur verið borið við, að svo lítið fjármagn hafi verið ætlað til þessarar skrifstofu, að þess vegna hafi hún ekki komizt í gang, því að aðeins 10 þús. kr. hafi verið veittar til hennar. Stórhugurinn er ekki meiri en það, að ekki var hægt að hugsa sér að veita meira fé til þeirrar stofnunar, til þess að hún gæti farið af stað, heldur en 10 þús. kr. Það virðist ekki hafa mátt sjá af neinu af þessum 160 millj. kr., sem ríkissjóður hefur tekið á þessu ári, til þess að koma þessari stofnun af stað. Þetta verkefni hefur ekki verið unnið, þótt gert væri ráð fyrir því. Það hefur aðeins verið byrjað á því í Fiskifélaginu, án þess að þessi reikningaskrifstofa væri sett á fót. Aðeins hefur verið óskað eftir, að menn sendu reikningsuppgerð.

Ég skal ekki fara lengra út í þetta og ekki orðlengja frekar um þetta málefni en ég hef gert. Ég hef fært fram ástæður fyrir því, að ég tel þessa athugun nauðsynlega. Og ég tel, að slík athugun megi alls ekki dragast, heldur þurfi að gera öflugar ráðstafanir til þess, að þessi athugun fari fram nú þegar, svo að niðurstöður hennar geti legið fyrir nú á þessum vetri. Og ég vil biðja menn að athuga, í hverri hættu allur sjávarútvegurinn er, og líta í því sambandi til þess, sem gerðist í sambandi við síldveiðarnar í sumar. Það er of seint að gera öflugar tilraunir til þess að koma á jafnvægi eftir á, því að útgerðin þolir ekki aflaleysi eða verðfall, heldur þarf að gera ráðstafanir í þessu efni án tafar, svo fljótt, að þær geti komið að gagni, því að það er of seint að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í. Auk þess, sem vitað er, hvernig síldveiðin brást á síðasta sumri, þá er það vitanlegt þeim, sem kynnt hafa sér það sérstaklega, að það er stórkostleg hætta á því, að útgerðin dragist verulega saman, jafnvel þótt engin óhöpp komi fyrir, hvorki verðfall né aflaleysi. Hún hefur nú þegar dregizt saman víðs vegar um land af ástæðum, sem ég hef greint. Og það ætti þá líka að vera augljóst, þegar gerðar eru ráðstafanir til þess að afla til landsins nýrra báta og tækja til sjávarútvegsins, að þá verði um leið að gera ráðstafanir, sem geri það líklegt, að hægt sé að reka þau tæki með dágóðum árangri, ráðstafanir, sem geri það að verkum, að menn vilji gjarnan vinna á þessum nýja flota, og tryggi jafnvel og geri það að verkum, að menn komist úr því öngþveiti, sem orðið er í þessum málum.

Að svo mæltu óska ég, að þessari þáltill. verði vísað til hv. allshn. að þessari umr. lokinni.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér ekki hljóðs til þess að tefja þetta mál á nokkurn hátt. En út af því, sem hv. flm. sagði viðvíkjandi reikningaskrifstofu sjávarútvegsins, get ég ekki látið hjá líða að taka það fram hér, af því að ég var við það mál riðinn, að koma þeirri skipun á, að ég tel með öllu óviðunandi, að stofnun, sem á að hafa ákveðin hlutverk með höndum og er til þess skyld að l. og á að fá til þess fé úr ríkissjóði, láti undir höfuð leggjast að rækja skyldur sínar. Og ég er þeirrar skoðunar, að þetta, sem farið er fram á í þáltill., að gert verði, sé hlutverk reikningaskrifstofu sjávarútvegsins og að hún geti vel framkvæmt þetta. Hv. flm. sagði, að því hefði verið borið við, er um það hefði verið að ræða, að reikningaskrifstofan innti þetta ekki af hendi, að ekki hefði verið veitt nóg fé til þess. Það var þegar borið undir stjórn Fiskifélagsins, og samkv. áliti þess var þessi greiðsla ákveðin í fjárl. En ég hef haldið fram, að þessi greiðsla hafi verið áætlun, en það hefði ekki verið látið standa í vegi fyrir starfrækslu skrifstofunnar, að fé hefði ekki verið veitt meira til hennar, og að ekki hefði verið látið á því standa. Ef hins vegar Fiskifélagið vill þrjózkast við að vinna þetta verk af einhverjum ástæðum, er auðvelt að knýja það til þess, því að það er hægt að svipta félagið ríkisstyrknum, ef það framkvæmir ekki það, sem Alþ. sanngjarnlega leggur fyrir það. Og ef eigendur skipa vilja ekki láta í té þær upplýsingar, sem á þarf að halda, þá er hægt að finna ráð við því, því að þeir, sem hafa fengið ívilnanir, lán eða styrki, hafa verið skyldaðir til að gefa reikningaskrifstofu sjávarútvegsins þær skýrslur, sem hún telur nauðsynlegar. Það er því hægt að neyða þessa menn til að gera skyldu sína og engin ástæða til annars.

Ég skal annars ekkert segja um þessa nefndarskipun, hvort ég verð með henni eða móti. (*EystJ:* Það er ekki gert ráð fyrir neinni n.). Einhverjir menn yrðu þó að gera þetta. Ég vil taka fram í sambandi við það, sem ég sagði áðan, að hér starfaði fyrir nokkru 6 manna n., sem átti að rannsaka afkomu og tekjur manna, sem fást við landbúnað, og gaf hún út álit um það. Og um þetta álit vil ég taka fram, að ég hef fengið óyggjandi sannanir fyrir því, hef fengið um það upplýsingar í fjölda mörgum kaupstöðum og kauptúnum, að n. hefur lagt til grundvallar rangar tölur. Ég veit ekki, hvort það var vísvitandi, en hún hefur fengið grundvöll, sem var rangur, með því að byggja á röngum tölum. Nú á kannske að koma önnur 6 manna n., sem sýni, að fiskimenn séu langt fyrir neðan aðra og nú þurfi að ausa þangað fé til að jafna metin. Þessi svikamylna getur gengið lengi. Ég mun, ef tilefni gefst, skýra nánar frá því, hvaða upplýsingar ég hef fengið frá merkum mönnum, sem eru í sveitarstjórn í sjávarþorpum hér á landi, um tekjur verkamanna og sjómanna á mótor-

bátum yfir það tímabil, sem sex manna n. miðaði við. Ég hef ekki vaðið reyk í því, heldur farið til þeirra, sem bezt vita um þetta, en það er fullkomlega alvarlegt mál, ef tekjur manna á skipum og hinum smærri fleytum eru ekki í samræmi við þá dýrtíð, sem er í landinu.

Hv. flm. þessarar till. á þskj. 55 talaði um dýrtíðina eins og einhvern pinkil, sem væri hægt að varpa frá sér, ef þ. vildi ganga inn á það, en þetta hefur orðið erfiður hnútur að leysa. Ég veit ekki betur en að þessi hv. þm. sé í hópi þeirra, sem hæstar kröfur gera um verðlag á þeim vörum, sem að langmestu leyti skapa dýrtíðina. Hitt er annað mál, að vísitalan og dýrtíðin sjálf er af mörgum talið vera ekki eitt og hið sama. En ég býst við, að í sambandi við sjávarútveginn, afkomu hans og framtíð, verði að athuga, hvort nokkur hluti eða verulegur hluti bátanna sé ekki orðinn það úreltur, að hann geti ekki skaffað sæmilega lífsafkomu. Það er vitað mál, að smáskip eru ekki fær til annarra veiða en þeirra, sem stundaðar eru svo að segja eingöngu frá heimahöfn, nema geta kannske yfir blásumarið gutlað eitthvað til útróðra frá öðrum stöðum, en aðallega verða þessir bátar að hlíta þeim aflabrögðum, sem fást frá heimahöfnum. Þetta getur aldrei orðið fullnægjandi framfæri fyrir fjölskyldumenn. Til þess að þessi atvinnuvegur geti gefið sæmilegan arð, verða menn að hafa góða báta, sem hægt er að halda út til veiða árið um kring. Það er enginn markaður til, sem gæti borið það verð, sem þyrfti til góðrar afkomu, ef ekki er hægt að stunda atvinnuna nema ⅓ úr árinu. Það er ekki heldur leið til, að ríkisvaldið gæti greitt það, sem á vantaði; það yrði því gersamlega ofvaxið. Það, sem byggja verður á, eru fullkomnari tæki. Það er einasta leiðin til að gefa þeim, sem við þau vinna, ríkulegri laun sinnar vinnu en þessi gömlu og smátæku framleiðslutæki gera. Í því sambandi vil ég í allri vinsemd minna hv. flm. á, að hann er einn í þeim leiða hópi manna, sem berst mjög á móti því, sem kallað hefur verið nýsköpun atvinnuveganna, en ég held, að það sé eina leiðin til þess að menn geti fengið þær tekjur, sem þarf til að draga fram lífið, að stórfelld breyt. verði til fullkomnunar á atvinnutækjunum.

Hvað síldveiðarnar í sumar snertir, þá er öllum kunnugt, að þeir erfiðleikar urðu ekki fyrir verðfall, heldur aflabrest, og það er nokkuð, sem við ráðum ekki við, það er ekki hægt fyrir þingið að koma í veg fyrir slíkt, en það er hægt fyrirfram að búa sig undir að standast slíkt áfall. Ég vil minna hv. flm. á, að ég hef síðan fyrir stríð verið að berjast við að fá Alþ. til að setja löggjöf um aflatryggingar, og það mun óhætt að segja, að ef þær hefðu komizt á, sem voru ekki heimtufrekari við atvinnuveginn en svo, að sjávarútvegurinn hefði sennilega ekki vitað af því yfir styrjöldina, þá mundi samt fyrir þessar ráðstafanir hafa safnazt það mikill sjóður, að hann hefði jafnað vel þennan halla á síldveiðunum og vel það. En þetta mál mætti alltaf þrjózku mikils hluta þingsins, og var það ýmist drepið eða vísað frá. Svo er mér sagt, að eftir allar þær aftökur, sem farið hafa fram á Alþ. á þessu tryggingamáli, sitji nú einhverjir með sveittan skallann við að finna upp tryggingar, alveg sams konar náttúrlega, þó að vera kunni þar einhverjar formsbreyt.

Ég tel víst, að þetta mál fari til n., en ég vil, að n. leggi sig mjög eftir því að athuga, þegar hún hefur komizt að niðurstöðu um, hvort rannsókn er nauðsynleg eða ekki, hvort slík rannsókn er ekki einmitt hlutverk reikningaskrifstofu sjávarútvegsins og hvort ekki er hægt fyrir þ. að veita stuðning til þess, að skrifstofan geti innt þetta starf af hendi.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Sá hv. þm., sem talaði hér næst á undan, hefur tekið fram ýmislegt, sem í minn huga hafði flogið meðan hv. flm. mælti fyrir þessu máli, og get ég þess vegna stytt mjög mál mitt, enda á málið að fara í n., þar sem ég á sæti.

Ég verð að taka undir það með hv. 7. þm. Reykv., að ég hefði talið mjög æskilegt, að mál þetta hefði hlotið athugun þeirrar stofnunar, sem á var minnzt bæði af hv. flm. og hv. 7. þm. Reykv., sem sé reikningaskrifstofunnar. A. m. k. getur maður sagt það um þessa rannsókn, að hún yrði nokkuð til fróðleiks, þó að ekki sé með vissu fyrirfram hægt að segja, hvaða áhrif að öðru leyti hún mundi hafa. Ég tók eftir því að vísu, að hv. flm. vildi leggja mikið upp úr því, að slík rannsókn um afkomu útvegsins væri til staðar, þegar borin væri saman lífsafkoma manna á landi hér í einstökum atvinnuvegum, og hann taldi það hafa verið mjög óheppilegt, að niðurstaða slíkrar rannsóknar sem hér er farið fram á, þ. e. a. s. hvað útgerðarmenn og sjómenn bæru úr býtum, hafi ekki legið fyrir, þegar 6 manna n. álitið var samið. Ég hlýt að skilja þetta þannig, að hv. þm. sé nú kominn á þá skoðun, sem raunar hann er ekki einn um, að þetta 6 manna n. álit hafi ekki alls kostar verið byggt á réttum forsendum, því að í ræðu hans kom það sterkt fram, að hann telur, að það hafi vantað upplýsingar um afkomu sjómanna, og eftir annarri röksemdafærslu hans að dæma virðist hann vera þeirrar skoðunar, að sex manna n. álitið hafi stefnt allt of hátt hvað snertir útreikning á afurðum bænda, m. a. vegna þess, að skort hafi upplýsingar um afkomu sjómanna. Hv. þm. segir líka í grg. fyrir þessu máli, með leyfi hæstv. forseta:

„Það hefur orðið til stórtjóns, að ekki hafa legið fyrir glöggar skýrslur um afkomu sjávarútvegsins og áhrif verðbólgunnar á sjávarútveginn á undanförnum árum."

Ég fæ ekki vel séð, hvar hægt er að benda á, að skortur þessara upplýsinga, sem hv. flm. fiskar eftir, hafi getað orðið til stórtjóns nema þar, sem hv. þm. minntist á, þegar samið var sex manna nefndar álitið. Það má sjálfsagt gera ráð fyrir því, að það hafi orðið sjávarútveginum til mjög mikils tjóns, hversu sex manna nefndar álitið varð til að stórhækka vísitöluna og þar með allan kostnað við útgerðina, eins og hv. flm. raunar virðist benda á í þessari till. Það virðist því vera þungamiðja málsmeðferðarinnar hjá þessum hv. þm., að vegna þess að menn yfirleitt

og einkum og sér í lagi 6 manna n. gerðu sér aðrar og hærri hugmyndir um afkomu sjávarútvegsins en rétt var, er hún komst að niðurstöðu um, hvaða verð ætti að vera á afurðum bænda, þá hafi það orðið til stórtjóns fyrir afkomu sjávarútvegsins. Nú hefur hv. 7. þm. Reykv. réttilega tekið fram, að hann hafi með höndum upplýsingar um, að 6 manna n. hafi ekki verið eins blönk í þessu efni og hv. flm. þesarar till. vill vera láta eða vill segja af ærlegu hjarta.

Ég tel, að þótt efni væru til einhvers kapphlaups af hálfu sjávarútvegsins við kröfur bænda, þá mundi það tæplega verða, eins og nú er komið málum, til mikils góðs að fara út í það, hvorki fyrir sjávarútveginn né alþjóð yfirleitt.

Þegar hv. flm. talar um, að það verði að finna út, hvaða verð sjávarútvegurinn verði að fá fyrir afurðir sínar, þá veit hann ekki síður en ég, að öllu slíku má stilla upp sem dæmi á pappír, en hins vegar vitum við það báðir, að það eru aðstæður, sem við höfum næsta lítið vald á, sem oft ákveða þetta verðlag og kostnaðinn að mestu leyti. Hitt bætir ekki úr, þegar fram koma ósanngjarnar kröfur, eins og 6 manna nefndar kröfurnar og aðrar jafnóviturlegar, sem við ættum að hafa getu og vilja til að ráða við, vegna þess að það eru hlutir, sem tilheyra innanlandsástandinu. En þegar vit og vilja skortir í þeim efnum, þá er þar líka í götu þrándur, sem er kannske ekki eins erfiður og ástand á útlendum markaði, en þó erfiður viðureignar.

Að því leyti er þetta snertir ástand undanfarinna stríðsára og útreikninga á afkomu og verðlagi hjá þessari sérstöku atvinnugrein, sem um er að ræða, þá skal ég að vísu játa, að athugun þessi getur, eins og ég sagði áðan, verið fróðleg, en mest hefur hún sögulegt gildi, en lítið á henni að byggja fyrir framtíðina, því að hér er um að ræða tímabil, þar sem verðlagið hefur verið miklu hærra en gerist á friðartímum, og þess er tæplega að vænta, að slíkt verðlag verði í framtíðinni á þeim vörum. Hitt er annað mál, að að því leyti sem þetta mál stefnir að því marki að koma á samvinnu milli allra stétta í þessu landi til að koma niður verðbólgunni, þá er það tilraun, sem er vel athugunar verð, um það getum við verið alveg sammála, en hvort þessi athugun út af fyrir sig leiðir til fyllri lausnar í því máli, um það hygg ég, að hv. flm. geti verið mér sammála, að það út af fyrir sig liggur ekki fyrir. Hitt er mögulegt, að ef einhver ný 6 manna n. settist niður til að reikna út framfærslukostnað og verð fyrir sjávarútveginn, að þá kæmu þaðan sanngjarnari verðákvörðunartill. en komu frá 6 manna n. landbúnaðarins.

Mér finnst yfir höfuð rétt fram tekið hjá hv. 7. þm. Reykv., að hér sé verkefni, sem eigi að vinna af þeim aðila, sem Alþ. ætlaðist til, þegar sett var í l., að Fiskifélag Íslands léti sérstaka færa menn hafa með höndum athugun á reikningsfærslu og reikningsskilum sjávarútvegsins. Ég álít því réttast, að slík stofnun taki að sér það verkefni, sem hér er um að ræða, eins og komið hefur fram í samþykktum Alþ. og hv. 7. þm. Reykv. benti á og var raunar viðurkennt af hv. flm., að ætti að vera.

Pétur Ottesen: Í sambandi við umr. þær, sem hér hafa farið fram um þessa þáltill., hefur verið minnzt nokkuð á reikningaskrifstofu sjávarútvegsins. Í l. um reikningaskrifstofu sjávarútvegsins, sem staðfest voru síðast á árinu 1943, er gert ráð fyrir því, að Fiskifélag Íslands hafi þessa starfsemi á hendi. Fjárveiting til þessarar skrifstofu er fyrst tekin upp á fjárl. á yfirstandandi ári, þ. e. á árinu 1945, svo að l. þessi voru að sjálfsögðu óvirk, þangað til fyrir hendi lá fé til þess að starfa með í þessu skyni. Nú hefur málið á þessu ári verið undirbúið hjá Fiskifélagi Íslands, og er verið að ráða mann, sem hefði þessa starfsemi á hendi. En eins og þessi l. eru hvað þetta framlag snertir, þá er það sýnilegt, að það fé, sem er ætlað til þessarar starfsemi, hrekkur hvergi nærri til. Í 2. gr. þessara l. er svo að orði kveðið, að það fé, sem varið er í þessu skyni, — og í því felst einnig útgáfa skýrslna um útgerðarkostnað og eyðublöð, — megi ekki vera meira en 10 þús. kr. á ári. Af þessu sést, að þarna er um að ræða tæplega hálf laun handa einum manni, og þá verða þessu mikla og þarfa verkefni, sem þessi skrifstofa á að inna af hendi, eins og skýrt kemur fram í l., harla lítil skil gerð, því að þetta á ekki eingöngu að vera skrifstofa í Reykjavík, heldur eiga þeir, sem hafa þetta með höndum, að ferðast út um landsbyggðina til útgerðarstaðanna og gefa mönnum bendingar um það, hvernig þeir eigi þar að haga bókhaldi sínu. En þar sem svona er ákveðið í l., að ekki megi verja meiru en 10 þús. kr. í þessu skyni, þá er ekki hægt með einföldu fjárlagaákvæði að breyta því án þess að breyta því ákvæði í l., sem setur þetta hámark. Að vísu mætti kannske álykta sem svo, að þetta mætti þó gera, t. d. með skírskotun til þess, að í 18. gr. fjárl. eru til viðbótar þeim lögmæltu eftirlaunum veitt nokkur viðbótareftirlaun, og það má vel vera, að mætti heimfæra undir það, að veitt yrði nokkur viðbótarupphæð í þessu skyni í fjárl. þrátt fyrir ákvæði þessara l. En eðlilegast væri að sjálfsögðu að breyta l., annaðhvort að hækka hámarkið, sem þar um ræðir, eða láta það vera á valdi stj., hve miklu fé yrði árlega varið í þessu skyni, sem miðað væri við þörf hvers tíma. Má búast við, að þetta verði mest verk meðan verið er að koma á laggirnar eða endurbæta reikningsfærslu einstakra útgerðarmanna, sem kann að vera áfátt, því að vitanlega á þetta eftirlit ekki einasta að ná til þeirrar bókfærslu, sem ákveðin er í l., heldur líka til þeirrar bókfærslu, sem ekki er lögboðin. Ef þessi skrifstofa ætti að taka að sér það verk, sem gert er ráð fyrir í þessari þáltill., sem hér liggur fyrir, að framkvæma á tiltölulega skömmum tíma athuganir á útgerðinni um allt land, þá er auðsætt, að til þess þarf meiri starfskrafta en þessari skrifstofu hafa verið ætlaðir enn sem komið er og miklu meira fé en gert er ráð fyrir í l. um reikningaskrifstofu sjávarútvegsins. — Þetta vildi ég láta koma hér fram og jafnframt beina því til sjútvn., hvort hún hefur ekki beitt sér fyrir því við þá menn, sem eðlilegast væri að tækju þetta mál til meðferðar, að hún flytti brtt. á l., sem rýmkaði um þetta fjárhagsatriði. Væri eðlilegt, að allshn. gerði það, en áhugi fyrir málinu á að

vera til staðar hjá sjútvn., því að þetta mál er þess eðlis, að fyrirgreiðsla fyrir því og umbætur á því, sem áfátt er, komi frá þeirri n. Þá getur vel verið, að með þessum hætti væri, eins og hv. 7. þm. Reykv. hélt fram, hægt að láta þessa skrifstofu framkvæma þá rannsókn, sem hér er fyrir hendi, en til þess þyrfti vitanlega meiri starfskrafta en hún hefur enn yfir að ráða og vitanlega miklu meira fé, ef gera á þetta á skömmum tíma. — Ég vildi vekja athygli á þessu hér, fyrst umr. snerust um þetta atriði, sem ekki er heldur óeðlilegt að það geri eins og þetta mál liggur hér fyrir.

Þá langaði mig aðeins til að bæta við fáum orðum út af ræðu hv. þm. Vestm. Ég sé, að hann hefur vikið af fundinum, en máske er hann nærstaddur, svoleiðis að ég geti beint fáum orðum til hans í eigin persónu. Það er vegna þess, að hv. þm. talaði um ósanngjarnar kröfur 6 manna n. Mér kom þetta mjög á óvart, að heyra slík ummæli frá hv. þm. Vestm. Það er vitað, að slíkum ummælum hefur verið hreyft, að sú niðurstaða, sem 6 manna n. komst að á sínum tíma, hafi ekki verið alls kostar rétt. En þær raddir, sem á þeim tíma hnigu í þá átt, voru mjög fáar og í algeru ósamræmi við meginhluta þeirra manna, sem létu þetta mál til sín taka þá og síðar. T. d. féllst Alþ. á réttmæti 6 manna n. álitsins, og ég minnist þess, að þegar um það var deilt hér á Alþ., hvort þetta 6 manna n. álit ætti að framkvæma þannig, að bændur fengju fyrir sína framleiðslu samkvæmt því, án tillits til þess, hvort vörurnar væru seldar innanlands eða á erlendum markaði, þá leit hv. þm. Vestm. svo á, ásamt mörgum fleirum, að þetta 6 manna n. álit væri þannig byggt upp, að alla framleiðslu bænda ætti að greiða samkv. því áliti. Það var með tilliti til þessa, sem mér kom mjög á óvart, að hv. þm. Vestm. skyldi fara að tala um ósanngjarnar kröfur, sem þeir menn hefðu gert til handa landbúnaðinum, sem að 6 manna n. álitinu stóðu.

Hv. þm. Vestm. sagði það réttilega, að hefja yrði samtök um það bæði á Alþ. og utan Alþ. að koma niður verðbólgunni, því að naumast mun nokkrum manni geta blandazt hugur um það, að sú mikla verðbólga, sem nú er í þessu landi, er að stofna okkur beinlínis í háska, og það hefur orðið að gera alveg sérstakar ráðstafanir, sem brjóta í bága við eðlilega viðskiptahætti, svo að þessi verðbólga skelli ekki á okkur með þeim þunga og þeim afleiðingum, sem það hefði verið fyrir Íslendinga, ef þeir hefðu orðið allsendis ósamkeppnisfærir á erlendum markaði. Þessar ráðstafanir eru fólgnar í því, að á undanförnum árum hafa verið borgaðir niður tugir millj. úr ríkissjóði til þess að halda niðri verði á innlendri framleiðslu. Hefði þetta ekki verið gert, hefði dýrtíðin í landinu orðið svo mikil, að engin tiltök hefðu verið á því, að óbreyttu því verði, sem hæst hefur orðið á styrjaldartímanum erlendis, að geta haldið uppi t. d. útflutningi á fiski og öðrum afurðum, sem öll afkoma landsmanna veltur á, að hægt sé að halda uppi. Og þetta er sú rétta mynd af verðbólgunni og þeirri gildru, sem við erum gengnir í. Enn heldur verðbólgan áfram að vaxa í landinu, því að nú er dýrtíðarvísitalan hækkuð úr 277 stigum upp í 285 stig, og þetta hefur skeð alveg nýlega. Og nú virðist a. m. k. vera nokkur ótti um það, að verðlag á erlendum markaði muni e. t. v. fara lækkandi, a. m. k. er ekki nokkur von til þess, að verðlag hækki þannig, að það svari til þeirrar aukningar á verðbólgunni, sem nýlega hefur orðið hér í þessu landi. Af þessu leiðir að sjálfsögðu, að það er alveg rétt, sem hv. þm. Vestm. sagði, að það væri mikils um vert, að menn tækju nú höndum saman að slá á verðbólguna. Margir hafa litið svo á, þ. á m. ég, að ástæða hafi verið til að gera slíkar ráðstafanir fyrr, og afkoma manna í þessu landi mundi nú vera betri en hún er nú, ef slíkar ráðstafanir hefðu verið gerðar fyrr. En vitanlega er sjálfsagt að láta nú hendur standa fram úr ermum og sýna viðleitni til að gera slíkar ráðstafanir. Það er ekki betra að standa frammi fyrir þeim raunveruleika, að öllu sé siglt í kaf, og þá fyrst að fara að gera skynsamlegar ráðstafanir. Hitt mætti vitanlega miklum háska afstýra, ef komið væri í veg fyrir, að allt stöðvaðist, heldur gæti okkar atvinnulíf haldið áfram með eðlilegum hætti. Það er allt annað viðhorf en hitt, að fara fyrst að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í.

Ég vildi taka þetta fram í sambandi við þau ummæli, sem féllu um þetta atriði hjá hv. þm. Vestm.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Hv. þm. Borgf. hefur tekið fram nokkuð af því, sem ég vildi sagt hafa, og skal ég ekki við það bæta. En hv. 7. þm. Reykv. sagði og lagði á það áherzlu, að 6 manna n. álitið væri rangt og rangt vegna þess, að tekjur bænda væru reiknaðar of hátt miðað við tekjur verkamanna, og bar hann fyrir sig, að hann hefði talað við marga menn í sjávarþorpum, sem hefðu sagt þetta, og þess vegna væri hann viss um, að þetta væri svona. Nú skulum við líta á, hvernig hv. 7. þm. Reykv. annars vegar fær þessa staðhæfingu, og hins vegar, hvernig Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri fékk sína niðurstöðu. Hv. 7. þm. Reykv. vill halda því fram, að niðurstaða Þorsteins hagstofustjóra hafi verið alröng, en það, sem Pétur og Páll hafa sagt honum, hafi verið rétt. Og þó er Þorsteinn hagstofustjóri, eins og hv. þm. raunar veit, einn af þeim mönnum, sem sízt vildu láta nafn sitt fylgja niðurstöðu, sem hann er ekki viss um, að sé rétt. Hann fær tvo unga menn, er nú vinna hjá nýbyggingarráði, til þess að fara í skattaframtöl verkamanna og taka þær tekjur, sem þeir sjálfir hafa talið sér til tekna, og það er tekið reglulega tíunda hvert framtal verkamanna. Af þessu er svo tekið meðaltal, en landsmeðaltalið síðan af hinum meðaltölunum og þá tekið tillit til fjölda verkamanna á hverjum stað. Og nú getur hv. 7. þm. Reykv. sagt, að allir þeir verkamenn, sem hafa talið fram tekjur sínar og hvers skýrslur hafa verið lagðar til grundvallar meðaltali á þann hátt, sem áður segir, af Þorsteini hagstofustjóra, hafi talið rangt fram á þann hátt að telja tekjurnar of háar. Það er svo sem ekki verið að draga undan, heldur eru tekjurnar tíundaðar of hátt, segir hv. 7. þm. Reykv., og því sé kaup bændanna of hátt. Svona er þessi niðurstaða fengin. Hann ber m. ö. o. á

brýn annaðhvort af tvennu: að allir þeir verkamenn, sem farið hefur verið í gegnum framtöl hjá, hafi talið rangt fram og reiknað tekjur sínar of háar, eða þessir tveir ungu menn hafi falsað tölurnar, þegar þeir fóru að vinna úr þeim, eða kannske misritað. Hvort hann vill heldur vera láta, veit ég ekki, en ég segi, að hvorugt sé rétt hjá honum. Þegar 6 manna n. álitið var gefið út, var byggt á meðaltali á verkamannakaupi um allt land, og ef hann fer í skýrslur, getur hann séð, að það eru mjög misjafnar tölur, sem koma frá einstökum stöðum, svo að það er allt annað mál, hvað meðaltalið er á hverjum einstökum stað, en hvað landsmeðaltalið er. Það er því sleggjudómur að bera Þorsteini hagstofustjóra það á brýn og þeim, sem unnu að þessu, að þeir hafi gefið út rangar upplýsingar. Slíkt er óleyfilegt í alla staði.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Ég vildi aðeins segja nokkur orð í tilefni af ummælum hv. 7. þm. Reykv. og hv. þm. Vestm.

Það er þá í fyrsta lagi varðandi það, að e. t. v. sé þáltill. óþörf, þó að ekki hafi það verið fullyrt, vegna reikningaskrifstofu sjávarútvegsins. Þessi þáltill. ákveður ekki neina nefndarskipun. Hún leggur hins vegar fyrir ríkisstj. að sjá um, að sú rannsókn, sem þar er tiltekin, verði gerð, og ég tel rétt, að Alþ., ef það fellst á, að æskilegt sé, að þessi rannsókn fari fram, geri ríkisstj. ábyrga fyrir því, að rannsóknin verði gerð, en það mundi eftir þessari till. minni liggja í hendi ríkisstj. Menn gætu falið reikningaskrifstofu sjávarútvegsins að sjá um rannsóknina. En hitt er rétt hjá hv. þm. Borgf., að ekki er hægt að hugsa sér, að hún sjái um rannsóknina, nema hún sé sett á fót og fái til þess ríflegri fjárveitingu en ætlazt er til í gildandi l. Ég legg áherzlu á það, að þetta, sem hér er farið fram á, fellur ekki undir venjulegt verksvið reikningaskrifstofu sjávarútvegsins. Þetta er miklu víðtækara en gert er ráð fyrir, að skrifstofan framkvæmi árlega. Menn verða því að taka afstöðu til þess, hvort þeir vilja, að þessi víðtæka rannsókn fari fram, og ég vona, eftir þeim undirtektum, sem málið hefur fengið, að menn geti fallizt á hvort tveggja. Það er ekki hægt að gera þetta með frjálslegra móti en að gera þá stjórn, sem situr á hverjum tíma, ábyrga fyrir, að rannsóknin verði gerð.

Út af því, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði, vil ég minnast á þrjú atriði. Í fyrsta lagi fannst mér gæta nokkurs kvíða í sambandi við þessa fyrirhuguðu rannsókn, af þeirri reynslu, sem hann taldi sig hafa fengið í starfi sex manna nefndarinnar. Ég ætla að svara því, þegar ég svara hv. þm. Vestm. En hv. 7. þm. Reykv. sagði, að nú ætti máske að koma önnur n., sem sýndi, að fiskimenn hefðu alltof lágar tekjur, sem aftur gæti orðið til þess að ausa stórfé til þeirra. Ég skal ekki spá, fremur en ég gerði í framsöguræðunni, hvað þessi rannsókn muni sýna, en af einhverju er það, að svo illa gengur að fá fiskimenn á fiskiskipaflotann. En ég vil segja það, að ef fiskimenn hafa lægri tekjur en almennt gerist í landi og geta ekki með tekjum sínum hamlað á móti verðbólgunni, á það að koma fram, og því fyrr, því betra, því að það hefnir sín að leyna því, ef því er þannig varið, eins og ég held að það sé, og það hefur þegar hefnt sín, að þessu hefur verið haldið leyndu fyrir alþjóð eins lengi og gert hefur verið. Ef við dettum á skýrslur um sjósókn og fiskveiðar, kemur í ljós, að á árunum 1942—1944, á þeim árum, þegar fiskverðið er hæst, þá fækkar þeim mönnum, sem stunda fiskveiðar á Íslandi. Það er því ekki út í bláinn, þegar stungið er upp á því, að fram fari allsherjar rannsókn á því, hvernig á þessu stendur. Og ég endurtek það, að þessa athugun hefði átt að vera búið að gera fyrir löngu. En auðvitað er betra að gera það nú, þó að það hafi ekki verið gert áður.

Hv. 7. þm. Reykv. sagði, að menn mættu ekki leggja of mikið upp úr því, þó að illa gengi að fá menn til að stunda fiskveiðar á smábátum. Slíkt væri að kenna úreltum tækjum, sem heltust úr lestinni, og önnur betri kæmu í staðinn. Mér dettur ekki í hug að neita því, að bátarnir þurfi að stækka, og það er augljóst mál, að smærri bátarnir hljóta að heltast úr lestinni, þegar stærri og fullkomnari skip koma. En hitt vildi ég segja, að Íslendingar mega ekki við því að hætta í einu vetfangi á þeim bátum, sem hv. 7. þm. Reykv. kallar smáa. Af slíku mundi leiða landauðn á sumum stöðum á landinu. Málum er þannig komið nú þegar, að sjósókn hefur lagzt niður á sumum stöðum á landinu. Þótt menn þar hafi fullan hug á að koma sér upp stærri og fullkomnari fleytum, hefur það reynzt þeim ókleift vegna hins háa verðs á nýjum bátum, sem verðbólgan hefur aðallega valdið. Ástandið er því alvarlegt. Og það er ekki hægt í mörgum tilfellum að sjá, hvernig ástatt er um afkomumöguleika ýmissa fiskimanna, sem eru á smáfleytum, innan við 30 tonn og þar um. En það eru margir landsmenn, sem eiga hag sinn undir afkomu slíkra báta. Þess vegna þolir þjóðfélagið ekki, að slík útgerð falli niður nú.

Það er mikið talað um, að stærri bátarnir þoli hærri framleiðslukostnað. Ég veit það er rétt, að þeir, sem eru á stærri bátunum, fá yfirleitt meiri tekjur en hinir. En ég hef hvergi glöggar heimildir fyrir því, hvernig þessu er háttað. Ég hef ekki séð, hvernig afkoma útgerðar- og fiskimanna er, sem hafa báta um 50—100 smálestir o. s. frv. Ég sé hvergi, hvernig þessu er háttað, og tel ástæðu til, að það sé athugað. Þá mundi það koma í ljós, hve mikinn framleiðslukostnað stærri bátarnir gætu þolað. Og það er ekki svo lítið atriði út af fyrir sig.

Hv. 7. þm. Reykv. vék út af götu sinni til þess að taka það fram, að ég væri í þeim leiða hóp, sem legðist á móti allri nýsköpun. Ég vil benda hv. þm. á, að þetta er með öllu rangt, eins og bezt sést á því, að ég og þeir, sem hann vill telja í þessum leiða hóp, höfum stutt allar skynsamlegar till., sem komið hafa fram og telja ber til nýsköpunar. Hitt er svo annað mál, að við höfum barizt gegn þeirri verðbólgustefnu, sem hv. 7. þm. Reykv. og hans sálufélagar hafa veitt fulltingi. Við teljum, að sú stefna leggi stein í götu þeirrar nýsköpunar, sem hér þarf að eiga sér stað. Þess vegna álít ég og aðrir fleiri, að hv. 7. þm. Reykv. sé einmitt í þeim leiða hóp, sem

leggur stein í götu allrar nýsköpunar í atvinnulífi landsins.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Vestm. sagði, vil ég láta falla örfá orð. Ég ætla aðeins með örfáum orðum að koma að því, sem hv. þm. sagði rangt um álit 6 manna n., og þá útleggingu, sem hann gerði á grg. þeirri, sem ég læt fylgja till. Hv. þm. sagði, að grg. talaði um, að mikið tjón hefði hlotizt af því, að þessi rannsókn hefði ekki farið fram, og hann lét skína í það, að þess vegna gæfi 6 manna n. álitið ranga hugmynd um það, hvernig verðleggja eigi landbúnaðarafurðir. Þessar útleggingar hv. þm. minna á útleggingar vissrar persónu á vissri bók, sem allir þekkja, — svo fráleit er hún. Hv. þm. Vestm. veit eins og ég, að þegar 6 manna n. álitið var gert, var svo fyrir mælt, að bændum skyldi mælt verðlagið í hlutfalli við kaup verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna. Og ég veit ekki betur en að nm. hafi dregið saman upplýsingar um tekjur manna víðs vegar af landinu, eftir því sem þeir bezt gátu, samkvæmt skattaskýrslu og öðrum gögnum. Í l. um 6 manna n. er ekkert talað um, að taka eigi tillit til afkomu útgerðarmanna. Þess vegna hefur það ekkert háð störfum 6 manna n., þótt ekki lægju fyrir glöggar skýrslur um þetta efni. Þetta kemur 6 manna n. álitinu ekkert við, hvorki á einn né annan máta. Hins vegar býst ég við, að þessu máli sé hreyft til að reyna að koma af stað metingi milli útvegsmanna og bænda, milli landbúnaðar og sjávarútvegs. Það er verið að gefa í skyn, að erfiðleikar sjávarútvegsins séu vegna þess, að landbúnaðarvörurnar séu svo háar og bændur hafi komið á þeirri verðbólgu, sem hvílir eins og mara á sjávarútveginum. Hv. þm. Borgf. hefur svarað þessu verulega, en ég vil til viðbótar því benda á það, að bændur landsins hafa ævinlega verið reiðubúnir að stöðva verðbólguna með því að binda verðlag og kaupgjald og aðra þá liði, sem skapa verðbólguna. Enn fremur vil ég benda á, þótt hv. þm. Borgf. gerði það, að bændur hafa látið niður falla kröfur, sem þeir áttu rétt á að fá framkvæmdar, til þess að breytt gæti orðið um stefnu í dýrtíðarmálunum. En það fór nú sem fór um það. Auk þess er ekki hægt að komast hjá því að undirstrika það, sem hv. þm. Borgf. sagði, að hv. þm. Vestm. hefði lagt samþykki sitt við áliti 6 manna n. með því að byggja á því fjárveitingar úr ríkissjóði til að greiða útflutningsuppbæturnar. Mér dettur ekki í hug, að hv. þm. hafi gert það gegn betri vitund eða viljað verðlauna ranglátar kröfur með fjárframlögum úr ríkissjóði.

Fyrst hv. þm. Vestm. hefur gefið tilefni til þess, verð ég að skýra með örfáum orðum, hvað fyrir mér vakir. Ég ætla að skýra það betur fyrir hv. þm., við hvað ég á, þegar ég held því fram í grg., að það sé stórtjón fyrir útgerðina, að ekki hefur verið fyrr rannsakað það, sem ég legg til, að nú verði gert. Ég álít t. d., að ef legið hefði fyrir árið 1942 glögg grg. um það, hvaða áhrif hækkun dýrtíðarinnar mundi hafa á hag útgerðarinnar, þá mundu sumir þm., sem þá áttu hlut í því að stuðla að þeim framkvæmdum, sem gerðar voru og ollu því, að dýrtíðin tvöfaldaðist á nokkrum mánuðum, hafa hikað við að ljá þeim atkv. sitt. (*JJós:* Vildi hv. þm. geta þess sérstaklega, hverjar þessar framkvæmdir voru?) Ég á við það, þegar Sjálfstfl. hætti við að framkvæma gerðardómsl. og myndaði stjórn með hlutleysi Alþfl. og kommúnista og skuldbatt sig til þess að aðhafast ekkert til þess að framkvæma gerðardómsl. og halda niðri verðbólgunni. Ég á meðal annars við það, að þeir, sem áttu hlut að þessum málum, hafi þá ekki vitað eða gert sér grein fyrir, hvaða áhrif þessar aðgerðir höfðu á afkomu útgerðarinnar og hag sjávarútvegsmanna. Ég á við, að það hefði lagt þunga pressu á alla að stuðla gegn verðbólgunni, ef fyrir hefði legið glögg grg. um þetta málefni. Það var ekki ætlun mín að fara í þessum umr. út í almennar umr. um þessi mál, en vil geta þess, að það er misskilningur hjá hv. þm. Vestm., að 6 manna n. álitið hafi verið sérstök árás á sjávarútvegsinn. Ég er líka alveg sannfærður um það, að ef þessi rannsókn hefði fengizt gerð 1943, þá hefðu menn hikað við að byrja að stíga verðbólgudansinn á ný. Og ég hef meir en grun um það, að ástæðan til þess, að menn taka svo dauft undir þessa till. um að kryfja þetta til mergjar, sé sú, að menn hafi óhreina samvizku út af því, sem gerzt hefur, og vilji ekki, að það komi glöggt í ljós, hvernig ástandið er. Og ég álít, að ástæða sé til þess. Ég hefði ekki farið að ræða það, sem liðið er í þessu efni, ef hv. þm. Vestm. hefði ekki gefið tilefni til þess. Aðalatriðið er meðferð þessarar till., hvort hún nái fram að ganga nú. Ég geri mér vonir um, að svo verði, eftir þær undirtektir, sem málið hefur fengið.

Ég vil lýsa yfir ánægju minni viðkomandi því, sem hv. þm. Vestm. sagði, er hann komst svo að orði, að brýn nauðsyn væri á því, að samkomulag fengist um að færa dýrtíðina niður. Það er mikil framför frá því fyrir nokkrum mánuðum, þegar þeir menn voru ekki hátt skrifaðir, sem þá héldu því fram, að brýn nauðsyn væri að færa verðbólguna niður, töldu það svo brýna nauðsyn, að ekki væri hægt að standa að stjórnarmyndun nema það yrði gert. Ég tel mikinn skaða, að ekki skyldu geta myndazt samtök um það þá. En ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að hv. þm. Vestm. skuli hafa lýst yfir, að hann telji nauðsyn á því, að breytt sé um stefnu.

Sigurður Kristjánsson: Ég skal í upphafi taka það fram, að það er alveg rétt, sem hv. þm. Borgf. sagði, að fjárveitingin til reikningaskrifstofunnar er bundin upphæð, sem Fiskifélagið taldi ófullnægjandi. En í l. er það lagt sem kvöð á Fiskifélagið að halda uppi þessari skrifstofu. En jafnframt liggur það í augum uppi, að ef löggjafinn áskilur Fiskifélaginu að sjá um starfsfólk og rekstrarfé, þá verður ríkissjóður að sjá Fiskifélaginu fyrir nægu fé til að standast þetta. Það er rétt, að í l. er upphæðin takmörkuð. Það stafar af því, að eftir lauslegt viðtal við formann Fiskifélagsins taldi n., sem fjallaði um málið, þetta hæfilegt. Það er misskilningur, að skrifstofan eigi að starfa á þann hátt, sem hv. þm. Borgf. hélt fram, þannig að hafa sendimenn víðs vegar úti um land. Það er tekið fram, að senda eigi út eyðublöð til útgerðarmanna og félaga, sem senda þau svo til baka. Síðan vinnur

skrifstofan úr þeim undir stjórn Fiskifélagsins. En það gæti orðið mikill kostnaður við að senda menn víðs vegar um landið í þessu sambandi. En sem betur fer er engin þörf á því. Og ekki þarf að kenna mönnum að halda þessa reikninga, því að öll þessi fyrirtæki eru skyld að halda reikningsfærslu.

Um þetta er nú þegar búið að tala mikið og langt mál, og hafa umr. snúizt um verðbólgu og vísitölu, eins og sjálfsagt er leyfilegt, þar sem á þetta er minnzt í grg. till. Og tilgangur till. er sá að bjarga að nokkru leyti við þessum verðbólgumálum, að því er mér skilst. Ég get því með góðri samvizku minnzt á það mál eins og aðrir. Hv. flm. tók það réttilega fram, að till. væri ekki um það að skipa n. í málið. En hitt er vitað, að ríkisstj. er fyrirskipað að láta rannsaka hlutina, og þá verður hún að fela einhverjum rannsóknina, hvort sem það verður nú einn maður eða fleiri, svo að það breytir engu um þær aths., sem ég hef gert. Í sambandi við það, að þetta sé líklega óþörf ósk, þar sem við höfum stofnun, sem samkv. l. er skylt að gera þetta og virðist hafa beztu aðstöðuna til þess að koma þessu í framkvæmd, vil ég aðeins upplýsa það, að þær upplýsingar, sem mþn. í sjávarútvegsmálum, sem ég og hv. flm. áttum báðir sæti í ásamt 3 mönnum öðrum, gerði tilraunir til að afla um þessi mál, voru menn ekki samkv. l. skyldugir að gefa, sumir að minnsta kosti, og treystum við okkur ekki til að byggja till. okkar á þeim. Aftur á móti hefur reikningaskrifstofan við að styðjast l., sem fyrirskipa a. m. k. allverulegum hóp útvegsmanna að gefa slíkar upplýsingar, enda engin ástæða til fyrir þá að þrjózkast við slíku, því að það mundi kosta þá mikið fé.

Hv. flm. sagði, að smábátaútvegurinn mætti ekki leggjast niður. Hann sagði þetta í sambandi við ummæli mín um það, að vitanlega yrðu úrelt framleiðslutæki að hverfa. Þetta hefur mér ekki komið til hugar. Það eru ekki svo fáir heimilismenn, sem stunda aðra atvinnu, en hafa útræði sem hluta af atvinnurekstri sínum, þegar fiskur gengur á heimamið. Og þetta er vitanlega nauðsynlegur liður í því, að fólk á afskekktum stöðum sjávarsíðunnar geti lifað bærilegu lífi. Á mörgum stöðum hefur sjórinn verið drýgri en landið við að halda lífi í fólkinu, en það stafar einkum af því, að landbúnaðurinn er rekinn, sérstaklega á smærri búum, á svo illa ræktuðu landi, að mjög erfitt hefur verið að reka þar arðvænlegan búskap, og hefur því farið svo, að menn hafa orðið að styðjast við fleira.

Hv. flm. sagði, að hann væri ekki á móti nýsköpun. En ég er ekki alveg viss um, hvað það er, sem hv. flm. kallar nýsköpun atvinnuveganna. Það hefur verið talað um á s. l. árum að taka í notkun afkastameiri atvinnutæki. Það hefur verið talað um, að það þyrfti að breyta jörðunum þannig, að hægt væri að koma við fullkomnari tækni en nú er mögulegt, svo að jarðirnar gætu þannig borið miklu stærri bú. Það er talað um að stækka skipin, auka vinnutækni í kaupstöðum, við vegagerð, hafnargerð o. fl. Nú dettur mér ekki í hug að halda fram, að hv. flm. þessarar till. á þskj. 55 sé á móti neinu af þessu. En það er kunnugra en um þurfi að deila, að hann og landsmálaflokkur hans hefur risið gegn þessum fyrirætlunum og ekki aðeins talið þær stefna til mikils voða og bera nokkurn glæfrasvip, heldur hefur og þessi flokkur beinlínis reynt að gera gys að þessum fyrirætlunum og þær uppnefndar og reynt að skapa andúð fólks gegn þeim. Svo segja þessir menn: Ég vil nýsköpun, en bara öðruvísi o. s. frv. — En ég er alveg á því, að hv. flm. sé með nýsköpun og trúi á hana og muni vilja vera með, ef hann væri kvaddur til stjórnarstarfa af ríkinu. Ég hygg, að andstaða hans og flokksmanna hans sé af því, að það eru aðrir menn, sem hafa beitt sér fyrir nýsköpuninni og ætla að hrinda henni í framkvæmd. — Þetta er nöldur óbyrjunnar, sem ekki þolir svona mikla frjósemi nágrönnunnar. (*EystJ:* Þolir ekki frjósemi stjórnarinnar.) Það má vera, að mönnum finnist, að langt sé farið frá efni till., þegar farið er að tala um verðbólguna, en það er ekki hægt að komast hjá því, fyrst það er komið inn í umræðurnar. Verðbólgan hér á landi er að vissu leyti algerlega óviðráðanleg. Það getur enginn ráðið við það lögmál, að þegar hægt er að græða á einhverjum hlut, þá hækkar hann í verði. Ef hægt er að reka gróðavænlegan búskap á einhverri jörð, þá hækkar jörðin í verði. Ef mjög arðvænlegt er að gera út skip, þá verða alltaf til menn, sem bjóða í þessi skip. Þennan hluta verðbólgunnar er ekki hægt að ráða við. En afurða- og vörusölu innanlands getum við a. m. k. að nokkru leyti ráðið við. Nú hefur þetta mistekizt mjög mikið með innfluttar vörur og iðnaðarvörur. Þær hafa síðastliðin ár verið seldar hærra verði en heppilegt er eða sanngjarnt.

Aftur á móti er miklu erfiðara að eiga við sölu landbúnaðarvara innanlands, og er ekki undarlegt, þótt mistekizt hafi með sölu þeirra, fyrst mistakast skyldi með sölu innfluttu varanna. Ástandið er þannig núna, að ekki er hægt að framleiða landbúnaðarvörur fyrir lægra verð. Ef það ætti að vera hægt, þyrftu búin að stækka frá því, sem nú er. Það er sama, hvaða verðlag er sett, þegar ekki er kleift að hafa nema 30—40 rollur á meðalbúi. Það er verið að tala um, að bændur hafi gefið eftir. Hvað hafa þeir gefið eftir? Heppilegast hefði verið, að bændur hefðu ráðið sínu verðlagi, og ég er sannfærður um, að þeir hefðu alls ekki farið upp úr því, sem verið hefur, því að þeir hefðu aldrei getað selt afurðir sínar, ef þeir hefðu sett á þær hærra verð en verið hefur. Ég hygg, að menn hefðu aldrei látið sér detta slíkt í hug. Verðlagsvísitalan er að mestu leyti sköpuð af landbúnaðarafurðunum, en afkoma landbúnaðarins er erfiðari en áður, vegna þess að bændur geta ekki framleitt ódýrar vörur. Þess vegna þýðir ekkert að vera að tala um þetta eins og einhvern hlut, sem þurfi að losa þjóðfélagið við. Ég vil benda á í þessu sambandi, þegar verið er að tala um kauphækkanir, að landbúnaðarvörurnar hafa alltaf farið hækkandi. Hitt er víst, að kauplækkanir kæmu af sjálfu sér, ef vísitalan lækkaði, þ. e. a. s. ef landbúnaðarvörurnar lækkuðu. Þeim, sem halda því fram, að kaupgjald sé of hátt og hægt væri að lækka framleiðsluvörur

bænda, ef kaupgjald væri lækkað, vil ég benda á það, að mikill meiri hluti íslenzkra bænda eru einyrkjar, sem kaupa litla eða enga vinnu. Hvernig halda þessir menn, að slíkir einyrkjabændur fái lægri framleiðslukostnað, þó að kaupgjald lækki? Þetta er bara að ætla að gefa mönnum steina fyrir brauð, — það verður að finna aðrar leiðir í þessum málum. Það er verið að tala um þann mikla gróða, sem fengizt hafi á stríðsárunum. En hvar er þessi gróði? Við getum rakið þetta nokkuð. Við vitum, að útgerðarmenn hafa á íslenzkan mælikvarða grætt allmikla peninga og bætt hag sinn frá því, sem var fyrir stríð, einkanlega togaraeigendur. Við vitum, að kaupsýslumenn og innflytjendur vara hafa stórgrætt og sumir orðið auðmenn. Við vitum, að iðnrekendur hafa rakað saman fé miðað við það, sem áður var, og eru þess vegna margir ríkir menn. Við vitum, að hagur bænda hefur stórkostlega breytzt úr bláustu fátækt í það að verða bjargálna menn. Sumir eiga það, sem þeir hafa undir höndum, og sumir eru orðnir stórefnaðir menn. Svo kemur ein stétt í þjóðfélaginu, sem ég held, að óhætt sé að fullyrða, að sárfáum undanteknum, að ekki eigi neitt, en það eru verkamenn og launþegar, sem hafa tekið fast kaup. Það getur því ekki verið, að öll vandræðin stafi af því, að þessar stéttir hafi tekið of hátt kaup. Ég held, að enginn hafi tekið mikið nema milliliðirnir. — Ég ætla svo ekki að ræða þetta meir að sinni.

Hv. 2. þm. N.-M. var eitthvað að tala um 6 manna nefndar álitið. Það er ekki ástæða til að lengja ræðu mína með því að svara því mikið. En ég get sagt hv. þm. það, að þegar það var útgefið, að tekjur verkamanna og sjómanna mundu vera 15 þús. kr., þá vissi ég af kunnugleika mínum, að þetta var rangt, nema á litlu svæði. Á stærri skipum og fullkomnari var kaupið meira en þetta. Og þegar ég fór að kynna mér þetta úti um landið, þá fékk ég það staðfest hjá hreppsnefndarmönnum og skattan., að tekjur verkamanna og manna á bátum voru ekki nema 8—10 þús. kr. á ári. Það þýðir ekki fyrir hv. 2. þm. N.-M. að segja, að þetta sé ósæmilegt að segja á Alþ., því að ég hef þetta eftir áreiðanlegum mönnum, og ég veit, að þetta er sannleikur.

Umr. frestað.

Á 5. fundi í Sþ., 5. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Þegar þetta mál var rætt hér, þá lét hv. flm. þau orð falla, að hann hefði hugboð um, að ef þessi rannsókn, sem hann er nú að fara fram á, að gerð verði á afkomu og rekstrarkostnaði sjávarútvegsins, hefði verið framkvæmd og niðurstaða af henni legið fyrir, þegar niðurstaða 6 manna n. var fengin, kynni niðurstaða þessarar rannsóknar að hafa haft einhver áhrif á álit n. Út af þessu, hvernig hann þá slengdi saman 6 manna n. álitinu og afkomu útvegsins, leyfi ég mér að draga þá ályktun, að hann líti þannig á, að þetta 6 manna n. álit hefði litið öðruvísi út, ef þessi rannsókn hefði verið fyrir hendi. Nú var svo að skilja á svarræðu þessa hv. þm., sem honum væri illa við, að þessi rökrétta ályktun væri dregin af hans eigin orðum, og yfir höfuð virðist það vera svo með þennan hv. þm., að hvenær sem maður reynir til að benda á ályktanir, sem ættu að vera rökréttar eftir þeirri framsetningu, sem hann hefur fylgt, og niðurstaða manns verður ekki eins og þessi hv. þm. vill, þá vill hann hlaupa frá því, sem hann hefur sagt, og eins hefur farið í þetta sinn. Nei, það var ekki það, sem hv. þm. átti við, heldur eitthvað allt annað, og þá var því snúið í svarræðu hv. þm. í það, að vissir atburðir, sem gerzt hefðu árið 1943 og náttúrlega allt aðrir hefðu staðið fyrir en þessi hv. þm., þeir hefðu verið það, sem hann átti við, en ekki 6 manna n. álitið. Ég vil minna þennan hv. þm. og alla þá þm., sem eru honum svipaðrar skoðunar, á það, að það er orðið afar lítið í grafgötur að fara í því efni, hvar byrjað var fyrst að stíga þennan svokallaða dýrtíðardans. Það er orðin söguleg staðreynd, að hið fyrsta verulega spor í þeim dansi var stigið af þessum þm. og þeim, sem honum fylgja að málum bæði innan Framsfl. og utan, þegar verðlag landbúnaðarafurða var að þeirra frumkvæði slitið úr sambandi við annað verðlag í landinu. Þar kastaði hv. þm. sér og öðrum út í þann dýrtíðardans fyrir alvöru, sem síðan hefur fram farið og fætt af sér eina kröfuna á fætur annarri. Það þarf ekki að minna á fortíð hv. þm. í þessu máli og hvernig hann og stjórn hans bjóst til þess að mæta öllum erfiðum viðfangsefnum, sem ófriðurinn hafði í för með sér. Það er öllum ljóst, en þó er rétt að geta þess í þessu sambandi, að mest af þeim vandræðum og skorti á ýmsu, sem hér gerði málefnin og dýrtíðina örðugt viðfangs, átti rót sína að rekja til haftastefnu Eysteins Jónssonar, sem haldið var uppi árin fyrir stríð og var svo mögnuð, að ef einhverjir vildu eignast skip til að koma með til landsins, jafnvel þó að fengjust fyrir lítið verð, þá var viðkvæðið á hærri stöðum: „Það hefur ekki interessu", eins og ein slík neitun var orðuð af hv. þm., þegar hann var ráðh. Það var þetta, að það hefði ekki „interessu" hjá hv. 2. þm. S.-M. að greiða fyrir því og sjá til þess, að þjóðin væri viðbúin örðugleikunum. En að því er snertir þennan dýrtíðardans, svo að ég víki aftur að honum, þá skildist mér á þessum hv. þm., að það séu allt aðrir en framsóknarmenn, sem eiga þar hlut að máli. En ef þeir, sem nú átelja sjálfstæðismenn fyrir að hafa orðið við kröfu launastéttanna með því að samþ. launalögin hér á Alþ., líta á það sem einhverjar sérstakar tiltektir, sem fari í þá átt að auka dýrtíðina, þá vil ég minna á það, að kröfur launastéttanna voru ekki annað en eðlileg afleiðing af kröfupólitík framsóknarmanna, bæði þeirra, sem eru framsóknarmenn opinberlega, og einnig hinna, kröfupólitík þeirra varðandi landbúnaðarafurðirnar. Og í sjálfu sér lítur nú út fyrir, að Framsfl. væri ekki frá því að taka afleiðingunum af þessari kröfupólitík sinni, því að frv. til launal. var flutt á síðasta þ. af fulltrúum allra stjórnmálaflokkanna, þ. á m. af fulltrúa Framsfl. Nú, en svo verður það, að einn flokkurinn skerst úr leik og svíkst um að mæta afleiðingum sinna eigin gerða. Það var Framsfl.,

svo að það kemur í hlut núv. stjórnarflokka að standa við þau loforð, sem gefin voru launastéttunum. Ég býst ekki við, að nein athugun eða rannsókn, þó að gerð yrði á rekstri sjávarútvegsins, kæmi í veg fyrir þau víxlspor, sem þessir menn hafa stigið og líka hafa komið hart niður á sjávarútveginum.

Það var fjarstæða, sem hv. flm. hélt fram, að ég væri með nokkurn meting í þessu máli. Ég varaði einmitt við honum, en hvatti ekki til hans. Ég veit vel, að ef sjávarútvegsmenn ætla fyrir alvöru að gera einhverjar kröfur, sem væru eitthvað í áttina við það, sem þessir háu herrar hafa leyft sér ekki aðeins að bera fram, heldur að reyna að knýja fram hér á Alþ. fyrir aðalatvinnuveginn, þá mundi það leiða til enn stærri vandræða en þó eru fyrir hendi, og ekki vildi ég ganga í broddi fylkingar fyrir því, að það yrði gert. Það er öllum ljóst, að þessi kröfupólitík framsóknarmanna hefur stýrt málefnunum á þá braut, sem þau hafa sveigzt inn á. Og þó að hún hafi sumpart verið rekin í hefndarskyni við Sjálfstfl. fyrir það, að lítils háttar réttarbót var gerð á atkvæðisrétti landsmanna hér, breyting á kjördæmaskipuninni, þá er hún jafnóréttlætanleg fyrir það. Launal. eru ekki fram komin á Alþ. eingöngu fyrir tilstyrk stjórnarflokkanna, sem nú eru, heldur einnig fyrir tilstyrk Framsfl., en hann hljóp frá því máli og sveik launamennina, eins og hann sveik samstarfsmenn sína í fyrrv. ríkisstj., sem hann knúði til að fylgja hugmynd sinni í gerðardómsmálinu. Það er enn ógleymt, þegar hv. 2. þm. S-M. stærði sig af því á fundi úti á landi, að hann og þeir félagar í Framsókn hefðu króað inni Sjálfstfl. og neytt hann til að fylgja gerðardómslögunum.

Ég átti ekki beinlínis von á því, að hv. þm. Borgf. færi að taka upp þessar umr. Ég hafði a. m. k. ekkert til hans talað, og má þó ekki minna vera en að ég geri honum eins hátt undir höfði og hann mér á dögunum, því að mér er sagt, að hann hafi látið leita að mér í dyrum og gættum. Óska ég því eftir, að þessi virðulegi þm. sé viðstaddur, því að ég þarf að svara lítils háttar tiltali frá honum.

Ég lít svo á, að hv. þm. Borgf. hafi látið undan einhverri innri hvöt, þegar hann, að því er virtist án mikils tilefnis, kastaði að mér nokkrum frýjunarorðum við 1. umr. þessa máls. Það er nú að vísu svo, að ég hef greitt atkv. með ýmsu af því, sem í 6 manna n. álitinu kom fram. Það er rétt hermt hjá honum. En það þýðir ekki það, að ég geti ekki á einhvern hátt komið auga á eða tekið undir með rökstuddum umsögnum um 6 manna n. álitið, að það kynni eitthvað að vera við það bogið eins og fleiri önnur mannanna verk. Ég hef sem sagt alls ekki látið mitt eftir liggja að standa við þær skuldbindingar, sem Alþ. tók á sig, þegar það skipaði 6 manna nefndina. Hitt er svo annað mál, að maður hefur fullt leyfi til að hafa sínar skoðanir um það, á hve miklum rökum þetta álit hefur verið reist. Og þegar hv. þm. Borgf. hefur upp raust sína og storkar mér fyrir það, að ég hef greitt atkv. með ýmsu af því, sem leitt hefur af starfi 6 manna n., þá verða þau storkunaryrði að vísu til þess að auka nokkuð veg þessa hv. þm., en þau taka hvorki ofan af mér né neðan. (*PO:* Það var ekki meining mín að taka ofan eða neðan af hv. þm.) Það er vitað, að milli hinna áköfustu í kröfupólitíkinni og hv. þm. Borgf. er ekkert bil. Hann er þar alveg á sínum rétta stað með háværar kröfur um verðlagningu landbúnaðarafurða. Þegar hv. þm. Borgf. stendur hér upp og ber sér á brjóst, mjög angraður yfir því, að brunnurinn verði ekki byrgður áður en barnið er dottið ofan í, þá er það alveg það sama og sífellt kemur fram hjá Framsfl. Þetta raus er nú farið að verða allalgengt hér um land og kom einna gleggst fram hér á dögunum í einu stærsta blaði norðanlands. Þeir kyrja sama lagið allir í senn, upp með verðlagið og niður með dýrtíðina. Og undir þennan kórsöng Framsóknar tekur svo hv. þm. Borgf. af hjartans lyst. Með því að láta undan kröfum launastéttanna á síðasta þ., kröfum, sem skapaðar voru af kröfupólitík annarra að miklu leyti, ef það er að slá á framrétta hönd, þá vil ég segja, að það er hinn herfilegasti misskilningur, því að hér var ekki annað gert en að uppfylla og standa við afleiðingar þeirrar pólitíkur, þeirrar stefnu í verðlagsmálum, sem þingið, fyrir ötula forgöngu hv. þm. Borgf. og annarra, hafði farið. Það var verið að bæta fyrir það, sem hér hefur skeð í verðlagsmálum og bitnað á launamönnum landsins og bitnar nú á sjávarútveginum og heldur áfram að gera. Að þessu stóðu þeir tveir hv. þm., sem hér voru að dæma mig út af mínum ummælum. Þeir stóðu að því alveg eins og einn maður.

Ég skal svo ekki fara lengra út í þetta mál að sinni. En ég kynni betur við það, að hv. 2. þm. S.-M. snúi ekki strax út úr mínum hvað þá heldur sínum eigin orðum, þegar hann er nýbúinn að tala þau hér og maður bendir á þau í rökréttu sambandi við það, sem hv. þm. hlýtur að hafa haft í huga.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Í sjálfu sér væri ekki mikið tilefni til að halda þessum umr. áfram, ef hv. þm. Vestm. hefði ekki farið svo vítt um í síðari ræðu sinni. Mál þetta var í raun og veru nokkurn veginn útrætt þegar hv. þm. tók upp þann hátt að draga inn í það atriði, sem að vísu voru málinu skyld, en ég fyrir mitt leyti ætlaði ekki að blanda inn í málið, þ. e. verðlags- og dýrtíðarmálin í landinu og ástæðurnar fyrir því, að svo er komið sem komið er. Ég tók fram í upphafi, að ég teldi ekki heppilegt að blanda þessu inn í þetta mál, því að hér skipti mestu máli að fá glögga vitneskju um það, hvar við stöndum nú í þessum efnum. En fyrst hv. þm. Vestm. vildi endilega ræða þetta mál þannig, að blanda inn í það öðrum atriðum, get ég gjarna gert honum það til þægðar að fara nánar út í það.

Eftir að ég hafði flutt mína fyrstu ræðu, hélt hv. þm. Vestm. því fram, að ég hefði sagt, að það væri mikið tjón fyrir sjávarútveginn, að þessi rannsókn hefði ekki farið fram fyrr, því að álit 6 manna n. hefði litið allt öðruvísi út, ef það hefði verið búið. Þetta sagði ég aldrei, og þetta er því hreinn tilbúningur hv. þm. Ég hef yfirleitt ekki sett þetta mál neitt í samband við 6 manna n. álitið. Þetta er tilbúningur, sem ég gæti bezt trúað, að hv. þm. væri nú sjálfur far-

inn að trúa og skilur því ekki, að ég skuli vera svo óbilgjarn að viðurkenna þetta ekki. Ég hélt ég hefði í síðustu ræðu minni rætt þetta atriði, svo að hv. þm. Vestm. hefði mátt vel við una. Ég sagði, að sjávarútvegurinn hefði beðið stórtjón af því, að þessi mál hefðu ekki verið rannsökuð ofan í kjölinn fyrr, því að þá hefðu sumir hv. þm., þar á meðal t. d. hv. þm. Vestm., hikað við að stíga svo dýrtíðardansinn undanfarin ár ásamt kommúnistum eins og þeir hafa gert. Þeir hefðu hikað við að gera það, ef þeim hefði verið ljóst, hvert stefnt var. Þetta sagði ég. Ég skal gjarna undirstrika þau 4—5 atriði, í sambandi við þetta mál, sem hv. þm. Vestm. hefur tekið upp. Hann sagði, að verðbólgan og kapphlaupið í dýrtíðarmálunum hefði byrjað við það, er landbúnaðarvörurnar voru teknar út úr gengislöggunum að ófyrirsynju og vegna frekju þeirra, sem töldu sig málsvara bændastéttarinnar. Þetta er efnislega rétt haft eftir hv. þm. Árið 1940 var gengislögunum breytt þannig, að sú regla var tekin upp að borga alla vísitöluhækkun á allt kaupgjald og hætta að binda verðlag landbúnaðarvaranna. Þetta var gert vegna þess, að ekki þótti fært að binda verðlag landbúnaðarvara við framfærsluvísitölu í kaupstöðum, því að ekkert samræmi er milli þess, hvað framfærslukostnaður vex og hvað framleiðslukostnaður landbúnaðarvara vex. Og það hlaut að verða að hafa á þessum málum mismunandi mælikvarða. Og þótt hv. þm. Vestm. sé að taka þetta fram nú, til þess að draga athyglina frá því, hvernig komið er fyrir honum og öðrum, sem fylgt hafa þessari stefnu, þá er sannleikurinn sá, að hv. þm. Vestm. og fylgismenn hans fylgdu þessum ráðstöfunum, sem þeir telja, að séu undirrót dýrtíðarinnar í landinu. Karlmennskan er ekki meiri en þetta. Þeir vilja nú algerlega sverja sig frá því, sem þeir gerðu þá. Og til viðbótar því, sem hv. þm. Vestm. sagði og sérstaklega snertir hv. þm. Vestm., vil ég ítreka það, að hv. þm. hefur ekki aðeins samþ. l. um 6 manna n., heldur einnig allar þær greiðslur, sem greiddar hafa verið til landbúnaðarins í sambandi við dýrtíðarmálin og byggðar hafa verið á 6 manna n. álitinu. En nú sýnir hv. þm. manndóm sinn með því að ausa sér yfir alla, sem hafa fylgt því sama og hann. Ég geri ekki ráð fyrir því, að hv. þm. verði tekinn alvarlega úr þessu. Þegar hv. þm. ræddi þetta mál, lét hann eins og það kæmi þessu máli við, hvernig mér hefði tekizt að stjórna málum landsins fyrir styrjöldina. Ég get svo sem gert honum það til þægðar að víkja örlítið að þessu efni.

Það vita allir, að fyrir styrjöldina áttu Íslendingar í mörg ár við mikla gjaldeyriserfiðleika að stríða. Þegar þetta lá fyrir, var um tvær leiðir að velja. Önnur leiðin var sú að takmarka innflutning á miður nauðsynlegum vörum, til þess að hægt væri að afla þess nauðsynlegasta til framleiðslunnar og nýrra tækja. Hin stefnan var aftur á móti sú að afnema öll innflutningshöft og leyfa hverjum að flytja inn það, sem hann vildi. Það hefði leitt til þess, að minna hefði verið flutt inn af nauðsynjum og yfirfærslur hlotið að stöðvast innan stutts tíma. Ég fylgdi fyrri stefnunni, en hv. þm. Vestm. þeirri síðari, þeirri, að leyfa mönnum að kaupa það, sem þá langaði til, hvort sem það var nauðsynlegt eða ónauðsynlegt. Hv. þm. Vestm. þóttist a. m. k. vilja þetta þá, vegna þess að hann hélt það vænlegt til að auka óánægju manna að geta bent á þetta eða hitt, sem einhverjum hefði verið bannað að kaupa, og kallaði þetta Eysteinskuna í framkvæmd. En ef hann hefði fengið að ráða eða hans stefna, þá hefði þessu ekki verið til að dreifa, þá hefðu allir fengið allt. Það er alveg rétt, að á árunum fyrir styrjöldina var innflutningur skorinn niður og margir fengu ekki að kaupa það, sem þeir óskuðu. En það er hægt að sanna það með hagskýrslum, að aldrei í sögu þjóðarinnar hefur verið flutt meira inn í landið af nýjum framleiðslutækjum. Hitt er svo annað mál, að menn hefðu gjarnan viljað fá meira. En það var ekki hægt að greiða það. Það er alveg sama, þótt hv. þm. Vestm. tönglist á þessu, þetta er staðreynd, og hún breytist ekki þrátt fyrir það, enda er það viðurkennt nú af öllum sanngjörnum mönnum í landinu, hvaða flokki sem þeir tilheyra. Með þessu móti varð hjá því komizt, að nokkurn tíma skorti í landinu brýnustu nauðsynjar, svo að heitið gæti, þrátt fyrir hinn óvenjulega gjaldeyrisskort. Og hv. þm. Vestm. má hafa sig allan við í nýsköpunarmálunum, ef hlutfallið á að verða betra á því tímabili, sem hann hefur með stjórn þessara mála að gera, og eru þó tímarnir ólíkir.

Nú er svo ástatt í veröldinni, að ýmsar þjóðir búa við gjaldeyrisskort. Til hvaða ráða hafa þær gripið? Hvað gera Bretar nú? Þeir hafa gripið til Eysteinskunnar. Þeir reka alveg nákvæmlega sömu pólitík og við fyrir styrjöldina. Og við þurfum meira að segja ekki að fara svo langt að vitna til Breta, það er hægt að vitna til þess, sem nær er. Það er hægt að vitna til þessara manna, sem hafa viljað leyfa öllum að kaupa það, sem þá hefur langað til. Hvað gerðu þeir á s. l. ári, þegar búið var að eyða 120—130 millj. kr. af dollarainneign okkar í Bandaríkjunum? Þeir, og þar á meðal hv. þm. Vestm., settu takmörkun á innflutning frá Ameríku. Og þeir gerðu þetta til þess, eftir því sem þeir segja, að tryggja það, að gjaldeyrinum verði varið til þess að kaupa vélar og annað efni, en verði ekki eytt fyrir ónauðsynlega vöru. Þeir hafa sem sagt gripið til Eysteinskunnar. Ég er ekki að deila á þá fyrir þetta. Ég er aðeins að sýna, hvernig hv. þm. Vestm. er staddur með þennan málflutning, og ég vil ráðleggja honum að fara sér hægar næst, þegar hann stendur upp.

Það var ekki fögur lýsing, sem hv. þm. Vestm. gaf í ræðu sinni á innbyrðis ástandinu í Sjálfstfl. Lýsingin var á þá leið, að þeir væru neyddir til að gera þetta og neyddir til að gera hitt. Svo stendur hv. þm. hér og fordæmir allt, sem Sjálfstfl. hefur gert á undanförnum árum. Sjálfstfl. var píndur til 1940 að samþ. að taka landbúnaðarvörurnar út úr vísitölunni. Sjálfstfl. var neyddur til að samþ. 6 manna n. álitið og allt annað framferði í sambandi við það. Og að lokum varð hv. þm. að ganga undir það jarðarmen að samþ. fjárframlög úr ríkissjóði til að ívilna með óhæfilegu móti einni stétt landsins, bænda-

stéttinni. Þetta er fögur sjálfslýsing og fögur lýsing á þeim flokki, sem hv. þm. er í. Ætli hv. þm. hefði ekki verið nær að benda fyrr á þessa óhæfu, sem hann telur, að hér hafi verið framin. Og ætli það hefði ekki verið betra fyrir hv. þm. að þegja, úr því sem komið var. Hv. þm. sagði, að Framsfl. hefði neytt Sjálfstfl. til að samþ. gerðardómsl. Það væri fróðlegt, ef maður hefði við höndina lýsingu þá, sem þáv. fjmrh. Sjálfstfl. og núverandi forsrh. hans gáfu á því máli. Ef bera á saman þá lýsingu núv. hæstv. forsrh. og það, að hann hafi verið neyddur til þeirra framkvæmda, sannar það ekkert annað en hvað sá maður getur talað um hug sinn. Hann lýsti þessum aðgerðum ekki aðeins sem mikilli nauðsyn, heldur stimplaði hann alla menn óvini þjóðfélagsins, sem beittu sér á móti þessari leið. Þetta segir svo hv. þm. Vestm., að Sjálfstfl. hafi verið neyddur til að gera. Það skýtur nokkuð skökku við það, sem áður var látið í veðri vaka. Svo heldur hv. þm. Vestm. áfram lýsingunni og segir, að eftir að Framsfl. hafi verið búinn að neyða Sjálfstfl. til að ganga inn á gerðardómsl., þá hafi hann hlaupið út úr ríkisstj. og skilið Sjálfstfl. eftir einan með þessa óhæfu. Þetta er þokkaleg meðferð og fögur lýsing! Sem sagt, Framsfl. skildi Sjálfstfl. einan eftir við framkvæmd gerðardómslaganna. En hvað er nú rétt í þessu máli? Það er það, að Sjálfstfl. hafði a. m. k. ekki minni áhuga fyrir gerðardómsl. en Framsfl. Og hitt er vitað, að Sjálfstfl. sveik Framsfl., þegar hann tók upp kjördæmamálið gegn gefnu loforði, en það var málið, sem sundraði stjórnarsamvinnunni. Og þá var það, að Sjálfstfl. valdi þann kost að mynda stjórn með hlutleysi Alþfl. og kommúnista og gaf þeim það loforð að gera ekki neitt til þess að halda þá löggjöf, sem þeir voru nýbúnir að samþ. Ég veit satt að segja ekki, hvort betra er fyrir Sjálfstfl., að það sé satt, sem ég segi um þetta mál, eða það, sem hv. þm. Vestm. segir. Ég veit ekki, hvort er betra fyrir Sjálfstfl. að láta neyða sig til að breyta í öllu gegn betri vitund, eins og hv. þm. Vestm. fullyrðir, að hann hafi gert, eða hitt, að Sjálfstfl. hafi þó um tíma ætlað að sýna manndóm og viljað stöðva dýrtíðina, þótt hann gæfist upp við það. Ég legg ekki mikið upp úr því, hvort hv. þm. Vestm. vill telja sér trú um.

Ég sagði það áðan, að það hlyti að vera eitthvað sérstakt, sem ræki jafnskynsaman mann og hv. þm. Vestm. til að halda jafnfáránlega ræðu og þá, er hann flutti hér áðan í sambandi við þetta mál. Honum hlýtur að finnast hann vera staddur í einhverri sérstaklega slæmri klípu og grípur því til hinna fáránlegustu neyðarúrræða til að reyna að losa sig úr henni. Sannleikurinn er sá, að það er alltaf að koma greinilegar og greinilegar í ljós, hvert stefna sú, sem Sjálfstfl. hefur stutt og beitt sér fyrir, leiðir fyrir sjávarútveginn. Og hv. þm. getur hreint ekki á heilum sér tekið nú orðið yfir því, hvernig komið er í þessum málum, og telur það lífsnauðsyn að geta falsað söguna og velt allri sökinni yfir á aðra. Það er þetta, sem hv. þm. er að gera tilraun til að gera. Hv. þm. sér, að það er sannleikur, og það er ekki um það deilt lengur, að verðbólgan hvílir eins og myllusteinn um háls sjávarútvegsins, og þá reynir hann að koma því þannig fyrir, að myllusteinninn, sem bundinn hefur verið um háls sjávarútveginum, bindist ekki einnig um háls hv. þm. Vestm. Það er þetta, sem hv. þm. er að reyna, og vegna þessa ætla ég að rekja með örfáum orðum feril Sjálfstfl. í þessu efni til þess að sýna, hve ófimlega hv. þm. tekst að snúa staðreyndunum við.

Árið 1940 kröfðust framsóknarmenn, að sett yrði dýrtíðarlöggjöf, sem miðaði að því að stöðva dýrtíðina, sem þá var 141 stig. Þar var gert ráð fyrir, að stofnaður yrði dýrtíðarsjóður, sem skyldi síðan notaður til að taka af þær hækkanir á verðlagi, sem óumflýjanlegar voru. Sjálfstfl. stóð að þessu ásamt Framsfl., en reyndi þó að gera dýrtíðarsjóðinn sem aumastan með því að vera á móti sem flestum tekjuöflunarleiðum, sem fyrir hendi voru. Síðast fengust þó samþ. fyrir atbeina Framsfl. l., sem heimiluðu ríkisstj. að gera ráðstafanir í þessa átt. Ég gerði það að till. minni 1940, að þessi heimild yrði notuð, en ráðh. Sjálfstfl. stóðu gegn því, að þessi tilraun yrði gerð. En nú hefur orðið sú hlutverkaskipting, að þessir sömu menn standa fyrir niðurgreiðslum úr ríkissjóði vegna verðbólgunnar, þegar 10—20 sinnum meira fé þarf til að hafa sömu áhrif á dýrtíðina en þá. Þá hefði 1 millj. haft svipuð áhrif og 10—20 millj. nú. En þá stóðu ráðh. Sjálfstfl. í vegi fyrir, að þetta yrði gert. Og ráðh. Sjálfstfl. aftóku þetta vegna þess, að þeir sögðu, að meðan kaupgjald og afurðaverð í landinu væri óbundið og gæti því hækkað, gætu niðurgreiðslurnar orðið að engu. Ég sagði, að við skyldum bæta úr þessum ágöllum með því að fara sömu leið og farin er í öllum löndum í kringum okkur, setja l. um, að ekki megi hækka kaupgjald og verðlag, og nota sjóðinn til niðurgreiðslna á aðfluttum vörum, sem óhjákvæmilega urðu að hækka. Sjálfstfl. tók því vel að kalla saman aukaþing 1941. Og þegar aukaþingið kom saman, vissi ég ekki annað en að forkólfar Sjálfstfl. væru stuðningsmenn þessarar löggjafar. En þegar til þings kom, þá rann Sjálfstfl. frá öllu saman og gengur á móti frv. og fellir það. Og það var þá, sem þjóðstjórnin sagði af sér, þótt hún tæki að sér að sitja til bráðabirgða til þess að forðast vetrarkosningar. Síðan var málið tekið aftur upp með gerðardómsl. 1941—42, og skyldu þau framkvæmd af Sjálfstfl. og Framsfl. sameiginlega. Síðan heldur slíku áfram. Eftir kosningarnar 1942 kemur ofurlítið hlé, sem fengið er með neyðarráðstöfunum. En hvað gerist þá? Þegar til þess kemur að gera það upp 1944, hvort menn vilja heldur stöðva dýrtíðina eða ekki, þá er það búnaðarþingið og forráðamenn Framsfl. og sumir af forráðamönnum Sjálfstfl., sem mæla með því, að verðlag landbúnaðarafurða lækki, gegn því, að aðrar stéttir geri ráðstafanir til þess að lækka framleiðslukostnaðinn í öðrum greinum. Þetta er boðið fram af hendi bænda. En hvað gerir Sjálfstfl. þá? Hann tekur þetta tilboð, sem búnaðarþingið gerði, og misnotar það blygðunarlaust til þess að kaupa menn inn í ríkisstj. með því loforði, að verðbólgan yrði ekki stöðvuð, heldur að þeir fengju kauphækkanir, sem hlaut að reisa nýja verðbólguöldu. Í þriðja eða fjórða sinn er það,

að Sjálfstfl. bregzt í dýrtíðarmálunum. Það var sagt þá, að þessar nýju ráðstafanir mundu ekki hafa í för með sér hækkun á vísitölunni. Staðreyndirnar tala öðru máli. Við höfum séð nú í haust, að vísitalan hefur hækkað upp í 285 stig. Þess vegna er það engin furða, þótt hv. þm. Vestm. — og honum er vorkunn — sé að reyna að finna einhverjar afsakanir og reyni að klóra í bakkann fyrir það, sem hann hefur gert. En *ég vil aðeins benda hv. þm. á það, að sá málflutningur*, sem hann hafði hér áðan, gerir aðeins illt verra fyrir hann og hans flokk, sem hann telur sig tala fyrir.

Umr. frestað.

Á 9. fundi í Sþ., 20. nóv., var enn fram haldið fyrri umr. um till.

Lúðvík Jósefsson: Þessi þáltill. mun vera flutt hér í þriðja skiptið á Alþ. Ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í umr. um till. og hef hingað til látið mig hana litlu skipta og lít á hana litt alvarlegum augum í raun og veru. En málflutningur hv. flm. og þeirra, sem að till. standa, í ræðum á Alþ. og eins í blöðum, hefur verið á þá lund, að það er í raun og veru full ástæða til að hefja hér nokkrar umr. um þessa till.

Eins og hv. þm. hafa tekið eftir, hefur Tíminn slegið þessari till. upp í hvert skipti sem hún hefur verið flutt á Alþ. og birt hana með feikna yfirskriftum, eins og, mér liggur við að segja, um merkilega uppfinningu væri að ræða í sambandi við sjávarútvegsmál okkar. Eins og hv. flm. hagaði orðum sínum við síðustu umr., þá skildist mér á honum, að hann vildi einnig láta svo vera.

En um hvað er þessi till., og hvernig er hún til komin? Hún er hvorki meira né minna en um það að fela ákveðinni n. að reikna út framleiðslukostnað sjávarútvegsins. Hv. flm. telur þörf á að skipa n. til að annast þessa útreikninga, þó að hann viti vel, að það er starfandi stofnun í landinu, sem á að halda saman ýmsum tölulegum fróðleik í sambandi við útgerð hér á landi, sem sé reikningsskrifstofa sjávarútvegsins. Hvernig halda þeir, sem þekkja til útgerðar, að muni ganga að reikna það, sem hv. flm. kallar framleiðslukostnað sjávarútvegsins? Hvernig halda hv. þm., að muni ganga að nota þessa útreikninga til að dæma um það, sem manni skilst, að sé tilgangurinn með þessari till., að fá úr því skorið, hvort það muni borga sig að gera út hér á landi eða ekki, því að það er talað um í till., hvort framleiðslan svari kostnaði eða ekki? Við vitum vel, að framleiðslukostnaður útgerðarinnar er mjög mismunandi eftir því, hvar er á landinu. Afköst fiskibáta af sams konar stærð eru mjög misjöfn, t. d. hér við Faxaflóa, borið saman við afköst norðan lands. Það er líka vitað, að afköst fiskibáta af mismunandi stærð eru mjög misjöfn, svo að ekki sé talað um afköst togara og lítilla vélbáta. Það verður því ekki fundin nein tala, sem segir, hver sé framleiðslukostnaður hér á landi, við vitum, að tilbreytni í þessu er mjög mikil ár frá ári. En það, sem skiptir höfuðmáli í þessu efni, er það, að gerðar séu af eðlilegum öflum þær ráðstafanir, sem hægt er að gera til þess, að framleiðslukostnaðurinn hjá sem flestum fiskimönnum hér á landi sé svo lítill sem mögulegt er, og það er tvímælalaust, að þær ráðstafanir, sem eru þýðingarmestar í því efni, eru einmitt, að umbætur séu gerðar á fiskiskipastóli landsmanna.

En svo þegar maður virðir fyrir sér þær ráðstafanir, sem nú er verið að gera hér á landi í þessu sambandi, og afstöðu hv. flm. til þeirra ráðstafana, þá skýtur skökku við. Sem sagt, að þegar ríkisstj. landsins eða meiri hluti þings ræðst í að kaupa til landsins 30 nýtízku togara og auka á þann hátt afköst hjá stórtækustu veiðitækjum okkar, þá vitum við, að hv. flm. till., sem hér liggur fyrir, lýsir sig algerlega andvígan þeim ráðstöfunum, og það blað, sem mest hefur slegið upp þessari till., hefur einmitt haft allt á hornum sér í sambandi við þessar ráðstafanir. Það, sem því virðist vaka fyrir hv. flm., er miklu fremur að fá útreikning um tiltölulega léleg fiskiskip og framleiðslutæki og að það borgi sig ekki að annast sjávarútveg eða rekstur útgerðar með þeim en að hann vilji gera nokkrar verulegar ráðstafanir til að fá nokkur ný framleiðslutæki fyrir sjávarútveginn.

Ég minnist þess, að þessi hv. þm. hefur kastað því að mér, sem er einn þeirra, sem hafa staðið að því að fá 30 nýtízku togara keypta til landsins, að ég og sá flokkur, sem ég telst til, væri farinn að styrkja Kveldúlf og aðra togaraeigendur með því að senda sendinefnd frá ríkinu út um lönd til að kaupa togara handa þeim. Einnig hafa fulltrúar flokks hans talið þessi skip allt of dýr. Sem sagt, andstaða þeirra hefur birzt í fjöldamörgum myndum. Það er rétt að leggja höfuðáherzlu á það í þessu máli, að það, sem þörf er á fyrir fiskimenn og útgerðarmenn, það er ekki, að sett sé á stofn einhver reikningaskrifstofa, einhver n. manna til að reikna, að það borgi sig ekki að gera út á Íslandi, og til að reikna, að það þurfi svo og svo hátt verð fyrir fiskinn á Íslandi, ef það eigi að borga sig að sækja hann i sjóinn. Það er öllum mönnum vitað, að útgerð á Íslandi hefur á undanförnum árum skilað mjög verulegum gróða, þegar litið er á hann sem heild. En hagnaður útgerðarinnar er mjög mismunandi, eftir því hvort er um stórútgerð að ræða eða tiltölulega mjög frumstæða smábátaútgerð. Sá útreikningur, sem þessi till. því gerir ráð fyrir, er alveg út í bláinn og segir ekki nokkurn skapaðan hlut, enda hygg ég, að hv. flm. hafi ætlað að fá annað út úr þessum útreikningum. Hann hefur ætlað sér að fá það út, að vegna dýrtíðarinnar, sem hann talar um í tíma og ótíma, þurfi fiskverðið að vera svo hátt, að við getum ekki fengið slíkt verð.

Ef við tökum einn aðalþátt útgerðarinnar, síldarútveginn, og virðum hann fyrir okkur í þessu sambandi, þá vitum við, að afkoma síldarútgerðarinnar og síldarútvegsmanna byggist ekki eingöngu á, hvað verðið er hátt, heldur engu síður hinu, hvort hún getur fengið að stunda veiðar nokkurn veginn óhindruð allan þann tíma, sem síld er að fá. Það er því verulegt hagsmunamál fyrir síldarútgerðina, þegar aukið er við verksmiðjurnar og þegar þar eru tæki

og ráðstafanir gerðar til að salta síld og fá sæmilegt verð fyrir þá vöru. Þetta getur skipt miklu meira máli en hitt, hvort fæst hálfri eða einni krónu meira fyrir hvert mál, sem látið er í bræðslu. Þannig er það yfirleitt með alla útgerð hjá okkur. Það er því mesti barnaskapur að ætla sér að finna einhverja fasta hlutfallstölu fyrir verð á ýmsum sjávarútvegsvörum, sem ætti æ og eilíflega að vera föst, ef menn, sem vinna við þessa atvinnugrein, eiga að hafa samsvarandi kaup við aðrar atvinnustéttir. Hitt skiptir langmestu máli, að svo sé búið að þessari drift, að afköst þeirra, sem við hana starfa, séu eins mikil og tök eru á. Þær ráðstafanir, að í staðinn fyrir gamla og lélega togara komi aðrir nýir og afkastamiklir, eru það, sem virkilega bætir hag útgerðarmanna og fiskimanna, sem við togarana vinna. Sama er að segja um bátaútvegsmenn og þær ráðstafanir, sem ríkisstj. hefur gert með því að stuðla að því, að inn í landið flytjist um eða yfir 100 vélbátar mun betur útbúnir og stærri en þeir, sem fyrir eru. Sú ráðstöfun verkar í þá átt að bæta hag þeirra, sem á þeim vinna, stórum meira en verið hefur. En eins og ég hef bent á áður, hefur það greinilega komið í ljós, að þeir, sem einkum standa að flutningi þessarar till., láta sig litlu skipta um þessar ráðstafanir, og í mörgum tilfellum hefur verið um beina mótspyrnu að ræða, og þurfa menn ekki að verða hissa á því, því að framkoma Framsfl. í garð sjávarútvegsins hefur á flestum öðrum sviðum verið á sömu lund. Þegar hér var uppi fyrir tveimur árum síðan till. um að lækka nokkuð vexti af stofnlánum til sjávarútvegsins, beittu framsóknarmenn sér fyrir, að slík l. yrðu felld, þó að þeir komi nú með till. um að reikna út, hver sé framleiðslukostnaður sjávarútvegsins á Íslandi, reikna út, hvort borgi sig að gera út á Íslandi. Og í hvert skipti sem fiskimenn og sjómenn á Íslandi hafa gert tilraun til að bæta kjör sín, veit ég ekki betur en að þessi flokkur og blöð hans hafi tekið eindregna og ákveðna afstöðu gegn kjarabótum handa sjómönnum. Það hafa verið birtar í blöðum þeirra á forsíðum feitletraðar greinar í ramma, hversu gífurlegar tekjur sjómenn fengju. Það hefur ekki leynt sér, í hvaða tilgangi þessi skrif hafa verið birt. Það kemur því varla til mála, að nokkur sjómaður hér á landi eða útgerðarmaður muni taka þá till., sem hér liggur fyrir, alvarlega á þann hátt, að þetta sé mikilvæg ráðstöfun þeim til handa.

Þegar þessi till. kom fyrst fram hér á þingi, þá kom hún fram rétt á eftir till., sem ég ásamt tveimur hv. samflokksmönnum mínum hafði flutt hér um það, að efnt yrði til sérstakra trygginga á vegum þess opinbera, sem reyndu að tryggja hlutarráðnum fiskimönnum og smáútvegsmönnum eitthvert lágmarkskaup. Það leyndi sér ekki, þegar þessar till. komu fram frá okkur sósíalistum, að hv. flm. þessarar till. varð nokkuð órótt, og það var sagt í umr. um þær mundir, að þessi till. hv. þm. væri beinlínis fram komin vegna þeirrar till., sem við sósíalistar fluttum, en sú till., sem við fluttum þá viðvíkjandi lágmarkskaupi til handa sjómönnum, var í rauninni af allt öðrum toga spunnin. Þá lá fyrir, að hlutarráðnir fiskimenn mundu gera kröfu um, að þeim yrðu tryggð lágmarkslaun og að það gæti ekki svo farið í ýmsum einstökum tilfellum, að þeir gengju svo til kauplausir frá borði, og sjómannafélögin höfðu viljað fá slíka tryggingu setta inn í kaup- og kjarasamningana. Hins vegar var það kunnugt mál, að smáútgerðin í landinu átti erfitt með, þegar eitthvað bar út af, að uppfylla þessar kröfur sjómanna um tryggingu fyrir lágmarkskaupi, þegar afli brást að verulegu leyti. Sú ráðstöfun, sem við þm. Sósfl. lögðum því til í þessari till., var sérstaklega fyrir smærri útgerðina í landinu, sem átti erfitt með að uppfylla þessar kröfur. En flm. þessarar till. og fylgismenn hans vildu ekki sinna þessari till. okkar á nokkurn hátt, og þeir vildu þráast á móti því svo lengi sem þeir treystu sér til, að gerðar yrðu ráðstafanir til þess að tryggja hlutarfiskimönnum lágmarkslaun. Reynslan hefur orðið sú í þessum efnum, að sjómannasamtökin hafa víðast hvar knúið fram þessi ákvæði og tryggt hlutarfiskimönnum lágmarkslaun. Hins vegar hefur smærri útgerðin víða fengið verulega skelli, og nærtækt dæmi um það eru síldveiðarnar í sumar. Það hefur því sýnt sig, að það var orð í tíma talað, að komið væri upp kauptryggingastofnun til þess að mæta slíkum atvikum eins og síldarleysinu s. l. sumar, vegna þess að fiskimenn mundu gera kröfur til þess, að þeir fengju kaup í slíkum tilfellum. En hvernig er svo afstaða hv. flm. þessarar till., sem hér liggur fyrir, viðvíkjandi alveg óhjákvæmilega nauðsynlegum ráðstöfunum gagnvart íslenzkum útgerðarmönnum vegna þess tjóns, sem þeir hafa orðið fyrir á s. l. sumri vegna síldarleysisins? Hér er komið fram frv. um að styðja þá útgerðarmenn nokkuð, með því að veita þeim ábyrgðarlán með ábyrgð ríkissjóðs, svo að þeir fái bæði staðið undir þessari lágmarkskauptryggingu til skipshafna sinna og sé einnig gefinn kostur á því að halda áfram útgerð, ef þeir verða ekki gerðir upp vegna þeirra tapa, sem þeir hafa orðið fyrir í sumar. En flm. þessarar till., sem vill láta reikna út, hver sé framleiðslukostnaður sjávarafurða í landinu, sem hann telur, að séu stórkostlegar ráðstafanir fyrir fiskimenn í landinu, hann hefur ekki séð sér fært að vera með þessari ráðstöfun til síldveiðimanna, heldur hefur hann einn af fulltrúunum í sjútvn. þessarar d. skorizt úr leik og ekki treyst sér til að fylgja því frv., sem fjallar um þetta efni. Það vakir ekki heldur fyrir hv. flm. þessa frv. eða flokki hans að gera verulegar ráðstafanir til úrbóta fyrir hlutráðna sjómenn eða útgerðarmenn. Þeir eru á móti því að efla skipastólinn og byggja verksmiðjur og á móti því, að gerðar séu eðlilegar ráðstafanir, þegar út af bregður, en vilja gjarnan setja á stofn n. til þess að reikna út, að ekki borgi sig að gera út á Íslandi.

Um það verður ekki villzt, að flutningur þessarar till. er með öllu þýðingarlaus, og ég fyrir mitt leyti mun greiða atkv. gegn till. sem algerlega þýðingarlausri. Mitt svar til þeirra manna, sem flytja þessa till., er það, að áður en ég tek till. um efni eins og hér liggur fyrir alvarlega frá þeirra hálfu, ættu þeir að sýna í verki, að þeir fylgja a. m. k. einu máli, sem væri til hags-

bóta og góðs fyrir fiskimenn og útgerðarmenn á Íslandi.

Pétur Ottesen: Hv. þm., sem ég þurfti að tala við, er ekki viðstaddur, og get ég því látið ræðu mína falla niður að svo komnu.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Ég hafði að vísu ætlað að bíða með að taka til máls í þriðja sinn, þar til hv. þm. Vestm. hefði tekið til máls, en af því að mér skilst, að þessi umr. sé að fjara út og hv. þm. Vestm. sé ekki viðstaddur, óska ég eftir að segja nokkur orð út af ræðu sessunautar míns til vinstri handar, hv. 6. landsk. þm. Þessi hv. þm. kom vægast sagt eins og álfur út úr hól inn í þessar umræður. Það er auðheyrt á því, sem hann sagði, að hann hefur hvorki lesið till., sem hér liggur fyrir, né hlustað á það, sem áður hefur farið fram í umræðunum.

Hv. þm. byrjaði ræðu sína á mjög ósmekklegan hátt, með því að geta þess til, að þessi till. mundi ekki vera sérstaklega alvarlega meint af hendi þeirra, sem hana flyttu, og ekki sérstök ástæða til að taka hana alvarlega, að því er mér skildist vegna þess, að flm. hefur ekki gert sig ánægðan með það, að þessari till. hefur verið vísað frá tvívegis, en flytur hana nú í þriðja sinn. Ég hélt, að þetta bæri vott um það, að efni þessarar till. væri flm. ekkert hégómamál, að láta sér ekki nægja, að till. sé vísað frá, heldur halda áfram að flytja hana. Og svo vildi ég segja hv. 6. landsk., að þó að hann kannske geti leyft sér það að hafa það ástand, sem nú ríkir í útgerðarmálum landsins, að hégómamáli, leyft sér að slá fram öðru eins og því, að það sé alvörulaust hégómamál, sem hér sé stungið upp á, þá geta útgerðarmenn landsins ekki leyft sér slíkt, og það ætti hann að hafa einhverja hugmynd um og taka til nánari athugunar heldur en að hafa slíkt að hégómamálum.

Hv. 6. landsk. sagði, að það væri gert ráð fyrir því í þessari till. að skipa nefnd, tilsvarandi reikningaskrifstofu sjávarútvegsins, og sú n. ætti að rannsaka þetta mál. Þetta ber vitni um, að hv. þm. hefur ekki lesið till., því að í till. er ekki rætt um neina n., heldur sagt, að stj. sé falið að láta reikningaskrifstofuna framkvæma þessa athugun, og ég rökstuddi þetta með því, að hentugast væri að leggja á ábyrgð þeirrar ríkisstj., sem sæti á hverjum tíma, að þessi rannsókn færi fram og yrði framkvæmd með hvaða hætti sem ríkisstj. teldi bezt.

Í annan stað minntist hv. þm. á reikningaskrifstofu sjávarútvegsins, og það, sem hann sagði í því sambandi, sýnir, að hann hefur ekki hlustað á það, sem hér hefur farið fram, áður en hann tók þátt í þessum umr., því að það er upplýst í þessum umr., að þessi reikningaskrifstofa er ekki til enn þá nema að nafninu til. Hún hefur ekki tekið til starfa, því að fjárveitingar til hennar hafa reynzt of litlar. Hún hefur því engu komið í framkvæmd enn þá af því, sem henni er ætlað að gera.

Ég sé ekki ástæðu til að fara langt út í ræðu hv. þm. Hún var ekki svo merkileg. En vegna þess að hann veik að því til viðbótar því, sem ég hef minnzt á, að þessi rannsókn væri alveg ástæðulaus og skaðleg, get ég ekki stillt mig um að fara um það fáeinum orðum. Hann sagði, að það þyrfti enga rannsókn, sem ætti að sanna, að ekki væri hægt að gera út á Íslandi. Er hv. 6. landsk. hræddur um, að þessi rannsókn mundi sýna það, að eitthvað væri þungt undir fæti fyrir útgerðina, og ætli sé ekki sönnu nær, að hann þori ekki að horfast í augu við, hvernig ástatt er í þessum efnum, og þar sé að leita ástæðu 6. landsk. fyrir þessum smekklegu orðum? Enda er þetta ekki nýtt, því að ég gat þess í fyrri umr., að ég hefði orðið þess var, að ýmsir vildu sporna á móti þessu, því að þeir vilja ekki láta það koma fram, hversu ástatt er í þessum efnum. Ég skal taka undir það, að það eru ýmsir annmarkar á því að gefa út nákvæmt yfirlit um framleiðslukostnað sjávarafurða, en hitt veit ég, að hægt er að finna út með athugunum á þeim efnum eins og öðrum, meðaltalsathugunum, niðurstöður, sem eru mjög þýðingarmiklar og gefa í stórum dráttum mynd af því, hvernig ástatt er. Það er því út í bláinn, svo að ég noti orð hv. þm., þegar hann talar um það, að þessi rannsókn hljóti að verða út í bláinn. Hún getur orðið mjög þýðingarmikil sem grundvöllur undir því, sem gera þarf til þess að bæta rekstrarafkomu sjávarútvegsins.

Hv. þm. sagði, að hið eina, sem dygði í þessum efnum, væri bara að afla skipa og báta. Skal ég ekki draga úr því og hef ekki gert það. Það er þess vegna algert fleipur, sem hv. þm. sagði, að ég og þeir, sem mér fylgja í málinu, hafi verið sliku andvigir. Við höfum ekki beitt okkur gegn neinum ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið í þá átt, heldur höfum við gagnrýnt innkaupin á þessum skipum, en ekki beitt okkur gegn þeim, auk þess sem við höfum átt beinan hlut að því, að keyptir voru þeir bátar, sem fyrirhugaðir eru frá Svíþjóð. En hitt vil ég benda hv. 6. landsk. á, þar sem hann mun ekki haft lagt á sig að hlusta á það, sem hér hefur komið fram í málinu, að ein af mínum röksemdum fyrir því, að þessi rannsókn sé látin fara fram, er sú, að þess væri að vænta, að afkoma útgerðarinnar og hlutarfiskimanna gæti orðið viðunandi með því að fá betri atvinnutæki. Ég benti á, að sú rannsókn ætti að sýna, hvort hlutur manna og afkoma útgerðarinnar á nýju bátunum væri mun betri en af er látið, og gera sér síðan grein fyrir því, hvers mætti vænta fyrir hlutarmenn, ef bátakosturinn væri efldur, og hvort treysta mætti á þessi úrræði til þess að ráða bót á því, sem orðið er.

Þá talaði hv. þm. um það, að framsóknarmenn væru á móti sjávarútvegsmálunum. Það er nú ekki ástæða til að eltast við þetta orðaskak af hendi hv. þm. Ég býst við, að við getum fullkomlega jafnazt á við hann í sambandi við það, hvað við höfum lagt til útgerðarmálanna. Hann hefur lítið til þeirra mála lagt annað en einstakar uppástungur, sem hafa verið svona heldur utan við veruleikann og þannig gerðar, að aðalstarf hans í sambandi við útgerðarmálin hefur verið fólgið í því að vera öflugur stuðningsmaður þeirrar verðbólgustefnu, sem er að gera útgerðina í raun réttri óstarfhæfa. Og það er ein-

mitt þess vegna, að hann er á móti því, að rannsókn fari fram í þessum efnum.

Það er rangt hjá hv. þm., að framsóknarmenn hafi verið á móti því að lækka stofnfjárvexti sjávarútvegsins.

Hv. þm. minntist á það, að hann og þrír aðrir þm. úr Sósfl. hefðu flutt þáltill., þar sem hefði átt að bæta úr því, hvað hlutur fiskimanna væri rýr. Ég hélt, að það ætti að vera efni þessarar till. að tryggja fiskimönnum lágmarkshlut. Þessi till. kom fram hér fyrir nokkrum árum, en það er nokkuð til að sýna, hvað þessi þm. meinar, að þessari till. var vísað frá að því sinni til athugunar. Þegar þeir fluttu hana, höfðu þeir ekki verulega aðstöðu til að hafa áhrif á till., en það sýnir bezt, hvernig þessir menn starfa að þessum málum, að síðan þeir urðu stuðningsmenn stjórnarinnar, hafa þeir ekki minnzt á þetta mál, það hefur verið jarðað vandlega síðan, og ég held, að það hefði verið betra fyrir þennan þm. að minnast alls ekki á þetta. Meðan þeir voru í stjórnarandstöðu og þeim fannst óhætt að sýna þinginu sitt af hverju, fluttu þeir till. um þetta efni, en síðan þeir komust í stjórnaraðstöðu og ættu að hafa aðstöðu til að láta til sín taka, hafa þeir ekki minnzt á þetta mál. En kannske hv. 6. landsk. hafi minnzt á þessa till. sína til þess að sýna muninn á sér og sínum annars vegar og á mér hins vegar, að þeir hafa ekki hreyft þessari till. nema einu sinni, en ég er að flytja mína till. í þriðja sinn, til þess að sýna, hvað þeir væru meira með sínu máli en ég með minu, að þeir skyldu lyppast niður, eftir að þeir fengu engu komið í framkvæmd.

Skal ég svo ekki lengja þessar umr. frekar, en er það áhugamál, að þessi till. komist til nefndar.

Lúðvík Jósefsson: Ég þarf ekki að vera margorður um ræðu hv. 2. þm. S.-M. Ég býst við, að allir þm. hafi veitt því athygli, hvernig honum tókst í rauninni að skýra þm. frá gildi þeirrar till., sem hann flytur hér. Ég býst við, að menn sjái, hvað sjávarútvegurinn yrði bættari með samþykkt þessarar tillögu.

Aðkasti hans til mín persónulega út af því, sem ég sagði, að hann teldi ræðu mína ósmekklega, hirði ég ekki um að eyða orðum að.

Hv. þm. sagði hér, að það væri gott dæmi um vinnubrögð okkar sósíalista, að við hefðum flutt hér fyrir tveimur árum síðan till. um það að tryggja fiskimönnum lágmarkslaun, og síðan hefðum við ekki hreyft þessu máli, eftir að við komumst í stjórnaraðstöðu, heldur látið það falla niður. Það væri munur eða hjá honum, sem flytti þessa till. í þriðja skipti og léti Tímann birta hana með risastórum fyrirsögnum. En hver er sannleikurinn í þessu? Hann er sá, að það vorum við sósíalistar, sem á sínum tíma urðum að taka því, að þessi hv. þm. ásamt öðrum framsóknarmönnum hér á þingi beitti sér á móti þeirri till., sem við hér fluttum og höfðum ekki atkvæðamagn til þess að koma gegnum þingið. Hitt er svo annar þáttur málsins, hvernig við sósíalistar höfum haldið áfram með þetta mál síðan við komum í ríkisstj. Sannleikurinn er sá, að við höfum ekki yfirgefið þetta mál. Það ætti þessi hv. þm. að vita, vegna þess að einn ráðh. Sósfl., hæstv. atvmrh., hefur nú, einmitt þegar mest á reyndi í þessu máli, skipað nefnd manna til þess að gera tillögur um sams konar tryggingakerfi og við fluttum á Alþ., og hv. þm. veit, að þessi n. situr hér að störfum og hefur skilað fyrri hluta álits síns um það, hvernig fara megi með þessi mál, en hún vinnur ennþá að því að gera tillögur um það, hvernig megi koma fyrir tryggingakerfi á sama grundvelli og við fluttum hér áðurnefnda till., svo að hv. þm. hlýtur að fara hér vísvitandi rangt með mál.

En mér sýnist, að málflutningur hv. flm. þessarar till. sé yfirleitt á þessa leið: Hann ber hér fram þvert ofan í það, sem þingskjöl sýna, að framsóknarmenn hafi ekki verið á móti lækkun á stofnlánavöxtum til útgerðarinnar, þó að þskj. sýni augljóslega, að þeir voru á móti þessu. Þegar verið var að gera hér breyt. á fiskveiðasjóðslögunum og hér lá fyrir till. um það að hafa stofnlánavextina 3½%, þá kom hér till. frá framsóknarmönnum um að koma í veg fyrir þetta, en þm. mótmælti þessu. Hv. þm. sagði, að hann hefði ekki verið á móti þessu máli, heldur hefði hann ekki viljað flytja það. Það hefur ekki leynt sér í meðferð málsins, að hv. þm. er á móti því, og það er af þeim ástæðum, að hann vildi ekki flytja málið.

Hv. flm. till. vildi einnig gera mikið úr því, að ég mundi ekki hafa lesið þá till., sem hér liggur fyrir. Ég gerði þó till. allýtarlegri skil en hann, því að ég tók upp meginatriði hennar og sýndi, fram á hvað þessi till. færi. Raunar má vera, að ég hafi talað um það í minni ræðu, að gert væri ráð fyrir því í till., að sett yrði n. til þess að vinna þetta verk, en í þau skipti, sem hv. þm. hefur flutt þessa till. áður, var það einmitt hann sjálfur, sem vildi láta kjósa n. í þeim tilgangi, sem ég áður minntist á.

Þá voru það líka hrein undanbrögð hjá hv. þm., að reikningaskrifstofa sjávarútvegsins geti ekki unnið þetta verk, því að hún sé ekki enn tekin til starfa. Og mér er kunnugt um það, að atvmrh. hefur tilkynnt Fiskifélaginu það með bréfi, að ætlazt sé til þess, að skrifstofan taki til starfa. Þá er allt til staðar til þess að láta störf hennar hefjast, og skorti fé til framkvæmda, þá er að sækja um það, og ég býst við, að það mundi fást. Ég held þess vegna, að það hefði verið nær fyrir þennan hv. þm. að leggja til hér á Alþ., að rekstrarfé þessarar skrifstofu yrði aukið, heldur en að flytja þessa þáltill. sína. Reikningaskrifstofan átti að safna saman ýmiss konar þarflegum fróðleik um rekstur útgerðarinnar í landinu, og hún mun gera það og vinna þetta verk að því leyti, sem hægt er og nokkur ástæða til, að það sé unnið.

Hv. 2. þm. S.-M. sagði, að ástæðan til þess, að ég og við sósíalistar vildum ekki fylgja þessari till., væri sennilega sú, að við værum hræddir við það, að úr því dæmi kæmi, að ekki sé hægt að gera út á Íslandi. Þarna sýnist mér gægjast allvel fram, hvað hann ætlast til og hvernig hann hyggur þessi mál liggja fyrir. Þetta mun líklega vera grunnhugsun þessa hv. þm., sem sagt, að fá dæmið sett upp þannig og reiknað, að það sanni fyrir mönnum, að ekki sé hægt að gera út á Ís-

landi, vegna þess að ég og aðrir vondir menn höfum stutt verðbólgustefnuna til vegs í landinu. Þetta er grunnhugsunin, sem vakir fyrir hv. flm. till. En það ætti ekki að fara fram hjá hv. þm., þótt það fari svo, þegar hann flytur áróður sinn í Tímanum og á Alþ., þá ætti það ekki að fara fram hjá honum, að útgerðin hefur staðið undir sér á undanförnum árum og betur þó, því að hún hefur borið þá bagga, sem á hana hafa verið lagðir til viðbótar; það ætti hann að vita manna bezt. Og það vita allir þeir, sem eitthvað hafa fengizt við útgerð, að með því að gera ráðstafanir, sem nú er verið að efna til, með því að fá mun stærri og betur útbúna báta í stað þeirra smáu og lélegu og fá 30 nýja togara í stað gömlu ryðkláfanna og auka okkar síldarverksmiðjur og treysta önnur framleiðslufyrirtæki í sambandi við sjávarútveginn, þá er það alveg víst, að hann skilar ekki aðeins sama hagnaði og undanfarin ár, heldur enn meiri, og sé dæmið sett rétt upp, mun það koma út, að það sé bezti atvinnuvegur á Íslandi að stunda sjávarútveg, og það er mergur þessa máls, en ekki, að það borgi sig ekki að gera út á Íslandi.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Hv. 6. landsk. (LJós) gaf ekki mikið tilefni til í ræðu sinni fyrir mig að svara. Hann sagði, að hæstv. atvmrh. hefði skrifað til Fiskifélagsins um það, að reikningaskrifstofan skyldi taka til starfa. Það er gott að heyra þetta, og mér liggur við að halda, að þetta sé fyrsti árangurinn af því, að þessi till. er hér flutt, því að þegar byrjað var að ræða málið, var það upplýst, að reikningaskrifstofan væri ekki tekin til starfa. Þannig hefur nokkuð áunnizt, með því að þetta upplýsir, að nú hafi verið tekin ákvörðun um það, að sú stofnun skuli taka til starfa. (*LJós:* Það er ár síðan hann skrifaði bréfið.) Er ár síðan? Hann hefur þá ekki mikið litið eftir því, að farið væri eftir bréfinu, því að skrifstofan var ekki tekin til starfa, og var borið við fjárskorti, og það er lítill myndarskapur í því að láta það ástand vera allan tímann síðan l. voru sett, að hún tæki ekki til starfa vegna skorts á fé. Ég hygg, að það hafi þegar sýnt sig, að ýmsum fjárgreiðslum ríkisstj. hefði verið eins vel varið til að sjá fyrir því, að þessi stofnun gæti farið af stað. Og hvað sem líður því, hvenær hæstv. atvmrh. (ÁkJ) hefur skrifað þetta bréf, þá er það lágmarksárangur þessarar till., að þessi stofnun geti tekið til starfa. Annars er það undarleg ósamkvæmni hjá hv. 6. landsk., þegar hann leggur mikið upp úr reikningaskrifstofunni, en segir svo, að það sé ekki hægt að komast að neinni niðurstöðu í þessu máli. En vitanlega er hægt að komast að þýðingarmikilli niðurstöðu, bæði til leiðbeininga, sem hún á að gera, og þó miklu fremur, ef málið er rannsakað í heild, eins og ég hef lagt til. Ég undirstrika það, að l. eru ekki fullnægjandi, þess vegna verður að fara fram fullkomin rannsókn í málinu.

Hv. þm. heldur sig við það, að grunnhugsun þessarar till. muni vera sú, að ekki muni reynast hægt að gera út hér á landi. Er hv. þm. hræddur um, að þetta verði útkoman? Hv. 6. landsk. þorir ekki að vera með því, að ríkisstj. nýsköpunarinnar verði falið að láta rannsaka afkomu sjávarútvegsins og segir, að ef till. verði samþ., muni það koma í ljós, að ekki sé hægt að gera hér út. Ég ætla ekki og vil ekki fullyrða neitt um það, eins og hv. þm. hefur gert. Hins vegar vil ég, að það komi fram, hvernig ástatt er, hvort sem það er gott eða slæmt. Sannleikurinn er sá, að það er hin vonda samvizka hv. 6. landsk., sem veldur því, að hann talar svart, þegar þetta mál ber á góma. Hv. þm. veit, að það er allt komið á fremsta hlunn með afkomu sjávarútvegsins. Og hér er frv. komið fram, sem minnir sérstaklega á kreppulánasjóð, eins og ég hef áður minnzt á, vegna útgerðarinnar og af því að síldveiðarnar brugðust á s. l. sumri. Og það er svo ástatt í þessu efni, að ef önnur útgerð fengi þó ekki væri nema eina aflaleysisvertíð, þá yrði að gera mestum hluta hennar sömu skil. Og það er ekki þannig ástatt vegna þess, að ekki sé hægt að gera út á Íslandi. Hvergi virðist betra að gera út en á Íslandi. En aðalástæðan, sem liggur til þess, að svona er komið fyrir útgerðinni, er sú, að menn eins og hv. 6. landsk. hafa fengið að ráða of miklu í landinu undanfarin ár og þeir vilja ekki, að gerðar séu ráðstafanir til þess, að það komi í ljós, hvernig þeir hafa búið í haginn fyrir útgerðina. Þeim er það sannarlega vorkunnarmál, en þó er nauðsynlegt, að þetta verði gert.

Lúðvík Jósefsson: Ég vildi aðeins segja, að mér er vitanlega ekki kunnugt um, og á heldur ekki að svara fyrir hæstv. atvmrh., hvernig stendur á því, að reikningaskrifstofan hefur ekki unnið eins og ætti að vera, eftir því sem hv. 2. þm. S.-M. er að upplýsa. Ég efast um það, að sú stofnun, sem átti að annast þetta starf, hafi fengið aukafjárveitingu til skrifstofunnar. Og ég veit, að hv. 2. þm. S.-M. sjálfur, engu síður en ég og fleiri, sem að því stóðu að semja þessi l. um reikningaskrifstofuna, hafi ákveðið ágreiningslaust þá upphæð, sem ákveðin var til rekstrar skrifstofunnar, og ég dreg í efa, að hún hafi haft full not af þessu fé. Það er misskilningur að halda því fram, að flutningur þessarar till. hafi hraðað því, að reikningaskrifstofan tæki til starfa. Þetta frv. hafði á engan hátt nein áhrif á starfsemi þessarar skrifstofu. En það er gefið mál, að skrifstofan þarf að halda saman ýmsum upplýsingum varðandi rekstur útgerðarinnar í landinu, óháð þessari till. Ég mótmæli, að það einstæða aflaleysi á síldveiðunum í sumar, sá sérstaki atburður, sem þá gerðist, að hann sé á nokkurn hátt eðlilegt að taka til sönnunar um það, að útgerðin í landinu beri sig ekki, þó að svo hafi farið í sumar, að síldveiðin brást með öllu.

Hv. þm. talaði um byrjun nýrrar kreppulánastarfsemi við útgerðina og að þannig færi fyrir öðrum útgerðarmönnum eins og fór á síldveiðunum í sumar. Þó að þetta óhapp hafi skeð í sumar, þá hefur síldarútgerðin skilað verulega miklum hagnaði hin síðustu árin, og hvernig sem dýrtíðinni er annars varið, þá getur alltaf orðið hallarekstur, ef engin veiði er í aðra hönd.

Það er vitanlega kostulegt, ef mark væri á tekið, að tala um það, að þær aðstæður, sem útgerðin í landinu á nú við að búa, séu mér að kenna. Ég hef ekki ráðið svo miklu undanfarin

ár. Ég hygg, að hv. þm. hafi ráðið meiru en ég um afkomu útgerðarinnar undanfarin ár, og ég hygg, að á því stutta tímabili, sem ég hef kunnað að ráða einhverju um afkomu útgerðarinnar s. l. eitt ár, þá hallist ekki á hjá útgerðinni það ár miðað við útkomuna þann tíma, þegar hv. 2. þm. S.-M. réð lögum og lofum.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Ég vil bara segja fáein orð út af því, sem hv. 6. landsk. sagði síðast í ræðu sinni. Ég kann að hafa mismælt mig áðan. Ég mun aldrei halda því fram, að hann hafi ráðið hér nokkru um. Hann ræður engu, hefur aldrei ráðið og mun sennilega aldrei ráða neinu um þetta. Hitt er annað mál, að þm., sem hugsa líkt og hann, þeir hafa ráðið með því að ráða yfir honum, ekki á Alþ. og í ríkisstj., heldur fyrir utan þessar stofnanir, og þess vegna ekki sízt er þannig komið sem komið er.

Lúðvík Jósefsson: Ég aðeins þakka, að hv. þm. hefur tekið aftur þennan hluta af því, sem hann hefur sagt. Ég býst við, að hann mundi taka allt aftur, ef hann fengi að tala aftur.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 27:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HelgJ, IngJ, IngP, JS, JJ, JörB, MJ, PHerm, PZ, PÞ, PO, SB, SEH, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, ÞÞ, BSt, BÁ, BK, EystJ, GÞ, GJ, GTh, HB, JPálm.

nei: LJós, SigfS, SG, STh, ÁS.

ÁÁ, LJóh, SK greiddu ekki atkv.

17 þm. (HG, HermJ, JJós, KA, ÓTh, PM, StgrA, ÁkJ, BG, BBen, BrB, EOl, EE, EmJ, FJ, GSv, GÍG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sigurður Kristjánsson: Eins og ég tók fram við þessa umr., álít ég, að till. sé þýðingarlaus. Hins vegar vil ég ekki hafa afskipti af því, hvort hún fer til nefndar eða ekki, og greiði þess vegna ekki atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Sþ., 5. febr., var tillagan tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 7. febr., var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 55, n. 367).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Allshn. hefur látið uppi álit sitt á þskj. 367 um þá till., sem hér um ræðir á þskj. 55. Þegar n. fékk þessa till. til meðferðar, leitaði hún að sjálfsögðu álits þeirra næstu aðila, sem unnt var að kveðja til ráðuneytis varðandi þetta mál, og var það þá fyrst og fremst fiskiþingið, sem átti setu um þetta leyti, og svo farmanna- og fiskimannasambandið. Fiskiþingið eða Fiskifélagið fyrir þess hönd svaraði 5. des. og vísaði til ályktunar, sem fiskiþingið hafði gert áður en till. þessi frá Alþ. var send þeim til umsagnar. En álit fiskiþingsins að öðru leyti fer mjög í sömu átt og þáltill. Ályktunin, sem þar var gerð, hljóðar þannig: „Fiskiþingið felur stjórn Fiskifélagsins að hlutast til um, að reiknað sé út, svo fljótt sem verða má, hve mikið verðlag og framleiðslukostnaður hinna ýmsu sjávarafurða hafi breytzt síðan á árinu 1939.“ Loks var því yfirlýst af fiskiþingsins hálfu í svari til allshn., að það teldi það til bóta, að till. á þskj. 55 yrði samþ. á Alþ., það mundi flýta fyrir þeirri rannsókn á kostnaði við útgerðina, sem fiskiþingið sjálft var þegar búið að gera ályktun um, að framkvæmd yrði. Farmanna- og fiskimannasambandið mælti einnig með því í bréfi sínu 3. des., að þessi till. yrði samþ. Í allshn. voru menn yfirleitt þeirrar skoðunar, að leggja till. lið, en einróma álit var það, að úr því að tvær till. sín frá hvorri stofnun, önnur frá Alþ. og hin frá fiskiþinginu, væru fram komnar, þá mundi að sjálfsögðu sú till., sem fram kom á Alþ., verða samþ., og því væri ekki nema rétt, að þessi rannsókn yrði framkvæmd þannig, að það yrði ein rannsókn, sem færi fram á vegum Fiskifélagsins og með íhlutun ríkisstj., eftir ábendingu hins háa Alþ. Fiskiþingið hefur sjálft vísað leiðina í þessu efni í samþ. sinnar till., þar sem það bendir á, að til hliðsjónar við þessa útreikninga verði hafðir reikningar frá reikningaskrifstofu sjávarútvegsins, og minnir á það, að sú skrifstofa starfi á vegum Fiskifélagsins. Þess vegna þótti allshn. það hlýða að fallast á þá skoðun, sem þarna kemur fram, með því að Fiskifélagið á að hafa bezta aðstöðu til að afla þeirra gagna, sem við þarf, hvort sem þau eru frá reikningaskrifstofu sjávarútvegsins eða frá hinum ýmsu deildum Fiskifélagsins víðs vegar um land.

Að þessu athuguðu lagði n. til, eins og segir í nál. á þskj. 367, að till. yrði samþ. með lítils háttar breyt., sem er í samræmi við það, sem ég nú hef sagt um afskipti Fiskifélagsins af málinu. Mundi þá till., ef brtt. allshn. verður samþ., byrja þannig: Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samráði við Fiskifélag Íslands að láta fara fram o. s. frv., — í stað þess að áður var þetta orðað þannig: Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram o. s. frv.

Ég hef svo ekki meira um þetta að segja að svo komnu máli, en legg til, að þáltill. verði samþ. með þeirri breyt., sem allshn. hefur hér á gert.

Eysteinn Jónsson: Þegar fyrri hluti umr. um þessa till. fór fram, olli það talsverðu harki eins og menn muna, og skal ég ekki fara að rekja neitt af því, sem þá kom fram. En ég vil lýsa yfir ánægju minni með þá afgreiðslu, sem allshn. þingsins leggur til á till., að hún verði samþ. með þeirri breyt., að þetta starf verði unnið í samráði við Fiskifélag Íslands. Það eina, sem ég sé ástæðu til að undirstrika í sambandi við afgreiðslu þessa máls, er það, hversu mikið tjón af því er orðið, að það hefur dregizt svo lengi, að ýtarleg rannsókn í þessu efni færi fram. Það hefði mátt bæta nokkuð úr því á þessu þingi með því að taka sig til og samþ. till. svipaða þessari þegar þing kom saman. Í stað þess að

þreyta þann leik í kringum till., sem þá var gert, hefði verið hægt að vinna að þessari rannsókn framan af þessum vetri, og hefði ekki verið vanþörf á, að eitthvað frekar hefði legið fyrir í sambandi við vertíðarbyrjun en sýnt var. Má segja, að það þýði ekki um þetta að sakast, ekki sé hægt að gera við því, sem orðið er, en þess er þá að vænta, að málinu verði hraðað. Það er bersýnilegt af því, sem fram hefur komið síðan þessi till. var hér til umr. síðast, að það er ekki að ástæðulausu, að ýmsir hafa áhyggjur af því, hvernig ástatt er með sjávarútvegsmál. Í því sambandi gæti verið ástæða til að minnast á þær ráðstafanir, sem ýmsir hafa heyrt, að stj. hafi talið sig neydda til að gera í sambandi við vertíðarbyrjun. Ég ætlaði að nota þetta tækifæri til að gera fyrirspurn til hæstv. atvmrh. varðandi þau málefni, en sé, að hann er ekki hér staddur, heyri sagt, að hann sé á fundi annars staðar, eins og mjög er orðið tíðkað meðan þingfundir standa yfir, að ríkisstj. sé fjarverandi. Skal ég því ekki koma með þær fyrirspurnir í sambandi við þetta mál. En ég endurtek það, að atburðir hafa gerzt nú í sambandi við vertíðarbyrjun, sem bera þess vott, að það er full ástæða til þess að gera ýtarlega athugun á þessum málum, og hefði þurft að vera búið að gera stórkostlegar ráðstafanir til þess að laga grundvöllinn fyrir útgerðina frá því, sem hann er nú, því að mér skilst, að þær ráðstafanir, sem ríkisstj. hefur gert, séu eins konar bráðabirgðaráðstafanir til að koma í veg fyrir stöðvun útgerðarinnar nú alveg á næstunni. En eins og ég sagði áðan, þá hefur þingheimi ekki verið tilkynnt, hvers vegna þessar ráðstafanir hafa verið gerðar, ekki heldur í blöðum. En mér er þó kunnugt um það eftir öðrum leiðum, að þær ráðstafanir eru hugsaðar sem bráðabirgðaúrræði til þess að koma í veg fyrir samdrátt. Ég skal samt ekki gera þessa fyrirspurn til hæstv. atvmrh. í sambandi við þetta mál, það má alveg eins gera það utan dagskrár.

Ég vil lýsa yfir ánægju minni með þá afgreiðslu, sem allshn. leggur til, eins og nú er komið.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Það er orðið langt um liðið, síðan þetta mál var til fyrri umr. Ég leit svo á, að þessi athugun væri bezt komin í höndum reikningaskrifstofu sjávarútvegsins, og eftir till. allshn. er í rauninni sveigt inn á þá braut, af því að það er skammt milli reikningaskrifstofunnar og Fiskifélagsins, því að Fiskifélagið er skyldað til þess með l. að láta þessa skrifstofu starfa, en auðvitað er það ríkissjóður, sem hefur kostað skrifstofuna. En þessi skrifstofa hefur bezta aðstöðu til þess að geta látið þessa rannsókn fara fram. Annars er það svo, að till. bendir í þá átt, að meinsemd sjávarútvegsins eigi að lækna með breyt. á verðlagi. Ég geri ekki ráð fyrir, að þetta sé meiningin, en það stendur hér, að rannsókn skuli fara fram, en að þeirri rannsókn lokinni verði lagt fram rökstutt álit um, hvaða verð þurfi að vera á sjávarafurðum. Nú leiðir það náttúrlega af sjálfu sér, að þetta mun koma í ljós við rannsókn, en mér þykir ástæða til að leiða að því athygli, að það hefur verið of einhliða blint á það, hvað afurðaverðið ætti að vera, rétt eins og það sé í hendi einhvers aðila, sem við ráðum yfir, að hafa það verð á sjávarafurðum, sem nauðsynlegt er, og Alþ. eða ríkisstj. geti bara látið það verð koma fyrir sjávarafurðir, sem framleiðendur þurfi að fá. Ég veiti því athygli, að þetta er orðið talsvert ríkjandi í huga fjölda framleiðenda bæði til lands og sjávar, rétt eins og það væri einhver stórlax hér á Alþ. eða í stjórnarsætunum, sem í rauninni sé sá þrjótur, sem alltaf sé að halda verðinu fyrir framleiðendum, hann vilji ekki borga það verð, sem þurfi að fást fyrir afurðirnar. Það er enginn maður, sem nokkur framleiðandi geti gengið að og sagt, að hann þurfi að fá þetta og þetta verð fyrir afurðirnar, sem geti uppfyllt þær óskir. Það er oft, að framleiðendur þurfa að fá meira fyrir vörur sínar en raun er á. En það er ekki á okkar valdi að skammta verðið. Það, sem Alþ. og ríkisstj. hafa margoft gert, er aðeins fyrirgreiðsla um að opna markaði, veita framleiðendum bætta aðstöðu til þess að ná í hagkvæma markaði og stundum beinlínis að bæta upp verðið af almannafé, þegar liggur við borð, að framleiðslan stöðvist, af því að hún beri sig ekki. En yfir verðlaginu er erfitt að ráða. En það getur rekið að því, að það verði að gera mjög róttækar ráðstafanir, ekki til þess að hækka verðlagið, því að það er sennilega ekki hægt, heldur til þess að draga úr framleiðslukostnaðinum. Og ég hygg, að árangurinn af svona rannsókn, rannsókn á kostnaði útgerðarinnar, muni glögglega benda á það, hvar tilkostnaðarmeinsemdin liggur. Mér er kunnugt um kostnaðarliði útgerðarinnar, og það er ekki vafi á því, að ef þessir reikningar eru lagðir fyrir hæstv. Alþ., þá mun það sýna sig, að alvarlegar meinsemdir eiga sér stað í sambandi við kostnaðarliði útgerðarinnar. Það er kannske ekki auðvelt að lækka kostnaðinn í öllum liðum, en það er hluti hans, sem verður að lækka. Því að það er ekki hægt að loka augunum fyrir því, að bátaútvegurinn, þar sem fólkið er ráðið upp á hlut, en ekki kaup, kemur þannig út 6 undanfarin góðæri, að hagnaðurinn er sáralítill og sá útvegur þolir ekki aflatregðu á einni vertíð. Það er líka staðreynd, að hér á landi hefur orðið geysimikil efnaaukning. Og í þriðja lagi er það staðreynd, að þessi efnaaukning er til orðin að langmestu leyti fyrir framleiðslu sjávarafurða. — Nú hlýtur hver maður að sjá, að eitthvað er bogið við það, að framleiðendur skuli standa uppi með tvær hendur tómar, en þó hefur orðið geysimikil efnaaukning. Hagnaðurinn hefur m. ö. o. lent í höndum allt annarra manna en þeirra, sem staðið hafa fyrir þessari framleiðslu og barizt fyrir henni.

Þetta er verkefni, sem verður að leysa, og ég hygg, að einmitt svona rannsókn muni geta greitt götu að því. Og ég álít, að það verði langgleggst og að sjálfsögðu hlutdrægnislausast leyst af hendi einmitt af reikningaskrifstofu sjávarútvegsins.

Eysteinn Jónsson: Til þess að fyrirbyggja misskilning út af orðalagi þáltill. í sambandi við það, sem hv. 7. þm. Reykv. benti á, þar sem tekið er svo til orða, að lagt verði fram rökstutt álit

um, hvaða verð þurfi að vera á sjávarafurðum til þess að gera megi ráð fyrir, að framleiðsla þeirra svari kostnaði og veiti þeim, er hana stunda, lífvænlega afkomu, — til þess að fyrirbyggja misskilning út af þessu orðalagi vil ég segja nokkur orð. — Hv. 7. þm. Reykv. benti á, að af þessu orðalagi mætti kannske draga þá ályktun, að það vekti fyrir þinginu, ef það samþ. þáltill., að það væri eins konar skylda fyrir þingið eða stjórnarvöldin að skaffa það verð, sem rannsókn sýndi, að útgerðin þyrfti að fá. Ég lýsi því yfir, að það er ekki þessi hugsanagangur, sem liggur á bak við flutning þáltill., sem hv. 7. þm. Reykv. gat sér til, heldur er þetta orðalag þannig vegna þess, að það verður að fá öruggan mælikvarða, ef meta á framleiðslukostnað sjávarútvegsins. Og það verður bezt séð, hvað framleiðsla sjávarafurða þolir mikinn kostnað, ef athugað er, hversu sjávarútvegurinn þarf hátt söluverð fyrir afurðirnar til þess að bera sig viðunanlega. Við rannsókn þarf að komast eftir, hvort söluverðið er of lágt til þess að útvegurinn beri sig sæmilega. Og ef það reyndist í þessu tilfelli of lágt, yrði síðar að gera till. um, hvað gera skyldi til þess að bæta úr þessu, sem hægt er að gera með ýmsu móti, eins og hv. þm. tók fram. En það dylst engum, sem þekkir til íslenzkra staðhátta, framleiðslu og viðskipta, að það sýnir sig, að kostnaður við útgerðina er í ýmsum tilfellum meiri en markaðir framleiðslunnar gefa í verðlagi. Og þá er ekki nema um eitt úrræði að ræða, að færa niður framleiðslukostnaðinn í samræmi við það, sem hægt er að fá fyrir afurðirnar. Og þess vegna er það einmitt, að í framhaldi af þessu umræddu orðalagi í þáltill., þar sem talað er um mælikvarða um verðið á sjávarafurðunum, að einnig er gert ráð fyrir, að rannsakað verði, hver áhrif dýrtíðaraukning stríðsáranna hefur haft á framleiðslukostnað sjávarafurða og afkomu útvegs- og fiskimanna og hver áhrif lækkun dýrtíðar í landinu mundi hafa á afkomu þeirra, er sjávarútveg stunda. Það er ekki vafi á því, að ósamræmið er þannig, að verðlagsþörf bátaútvegsins hefur verið meiri en fengizt hefur uppfyllt við sölu afurðanna.

Ég skal ekki fara út í það, þó að tilefni hafi gefizt til, að á undanförnum árum hafa menn misskilið ástæðurnar fyrir verðbreyt. á afurðum sjávarútvegsins, þannig að menn hafa gert ráð fyrir, að það væru einhverjir stórlaxar, sem gætu skaffað betra verð, ef þeir vildu, fyrir þessar vörur. Má vera, að hver mundi höggva skarð í annars garð, ef ætti að rekja það. En það er talsvert tíðkað hér, ef einhverjar verðlagsbreyt. verða á markaði, sem við notum, að þá hafa yfirvöldin tilhneigingu til að vilja láta þakka sér breyt., ef hún er til bóta, þó að það sé vafasamt, hve mikinn þátt stjórnarvöldin hafa átt í því. Og of langt hefur verið gengið í því af ýmsum að kenna sig við slíkt, því að það verður ákaflega mikið til þess að ýta undir þann misskilning, sem hv. 7. þm. Reykv. talaði um.

Ég vildi láta þessi orð falla, til þess að menn misskildu ekki orðalag þáltill.

ATKVGR.
Brtt. 367 samþ. með 29 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 402).

5. Vélar til raforkuvinnslu á sveitaheimilum.

Á deildafundum 1. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um vélar til raforkuvinnslu á sveitaheimilum (A. 78).

Á 5. fundi í Sþ., 5. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 6. fundi í Sþ., 8. nóv., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Þessari þáltill. fylgir allýtarleg grg. Þarf ég þess vegna ekki að fara mjög nákvæmlega út í þetta mál.

Það hefur verið mikið rætt um það á síðustu tímum, hver nauðsyn sé á nýsköpun hér á landi, eins og það hefur verið orðað, þ. e. því að taka hvers konar vélar og tæki í þjónustu landsmanna, bæði til lands og sjávar. Í grg. þáltill. er stuttlega drepið á það, á hvern veg bændastéttin hefur snúizt við þessu og að fyrir henni er þetta engin ný bóla, því að fjöldi manna í bændastétt hefur haft opin augu fyrir þessu allt frá því fyrir 1930. En á árunum eftir 1930 var hagur bændastéttarinnar þannig, að þrátt fyrir fullan vilja í þessa átt orkuðu menn í þeirri stétt því ekki að ráðast í framkvæmdir. En eftir að stríðið skall á og sérstaklega eftir 1940, þegar hagur bænda rýmkaðist, þannig að þeir urðu megnugir að gera eitthvað á þessu sviði, kom það til greina, að þeim var varnað þess að fá vélar og tæki, sem þeir nauðsynlega þurftu að fá. Innflutningshömlurnar, sérstaklega gagnvart innflutningi frá Ameríku, gerðu það að verkum, að á öllum stríðsárunum hafa legið fyrir stórkostlegar pantanir upp á hundruð þús. eða millj. króna frá bændum á ýmiss konar vélum og tækjum frá útlöndum, sem ekki hefur verið fullnægt. Þetta virðist mér mönnum gleymast of oft, þegar rætt er um seinlæti bændastéttarinnar í því að koma sínum málum í það horf, sem þyrfti að vera og æskilegt væri. Á hinn bóginn horfir málið svo nú, að þetta getur farið að lagast að stríðinu loknu. Og bændur og félagssamtök bænda hafa notað tímann til undirbúnings, meðan ekki hefur hægt að hafast annað að í þessum efnum, og það hafa verið gerðar margvíslegar ráðstafanir til að greiða götu þess, að sem mestur árangur verði af þeim vélum, sem keyptar verða inn fyrir landbúnaðinn, bæði með félagslegu samstarfi og á annan hátt. Og hæstv. Alþ. hefur þar veitt sitt atfylgi og heimilað fé úr framkvæmdasjóði ríkisins til þess að greiða fyrir þessu, og á ég þar við framlag eftir l. um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. — Ég verð því að líta svo á, að bændur séu tiltölulega sæmilega á vegi staddir um undirbúning að sínum ræktunarstörfum.

Og ef úr greiðist um vélakost og bændur fá vélar þær, sem nú eru í pöntun, má heita, að málið horfi sæmilega við.

Allt öðru máli gegnir um þau störf, sem þurfa að vinnast á heimilunum. Að vísu hafa bændur ekki gleymt húsfreyjum sínum, því að ýmislegt hefur verið gert á því sviði að létta þeim störf. Má í því sambandi nefna bættan húsakost, vatnsleiðslur, skolpleiðslur, betri tæki til eldamennsku en þekktust áður o. fl., sem allt hefur mikil áhrif til að létta störf húsmæðranna. En þetta er alls ekki nóg. Því miður er því þannig háttað, þrátt fyrir auknar umbætur á heimilunum í þessum efnum, að vegna sívaxandi fólkseklu hafa húsfreyjurnar í sveitunum erfiðari störf en þær höfðu áður, meðan þær þó höfðu verri starfsskilyrði á heimilunum, því að nú verður húsfreyjan oft ein að vinna störfin, sem tvær eða þrjár manneskjur unnu á heimilinu áður. Þetta er vaxandi áhyggjuefni öllum, sem í sveitum búa. En að ekki hefur tekizt betur en enn er orðið að bæta úr þessu, stafar af því, að yfirleitt flest vinnusparandi tæki á heimilum eru knúin rafmagni. Og því miður eru fæst heimili í sveit, sem eiga kost á að hagnýta sér raforkuna, og geta þau hin sömu því ekki notað sér þessi vinnusparandi tæki, sem knúin eru raforku. Það eru að vísu allmörg heimili í sveit, sem hafa fallvötn, sem þau geta virkjað, og þau heimili eru líka langbezt sett. Eins og menn vita, er fram komið frv. um raforkumál, þar sem miðað er við háspennulínur og að rafmagn verði tekið frá þeim inn á sveitaheimilin. En það er öllum ljóst, að það er mál framtíðarinnar, en það er ekki hlutur, sem kemur allt í einu eða á fáum árum. Það mun verða um þau raforkumál eins og símalagningar og margar aðrar framkvæmdir, að það þarf mörg ár til þess að það raforkukerfi komist út um hinar dreifðu byggðir, og margir bændur verða því að bíða alllangan tíma, áður en þeir geta orðið þeirra friðinda aðnjótandi að fá rafmagn frá háspennulínum. En afleiðing þess er sú, að ef eitthvað á fyrir heimilin að gera á þessu sviði, verður að leita annarra úrræða. Og mönnum hefur líka verið þetta ljóst. Það sýnir bezt hug manna og hvað menn vilja á sig leggja í þessum efnum, að nú á síðustu árum, eftir að innflutningur fór að rýmkast, þá hefur verið varið hundruðum þús. ef ekki millj. kr. í ýmsar tilraunir í þessa átt. Ég veit bara, að í Skagafjarðarsýslu einni saman er það engin smáupphæð, sem búið er að verja til kaupa á vindrafstöðvum. Og hér með þjóðveginum á leiðinni að norðan er fjöldi heimila, sem fengið hefur sér vindrafstöðvar. Aðrir hafa fengið sér benzínmótora til raforkuvinnslu. Allt er þetta fálm meira og minna. Vindrafstöðvarnar og annað slíkt er auglýst í blöðum og útvarpi daglega og menn mér liggur við að segja lokkaðir til að kaupa það. En menn hafa almennt enga þekkingu á því, hvað sé nothæft í þessum efnum, og enn síður nokkra reynslu. Það má þess vegna búast við, að fjöldi manna hafi keypt köttinn í sekknum. Og menn hafa orðið fyrir alls konar óhöppum af þessu. Og það, sem kannske er hörmulegast í þessum efnum, er það, að það eru fluttar inn mjög margar tegundir af þessum vélum, þannig að þegar svo þessi eða hin vélin bilar, hefur engin fyrirhyggja verið um það að afla varahluta til þessara véla. Afleiðingin af þessu hefur stundum orðið sú, að hlutaðeigendur hafa bókstaflega orðið að kasta vélunum. Þetta teljum við flm. þáltill., að ekki megi svo til ganga. Því er nú þannig háttað með okkur bændur, að við höfum flestir eða allir mjög takmarkað fé til umráða, og á hinn bóginn eru verkefnin svo mörg framundan, sem við verðum að verja fé okkar til, að það er með öllu óforsvaranlegt að leggja stórfé í mjög vafasamar framkvæmdir. Þess vegna teljum við flm. till., að það sé sjálfsagður hlutur og að bændastétt landsins verði ekki annar meiri greiði gerður en sá, að fram fari ýtarleg rannsókn á því, á hvern hátt þörf bændastéttarinnar fyrir raforku verði bezt leyst á því millibilstímabili, sem líður þangað til raforka fæst inn á sveitaheimilin frá háspennuleiðslum, þ. e. hvernig bændur geti á þeim tíma fengið raforku. Og á ég við, að sú raforka verði með þeirri spennu, að allar leiðslur og allt, sem þar til heyrir, sé af þeirri gerð, að það komi að fullum notum, þegar háspennuleiðsla verður síðar lögð inn á sveitaheimilin. — Af þessum ástæðum höfum við flutt þetta mál. Og þá töldum við jafnframt sjálfsagt að skora á ríkisstjórnina að tryggja með gjaldeyrisráðstöfunum, að bændur geti keypt þær vélar, er álitlegastar þættu til raforkuvinnslu fyrir sveitaheimilin, og enn fremur, þar sem þetta er mikils vert hagsmunamál fyrir heila stétt manna, að leitast við að tryggja, að bændastéttin geti fengið þessar vélar með sem hagfelldustum kjörum, og þá sérstaklega að gæta þess, að ekki verði greiddur hærri tollur af vélum þessum en öðrum vélum, sem landbúnaðurinn kaupir til sinna þarfa. — Þetta töldum við þó ekki nægilegt, heldur viljum við einnig leggja mikla áherzlu á, að jafnframt þessu verði gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að leiðbeina bændum um alla meðferð þessara hluta. Því að það er ekki nægilegt, að menn fái vélar, góðar og dýrar vélar, hitt er ekki síður nauðsynlegt, að menn kunni eitthvað með þær að fara og að þær séu þannig meðfarnar, að þær endist eðlilega og komi þannig bændum að fullum notum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, en vonast eftir, að þessu máli verði vel tekið. Og að umr. lokinni óska ég eftir, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Sþ., 27. febr., var till. tekin til síðari umr. (A. 78, n. 457).

Frsm. (Sigurður Thoroddsen): Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér liggur fyrir, hefur verið í athugun hjá allshn., og mælir allshn. með því, að hún verði samþ. með breyt., sem till. um eru

prentaðar á þskj. 457. Allshn. sendi þessar till. á sínum tíma til Rafmagnseftirlits ríkisins, og álit Rafmagnseftirlitsins er birt í nál., og er það á þá leið, að það mælir með samþ. þessarar þáltill. og álítur hana þarfa. — Allir allshnmenn voru sammála um þáltill. efnislega, en með þeim breyt., sem ég gat um.

Þáltill. þessi fer fram á, að rannsókn fari fram á því, hvernig verði helzt leyst þörf þeirra sveitaheimila fyrir rafmagn, sem hvorki hafa skilyrði til vatnsvirkjunar né eiga heldur kost á að fá raforku frá almannarafveitum, og að þegar þessi rannsókn hafi farið fram, um það, hvaða tæki heppilegust væru til þess, og gefa út leiðarvísi um gerð vélanna, niðursetningu og meðferð fyrir notendur. Og þáltill. gerir ráð fyrir, að þegar rannsókn hafi leitt í ljós, hvaða vélar hentugast verði að nota til þess að bæta úr raforkuþörf sveitanna, þá verði bændum tryggðar þær vélar með beztu fáanlegum kjörum og ákveðið, að ekki skuli vera hærri tollur greiddur af þessum vélum en landbúnaðarvélum. Þetta ákvæði viðkomandi tollgreiðslunni þótti n. orka tvímælis, að gæti staðið í till., og lýtur ein brtt. að þessu atriði sérstaklega. Hitt eru meira orðabreyt.

Allshn. var sem sagt öll sammála um að leggja til, að þáltill. yrði samþ. með þeim brtt., sem ég gat um áðan.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 30. fundi í Sþ., 2. marz, var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 457 samþ. með 26 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 503).

6. Rafveitulán fyrir Akureyrarkaupstað.

Á deildafundum 13. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Akureyrarkaupstað (A. 409).

Á 28. fundi í Sþ., 21. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Sigurður E. Hlíðar): Herra forseti. Eins og sést á þskj. 409, er í þessari þáltill. farið fram á, að samþ. verði að heimila ríkisstj. að ábyrgjast rafveitulán fyrir Akureyrarkaupstað.

Þetta mál er hæstv. Alþ. kunnugt að því leyti til, að fyrir þessu rafveituláni er raunverulega veitt heimild til ríkisábyrgðar, með l. frá 31. des. 1937. En þá var fengið danskt lán hjá Kaupmannahafnar Handelsbank í Kaupmannahöfn.

Nú hefur bæjarstjórn Akureyrar samþ. á fundi sínum að breyta þessu láni þannig, að þetta erlenda lán sé greitt upp, og hefur verið samið við Landsbanka Íslands að fá 2200000 kr. lán hjá bankanum til endurgreiðslu á þessu erlenda láni. Erlenda lánið var minna, og hér er um 200 þús. kr. hækkun að ræða, sem liggur í því, að þegar á að fara að borga þetta lán upp í topp, þá er danska gengið hærra en það íslenzka, og munurinn liggur í því.

Hér er í raun og veru ekki farið fram á annað en að breyta ríkisábyrgðinni, að undanskildum þessum 200 þús. kr. Það er því að mestu leyti formsatriði, sem hér er á ferð, að fá nýja ábyrgðarheimild fyrir þessu láni. En hæstv. fjmrh., sem með þessi mál fer, mun ekki hafa treyst sér til að gangast undir nýja ábyrgð fyrir ríkisins hönd í þessu efni, án sérstakrar heimildar, vegna þess að tölurnar eru ekki hinar sömu í upphæð lánsins, sem miðað er við í þeirri heimild, sem til er nú fyrir ríkisstjórnina til að ganga í ábyrgð fyrir ríkisins hönd fyrir láni til þessarar rafveitu. En hann mælir með þessari ábyrgð og segir, að samþ. hennar sé naumast nema formsatriði, svo litlu sem munar á þessum tveimur ábyrgðarheimildarupphæðum.

Með tilliti til þess, sem ég hef greint, vonast ég til þess, að hæstv. Alþ. sjái aumur á þessu máli og samþ. það af fúsum vilja. En ég vil láta þess getið, að það þarf að hraða þessu máli mjög, vegna þess að 1. marz n. k., eftir rúma viku, þarf að greiða þetta lán, sem gert er ráð fyrir að greiða upp. Málið þarf því að fá nokkurt hraðbyri. Það er búið að semja við Landsbankann um þetta lán, ef ríkisábyrgð fæst.

Ég vil mælast til þess, að þessu máli verði vísað til hv. fjvn. að þessari umr. lokinni, og vænti, að n. afgreiði málið eins fljótt og hún getur.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 26 shlj. atkv. og til fjvn. með 26 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Sþ., 27. febr., var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Sþ., 2. marz, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 409, n. 474).

Frsm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Á þingi því, er nú situr, hefur allmörgum till. um ríkisábyrgð á lánum fyrir rafveitur verið vísað til fjvn. Ég vil taka það fram, að enda þótt samkomulag hafi orðið í fjvn. um að fresta afgreiðslu þessara till., þar til séð væri, hvaða afdrif frv. til raforkulaga fengi, hefur till. þessi hlotið samþykki fjvn. Þótt till. þessi hafi nú verið afgr. í fjvn., er það ekki af því, að n. hafi sett Akureyri skör hærra en aðra ábyrgðarbeiðendur, heldur af því, að hér er ekki um það að ræða að veita nýja ríkisábyrgð, því að hér er aðeins farið fram á endurnýjaða ríkisábyrgð. — Árið 1938 tók Akureyrarbær danskt lán að upphæð 1.7 millj. kr. gegn 1. veðrétti í Laxárvirkjuninni, og fyrir láninu var fengin ríkisábyrgð. Eins og hv. þm. er kunnugt, hefur nú orðið mikil breyting á, því að nú er þess kostur að fá innlend lán og auk þess með betri vaxtaskilmálum. Akureyrarkaupstaður hefur því ákveðið að greiða upp danska lánið, sem er með 5% vöxtum, en taka

innlent lán í Landsbankanum með 4% vöxtum. Það, sem Akureyrarbær fer fram á, er, að ríkisábyrgðin verði endurnýjuð fyrir hinu innlenda láni. Ríkisábyrgðin er miðuð við 1.7 millj. danskar krónur eftir því gengi, sem þá var. Fjvn. hefur rætt málið við hæstv. fjmrh., og ég held mér sé óhætt að fullyrða, að hann hefur ekkert við það að athuga, þótt þessi endurnýjun ríkisábyrgðarinnar fari fram, enda stendur 1. veðréttur fyrir þessu innlenda láni. En er Laxárvirkjunin var stækkuð, var tekin 2½ millj. kr. að láni gegn 2. veðrétti, og hæstv. fjmrh. gerir ráð fyrir, að sú aðferð verði viðhöfð hér, að Landsbankinn kaupi danska skuldabréfið og fái því 1. veðrétt og geri svo sérstakan samning við Akureyrarbæ um greiðslu lánsins. Og þar sem telja má Laxárvirkjunina mjög öruggt fyrirtæki með 6000 hestöfl, en skuldir eru tæpar 5 millj. kr., er ekki hægt að telja þetta áhættusama ríkisábyrgð. Og enn fremur má fullyrða, að rekstrarafkoman sé mjög örugg, enda þótt rafmagn á Akureyri sé lágt, og má fullyrða, að fyrirtækið sé fjárhagslega öruggt, — og þar sem 1. veðréttur verður fyrir innlenda láninu, er áhættulítið fyrir ríkið að taka að sér ábyrgðina. Fjvn. er sammála og mælir með, að till. þessi verði samþ. og ábyrgðin leyfð, enda mun Landsbankinn kaupa danska skuldabréfið. Lýk ég þá máli mínu með ósk um, að hv. þm. sé ljós þörf þessa máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 504).

7. Viðlega báta um vertíðir.

Á deildafundum 22. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um athugun á því, hvernig bátaflota landsmanna verði tryggð aðstaða til viðlegu um vertíðir og vermönnum viðunandi aðbúnaður (A. 198).

Á 10. fundi í Sþ., 28. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 11., 24. og 25. fundi í Sþ., 5. des., 5. og 7. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Sþ., 11. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það hefur nú borið nokkuð á því undanfarið, að útgerðarmenn vélbáta eða fyrirtæki, sem gera þá út, hafi átt erfitt með að fá viðunandi aðstöðu til viðlegu á vertíð fyrir bátana. Nú er fyrirhugað að stækka bátaflotann talsvert á næstu missirum, og það hlýtur því að verða að gera ráðstafanir til þess, að menn geti fengið viðunandi viðlegupláss fyrir vélbáta þessa á næstunni. Talsvert mikið af bátum þessum verður sennilega gert út til viðlegu, og jafnvel flestir þessir nýju bátar munu vera miðaðir við það. — Í þessu sambandi þarf að athuga fyrst og fremst hafnarskilyrði. Því er ekki að neita, að talsvert hefur verið gert undanfarin missiri til þess að gera sér grein fyrir, hvaða hafnarbætur eru nauðsynlegastar. Og það eru mál á leiðinni gegnum þingið, sem fjalla um að bæta hafnarskilyrði. Þó sýnist mér nokkuð skorta á, að heildaryfirlit hafi náðst um þessa hlið málsins, og væri þörf á því, að þeir aðilar, sem hér eru nefndir í þáltill., ríkisstj. og Fiskifélag Íslands, bæru betur saman ráð sín en enn hefur orðið um heildarskipun í þessum efnum og gerðu till. um niðurröðun á því, hvernig vinna skuli að hafnarframkvæmdum, til þess að tryggja þetta, sem þáltill. fer fram á. Þess vegna hef ég nú flutt þessa þáltill., að mér virðist, að það hafi ekki enn þá verið gerðar skipulegar heildaráætlanir um þessi efni. Mþn. í sjávarútvegsmálum hafði þessi mál nokkuð með höndum með fyrrv. vitamálastjóra, núv. hæstv. samgmrh. (EmJ), en hafði engan veginn lokið þeim athugunum, sem hún vildi gera, þegar hún var látin hætta störfum. En mér sýnist fara vel á því, að Fiskifélagið í samvinnu við ráðuneytið taki upp starf við rannsókn á þessari hlið málsins.

En nú er hitt kunnara en svo, að hafa þurfi um það langt mál, að það er ekki aðeins aðstaðan til þess að komast að bryggju við sæmileg skilyrði og losa afla upp á bryggju, sem þarf, til þess að útgerð báta geti farið sæmilega úr hendi. Til þess þarf enn fremur sem allra bezta aðstöðu í landi, sem bezt sjóhús og aðstöðu við þau og enn fremur hæfilegar íbúðir fyrir þá, sem að þessum málum eiga að starfa. Nú er almannarómurinn sá, að þessu sé ákaflega áfátt í okkar landi, svo áfátt, að það sé okkur minnkun, að það skuli hafa viðgengizt fram á þennan dag eins og það er. Þá, sem koma í verstöðvarnar, a. m. k. sumar hverjar, hlýtur að reka í rogastanz, þegar þeir athuga þau skilyrði, sem sjómenn á vélbátaflotanum eiga við að búa. Það er ekki hægt að segja, að það séu á nokkurn hátt mannabústaðir, sem þeim er ætlað að vera í um vertíðina, samanborið við þær kröfur, sem nú eru gerðar um íbúðir. Og þau hús, sem vinna á að fara fram í í verstöðvum, eru líka ákaflega ófullkomin. Um þetta hefur mikið verið talað á undanförnum missirum og mánuðum, en litlar framkvæmdir verið gerðar til þess að kippa þessu í lag. Og mér virðist nauðsyn bera til þess að athuga, á hverju stendur í þessu efni, því að svona getur þetta ekki gengið til lengdar. Það er ekki vansalaust fyrir þjóðina í heild, hvernig ástandið er í þessum efnum, að sjómenn skuli búa við slík skilyrði, jafnmikið og þjóðin á undir þeirra starfi. Nú þarf að fá úr því skorið, á hverju stendur um umbætur í þessum efnum, og kynna sér, hverjar eru endurbótafyrirætlanir þeirra fyrirtækja í þessum efnum, sem nú eiga það húsnæði, sem þannig er ófullkomið og sjómenn verða að búa við í viðlegum. Ef þeir aðilar, sem þetta húsnæði eiga, eru á leið með að bæta úr þeim ágöllum, sem á því hafa verið, má kannske segja, að sá þáttur þessara mála sé leystur.

En ef svo væri nú ekki, sem mér finnst, að gera mætti ráð fyrir, nefnilega, að þeir einstaklingar og aðrir, sem hér eiga hlut að máli, reyndust ekki hafa í hyggju að gera þær breyt. á þessum verbúðum, sem nauðsynlegar verða að teljast, þá þarf að gera ráðstafanir af hálfu hins opinbera til þess að breyta um til bóta í þessu efni, og eru þá ýmsar leiðir til, sem ég vildi fá ræddar og athugaðar, og þess vegna hef ég flutt þessa þáltill. Það er til sú leið, sem kalla má neikvæða leið, að setja í lög almenn skilyrði, sem verbúðir þurfi að fullnægja, til þess að leyfilegt sé að nota þær, t. d. eins og um verksmiðjupláss og íbúðir verkafólks og aðrar hliðstæðar. En mér vitanlega eru ekki til neinar reglur um þetta varðandi sjóbúðir eða verbúðir, og er það einkennilegt, að slíkt skuli ekki vera, þegar á það er litið, að löggjöf hefur verið sett um þetta viðkomandi öðrum atvinnugreinum, sem ekki eru þýðingarmeiri fyrir þjóðina, nema síður sé, heldur en þessi atvinnugrein.

Er það þá þægilegt að setja upp svona skýli? Verða þá aðgerðir í þessu efni ekki bara til þess, að nýjar verbúðir verði ekki byggðar, ef setja á reglur um kröfur, sem til þeirra skuli gera, vegna þess að eigendum þeirra þyki ekki einu sinni svara kostnaði að dubba upp á þær, sem til eru, eins og vera þyrfti? Og þá komum við að þessu atriði: Verður það opinbera ekki að hafast eitthvað að beinlínis, til þess að framvegis verði komið á fót nægilega góðum sjóbúðum og verbúðum á þeim stöðum á landinu, þar sem mest er komið undir því, að þessar búðir séu í lagi? Og mér er næst að halda, að málið sé á því stigi, að það reynist nauðsynlegt, að það opinbera hafist eitthvað að í þessum efnum. Og þá koma til greina ýmsar leiðir, t. d. að ætla mönnum, sem ætla að koma upp þessum húsum, lánakjör hliðstæð þeim, sem útvegsmönnum eru ætluð til þess að koma sér upp skipum og annarri aðstöðu við sjávarútveginn. Önnur leið, sem gæti komið til athugunar, væri að líta á byggingar sjóhúsa og byggingar verbúða eins og þátt í hafnargerðum, a. m. k. þar, sem um viðleguhafnir er að ræða, þannig að þær hafnarstjórnir, sem vildu taka rögg á sig og koma upp góðum sjóhúsum og góðum verbúðum og aðstöðu í landi, gætu fengið sams konar stuðning við þær framkvæmdir eins og við hafnargerðirnar sjálfar. Þetta finnst mér mjög til athugunar. En e. t. v. er erfitt að koma þessu fyrir, og það yrði kannske torvelt í framkvæmd, því að um þetta yrði að gera upp á milli viðleguhafna og hinna annarra hafna, þar sem stunduð er sjósókn einungis af bátum, sem eiga heima á staðnum.

Þetta mál hefur komið fram á Alþ. í sambandi við frv. um landshafnir. Þar hefur þessi till. komið fram, sem mér finnst mjög til athugunar.

Það eru auðvitað til fleiri leiðir til úrbóta í þessu efni en ég hef minnzt á og væntanlega mundu þá koma fram við athugun, sem fram færi, ef þessi þáltill. verður samþ.

Það gat auðvitað komið til mála fyrir mig að gera till. um sérstaka tiltekna úrlausn í þessum málum. En mér fannst það ekki vera rétt, því að mér fannst málið vera það yfirgripsmikið og vandasamt, að mér fannst réttara að vekja athygli á því í þáltill.formi og fara fram á það við þingið að fela ríkisstj. í samráði við Fiskifélag Íslands að rannsaka, hverra ráðstafana muni þörf til þess að tryggja bátaflota landsmanna viðunandi aðstöðu til viðlegu um vertíðir og vermönnum viðunandi aðbúnað. Ég geri mér vonir um, að Fiskifélagið gæti betur komið fram við ríkisstj. till. í þessu efni en að mínar till. hefðu getað orðið fullkomnar í þessu efni.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta. Ég geri ráð fyrir, að menn vilji heldur vísa þessari till. til n., og mætti þá fresta umr. og vísa þáltill. til allshn., ef mönnum sýndist svo.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 29. fundi í Sþ., 27. febr., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Sþ., 2. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 198, n. 445).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Allshn. hefur rætt till. á þskj. 198 og orðið sammála um að mæla með, að hún verði samþ. óbreytt. Henni er fyllilega ljós sú nauðsyn, að hægt sé að skapa þá möguleika fyrir báta, að þeir geti stundað veiðar frá öðrum stöðum en þar, sem þeir eiga heima. En óhætt er að segja, að mikið brestur á, að aðbúnaður báta þeirra, sem fara að heiman, sé góður, en hins vegar er eftir að rannsaka, hvernig þessu verður bezt fyrir komið.

Sé ég svo enga ástæðu að ræða þetta mál frekar, enda var það rætt nokkuð við fyrri umr. Það er knýjandi þörf að rannsaka, hvernig bót verður ráðin á málum þessum.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 505).

8. Hveraorka á Reykhólum.

Á deildafundum 4. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsókn hveraorku á Reykhólum (A. 395).

Á 24. fundi í Sþ., 5. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 26. fundi í Sþ., 11. febr., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Hér er önnur till. á þskj. 395 um að fela ríkisstj. að láta rannsaka, hvort unnt sé að fá nægilega hveraorku á Reykhólum til þess að framleiða rafmagn

fyrir væntanlegar stofnanir þar og nærliggjandi sveitir. Og skipulagsnefnd atvinnumála hefur lagt til, að sett verði á stofn saltvinnslustöð á Reykhólum. Nú hefur Alþ. ákveðið, að reist verði tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum, og einnig má búast við, að þar komi skóli á næstu árum og ef til vill stofnað til frekari framkvæmda. En þó ekki væri nema tilraunastöðin ein, þá þarf rafmagn. Ég tel ekki nauðsynlegt, að þetta mál fari til fjvn. Ég vona, að ríkisstj. telji þetta framkvæmanlegt án sérstakrar fjárveitingar. Ég vænti, að málið verði sent til fjvn., og vona, að forseti fái hv. þm. inn til þess að greiða atkv., því að mér er það áhugamál, að þessi till. nái fram að ganga.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég ætla að bera fram eina fyrirspurn í sambandi við saltvinnsluna og fyrirhugaða rafveitu á Reykhólum, hvort hv. flm. er kunnugt um, að vatnsmagnið hafi verið mælt þarna, og hvort honum sé kunnugt um niðurstöðu þeirra mælinga, því að ég geng út frá því sem gefnu, að hann viti það.

Flm. (Gísli Jónsson): Ég viðurkenni, að ég veit ekki um niðurstöður rannsóknanna, en ef þær liggja fyrir, þá ætti að vera hægt að fá um það upplýsingar. Till. mín fer einungis fram á, að þessar rannsóknir verði gerðar, en enn þá hafa engar boranir farið fram á Reykhólum. En það má ekki dragast, að rannsókn fari fram á þessu, svo að ekki sé farið að kosta upp á aðrar virkjanir þar, sem yrðu bæði kostnaðarsamar og ófullnægjandi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 28. fundi í Sþ., 21. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 31. fundi í Sþ., 8. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 395, n. 510).

Frsm. (Jón Sigurðsson): N. hefur athugað þetta mál og leggur til, að till. eins og hún liggur fyrir verði samþ.

Ég sé ekki ástæðu til að fara að rekja þá grg., sem fylgir þessari till., og þær ástæður, sem hv. flm. gerði grein fyrir hér í Sþ., er hann reifaði málið. Það er ekki ástæða til þess að fara að endurtaka það, en ég skal aðeins taka það fram, að jafnhliða því, að n. athugaði þessa till., þá var leitað álits rafmagnseftirlits ríkisins, og það hefur tjáð sig reiðubúið til að framkvæma þær rannsóknir, sem till. fer fram á.

Ég vil svo f. h. n. mæla með því, að till. verði samþ. eins og hún liggur fyrir.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hv. n. fyrir skjóta afgreiðslu þessa máls og þá tilhögun, sem hún hefur haft á afgreiðslu þess.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 534).

9. Slysavarnafélag Íslands.

Á 30. fundi í Sþ., 2. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um ábyrgð á láni fyrir Slysavarnafélag Íslands (A. 496).

Á 31. fundi í Sþ., 8. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Fjvn. hefur borizt erindi frá hæstv. ríkisstjórn, þar sem farið er fram á, að n. beri fram till. til þál. um ábyrgð á láni fyrir Slysavarnafélag Íslands til að láta gera við mótorskipið Sæbjörgu. Óskar hæstv. ríkisstj. eftir því, að Alþ. gefi henni heimild til þess að ábyrgjast allt að 400 þús. kr. lán til endurbóta á þessu björgunarskipi, enda fái ríkisstj. frá eigendum skipsins, sem er Slysavarnafélag Íslands, þær tryggingar fyrir skilvísri greiðslu lánsins, sem ríkisstj. geti metið gildar.

Fjvn. hefur athugað þessa þáltill. ásamt grg., sem fylgdi með frá ríkisstj., og rætt við þann hæstv. ráðh., sem þetta mál heyrir undir, sem er félmrh. Og hefur fjvn., að þeirri athugun lokinni, fallizt á að bera þessa þáltill. fram og mæla með því, að hún verði samþ. En þegar till. var endanlega afgr. í n., var hv. 7. þm. Reykv. fjarverandi vegna veikinda og gat því ekki tekið þátt í endanlegri afgreiðslu n. á málinu.

Eins og mönnum er kunnugt, er björgunarskipið Sæbjörg eign Slysavarnafélags Íslands. Þetta skip hefur um átta ára skeið stundað björgunar- og gæzlustörf hér við land. Á hverri vertíð hefur skipið verið hér við Faxaflóa, en á öðrum tímum árs hefur það verið annars staðar við landið. Árangurinn af starfsemi þessari hefur verið slíkur, að skýrslur sýna, að skipið hefur á þessum átta árum liðsinnt samtals 224 skipum með samtals 1257 manna áhöfn. Það verður náttúrlega ekki fullyrt, að skipið hafi bjargað lífi allra þessara manna eða bjargað öllum þessum skipum, þó að það hafi liðsinnt þeim. En fullyrða má þó með vissu, að talsverður hluti af þessum skipum og mannslífum, sem þarna er um að ræða, mundi hafa farizt og verðmæti spillzt, ef ekki hefði notið við hjálpar skipsins. Það má því segja, að þarna hafi verið um svo þýðingarmikið starf að ræða, að ekki verði virt eða metið til fjár. Má því slá föstu, að íslenzka þjóðin, og ekki sízt sjómannastéttin, standi í mikilli þakkarskuld við þá menn, sem hafa haft forgöngu að kaupum þessa skips og úthaldi. — Hins vegar hefur komið í ljós, að þetta skip er að ýmsu leyti ekki svo hentugt sem skyldi til þeirrar starfsemi, sem það hefur verið notað til. Skipið er bæði of lítið og vél þess sérstaklega ekki eins kraftmikil og æskilegt væri og nauðsynlegt er til þess að

aðstoða og draga til hafnar stór skip, og þá sérstaklega ekki í stormi og stórsjó. Og er talið víst, að þessir ágallar muni ekki hvað sízt koma í ljós nú, þegar verið er að ráðast í að byggja stærri skip til veiða, sérstaklega hér við Faxaflóa, heldur en áður. Það er því talin á því hin mesta nauðsyn að stækka Sæbjörgu sjálfa og vél hennar, til þess að skipið geti komið að tilætluðum notum, auk þess sem nauðsynlegt er, að fram fari á skipinu ýmsar aðrar endurbætur og viðgerðir. Slysavarnafélagið hefur látið gera um það allýtarlega áætlun, hvað þessar endurbætur skipsins mundu kosta, og er talið, að ef sett er ný 325 hestafla vél í skipið og það er lengt um 4½ metra, auk ýmissa annarra breytinga, mundu slíkar endurbætur og viðgerðir á skipinu kosta um 400 þús. kr. Fjárhagur Slysavarnafélags Íslands er hins vegar ekki þannig, að félagið geti ráðið við þetta hjálparlaust, og hefur félagið því leitað aðstoðar ríkisstj. til þess að koma þessu í framkvæmd. Hafa tekizt samningar á milli Slysavarnafélags Íslands og hæstv. ríkisstj. um það, að ríkisstj. taki að sér að ábyrgjast fyrir hönd félagsins allt að 400 þús. kr. kostnað við þessar endurbætur og viðbætur á Sæbjörgu, enda fái ríkisstj. þær tryggingar, sem hún telur gildar. Og hefur þegar verið samið um það, að þær tryggingar skuli vera fyrst og fremst veð í sjálfu skipinu, en auk þess fái ríkisstj. leigusamning við eigendur skipsins til 15 ára, og skulu afborganir og vextir af þessum 400 þús. kr. árlega ganga upp í viðgerðarkostnaðinn, 400 þús. kr., þar til það er að fullu greitt á 15 árum, þannig að leigan og þessi viðgerðarkostnaður eiga að mætast á þessum tíma. Má telja, að með þessum samningi sé vel fyrir því séð, að ríkið fái ekki neitt áfall af þessu og að leigunni sé þó fullkomlega í hóf stillt.

Á þessum samningi, sem þannig hefur verið gerður, er nú af hálfu ríkisstj., fyrir milligöngu fjvn., leitað staðfestingar. Og mælir fjvn. fyrir sitt leyti með því og hefur gengið inn á að flytja þessa þáltill. samkv. ósk hæstv. ríkisstjórnar. Fyrir hönd fjvn. legg ég því til, að þessi þáltill. verði samþ. og hún látin ganga leið sína til síðari umr.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til síðari umr.

Of skammt var liðið frá fyrri umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 535).

---

10. Ávarpsheiti kvenna og karla.

Á deildafundum 13. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um ávarpsheiti kvenna og karla (A. 408).

Á 28. fundi í Sþ., 21. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 29. fundi í Sþ., 27. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Sþ., 2. marz, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég býst við, að orð eitt, sem áður var algengt, sé ekki alveg gleymt, þótt víða sé það horfið, enda hefur það ekki sömu þýðingu og áður fyrr. Það er orðið *bróðurpartur*. En það er þannig til komið, að fyrr á öldum var tízka, að systir erfði minna en bróðir. Vitað er, að fram úr öldum höfðu konur minni lagalegan rétt en karlar. Af þessu hefur leitt ýmsan órétt, þótt mikið hafi lagazt á síðari árum, a. m. k. á Vesturlöndum. Menn hafa séð, að það er ekki réttlátt, að hlutur systur sé gerður minni en hlutur bróður. Ég hef hér minnzt á atriði, sem er þess virði, að því sé veitt eftirtekt. Að vísu má það teljast lítið, en ég tel það þó nokkru skipta og einn lið í jafnréttisbaráttu kvenna.

Eins og ég hef gert grein fyrir í grg. þáltill., er að ýmsu leyti særandi og niðrandi fyrir konur, að um þær séu mörg ávarpsheiti, eftir því, hvort konan er gift eða ógift o. s. frv., þar sem hins vegar er aðeins eitt um karla. Mjög margar konur geta varla litið utan á bréf til sín án uggs um, að ávarpsheitið kunni að vera eitthvað móðgandi, óviðeigandi.

Ég segi, að gert er ráð fyrir að hafa virðulegasta ávarpsheitið, sem kemur jafnvel fram í ritum Snorra. En margir hafa haldið því fram, að það sé óviðkunnanlegt. Leiðinlegt er, segja sumir, að ekki sjáist, hvort konan er gift eða ógift. En um karla er þetta öðruvísi.

Þessi hugsunarháttur er leifar frá þeim tíma, er konur voru lægra settar og höfðu minni rétt en karlar.

Þegar svo háttar til, að konur sækjast eftir sjálfstæðri atvinnu og giftast ekki, en þannig er það um margar þeirra, þá er hætt við, að þær séu sérðar vegna ávarpsheita. Þessu er ekki auðvelt að breyta með venju. Ég hef ekki trú á því. Kemur hér ýmislegt til greina.

Mér hefur verið sagt, að hér í bænum hafi fyrir skömmu verið beitzt fyrir því meðal kvenna, að sama ávarpsheiti skyldi notað um þær allar. En þessi samtök komu konum ekki að neinu haldi. Ég tel heppilegra, að þessu sé breytt með lagaboði. Held ég, að ekki verði svo mjög skiptar skoðanir um þetta.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar og vænti þess, að till. verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 34. fundi í Sþ., 19. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 19:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GSv, IngJ, JJ, JörB, LJóh, PHerm, PZ, PÞ, SigfS, SG, SEH, SK, STh, SÞ, StJSt, ÞB, BG, BK, JPálm.
nei: GJ.
GTh, HermJ, IngP, JS, ÁS, LJós, PO, SkG, ÞÞ, BÁ, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GÞ greiddu ekki atkv.
17 þm. (GÍG, HB, HG, HelgJ, JJós, MJ, ÓTh, PM, SB, StgrA, SvbH, ÁkJ, ÁÁ, BSt, BBen, BrB, EE) fjarstaddir.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 587).

11. Vatnsveita Stykkishólms.

Á deildafundum 22. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um ríkisábyrgð á láni til vatnsveitu Stykkishólms (A. 196).

Á 10. fundi í Sþ., 28. nóv., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 11. fundi í Sþ., 5. des., var till. aftur tekin til fyrri umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 27 shlj. atkv.

A 33. fundi í Sþ., 15. marz, var till. tekin til síðari umr.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Till., sem hér liggur fyrir til síðari umr., er um heimild fyrir ríkissjóð að ábyrgjast 500 þús. kr. lán fyrir vatnsveitu Stykkishólms. Þetta mál hefur áður verið reifað hér á þingi, bæði í sambandi við fjárl. og í sambandi við till., sem ég flutti með hv. þm. Vestm. um vatnsveitur. Eins og mörgum er kunnugt, er hér um mjög mikið nauðsynjamál að ræða, sem krefst úrlausnar fljótt. Gangur þessa máls er á þá leið, að eftir að felldar voru till. um styrk ríkisins til þessa, sneri oddviti Stykkishólmshrepps sér til nýbyggingarráðs með bréfi 4. apríl 1945. Síðar ræddu fulltrúar hreppsins við nýbyggingarráð um þetta mál, og að þeim viðræðum loknum taldi nýbyggingarráð hér vera á ferðinni svo mikið og aðkallandi nauðsynjamál, að það skrifaði formönnum þingflokkanna bréf, dags. 29. maí 1945, og með leyfi forseta ætla ég að lesa kafla úr þessu bréfi. Þar segir svo meðal annars:

„Íbúarnir eru um 700 manns. Í kauptúninu er sjúkrahús með milli 40 og 50 rúmum, 2 hraðfrystihús, ein skipasmíðastöð, eitt húsgagnaverkstæði og eitt vélaviðgerðarverkstæði. Dráttarbraut er að verða fullbúin og beinamjölsverksmiðja er fyrirhuguð. Þorpið er í örum vexti, t. d. 10 hús í smíðum sem stendur. En þarna er ekkert drykkjarvatn annað en það, sem sækja verður á kerrum og bílum langar leiðir að. Auk þess er það vatn, sem þarna næst, mjög slæmt talið. Með því að leggja 10 km. langa vatnsleiðslu að þorpinu má fá ágætt drykkjarvatn, og er aðkallandi þörf á slíkri leiðslu tafarlaust."

Þá hef ég líka hér svarbréf flokkanna, sem öll eru mjög á sömu leið. Bréf miðstjórnar Sjálfstfl. er á þessa leið, með leyfi forseta: „Í tilefni af bréfi hv. nýbyggingarráðs, dags. 29. maí þ. á., varðandi vatnsveitumál Stykkishólms, hefur miðstjórn Sjálfstfl. samþ. að styðja till. á næsta Alþ. um, að ríkið ábyrgist allt að 500 þús. kr. fyrir hreppsnefnd Stykkishólms vegna vatnsleiðslu þeirrar, sem fyrirhuguð er í kauptúninu."

Svör hinna flokkanna eru mjög á sömu leið. — Eftir þessar undirtektir þingflokkanna ritaði svo nýbyggingarráð oddvita hreppsins bréf, dags. 23. júlí 1945, þar sem ráðið tilkynnir honum þessar undirtektir, sem það væntir, að verði nægilega trygg undirstaða til þess að byggja á.

Eftir þessar yfirlýsingar og fyrirheit hefur hreppurinn hafið aðgerðir í málinu, með þeirri von og vissu, að málið gangi að óskum. Ég gerði ráð fyrir, að þetta mundi ganga mjög skjótt, en raunin hefur ekki orðið sú. Þetta mál var lagt fyrir fjvn. í nóvember síðastliðnum, en hefur ekki fengizt afgr. frá henni þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Af þessum ástæðum taldi ég mig til neyddan að fara þess á leit við forseta að taka málið fyrir áður þess að nál. lægi fyrir. Í viðtali við form. fjvn. bar hann því við, að í undirbúningi væri heildarfrv. um vatnsveitur í kauptúnum, og taldi eðlilegt, að þetta frv. biði eftir því. Það er ekki vegna þess, að ég sé á móti heildarlöggjöf um þetta efni, þvert á móti, en ég tel, að þetta mál þoli enga bið. Þorpið er svo illa statt hvað neyzluvatn snertir, að brýn nauðsyn er að bæta úr því, auk þess sem þegar eru hafnar framkvæmdir á þeim forsendum, sem áður hefur verið lýst. Ég vænti því, að þingheimi sé ljóst, að þetta mál þolir enga bið, og vænti, að till. verði samþ.

Gísli Jónsson: Ég vil út af ummælum hv. þm. Snæf. algerlega mótmæla þeirri staðhæfingu, að máli þessu hafi ekki verið sinnt í fjvn. Sannleikurinn er sá, að drátturinn, sem orðið hefur á þessu máli, er allur honum sjálfum að kenna, því að hann hefur ekki fyrr en nú gefið neinar verulegar upplýsingar um málið. Í sambandi við þetta vildi ég benda á það, að það eru fleiri en þetta eina mál, sem liggja fyrir um styrk til vatnsveitna. Það er einnig annað mál, á þskj. 143, um ríkisábyrgðarlán til vatnsveitu í Keflavík, og fjvn. er ljóst, að sé farið inn á þá braut að samþ. með þál. lán eða styrki út í bláinn fyrir eitt hérað, jafnvel þótt það sé nauðsynlegt, þá er komið inn á þá braut, sem ekki verður stöðvað sig á fyrr en búið er að setja fullkomna löggjöf um þetta mál. En þrátt fyrir þetta hefði fjvn. verið fús til að taka málið til umr., ef ekki hefði staðið á

hv. flm. að gefa upplýsingar, sem hann fyrst virðist geta lagt fram í dag, meðal annars það, að þetta kostar 650000 kr. Fjvn. hefði gjarnan viljað fá að vita, hvernig áætlaður væri rekstrarkostnaður þessa fyrirtækis og hvernig tryggja eigi þetta. Allt voru þetta upplýsingar, sem fjvn. þurfti að fá, en hv. þm. Snæf. hefur ekki viljað láta af hendi eða ekki nennt að afla. — Að fengnum þessum upplýsingum vil ég óska þess, að umr. sé frestað og málið tekið af dagskrá og fjvn. verði gefið tækifæri til þess að fá þessar upplýsingar skjallega frá hv. þm. Snæf. og fleiri þær upplýsingar, sem n. vill fá, og þegar þær liggja fyrir, mun n. gefa út álit um þetta mál. annaðhvort í heild eða klofin, eins og venja er til. N. vill að sjálfsögðu í jafnmikilsverðu máli og þessu marka ákveðna línu, því að fari þessi till. svona í gegn, þá er útilokað annað en það hópist inn till. í stórum stíl, till. sama eðlis. Meðal annars hafa áður verið hér á ferðinni svipaðar till. um Grímsey, Glerárþorp og Vestmannaeyjar og munu koma víðar að af landinu.

Ég læt þetta svo nægja, en vil óska eftir, að hæstv. forseti málsins vegna fresti umr. og gefi fjvn. tækifæri til að gefa út nál.

Forseti (JPálm): Ég vil heyra svör hv. flm. viðvíkjandi þessari ósk.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Út af síðustu ummælum hv. þm. Barð., um að hin aðþrengda fjvn., sem í nærri 3 mánuði hefur ekki haft tíma til að afgr. þetta mál, fái frest til þess, vil ég mótmæla því, að þessu máli verði frestað til þess að setja það aftur í hendur fjvn. Ég býst við, að hver þm. geti skilið það, að n., sem svo hefur vanrækt starf sitt að liggja á þessu máli, undir forustu form., síðan 5. des., hefur ekki nokkurn rétt á því að krefjast þess, að málinu verði frestað til þess að hún taki það til meðferðar. Að öðru leyti verð ég að segja það, að mig furðar stórlega á ummælum hv. þm. í ræðu hans nú, ekki síst vegna þess, að út af fyrir sig var fullt samkomulag á milli okkar um aðalatriðið í þessu máli, sem sé að fá heildarlöggöf um stuðning við vatnsveitur. Nú segir hv. þm., að það, að málið hafi dregizt í n., sé eingöngu að kenna vanrækslu þm. Snæf., hann hafi aldrei lagt fram fullnægjandi upplýsingar í þessu máli. Ég verð að segja það, að hv. þm. er ekki klígjugjarnt. Hann veit vel, að hvorki hann né n. hafa beðið mig um upplýsingar og kostnaðaráætlunin, sem ég hef ekki sýnt, liggur fyrir í þskj. og grg. fyrir þeirri brtt., sem ég flutti um þetta í fyrra, sem sé, að það eigi að nota 650000 kr. í þessu skyni. Ég veit, að þessi hv. þm. les þingskjöl mjög samvizkusamlega, og þess vegna undrar það mig mjög, að þetta skuli hafa farið fram hjá honum. Hv. fjvn. hefur aldrei óskað eftir frekari upplýsingum í þessu máli en þeim, sem eru í grg., annars hefði henni verið það velkomið að fá þær, en ég hélt, að það væri nóg, enda hefur form. n. aldrei imprað í þá átt. Hann sagði við mig, að hann vildi ekki afgr. þetta mál eitt út af fyrir sig, og tjáði ég mig reiðubúinn til samvinnu um það. Hitt er svo annað mál, að mér hefur ekki verið falið að semja þessa löggjöf, það hefur verið unnið að því af vegamálastjóra. Hv. þm. sagði: „Það er samkomulag um það við hv. þm. Snæf. að geyma þetta mál." Ég held, að ég þurfi varla að svara þessu. Hvers vegna skyldi ég viku eftir viku hafa verið að hamra á því, að n. skilaði áliti, hefði mér verið sama. Nei, þetta er of ósennilegt til að nokkur trúi því. Ég þarf ekki að bæta miklu við, en skal þó aðeins endurtaka það, að þessi fullyrðing hv. þm. Barð. fær hvergi staðizt. Ég skal viðurkenna, að mér og nýbyggingarráði hefur orðið á ein alvarleg yfirsjón, og hún er sú, að um leið og leitað var umsagnar stjórnmálaflokkanna í landinu, þá skyldi vera leitað persónulegrar umsagnar hv. þm. Barð., og þess verður málið nú að gjalda.

Gísli Jónsson: Ég get fullvissað hv. þm. Snæf. um það, að þm. Barð. ber meiri velvilja til málsins en svo, að þetta gæti ráðið úrslitum. En hv. þm. Snæf. hefur hvað eftir annað sagt mér, að það þyrfti ekki að afgr. till., því að hann væri að bera fram málið. Eins og ég tók fram áðan, er það ekki annað en brosleg atkvæðahræðsla, sem kemur honum til þess að hefja hér umr. um þetta mál, frekar en umhyggja fyrir hagsmunum sýslunnar. Ég óskaði þess meðal annars í gær, að hv. þm. kæmi til n. til þess að ræða við okkur um brtt., sem ég hafði búið út og hefði kannske viljað ræða við hann. Þá rauk hann upp með rosta og sagðist skyldi sýna fjvn., að það þyddi ekki fyrir hana að setja sig upp á móti málinu, því að hann hefði alla flokkana í rassvasanum. Ef hv. þm. Snæf. heldur, að svona eigi að fara að við alvarlegt mál, þá held ég, að honum veiti ekki af að ganga í skóla. Ég óska þess, að hæstv. forseti beri það undir atkv., hvort fresta eigi málinu og láta n. fá tækifæri til þess að gefa út nál. áður en þessari umr. er slitið, því að fái n. ekki að fjalla um málið, mun ég bera fram brtt., því að n. telur ekki undir neinum kringumstæðum sæmandi að láta till. fara svona áfram, þótt hún hafi ekki getað fengið hv. þm. Snæf. til að tala við sig um málið.

Forseti (JPálm): Áður en ég ber undir atkv., hvort fresta eigi málinu, vil ég víkja þeirri spurningu til hv. form. fjvn., hvort hann vill lofa því að hafa til nál. fyrir næsta fund.

Eysteinn Jónsson: Ég vildi fara fram á það, að ég væri fríaður við að greiða atkv. um það, hvort mál þetta eigi að vera á dagskrá einum eða tveimur dögum fyrr eða síðar. Ég vildi skora á hæstv. forseta að taka nú til sinna ráða og ákveða meðferð málsins og gæta þess, að málið verði ekki látið daga uppi. Ég vil lýsa yfir mínum stuðningi við þetta mál og teldi það fullkominn vansa fyrir þ., ef málið væri látið daga uppi og það fengi ekki góða afgreiðslu. Ég held, að hv. þm. Snæf. geti verið alveg rólegur um þetta mál, og ég vildi stinga upp á því við hæstv. forseta, að hann ákveði, án nokkurrar atkvgr., að þetta mál fái afgreiðslu upp úr helginni. Þá hafa allir tækifæri til að leggja fram sínar uppástungur. Mér finnst óviðkunnanlegt, að þm. þurfi að fara að greiða atkv. um meðferð málsins.

Gísli Jónsson: Ég vil aðeins í tilefni af fyrirspurn hæstv. forseta tilkynna, að ég læt ekki hæstv. forseta setja mér tímafrest um það, hvenær ég afgreiði málið. Ég er ekki þekktur að því að halda málum lengur en nauðsynlegt er. Ég mun leggja málið fyrir n. á fyrsta fundi hennar, en óska eftir, að n. geti fengið tíma til þess að gefa út nál. Get ég engu svarað um það, hvort það verður gert á morgun eða ekki, og þá sérstaklega vegna þess, að það er ekki n. sök, það er sök hv. flm., að málið er ekki komið lengra.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Ég vil aðeins taka það fram, að þessi skemmtilegu ummæli, sem hv. þm. Barð. hafði eftir mér, um afstöðu mína til flokkanna, er þvættingur einn. Að öðru leyti vil ég taka það fram, að ég fæ ekki séð, að till. hv. þm. Barð. um að vísa málinu til fjvn. fái staðizt. Málinu hefur verið vísað til fjvn. og er því hjá henni, en n. hefur dregið að skila áliti. Ég vil því mótmæla því, að farið verði að fresta málinu til þess að n. tefji það enn meira en orðið er. N. hefur haft málið hjá sér síðan 5. des. og ekki skilað áliti þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir. En út af fyrir sig get ég vel skilið þá afstöðu form., að hann vilji ekki afgr. málið eitt út af fyrir sig. En ef þessu máli er frestað nú, þá þýðir það það, að form. n. mun beita sér fyrir því, að málið verði ekki afgr. fyrr en heildarlöggjöf liggur fyrir. Ég vil því eindregið skora á hæstv. forseta og þm. að stuðla að því, að gengið verði til atkv. um málið nú. Þetta mál er mjög aðkallandi nú og verður það enn meir með hverjum deginum sem líður, því að það þarf að fá afgreiðslu til þess að fjmrh. geti formlega gengið frá þessari ábyrgð.

Eysteinn Jónsson: Ég vildi aðeins benda hv. þm. Snæf. á það, að mér fyndist, að það væri auðvelt af hans hendi að fallast á það, að málið verði afgr. eftir helgi, því að alþm. hafa ekki séð neitt nál. um þetta mál og hafa fyrst heyrt umr. um efni málsins í dag. Mér finnst því, að hann ætti ekki að taka það svo óstinnt upp, þó að málið yrði ekki afgr. fyrr en eftir helgi, og held ég, að það yrði málinu til góðs. Ég vil eindregið styðja að því, að málið verði afgr. í aðalatriðum eins og það liggur fyrir.

Forseti (JPálm): Mér virðist, að hv. fjvn. hafi haft nægilegan tíma til afgreiðslu á þessu máli. En þar sem fyrir virðist liggja almennur vilji fyrir því, að þetta mál fái afgreiðslu, þætti mér skemmtilegast, að það gæti verið með samkomulagi. Skal ég því fresta afgreiðslu málsins að þessu sinni, en það verður tekið til afgreiðslu á næsta fundi í trausti þess, að þá verði komið álit frá hv. fjvn. En verði það ekki, verður málið þá tekið til fullnaðarafgreiðslu. Ég tek því málið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 34. fundi í Sþ., 19. marz, var fram haldið síðari umr. um till. (A. 196, n. 569).

Frsm. (Gísli Jónsson): Til fjvn. var send till. á þskj. 196, um ríkisábyrgð á láni til vatnsveitu Stykkishólms. N. ræddi þetta mál á nokkrum fundum, en áður en það væri afgr., átti að fá upplýsingar um rannsóknir á vatnsleiðslu til þorpa og kauptúna og hvað löggjöf þeirri liði, er væri í undirbúningi um þetta efni. Einnig átti að athuga, hvort hugsanlegt væri, að það frv. yrði fram borið á þessu þingi. Þegar kom í ljós, að frv. um þetta efni mundi að líkindum ekki koma fyrir þetta þing, leitaði n. gagna um, hvernig þessi vatnsveita væri fyrirhuguð og hver væri kostnaðaráætlun hennar, og einnig, á hvaða stigi stæði með efniskaup. N. hafði fengið þær upplýsingar hjá vegamálastjóra, að 11 kauptún í landinu með 4 þús. íbúa hefðu fullnægjandi vatnsveitur, en 15 kauptún með 8 þús. íbúa hefðu ófullnægjandi vatnsveitur og 6 kauptún með 1810 íbúa notuðust enn við brunna og af þeim væri Stykkishólmur einna verst settur. Þegar n. hafði fengið upplýsingar um kostnaðaráætlun og fengið þær upplýsingar, að fest hefðu verið kaup á rörum í Englandi, ræddi hún við oddvita kauptúnsins, sem upplýsti, að safnazt hefði milli 70 og 80 þús. kr. heima fyrir, sem ætlaðar væru til innlagningar í þorpinu. Við athugun á kostnaðaráætluninni komst n. að þeirri niðurstöðu, að hún mundi of lágt áætluð, einkum að vatnsgeymar væru of litlir, en stærri vatnsgeymar allmiklu dýrari. N. leggur því til, að ábyrgðarheimildin verði hækkuð úr 500 þús. kr. upp í 600 þús., til að fyrirbyggja, að hreppurinn lenti í vandræðum með hærra lán en farið var fram á ábyrgð fyrir. Það þótti rétt að setja það skilyrði, að verkið yrði framkvæmt undir eftirliti manns, sem ríkið viðurkenndi. — Eftir þessa breyt. var fjvn. sammála um, að málið yrði samþ.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég get ekki annað en verið ánægður yfir nál. og till. hv. fjvn. um þetta mál. Hún fellst á nauðsyn þess og vill ekki aðeins samþ. þá ½ millj. kr. ábyrgð til vatnsveitunnar, heldur vill hún hækka ábyrgðina upp í 600000 kr. Ég vil því lýsa ánægju minni yfir því, að málið er komið á svo góðan rekspöl. Er bersýnilegt, að ef hæstv. forseti hefði ekki orðið við beiðni minni um að taka málið á dagskrá s. l. föstudag þrátt fyrir mótmæli hv. form. fjvn., þá væri málið ekki svo langt á veg komið.

Það ætti ekki að þurfa að ræða málið frekar, því að það hefur verið útlistað það rækilega. Ég kemst þó ekki hjá því að benda á, að með þessu nál. eru hraktar vissar staðhæfingar, sem slegið var föstum hér á síðasta fundi af hv. þm. Barð., og það er vissulega ánægjuefni, þegar hægt er að hrekja staðlausar staðhæfingar, og ánægjulegast er þó, þegar þeir gera það sjálfir, sem hafa haldið þeim fram. Ég hélt því fram í þeim umr., að form. fjvn. hefði ekki viljað afgr. þetta mál sér, heldur bíða eftir heildarlöggjöf. En hann hélt því fram, að það hefði ekki verið n. sök, að málið hefði dregizt, ég hefði beðið n. að geyma málið. Með nál. eru svo þessar fullyrðingar hv. þm. hraktar af honum sjálfum, og þar með er sannað það, sem ég hef haldið fram. Þm. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Taldi n. rétt

að bíða með afgreiðslu þáltill." Og síðar: „Þótt n. hefði kosið, að hægt hefði verið að geyma afgreiðslu þessa máls" o. s. frv. Með öðrum orðum, það er viðurkennt, að það var tilgangur n. að geyma málið og afgr. það ekki eins og ég fór fram á. — Í öðru lagi var því slegið fram af hv. þm., að mál þetta væri ekki nógu vel undirbúið. Nú er í nál., sem er samið af hv. þm., ekki aðeins viðurkennt, að málið hafi verið vel undirbúið, heldur er þar líka skýrt frá kostnaðaráætlun, sem vegamálastjóri hefur gert. Að vísu er það rangmæli, því að núverandi hafnarstjóri samdi þá áætlun, en hún er undirskrifuð af honum og vegamálastjóra til samans. Ég vil taka þetta fram, til þess að heiðurinn verði ekki tekinn af þeim manni, sem aðallega á hann skilið í þessu efni. — Í nál. segir, að kostnaður sá, sem þegar er séð fyrir um, sé mjög í samræmi við það, sem áætlað var. — Í öðru lagi viðurkennir n., að málið sé vel komið á veg, þar sem hreppurinn hafi fest kaup á pípum, en það var aðalástæðan fyrir því, að ég krafðist þess, að málið yrði tekið á dagskrá s. l. föstudag, að málið stendur og fellur með því nú, að till. sé samþ., til þess að hægt sé að senda efnið frá Englandi.

Ég taldi ástæðu til að láta þetta tvennt koma fram, vegna þess að hv. þm. Barð. bar hér fram vissar staðhæfingar, sem hann hefur nú sjálfur hrakið í nál. Að öðru leyti, um efni málsins, þá get ég vel fellt mig við þessa hækkun, í 600000 kr., en vil aðeins taka það fram, að þetta er ekki nauðsynlegt. Þessu máli er vel borgið í bili með 500000 kr. ábyrgð, eins og gert hafði verið ráð fyrir. En ég legg hins vegar ekkert á móti þessari hækkun, tel hana heldur til bóta. En þessi hækkunartillaga er varhugaverð að vissu leyti, af þeim ástæðum, að þá eru stjórnmálaflokkarnir lausir við þau loforð, sem þeir hafa gefið. En eins og ég skýrði frá síðast, liggur fyrir loforð flokkanna um stuðning við ½ millj. kr. ábyrgð, og því mundu þeir lausir við það loforð vegna þeirrar hækkunar, sem hv. fjvn. gerir ráð fyrir. En það er samt von mín, að þingflokkarnir hverfi ekki frá fyrirheiti sínu um stuðning við þetta mál, þó að þessi hækkun yrði gerð á ábyrgðinni, og tel því sjálfsagt að greiða atkv. með þessari brtt. n.

Frsm. (Gísli Jónsson): Ég hygg, að það sé einsdæmi í þingsögunni, að þm., sem hefur fengið svo vel afgr. mál sitt fyrir sitt kjördæmi, hafi haldið slíka ræðu, eftir að málið hefur verið afgr. eins og hér er gert, sem hann hefur nú haldið. Því að það virðist aðallega vaka fyrir þessum hv. þm. að reyna að telja mönnum trú um, að ég hafi unnið sviksamlega að þessu máli, því að öll ræða hans snerist um það, en ekki um efni málsins. Ég vil leyfa mér að taka það fram, sem er sannleikurinn í málinu, að n. gat ekki afgr. þetta mál vegna vantandi gagna, sem hv. þm. Snæf. vildi ekki eða gat ekki sjálfur útvegað n. Það er sama, hvað oft hann mótmælir því. Ég varð meðal annars fyrir tilmæli hæstv. forseta að klára þetta mál fyrir ákveðinn tíma og varð að níðast á vegamálastjóra á sunnudegi til þess að fá þessi gögn frá honum, sem hv. þm. Snæf. hefur kannske aldrei lesið. Hann virðist vera andvígur því, að ábyrgðin sé hækkuð upp í nauðsynlega fjárhæð til þess að geta lokið verkinu. Af því að till. kemur frá fjvn., óskar hann helzt eftir því, að hans till. verði nú samþ., um 500000 kr., og væri þá rétt, að það kæmi fram, að hann óski eftir því, að sú till. verði samþ. Það væri í samræmi við þá ræðu, sem hann hélt hér um þetta mál. Hann segir, að ég hafi staðfest það, að ég hafi farið með rangt mál. Öll skjöl sanna, að málið var ekki nægilega undirbúið, og það, að n. afgr. ekki málið fyrr, kom af því, að það var fullt samkomulag milli mín og hv. þm. Snæf. um að geyma málið þar til hann væri búinn að koma fram þeirri löggjöf um vatnsveitur, sem hér hefur verið rætt um. En n. hefði þótt miklu betra, að þetta hefði verið gert, þó að löggjöf hefði ekki verið samþ. á þessu þ., að frv. hefði komið fram, til þess að hún hefði haft það sem leiðarvísi um það, í hverja átt hún ætti að leggja til, að farið yrði um þessa ábyrgð. Þetta kom ekki fram, og það er einungis fyrir skilning n. á málinu, en ekki fyrir tilmæli hv. þm. Snæf., að málið fær svo góða afgreiðslu nú. Það hefur t. d. verið afgr. annað mál hliðstætt hér í dag, um Keflavík, þar sem þm. viðkomandi kjördæmis beitti allt öðrum starfsaðferðum en þessi hv. þm.

Ég vil svo að lokum beina því til hæstv. stj., að það er mjög aðkallandi mál að setja hér löggjöf um vatnsveitur á Íslandi, því að eins og þessi gögn bera með sér, eru margir staðir þannig settir, að algerlega er óviðunandi í þessum efnum, og verður ekki hægt að láta það bíða lengur. Vegamálastjóri leggur á það áherzlu, að sem fyrst verði horfið að því að marka ákveðna stefnu í þessum málum. En það þarf alveg sérstaklega að breyta l. um vatnsskatt, en eftir því, sem tal féll hjá hv. þm. Snæf., skildist mér, að hann færi ekki að ráðast á þá löggjöf samfara því að eiga að búa þessa til, því að hann lét þau orð falla í samtali við mig, að ekki nægði löggjöf um aðstoð við vatnsveitur, heldur þyrfti að breyta löggjöfinni um vatnsskatt. Vill hann sjálfsagt mótmæla þessu eins og öðru, sem við ræðum. Það er hlægilegt að halda því fram, að það sé rangt hjá mér, að vegamálastjóri hafi gert þessa áætlun. Hann hefur sent mér áætlunina undirskrifaða af sér. Svo heldur hv. þm. Snæf. því fram, að það sé rangt. Hverjir hafa reiknað út tölurnar, veit kannske hv. þm. Snæf., en undskrift vegamálastjóra er hér og útreikningarnir frá okt. 1944. En þetta sýnir bezt alla málafærslu hans í þessu máli. Ég ætla alveg að láta hann um það, hvort það sé nauðsynlegt að hækka ábyrgðarheimildina, en honum er þá í lófa lagið að óska eftir því, að þm. svo og hans umbjóðendur segi til um það. Í sambandi við það vil ég benda hv. þm. á, að atvinnutækin í Stykkishólmi hafa aukizt það mikið síðan málið var tekið upp, að í staðinn fyrir 100 tonna geymi þarf a. m. k. 400 tonna geymi til þess að geta látið í té nægilegt vatn til þessara fyrirtækja, sem hv. þm. Snæf. veit ekki um, að til séu í Stykkishólmi, t. d. frystihús og útgerðarverzlun, sem n. fannst, að taka þyrfti til athugunar þegar málið væri afgr. Ég ætla ekki að deila meira um þetta mál. Það er sjáanlegt, að hv. þm. Snæf. gerði sér sem

mest far um að svívirða fjvn. og mig persónulega, en ég ætla ekki að deila um þau atriði hér.

Gunnar Thoroddsen: Í nál. hv. fjvn. er minnzt á frv. um heildarlöggjöf um stuðning við vatnsveitur. Eins og tekið hefur verið fram, fluttum við hv. þm. Vestm. í fyrra till. um að fela stj. undirbúning þessa máls, og hefur vegamálastjóra verið falið að undirbúa frv. um þetta efni. Hv. þm. Barð. talaði nú um þetta mál eins og mér hefði verið falið að semja frv. um vatnsveitur, en mér hefur aldrei verið falið neitt slíkt. Ég vil mótmæla því atriði í nál. hv. fjvn., að það sé sýnt, að frv. um vatnsveitur muni ekki verða lagt fram á þessu þ., því að ég vil vona, að slíkt frv. komi fram á þessu þ., það er aðkallandi mál. Að því er snertir hækkun á vatnsskatti, þá er þar um að ræða breyt. á vatnal., sem vegamálastjóri hefur tilbúna, en það er nauðsynlegt, til þess að vatnsveitur geti staðið undir sér.

Það er svo ekki fleira, sem ég þarf um að ræða í þessu efni. Að því er snertir hækkunina úr 500 þús. í 600 þús. kr., þá sagði ég, að ég mundi greiða því atkv. Ég benti á, að með því að breyta þessu væru flokkarnir lausir frá sínum loforðum, en ég mundi greiða atkv. með till. í trausti þess, að flokkarnir mundu eftir sem áður standa við fyrirheit sín. Hvað það snertir, að málið hafi verið afgr. fyrir brennandi áhuga n., þá vil ég benda á, að það er 3½ mánuður síðan n. fékk málið til meðferðar og hún hafði ekki komizt að niðurstöðu þegar ég krafðist þess, að málið væri tekið á dagskrá. Svo getur hver sem vill ályktað af þessum staðreyndum, hvort það muni vera fyrir brennandi áhuga n. og frsm., að málið er nú loks knúið fram.

ATKVGR.
Brtt. 569 samþ. með 27 shlj. atkv.
Till., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 590).

12. Vatnsveita og holræsagerð í Keflavík.

Á deildafundum 11. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um ríkisábyrgð á láni til vatnsveitu og holræsagerðar í Keflavík (A. 319).

Á 17. fundi í Sþ., 12. des., var till. tekin til fyrri umr.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Eins og þáltill. á þskj 319 ber með sér, er þar farið fram á, að ríkisstjórninni verði heimilað að ábyrgjast lán til vatnsveitu og holræsagerðar í Keflavík, allt að 1500 þús. kr. Varðandi rök fyrir þessu máli læt ég nægja að vísa til grg. Þar er allt tekið fram, er máli skiptir.

Ég vænti, að Alþ. sjái þörf þessa máls og samþ. það. — Vil ég mælast til, að málinu verði að umr. lokinni vísað til fjvn.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 27:1 atkv.
Alþt. 1945. D. (64. löggjafarþing).

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 28:1 atkv. og til fjvn. með 30 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Sþ., 28. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 319, n. 594).

Frsm. (Pétur Ottesen): Herra forseti. Áður hefur verið gerð grein fyrir því í sambandi við annað mál, hvernig standi á drætti málsins hjá fjvn., og bæti ég þar engu við.

N. hefur athugað málið og gengið úr skugga um, að ástæður þær, sem nefndar eru í grg., séu fullkomlega á rökum reistar. Enn fremur hefur n. kynnt sér það atriði, að til þess að koma þessu í framkvæmd, þá sé Keflvíkingum nauðsynlegt að fá umræddа heimild, og mælir n. því með því, að ábyrgðin sé veitt, en þó með breyt. frá þskj. 319, og skuli bætt við, að ábyrgðin nemi ekki nema 85% af kostnaði við verkið, og þar með fylgt reglu, er tekin hefur verið upp í sams konar tilfellum, og skuli ríkisstj. hafa eftirlit með verkinu.

N. leggur til, að till. verði samþ. með þessari breyt.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég vil þakka hv. fjvn. fyrir undirtektirnar við till. þessa. Ég vil og lýsa því yfir, að ég er samþykkur og fyllilega ánægður með afgreiðslu n. á till. eins og hún liggur nú fyrir.

ATKVGR.
Brtt. 594 (ný tillgr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
Till., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 652).

13. Fiskirannsóknir og fiskirækt í Hamarsfirði.

Á deildafundum 12. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um fiskirannsóknir og fiskirækt í Hamarsfirði í Suður-Múlasýslu (A. 133).

Á 7. fundi í Sþ., 15. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Ég hef leyft mér að flytja till. á þskj. 133, um að skora á ríkisstj. að láta gera ýtarlegar fiskirannsóknir í Hamarsfirði í Suður-Múlasýslu. Tildrög þessa máls eru þau, að á síðastliðnu hausti kom í ljós, að þarna er sérstaklega auðug uppeldisstöð fyrir flatfiska. Veiðimenn urðu þess varir, að þarna er ógrynni af ungum flatfiski, og munu þess engin dæmi hér, að jafnmikil veiði hafi fengizt í einum drætti í dragnót og þar fékkst í haust. En meiri hlutinn var svo smár, að óheimilt var að hirða veiðina. Óskir hafa því komið fram um, að fjörðurinn yrði friðaður fyrir öllum botnsköfuveiðum, og hefur Alþ. það, er nú situr, gert samþykkt í tilefni af því. Það virðist því vera ástæða

til þess, að fiskifræðingar okkar rannsaki sérstaklega slíkar uppeldisstöðvar sem þessa og hvaða gildi þetta hefði. Og margt bendir til þess, að Hamarsfjörður sé heppilegur til slíkra rannsókna. Hann er að ýmsu leyti frábrugðinn öðrum fjörðum, og má svo heita, að sandrif og grynningar loki firðinum að mestu, og komast bátar varla inn í hann, nema á flóði. Þó er fjörðurinn sjálfur alldjúpur og talsvert stór, þegar inn er komið. Þessi till. miðar því að því, að þarna fari fram fiskifræðilegar rannsóknir, og álít ég miklar líkur til, að slíkar rannsóknir mundu leiða til mikilvægra upplýsinga um uppeldi flatfiska og verða mikilvægar fyrir fiskimenn.

Ég legg svo til, að málið gangi til fjvn.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Sþ., 15. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 133, n. 547).

Frsm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Með þáltill. þeirri, sem hér liggur fyrir á þskj. 133, er farið fram á, að það verði látin fara fram ýtarleg fiskirannsókn í Hamarsfirði í Suður-Múlasýslu, með sérstöku tilliti til þess, að það verði komið upp fiskirækt þar í firðinum, ef skilyrði reynast vera góð, og að rannsókn þessi verði gerð af Atvinnudeild háskólans og kostuð af ríkissjóði. Fjvn. hefur leitað umsagnar Árna Friðrikssonar fiskifræðings um þetta mál og hefur birt umsögn hans hér með nál. sem fylgiskjal. Árni Friðriksson mælir með því, að þessi fiskirannsókn verði framkvæmd þarna, og telur fiskideild Atvinnudeildar háskólans vera reiðubúna til þess að leggja fram sína starfskrafta til þeirra hluta, en telur, að til viðbótar þurfi að koma fjárframlag til þess að standa straum af öllum kostnaðinum við fiskirannsóknirnar, svo sem leigu á bátum, flutningi og slíku. Fjvn.-menn hafa yfirleitt verið meðmæltir því, að þessi rannsókn yrði látin fara fram, en hins vegar hafa flestir þeirra haldið því fram, að ástæðulaust væri að veita sérstaka fjárveitingu úr ríkissjóði til þessara hluta, heldur bæri fiskimálasjóði að standa straum af þessum rannsóknum, að því leyti sem það væri ekki á kostnað atvinnudeildarinnar sjálfrar. Ég skal taka það fram, að ég og hv. 2. landsk. þm. vildum, að þáltill. yrði samþ. óbreytt, eins og hún er á þskj. 133. Hins vegar gerðum við það til samkomulags að fallast á brtt. á þskj. 547, og hafa þá allir nm. fallizt á þá brtt., sem n. flytur á þskj. 547, þannig að í stað þess, að gert var ráð fyrir, að veitt væri til þessa fé úr ríkissjóði, þá verði rannsóknin kostuð af fiskimálasjóði. Hins vegar hefur n. borizt vitneskja um það, að fiskimálasjóður væri nú fyrst um sinn búinn að ráðstafa því fé, sem hann hefur til umráða, til annarra verkefna. Þess vegna gæti orðið hætta á því, að þessi rannsókn mundi dragast af þeim orsökum, ef fiskimálasjóður ætti að kosta hana. N. hefur því tekið það fram í nál. sínu, að hún mæli með því, að þessi rannsókn verði til bráðabirgða kostuð af ríkissjóði, til þess að ekki þurfi að verða dráttur á, að þessi rannsókn verði framkvæmd, en flytur þó þá brtt., sem ég nú hef lýst, að í stað orðsins „ríkissjóði" í niðurlagi þáltill. komi: fiskimálasjóði.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál að öðru leyti.

Skúli Guðmundsson: Ég hef skrifað undir nál. með fyrirvara. En ég vil taka það fram, að það þýðir ekki það, að ég vilji draga úr því, að þær rannsóknir verði gerðar á þessum stað, sem till. hljóðar um. Ég hefði aðeins talið eðlilegra, þótt ég gerði það ekki að ágreiningi í fjvn., að till. væri víðtækari en þetta, því að ég tel, að það þurfi að leggja áherzlu á það, að fiskirannsóknir verði gerðar ekki á þessum eina stað, heldur mjög víða við strendur landsins. — Ég vildi aðeins taka þetta fram viðvíkjandi mínum fyrirvara, en sé ekki að öðru leyti ástæðu til að ræða frekar um málið.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég verð að segja það, að mér þykir sú brtt., sem fjvn. leggur hér til, að gerð verði á þessu frv., harla einkennileg, og það því fremur sem fyrir liggur umsögn Árna Friðrikssonar fiskifræðings um framkvæmd þessa máls, sem hér um ræðir, þar sem hann upplýsir það, að kostnaður af þessari rannsókn mundi aldrei geta orðið nema tiltölulega lítill. Hv. fjvn. virðist viðurkenna það, eins og fiskifræðingurinn, að sú rannsókn, sem hér er farið fram á, að efnt verði til, sé mjög nauðsynleg og sé því réttlátt, að til hennar verði efnt. En hins vegar hefur n. fundizt það vera um of lagt á ríkissjóð, að hann skyldi bera nokkurn kostnað af þessum fiskirannsóknum, t. d. 10000—30000 kr. En þó er það kunnugt, að það er ríkissjóður, sem yfirleitt hefur með höndum og annast allan kostnað við fiskirannsóknir, sem nú er haldið hér uppi. — Hv. fjvn. leggur til, að fiskimálasjóði verði gert að skyldu að annast þessar fiskirannsóknir, sem framkvæmdar yrðu af fiskideildinni við Atvinnudeild háskólans, og skil ég varla í því, hvernig stendur á því, að hv. fjvn. velur þessa leið. Finnst hv. n. þær fiskirannsóknir, sem þarna er ætlazt til, að fari fram, eitthvað annars eðlis en aðrar fiskirannsóknir, sem fram fara nú hér við land. Auk þess er svo þess að geta, sem öllum hv. þm. er kunnugt, að fiskimálasjóður hefur takmarkað fé og æði mikið verkefni. Fyrir stuttu síðan var lagt fyrir Alþ. frv. um stórkostlega eflingu fiskimálasjóðs, sem þó náði ekki fram að ganga, og kom þá greinilega fram í umr., hvað verkefni fiskimálasjóðs er víðtækt og hve erfitt hann á með að skila öllum þeim verkefnum úr hendi vegna fjárskorts. En svo virðist hv. fjvn. það vera óhjákvæmilegur hlutur að skylda í þessu efni fiskimálasjóð til þess að standa undir þessum fiskirannsóknum, á sama tíma sem ríkissjóður stendur undir öðrum fiskirannsóknum, sem eru margfalt viðameiri en þessi hér. Það kann vel að vera, að stjórn fiskimálasjóðs og atvmrh. fallist á að greiða úr ríkissjóði þessa upphæð, sem hér

þarf til að taka. En hins vegar er það, að þó að þessi þáltill. verði samþ. og málið afgr. frá Alþingi, þá er engan veginn þar með sagt, að hægt verði að efna til þeirra rannsókna, sem þáltill. fer fram á. Og ef brtt. fjvn. verður samþ., þá hefur Alþ. í raun og veru vísað þessu máli að miklu leyti frá sér til annarra aðila, sem hafa það í sinni hendi, hvort þeir vilja blanda sér inn í þetta á þann sérstaka hátt, sem þarna er á fiskirannsóknum í landinu. Ég veit, að fiskimálan. finnst óviðeigandi, að hún fari að efna til fiskirannsókna aðeins á þessum eina stað. En hins vegar er ofur eðlilegt, að fram komi hér till. um það að efla fiskirannsóknir á þessum stað, vegna þeirra fiskirannsókna, sem ríkið hefur með höndum nú á fjölda mörgum öðrum stöðum í landinu og eru kostaðar beint úr ríkissjóði.

Ég vil því segja það, að ég er andvígur þeirri breyt., sem hv. fjvn. leggur til, að gerð verði á till. Ég álít brtt. í alla staði óviðeigandi og í mesta máta smásmuglegt, að n. skuli leggja það til, að ríkissjóður skorist undan því að greiða þennan kostnað, sem yrði vegna fiskirannsókna á þessum stað og fiskifræðingur ríkisins, Árni Friðriksson, telur þó, að sé mjög nauðsynlegt, að fari fram. Hins vegar álít ég, að það sé rétt að samþ. till. óbreytta. Ég vildi eindregið mælast til þess, að hv. þm. sæju sér fært að fella brtt. fjvn.

Sigurður Kristjánsson: Það hefur ekki mikla þýðingu að deila um þessa till., því að sýnilegt er, að þm. vilja ekki hlusta, og líklegt, að atkvgr. geti ekki farið fram.

Eins og nál. fjvn. ber með sér, þá hefur n. álitið réttmætt, að fiskirannsóknirnar, sem rætt er um á þskj. 133, fari fram. Og þó að ég geti ekki tekið undir það með hv. 6. landsk., að þetta séu stórmerkilegar rannsóknir, þá taldi n. eigi að síður rétt að stuðla að því, að þetta mál yrði samþ. — Aðalatriðið í þessu máli er friðun á þeim stöðvum, sem eru þýðingarmiklar sem uppeldisstöðvar fyrir fiska. Nú virðist sem í Hamarsfirði sé aðallega um skarkola að ræða, en ég hef hvorki þekkingu né trú á að fara að koma upp úthafsfiskirækt, og fiskifræðingar hafa látið í ljós, að það mundi ekki framkvæmanlegt. En friðunin getur verið mikilvæg, og því hefur n. mælt með því, að þetta verði samþ.

Mér skilst, að hv. 6. landsk. hafi ekki annað við þetta að athuga en að féð til þessara framkvæmda skuli greitt úr fiskimálasjóði, en ekki úr ríkissjóði, en mér finnst síður en svo óeðlilegt, að fiskimálasjóður styðji þetta, og finnst mér þessi afstaða hv. 6. landsk. undarleg. Enda er og tekið fram, að ef fiskimálasjóður hafi ekki handbært fé til þessa vegna annarra aðkallandi verkefna, þá verði kostnaðurinn greiddur úr ríkissjóði til bráðabirgða, og er þetta sett til að hindra, að þessar framkvæmdir dragist. Og ég vil benda á það, að við höfum nú nýlega, með aðstoð þessa hv. þm. ásamt öðrum þm., skilið við ríkissjóðinn með 20—30 millj. kr. greiðsluhalla og því ekki á það bætandi. Það er ekkert fé til í ríkissjóði, og ekki einu sinni fyrir lögfestum útgjöldum, og þó erum við að samþykkja fjárframlög úr sjóði, sem ekkert fé er til í. Það er þegar búið að tefla á tæpasta vað með útgjöld úr ríkissjóði, og þótt hægt sé að segja, að hér sé ekki um stóra fjárupphæð að ræða, þá verður þó hver dropi, sem dettur, til þess að fylla mælinn á endanum. Ef hv. flm. meinar með till., að rannsóknir verði á annað borð gerðar, þá hlýtur það að vera mergurinn málsins, og þá er fé það, sem til þeirra þarf, engu verr heimilað úr fiskimálasjóði en ríkissjóði, sem þegar hefur meira en nóg útgjöld.

Umr. frestað.

Á 34. fundi í Sþ., 19. marz, var till. tekin til frh. síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Sþ., 28. marz, var fram haldið síðari umr. um till.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Er þetta mál var hér síðast til umr., gat ég um það, að mér þætti afgreiðsla hv. fjvn. á því einkennileg, þar sem hún vildi, að fiskimálasjóður greiddi kostnaðinn við rannsóknir þessar. Úr því að n. hefur fallizt á nauðsyn rannsóknar þessarar, finnst mér hún eigi að vera kostuð eins og aðrar fiskirannsóknir og ekki ástæða til þess, að þessi breyt. verði samþ. Það er skrýtið, að Alþ. skuli benda á að veita fé úr sjóði, sem það hefur ekkert með að gera. Sjóðurinn hefur ekki yfir nægu fé að ráða í þessu skyni, en fiskideild Atvinnudeildar háskólans hefur með svona að gera, og mundi ríkissjóður greiða þann kostnað, sem af leiðir. — Ég vildi óska, að hv. þm. samþ. ekki þessa brtt., heldur till. eins og hún kom fram upphaflega.

ATKVGR.

Brtt. 547 samþ. með 23:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, PO, SB, SÞ, SkG, StJSt, StgrA, SvbH, ÞB, BG, BSt, BÁ, BK, EmJ, FJ, GJ, GÍG, GTh, HB, HermJ, IngP, ÓTh, JPálm.

nei: PÞ, SG, STh, EystJ, ÁS, LJós.

23 þm. (PM, SigfS, SEH, SK, ÞÞ, ÁkJ, ÁÁ, BBen, BrB, EOl, EE, GÞ, GSv, HG, HelgJ, IngJ, JJós, JS, JJ, JörB, LJóh, MJ, PHerm) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Steingrímur Aðalsteinsson: Þó að ég telji eðlilegt, að þetta greiðist úr ríkissjóði, vildi ég ekki rifta samkomulagi í fjvn. og segi því já.

Till., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 653).

14. Hveraorka á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp.

Á deildafundum 11. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsókn hveraorku á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp (A. 531).

Á 33. fundi í Sþ., 15. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 34. fundi í Sþ., 19. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég þarf ekki að fylgja þessu máli úr hlaði með langri ræðu. Aðalatriði þessarar till., sem ég flyt ásamt þingmönnum af Vestfjörðum, er það, að skorað er á samgmrh. að láta á næsta sumri fara fram rannsókn jarðhitasvæðanna á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp. Tilgangur okkar tillögumanna með því að fá þessa rannsókn framkvæmda er sá, að fá gengið úr skugga um það, hvort ráðlegt muni vera eða mögulegt að framleiða með jarðhita á þessum stað rafmagn, sem hentugt væri til hagnýtingar fyrir nærliggjandi sveitir við Ísafjarðardjúp, kaupstaði og kauptún í þessum landshluta. Það er fyrir löngu alkunnugt mál, að á þessum stað, Reykjanesi, eru mjög mikil jarðhitasvæði, ein hin mestu á þessu landi. Þessi jarðhiti hefur um alllangt skeið verið hagnýttur, upphaflega til saltvinnslu, sem var merkileg tilraun, sem gerð var á þessum stað á 18. öld. Þá var þar og hafizt handa um sundkennslu, sem einnig mun hafa verið ein hin fyrsta hér á landi. Það var um og eftir miðja 19. öld, sem byrjað var á hagnýtingu jarðhita á Reykjanesi til þeirrar starfsemi, og hefur því verið fram haldið síðan. Loks hefur nú um alllangt skeið verið starfræktur þar myndarlegur héraðsskóli og í sambandi við hann og kaupfélagsstarfsemina á Ísafirði hefur verið rekin þar allmikil gróðurhúsarækt. Af öllu þessu má marka, að þarna er um óvenjulegan jarðhita að ræða og að brýna nauðsyn ber til þess, að skorið verði úr um það, hversu mikil sú orka er, sem þar er um að ræða, og hvort unnt sé að nota hana til raforkuframleiðslu í stórum stíl fyrir nærliggjandi sveitir og sjávarbyggðir. Það er þannig, að á norðanverðum Vestfjörðum hefur enn þá ekki verið skorið úr um það, hvernig heppilegast verði að framleiða raforku fyrir þau byggðarlög, og þess vegna er mjög æskilegt, að hafizt verði handa um það sem fyrst að fá úr því skorið, hvaða leiðir eru fyrir hendi í þessum efnum. Það ber ákaflega brýna nauðsyn til þess, að á þessum stöðum, eins og raunar víðar, verði raforkan undirstaða þess, að hafizt verði handa í fiskiðnaði, sem mjög er í uppsiglingu í sjávarplássum við Ísafjarðardjúp og víðar á Vestfjörðum. Við flm. þessarar þáltill. teljum mjög æskilegt, að þessi rannsókn, sem þarna er gert ráð fyrir, fari fram á komandi sumri, og leggjum á það mikla áherzlu, að grundvöllur að henni verði lagður með samþykkt þessarar þáltill.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um till. sjálfa við þennan hluta umr. Ég tel líklegt, að hæstv. forseti óski þess, að till. gangi til n., og er það þá einna helzt allshn., sem mun hafa haft með slíkar till. að gera. En ég vildi óska þess fyrir hönd okkar flm., að till. fengi góða afgreiðslu og að henni gæti orðið lokið á því þingi, sem nú situr að störfum.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 28. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 531, n. 637).

Frsm. (Sigurður Thoroddsen): Herra forseti. Allshn. hefur athugað þessa þáltill. og er sammála um að mæla með því, að hún verði samþ. eins og hún liggur fyrir. Einn nefndarmanna var ekki á fundi, þegar þessi ákvörðun var tekin.

Þáltill. fer í þá átt, að Alþ. ályktar að skora á samgmrh. að láta á næsta sumri fara fram rannsókn jarðhitasvæðanna á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, til þess að fá úr því skorið, hvort þá orku, sem þar mætti fá, mætti nota til vinnslu rafmagns fyrir nærliggjandi kaupstaði, kauptún og sveitir. — Flest kauptún á Vestfjörðum vantar raforku. Þar hafa verið gerðar athuganir á nokkrum vatnsvirkjunarstöðum, sem til greina geta komið. En sú athugun, sem á þessu hefur farið fram viðkomandi t. d. Dynjanda í Arnarfirði, hefur sýnt nokkru óhagstæðari niðurstöðu en við var búizt. — Nú hefur sýnt sig, að raforka, sem fæst þannig, að hún er unnin með jarðhita, er talsvert ódýrari í stofnkostnaði en sú orka, sem fæst með vatnsvirkjunum. Þess vegna þykir sjálfsagt að rannsaka þessa möguleika til raforkuframleiðslu með jarðhita, fyrst þeir eru fyrir hendi þarna við Ísafjarðardjúp.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég þakka hv. allshn. og hv. frsm. n. fyrir það, hversu vel og greiðlega n. hefur tekið á þessu máli. Og vænti ég þess, að þáltill. verði, eins og hv. allshn. mælir með, samþ. að þessari umr. lokinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 36. fundi í Sþ., 2. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 682).

15. Landsvistarleyfi nokkurra útlendinga.

Á deildafundum 4. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um landsvistarleyfi nokkurra útlendinga (A. 281).

Á 11. fundi í Sþ., 5. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 17. fundi í Sþ., 12. des., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Eins og tekið er fram í grg. þessarar till., er hún fram komin vegna þess, að hæstv. dómsmrh. hefur ekki talið sér fært án viljayfirlýsingar Alþ. að veita nokkrum Þjóðverjum, sem hér höfðu dvalið fyrir 1939,

landsvistarleyfi. Það stendur nú svo á um þessa menn, að þeir voru fluttir burt af Bretum, en er nú sleppt. Þessir menn eiga hér konur og börn, sem eru illa stödd og komast á vonarvöl, ef mönnum þessum verður ekki veitt hér landsvistarleyfi. En að sjálfsögðu er hér bara átt við þá menn, sem hafa ekki orðið uppvísir að því að reka hér erindi erlendra þjóða, sem hættuleg eru hagsmunum Íslendinga. Þetta er mannúðarmál, og tel ég sjálfsagt, að Alþ. gefi þá yfirlýsingu, svo að þessir menn fái landsvist.

Ég óska svo eftir, að hraðað verði afgreiðslu þessa máls, því að vitað er, að þessir menn verða fluttir til Þýzkalands, og veldur það miklum erfiðleikum, ef svo verður.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Ég tel mér skylt að veita þær upplýsingar um starfsemi Þjóðverja hér fyrir stríð, sem fyrir hendi eru. Það, sem ríkisstj. hefur borizt fyrst og fremst, er um njósnamálin. Það er kunnugt, að Þjóðverjar reyndu að fá Íslendinga til þess að reka njósnir hér. Sá, sem stóð fyrir þessu, var dr. Lotz, sem stundaði hér refarækt, en með nokkuð einkennilegum hætti, og hafði hann hana bara að yfirskini. En ég tel ekki rétt að fara út í þetta nánar. Sumir Íslendingar segja, að þeir hafi orðið að gefa vilyrði til þess að fá að fara heim, en þeir eru nú fyrir dómi. Aðrar upplýsingar, frá árunum 1939 og '40, eru frá Sveini Björnssyni, tilkynning um, að hér væri rekin víðtæk starfsemi af Þjóðverjum. Og mér er nær að halda, að hv. þm. Str. hafi ekki gert opinbert um þessa tilkynningu. Í bréfi frá 2. marz 1939 og í viðtali, sem sendiherrann átti við dönsku leynilögregluna, er sagt, að í Danmörku hafi verið rekin víðtæk starfsemi, og línurit sýndi, að þræðirnir lágu til danska flotamálaráðuneytisins. Þeir, sem höfðu tekið að sér þessar njósnir, höfðu gert það fyrir hótanir frá nazistum í Berlín. — Ég sé ekki ástæðu til að lesa þessi bréf. Þó að þau líkist glæparóman, er þetta allt bláköld alvara. — Sendiherrann lætur þess getið, að þræðir þessara njósna liggi til Íslands, og danska leynilögreglan sé reiðubúin til samstarfs við íslenzku lögregluna til þess að grafast fyrir þessa þræði. Loks stingur sendiherrann upp á því, að til Danmerkur verði sendur ungur íslenzkur lögfræðingur til þess að afla upplýsinga í þessu máli. Hann segir, að yfirlögreglustjórinn í Danmörku hafi fallizt á þessa ráðstöfun, og hann mundi fús að taka á móti slíkum manni. En að sjálfsögðu verði þetta að vera sérstakur hæfileikamaður, sem njóti fyllsta trausts ríkisstj., og auk þess svo vel launaður, að Þjóðverjar geti ekki freistað hans með mútum.

Ég hef ekki fundið neitt, sem bendir á, að þessu bréfi hafi verið svarað, enda skrifað sem einkabréf, en með þeim tilgangi augsýnilega að flytja þjóðinni þessar fréttir með því að senda þær forsætis- og dómsmálaráðherra. En það er hvergi sjáanlegt, að aðrir hafi fengið að vita um þetta en dómsmrh. — Ekki sést, að farið hafi verið eftir ráðleggingu sendiherrans í einu eða neinu.

Í næsta bréfi frá sendiherra, sem ritað er 10. marz, er sagt frá njósnum í hernaðar- og pólitísku augnamiði og einnig njósnum um flóttamenn. Algengt er að senda menn til Danmerkur og draga þá síðan inn í njósnakerfið, sem mest starfar í hópum. — Í einu bréfinu er sagt frá handtöku Hartungs.

Yfirmaður leynilögreglunnar dönsku upplýsir, að meira muni um slíkar njósnir á Íslandi en menn hafi almennt hugmynd um. Það er sömuleiðis gefið í skyn, að benzínbirgðir séu geymdar hér fyrir þýzka kafbáta, annaðhvort sökkt niður í sjó í fjörðunum eða grafið í jörðu. Ég veit ekki til, að slíkt hafi komizt upp, en snemma í stríðinu höfðust kafbátar mikið við á Arnarfirði vestra. Mér er ekki kunnugt um, að þáv. forsrh. hafi á nokkurn hátt látið rannsaka þetta eða gefið aðvörun í þessu sambandi, enda þótt þetta væri stórhættulegt fyrir öryggi landsins. — Í þessu sama bréfi, 10. marz 1939, er lögð áherzla á yfirlýsingu leynilögreglunnar dönsku, að meira muni hér um njósnir en menn hafi hugmynd um, og er þess vegna talið mjög æskilegt, að íslenzkur maður komi til Danmerkur að kynna sér þessi mál, en skemmri dvalartími en 3 mánuðir verði árangurslaus, þar sem þetta sé svo víðtækt mál.

Þriðja bréf, sama efnis, er dagsett 28. marz 1939. Skýrir sendiherra Íslands þar frá því, að hann hafi séð eina möppu í máli Pflugk-Hartungs merkta Ísland, en flest bréfin hafi verið ómerkileg, svo að hann hafi ekki séð ástæðu til þess að taka neitt þeirra til sérstakrar íhugunar.

Í fjórða bréfi frá sendiherra, 24. jan. 1940, skýrir yfirmaður leynilögreglunnar dönsku frá því, eftir heimildum, sem hann segist ekki geta tilgreint, að fregnir um ferðir skipa Bandamanna berist frá leynilegri stöð einhvers staðar í Danmörku til þýzka ræðismannsins í Reykjavík og þaðan til Þýzkalands. Óskaði lögreglustjórinn, að þetta yrði athugað, og bauð enn aðstoð dönsku öryggislögreglunnar, og hann benti á, að Danir gætu lesið dulmál, sem Íslendingar hefðu ef til vill ekki aðstöðu til að lesa. Í þessu sambandi minnist sendiherrann á, að líklegt megi telja, að slíkar fregnir hafi valdið því, að Royalpindi var sökkt. Ekki er mér kunnugt um, að þessar upplýsingar hafi verið notaðar eða ráðstafanir gerðar þeirra vegna. Ég hef getið þessara skýrslna í sambandi við landsvistarleyfi fyrir þessa Þjóðverja, vegna þess að þær sýna, hvernig starfsemi Þjóðverja var háttað hér á landi fyrir styrjöldina.

Í sumar fór ríkisstj. þess á leit við herstjórn Breta og Bandaríkjamanna að fá til afnota skjöl þau, sem tekin voru hér í þýzka sendiráðinu. Loks fékkst skýrsla um Þjóðverjana, sem hér voru búsettir fyrir stríð. Kom þar í ljós, að með örfáum undantekningum voru þeir meðlimir í Deutsche Arbeitsfront eða nazistaflokknum þýzka. Hins vegar neituðu Bretar og Bandaríkjamenn, að nokkur skjöl væru til varðandi þýzka sendiráðið hér, þar til nú fyrir nokkrum dögum, að yfirlitsskýrsla úr því fannst í þýzka ræðismannsbústaðnum. Þar sést, að Gerlach aðalræðismaður er sendur hingað í alveg sérstökum erindagerðum. Í skjölum þessum var bréf frá Gerlach til Himmlers, þar sem tekið er fram, að hann fari hingað ekki sem venjulegur konsúll,

heldur til þess að reka erindi nazistaflokksins hér á landi. Þýzka utanríkisráðuneytið hafði tekið Gerlach illa, og hótar hann því að fara beint í Ribbentrop, ef hann fái ekki fyllstu aðstoð í starfi sínu eða fara sem sérstakur sendimaður nazistaflokksins til Íslands. Af skjölunum er ljóst, að erindi Gerlachs var útbreiðsla nazismans hér á landi með því að ná sambandi við alla Þjóðverja hér á landi, með viðureign við ríkisstj. og með því að skipuleggja fimmtu herdeild hér á landi. Þessi viðureign var í því fólgin, að í hvert skipti, sem sagt var frá grimmdarverkum nazista, fór Gerlach til forsrh., Hermanns Jónassonar. Forsrh. setti stundum ofan í við útvarp og blöð, en mestum árangri mun Gerlach hafa náð, er bannað var að sýna kvikmyndir með andnazistisku efni, og bók Langhoffs um fangabúðirnar þýzku, „Die Moorsoldaten", var bönnuð. Í skjölum þessum má sjá, að Gerlach hefur ekki fengið alls staðar þær móttökur, er hann vænti. Lætur hann óspart í ljós fyrirlitningu sína á Íslendingum og hvetur þýzk stjórnarvöld til að þjarma að Íslendingum í viðskiptasamningum og á annan hátt fyrir andúð þeirra gegn nazistum. Þá munu Þjóðverjar hafa haft njósnara hér við höfnina og sent fregnir um ferðir skipa í byrjun stríðsins.

Mér er ekki kunnugt, hvaða reglur gilda í Deutsche Arbeitsfront, en telja má víst, að ef til innrásar hefði komið hér, á sama hátt og í Danmörku og Noregi, hefðu Þjóðverjar hér, undir stjórn Gerlachs, verið stórhættulegir fyrir öryggi landsins. Með hliðsjón af því tel ég óvarlegt að veita þeim landsvistarleyfi á ný. Nú verð ég að segja, að mér er erfitt að neita um þessi landsvistarleyfi frá mannúðarlegu sjónarmiði. Margir segja, að þegar stríðið er búið, eigi að láta sakir niður falla og geymt verða gleymt. Það er nærri mér að samþykkja þetta, en mér finnst það ekki, með þeim upplýsingum, sem fyrir hendi eru.

Það hefur verið talað um það, að aðstandendur þessara manna muni líða skort, en þeir eiga rétt á því, að íslenzka ríkið sjái þeim farborða. Meðan á stríðinu stóð, fengu þeir styrk af þýzku innstæðunum hér. Bretar hafa nú tekið þessar innstæður, en þessir aðilar hafa rétt til þess að snúa sér til síns sveitarfélags. Nú hef ég talið rétt að láta rannsaka mál þessara manna sérstaklega, en sú rannsókn hefur gengið vonum seinna vegna þess, hvað erfitt er að fá ýmis skjöl varðandi þessi mál. En ég álít slíka rannsókn nauðsyn fyrir framtíðina. Það hlýtur alltaf að vera varhugavert að hafa hóp manna í landinu, sem er undir lögum annars lands, og sömuleiðis hlýtur að vera hættulegt að hafa þá menn búsetta í landinu, sem eru félagar í flokkum, sem boða öfgar og ofbeldi eins og nazistar. Ég skal svo ekki fjölyrða meir um þetta að svo stöddu, en það virðist augljóst, að ekki er heppilegt að hafa hér menn, sem telja sig skuldbundna að bera vopn á íslenzka þjóð. Ég skal ekkert um það fullyrða, hverjir þessara manna hafa verið fúsir til slíkra verka, en ég tel líklegt, að ef til hefði komið, þá hefðu ekki allir skorizt úr leik.

Ég ímynda mér, að ýmsir, sem skrifað hafa undir þessa till., geti sætt sig við, að málið fari til n. til frekari athugunar.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Sökum þess, að hæstv. dómsmrh. fór rangt með viss atriði viðvíkjandi störfum mínum meðan ég sat í ráðherrastóli, hlýt ég að gefa skýrslu, sem fer í bága við það, sem hann sagði, og var óþarft, ef hann hefði talað við mig um þetta mál.

Það er ekki ágreiningur milli okkar hæstv. ráðh. um sjálfa till. Mér kom ekki til hugar að skrifa undir nokkuð annað en að þeir Þjóðverjar, sem saklausir væru, fengju hér landsvistarleyfi, og þar að auki er algerlega lagt á vald hæstv. ríkisstj., hvenær þetta leyfi er veitt. Ég get tekið undir það með hæstv. ráðh., að ég tel ekki æskilegt að hafa í landinu hóp manna, sem telur sér skylt að hlýða lögum annarra þjóða. En þeir Þjóðverjar, sem ekkert hefur sannazt á og eru saklausir, ættu ekki að gjalda hinna seku. Njósnir eru vitanlega reknar á öllum tímum, og vitanlegt er, að njósnarkerfi Þjóðverja í Danmörku var fullkomið. Nú fyrir skömmu er komin út bók um njósnir Þjóðverja á Norðurlöndum og þá m. a. á Íslandi. Þetta er nokkurs konar reyfari og eru þar nefndir menn, sem eru saklausir, og væri full þörf á að fá sannari heimildir. Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að aðalnjósnarinn á Íslandi mun hafa verið Gerlach.

Aðaltilefni þessarar till. telur hæstv. dómsmrh. að sé bréf, sem ég hafi fengið, og segir, að ég hafi ekki borið það undir samstarfsmenn mína. En þetta bréf var nýlega lagt fyrir utanrmn. og mun hæstv. forsrh. minnast þess.

Annað atriði, sem hæstv. dómsmrh. minntist á, eru einnig staðlausir stafir. Hann hélt því fram, að slælega hefði verið gengið fram í því á sínum tíma að komast fyrir starfsemi þýzkra njósnara hér á landi. En það var gert allt, sem hægt var, til að finna einhver spor. Við fengum upplýsingar um að gefa sérstaklega gaum að Gerlach, en viss atvik höfðu komið mér til að gruna þennan mann áður, enda munu ekki finnast í skjölum þessa manns vinsamleg ummæli til mín. Þegar eftir að lögreglustjóri var kominn heim úr ferð sinni til Danmerkur, lét ég hafa gætur á Gerlach. Hann kvartaði undan þessu við mig, en ég sagði honum, að ég hefði hann grunaðan, og strax þegar upplýst var, að hann hefði sendistöð, var séð um að eyðileggja hana. — Ég gæti sagt þessa sögu lengri, en hv. alþm. er þetta nokkuð kunnugt, en það, sem vakir fyrir mér í þessu máli, er það, að hinir saklausu verði ekki látnir gjalda hinna seku. Viðvíkjandi njósnum hér var ekkert að finna í Danmörku eða hjá ensku leyniþjónustunni. Það var því teflt á tvær hættur að ganga lengra í þessu máli en gert var. Sex vopnaðir menn voru hafðir til taks og maðurinn stöðugt skyggndur. — Þá talar það sínu máli, að þeir menn, sem komu hingað til að sækja um herstöðvar, voru sendir svo búnir með sama skipinu og þeir komu með.

Nei, það var ekkert vanrækt í þessu efni. Ég get látið hæstv. ráðh. fá skýrslur þeirra manna, sem út voru sendir til að athuga þetta mál, en á þeim er ekkert að græða annað en það, að

upplýst var, að æðar þýzka njósnarkerfisins lágu hér heim.

Ég vil svo að lokum lýsa yfir því, að ég tel alveg hættulaust að samþ. þessa till., og skil satt að segja ekki, af hverju mótspyrna hæstv. ráðh. er sprottin.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég vildi gjarnan gefa þessari till. færi á að ná afgreiðslu í dag. — Það er rétt, að 30 þm. sendu hæstv. dómsmrh. bréf, þar sem farið var fram á hið sama og gert er í þessari till., en þá taldi hæstv. ráðh. sig ekkert geta gert, nema vilji þingsins kæmi fram.

Ég vil taka það fram út af þeim umr., sem hér hafa orðið, að í þessari till. er á engan hátt verið að mæla bót moldvörpustarfsemi Þjóðverja. Og þótt hæstv. ráðh. hafi sjálfsagt réttilega bent á ýmis dæmi, svo sem dr. Lotz o. fl., þá sannar það engan veginn, að réttmætt sé að láta dragast að veita þessi leyfi. Dr. Lotz er ekki á þeim lista, sem við höfum sent. Það er ekki vandi að taka dæmi um njósnir Þjóðverja, en það haggar ekki þeirri staðreynd, að til eru margir Þjóðverjar, sem eru saklausir. Kjarni þessa máls er ekki að rifja upp einstök dæmi, heldur að gera upp á milli saklausra og sekra.

Ég vil, áður en lengra er farið, láta í ljós þá skoðun, að þótt rannsókn þessa máls hafi gengið fremur seint, sé ég ekki ástæðu til að ásaka hæstv. dómsmrh. svo mjög, þar sem við ýmsa örðugleika mun vera að etja. En þó munu liggja til þess nokkur rök, að hraða hefði mátt rannsókninni meir. Síðan styrjöldinni lauk í Evrópu er nú um hálft ár, og á þeim tíma hefði átt að mega fá fullnægjandi skýrslur. Ég viðurkenni þó, að hæstv. ráðh. hefur nokkur rök til síns máls. En á meðan slík skýrsla liggur ekki fyrir, virðist mér nokkuð hæpið að ræða þessa menn í sama númeri og þá glæpamenn, sem hæstv. ráðh. minntist á.

Ég vil svo láta í ljós þá ósk, að þessi till. komist til n. og að n. starfi greiðlega að afgreiðslu hennar.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég verð að mótmæla þeirri stafhæfingu hv. þm. N.-Ísf., að ekki hafi verið rekið á eftir þessu máli af stj. Strax í vetur fékk ríkisstj. bráðabirgðaskýrslu hjá herstjórninni um hvern einstakling. Þessi skýrsla þótti ekki nógu nákvæm, og var þá spurt um, hvort ekki væru til réttarhöld yfir þessum mönnum. Eftir langan tíma kom það svar, að engin slík réttarhöld hefðu farið fram. Síðan hefur verið spurzt fyrir um þetta í Danmörku, en þar virðast ekki vera fyrir hendi nein skjöl um þessa menn.

Hv. þm. N.-Ísf. taldi réttara að hraða rannsókn þessa máls en láta saklausa gjalda hinna seku. Þetta er ekkert annað en hringavitleysa. Þessir menn eiga engan rétt. Spursmálið er, hvort eigi að veita þeim þennan rétt. Hitt er annað mál, hvort rétt væri að setja lög um, að erlendir menn fengju íslenzkan ríkisborgararétt við að giftast íslenzkum konum. En við eigum enga öryggisþjónustu og höfum engar ástæður til að koma slíkri stofnun á fót. Það er þess vegna hættulegt fyrir okkur að veita erlendum mönnum landsvistarleyfi. Það er ekki rétt að gefa landsvistarleyfi um óákveðinn tíma til manna, sem hafa ekki ríkisborgararétt.

Ég held, að bæði hv. þm. Str. og hv. þm. N.-Ísf. *hafi komizt þannig að orði*, að það sé ekki farið fram á í till. að leyfa landsvist öðrum en þeim, sem eru saklausir. Saklausir af hverju? Hv. þm. Str. gat ekki um það, en hv. þm. N.-Ísf. sagði „saklausir af að hafa unnið á móti hagsmunum landsins, eða hafa brotið af sér við íslenzka ríkið.“ Ég veit ekki, hvort nokkur þessara manna hefur brotið nokkuð af sér við íslenzka ríkið. Annað mál er það, að þessir menn hafa undantekningarlaust verið meðlimir í félagsskap þýzka ríkisins hér á landi, þar sem þeir hafa svarið hollustueiða. (*GSv:* Hæstv. ráðh. fer hér út í veður og vind). Ég hef í höndum skrá frá Gerlach, svo að það er hæpið að koma og segja, að ég vaði hér reyk. (*GSv:* Ég heyri, hvernig hæstv. ráðh. talar). Hv. þm. ætti þá að skilja það, sem ég segi. Nei, það verður kannske aldrei hægt að sanna, hverjir hafi viljað taka þátt í því að bera vopn gegn íslenzka ríkinu. Þess vegna er till. hæpin, af því það verður kannske aldrei hægt að vita, hverjir eru saklausir og hverjir sekir. Ef hv. þm. vildu koma með nöfn mannanna, sem þeir vilja fá leyfi fyrir, taka á sig ábyrgðina á því, þá lítur málið öðruvísi út.

Það er einkennileg röksemd að halda því fram, að mennirnir hafi ekki látið knýja sig inn í nazistafélagsskapinn þýzka, heldur flúið þaðan, og *það eftir að nazistar náðu völdum, komið síðan* hingað til Íslands, þar sem þeir voru frjálsir ferða sinna, þar sem Þjóðverjar gátu alls ekki beitt þá neinu ofbeldi, en einmitt þar hafi þeir verið knúðir inn í félagsskapinn. Ég hafði haldið, að þýzku nazistarnir hefðu staðið miklu betur að vígi að sýna mönnum ofbeldi í Þýzkalandi en hér á landi, þar sem þeir voru búsettir hingað og þangað úti um þær dreifðu byggðir. Þeir höfðu engin ráð á að flytja þessa menn heim, engin ráð á að setja þá í fangelsi. Mennirnir unnu fyrir sér hér á landi. Þess vegna var náttúrlega miklu auðveldara fyrir mennina að halda sér utan við allan slíkan félagsskap hér á landi en í Þýzkalandi.

Ég skal ekki segja, hvað hefst upp úr því, ef ríkisstj. fær loks þau skjöl, sem gengið hefur verið eftir hjá brezku og amerísku ríkisstj. Ég veit þó, að þar eru ýmis gögn, sem sanna það, sem ég hef verið að segja. En það getur vel verið, að það þurfi að leita alla leið til Núrnberg til að fá fullar upplýsingar. Ég sá fyrir nokkru getið um, að fyrirhuguð hefði verið innrás í Ísland. Þá getur verið, að þar séu skjöl varðandi Ísland eins og tugi annarra landa.

Ég held, að ég þurfi svo ekki að segja fleira um þetta að sinni, en ég vil spyrja hv. þm. Str., *hvort hann hafi fengið einkaskýrslu hjá lögreglustjóranum* um för hans eða opinbera skýrslu. Ég hef ekki getað fundið hana í dómsmálaráðuneytinu, en ef hún hefur verið opinber, þá á hún að vera þar. Mér þætti vænt um, ef hann gæti vísað mér á, hvar þessi skýrsla er, m. a. vegna þess, að það kemur ekki fram af bréfi sendiherrans, sem er dagsett 24. jan. 1940, að lög-

reglustjórinn hafi verið í Kaupmannahöfn í þessum erindum, sem hv. þm. Str. gat um. (*HermJ:* Efast hæstv. ráðh. um, að ég segi það satt?). Ég er ekki að bera brigður á þetta, en vil aðeins spyrja um, hvar skýrslan mundi vera niður komin, m. a. vegna þess, að fyrrv. hæstv. utanrrh. hefur ekki getað munað um það, að hann hafi séð neitt þessu viðvíkjandi, þegar ég minntist á það við hann fyrir nokkrum dögum. Hins vegar minnist ég þess, að hv. þm. Str. vakti máls á þessum skjölum á utanríkismálanefndarfundi, sem var haldinn einhvern tíma í sumar eða haust.

Forseti (JPálm): Það er sýnilegt, að umr. getur ekki orðið lokið á þessum fundi. Fjórir eru á mælendaskrá. Umr. er því frestað.

Á 18. fundi í Sþ., 13. des., var fram haldið einni umr. um till. (A. 281, 335).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 335. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Um þessa þáltill., sem hér liggur fyrir, er það að segja, að eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, er frekari athugun í þessu efni nauðsynleg, áður en endanleg ákvörðun verður tekin. Það þarf að athuga starfsemi Þjóðverja hér á landi mjög vandlega, bæði hvað þeir höfðust hér að fyrir stríð og eins það, sem hér fór fram meðan á stríðinu stóð. Hv. flm. halda því fram, að það sé af mannúðarástæðum rétt að veita þessum þýzku mönnum landsvistarleyfi hér, og það virðist svo, að í ræðum þeim, sem hér hafa verið fluttar, hafi því verið haldið fram, að mannúðarleysi hæstv. ríkisstj. sé um að kenna, að hún hefur ekki þegar veitt þetta leyfi. Ég held, að því fari mjög fjarri, að slíku sé til að dreifa. Það er vitað, að hæstv. ríkisstj. hefur séð vel um konur og börn þessara þýzku manna, en þau dvelja nú hér. Því hefur verið lýst yfir og sýnt í verki, að konur þessar og börn hafa nóg að bíta og brenna og njóta sömu réttinda og íslenzkir borgarar.

Í öðru lagi hefur hæstv. ríkisstj. sýnt hug sinn gagnvart íslenzku fólki erlendis, sem hefur verið hjálparþurfi. Það var gerður út leiðangur til þess að koma þeim, sem af íslenzku bergi eru brotnir og dvalizt hafa í Þýzkalandi á stríðsárunum, hingað heim eða hjálpa þeim á annan hátt. Íslenzka ríkisstj. hefur því innt af hendi mikið verk vegna þessa fólks, og ég tel rétt, að hún stuðli að því, að konur og börn þeirra manna, sem hér um ræðir, fái stuðning frá því opinbera sér til framdráttar, eins og hingað til. Það er dálítið undarlegt, að það skuli vera talað um, að þetta fólk svelti. Það lætur undarlega í eyrum og hlýtur að vera sagt án þess að hugsað sé út í, hvað sagt er. Það er þvert á móti verið að bjarga þessu fólki frá svelti, sem það hefði orðið að þola, ef það hefði verið í sínu eigin föðurlandi. Þetta er nokkuð gálauslega talað um jafnalvarlegan hlut og hungursneyð er. Það er að minnsta kosti einkennilegt tal einmitt nú, þegar verið er að bjarga þessu fólki frá að svelta, og er þá ekki rétt að halda því fram, að um mannúðarleysi sé að ræða hjá hæstv. ríkisstj., eftir það, sem hún er búin að gera fyrir þetta fólk. Það er að minnsta kosti mitt álit, en ég hef átt kost á að kynnast nokkuð ástandinu á meginlandinu og get því hugsað mér, hvernig ástatt hefði verið fyrir þessu fólki, ef það hefði verið í Þýzkalandi nú. Ég tel, að hæstv. ríkisstj. hafi þegar sýnt afstöðu sína til þessa fólks með því, sem hún hefur gert fyrir það, og held, að þessum mönnum, sem nú sitja úti í Englandi, væri nær að þakka fyrir að vita af konum sínum og börnum hér heima en að stuðla að því, að allur sá áróður, sem nú á sér stað vegna þessa máls, var settur af stað hér í bænum. Hugsunarháttur þessara erlendu manna er sannarlega einkennilegur, þar sem þeir hins vegar hefðu átt að renna huganum til þeirra kjara, sem konur þeirra og börn hefðu sætt, ef þau hefðu verið úti í Þýzkalandi nú í stað þess að vera hér heima og hafa nóg að bíta og brenna.

Hvað snertir þessa menn að öðru leyti, þá kusu þeir, að líklega einum undanskildum, að fara til Þýzkalands, þegar þeir áttu um að velja að fara frá Englandi eða vera þar áfram. Þeir hafa því tekið Þýzkaland fram yfir Ísland, að minnsta kosti meðan þeir héldu, að Þjóðverjar mundu sigra í styrjöldinni. Þeir kusu þetta meðan þeir bjuggust við að geta orðið das Herrenvolk. Þessir menn höfðu betri aðstöðu til að velja en þeir, sem dvalizt hafa í Þýzkalandi á stríðsárunum. Þeir hafa getað lesið það, sem sagt hefur verið um Þýzkaland, og myndað sér sjálfstæðar skoðanir á þeim málum. Þeir völdu Þýzkaland, meðan þeir héldu, að það mundi sigra. Þeir hafa nú verið árum saman í haldi og hafa ekki hið minnsta viljað slaka á sinni sannfæringu gagnvart Þýzkalandi, heldur haldið fast við sína skoðun. Það er því engin ástæða til þess að reyna að skapa sérstaka samúð með þessum mönnum. Þeir eru sannarlega ekki of góðir til þess að hjálpa til að byggja það Þýzkaland upp aftur, sem nazistarnir steyptu í rúst. Hins vegar er sjálfsagt að láta konur þeirra og börn ekki skorta lífsnauðsynjar. Þessir menn eiga skilið að hjálpa til við endurreisn Þýzkalands, og ég sé enga ástæðu til að verða við óskum þeirra um að verða fluttir hingað heim. Þeim ætti að nægja að vita, að fjölskyldum þeirra líður vel hér.

Það er varla hætta á, að illa verði farið með þessa menn, sem nú verða fluttir til Þýzkalands. Þeir eru ekki illa undir það búnir, þótt þeir hafi verið í haldi undanfarin ár. Þeir hafa fengið næstum nægan mat, og það þarf ekki að óttast, að farið verði með þá eins og Þjóðverjar fóru með þá, sem þeir náðu í. Þeir þurfa hvorki að óttast Belsen- né Buchenwald-meðferð, þótt þeir verði fluttir til Þýzkalands. Það er bezt, að þeir hljóti það, sem þeir hafa valið. Ég sé enga ástæðu til þess, að á annan hátt verði að þeim búið af hendi okkar Íslendinga.

Hver var afstaða þessara manna til Íslands og Íslendinga, meðan þeir voru hér á landi? Það voru þeir, sem stjórnuðu njósnarstarfseminni fyrir þýzku leynilögregluna hér á landi. Ég veit ekki, hvar annars staðar í veröldinni en hér gæti verið farið fram á annað eins og það að flytja slíka menn hingað aftur. Hæstv. dómsmrh. hef-

ur sagt frá nokkrum skýrslum, sem ísl. ríkisstj. bárust frá Danmörku fyrir stríð, meðan þessir menn og fleiri slíkir störfuðu hér. Ég sé nú ekki betur en að þessar skýrslur gefi okkur tilefni til að taka mál þetta enn fastari tökum og leiða það ekki til lykta fyrr en fyrir liggja fullkomnar upplýsingar um þá starfsemi, sem skýrslurnar fjalla um. Í þeim er skýrt frá njósnarstarfsemi, sem líklegt þykir, að hafi miðstöð sína í Kaupmannahöfn og frá henni liggja svo þræðir hingað til lands. Ég álít þær skýrslur, sem þegar hefur verið lesið úr hér, vel þess virði, að þær séu teknar til athugunar, áður en ákvarðanir eru teknar um þessa þáltill. Það ætti ekki að fara að ræða hana, fyrr en upplýsingar þær, sem gefnar eru í skýrslunum, hafa verið rannsakaðar ýtarlega.

Hæstv. dómsmrh. skýrði frá því, að þáv. forsrh., hv. þm. Str., hefði ekki séð ástæðu til þess að skýra meðráðherrum sínum frá þessum skýrslum, en Alþ. á eftir að heyra það frá þeim, hvað rétt sé í þessu efni. Það kom og fram í upplýsingum hæstv. dómsmrh., að oftar en einu *sinni hefði verið farið fram á*, að *sendur yrði* maður utan til þess að kynna sér þetta mál í Danmörku. Hann átti að fá að hafa samband við lögregluna dönsku, sem með þetta mál hafði að gera. Þáv. ráðh., hv. þm. Str., sendi núverandi lögreglustjóra utan þessara erinda. Ég held nú, að rétt væri, að þm. gæfist kostur á að sjá skipunarbréf hans og skýrslu þá, sem hann væntanlega hefur gefið, þegar hann kom heim úr utanförinni. Það væri fróðlegt að fá að heyra, hvernig farið hefur verið út í að rannsaka þessa njósnastarfsemi. Ég held, að Alþ. hljóti að vilja fá þessar upplýsingar, áður en farið verður að ræða þáltill. þá, sem hér liggur fyrir. Þá fyrst, þegar þingheimi hefur verið birt skýrsla um málið í heild, er hægt að fara að ræða um þessa þáltill. og taka til athugunar, hvaða afstöðu beri að taka gagnvart henni.

Almennt séð býst ég við, að Íslendingar séu heldur hlynntir því, að Ísland geti verið griðland þeim, sem hvergi eiga höfði sínu að að halla. En sú skoðun á ekki við í þessu tilfelli, nema að því er konur og börn þessara þýzku manna snertir. Það mun almennt álitið, að *rétt sé*, að *þeim sé* rétt hjálparhönd, eins og gert hefur verið. Hins vegar verður að segja, að það kemur úr hörðustu átt, þegar hv. þm. Str. sækir fast að fá landsvistarleyfi fyrir þessa þýzku karlmenn. Það virðist vera önnur afstaða hans nú en þegar hann hafði sjálfur vald til að veita mönnum landsvistarleyfi. Svo að eitt dæmi sé nefnt, skal það rakið lauslega, hverjar undirtektir hans voru fyrir nokkrum árum, á valdadögum hans, þegar sótt var um leyfi til að taka nokkur austurrísk Gyðingabörn hingað til lands. Tilgangurinn var sá að bjarga þessum börnum úr klóm þýzku nazistanna. Katrín Thoroddsen læknir hafði ætlað að taka austurríska Gyðingabarn af nauðstaddri móður þess, og skýrir hún frá, hvernig fór um leyfi það, sem hún sótti um til þess að mega taka barn þetta til fósturs. Greinargerð hennar er í Þjóðviljanum 28. apríl 1939. Farast henni þar meðal annars orð á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Laust fyrir miðjan desember síðastliðinn bað austurrísk kona mig um að taka af sér þriggja ára gamla dóttur sína um óákveðinn tíma. Kona þessi er af Gyðingaættum og maður hennar er einnig Gyðingur. Annars er það af honum að segja, að hann er starfsmaður við gasstöð í Vínarborg, afskiptalítill meinleysismaður, *sem aldrei hafði tekið neinn þátt í* stjórnmálum. En þegar Hitler komst til valda í Austurríki, var honum ásamt óteljandi fleirum Gyðingum kastað í fangabúðir, og síðan hefur ekkert til hans spurzt. En nú hafði konan fengið tilkynningu um það, að hún mundi einnig verða sett í fangabúðir þann 15. jan., ef hún þá væri enn innan landamæra hins þriðja ríkis. Jafnframt var henni þó neitað um vegabréf, svo að engrar undankomu var auðið. Hjón þessi áttu eina dóttur barna, þriggja ára gamla, og móðurinni hefur líklega þótt vænt um hana, eins og mæðrum þykir stundum vænt um afkvæmi sín. Hún sneri sér því til mín, gegnum millilið þó, og bað mig um að taka barnið, þar til útséð yrði um afdrif hennar sjálfrar, en í annað hús var ekki að venda, þar eð ættingjar hennar voru allir í sömu vandræðum og hún. En á hinn bóginn var ógerningur að koma börnum fyrir hjá arískum vinum og kunningjum, því að hinum aríska kynflokk er stranglega forboðið nokkurt samneyti við Gyðinga eða Gyðingabörn. Slíkt eru talin landráð þar syðra. — Ég vildi gjarnan taka barnið, en hitt vildi ég ógjarnan eiga á hættu, að smábarn, sem sent yrði hingað með pósti, um hávetur, þyrfti að hrekjast aftur út í heim að hálfu ári liðnu og þá sennilega sem óskilaböggull út í hreina óvissu. Ég vildi hafa það á því hreina strax, að barnið fengi dvalarleyfi hér á landi eins lengi og með þyrfti, eða að minnsta kosti 1—2 ár. Hins vegar var ég ekki í neinum vafa um það, að móðirin mundi vilja fá dóttur sína aftur jafnskjótt sem hún sæi þess nokkurn kost að sjá henni farborða. Nú er það á allra vitorði, að áðursögð saga er ekkert einsdæmi, og sneri ég mér því til Friðarvinafélagsins og spurðist fyrir um það, hvort félagið hefði í hyggju að taka hingað nokkuð af hrakhólabörnum, og ef svo væri, hvort mín stelpa gæti þá ekki fylgt þeim hóp. Jú, Friðarvinafélagið vildi gjarnan *taka nokkur börn austurrísk, og varð það að* samkomulagi, að stjórn þess félags skrifaði ríkisstj. og sækti um innflutnings- og dvalarleyfi fyrir 8—10 börn, ekki var nú talan hærri, og var mín stelpa meðtalin. Þann 12. des. síðastliðinn skrifaði svo stjórn Friðarvinafélagsins umsóknina til ríkisstj. og óskaði eftir fljótu svari, en í bréfinu var tekið fram, að eingöngu skyldi um andlega og líkamlega heilbrigð börn að ræða, og eins hitt, að börnunum mundi komið fyrir á góðum heimilum, því opinbera að kostnaðarlausu." Þannig farast Katrínu Thoroddsen orð. En úrlausnin, sem hún fékk hjá núv. hv. þm. Str., var skýlaus neitun. Síðan fylgdi skætingur í Tímanum um, að ástæðulaust væri að sýna Gyðingabörnum mannúð, og nóg væri hér af börnum, sem þyrftu aðstoðar við. Var það og túlkað svo í blöðum flokks hans, að hætta væri fyrir hinn íslenzka kynstofn, að inn væri flutt fólk af Gyðingaættum. En nú var hér aðeins um börn að ræða og einungis bráðabirgðaráðstöfun.

Einnig skyldu þau flutt inn og haldið uppi ríkinu að kostnaðarlausu. Þrátt fyrir allt þetta lét hv. þm. Str. sér sæma að neita þessari beiðni. Svona var nú mannúðin á háu stigi hjá þessum hv. þm. þá, þegar um það var að ræða að bjarga nokkrum börnum úr klóm þýzku nazistanna. Það kemur þess vegna úr hörðustu átt, þegar þessi sami hv. þm. flytur nú þáltill. um að flytja til landsins þessa þýzku menn og túlkar það mál sem mannúðarráðstöfun. Manni verður hugsað til austurrísku Gyðingabarnanna, sem hann meinaði landsvistar árið 1939. Þá var mannúðinni ekki fyrir að fara.

Ég held, að það væri nær að athuga þetta mál frá öllum hliðum mjög gaumgæfilega, áður en hafizt verður handa um að flytja þessa þýzku karlmenn til landsins. Menn verða að gera sér það ljóst, að hér er ekkert smámál á ferðinni, heldur mál, sem mjög miklu skiptir, hvernig við er snúizt, mál, sem getur haft miklar afleiðingar fyrir land og þjóð, ef ekki verður réttilega við því snúizt.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Hv. þm. N.-Ísf. lagði til, að þessu máli yrði vísað til allshn., og kann það að vera rétt, en nú vill svo til, að utanrmn. hefur fjallað um þetta mál, og þótt hún starfi ekki núna eftir þingsköpum, þá heyrðum við áðan, að hún var boðuð á fund, og legg ég því til, að málinu verði vísað til hennar.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Út af ummælum hv. 2. þm. Reykv., þá er það ekki ríkisstj., sem hefur sent mann til Þýzkalands til að leita uppi konur og börn af íslenzkum ættum, en hins vegar hefur ríkisstj. veitt þessu fólki landsvistarleyfi, og út af því, sem hv. þm. Str. upplýsti í gær, að hann hafi sent lögreglustjóra utan til að rannsaka ýmis mál, þá skal það upplýst, að það var ekki lögreglustjóri, heldur flugmálastjóri, sem sendur var utan 1939, og var honum ekki veitt lögreglustjóraembættið fyrr en síðar og það þótt hann vantaði eitt ár til, var ekki nema 24 ára, en þurfti að vera 25 ára til löglegrar veitingar. Hv. þm. gat þess, að skýrsla væri til í dómsmrn. um þetta, en ég vissi ekki um það, að hún væri til, og bað ég skrifstofustjóra um að leita að henni, en hann hafði ekki fundið hana kl. 2 í dag. Þá fór ég til lögreglustjóra, en hann sagðist ekki hafa gefið neina skýrslu, en rétt áðan hringdi skrifstofustjóri og sagði, að skýrslan væri fundin. Þáv. forsrh. óskaði eftir, að flugmálastjóri kynnti sér ýmis gögn hjá dönsku leynilögreglunni. Ég tel rétt að skýra frá því, svo að öll gögn séu lögð á borðið. — Dagana 26. ág. til 15. sept. dvaldi flugmálastjórinn í Kaupmannahöfn og fékk fyrir milligöngu Sveins Björnssonar samband við Thune Jacobsen, og dagana 30. ág.—15. sept. starfaði flugmálastjóri hjá dönsku ríkisstj. og fékk aðgang að öllum skjölum varðandi lögregluna, en það var allt strangt trúnaðarmál og því setti flugmálastjóri það ekki í skýrsluna. Annars virðist það hafa komið fram, að hv. þm. Str. hafi verið heldur hlífinn gagnvart ágangi Þjóðverja hér. Og eitt er víst, að sendiherra Þjóðverja kaus heldur að fara til hans með öll sín mál en til utanrrh., sem þó er venja. Og ég ætla, að ástæða hafi verið til, að Þjóðverjum hefði verið veitt mótspyrna hér, þegar það gekk svo langt, að sendiherra þeirra vildi ráða, hvaða kvikmyndir væru sýndar hér, hvað útvarpið flytti, og blaðafréttum og fékk forsrh. til að banna sölu bókar og koma í veg fyrir gamansýningu, sem átti að halda á Hótel Borg, þar sem Stalín og Hitler áttu að koma fram. En nú skal ég ekki fjölyrða meir um þetta, því að sennilega gerir hv. þm. Str. grein fyrir slíku ofríki sem þessu. En erindi lögreglustjóra hefur verið á þá leið, að hann átti að kynna sér stjórn lögreglunnar og allan útbúnað hennar og einnig, hvernig refsa bæri fyrir yfirsjónir o. fl. Er það ekki nema eðlilegt, að lögreglustjóri færi til sambandslands, sem einnig stóð á háu stigi, hvað þessi mál snertir, og dvaldi hann frá 19. júní til 26. júlí í Kaupmannahöfn, en þá flaug hann til Berlínar og dvaldi þar í góðu yfirlæti. Dvaldi hann talsvert í Berlín og kynnti sér ýmislegt varðandi lögreglumál og virðist það allt vera með eðlilegum hætti. Það er ekki nema eðlilegt, ef ráðið hefur verið að gera flugmálastjóra að lögreglustjóra, að senda hann til lýðræðisríkis til að kynna sér lögreglumál, en hitt virðist undarlegra að senda hann í skóla til Himmlers, sem staðið hefur fyrir svívirðilegustu glæpum, sem nokkurn tíma hafa þekkzt. En það getur verið, að þetta standi í sambandi við linkind hæstv. forsrh. við Þjóðverja hér. En ég vil þó ekki segja, að þessi skóli hjá nazistum, sem lögreglustjóri var í í mánuð, hafi haft áhrif á embættisstörf hans hér, en það er ekki að þakka skólanum, heldur meðfæddri lýðræðisnáttúru og góðum hæfileikum hans sjálfs. En ég tel, að þessi þáttur þessarar skýrslu sé þess virði, að hann komi fyrir almenningssjónir.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég hef ekki haft tækifæri til að fylgjast með þessum umr., en ég heyrði ræðu hæstv. dómsmrh. og skal ekki á þessu stigi málsins draga neinar ályktanir. En út af þeirri till., sem hér liggur fyrir um veitingu landsvistarleyfis, vil ég segja það, að um þetta er ágreiningur innan ríkisstj., en ég geri hann ekki að umræðuefni hér, og kann ég vel að meta afstöðu dómsmrh., sem þetta heyrir undir. Ég veit, að margir hv. þm. hafa tilhneigingu til að verða við óskum þessara manna, og ég efast ekki um, að hæstv. dómsmrh. hefur einnig tilhneigingu í þá átt. Ég tel fyrsta sjónarmiðið vera, að hér er um að ræða menn, sem eru giftir íslenzkum konum og eiga íslenzk börn, og því sjálfsagt að sýna þeim þá tillitssemi, sem mannlegar tilfinningar kalla á. Það væri mjög óviðfelldið, ef utanrrh. bæði um aðgerðir, sem sá, er valdið hefur, dómsmrh., teldi ekki góðar aðgerðir. Á laugardag, þegar þessi till. var fram komin, taldi ég rétt af mér að athuga þetta nokkuð og símaði til sendisveitar Íslands í London og óskaði þess, að hún bæði um frest á brottsendingu þessara manna, meðan þessi mál væru rædd hér á Alþ. Formáli þessarar beiðni var að sjálfsögðu sá, að Alþ. mundi afgreiða þetta mál fljótlega. Mér hefur borizt svar við þessari beiðni á þá leið, að ekki muni hægt að girða fyrir héðan af, að

þessir menn verði fluttir til Þýzkalands, en aftar í orðsendingunni er óbeint gefið í skyn, að ekki sé vonlaust, að hægt verði að fá þessa menn til Íslands, ef þess verði sérstaklega óskað af Alþingi. — Ég tel mér skylt að upplýsa þetta, enda þótt afleiðingin af samþykkt till. hafi eftir sem áður sína þýðingu.

Um brtt. á þskj. 335 vil ég segja: Aðaltill. er bundin við þá menn, sem búsettir voru hér fyrir 1939, en með þessari brtt. er átt við alla, sem kvæntir eru ísl. konum. Ég tel höfuðsjónarmiðið það, að hér eigi í hlut íslenzkar konur og börn, og þess vegna eðlilegt, að teknir verði allir menn, sem bundizt hafa íslenzkum konum, án tillits til, hvort þeir hafa búið hér fyrir 1939. Meginatriðið er, að þær konur og börn, sem um er að ræða, verði ekki flutt þangað, sem við engir óskum að vera fluttir. Þetta hygg ég vera sjónarmiðið á þskj. 335, og það tel ég vera rétt. Hitt er svo álitamál, hvað langt skal fara í skorðunum. Ég treysti mér ekki til að dæma, hvað menn hafi verið knúðir til að vinna fyrir sitt ríki eða hvað þeir hafa talið sig tilneydda að gera. Slíkt verður alltaf erfitt að gera.

Stefán Jóh. Stefánsson: Ég hef leyft mér, ásamt þm. V.-Ísf., að bera fram brtt. á þskj. 335. Þessi brtt. er sumpart til rýmkunar, en að nokkru til þrengingar. Það, sem til rýmkunar er, er það, að aðeins verði miðað við, að hlutaðeigandi hafi verið kvæntur íslenzkri konu, en hins vegar ekki sett það skilyrði, að hann hafi verið búsettur hér fyrir 1939. Vel má vera, að þeir Þjóðverjar, sem kvæntir eru íslenzkum konum, hvar sem þeir hafa búið, hafi ekki verið minna mótfallnir nazistunum og stefnu þeirra en við. Munurinn á þessum mönnum gæti verið sá, að þeir hafi ekki viljað vinna fyrir þýzku stjórnina, því að þeir menn, sem fluttust úr landi, fengu ekki útfararleyfi nema þeir ynnu störf í þágu ríkisins og væru þá um leið umboðsmenn þeirrar stjórnar, sem þá var við völd í Þýzkalandi. Við álitum þess vegna, að ef þeim Þjóðverjum, sem hér voru búsettir fyrir 1939, yrði veitt landsvistarleyfi, þyrfti ekki síður að athuga, hvort ekki sé einnig rétt að veita þeim Þjóðverjum, sem kvæntir eru íslenzkum konum, landsvistarleyfi, þó að þeir hafi ekki búið hér. Till. okkar er að þessu leyti rýmri. En aftur á móti er till. okkar að því leyti meira takmarkandi en frumtill., að við viljum fela dómsmrh. að athuga og rannsaka, hvaða Þjóðverjum sé ástæða til að veita landsvistarleyfi, og að sjálfsögðu sé leyfið ekki veitt nema þeim, er hafa ekki tekið þátt í samsæri gegn landi voru. Ég játa, að sú rannsókn getur verið mörgum örðugleikum bundin, einkum þó að skera úr því, hvort viðkomandi hafi verið neyddur út í einhver óhæfuverk, eins og okkur er nú kunnugt, að mikið var að gert hjá nazistum, eða menn hafi aðhafzt slíkt af frjálsum vilja.

Úr því að ég er staðinn upp, vil ég minnast ofurlítið á þessi umræddu bréf. Mig rekur ekki minni til, að ég hafi lesið þessi bréf, en hins vegar þori ég ekki að fullyrða, hvort þau hefur einhvern tíma borið á góma. (*HermJ:* Var þm. ráðh., þegar bréfin bárust?). Ég var ekki ráðh. þegar 1.—3. bréf kom, en þegar 4. bréfið kom, var ég ráðh.

Ég hef aldrei heyrt skýrslu um utanför lögreglustjóra, þó að ég vissi, að honum væri ætlað starf sem lögreglustjóra. Ég hélt því, að hann væri einungis að búa sig undir það. Hitt vissi ég og var undrandi yfir þeirri frekju, að Gerlach sendi skeyti beint frá sér til sendiherrans í Kaupmannahöfn og bað sendiherrann að greiða fyrir því, að núverandi lögreglustjóri kæmist í samband við þýzku lögregluna. Sendiherrann virti þetta skeyti ekki svars, eins og vera bar. Síðar hefur orðið upplýst um Gerlach, að hann var, áður en hann kom hér, sendiherra Þjóðverja í Sviss, en var rekinn þaðan. Hafði hann verið ásakaður um að hafa tælt fólk að landamærunum, þar sem svo Þjóðverjar hefðu tekið það og drepið. Íslendingar hefðu átt að mótmæla að taka við slíkum sendimanni. (*EystJ:* Það er gaman að heyra, hvað menn eru herskáir nú). Svo lítill var vinskapur þýzka sendiherrans og mín, að hann leitaði aldrei viðtals við mig. Það eina, sem ég hafði kynni af honum, var, að hann sendi mér nótu og ásakaði mig fyrir of náin kynni af andnazistum. Ég svaraði, að erlendum sendimanni væri slíkt óviðkomandi. (*Forsrh.:* Margt hefur nú farið fram hjá mér í ríkisstj.). Svo þrautreynd sem starfsemi nazista er orðin í okkar nágrannalöndum, hljótum við að vera vel á verði gagnvart slíkri starfsemi. Þess vegna tel ég ríka áherzlu til fyrir íslenzku ríkisstj. að athuga vel allar þær upplýsingar, sem hægt er að fá, áður en þessum mönnum er veitt landsvistarleyfi. Þá, sem ekki finnast á neinn hátt sekir, á Ísland að hýsa, ef þeir þarfnast þess, og enginn skyldi mæla með því frekar en ég, að þeir njóti íslenzkrar gistivináttu. Það er vandasamt að rannsaka mál þessara manna, en það verður að gera allt, sem hægt er, til að sú rannsókn gangi greiðlega og sé nákvæm, svo að þeir menn, sem hafa siðferðislegan rétt til að búa hér, fái sem fyrst landsvistarleyfi, en hinum, sem uppvísir verða að því að hafa starfað gegn þjóð vorri, verði ekki hleypt inn í landið.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það mætti nú ætla, að mér hefði komið á óvart sú árás, sem á mig hefur verið gerð hér. En ég verð að segja hv. þm. þegar í upphafi máls míns, að ég bjóst meir en við því, að þeir, sem flyttu till. um þetta mál, að leyfa Þjóðverjum, sem kvæntir eru íslenzkum konum og dvelja enn erlendis, að hverfa hingað heim, mundu verða fyrir árásum og að reynt yrði að stimpla þá sem nazista. Og ég skal taka fram, að einn hv. þm., sem þó vildi vera með í að flytja þessa þáltill., sagðist ekki þora að flytja hana, vegna þess að hann byggist við að verða fyrir það fyrir árásum. — Ég er sennilega hvorki kjarkmeiri né kjarkminni en aðrir menn. En ég hef hugsað mér, meðan ég sit á Alþ., að flytja þau mál, sem ég tel rétt, og ekki sízt þau mál, sem ég finn, að aðrir vilja ekki flytja, jafnvel þora ekki að fást við vegna óþæginda, sem af því kynni að leiða. Ég minnist þess, — og það er rétt að segja frá því hér, — að þegar menn nokkrir íslenzkir, sem

voru á íslenzka skipinu Arctic og rötuðu í það óhapp að lenda í klóm slíkra manna sem nazista suður á Spáni, voru teknir fastir og öll skipshöfnin, þá varð það uppvíst, að tveir af þessum mönnum voru sekir sem njósnarar, og voru þeir fluttir út ásamt allri skipshöfninni að lokum. En áður en það var gert, fór fram rannsókn hér á Kirkjusandi, og það er vissulega rétt, að þeir, sem eru svo ákaflega skeleggir gagnvart Þjóðverjum, ættu að segja einnig frá því, hvernig sú rannsókn fór fram. Það er oft nauðsynlegt í hernaði að beita ýmsum aðferðum, en svo mikið er víst, að einn sjómaðurinn kom þaðan með tveim tönnum færra í munninum en hann fór þangað og gráhærður, eftir að hafa gengið í gegnum þessa rannsókn, enda þótt engin grá hár sæjust á höfði hans þegar rannsóknin byrjaði. Þessi maður bar sig upp við ráðh. út af því, að hann fengi ekki greitt kaup fyrir þann tíma meðan stóð á þessari rannsókn. Það fékkst enginn maður til þess að flytja þetta mál hans hér á Alþ. Og eftir að talað var við ráðh. um það, hvort þeir vildu reyna það, var því neitað. Þá lét ég prenta till. um það, sem ég ætlaði að leggja fram á Alþ. með grg., eins og á stóð, þegar herliðið var hér. Og það veit skjalavörður Alþ., sem stendur þarna í dyrunum, að ég sagðist leggja þetta fram sem skjal til hvers einasta þm., ef þetta yrði ekki borgað. Og þetta var borgað. Það voru ekki þær aðstæður þá, að það mætti birta þetta — og eru kannske ekki nú, þegar verið er að tala um að „birta" og „birta". Þá mátti ekki birta þetta, þó að rannsóknin væri svo hörð þarna á Kirkjusandinum, — sem er kannske nauðsynlegt undir svona kringumstæðum, — að einn maðurinn, sem undir þeirri rannsókn var, fyrirfór sér á meðan á rannsókninni stóð — alsaklaus —, því að hann þoldi ekki meira.

Ég veit vel, að það er ekki undarlegt með Þjóðverja, þó að um þá væri hugsað fyrir nokkrum árum nokkru öðruvísi en nú. Það er ekki vinsælt nú að flytja till. um að leyfa Þjóðverjum að hverfa hingað heim. Sá æsingur, sem risið hefur gagnvart þýzku þjóðinni, mun sennilega tiltölulega fljótt réna, þó að nazisminn hverfi ekki úr hugum manna sem mesta grimmdaræði veraldarsögunnar. Og hann á að hverfa gagnvart þjóðinni, a. m. k. gagnvart þeim þýzku mönnum, sem saklausir eru um allt, sem nazistar hafa tekið þátt í sem slíkir. Og það, sem fyrir mér vakir, er, eins og þáltill. ber með sér, að þeir þýzku menn, sem saklausir eru af nazistisku athæfi, fái að koma hingað heim til kvenna sinna og barna, og ég get ekki séð annað en það sé í alla staði eðlilegt, ef sannað er, að þeir hafi ekkert af sér brotið, að þeir fái hér landsvistarleyfi, þeir menn, sem höfðu hér áður landsvistarleyfi, þó að þeir hefðu það aðeins eitt og eitt ár í senn, sem alltaf var framlengt umyrðalaust, og mér finnst þetta eðlilegt, þó að þeir væru fluttir burt af styrjaldarástæðum og án okkar tilverknaðar. Og það er líka sett sem skilyrði fyrir þessu leyfi þeim til handa í þessari þáltill., að þeir hafi ekki af sér brotið. Mér finnst þessi till. því á allan hátt réttlát, og þess vegna hika ég ekkert við að bera hana fram á Alþ. og hræðist það ekki, þó að þeitt sé þeim aðferðum, sem fram hefur komið og ég mun rekja nokkuð í þessari ræðu.

Það hefur verið sagt hér, að ég hafi sýnt ákaflega mikla óbilgirni með því að leyfa ekki austurrískum börnum að flytja hingað til landsins. Það má náttúrlega alltaf deila um þá hluti. En svo mikið er víst, að samkv. þeim upplýsingum, sem við höfum aflað okkur, sem um þetta mál höfum fjallað, höfðu Íslendingar leyft fleiri flóttamönnum Gyðinga landsvistarleyfi, ef miðað er við fólksfjölda, heldur en nokkur önnur Evrópuþjóð. Og það var sennilega ekki af öðrum ástæðum en þeim, hve mörgum flóttamönnum hafði verið leyft að koma hingað til landsins, konum, mæðrum og börnum, að þetta leyfi var ekki veitt. Það má náttúrlega alltaf um það deila, hvar eigi að setja takmörkin fyrir þessum leyfum. Og það er vitað mál, að hér var tiltölulega margt af landflótta Gyðingum þá, og við Íslendingar höfum vissulega tekið okkar skerf af því að leyfa þeim landsvist.

Það, sem einkennir þann málflutning, sem hér hefur verið hafður í frammi, er fyrst og fremst það, sem ekki leynir sér í þessum umr., að þessar umr. allar snúast um það að ná til mín. Og þó að ég sé ekki sérstaklega veðurglöggur, þá sá ég það strax, hvað var á seyði, því að hæstv. dómsmrh. var alltaf að sýna mönum þetta skjal, gekk á milli manna, var að hlæja, brosa, láta menn lesa það, hafði það á stól fyrir sér, klappaði því eins og barni, breiddi yfir það, hafði það úti í gluggum. Það leyndi sér svo sem ekki, hvað var á ferðum. En þetta forspjall sýnir, hve geðsleg þessi vinnuaðferð þessa ráðh. er, og fæ ég kannske tækifæri til þess að sýna það betur, því að það er hér í þessum skjölum nokkuð, sem snertir njósnarstarfsemi annars ríkis. Og ef það hefur verið rétt að birta það, sem snerti njósnir Þýzkalands, þá á náttúrlega alveg eins að birta slíkt hið sama, sem öðrum þjóðum kemur við, og það hér á Alþ., því að annars staðar á hvergi fremur að birta það. — Það fyrsta, sem kemur fram í þessum málflutningi, er það, að það er reynt með ofsalegum æsingi og annaðhvort af geysimikilli vanþekkingu eða móti betri vitund að lesa hér upp um leyniþjónustuna þýzku, til þess að gefa hugmynd um, hvernig henni hafi verið háttað, hve ógurleg hún hafi verið, hvaða ofbeldisverk hún hafi framið o. s. frv., og er það sjálfsagt rétt, ég mótmæli því ekki. En það er verið að reyna að koma því inn í höfuðið á hv. þm., — sem ekki tekst, af því að þeir vita betur, — að hér á landi hafi í sambandi við leyniþjónustuna þýzku verið brotið af sér. Og sérstaklega er reynt að koma þessu til blaðanna, sem gert hefur verið ráð fyrir, að prentuðu þetta upp. Hæstv. dómsmrh. var á stöðugu tali við blaðamenn nú í fundarhléinu, sem endaði er ég hóf ræðu mína nú, sjálfsagt til þess að gefa þeim bendingar um, hvernig þeir ættu að skrifa um þessi skjöl hans á morgun.

En hvað er rétt í þessu? Halda menn, að það sé engin leyniþjónusta til nema þýzk? Heldur hæstv. dómsmrh. því fram? Er hann að mála þetta sérstaklega þannig, að hann sé að leitast við að gefa myndir af því á móti betri vitund? Það hygg ég, að sé. Ég get upplýst, að það er

komin út bók, sem komin er á markaðinn hjá Snæbirni Jónssyni bóksala, sem er að vísu ekki talin sérstaklega áreiðanlegt plagg, en skýrir frá ýmsum staðreyndum. Hún skýrir frá því, sem vitað er, að leyniþjónustukerfi stórveldanna er veruleiki, og þar er talið, að miðstöð leyniþjónustunnar yfirleitt fyrir ýmis stórveldi hafi verið í Danmörku. Og svo mikið er víst, að af flestum var þessi leyniþjónusta Þýzkalands talin lélegasta leyniþjónustan. Og það er ekkert leyndarmál, að stórveldin hafi leyniþjónustu, því að oft er skýrt frá því í fréttum, að leyniþjónusta þessa eða hins lands á þessum og þessum stað hafi komizt að þessu eða hinu. Það er talið, að leyniþjónusta eins ríkis hafi komið til lögreglunnar dönsku og sagt, hverjir voru þýzkir njósnarar, því að þeir höfðu gagnnjósnir. Og þeir, sem störfuðu í þeirri leyniþjónustu, gátu meira að segja bent lögreglunni á það, að ekki væru allir heilir, sem ynnu í lögreglunni dönsku. Þannig er leyniþjónustukerfið. Og það er vitað, að leyniþjónusta er að einhverju leyti rekin enn. Þess vegna er það vitanlega alveg röng mynd, sem hér er gefin, a. m. k. eins og hæstv. dómsmrh. flytur mál sitt. Þessi leyniþjónusta — ja, væntanlega er hún engin í þessu landi nú, ég þykist vita, að hæstv. dómsmrh. mundi vita um það og mundi vera búinn að birta almenningi það, ef svo væri, að hún væri hér einhver, eftir þeim kröfum, sem hann gerði til mín, svo að við getum verið rólegir yfir því, að það er náttúrlega engin leyniþjónusta hér nú.

Þá kem ég að því, sem var ásökun á mig í ræðu hans. Þá er það fyrsta, að í bréfum, sem ég hefði fengið frá sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn, hefðu verið upplýsingar um það, að hér heima á Íslandi væri njósnakerfi og væri miðstöð þess í Danmörku. Það kom fram, þegar hæstv. dómsmrh. las upp þessi bréf, að það hefði komið aðvörun eftir aðvörun til mín sem ráðh. um þetta. Og ég er viss um, að það hafa fáir eða engir skilið þetta á annan veg en þann, að gefið væri í skyn, að það hefðu legið fyrir upplýsingar, sem mér hefðu verið gefnar með skrifum einhverra innlendra eða erlendra manna, sem ég hefði dulið fyrir meðráðh. mínum og stungið undir stól. Mér hafa nú verið lánuð þessi bréf, og ég mun lesa þau upp, og geri það hiklaust, vegna þeirra vinnuaðferða, sem ég hef verið beittur hér. Og ég mun bera hér á Alþ. fram kröfu um það fyrst, að bréfin verði fjölrituð og afrit þeirra afhent hverjum einasta hv. þm. Og það er ekkert í þessum bréfum, sem nú má ekki birta, nema tvö eða þrjú nöfn á mönnum erlendis og nafn á landi, sem mætti sleppa öllu í fjölritinu. Og ég mun í öðru lagi gera kröfu um það, að þessi bréf verði á sama hátt birt allri þjóðinni, og þá mun það sjást, á hverju blöðin hafa byggt það, að ég hafi stungið skjölum um þessi mál undir stól, sem hæstv. dómsmrh. vildi læða inn, að ég hefði gert. Þá getur þessi málflutningur skýrzt, og það getur líka haft áhrif á aðstöðu hæstv. ráðh. Og eins og þessi málflutningur þessa hæstv. ráðh. hefur verið, er rétt að hv. þm. fái að heyra úr þessum bréfum. Bréfin eru frá 2. marz, 10. marz og 28. marz 1939, og svo kemur hér fram maður á þingi eins og hv. fyrrv. utanrrh., 4. þm. Reykv., og vitnar um það, að ég hafi ekki lesið upp fyrir meðrh. mínum bréfin, maður, sem kom í ríkisstj. mánuði eftir að fyrsta bréfið kom og eftir að öll þessi þrjú bréf komu og eftir að búið var að gera ráðstafanir, sem gera þurfti vegna þessa. Seinasta bréfið af þessum umræddu bréfum var skrifað 24. jan. 1940, og það kannast hv. 4. þm. Reykv. við að hafa fengið að vita um efnið úr, þó að hann minntist þess ekki, að það hefði verið lesið upp fyrir sér.

Ég hef sterkari vitni um þessi mál en hæstv. dómsmrh., því að eftir minni till. var byrjað strax að rannsaka þessi mál, sem ég kem að seinna. Ég minntist á það í utanrmn. og gerði það að till. minni og beindi til ríkisstj., að nú væru tekin fram þessi bréf og reynt að leita fyrir sér í Danmörku um upplýsingar og hjá Bandamönnum í skjölum, sem fundizt hafa hjá Gerlach, og leitazt við að finna, hvaða menn, innlendir og útlendir, kynnu að vera riðnir við njósnarstarfsemi. Og mér er hið mesta áhugamál að fá flett ofan af því, hvílíkur nazisti ég á að vera og jafnvel Gestapomaður. Því að hæstv. ríkisstj. hafði ekki áhuga fyrir þessu máli fyrr en ég benti henni á það í utanrmn. Þá könnuðust menn við efni bréfanna, jú, jú, sagði hæstv. forsrh. Það kom ekki fram í bókuninni um þetta annað en að allir könnuðust við bréfin, sem í ríkisstj. voru með mér, er þau komu. Sjálfsagt að taka þau fram.

Þá kem ég að efni bréfanna. Það er þá fyrst bréfið frá 2. marz 1939. Þetta bréf, sem ég hef afrit af hér fyrir mér, er eingöngu um það, að það séu njósnir í Danmörku og að hvert ríki verði að hafa lögreglu og ala upp lögreglu til þess að geta litið eftir þessum njósnum í sínu landi. Og það er sagt hér í bréfinu, að erlendir lögreglumenn séu sannfærðir um það, að hér séu sendistöðvar á fleiri stöðum á Íslandi, og enn fremur er hér stungið upp á að senda þegar mann til þess að kynna sér þessi gögn, en hæstv. dómsmrh. gaf í skyn, að þar væru upplýsingar um sekt manna hér heima á Íslandi, en það er ekkert um það í þessu bréfi, heldur er hér sagt, að það þurfi að senda lögreglumann til Danmerkur til þess að kynna sér þessi mál þar og aðferðir lögreglunnar í þessum málum. En það er m. a. tekið fram í þessu bréfi, að sá maður þurfi að vera heiðarlegur, þagmælskur og gætinn. M. ö. o., bréfið er um það, að vegna þess að þeir hafi almenna sannfæringu fyrir því, að hér á Íslandi sé, eins og annars staðar í löndum, um njósnarstarfsemi að ræða, þá þurfi að senda mann út til þess að búa hann undir það að sinna þessu starfi, að hafa upp á njósnum hér á Íslandi, komast fyrir njósnir og afstýra þeim. Í þessu bréfi eru ekki nokkrar minnstu upplýsingar um raunverulegar njósnir, sem vitað sé um í einstökum tilfellum, og það eru ekki settar fram í þessu bréfi neinar líkur fyrir því gagnvart einstökum mönnum og ekki einu sinni gefið svo mikið í skyn, að teljast megi minna en líkur (þ. e. engar dylgjur), og ekkert er í þessu bréfi, sem á skylt við líkur fyrir sekt nokkurra manna hér heima á Íslandi, hvorki innlendra né útlendra — hér heima á Íslandi, segi ég.

Svo er bréf frá 10. marz. Þar segir, að benzín

muni hafa verið grafið í jörð og komið fyrir hér í fjörðum. Hérna er sagt frá, að sprengdir hafi verið togarar í vissu landi. „Bak við þennan verknað stendur útbreidd organisation víða um land, sem á rætur sínar að rekja — — —" hvert? Má ég segja það? (*Dómsmrh.:* Fyrir mér). Leyfir hæstv. ráðh. það fyrir hönd ríkisstj.? (*Dómsmrh.:* Fyrir mér. — *Forsrh.:* Má ég sjá, hvað stendur í skjalinu?). Já, gerið svo vel, ég ætla að bíða á meðan. (*Forsrh.:* Ég sé ekki þetta nafn, hvar er það?). Það er þarna undirstrikað með rauðu. (*Forsrh.:* Það stendur hér, að þetta sé trúnaðarmál). Já, ég veit það, og það er eðlilegt, að þessi hæstv. stj. geri sama við svona leyndarmál og hver ríkisstj. gerir, þegar eitthvað er upplýst um ríki, sem vinsamleg skipti eru við. Hæstv. ráðh. veit, að ekki hefði komið til mála, að ég hefði lesið þetta upp, en það er þó krafa, sem hæstv. stj. gerir til mín. En það, sem er upplýst, er það, — ég ætla ekki að lesa nafn ríkisins, — en þessi starfsemi, sem sé í vissu landi, hafi það aðalmark að vinna tjón á skipum Þjóðverja, Ítala og Japana hvar sem er í heiminum. Þessi starfsemi sé stöðugt að færast norður á bóginn og það geti vel komið til mála, að hún sé komin til Íslands, og þessi starfsemi hafi jafnvel það starf með höndum að grafa benzín í jörð og sökkva því í firði til þess að geta haft það til hernaðarnota síðar. Ég ætla ekkert að lýsa því fyrir áheyrendum eða öðrum, að vitanlega gerir hæstv. stj. skyldu sína með því að annast, að svona hlutir séu ekki birtir. En vitanlega verðum við jafnframt, eins og ég kem að síðar, að gera þá skyldu okkar að gera ekki hluti, sem gætu kannske verið sama og hernaðaryfirlýsing gagnvart þjóðinni, sem hlut átti að máli. Og svo segir yfirmaður leynilögreglunnar og undirstrikar það, að gera megi ráð fyrir mikilli slíkri starfsemi á Íslandi og meiri en flestir hafi gert sér í hugarlund. Þá undirstrikar hann, að þótt ekki liggi fyrir sannanir um þetta, þá sé sjálfsagt að senda mann til Danmerkur til að kynna sér þessi störf og til að geta starfað að málunum, en engar minnstu líkur eru færðar fram fyrir sekt nokkurs manns.

Nú kemur þriðja bréfið. Sendiherrann segir, að það sé sérstök mappa með skjölum um Ísland, sem hann hafi fengið frá leynilögreglunni dönsku, og að sjálfsögðu sé þar að finna allt, sem eitthvað snerti Ísland, því að það er eitt, sem leyniþjónustan þar gerir betur en flest annað, og það er að raða niður skjölum, og það er afar mikils vert að raða slíkum skjölum niður á réttan hátt. Ég skal lofa ykkur að heyra, hvað hann segir um það. Hann segist hafa farið gegnum þessi skjöl og þau séu ekki sérstaklega merkileg. Það séu aðallega bréfaviðskipti milli manns, sem er nefndur, og Pflugk-Hartungs, sem fram hafi farið frá 1. júlí 1936 og fram í september 1938. Svo kemur, hvert er efni bréfanna, að þeir muni geta útvegað Þjóðverjum hafnir á Vesturlandi, en bréfin séu ómerkileg og heldur draumórakennd. Öll eru bréfin um að koma hér á eftirlitslögreglu og að senda mann til að kynna sér, hvernig eigi að líta eftir þessum málum hér heima með svipuðum hætti og gert hefur verið annars staðar, þó að ekki hafi verið hægt að gera mikið þann stutta tíma, sem ég var við völd á eftir. Það hefur ekki verið hér nein öryggisþjónusta og er alls ekki nú, nema hæstv. dómsmrh. hafi komið henni á og geti fullvissað okkur um, að hér sé alls engin hættuleg leyniþjónusta á Íslandi frá neinum.

Í seinasta bréfinu, sem sendiherrann skrifar, segir hann, að þá gruni, að hér sé leynistöð einhvers staðar, henni séu sendar fregnir frá Danmörku, og hún sendi þær síðan áfram til þýzku stjórnarinnar, og svo er brýnt fyrir okkur að finna þessa stöð, sem þetta verk muni vinna. Það tókst líka, vegna þess að sendur hafði verið maður út, sem bæði í Danmörku og sérstaklega í Þýzkalandi lærði, hvernig á að finna slíkar stöðvar. Ég vil ekki segja, hver sú aðferð var, sem notuð var, því að það getur verið, að hæstv. dómsmrh. gæti komið sú aðferð vel, ef til þyrfti að taka, en þetta verk var unnið með mikilli nákvæmni, þangað til lögreglustjórinn kom til mín og sagði: „Við vitum, að stöðin er í þessu húsi, hjá þýzka ræðismanninum." Nú er bannað að landslögum, að nokkur maður hafi stöð og sendi nokkrar fréttir, hann þarf ekki að vera neitt sannur að njósnum, heldur er það brot á landslögum að hafa sendistöð. Nú má ekki blása sig út á þessu. Ræðismaður getur sent milli landa fregnir í pósti á dulmáli eftir geðþótta, en þrátt fyrir það álitum við, að sjálfsagt væri að koma í veg fyrir, að þessi stöð væri notuð, og það var hægt að komast að því, hvenær þessi stöð hreyfði sig. Þá var það, sem lögreglustjórinn í Reykjavík, sem nú er verið að reyna að stimpla sem ótrúan sinni þjóð, og að því kem ég síðar, kom og sagði, að það væri fullsannað, að þýzki ræðismaðurinn, Gerlach, hefði sendistöð og nú væri hægt að umkringja húsið og taka þessa stöð. Ég viðurkenni, að þessi dirfska, sem hann var reiðubúinn að framkvæma, var ekki framkvæmd, því að það hefði kannske kostað þessa þjóð það, sem við hefðum ekki viljað láta kosta hana. Ég vildi sjá, að nú sé það eftirlit með fulltrúum erlendra ríkja, að slíkt væri gert, ef þeir nú stunduðu þessa starfsemi, sem þeir vitanlega ekki gera. Ég vildi sjá, að hæstv. núv. dómsmrh. gengi harðara að nú, ef til þess kæmi, en gert var í þetta sinn. Lögreglustjórinn spurði mig, hvað ætti að gera. Ég ráðgaðist við meðráðh. mína, og það varð að samkomulagi að senda lögreglustjórann einan heim til þýzka sendiherrans og tilkynna honum, að við vissum, hvenær stöðin hreyfði sig, og ef hann hreyfði hana oftar, þá yrðu þegar í stað gerðar opinberar ráðstafanir gegn honum og hann rekinn úr landi.

Nú verða menn að athuga, að það eru ekki sannaðar njósnir á þennan mann, þó að hann noti senditæki, heldur var aðeins eitt og annað, sem benti til þess. Lögreglustjórinn vann þetta verk með nokkrum sérfróðum mönnum, sem höfðu verið sérstaklega æfðir undir þetta starf og ég sé ekki ástæðu til að nefna á þessu stigi, en þeir lögðu borðleggjandi sannanir fyrir, að þarna væri stöðin, og það var mjög vel unnið verk. Ég er ekki í nokkrum vafa um, að á því stigi var vitanlega ekki hægt — og um það voru meðráðh. mínir mér sammála — að gera húsrannsókn hjá ræðismanninum og umbylta þar

öllu, en það stóð vissulega ekki þar á lögreglustjóranum, en ég áleit og ríkisstj., að það væri of djarft teflt, því að það gæti leitt af sér of alvarlega hluti. En ef það þætti nú ekki of djarft að fara með her manns inn í hús fulltrúa erlends ríkis og gera húsleit hjá honum, þá ætti a. m. k. að vera leyfileg sú dirfska að birta nafn annars erlends ríkis, sem hefur stundað hættulega starfsemi, jafngóðar heimildir og eru fyrir því, frá þáverandi sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn, núverandi hæstv. forseta Íslands, en nú má ekki einu sinni nefna nafn þessa ríkis, þó að í bréfi sendiherrans sé sagt, að það hafi stundað hér hættulega starfsemi.

Nú vil ég vegna þess, hvernig þetta mál hefur verið túlkað um þessi bréf, að ég hafi stungið gögnum undir stól og þar með svikið mitt eigið land, gera þá kröfu og færa fram þá ósk, að þessi bréf verði birt orði til orðs fjölrituð, lögð fyrir hvern þm. og svo taki þeir ákvörðun um, að þau séu birt orði til orðs. Ég ætlast ekki til, að hæstv. ráðh. svari þessari ósk nú, en ég vil krefjast þess, að bréfin verði birt og það yrðu þá strikuð út úr þeim þau 2—3 nöfn, sem ekki þykir *mega birta opinberlega*. Þar sem þessi einkabréf til mín hafa verið notuð sem árásarefni á mig, þá mun ég beiðast liðs hér á þingi, að Alþingi verði við þeiri ósk minni að birta bréfin orði til orðs. Ég er ekki á móti því, að bréfið, sem hæstv. dómsmrh. las upp frá lögreglustjóra, sé birt líka lið fyrir lið. Ég finn ekki, að í því sé neitt, sem sýni, að ég hafi átt að vera í einhverju sambandi við Gerlach og nazista, og ég finn ekki það, sem hann gerði þar að einhverri rúsínu handa blöðunum.

En nú vil ég spyrja. Ég vakti máls á því í utanrmn. fyrir 2—3 mánuðum, — ég man ekki daginn, — að tekin yrði upp rannsókn á því, sem væri nauðsynlegt, og þar tek ég undir með hv. 2. þm. Reykv., það er vissulega mál til komið, að hafin sé almenn rannsókn á því, hvernig menn hafi hagað sér hér fyrir styrjöldina. Hafi það þótt ónauðsynlegt áður en þau gögn komu fram, sem nú eru í ljós komin, þá er þess sannarlega ekki vanþörf nú. Hæstv. dómsmrh. sagði, að Gerlach hefði verið hingað sendur til að *stofna fimmtu herdeild*. Varð *honum ekkert ágengt*? Stofnaði hann þessa herdeild? Hverjir voru í henni? Nöfnin fram! Ég vona, að honum hafi ekkert orðið ágengt, ég vona, að svo sé. Vitanlega er mér ljóst, að ekki kemur til mála að leyfa neinum Þjóðverja landvist hér fyrr en mál hans hefur verið nákvæmlega rannsakað fyrst. Nú munu að vísu ekki vera til í Danmörku þau skjöl, sem þar voru fyrir styrjöldina, nazistar munu hafa flutt þau burt, því að eins og tekið er fram í þessum bréfum og hæstv. dómsmrh. getur fengið upplýst hjá þeim manni, sem fór utan til að athuga þessi skjöl, að þar voru engar upplýsingar um sekt erlendra eða innlendra manna, sem hægt var að byggja á, í þessari skýrslu, sem til var í Danmörku fyrir styrjöldina. En nú, þegar skýrsla Gerlachs liggur fyrir, þá er aukin nauðsyn á, að málin séu rannsökuð. Það er líka til skrá með 7 millj. nafna yfir þá menn, sem átti að vera hægt að treysta utan Þýzkalands fyrir styrjöldina. Ef hæstv. dómsmrh. sendi mann utan í 5—6 mánuði til að rannsaka þessi mál, þá væri vafalaust hægt að fá upplýsingar. Það er nefnilega miklu meiri nauðsyn að rannsaka þessi mál nú, eins og hv. 2. þm. Reykv. tók fram, heldur en að hafa í frammi aðra eins málfærslu og þá, sem nú er gert hér, þegar verið er að gefa bendingar, fara með meira og minna órökstutt mál um, að hér hafi verið fimmta herdeild og starfandi nazistar, innlendir og erlendir að því er manni skilst, setja þetta í blöðin. Menn verða að gera sér ljóst, að þegar búið er að segja a, þá verður líka að segja b. Við verðum að gera hreint fyrir okkar dyrum, fyrst búið er að birta fyrir öllum heiminum, að svona hafi það verið. Og þegar til er skrá með 7 milljónum nafna yfir menn, sem treysta megi, víðs vegar um heim, þá eru þar væntanlega nöfn ýmissa Íslendinga, *sem nazistar hafi getað treyst*. Hæstv. dómsmrh. ætti að vera annt um að ná í þessa skrá, því að eftir hans lýsingu ætti mitt nafn að vera þar ofarlega á blaði og einnig lögreglustjórans, og ég ætla að reyna að sjá um, áður en þessari viðureign lýkur, að meira verði gert í þessu en gert hefur verið til þessa. Það er auðsætt mál, og það vænti ég að allir hv. þm. skilji og einnig hæstv. dómsmrh., að þegar hann er búinn að segja frammi fyrir öllum heiminum, að Gerlach hafi verið hér til að stjórna fimmtu herdeild, þá verði að sýna heiminum, að við rannsökum málin og birtum nöfnin, ef einhver eru. Við skulum athuga, að það er gefið mál, að þau ummæli, sem hér hafa verið viðhöfð í blöðum í dag, verða símuð út. Það verður sagt, að þetta séu orð dómsmrh., það verða send símskeyti um, hvað hann hafi sagt um það, hvernig menn hér á Íslandi hafi hagað sér fyrir styrjöldina. Það er því vitað mál, að ekki verður hægt að komast hjá að gera þessar ráðstafanir, og það hefði vitanlega verið nauðsynlegt þrátt fyrir það.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um það, en ég kem inn á meginþráð málsins aftur síðar, sem um það hefur verið sagt, að þessir menn, sem nú er rætt um að veita landsvistarleyfi, hafi helzt kosið að fara aftur til Þýzkalands. Kona eins þessara manna hringdi til mín meðan ég var að borða og sagði, — ég hef hennar orð fyrir því, ég *veit ekki, hvaðan hún hefur það*, — að þeir hefðu heldur kosið að fara til Íslands en Þýzkalands, þegar þeir færu frá Englandi. Mig minnir, að hæstv. dómsmrh. hafi haft gagnstæðar upplýsingar frá utanrrn., og ég skal ekki um það segja, en þessi kona minntist á það við mig og bað mig að gefa þessar upplýsingar.

Þá kem ég að skýrslu lögreglustjórans í Reykjavík, sem hæstv. dómsmrh. las upp. Ég sé satt að segja ekki, í hvaða tilgangi þessi skýrsla hefur verið lesin upp, nema ef það væri til þess að gefa málinu þann blæ, að ég sé einhver erkinazisti og jafnvel verra en það, og gefa bendingar um það undir rós eftir þeim málflutningi, sem hann hafði hér, að lögreglustjórinn sé það einnig. Eitt af því, sem hann gerði sér sérstaklega mat úr við þennan undirmann sinn, var að smjatta á því, að honum hefði verið tilkynnt, þegar hann kom til Þýzkalands, að hann væri gestur Himmlers. Getur maður, sem fer til Danmerkur og Þýzkalands til þess að kynna sér þessi

mál, — og það er fjöldi manna, sem kynnt hefur sér þessi mál í ýmsum löndum, og í þessu tilfelli var kannske ekki sem verst að komast inn í þetta kerfi hjá þeim í Þýzkalandi, — hvað getur maður, sem er sendur út til þess að kynna sér þessi mál, gert að því, þó að honum sé tilkynnt, að hann sé gestur Himmlers, sem er kurteisisform, sem var í Þýzkalandi á þessum tíma? Það var reynt þar að sýna mönnum sérstaka kurteisi, vitanlega til þess að koma sér í mjúkinn hjá mönnum. En ég hygg, að enginn maður hafi sýnt það betur — kannske, að margur maður hafi sýnt það eins vel, en kannske líka enginn betur en lögreglustjóri, að þessi tilkynning frá Himmler hafði engin meiri áhrif á hann en ætlazt mátti til af honum og ætlazt var til af honum sem góðum Íslendingi. Ég verð að segja um þetta atriði, að það vekur undrun mína, að hæstv. dómsmrh. skuli koma hér fram með þeim vinnubrögðum, sem hann þannig beitir gagnvart sínum undirmanni. Látum vera, þó að hann ráðist á mig út af t. d. húsaleigufrv. eða þess háttar málum. En það stígur yfir öll takmörk að reyna að rægja undirmann sinn á þennan hátt, sem hann gerði, og koma svo að lokum með smjaðursleg ummæli um það, hvað þessi maður, lögreglustjórinn, hafi nú rækt vel skyldu sína. Það þurfti að gera til þess að koma með eins konar smyrsl á þau sár, sem hann í höggorustu sinni, sem hæstv. dómsmrh. hóf til þess að ná til mín, veitti lögreglustjóranum. En hæstv. dómsmrh. á kannske eftir að reyna, hversu vel hann nær til mín. Og ég vildi spyrja, fyrst gefið er í skyn, að lögreglustjóri sé eitthvað grunsamlegur: Hefur hæstv. dómsmrh. skrá yfir þá menn, sem farið hafa út til Þýzkalands og nú eru komnir aftur hingað heim, sem starfað hafa í Þýzkalandi við þýzka þjónustu? Gæti hann að sér í æði sínu út af því að ná til mín út af húsaleigufrv., hvað hann er að segja! Ég hef verið í Þýzkalandi. Og hefur ekki borgarstjórinn í Reykjavík verið í Þýzkalandi? Hefur hæstv. dómsmrh. ekki verið sjálfur í Þýzkalandi? (*Dómsmrh.:* Ég hef verið líka í Þýzkalandi). Já, og setið í veizlum þar. Kannske hæstv. dómsmrh. sé líka fyrir það eitthvað hættulegur sjálfur? Til hvers er þessi upplestur! Hæstv. dómsmrh. skal fá að vita það, að þegar ég flyt þessa till., þá geri ég það vegna þess, að ég þori það, þó að það eigi að beita þessum vinnuaðferðum, því að ég þori að ganga undir próf út af afskiptum mínum af utanríkismálum. Og ef ég hef, að svo miklu leyti sem ég hef sinnt utanríkismálum, gert einhverja hluti vel, þá má það líka koma fram til þess að vita um, hvort það gefi höggstað á mér fyrir það, sem ég hef gert gagnvart Þjóðverjum. Ég hafði með utanríkismál að gera, þegar Þjóðverjum var neitað um að hafa flugvelli hér á landi. Það var þannig ákveðið bæði að vilja þjóðar og einnig Alþ. Og þá vorum við fyrsta þjóðin, — eins og birtist í blöðum víða í veröldinni, — sem neitaði Þjóðverjum um land fyrir flugvelli. Ef við hefðum ekki neitað þeim um flugvelli hér á landi, þá mundum við, — eins og forsrh. Breta sagði eitt sinn, — þá mundum við ekki standa í þessari stofu, sem við stöndum nú í, því að þetta hús væri þá ekki til.

Hefur hæstv. dómsmrh. skrá yfir þá, sem heimsóttu mótin í Lübeck í Þýzkalandi, sem haldin voru af Nordische Gesellschaft, sem heimsóttu nazista þar og sátu á móti með þeim? Ef það á að vera mælikvarði á menn og afstöðu þeirra til nazismans, að þeir hafi komið til Þýzkalands, þá væri ekki úr vegi að athuga það atriði. Ég er ekki að drótta neinu að þeim mönnum, sem það mót sátu í Lübeck. Þeir Íslendingar, sem það mót sátu, hafa kannske ekki sem góðir Íslendingar vitað fyrirfram, til hvers sú starfsemi var, sem hafði það mót. En ef fara á að vera með aðdróttanir gagnvart einhverjum mönnum, sem farið hafa til Þýzkalands, verður hæstv. ráðh. að gera sér ljóst, hvað þá á að gera til samræmis gagnvart öðrum mönnum, sem þangað hafa farið líka. Ef hæstv. dómsmrh. getur gert það, sem hann hefur gert gagnvart undirmanni sínum, og gert það hér í hæstv. Alþ., verður hann að gera sér ljóst, hvað honum ber að gera gagnvart þeim, sem sátu þetta mót í Lübeck.

Það, sem við þurfum að fá, er rannsókn, en ekki dylgjur um það, hvað þessi og þessi maður hafi kannske gert. Við þurfum ekkert rósamál um þetta á Alþ., heldur rannsókn um þetta. Og um þetta eiga svo að koma fram skýrslur á Alþ., og ég mun hjálpa hæstv. ráðh. við það, að loknu máli mínu.

En hvað hefur svo hæstv. dómsmrh. sagt um lögreglustjórann? Hæstv. dómsmrh. lét orð falla um það, að hann hefði komið vel fram. Ég fullyrði, að starf hans sem lögreglustjóra, meðan setuliðið var hér, það starf, sem hann hefur unnið í sambandi við það að halda uppi lögum og reglu meðan setuliðið var hér, er eitt með beztu embættisverkum, sem unnin hafa verið. Haldið þér, hv. þm., að það sé vandalaust að stýra lögreglu þar, sem er í landi erlendur her, jafnmiklir árekstrar og verða alls staðar þar, sem slíkt lið er í landi? Haldið þér, að það hafi verið vandalaust fyrir lögreglustjórann að stjórna lögreglunni þannig, að útkoman yrði eins og raun varð á, að ekki nokkurn tíma komu umkvartanir til ríkisstj., þó að lögreglan hér gegndi í því efni skyldu sinni með því að ganga út í opinn dauðann og fórnaði sér til þess að afvopna brjálaða hermenn, sem alltaf kemur fyrir að þurfi að gera, hversu góðan her sem um er að ræða. Hæstv. dómsmrh. ætti að kynna sér, hvaða verk lögreglan hér hefur unnið á stríðstímanum, og a. m. k. kynna sér bréf frá erlenda setuliðinu, sem það skrifar eftir að það er farið úr landi, sem eru þakklæti fyrir það, hversu vel lögreglustjórinn hér hafi unnið í þessum efnum. Ég efast um, að mörg slík bréf séu til hjá öðrum embættismönnum. Við skulum segja, að þessum embættismanni, lögreglustjóra, hafi ekkert verið þakkandi fyrir þetta. En hver eru launin, sem hæstv. dómsmrh. veitir þessum manni, eða viðurkenning fyrir störf hans? Og þegar setuliðið hefur veitt lögreglustjóra þessa viðurkenningu, hvernig getur þá hæstv. dómsmrh. yfirsézt þannig að taka ekki fram, hversu vel þessum manni, lögreglustjóra, hefur tekizt starf hans meðan setuliðið var hér, heldur reynir að gera hann grunsamlegan — jafnvel þó að ég skýrði frá prentvillum í máli, sem komið hefur fram hér um

byggingu verkamannabústaða, og segði, að það sé eitthvað af því úr mínu frv. — hvers vegna fer hæstv. dómsmrh. fyrir það að hlaupa þannig á sig að flytja hér aðrar eins ræður og hann hefur gert í þessu máli? Aðrar eins ræður held ég, að aldrei hafi verið fluttar hér á hæstv. Alþ. af dómsmrh., sem betur fer. Því að ef lögreglustjóri er eitthvað grunsamlegur fundinn, eins og hæstv. dómsmrh. vildi gefa í skyn, að hann væri, þá á hann vitanlega að rannsaka það mál og leggja fyrir Alþ., en ekki að vera með dylgjur um þetta. Framkoma hæstv. dómsmrh. í þessu efni hefur verið þannig, að hann ætti sannarlega skilið að fá vantraust og verða felldur hér á hæstv. Alþ., því að ef nokkuð er hæft í þeim dylgjum, sem hann vill breiða út í þessu efni, þá á vitanlega að hefja rannsókn í málinu.

Ég hef komið að því, að það er alveg eðlilegt, að hv. 4. þm. Reykv., fyrrv. hæstv. utanrrh., hafi ekki lesið bréf það, sem ég vitnaði í, né önnur tvö bréf, sem ég gat um, svo að hann muni. Það er eðlilegur hlutur, að hvorki hann né aðrir ráðh., sem jafnt honum komu í ríkisstj., hafi lesið þau, því að þau voru send áður en þessir menn komu í ríkisstj. Það er kannske óviljaverk af honum að nefna þetta, en það er þá líka ógætni. En hæstv. dómsmrh. þykir samt sem áður nógu heiðarlegt að vitna til þessara ráðh. um það, að ég hafi ekki sýnt þeim þessi bréf. Annaðhvort sýnir þetta fljótfærni hæstv. dómsmrh. eða þetta er fram borið móti betri vitund, og því hef ég haldið fram, að svo væri. En það er fljótfærnislegur ákafi, til þess að veitast að mér, sem knýr hæstv. dómsmrh. til þess að gera sig sekan um þetta frumhlaup hvað eftir annað.

Þá var það eitt, sem minnzt var hér á hvað eftir annað, og það var kannske eitt af því skoplegasta. Nú man ég náttúrlega ekki eftir því, að það kæmi fyrir, sem mér er hér borið á brýn í því efni, að ég hafi komið í veg fyrir það eftir kröfu þýzka sendiherrans, að sýndar væru skopmyndir af Hitler og Mussolini. (*Raddir af þingbekkjum:* Hann nefndi Stalin). Ég geng út frá því, að það hafi verið mismæli. En látum svona vera. Það sýnist kannske vera ágengni að skipta sér af slíku. En er hæstv. dómsmrh. alveg viss um það, ef fara ætti að setja hér upp eða sýna grínmynd af Stalin, að hann, hæstv. dómsmrh., gerði enga aths. um það? (*Forsrh.:* Þetta höfum við nú mátt þola báðir). Það er náttúrlega alveg rétt. En ég ætla þá að spyrja hér, úr því að talað er um einhverja sérstaka undanlátssemi við afskiptasemi annarra ríkja manna í þessum efnum: Kannast hæstv. ríkisstj. við að hafa skrifað blöðum bréf um þetta og hótað mönnum refsingum, ef þeir skrifuðu um viss ríki eins og þeir skrifa nú? Það skyldi þó ekki vera, að það væri a. m. k. ekki gengið eins langt í því nú og fyrr. Þessi bréf eru til, og þau hafa verið skrifuð blöðunum. Hefur ekki verið orðað við vissa bíóeigendur, að of lítið væri sýnt af kvikmyndum frá vissum löndum? Það skyldi þó ekki vera, að þegar við erum að tala um afskiptasemi nú, þá væri í ríkisstj. dómsmrh., sem sjálfur hefði einhverja svipaða afskiptasemi haft í frammi nú eins og hann taldi, að hefði verið gert áður, sem hann taldi undirlægjuhátt af öðrum. Menn eru ákaflega gunnreifir nú. Þarna er þjóð, sem liggur ákaflega lágt nú, sem þessir menn eru af, sem þáltill. fjallar um, þjóð, sem með framferði sínu, með því að láta ginna sig til fylgis við grimma valdhafa, verðskuldar að vissu leyti sín örlög. En mínar tilfinningar eru ekki þannig, að mig langi til að sparka í þessa þjóð, eins og hún er nú stödd, þó að hún eigi við að búa sín maklegu málagjöld. Og mínar tilfinningar eru ekki þannig, að ég sé á móti því að bera fram á Alþ. till. um, að þessir menn, sem till. er um, þótt Þjóðverjar séu, megi koma til kvenna sinna og barna, ef skilyrðum, sem sett eru fram í þáltill., er fullnægt. Og það þarf mikil brjóstheilindi til þess að breiða það út, að á bak við þá till. liggi eitthvað varhugaverður tilgangur. Gerið svo vel og gerið í því efni hvað sem þið viljið. En ég er sannfærður um það, hver endir er alltaf á því að flytja rétt mál, og ég tel þetta rétt mál, þó að vitanlega megi deila um það eins og annað. Og þegar verið er að dæma um mig fyrir það, að ég hafi sýnt hér einhverja sérstaka linkind gagnvart Þjóðverjum, þá held ég, að aldrei hafi verið gengið lengra í því að sýna þeim tillitssemi en alltaf er gert við vinveitta viðskiptaþjóð, að reyna að koma þannig fram, án þess að niðurlægja sig, að ekki séu slitin vináttubönd við vinveitta viðskiptaþjóð. Og ég geri alveg ráð fyrir því, að þegar blöðunum er skrifað um eitt stórveldi og þeim hótað refsingu, ef þau skrifi um það eins og þau hafi gert, — ég geri alveg ráð fyrir því, að þar sé á ferð ekkert annað en „undirlægjuháttur" og það á verulega háu stigi, og það hjá þeim mönnum, sem talað hafa um, að undirlægjuháttur hafi átt sér stað hjá mér gagnvart Þjóðverjum. Og þeir menn, sem flytja ræður um það, að við hefðum átt að vera röggsamir við nazista, sögðu eitt sinn, að það væri „smekksatriði", hvort maður væri með nazistum eða móti. Sá tími er náttúrlega gleymdur. Þýzka þjóðin liggur nú lágt, og nú er hægt að vera ákaflega harðorður. E. t. v. hafa sumir þeir, sem nú eru harðorðir um nazista, ekki staðið þessum mönnum einhvern tíma alls kostar fjarri.

Mér þykir vænt um, að þessar umr. hafa farið hér fram. Ég vona, að þær leiði fyrst og fremst í ljós, að það er réttlátt að leyfa, að þeir menn, sem voru fluttir héðan af landi burt án okkar tilverknaðar, voru saklausir og hafa ekkert starfað gegn þessari þjóð, fái að koma heim eins og þeir hefðu aldrei verið héðan burt fluttir. Þessir flutningar þýzkra manna hafa átt sér stað frá fleiri þjóðlöndum en hér er um að ræða. Ætla ég ekki að nefna ríki í því sambandi. En ein kona hefur sent mér úrklippu úr blaði, þar sem skýrt er frá því, að viss þjóð, sem ég ekki nefni, hafi flutt Þjóðverja til Þýzkalands.

En það, sem ég vil að lokum segja, er þetta: Ég mun leita til hæstv. ríkisstj. og óska eftir því, að bréf, sem blöðin í dag hafa notað til þess að gera mig tortryggilegan, verði birt orði til orðs, nema strikað sé út nafnið á landinu, sem undirstrikað er með rauðkrítinni og getið hefur verið, að undirstrikað sé þannig. Ég mun enn fremur fella mig við, að út verði strikað nafn á manni erlendis, sem þar er nefndur. Ef hæstv. ríkisstj. verður ekki við þessu, sem ég þó veit, að

hún verður, þá mun ég leita til hæstv. Alþ. um það, að það leggi fyrir hæstv. ríkisstj. að birta þessi bréf til mín, sem um hefur verið rætt í sambandi við þetta mál. — Í annan ,stað mun ég, vegna ummæla frá hæstv. dómsmrh. um það, að hér í landi hafi starfað víðtæk njósnarstarfsemi og m. a. hafi verið hér 5. herdeild í kringum fulltrúa Þýzkalands, — og þó að hæstv. dómsmrh. hefði ekki borið þetta fram, hefði ég gert það, en nú er það nauðsynlegt, — þá mun ég bera fram á Alþ. till. um að skipa 4 manna nefnd til aðstoðar ríkisstj. til að rannsaka það, hverjir íslenzkir menn það væru utan lands og innan, sem hlynntir hafa verið nazismanum fyrir styrjöldina og starfað hafa í þjónustu hans, og hvaða menn það hafa verið hér á landi, sem nazistar töldu sig geta treyst. Ég álít, að 4 manna n. ætti að aðstoða ríkisstj. við að rannsaka þetta og síðan ætti að senda mann utan til að rannsaka eftir öllum gögnum, sem um þetta mál fengjust, hvaða menn hefðu sekir gerzt um þessa starfsemi. Og ég er um þetta sammála hv. 2. þm. Reykv. og þakka honum sérstaklega fyrir hans álit á þessu, og vænti ég stuðnings við þetta mál af hans hendi. Þessi rannsókn var nauðsynleg, og hún er það eins enn, en nú óhjákvæmileg vegna þess, hvernig hæstv. dómsmrh. hefur um þessi mál talað hér. Það er af þeirri ástæðu mitt álit, að nauðsynlegt sé að skipa þessa 4 manna n. Og að sjálfsögðu yrði þá sendur maður, einn eða fleiri, til þess að rannsaka þann 7 millj. nafna lista, sem til er í Þýzkalandi yfir þá menn utan Þýzkalands, sem nazistar töldu sig geta treyst, og þá jafnframt og ekki sízt þau nöfn, sem standa kynnu þar í sambandi við Gerlach, svo og nöfn þýzkra manna, sem fluttir voru hér úr landi, Þjóðverja í Danmörku o. s. frv. Það er ekki víst, að nokkur þessara manna, sem ég hef sérstaklega nú til tekið, að ætti að athuga, hvort væru á þessum lista, hafi unnið neitt refsivert athæfi. En mér virðist nauðsynlegt, að þessi rannsókn verði framkvæmd, og ég mun að öllum líkindum flytja þáltill. um það.

Þó að þessar umr. hafi fyrst og fremst snúizt um mig og fyrst og fremst eigi að stimpla mig — og ein af þessum konum, sem hér eiga hlut að máli, hringdi til mín í matarhléinu og henni fannst ákaflega leiðinlegt, hvernig ausið væri óhróðri yfir mig í umr. um þetta mál, og hún óskaði, að þetta mál hefði heldur ekki verið flutt en að svona kæmi fyrir — ég segi, þó að þessar umr. eigi fyrst og fremst að stimpla mig sem einhvern misindismann eða grunsamlegan, þá er þetta ekki nema fyrsti leikurinn, sem fram fer í kvöld. Og hvort sem ég get varið mig eða ekki, hika ég ekki við að flytja þetta mál, sem ég tel rétt. Og það kannske ögrar mér enn meir í því efni, að sumir hv. þm. hafa ekki viljað gerast flm. þess, þó að sannfæring þeirra sé sú, að það beri að flytja það, vegna þess að þeir búast við að verða fyrir það ausnir auri. Læt ég þar með lokið máli mínu að sinni.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. Str. sagði, að ræða sú, sem ég hefði haldið hér í kvöld, væri lítið annað en lauslegur útdráttur úr skýrslu lögreglustjóra Reykjavíkur, sem þá var flugmálastjóri og sendur var til Þýzkalands, og hafi ræða mín verið sú einkennilegasta ræða, sem hann hefði heyrt á þingi. Má vel vera, að honum finnist það, hv. þm. Str., en þá er það af því, að hv. þm. Str. sjálfur er eitthvað undarlegur, ef honum finnst eitthvað undarlegt, þó að skýrslan sé lesin, sem er mjög skynsamlega orðuð í alla staði.

Annars var málsvörn þessa hv. þm. sú einkennilegasta, sem ég hef heyrt nokkurn tíma á ævinni. Hann byrjaði á því að hæla sér af því, að hann væri hugaður. Það hefur enginn maður efazt um, að hv. þm. Str. væri glímumaður og hugaður (*HermJ:* Ég sagðist vera hvorki hugaðri né minna hugaður en aðrir menn). Hv. þm. Str. sagði til dæmis um það, hve kjarkgóður hann væri, að hann hefði látið prenta þáltill. til þess að veita manni fjárhæð, sem hefði orðið fyrir misþyrmingum á Kirkjusandi. Og til þess að undirstrika þetta enn betur, þá gat hann þess, að erlendur her hefði verið í landinu þegar þáltill. var prentuð og send út. Sér er nú hver kjarkurinn! Ég veit ekki betur en ég væri meðflm. hv. þm. að þessari till. og stóð með honum að því, að hún var prentuð, og hefur mér aldrei dottið í hug að taka það sem dæmi um það, hve kjarkgóður ég væri. Kannske hef ég vitað fyrir, að þessi her, sem í landinu var, hefði aldrei gert mér miska fyrir það, á sama hátt og ég veit, að ef þýzkur her hefði verið hér í landinu, þá hefði hvorki hv. þm. Str. né ég þorað að flytja svona till., og kannske hefðum við þá ekki haft neitt tækifæri til þess. Við vorum sem sagt saman um þessa ágætu þáltill., hv. þm. Str. og ég, till., sem aldrei sá dagsins ljós, af því að þáverandi hæstv. ríkisstj. þorði ekki annað en að borga mönnunum peningana, þegar hún vissi, að það átti að birta málið eins og það lá fyrir.

Að öðru leyti þótti mér ákaflega einkennilegur málflutningur hv. þm. Str., þar sem hann las það sama og ég hafði lesið í gær upp úr þessum bréfum fyrrv. sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn — nákvæmlega það sama, og breiðir sig svo út yfir það, eins og ég hefði farið með einhver stóryrði í því sambandi, sem ég gerði ekki. Ég lét aðeins staðreyndirnar tala. En ég tók fram, að sendiherrann varaði við því, að njósnir mundu vera hér á landi, og óskaði, að vanur lögfræðingur væri sendur til Kaupmannahafnar til þess að rannsaka það mál, og telur, að ekki nægi minna en þriggja mánaða dvöl í landinu til þess að búa sig undir að koma í veg fyrir þær njósnir og kynna sér þessi mál til fulls. Ég man, að þetta er í bréfunum, þó að ég hafi þau ekki í höndunum. Og úr þessum bréfum hef ég ekki farið með neitt annað en það, sem í þeim stendur, það, sem hv. þm. Str. var að lesa upp sjálfur. Mér fannst þetta eiginlega svo kátlegt, að mér lá hvað eftir annað við að skella upp úr, þegar hv. þm. Str. las nákvæmlega það sama upp úr bréfinu frá fyrrv. sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn sem ég hafði lesið upp úr því hér áður.

Hv. þm. Str. vildi spyrja mig að því, hvort hér mundi ekki hafa verið einhver önnur leyniþjónusta en þýzk. Vafalaust hefur verið hér önnur leyniþjónusta, og m. a. vitum við, að á stríðstímanum hefur verið hér bæði ensk og amerísk

leyniþjónusta, og er sennilega enn einhver amerísk leyniþjónusta í sambandi við það herlið, sem þessi hv. þm. sem forsrh. kallaði hingað til landsins. Hitt verð ég að segja, að ég þekki ekki til þess, og ég skora á hv. þm. Str. að benda á það, ef hann veit til þess, ef einhver þjóð hefur einhverja fimmtu herdeild starfandi hér í landinu. Þá var það þess eðlis, að hér var um að ræða að flytja inn menn frá öðrum þjóðum og láta þá setjast hér að í því skyni, að þeir skyldu vera tilbúnir að taka til vopna, ef innrás yrði gerð. Ég þekki aftur á móti engan Breta eða Bandaríkjamann, sem hér voru staddir, þegar hernámin fóru fram, er líklegir væru til að grípa til vopna gegn íslenzku þjóðinni. Hins vegar er það vitað, að Þjóðverjar, sem hv. þm. Str. (HermJ) gerist óbeinlínis talsmaður fyrir, höfðu þessa aðferð til þess að leggja undir sig þjóðir víða í Evrópu. Hv. þm. Str. reyndi að vísu að útleggja ýmislegt úr bréfum sendiherrans öðruvísi en rétt er. Hv. þm. sagði m. a. það, að hér hefðu verið starfsmenn annarra ríkja starfandi í þeim tilgangi, sem lýst hefur verið. Ef svo hefði verið, var enn meiri ástæða til að bregða fljótt við og senda röskan lögfræðing til þess að kynna sér þessi mál í Danmörku. En frá því í marzmánuði og fram í júnímánuð daufheyrðist hv. þm. Str. við að verða við ráðleggingum sendiherrans í þessu efni.

Þá vil ég koma að því, sem hv. þm. talaði um lögreglustjórann. Eins og þeir vita, sem hlustuðu á mig í kvöld, þá var það síður en svo, að ég kastaði nokkrum steini að lögreglustjóranum, heldur fór ég um hann lofsamlegum orðum. Ég skýrði aðeins frá því sem staðreynd, að hv. þm. Str. sem dómsmrh. landsins hefði sent þennan unga og óreynda mann til Himmlers til þess að læra lögreglustjórn. Þetta er síður en svo árás á lögreglustjórann, þar sem ég gat þess um leið, að ég vissi ekki til þess, að þessi sendiför hefði haft þau áhrif á þennan unga og óreynda mann, að hann yrði óhæfur til þess að takast á hendur starf þetta. Þetta tekur hv. þm. Str. sem árás á lögreglustjórann og stendur svo hér í hæstv. Alþ. eins og móðir, sem er að verja barn sitt. Og það er engu líkara en hv. þm. vilji úthella blóði sínu fyrir lögreglustjórann, ef því væri að skipta. Þessi langi kafli í ræðu hv. þm. Str., sem var vörn fyrir lögreglustjórann gegn þessari ímyndaðu árás, er alveg út í hött. En hann er sjálfsagt ágætt dæmi um árvekni þessa ágæta fyrrv. fors- og dómsmrh. Eftir að hann var búinn að fá margháttaðar aðvaranir, fær hann aðvaranir frá Danmörku, í þessu tilfelli frá sendiherranum varðandi njósnir Þjóðverja. Og þar sem hv. þm. Str. er með bréf sendiherrans, sem dags. er í jan. 1940, getur hann flett upp í því, ef hann er ekki búinn að ganga úr skugga um það. (*HermJ:* Ég skal lána hæstv. ráðh. bréfin, hann veit þetta ekki of vel). Ég er búinn að skoða þau áður og hef skýrt frá þeim einu sinni hér í þinginu, og þótt hv. þm. Str. sé ekki mjög næmur, þegar hann vill það við hafa, þá veit ég, að honum er þetta ljóst, eins og öllum öðrum hér á hæstv. Alþ. Hv. þm. Str. talaði um, að þetta væru einkabréf til sín. En hvers vegna hefur hann þá skilið þau eftir í stjórnarráðinu? Hvers vegna tók hann þau þá ekki með sér, þegar hann fór þaðan? Ástæðan er sú, að bréfin eru send af sendiherra Íslands í Danmörku til fors.- og dómsmrh., en sendiherrann hefur notað nafn Hermanns Jónassonar, svo að enginn opnaði bréfin annar en hann. En tekið er fram, að skilaboð bréfanna eigi að fara til fors.- og dómsmrh. Það þýðir því ekkert fyrir hv. þm. Str. að reyna að skorast undan því, að þessi bréf séu tekin til umr. á opinberum vettvangi.

Hv. þm. Str. var að tala um, að hann vildi fá nöfnin fram á þeim mönnum, sem voru í þessari 5. herdeild. Og hann óskaði eftir því að fá nöfn erlendra og innlendra manna, sem hafa verið hér í þjóðernissinnaflokki. Ég hef enga slíka nafnaskrá yfir íslenzka þjóðernissinna. Enda má vel vera, að þeir hafi verið innan ýmissa flokka og þar á meðal innan Framsfl. Og þótt ég sé ekki að gefa í skyn, að hv. þm. Str. hafi verið í einhverjum þjóðernissinnaflokki, þá er það alkunnugt, að hann hefur stundum haft meiri trú á kröftunum en lýðræðinu. Ég veit ekkert um, hverjir Íslendingar hafa verið nazistasinnaðir, en ég hef séð skrá yfir þá Þjóðverja, sem voru í þeim félögum Þjóðverja hér á landi, sem alkunnugt er, að notuð hafa verið í öllum löndum sem 5. herdeild til þess að undirbúa innrás Þjóðverja í sömu lönd. (*EystJ:* Á hæstv. ráðh. við skrá yfir alla Þjóðverja?). Ég hef séð skrá yfir þá Þjóðverja, sem voru í þeim félögum, sem notuð voru í þessu skyni. En hvaða ástæðu þýzki utanrrh. og yfirmaðurinn Himmler höfðu til þess að senda nokkru áður en stríðið hófst sérstakan mann til landsins til þess að efla slíkan félagsskap, geta menn sagt sér sjálfir, ef þeir hafa kynnt sér aðferðir þær, sem nazistar notuðu í öllum löndum. Og það er algerlega tilgangslaust að koma hér og tala um sína eigin hugprýði og dirfsku til þess að afsanna, að þessar voru aðfarir Þjóðverja í þeim löndum, sem þeir leituðust við að ná yfirráðum í. Og það er augljóst mál, að hvorki bréf þau, sem við höfum hér haft með höndum, né heldur skýrsla lögreglustjóra, eru nein launungarmál lengur. Og það ætti hv. þm. Str. að vita, að þau eru það ekki, eftir að þau hafa verið tekin til umr. hér á Alþ. Og hv. þm. þarf ekki að reyna að slá sig til riddara eða gerast þjóðhetja með því að óska þess, að þessi skjöl séu birt. Ég get skilið, að hann geti stært sig af að hafa verið einhvern tíma glímukóngur, en ekki af því að óska eftir að fá þau skjöl birt, sem búið er að gera að umræðuefni á opinberum vettvangi. (*HermJ:* Má birta þau í heild? Vill hæstv. ráðh. lesa nafnið, sem er undirstrikað með rauðu?). Ég er sjálfráður, hvað ég les upp hér í þessu skyni. Ég gæti lesið upp fleira, ef því er að skipta, en ég geri ráð fyrir, að sumir, sem standa nærri Framsfl., kæri sig ekki um það. (*EystJ:* Hvaða dylgjur eru þetta? — *HermJ:* Hvað eiga slíkar dylgjur að þýða? — *Forseti:* Ekki samtal). Ég skil ekki, hvað framsóknarmenn eru órólegir. Það er eins og þeir hafi veður af einhverju, sem gerir það að verkum, að þeir geta ekki lengur haldið sinni sálarró.

Hv. þm. Str. sagði, að ég hefði sagt, að þessir menn, sem hafa verið fangar í Englandi, hafi óskað að fara heldur til Þýzkalands en Íslands. Þetta er ekki rétt. Ég sagði þetta ekki og hef

ekki gert það, að ég hygg, hér að umræðuefni. En hins vegar held ég að hv. 2. þm. Reykv. (EOl) hafi sagt, að þessir menn hafi einhvern tíma, meðan þeir voru fangar í Englandi, óskað eftir að komast til Þýzkalands til þess að geta tekið þátt í stríðinu. Þessar upplýsingar hv. 2. þm. Reykv. eru réttar, eftir því sem ég veit bezt. Þeir munu undantekningarlaust hafa óskað eftir því einhvern tíma, meðan þeir voru fangar, að komast til Þýzkalands, þótt þeir hafi síðan tekið ósk sína aftur, þegar aðstæður breyttust.

Hv. þm. Str. vék að því aftur og aftur, að ég hefði verið svívirðilegur í garð lögreglustjóra. Ég sagði aðeins, að það hefði ekkert verið annað en sérstök kurteisi við hann, að honum hefði verið boðið að vera gestur Himmlers og honum hefði verið fenginn yfirstormsveitarforingi til fylgdar meðan hann dvaldi í Þýzkalandi. Ég er ekki svo kunnugur lögreglumálum Þýzkalands, að mér sé fullkunnugt um, hvort yfirstormsveitarforingjar tilheyri lögregluliðinu, en ég hef haldið, og fullyrði meðan ég heyri ekki annað, að þeir tilheyri ekki hinu eiginlega lögregluliði, heldur pólitísku liði Hitlers sjálfs, svartstökkum eða þess háttar. En úr því að hv. þm. Str. fannst nauðsynlegt að láta þennan unga og efnilega mann læra lögreglustjórn af blóðhundinum Himmler, því sendi hann hann þá ekki til Rússlands, svo að hann gæti lært að stjórna lögregluliði eftir reglum einræðisríkis, en ekki reglum lýðræðisríkis? (*GSv:* Eru þeir líka blóðhundar?). Ég geri ekki upp á milli þeirra. Satt að segja hef ég ekki getað skilið það, að það væri árás á lögreglustjórann, þótt skýrt væri frá því, að hann hefði verið gestur Himmlers. En hvers vegna er hv. þm. Str. svona sárt um þetta? Hvers vegna stendur hann upp hér á hæstv. Alþ. með slíkum ofsa, þótt skýrt sé frá þessum staðreyndum? Það skyldi þó aldrei vera vegna þess, að þær staðreyndir, að dómsmrh. sendi ungan og óreyndan mann, sem átti að læra lögreglustjórn, beint til blóðhundsins Himmlers í Þýzkalandi, séu óþægilegar fyrir þennan hæstv. fyrrv. dómsmrh.? Hv. þm. spurði og var allæstur, til hvers allur þessi upplestur væri gerður. Allmikill hluti þessa upplesturs var hreint og klárt bréf til dómsmrh. frá lögreglustjóra. Og það er augljóst mál, að eina staðreyndin, sem gat verið óþægileg fyrir þennan hæstv. fyrrv. dómsmrh. og er jafnframt ástæðan fyrir því, að hann heldur hér þessa löngu ræðu, er sú, að hann skyldi senda lögreglustjórann þessa leið. Því að hvað þarfnast hér afsakana, ef ekki það að senda þennan unga mann til Þýzkalands til að læra hjá nazistunum?

Þá var hv. þm. Str. að spyrja, hvort ég hefði skrá yfir þá, sem komið hefðu heim frá Þýzkalandi, og ætlaðist hv. þm. til þess, að þeir íslenzkir ríkisborgarar og konur og börn þýzkra manna, sem búið er að leyfa hér landsvist, séu sett undir sérstakt eftirlit á Íslandi. Ég hef ekki hugsað mér að gera það. Og það væri ekki mikið í samræmi við það lýðræði, sem ríkir í landinu, ef farið væri að hafa þetta fólk undir sérstöku lögregluefirliti.

Hv. þm. Str. gerði mikið úr því, að bréfin um njósnirnar í Danmörku væru skrifuð áður en þeir menn, sem vitnað var til hér, hefðu komið í ríkisstj. og þess vegna væri ekki von, að þeim hefðu verið sýnd þessi bréf. Nú er það svo, að ég hygg, að nærri hver einasti maður, sem hefði vitað um þessar upplýsingar í byrjun stríðsins, vitað um þá hættu, sem hér var fyrir hendi að áliti sendiherra okkar í Kaupmannahöfn, hefði lagt bréfin fyrir meðráðh. sína eftir að stríðið brauzt út. En hv. þm. Str. sá enga ástæðu til þess, og sú framkoma hans er í samræmi við aðra framkomu, sem hann hefur sýnt í þessu máli.

Þá var hv. þm. að tala um bréf frá ríkisstj. til blaðanna um, hvernig þau ættu að skrifa, og um kvikmyndir frá vissum löndum. Mér er algerlega ókunnugt um þau bréf og kvikmyndir og á þar engan hlut að máli. Þá var hv. þm. að tala um, að hér væru einhverjir, sem hefðu talið það smekksatriði, hvort þeir væru kommúnistar eða nazistar. Ég tek það ekki til mín. En það má vera, að það standi nær huga þessa hv. þm. sjálfs.

Svo að ég víki að nauðsyn þess, að mál þessi verði rannsökuð frekar, þá hefur mér alltaf verið ljós sú nauðsyn, og þarf ég engrar brýningar við frá hv. þm. Str. til þess að ganga eftir því, að svo miklu leyti sem í mínu valdi stendur, að þessi rannsókn fari fram. Ég hef skýrt frá því áður, að núv. ríkisstj. hafi oftar en einu sinni snúið sér til sendiherra Breta og Bandaríkjamanna varðandi þessi mál, og ég hef einnig skýrt frá því, að lengi leit út fyrir, að þessi tilraun bæri engan árangur. En nú alveg nýlega hef ég fengið í hendur til yfirlits útdrátt úr skjölum þeim, sem Bandamenn tóku hjá Gerlach. Þessi útdráttur fullvissar mann að ýmsu leyti um það, að verulega hætta stafaði af njósnum Þjóðverja hér á landi. Sjálfsagt er rétt að athuga, hvort hægt er að fá einhverja vitneskju í Nürnberg varðandi Ísland, og athuga þau skjöl, sem þar kynnu að vera, gaumgæfilega, þótt ekki væri til annars en til viðvörunar upp á seinni tímann. Ég hef fyrir mitt leyti haft á þessu fullan hug og hef reynt að spyrjast fyrir um, hvort aðstoðar muni að vænta í því frá vissum aðilum. — Ég skal á engan hátt fara að endurtaka það, sem ég hef sagt hér, en það er í alla staði augljóst, að hér var um mikla linkind að ræða af hálfu hv. þm. Str. í garð sendimanns frá erlendu ríki, sem hingað var sendur í illum tilgangi, og sú linkind er enn þá leiðinlegri fyrir þennan hv. þm., ef honum hefur verið kunnugt um frá upphafi, hvers vegna Gerlach var sendur hingað.

Ég sé svo ekki ástæðu til að svara hv. þm. Str. frekar. Ég vona, að hann geti stytt ræðu sína nokkuð frá því, sem áður var, nema hann viðhafi þann sið að taka upp það, sem aldrei hefur verið sagt, og reyni að kveða það niður. En ef hann heldur sig við staðreyndir, þá þarf hann ekki að vera eins langorður og leiðinlegur eins og áðan, heldur a. m. k. svo skilmerkilegur, að þingheimur skilji, hvert verið er að fara.

Forseti (JPálm): Umr. hafa farið út fyrir það, sem till. fjallar um, og mun ég takmarka umr. hér eftir. Hámarksræðutími er fyrst um sinn **10 mínútur.**

Flm. (Sigurður Bjarnason): Ég skal ekki verða

til þess að draga umr. á langinn. Það er ekki ætlun mín að taka þátt í þeim almennu umr., sem hæstv. dómsmrh. hefur hafið hér og hv. þm. Str. hefur neyðzt til að taka þátt í til þess fyrst og fremst að bera af sér sakir. En ég get ekki að því gert að bera fram þá fyrirspurn, hvernig standi á því, að hæstv. dómsmrh. hefur máls á þeim atriðum öllum, sem raun ber vitni um hér á Alþ. þessa dagana. Hvernig stendur á því, að hæstv. ráðh. eyðir alllöngum tíma í 3 ræðum, sem hann hefur haldið í þessu máli, til að ræða málsatvik, sem að verulegu leyti koma ekki kjarna þessa máls við? Ég ætla að svara þessum spurningum að nokkru leyti, og svarið er það, að dómsmrh. vill drepa þessu máli á dreif, hann vill koma í veg fyrir, að Alþ. segi skýrt og skorinort, hver sé vilji þess í þessu máli. Og hæstv. ráðh. vill hafa tóm til þess framvegis að sýna þessu máli það tómlæti, sem einkennt hefur framkomu hans frá byrjun. Þetta er mitt svar og skýring á því, að hæstv. dómsmrh. hefur talið það viðurkvæmilegt að ræða þetta mál þannig hér á hæstv. Alþ. Ég veit, að hv. alþm. hafa veitt því athygli, að málið, sem hér liggur fyrir, kemur nauðalítið við þær skýrslur, sem hæstv. ráðh. hefur verið að þylja. En ég ætlaði ekki að rekja málið almennt. Mun ég því snúa mér að þeim atriðum, sem fram hafa komið í ræðum í dag og í gær.

Hann sagði, að það væri hringavitleysa hjá mér, eins og hann orðaði það, er ég sagði í framsöguræðu minni fyrir till. þeirri, sem hér liggur fyrir, að það, sem væri að gerast í þessu máli af hálfu hæstv. ráðh., væri það, að saklausir væru látnir gjalda hinna seku. Ég átti við með þessu, að það væri ekki sannað um neinn þeirra manna, sem till. okkar á við, þ. e. við þá þýzku menn, sem hér nutu landsvistarleyfis 1939, en voru fluttir héðan til Bretlands af hernaðarástæðum, að þeir hefðu gerzt sekir um nein þau verk, sem hættuleg geti talizt hagsmunum Íslendinga. Ég fæ ekki séð, að þetta sé nein hringavitleysa hjá mér, en þegar hæstv. dómsmrh. er að bendla þessa menn við Gestapomenn Himmlers og vitna í hermdarverk þýzka nazismans, fæ ég ekki betur séð en að saklausir séu látnir gjalda hinna seku. Ég vil benda hér á eitt atriði. Hver er afstaða brezkra hernaðaryfirvalda nú til þessara manna? Eru þau að ákæra þá fyrir njósnir, skemmdarverk eða hryðjuverk eða annað slíkt og stefna þeim fyrir dómstólana í Nürnberg? Ég veit, að hæstv. ráðh. getur svarað þessu jafnt og ég. Hernaðaryfirvöld bandamanna eru að sleppa þessum mönnum, segja þeim að fara frjálsir ferða sinna til Íslands, ef þeir vilja, en ef þeir fá ekki að fara þangað, eiga þeir ekki annars úrkosta en að fara til Þýzkalands. Hæstv. dómsmrh. gaf okkur von um það í dag í ræðu sinni, að brezku hernaðaryfirvöldin mundu ef til vill flytja þessa menn til þeirra staða í Þýzkalandi, þar sem betra væri að ná til þeirra en ella. Þetta er afstaða brezkra hernaðaryfirvalda gagnvart þeim mönnum, sem þeir tóku frá Íslandi til Bretlands, frá konu og börnum, af því að þeir voru þýzkir. Hvernig er svo afstaða íslenzkra yfirvalda gagnvart þessu fólki? Hæstv. dómsmrh., sem á að gæta hagsmuna íslenzkra borgara, þ. á m. kvenna og barna þeirra manna, sem hér um ræðir, leyfir sér að nefna Himmler og Gestapomenn hans í sambandi við þessa menn.

Svo var það annað atriði í ræðu hæstv. dómsmrh. í gær, sem ég vil minnast á. Hann sagði, að engin hætta væri á neyðarástandi hér meðal kvenna og barna þessara manna, þau gætu fengið sveitarstyrk. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort hann eða jafnvel flokkur hans hafi á liðnum árum talið það vera sérstakt sældarbrauð að vísa mönnum á sveitina. Þetta er sú blómlega og glæsta framtíðarmynd, sá íslenzki friðarreitur, sem hann dregur upp af lífi þessara kvenna og barna, meðan ekki liggur annað fyrir en að eiginmenn þeirra og feður séu saklausir. Ég get ekki stillt mig um að vitna einnig í ummæli hv. 2. þm Reykv. (EOl), sem á liðnum árum hefur ekki heldur talið sveitarstyrkinn sérstakt sældarbrauð. Hann sagði, að engin hætta væri á því, að íslenzkar konur og börn þessara manna mundu svelta, af því að hægt væri að úthluta þeim sveitarstyrk. Já, „blessuð sértu sveitin mín!“ Hér er sama ávísunin sem hann gefur þessu fólki inn í „fyrirheitna landið“.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að þessir menn hefðu óskað eftir því að fara til Þýzkalands til þess að taka þátt í stríðinu. Ég vil í sambandi við þessi ummæli og hv. 2. þm. Reykv. benda á það, að þessum mönnum var gefinn kostur á fangaskiptum. (*Forseti:* Ég vil vænta þess, að hv. þm. ljúki nú máli sínu, þar sem ræðutími hans er búinn, sbr. það, sem ég hef hér áður sagt). Ég mótmæli ákvörðun forseta og vænti þess, að hann veiti mér nokkrar mínútur fram yfir, þar sem ég er flm. málsins. (*Forseti:* Það þarf ekki að mótmæla þessu og má bera þetta undir 37. gr. þingskapanna. Flm. ættu sízt að tefja málið). Ég mun þá aðeins enda setninguna. Það er siður í slíkum tilfellum, þegar menn fara í fangaskiptum til ættlands síns, að þeir mega ekki bera vopn. Ætti hæstv. dómsmrh. að vita þetta úr alþjóðal.

Að lokum vil ég segja það, að það er rangt hjá hv. 2. þm. Reykv., að þessum mönnum hafi verið gefinn kostur á því að velja um, hvort þeir vildu heldur fara til Íslands eða Þýzkalands. Þeim var aldrei gefinn kostur á slíku, aðeins skipað að fara í fangaskiptum. Ég vil láta í ljós þá ósk, að hv. þm. líti á mál þetta „concret“, en láti ekki glepjast til umræðna á slíkum grundvelli eins og hæstv. dómsmrh. hefur gert hér.

Pétur Ottesen: Það er ekki sérstaklega girnilegt að taka til máls undir jafnströngum „húsaga“ og hér á sér stað í kvöld. Ég verð að segja það, að þegar ég sá þessa till. komna fram á Alþ., brá mér nokkuð undarlega við, og það af þeirri ástæðu, að hv. þm. N.-Ísf. (SB) hafði snúið sér til mín og ýmissa annarra þm. með tilmælum um að skrifa undir ákæruskjal til hæstv. dómsmrh., sem orðað var með sama hætti og meginmál þeirrar till., sem hér liggur fyrir. Hann hafði þau ummæli við mig í þessu sambandi, að til þess að hæstv. dómsmrh. gæfi þetta landsvistarleyfi, þyrfti að koma fram yfirlýsing meiri hl. Alþ., eins og hér er gert ráð fyrir með þessari þáltill. Það eitt út af fyrir sig mundi nægja til þess, að

þetta landsvistarleyfi væri veitt. Ég leit svo á till. í upphafi, að okkur bæri að veita þetta landsvistarleyfi með þeim takmörkunum, sem lagðar voru í skjali því, sem ég áður nefndi, og lagðar eru í þáltill. þeirri, sem hér liggur fyrir. Ég hélt, að hv. þm. N.-Ísf. ætti svo innangengt hjá þeirri ríkisstj., sem hann styður, að hann hefði getað farið svo með þetta mál, að á mætti byggja. Nú vil ég engan veginn gefa það í skyn, að hv. þm. fari með fleipur í þessum efnum, heldur hafa þær vonir, sem hann hafði gert sér í þessu atriði, brugðizt honum. Maður hefur ef til vill fengið nokkra skýringu á þessu atriði, sem sé, að það hefði ekki verið talið óviðeigandi að koma þessu máli inn á Alþ., — en það mun hæstv. ráðh. hafa vitað, að mundi verða gert, ef hann yrði ekki við þessu, sem farið var fram á, með öðrum hætti, og þá hefði það þótt mjög æskilegt tækifæri, að málið kæmist inn á Alþ., til þess að koma því á framfæri, sem við höfum hlustað hér á um nokkurt skeið og ég held, að sé engan veginn þannig, að það sé til verulegs sæmdarauka, hvorki fyrir þá, sem hafa flutt þetta mál, né þá, sem hafa orðið að lána hlustir sínar til þess að meðtaka það, sem fram hefur farið. Skal ég ekki fara lengra út í það atriði að öðru leyti en því, að hinn skeleggi málflutningur, sem hér hefur farið fram, hefur aðallega beinzt að þeim aðilanum, sem undir hefur orðið í styrjöld þeirri, sem nú er nýlega lokið. Í þessu sambandi datt mér í hug gömul saga. Hún gerðist harða veturinn 1881. Þá skeði það á nokkrum stöðum hér á landi, að bjarndýr gengu á land. Eitt af þessum bjarndýrum kom að afskekktum bæ, þar sem tveir bræður bjuggu. Annar þeirra hljóp þegar inn í bæ og lokaði vel á eftir sér, en hinn tók byssu sína og skaut dýrið banaskoti, þegar hann komst í skotmál. Þá hljóp sá fram, sem hafði flúið inn í bæinn, náði í fjósreku, skellti á nasir dýrinu og hrópaði: Hvergi hræddur karlinn! Mér datt þessi saga í hug í sambandi við það, hversu mjög ýmsir menn hafa verið hér skeleggir, sérstaklega hvað snertir þann stríðsaðilann, sem undir hefur orðið. Skal ég ekki fjölyrða um það, en vil vænta þess, að það, sem ofið hefur verið inn í umr. hér í dag, verði engan veginn til þess að villa mönnum sýn um það, sem er meginatriði þessa máls, og það er það að veita þeim þýzku mönnum landsvistarleyfi, sem eiga hér konur og börn, eins og um getur í till. Hæstv. dómsmrh. talaði um tilfinningar í þessu sambandi. Já, það eru sannarlega tilfinningar, sem eiga að geta bærzt í brjósti hvers einasta manns, þar sem hlut eiga að máli konur og börn fjarstaddra eiginmanna og feðra, sem búið hafa í varðhaldi um langt skeið. Mér skilst, að það sé þetta, sem fyrir liggur í þessu máli og menn eiga að taka tillit til og greiða atkv. um, þegar þessi þáltill. með þeim varnöglum, sem þar eru settir, kemur undir atkv., sem vænta má, að verði á þessu kvöldi eða í nótt, þannig að henni verði þá greidd gata til n. Það er í mínum augum ákaflega lítil trú á íslenzka þjóðstofninn, ef hann þolir það ekki, að þessum fáu mönnum verði aftur hleypt inn í landið, eftir að farið hefur fram nákvæm athugun á því, að þeir hafi á engan hátt sýnt sig vera fjandsamlega hinni íslenzku þjóð. Ég vil hér benda á það, að hér hafa nokkrir þýzkir menn fengið ríkisborgararétt og meðal þessara manna er einn, sem var mjög skeleggur kafbátsforingi í síðasta stríði. Hann hefur sjálfsagt sökkt mörgum skipum, ef til vill skipum frá þessari þjóð. Þessi maður var að vinna í stríðinu eins og menn gera, en hefur reynzt eins og þeir Þjóðverjar, sem hafa fengið hér ríkisborgararétt, mjög sæmilegur borgari, og hafa margir þeirra reynzt mjög ötulir og nýtir borgarar í þessu þjóðfélagi. Það er því mitt álit, að eftir að athugun hefur farið fram á því, að þessir menn séu hættulausir fyrir okkar þjóðfélag, þá sé það ekki sæmandi siðuðu þjóðfélagi eins og íslenzka þjóðin er að neita þessum mönnum um landsvistarleyfi, að ég nú ekki tali um íslenzka gestrisni, sem við viljum allir í heiðri halda.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég skal ekki sérstaklega finna að því, þótt umræður séu skornar niður, en eftir þær umr., sem farið hafa hér fram og settar hafa verið í það form, sem gert hefur verið, væri ekki óeðlilegt, að þetta mál fengist rætt til hlítar.

Ég ætla aðeins að minnast á nokkur atriði úr ræðu hæstv. dómsmrh., sem mér virðist sýna, að komi fram sem eins konar rökþrot í þessu máli. Hann sagði, að ég hefði sagt, að það væri einhver fimmta herdeild í landinu. Allir heyrðu, að ég sagði, að hann hefði sagt, að Gerlach hefði verið sendur hingað til þess að koma hér upp fimmtu herdeild, og þess vegna bæri skylda til að láta fara fram rannsókn. Hann sagði, að í þessu bréfi sé sagt frá öðrum aðila en Þjóðverjum, sem væri hættulegur, og sagði, að þá hefði verið enn þá meiri ástæða til þess að rannsókn færi fram. Það er þetta, sem strikað er undir og ekki má nefna. Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði átt að birta þetta bréf, sem væri opinbert plagg, fyrir 5 eða 6 árum. Var ég ekki að lesa upp það, sem ekki mátti segja? Þegar ég spurði hann nú, hvort ekki mætti birta þessi plögg nú, þá má ekki gera það. Hver talar svona nema sá, sem er kominn í rökþrot? — Hann sagði, að ég hefði sagt, að það ætti að gera skrá yfir allt það fólk, sem hefði komið heim meðan á stríðinu stóð eða eftir að því lauk og dvalið hefði í löndum, þar sem Þjóðverjar hefðu verið, vegna þess að það væri grunsamlegt. Hér er sama sagan, þetta er bara þvogl hjá hæstv. ráðh. Ég sagði einmitt, að hann væri að gefa þetta í skyn með því að segja, að maður, sem hefði farið til Þýzkalands, væri eins hættulegur og þeir, sem hefðu dvalið þar. En það gætir dálítils misskilnings í þessu sambandi, og af því að hann var að gefa þetta í skyn, vil ég spyrja hann að því, — það getur verið, að ég muni það ekki rétt, en var hæstv. ráðh. ekki staddur í Danmörku, þegar styrjöldin brauzt út? Var honum ekki sýndur sá sérstaki greiði, að hann fékk að ferðast um þýzkt yfirráðasvæði, fékk að dvelja þar og koma síðan heim? Hvernig getur hæstv. ráðh. dottið í hug, að ég fari að gefa í skyn, að hann væri grunsamlegur fyrir þessar ferðir sínar? Mér gæti ekki komið slíkt til hugar. En þetta er hins vegar alveg hliðstætt við það, sem hæstv. ráðh. sagði um lögreglustjóra. Hæstv. ráðh. sagðist ekkert

hafa lesið upp úr bréfinu annað en það, sem væri satt og rétt. En hvernig hafa blöðin skilið ummæli hans?

Að lokum ætla ég að benda á það, að hæstv. ráðh. sagðist ekki hafa lesið upp kafla úr bréfinu, sem mundi koma illa við Framsfl., ef hann yrði lesinn upp. Finnst mér málfærsla hæstv. ráðh. þarna ná hámarki sínu. Ég vitna til Alþ. og skora á hæstv. dómsmrh. að lesa þennan kafla upp úr bréfinu, sem er opinbert plagg. — Ég vonast svo eftir því að fá að ræða þetta mál nánar og vona aðeins, að málfærsla hæstv. dómsmrh., sem verið hefur með eindæmum, hafi verið leiðrétt að svo miklu leyti, að hún hafi ekki áhrif á rétta afgreiðslu þessa máls.

Eysteinn Jónsson: Það, sem kemur mér til þess að taka þátt í þessum umr., er ekki þáltill. sjálf, sem hér liggur fyrir, heldur það, sem hæstv. dómsmrh. sagði.

Það er kunnugt um hæstv. dómsmrh., að hann elskar heitt og hatar mikið. Hér á árunum bar hann mikla ást til hv. þm. Str. (HermJ) og þá hataði hann mikið núv. hæstv. forsrh. Nú er þessu hins vegar snúið við. Þetta er aðeins skapsmunaeinkenni hæstv. ráðh., en fyrir bragðið hættir honum til þess að láta skapið hlaupa með sig í gönur. Og nú grípur hæstv. ráðh. tækifærið, þegar þessi till. kemur fram, og lætur skap sitt bitna á hv. þm. Str. Hann heldur því fram, að hv. þm. Str. hafi staðið illa í stöðu sinni sem forsrh. og að hann hafi tekið á móti ávítunum frá Gerlach, sendiherra Þjóðverja hér á landi, án þess að sendiherranum væri vísað úr landi fyrir þetta. Telur ráðh. slíkt skort á þjónustu við Ísland. En mér er sem ég sjái það, að nokkur hér hefði rekið þýzkan sendiherra úr landinu á þeim árum. Varðandi þessa orðsendingu frá Gerlach hef ég hér í fórum mínum bréf, sem ég ætla að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta: [Bréfið vantar í handrit innanþingsskrifara.]

Þá var hv. þm. að dylgja um, að hv. þm. Str. væri ámælisverður fyrir að hafa leynt meðráðh. sína þessum bréfum. Við, sem í stjórn vorum með honum, vissum fullvel, hvað var að gerast. Það voru alltaf samráð milli ráðh. um, hvað gera bæri í þessu máli, og eftir að þjóðstjórnin var mynduð, var haldið sömu aðferð um það. Í sumar var fundur haldinn í utanrmn., og þá minnti hv. þm. Str. á þessi bréf. Er líklegt, að hann hefði gert það, ef hann hefði haft óhreint mjöl í pokahorninu? Og innan þjóðstj. var ekki neinn ágreiningur um, hvað gera skyldi gagnvart Þýzkalandi.

Svo eru það dylgjur hæstv. dómsmrh. um núverandi lögreglustjóra í Reykjavík, um för hans til Þýzkalands. Þau ummæli, sem hæstv. ráðh. viðhafði um hann, minna óþægilega mikið á sögu Leitis-Gróu. Þetta á augsýnilega að verða blaðamatur: Lögreglustjórinn var hjá Gestapo, lögreglustjórinn fór á fund Himmlers — og annað af þessu tagi. En nú verður manni á að spyrja: Ef eitthvað varhugavert hefur verið við framkomu lögreglustjórans í sambandi við Þýzkalandsför hans, hvað hefur þá hæstv. ráðh. gert í því efni? Hvernig hefur ráðh. staðið í stöðu sinni? Er það ekki skylda hans, ef einhver hefur brotið af sér, að láta þá fara fram rannsókn? Það hefði hann átt að gera, ef eitthvað óhreint hefði komið upp í sambandi við för lögreglustjórans til Þýzkalands. Ég varð ekki var við neinn áhuga hjá hæstv. dómsmrh. í sumar, þegar hv. þm. Str. minnti á bréfin. Mér er ekki kunnugt um, að hann hafi þá viljað láta fara fram rannsókn. En ráðh. lætur sér sæma að segja úr ráðherrastóli, að það væri óþægilegt fyrir Framsfl., ef þessi bréf væru birt eða ljóstrað upp því, sem honum væri kunnugt í sambandi við afskipti þau, sem lögreglustjórinn hafði af Þjóðverjum. Ég skora nú á hæstv. dómsmrh. að segja ljóslega, hvað hann á við. Það er honum bezt sjálfs hans vegna að gera hreint fyrir sínum dyrum.

Að lokum þetta: Það er ekki skemmtilegur leikur, sem fram hefur farið meðal erlendra þjóða að undanförnu. Mikið hefur verið um það rætt, hvað þessi eða hinn hafi gert á stríðsárunum, og svo málaferlin og annað, sem fylgt hefur. Við Íslendingar höfum verið blessunarlega lausir við þetta, en nú hefur hæstv. dómsmrh. byrjað að dylgja um þessi efni úr ráðherrastóli á Alþingi. Ég hefði getað verið vel ásáttur með, að Íslendingar væru lausir við þennan óskemmtilega leik, sem aðrar þjóðir hafa orðið að þola. En nú verður að leika hann á enda, og vænti ég þess, að hæstv. dómsmrh. skjóti sér ekki undan skyldu sinni í þessu efni, því að dylgjur þessarar tegundar er ómögulegt að þola.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég sá mér ekki fært að ræða þetta mál án þess að ræða það, sem Þjóðverjar höfðust að hér á landi á árunum fyrir stríð. Mér hefur verið borið á brýn út af þessu, að ég vildi svelta börn og ekkjur. Það er engum til sæmdar að bera slíkt fram. Þeir útlendingar, sem hér dvelja, njóta sama réttar og aðrir íslenzkir ríkisborgarar. Það er Alþingis en ekki annarra að taka ákvarðanir gagnvart þeim mönnum. Rök hv. þm. N.-Ísf. (SB) eru svipuð og lögfræðingsins í dag, þegar hann ræddi þá um ríkisborgararétt. Þau ummæli rak ég ofan í hann viðstöðulaust. Ég hef aldrei vakið máls á því að taka gildar undirskriftir þm. vegna þessa máls, en ef hins vegar þingið vildi breyta til, yrði það að taka ábyrgð á því. Ég hefði haldið að þetta væri, eins og sakir standa, öruggasta leiðin fyrir landið. — Ég þarf í rauninni ekki að svara hv. þm. N.-Ísf. Ræða hans var yfirborðsfleipur, eins og vant er, og alger markleysa.

Hv. 1. þm. Str. gekk eftir skýrslu lögreglustjórans, og má hann sjálfum sér um kenna, ef hún hefur komið óþægilega við hann. (*PZ:* Hver er hv. 1. þm. Str.?). Hermann Jónasson er bæði 1., 2. og 3. þm. Str. Hann vildi láta þjóðina vita það sanna í málinu og birta öll skjöl orðrétt. En honum átti að vera kunnugt, að hægt er að birta útdrátt, án þess að skjölin séu birt í heild.

Þá vildi þessi hv. þm. láta líta svo út sem ég hefði notið einhverrar sérstakrar greiðasemi hjá Þjóðverjum. Ég naut sömu hlunninda og aðrir Íslendingar og kom heim yfir Petsamo, eins og aðrir, sem komu þá. (*EystJ:* Var það fyrir náð Himmlers?). Mér heyrist sumir hv. fram-

sóknarþm. vera farnir að tala upp úr svefninum, og skal ég ekki tefja fyrir þeim lengi.

Út af ræðu hv. 2. þm. S.-M. (EystJ) skal ég taka það fram, að ég hef ekki borið neinar sakir á hv. þm. Str., heldur aðeins lagt plöggin á borðið, en ég held, að hann hafi sýnt Þjóðverjum æði mikla linkind.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Það er þegar búið að taka flest af því fram, sem ég hafði ætlað að segja, þegar ég kvaddi mér hljóðs. Málflutningur hæstv. dómsmrh. hefur verið þannig, að mér hefur alveg ofboðið, hvernig hann hefur komið fram. Ég verð að segja það, að ég hef aldrei vinur nazista verið. En með málflutningi sínum hefur hann áorkað því, að ég, sem í upphafi var andvígur þessari till., er nú kominn á aðra skoðun og er alveg orðinn sannfærður um, að þessi till. er alveg réttmæt. Hann er með málflutningi sínum sem dómsmrh. búinn að brjóta af sér.

Út af orðum hans um birtingu bréfanna vil ég hér með skora á hann að birta þau öll, ekki útdrátt úr þeim, svo að þjóðinni gefist kostur á að vita, hvað þau hafa að geyma.

Þá leyfði hann sér að nefna Þjóðverja blóðhunda og það hér á Alþ. Hann er hér kominn inn á hála braut. Rússar töldu sér ekki fært annað en að gera griðasáttmála við Þjóðverja. Þar sem svo var ástatt með stærsta ríki Evrópu, þá held ég, að við Íslendingar þolum vel samanburð. Við neituðum Þjóðverjum til dæmis um flugvelli, og hefur sú ákvörðun okkar verið viðurkennd af Bandamönnum. Til þess að taka þá ákvörðun á þeim tíma þurfti meiri karlmennsku en til þess að nefna hina sigruðu Þjóðverja nú blóðhunda eða öðrum viðlíka smekklegum nöfnum.

Hæstv. ráðh. minntist á fimmtu herdeild hér á landi. Ef hann hefur komizt að því, að hún hafi átt að vera hér, þá ætti hann að birta nöfn þeirra manna, sem í henni voru. Ég veit ekki betur en að það sé staða hans og að honum beri til þess skylda að vera á verði þegar svo stendur á. Nú hefur hann valdið, og birti hann þá það, sem hann veit í þessum efnum, til þess að sýna, að þetta sé ekki fleipur eitt.

Það var hálf lúalegt af hæstv. ráðh. að læða því fram úr sér í ráðherrastóli, að hann hefði komizt heim fyrir náð Himmlers. Hvað gaf hann í skyn við Himmler? Er þetta sæmandi úr ráðherrastóli?

Annars var það ætlun mín með því að biðja um orðið að minnast á herliðið hér á landi. Hvað hefur núverandi ríkisstj. gert til þess að samningur, sem hv. þm. Str. (HermJ) gerði við Bandamenn um hervernd landsins, verði haldinn? Hvenær verður herliðið flutt burtu? Ég vona, að ríkisstj. geri ráðstafanir til þess, að sá samningur, sem gerður var um brottflutning liðsins, verði haldinn Ég vænti, að ráðh. muni verða skeleggir í að láta halda þá samninga, sem hv. þm. Str. gerði hagstæða í stjórnartíð sinni. Ég óska að fá skýr svör við þessari fyrirspurn minni.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Það var ekki í tilefni af ræðu hv. þm. V.-Sk. sem ég kvaddi mér hljóðs, heldur vegna ummæla hans um vinaþjóð. Ég vil lýsa yfir því, að stjórn Bandaríkjanna hefur í einu og öllu haldið samninga sína við okkur. Það datt engum í hug, að herinn mundi hverfa héðan strax sama daginn og vopnaviðskiptum var hætt. Þegar þess er gætt, að flytja þurfti milljónir hermanna eftir erfiðum og löngum flutningaleiðum, er ljóst, að herflutningum frá Íslandi hefur verið hraðað meir en frá nokkru öðru landi. Það er enn að vísu eftir fámennt lið hér, eftir því sem ég bezt veit, og enginn hefur haft þau ummæli við mig, að Bandaríkjastjórn hafi rofið samninga á okkur, og er ekki viðeigandi að viðhafa slíkt orðalag nema að byggja á ærlegum rökum.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að mótmæla þeirri aðferð að fara að skera niður ræðutímann. Ég álít ófært að gefa ekki alþm. kost á að tala fullan ræðutíma. Ég veit, af hverju það stafar. Hæstv. forseti mun ekki hafa haft frið fyrir þeim Þjóðverjavinum og Þjóðverjum, sem aðsetur hafa hér í bænum. Vegna æsinga þessarar klíku sér forseti sér ekki annað fært en að knýja málið áfram. Hún var ekki alveg svona mikil miskunnsemin og mannúðin hjá hv. þm. hérna á árunum þegar leitað var eftir því að fá landsvistarleyfi handa landflótta fólki, sem ætlunin var að flytja hingað til lands. Ég mótmæli því, að umr. séu skornar niður, og heimta minn rétt til að ræða málið.

Hv. þm. N.-Ísf. minntist á skýrslurnar eins og þær væru ósköp þýðingarlitlar. Þær eru nú einmitt það, sem er mergurinn málsins. Það þarf að rannsaka, hvað lagt hefur verið fyrir þá menn, sem sendir hafa verið hingað upp. Svo er sagt, að þetta komi ekki málinu við, þeir hafi ekki gert neitt af sér hér. Nei, þeir höfðu aldrei tækifæri til þess. Konur og börn þessara manna hafa sama rétt og aðrir hér á landi og líða ekki. Það hefur ekki staðið á mér eða mínum flokki að hækka sveitarstyrkinn, og ef hv. þm. telur þörf á, að hann sé hækkaður, þá er ég reiðubúinn til samstarfs. Þótt honum finnist sveitarstyrkurinn lítill, þá er þó verra að vera í Þýzkalandi nú en að lifa hér af honum. Ég veit, hvað það er að vera í Þýzkalandi nú. Þegar maður veit það, þá hlýtur maður að meta enn meira þá gestrisni, sem íslenzka ríkið sýnir konum og börnum þessara þýzku manna. Aðeins einn af þeim mönnum, sem hér um ræðir, hefur alltaf neitað að fara til Þýzkalands, og er skylt að geta þess. Meðan Þýzkaland var nógu sterkt til þess, að þessir menn gætu búizt við að geta orðið das Herrenvolk, kusu þeir að fara þangað, að þessum eina undanskildum.

Ég vil endurtaka, að ég áskil mér rétt til að ræða þetta mál nánar síðar, og vil fá fullan ræðutíma. Þm. verða að hafa kröfu á að fá fullan ræðutíma, þegar jafnmikilvægt mál er annars vegar og þetta er.

Hv. þm. Borgf. talaði áðan af fjálgleik miklum um mannúð og annað þess háttar. Það for heldur lítið fyrir þess konar tilfinningum hérna um árið, þegar verið var að níðast á munaðarlausu barni, sem reynt var að útvega landsvist hér. Faðir þess var í fangabúðum, og móðir þess

átti að fara þangað líka. Það fór lítið fyrir tilfinningaseminni á þeim dögum, og ekki var gestrisnin fyrirferðarmeiri hjá íslenzku ríkisstj. þá. Eftir blaði háv. forsrh. að dæma, þá átti að stafa hætta af því fyrir þjóðarstofninn að veita þessu stúlkubarni og móður þess landsvist, af því að þær voru af sama stofni og Jesús Kristur og voru landflótta. Ef það er meiningin hjá þessum mönnum, sem fyrir nokkrum árum komu þannig fram við þetta flóttafólk, að slá á strengi tilfinninganna vegna þessara erlendu manna, þá er hægt að koma með ýmislegt, sem kann að snerta tilfinningarnar.

Ég vil enn mótmæla því, að umr. séu skornar niður, og vil, að málið verði rætt fullkomlega eftir því, sem efni standa til og búið er að rannsaka skýrslur viðkomandi málinu. Það er dálítið undarlegt, að þeir, sem nú virðast vera hinir æstustu við að bjarga nokkrum nazistum hingað til lands, skuli vera sömu mennirnir sem fyrir fáum árum máttu ekki heyra það nefnt, að umkomulaust, landflótta stúlkubarn væri flutt hingað, vegna þess að af því mundi stafa hin mesta hætta fyrir þjóðina.

Forseti (JPálm): Ég vil vekja athygli á, að umr. þessi er búin að standa nálega 6 klukkustundir. Þetta er fyrri umr., og að henni lokinni fer málið til n. Verður ræðutíminn hér eftir takmarkaður, og fær hver þm. 5 mínútur.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég verð að segja það, að ég er hissa á því, að hæstv. forseti skuli láta svona, þótt orðið sé þetta framorðið. Við höfum áreiðanlega séð það stundum svartara hér á Alþ. (*Forsrh.:* Hv. 2. þm. S.-M. fær að tala á morgun).

Ég vil segja það út af ræðu hæstv. dómsmrh., að það eina, sem hann ásakaði hv. þm. Str. um, var það, að hann lét þjóðina ekki vita um njósnamálið. En hvað var það, sem sendiherra okkar í Danmörku lét íslenzku ríkisstj. vita? Ekki annað en að álitið væri, að njósnir væru reknar hér á landi. Svo er ráðh. að ámæla hv. þm. Str. fyrir að hafa ekki sett þetta í blöðin. Þetta sýnir, hvað hæstv. dómsmrh. hefur hætt sér út á hálan ís. Þetta er það eina, sem hann hefur nú eftir af því, sem hann ber á hv. þm. Str. Annað er hann búinn að taka aftur. Hann er minni maður eftir að hafa verið með þessar dylgjur, ef hann birtir ekki þau skjöl, sem hér um ræðir.

Þegar um stjórnmáladeilur er að ræða, gerir hv. 2. þm. Reykv. (EOl) mun á því, hvaðan vindurinn blæs, hvort hann er á austan, suðvestan eða sunnan. Það gerir ekki til, þótt austanvindurinn haldist. — Hv. 2. þm. Reykv. telur sig mikinn baráttumann gegn nazistum. Hann byrjaði með því, þegar skipið Emden kom hingað til lands fyrir nokkrum árum, að fara fram á, að pantaðir væru enskir bryndrekar til að vera hér, meðan hið þýzka skip stæði við. Svo kom samningurinn milli Stalins og Hitlers. Þá breyttist viðhorf þessa hv. þm. Þá var sama, hvernig fasistinn var búinn, hvort hann var mórauður eða í öðruvísi litum einkennisbúningi. Svo kom það, að við ættum að hætta að senda Bretum fisk, hætta að hjálpa þeim, þegar þeir stóðu einir í baráttunni gegn fasismanum. — Ég held, að hv. 2. þm. Reykv. ætti ekki að óska eftir framhaldsumræðum um þetta mál.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Vegna þess svars hæstv. forsrh, að Bandaríkin hafi haldið alla samninga við okkur, vil ég spyrjast fyrir um, fyrir hvaða tíma þeir verða farnir með her sinn héðan af landi burt. (*Forseti:* Þetta er ekki til umræðu). Ég ætla mér ekki að láta hæstv. forseta binda fyrir munninn á mér eða segja mér fyrir, um hvað ég eigi að tala. Það hafa verið gerðir samningar milli Bandamanna og ýmissa þjóða um brottflutning hers Bandamanna úr löndum þeirra þjóða fyrir 2. janúar næstkomandi. Virðist því fyrirspurn mín til hæstv. forsrh. í alla staði tímabær og eiga rétt á sér, jafnmiklir vökumenn og þar eru að verki sem ráðh. eru. (*GJ:* Hv. þm. V.-Sk. ætti að bera fram skriflega fyrirspurn). Ég býst við, að hv. þm. Barð. geti fylgzt með því, sem fram fer, þótt það sé ekki skrifað fyrir hann, svo næmur hlýtur hann að vera. Annars skal ég skrifa þetta upp fyrir hann á eftir, ef hann vill. Ég vil mælast fastlega til þess að fá því svarað, hvenær herinn á að vera farinn héðan.

Um bréfin viðkomandi njósnamálinu vil ég taka það fram, að vegna okkar framsóknarmanna vil ég, að þau verði prentuð, til þess að það sjáist svart á hvítu, að dylgjur hæstv. dómsmrh. hafa ekki við neitt að styðjast. Mundi þá ljóst sjást, út á hve hálan ís hann er kominn, og væri eigi ólíklegt, að hann kynni þá að óska að hafa farið hægar af stað, enda er það engan veginn víst, að hann geti skautað út af þeim ís, sem hann hefur komizt inn á í þessu máli. (*Forsrh.:* Hvað eru margar bakteríur í einum teningsmetra af mjólk?).

ATKVGR.

Till. um að vísa málinu til allshn. felld með 20:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, GÞ, GJ, HermJ, IngJ, IngP, JJós, JJ, LJóh, ÓTh, PHerm, PO, SB, SG, SkG, ÞÞ, BSt, BÁ, BBen, JPálm.

nei: EOl, FJ, GSv, HG, HelgJ, JörB, KA, GB, PZ, PÞ, SigfS, STh, SÞ, StJSt, StgrA, SvbH, ÁS, ÁkJ, ÁÁ, BG.

SK greiddi ekki atkv.

11 þm. (EE, EmJ, GÍG, GTh, HB, JS, MJ, PM, SEH, BK, BrB) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. með 30:2 atkv. og umr. frestað.

Á 19. fundi í Sþ., 18. des., utan dagskrár, mælti

Magnús Jónsson: Hér var útbýtt í gær nál. meiri hl. utanrmn. um till. til þál. um landsvistarleyfi nokkura útlendinga á þskj. 281. Ég vildi óska, að hæstv. forseti vildi sjá um, að þessi till. yrði tekin á dagskrá helzt á morgun eða a. m. k. svo tímanlega, að hún geti fengið afgreiðslu áður en þinghlé verður. Ég get þessa af því, að ég hef ekki enn þá séð nál. frá minni hl. utanrmn. Væri gott, að hæstv. forseti aðvaraði minni hl. n., ef hann ætlar sér á annað borð að skila nál.

Ég skal geta þess, að málið var afgr. í n. á föstudag, svo að allmikill tími hefur verið til að ganga frá nál.

Forseti (JPálm): Út af þessum tilmælum skal ég taka fram, að ég mun sjá um, að málið verði á dagskrá á morgun, hvort sem þá vinnst tími til að taka það til umr. eða ekki.

Á 20. fundi í Sþ., 19. des., utan dagskrár, mælti

Magnús Jónsson: Forseti lofaði mér því í gær, að eitt ákveðið mál skyldi tekið á dagskrá í dag. Hann gerði það hins vegar ekki, og skal ég ekki kvarta undan því, þar eð nóg hefur verið að starfa hér í dag. Ég mun þó halda fast við þá kröfu, að hann taki það á dagskrá þegar á morgun og að það fái þá afgreiðslu.

Einar Olgeirsson: Ég mótmæli því, að mál þetta verði tekið á dagskrá, áður en minni hl. n. hefur skilað áliti.

Sigurður Bjarnason: Ég vil aðeins út af þeirri aths., sem hv. 2. þm. Reykv. (EOl) skaut hér fram, benda hæstv. forseta á það, að við flm. till. munum illa geta sætt okkur við það, að vegna þess að lítill minni hl. n. hafi ekki skilað áliti, verði málið ekki tekið á dagskrá. Vil ég eindregið styðja þau tilmæli, sem komu hér fram áðan frá hv. frsm. meiri hl. n. (MJ).

Forseti (JPálm): Skýringin á því, að ég tók þetta mál ekki á dagskrá í dag, er sú, að það breyttist með atkvgr. fjárl. Ég lofa að taka málið á dagskrá á morgun, án þess að lofa neinu um, hvort það fái afgreiðslu eða ekki.

Einar Olgeirsson: Ég vil enn mótmæla því, að farið verði að hafa þann hátt á að taka mál á dagskrá án þess að öll n. sé búin að skila áliti.

Magnús Jónsson: Út af þessum síðustu orðum hv. 2. þm. Reykv. (EOl) vil ég aðeins upplýsa, að það er mjög algengt, að mál sé tekið á dagskrá, þótt lítill minni hl. n. skili ekki áliti. Annars væri auðvelt fyrir hvern minni hl. n. að eyðileggja þannig hvert mál. Ég bað um það í fyrradag, að málið yrði tekið á dagskrá í dag, til þess að gefa hv. minni hl. n. kost á að skila áliti sínu, en mál þetta var afgr. til n. í síðustu viku, og hefur hv. minni hl. þess vegna haft nægan tíma til þess að skila áliti sínu. Hitt er svo allt annað mál, hvort hann hefur viljað hafa þessa aðferð til þess að tefja málið, þar sem hann er á móti því. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir, að hann hefur lofað að taka málið á dagskrá á morgun, og verður svo að skeika að sköpuðu, hvernig fer með afgreiðslu á því.

Einar Olgeirsson: Þótt einhver meiri hl. einhverrar n. vilji hroða af einhverju máli, án þess að rannsókn á því hafi farið fram, þá þýðir það ekki það, að minni hl. n. sé bannað að gera þessa rannsókn. Það vita og allir, að síðan þessu máli var hroðað af til hv. utanrmn., hefur ekki verið mikill tími fyrir n. til starfa. Það er enn fremur kunnugt, að mörg þýðingarmikil mál bíða nú afgreiðslu, sem ég býst við, að liggi miklu meira á en þessu máli, og býst ég við, að margir mundu koma á eftir og fara fram á hið sama, ef þetta mál yrði tekið upp aftur.

Magnús Jónsson: Ég vil eindregið mótmæla því, að þessu máli hafi verið hroðað af, þegar mjög mikill meiri hl. n. er alráðinn í því og þykist hafa nægar upplýsingar til þess að mæla með málinu óbreyttu. N. hefur klofnað í málinu og hefur meiri hl. skilað sínu áliti. Þetta er því allt fullkomlega þinglegt. Hitt er svo annað mál, hvort hv. minni hl. hefur unnið nokkuð að málinu síðan.

Á 21. fundi í Sþ., 20. des., var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 281, n. 351, 335).

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Þegar minnzt hefur verið á þetta mál hér að undanförnu í sambandi við að setja það á dagskrá, hefur hv. 2. þm. Reykv. (EOl) getið þess réttilega, að við tveir nm., sem höfum ekki getað orðið hv. samnm. okkar samferða, höfum ekki enn þá gefið út minni hl. nál. Hv. 2. þm. Reykv. mótmælti því fyrir sitt leyti, að mál þetta væri tekið á dagskrá, meðan svo stæðu sakir. Ég vil fyrir mitt leyti algerlega taka undir þetta. Þegar mál þetta kom fyrir utanrmn. á föstudaginn var, var mjög orðið áliðið fundartímans, því að önnur aðalmál höfðu verið þar á dagskrá. Þegar kom að þessu málefni, var þess óskað af hv. 2. þm. Reykv., að hæstv. dómsmrh. væri kvaddur til fundar til skrafs og ráðagerða og einnig óskaði hann eftir öðrum upplýsingum, sem n. mættu að gagni koma. Hv. meiri hl. n. sá sér hins vegar ekki fært að verða við þessum óskum minni hl., en lét ganga til atkvæða um það í n., hvort nm. væru með till. óbreyttri eða ekki. Fimm af sjö nm. töldu sig fylgjandi till. óbreyttri. Ég og hv. 2. þm. Reykv. (EOl) gátum ekki gengið inn á till. eins og hún lá fyrir og óskuðum eftir frekari umræðum, upplýsingum og skjalasöfnun í n. sjálfri. Hv. meiri hl. varð ekki við þessum óskum okkar og er þetta óvanaleg aðferð í n., því að í þeim n., sem ég hef átt sæti, hef ég ekki orðið þess var, að meiri hl. n. meinaði minni hl. n. að fá upplýsingar og viðræður við vissa menn, sem hann óskaði eftir, áður en n. tæki endanlega afstöðu. Af þessu hefur leitt það, að við hv. 2. þm. Reykv. höfum ekki séð okkur fært að skila áliti, eins og hv. 2. þm. Reykv. tók fram, sumpart af því að síðan hafa verið miklar þingannir, fundir langir og strangir og lítill tími til annars en að sitja fundi og taka þátt í atkvgr. Ég hef ekki einu sinni getað rætt við hv. 2. þm. Reykv. (EOl) um það, hvort við getum gefið út sameiginlegt nál. eða ekki. Afstaða mín, eins og hans, er sú, að við getum ekki gengið inn á till. óbreytta, og má það vera öllum ljóst, af því að þegar þessi till. var til umr., var útbýtt frá mér ásamt hv. þm. V.-Ísf. till. til breyt. á frumtill.

Ég verð að lýsa yfir, að ég get ekki gengið inn á till. þessa eins og hún er flutt. Við, sem er-

um í minni hl. n., ætlum að afla gagna í málinu og gefa út nál. Í n. höfum við orðið fyrir því, að till. okkar hafa verið hundsaðar, svo og afstaða okkar. Okkur var ekki leyft að ræða við hæstv. dómsmrh. til þess að fá hjá honum nauðsynlegar upplýsingar. Yfirleitt má segja, að mál þetta hafi sætt mjög óþinglegri meðferð. Við viljum hafa rétt til að gefa út álit minni hl. Það er ekki úr hófi, þótt það líði 5 til 6 dagar, án þess að við getum komið því við, jafnmiklar annir og hér hafa verið að undanförnu og eru enn. Ef það yrði ekki tilbúið að þeim tíma liðnum, gæti hæstv. forseti tekið málið á dagskrá. En eftir þann tíma, sem við nú höfum haft til undirbúnings, er óverjandi, að það skuli hafa verið tekið til umræðu. Ég óska, að málinu sé á þessu stigi þess frestað og að okkur verði gefinn frestur til að skila nál.

Forseti (JPálm): Út af orðum hv. 4. þm. Reykv. vil ég taka fram, að þess hefur verið krafizt mjög eindregið, að mál þetta yrði tekið á dagskrá. Ég gat ekki lofað, að málið fengi afgreiðslu áður en þingi verður frestað, og vildi ég því fá að heyra álit allra nefndarparta á því.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. talaði um, að viðhöfð hefði verið óvenjuleg aðferð við afgreiðslu þessa máls í utanrmn. Ef það er óvenjulegt, hvernig það hefur verið afgr. þar, þá er ekki síður óvenjulegt, þegar mál er komið úr n., að farið er að ræða það utan dagskrár, eins og hv. þm. gerði. Mig undrar, að hv. forseti skyldi ekki gefa hv. 4. þm. Reykv. ofanígjöf fyrir framkomu hans. — Ég vil segja, að afgreiðsla þessa máls í utanrmn. hefur verið alveg þingleg og venjuleg. Meiri hl. mælir með því, að það verði samþ. óbreytt. Það er komið að hléi, og það átti að gefast kostur á að klára málið áður, og var þá ekki um annað að gera en að hraða því. Hv. 4. þm. Reykv. ætlar aðra syndara. Mér þykir undarlegt, að hann skuli vera með brtt., áður en hann hefur aflað sér upplýsinga um málið.

Um hv. 2. þm. Reykv. er það að segja, að hann virðist hafa tekið afstöðu til málsins. Hér er ekkert annað á ferðinni en það, sem ég sem 25 ára þm. kannast ósköp vel við, sem sé, að minni hl. hefur gripið til þessa ráðs, að gefa ekki út nál., til þess að tefja málið. Ég vil ekki kalla þessa aðferð óþinglega, en eðlilegt væri, að hæstv. forseti færi ekki eftir þeirri pípu.

Við í meiri hl. lítum svo á, að þeir menn, sem hér er um að ræða, hafi aldrei verið sviptir landsvistarleyfi. Hitt er alveg eðlilegt, að þeir þurfi nú að fá það endurnýjað, og er það bundið því, að nú séu þeir að fara til raunverulegra heimila sinna. Ef vera þeirra hér á landi þætti síðar óheppileg, vil ég þó, að þeir fái landgönguleyfi og að þeir verði þá síðar dæmdir eftir íslenzkum lögum. Það er óþolandi, að Íslendingar skuli hvetja til þess, að alltaf sé tekið fram fyrir hendur Íslendinga. Slíkt ætti ekki að eiga sér stað, nema sérstakar ástæður væru fyrir hendi.

Það er annars einkennilegt, að nokkur skuli vera á móti því, að þessi till. sé samþ. Með því að vera á móti því, beygja menn sig undir erlent vald. Ég vil ekki taka undir það, að hér sé fyrst og fremst um að ræða mannúðarmál. Jú, það er að vísu rétt, og það hefur knúið mig til að ljá því fylgi mitt. En mér finnst sjálfstæðismálið, sem er í þessu, engu minna vert. Eigum við að beygja okkur þannig undir erlenda aðila, að við að minnsta kosti ekki tökum upp þráðinn þar sem hinn aðalinn hefur sleppt honum? Við fyrstu umræðu þessa máls snerust umræðurnar að mestu leyti um allt annað en það. En ég hef ekki vald til þess að banna mönnum að taka til máls, og ég sé, að nú hefur hv. þm. Str. borið fram till. á þskj. 380, sem gæti gefið tilefni til almennra umræðna. En mér finnst það vera óforsvaranlegt að draga að gefa svar við þessari till., því að það er hægt, áður en þingi verður frestað.

Ég vil ljúka máli mínu með ósk um, að þessi till. verði samþ. óbreytt, áður en þing skilst.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. 4. þm. Reykv. og algerlega mótmæla því, að þetta mál sé tekið á dagskrá og til afgreiðslu nú. Ég er hissa á því offorsi, sem fylgt er á eftir því með. Ég fæ ekki skilið, hvað valdið getur. Þetta er mál, sem mikið hefur að segja fyrir álit okkar út á við. En meiri hl. utanrmn. ætlar að leyfa sér að afgreiða það án þess að leyfa minni hl. n. að ræða það við hæstv. utanrrh. og án þess að gefa sama minni hl. tíma til að láta prenta nauðsynleg þingskjöl viðkomandi málinu. Ég á erfitt með að skilja, hvers vegna á að knýja málið þannig áfram. Þetta eru ný vinnubrögð og óþekkt hjá utanrmn. Þetta er mál, sem varðar álit þjóðarinnar út á við og ræður miklu um, hvar hún er sett á bekk með öðrum þjóðum heims. Þetta eru undarleg vinnubrögð, þegar um mikilsvarðandi utanríkismál er að ræða. Í fyrsta lagi er venjulegt að reyna, hvort ekki getur náðst samkomulag um það, og í öðru lagi, ef n. klofnar, þá að gefa þm. tækifæri til þess að fá þau gögn, sem hver þm. ætti að hafa fyrir sér, þegar slíkt mál er tekið fyrir. Þetta mál er þess eðlis, að eftir því er tekið. Hver er afstaða Íslendinga í svona máli? Það mun verða athugað nákvæmlega. Ísland er að stíga fyrstu sporin sem lýðveldi. Sjálfstæðu ríki ber margs að gæta í sambúðinni við aðrar þjóðir. Þar er það náttúrlega fyrst og fremst utanrmn., sem á að standa á verði um málefni landsins. Hún á að sjá um, að ekki verði gerðar svoleiðis vitleysur, að þingið þurfi að skammast sín fyrir þær á eftir. Það eru valdir þeir menn í utanrmn., sem ætlazt er til, að séu nokkurn veginn kunnugir því, sem gerist úti í heimi, og vita, hvernig á eitt eða annað er litið erlendis. Hún þarf því að vanda störf sín sérstaklega vel, og í þessu máli þarf hún að gæta þess vandlega, hvað hún gerir, hvaða till. hún hefur fram að færa. Þetta mál má ekki afgreiða öðruvísi en svo, að Alþ. þurfi ekki að bera kinnroða fyrir. En nú gerist það undarlega, að meiri hl. n. neitar að kalla fyrir n. þá ráðh., sem mest hafa með þetta mál að gera. Náttúrlega hefur þingið valið sína beztu menn í utanrmn., en ég held ekki, að Alþingi hafi álitið, að þeir væru óskeikulir. Þeir ættu því að athuga alla málavöxtu og hafa jafnan það, sem sannara reynist. Hefur meiri hl. n. gert þetta?

Hefur hann viljað fylgja og fara eftir þessari reglu? Hefur hann rannsakað þau skjöl, sem fyrir liggja? Nei. Þessa aðferð hefur meiri hl. ekki haft. Hann afgr. þvert á móti frv. þetta á 5 mínútum. Þetta mál, sem staðið hefur stólparifrildi um, tók n. ekki lengri tíma að afgreiða. Ég verð að segja, að slík afgreiðsla hjá utanrmn. er mjög vítaverð. En þó kastar nú þar fyrst tólfunum, þegar hv. 1. þm. Reykv. (MJ) krefst þess, að málið sé afgr. frá Alþingi áður en minni hl. gefst kostur á að skila áliti sínu. Það er ekki nóg, að meiri hl. lítur á sig sem óskeikulan páfa, sem ekkert geti lært. Þeir ætlast líka til þess, að ákvörðun sé tekin í málinu án þess að gögn þau, sem fyrir liggja, séu athuguð. Það er engan veginn vansalaust fyrir okkur út á við, ef við afgreiðum þetta mál á þennan hátt. Ekki er hægt að afsaka slíkt með því, að við höfum ekki vitað betur. Ég vil því mótmæla því algerlega, að þetta mál sé tekið til afgreiðslu nú. Ég krefst þess, að okkur, sem erum í minni hl., verði gefinn kostur á að leggja málið fyrir þingið með þeim gögnum, sem því fylgja. Meðan ég sé ekki, hvaða afstaða verður ofan á hjá hæstv. forseta viðvíkjandi afgreiðslu málsins, mun ég ekki fara út í að ræða þá hlið þess, heldur snúa mér að því almennt, ef vera mætti, að málið þætti þess vert, að þm. athuguðu það nánar.

Spunnizt hafa pólitískar deilur út af þessu máli hér í hæstv. Alþingi, og hafa jafnvel komið fram aðdróttanir um, að vissir menn hafi verið allhlynntir Þjóðverjum hér fyrir stríð. Ég vil taka það fram, út af því að talað er um, að þeir séu við nazisma riðnir, að nazisminn er kríminelt fyrirbrigði. Það er nauðsynlegt, að það komi skýrt fram fyrir auglit þings og þjóðar, að nazistaflokkurinn er annað og verra en stjórnmálaflokkur. Nazisminn í Þýzkalandi var skipulögð glæpastarfsemi, og mun ég leiða rök að því, áður en ég fer lengra út í málið. Hér er um það að ræða, hvort við eigum að hleypa inn í landið mönnum, sem hafa tekið þátt í þessari glæpastarfsemi. Íslendingar eru ekki farnir að gera sér það ljóst, hvernig litið er á þjóðina nú erlendis. Hér er um það að ræða, að ef þýzki nazisminn hefði fengið að þróast, þá hefði hann eyðilagt öll þau menningarverðmæti, sem heimurinn hefur eignazt síðustu 2000 ár. Við vitum, að glæpir hafa komið fyrir alls staðar og alltaf, en það hefur aðeins gerzt hjá einni þjóð, að ríkisstj. sjálf hafi skipulagt morð og unnið að því að þurrka út heilar þjóðir. (*GJ:* Var það ekki eitthvað svipað í Rússlandi?). Það væri gott fyrir þennan hv. þm. að kynna sér þessi mál lítið eitt betur, en hann er táknrænt dæmi um lélegan þroska í pólitískum málum. (*GJ:* Ég held, að það væri gott, ef hv. 2. þm. Reykv. vildi athuga, hvað hann segir. — *EystJ:* Hann er þó nýsköpunarmaður). Ég skal taka það fram, að ég er þess albúinn að ræða þessi mál og skýra það fyrir hv. þm. Barð., í hverju munurinn liggur á því, sem gerðist í Rússlandi og Þýzkalandi. (*GJ:* Hvernig var það með hreinsunina í Rússlandi fyrir stríð?). Ég skal upplýsa hv. þm. Barð. um, hvað það var, sem hann kallar hreinsun. Það var það, að nokkrir landráðamenn voru dregnir fyrir rétt og skotnir eða settir í fangelsi, og nú er það viðurkennt í Evrópu, að einmitt vegna þess, að það tókst í tíma að uppgötva þessa fimmtu herdeild í Rússlandi, reyndist það rússnesku þjóðinni mögulegt að standast árás Þjóðverja, en fór ekki fyrir henni eins og Dönum, þar sem menn innan herforingjaráðsins gáfu Þjóðverjum upplýsingar. Þetta mun vera það, sem hv. þm. Barð. á við, þegar hann talar um hreinsunina í Rússlandi. En það, sem ég á við, þegar ég tala um skipulagða glæpi, er það, þegar fjöldi þorpa og nokkrar borgir, eftir að þær höfðu verið hernumdar og ekki var um neina hernaðarlega nauðsyn að ræða, voru þurrkaðar út og fólkið murkað niður jafnt konur og börn. Má þar til nefna Gyðingahverfið í Varsjá eða þegar fangarnir eru teknir hópum saman og brenndir í gasklefum. Fyrir þá, sem daglega hafa átt slíka meðferð yfir höfði sér og sloppið, fyrir þá, sem hafa þannig misst ættingja sína og vini, er það skiljanlegt, að hér er ekki um pólitískt mál að ræða, heldur glæpaskipulag, sem öllu mannkyni stafar hætta af. Það er þetta, sem við verðum líka að skilja. Það, sem okkur hefur verið kennt að kalla menningu og meta mest, er hér rifið niður og fótum troðið. Við verðum fyrst af öllu að gera okkur ljóst, hvað þýzki nazisminn er, síðan dæma um hann og bera hann saman við pólitísk ágreiningsmál. Hv. þm. Barð. og aðrir, sem einhvern tíma kunna að hafa haft samúð með þessari stefnu, þurfa ekki að fyrirverða sig fyrir það, því að þeir geta sagt: Við vissum ekki, hvað þetta var. En hitt er ófyrirgefanlegt, — að koma, eftir að uppvíst er um starfsemi nazistanna, og krefjast þess, að Alþ. veiti þessum mönnum landsvist að órannsökuðu máli. — Það má vera, að mér sé þetta nokkurt hitamál, vegna þess að ég hef í sumar verið í þeim löndum, þar sem þessi stefna hefur sýnt sig, og kynnzt fólki, sem hefur misst sína nánustu í fangelsunum og gasofnunum. Það er höfuðatriði, að hv. þm. skoði þetta mál í ljósi þeirrar þekkingar, sem heimurinn nú hefur af nazismanum, þeir verða að gera sér ljóst, að þessir menn voru sendir hingað til að undirbúa glæpi. Og það er full ástæða til að vera varkár eftir þá aðvörun, sem spor nazismans hafa gefið heiminum. Við vitum, að ekki einungis hefur verið skipulögð starfsemi hér af þýzku ríkisstjórninni, heldur var rekin sérstök uppeldisstarfsemi í þýzku nýlendunni hér í Reykjavík. Það þarf að uppræta þessa stefnu algerlega, en það er verk, sem tekur tíma og þarf að vinna að með fullri aðgæzlu og alúð. Mér skilst, að hugsunarhátturinn hjá meiri hl. utanrmn. sé eitthvað á þá leið, að einmitt af því að hér er um nazista að ræða, þá eigi að veita þeim landsvist og skal ég koma að því síðar. En það er furðulegt, að menn, sem ættu að vera þessum málum kunnugir, skuli geta tekið slíka afstöðu. — Hér verða menn að gera glöggan greinarmun á þýzku þjóðinni og þýzka nazismanum, en þessu tvennu virðast margir hv. þm. blanda saman. Það var skoðun ýmissa, þegar nazisminn var í uppgangi í Þýzkalandi, að hér væri nýr stjórnmálaflokkur á ferðinni. Að vísu var þetta ekki algeng skoðun, en þó nokkuð útbreidd. T. d. má minnast þess, að þegar ríkisþinghúsbruninn var, þá gerði stærsta blað landsins, Morgunblaðið, sér ekki

ljóst, að hér voru nazistar að verki, og taldi það vera kommúnista. Það er fyrst eftir að Belsenfangabúðirnar voru teknar, að menn fara að gera sér ljóst, hvað nazisminn er. Þá fara menn að átta sig á, að það, sem miður er sagt um nazismann, er ekki áróður, og jafnvel munu þó finnast dæmi um menn hér, sem hugsa sér enn, að það sé áróður.

Menn þurfa að gera sér grein fyrir því sjálfir, hvað er réttast í þessu máli. Við Íslendingar verðum dæmdir út í frá eftir því, hvaða afstöðu við tökum gagnvart Þjóðverjunum. Stundum hefur verið reynt að setja á Íslendinga nazistastimpil, og þeir, sem eru fremstir í flokki að bera hann af sér, hafa á liðnum árum ekki skapað það álit út á við, er fullsæmilegt má teljast, — eða hafa Íslendingar sjálfir verið veikari fyrir en aðrar þjóðir? Þegar þar fyrir utan er nú um að ræða, hvort Alþ. eigi að fyrirskipa hæstv. dómsmrh. að óska þess rannsóknarlaust, að nokkrir Þjóðverjar séu fluttir heim, sem störfuðu í þágu nazista fyrir stríð, þá geta óbrjálaðir menn gert sér í hugarlund, hvað útlendir menn hugsa um þessi efni. (*MJ:* Þetta er ekki rétt). Víst er þetta rétt, en ég skal raunar lesa till. fyrir hv. frsm. meiri hl. utanrmn., sem hefur þá ekki gefið sér tíma til að lesa hana, áður en hann afgreiddi hana. Hún er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að veita þeim Þjóðverjum, sem kvæntir eru íslenzkum konum og búsettir voru hér á landi árið 1939, landsvistarleyfi á Íslandi nú þegar, enda hafi þeir ekki orðið uppvísir að því að hafa rekið hér starfsemi í þágu erlendra ríkja, sem hættuleg geti talizt hagsmunum Íslendinga, eða framið aðra verknaði, sem ósæmilegir séu að almenningsáliti."

Það stendur skýrum stöfum, að hæstv. dómsmrh. skuli veita þessum Þjóðverjum landsvistarleyfi, og þó er vitað, að hæstv. ráðh. er mótfallinn því. Hafi þeir ekki orðið uppvísir um neitt saknæmt, skal þeim veitt landsvistarleyfi, en það er alls ekkert tekið fram um rannsókn. Í dag eru umræddir Þjóðverjar ekki uppvísir um sök, og samkv. till. ætti þá að veita þeim landsvistarleyfið. Það getur verið, að hv. 1. þm. Reykv. hafi alltaf hugsað sér nákvæma rannsókn, og að það sé hans vilji, því að hann er þannig maður, að ég átti bágt með að trúa því um hann, að hann gerði vitandi vits að neita okkur um rannsókn. Nú er það komið í ljós, að hv. frsm. veit ekki, um hvað till. fjallar. Þess vegna verð ég að vona, að hann sjái sig um hönd og biðji ekki um, að till. verði samþ. óbreytt, án þess að hv. þm. gefist tækifæri á að rannsaka málið til hlítar og án þess að minni hl. n. fái að skila áliti sínu. Þetta er einmitt aðalmunurinn í brtt. hv. 4. þm. Reykv., að það á að leita upplýsinga um það og rannsaka, hverjir eru verðugir að fá landsvistarleyfi. Þar er einmitt tekið fram að leita allra gagna bæði með og móti. Og svo kemur hið alvarlega í ljós, að hv. frsm. og aðalmaður í n. veit ekki einu sinni, hvers efnis till. hans er. Hann hefur hugsað sér allt annað en stendur í till. Og þessi sami hv. þm. hefur tvisvar staðið upp og krafizt þess af hæstv. forseta, að hann tæki þetta mál á dagskrá. Ég býst við, að þessi hv. þm. ætti að athuga sinn gang, þar sem það hefur komið í ljós við þessa mjög svo stuttu ræðu hans, að hann veit ekki, um hvað till. sín fjallar. Í umræðunum hefur nú komið í ljós, að hv. þm. vill, að það fari fram rannsókn, enda er hann þannig maður, að hann mundi ekki vitandi vilja annað. Ég veit, að margir þessara umræddu Þjóðverja eru ágætir menn — ég tala nú ekki um þá, sem kusu heldur að dveljast í Englandi en fara til Hitlers. En það að ætla sér að hleypa þessum mönnum heim án rannsóknar er algerlega ósæmilegt. Mér þykir þess vegna ánægjulegt, að hv. 1. þm. Reykv. skuli hafa tilkynnt, að hann gangi út frá því, að till. sé allt öðruvísi en hún liggur hér fyrir, og ég vona, að hæstv. forseti taki tillit til þess áður en að afgreiðslu málsins kemur, að hv. frsm. hafi ruglazt í því, hvað till. fjallar um, og gefi þess vegna hv. þm. tíma til að kryfja málið til mergjar.

Mér virðist, að eitt sé nauðsynlegt að fá upplýst, áður en lengra er haldið. Það er, að nöfn þeirra Þjóðverja, er dvöldust hér á landi fyrir 1939, verði kunngerð. Þá kæmu kannske fram þær upplýsingar, er orsökuðu það, að þm. endurskoðuðu afstöðu sína. Ég efast um, að hv. þm. vildu veita þeim manni, sem var fulltrúi Gestapo, landsvistarleyfi hér, en hann er einn af þeim, sem mundi fá landsvistarleyfi hér samkv. þeirri till., sem hér er til umr. nú. Það er eðlilegast, að hv. þm. fengju að vita allt það, sem kostur er á að upplýsa, og einn þátturinn í því er sá, að minni hl. fái kost á að rannsaka málið og starfa að nál. sínu.

Hv. 1. þm. Reykv. var að segja frá því hér áðan, að sér fyndist þetta mannúðarmál. Ég verð að leyfa mér að segja það, að mér finnst þessi afstaða til mannúðarinnar breytast stundum einkennilega mikið eftir því, hvaða aðili á í hlut. Ég gat þess við fyrri hluta þessarar umræðu, að meðan ógnir og misþyrmingar nazistanna í Þýzkalandi og Austurríki voru ekki eins kunnar og þær er nú, hefði verið skrifað frá lækni einum í Vínarborg hingað til læknis á Íslandi og farið fram á að bjarga 4 ára stúlkubarni frá dauða. Faðir barnsins var í fangabúðum, en móður þess átti að varpa í fangelsi innan skamms. Katrín Thoroddsen læknir, sem fékk umrætt bréf, sótti um landsvistarleyfi fyrir hið 4 ára stúlkubarn. Þá gæti maður nú trúað, að mannúðin hefði átt að koma fram, sem hv. flm. segja, að sé höfuðhvöt þeirra nú, þegar um það var að ræða að bjarga saklausu barni úr klóm nazista. Um þetta var ekki pólitískum deilum til að dreifa, þarna og þá gat mannúðin fengið að njóta sín. En hvað gerðist? Það var neitað um landsvistarleyfi fyrir 4 ára gamalt barn, þó að faðir þess væri í fangabúðum eða dauður og fyrir móðurinni lægi hið sama, og auk þess var barnið af Gyðingaættum, en Gyðingar voru þá, sem kunnugt er, ofsóttir á alla lund. Þá var nú hægt að gera tilkall til mannúðarinnar, þar sem um umkomulaust barn var að ræða. En það fór lítið fyrir mannúðinni þá hjá þessum herrum, og einmitt hv. þm. Str., sem er annar aðalflm. þessarar till. og einn af meiri hl. og heimtar, að mál þetta gangi í gegn með afbrigðum og vill meina minni hl. um tíma til að starfa að nál., hann

neitaði um landsvistarleyfi saklauss barns. Það er undarlegt með mannúðina — eða finnst ykkur það ekki? — Núna eru þó konur og börn þessara umræddu Þjóðverja örugg hér. Þær konur, sem hér um ræðir, þurfa ekki að óttast ofsóknir eða að vera kvaldar og drepnar eins og þeir, sem áttu líf sitt undir Hitler á sínum tíma. Eiginmenn þeirra þurfa ekki að óttast neitt þessu líkt. Ekkert slíkt er yfirvofandi. Þess vegna er greinilegt, að hér var um pólitíska ofsókn að ræða og í því tilfelli var eingöngu um mannúðarmál að ræða, en þegar hv. þm. Str. neitaði um landsvistarleyfið, kom enginn af hv. meiri hl. utanrmn. til að tala í nafni mannúðarinnar, og í blaði þáv. dómsmrh., Tímanum, birtist skætingur út af því, að nokkrum skyldi hafa dottið í hug að bjarga barni úr klóm nazistanna. Hins vegar verð ég að segja það, að ég gleðst yfir því, er þeir menn, sem sýndu þá svona mikið afskiptaleysi, ef þeir hafa fyllzt svona ákaflega ríkri mannúðarkennd núna, og ég vona, að þeir sýni það við betri tækifæri en nú. Ég get ekki heldur dulið það, að þess varð vart hér heima á síðustu árunum fyrir stríð, að mannúðin átti ekki eins hátt upp á pallborðið og oft áður, og þar kenndi augsýnilega andlegra áhrifa frá þýzku nazistunum, sem vildu einmitt útrýma allri mannúð. Þá ræddi hv. þm. S.-Þ., þáverandi form. Framsfl., um það, að við sýndum of mikla linkind og ættum að framkvæma það í litlum stíl, sem Hitler gerði í stórum stíl í Þýzkalandi. Auðséð er, að eitur nazistanna var byrjað að smita út frá sér, og ég held, að nauðsynlegt sé að ganga úr skugga um það, áður en endanleg ákvörðun er tekin, að ekki komist að nein nazistisk smitun.

Mig langar í sambandi við fimmtu herdeild að fá upplýsingar um það hjá hæstv. dómsmrh., hvort þeir Þjóðverjar, er björguðust í síðasta stríði af skipi því, sem var víst kallað Bayablanca, og voru fluttir til Reykjavíkur af íslenzku skipi og hafa haft hér viðsetu, hvort einhverjir þessara manna séu búnir að fá landsvistarleyfi. Einnig væri þá gott að fá upplýst, hvort till. þessi ætti líka að ná til þessara „skipbrotsmanna". Þessu skipi var strandað hér við suðurströnd Íslands og voru skipverjar settir hér á land til þess að þeir gætu verið hér til taks. (*GJ:* Skipinu var ekki strandað, því var sökkt). Það skiptir ekki svo miklu máli, því að aðalatriðið er, að skipið týndist og það var gert af ráðnum hug. Þeir voru ekki venjulegir skipverjar, heldur voru þetta meðlimir í fimmtu herdeild. Nú væri gott að fá að vita, hvort þessir menn falla undir þessa till. og einnig, hvað liggur fyrir upplýst um þessa menn. Hér hafa áður komið fram óskir um ýmsa aðra starfsemi, og vona ég, að hæstv. dómsmrh. verði vel við þessu.

Inn í þessar umræður hefur spunnizt mikið um starfsaðferðir þýzku nazistanna hér. Stafar það eðlilega af því, að hv. þm. vilja fá að vita, áður en þeir ákveða nokkuð, hvað Þjóðverjar hafa aðhafzt til undirbúnings um töku landsins. Hver einasta þjóð í Evrópu gerir nú ráðstafanir til sem nákvæmastrar rannsóknar um allt slíkt. Hver þjóð lítur á það sem nauðsyn að grafast sem bezt fyrir um þessi mál og skoðar það sem eitt af því fyrsta, sem henni ber að gera. Eins og almennt er litið á Ísland nú, mundi ekki þykja ólíklegt, að Íslendingar hefðu gert ráðstafanir til að framkvæma slíka rannsókn. En hvað gerist svo á Íslandi? Það er ekki borin fram till. um þessa rannsókn fyrst og fremst, heldur er borin fram önnur till. um að veita þeim Þjóðverjum, sem hér voru fyrir stríð, landsvistarleyfi. Og ef hæstv. dómsmrh. vill láta rannsókn fara fram, þá kemur fyrirskipun frá hæstv. Alþ. um það, að þessum Þjóðverjum skuli þegar sleppt inn í landið, jafnvel þó að þeir séu þegar uppvísir um það að hafa verið þess albúnir að starfa hér sem fimmta herdeild. — Það er þetta, sem nauðsynlegt er, að menn geri sér ljóst, hvernig þetta lítur út fyrir umheiminum. Ef einhver hefur tilhneigingu til að stimpla Ísland sem vingjarnlegt hinu nazistiska Þýzkalandi, sem það alls ekki er, þá er gefið undir fótinn með samþykkt svona till., eins og hún er orðuð, og með því t. d. að ganga í berhögg við dómsmrh. landsins, taka bókstaflega af honum það vald, sem hann hefur. Ég verð að biðja hv. þm. mjög alvarlega að athuga, hvað þeir eru að gera út á við með þessu. Ég tek eftir, að hv. 1. þm. Reykv., frsm. utanrmn., er í þann veginn að hugsa málið, og það fyrsta, sem hann verður var við, þegar hann loks gefur sér tíma til að hugsa, er það, að hann er alls ekki með þeirri till., sem hann er að berjast fyrir. Hann heimtar, að það eigi að fara fram nákvæm rannsókn í þessu máli, einmitt þegar þingið er að taka valdið af dómsmrh. til að rannsaka málið.

Hv. frsm. meiri hl. minntist á, að þetta væri ekki bara mannúðarmál, heldur líka sjálfstæðismál. Jú, þetta er á sinn hátt sjálfstæðismál, en frá öfugum forsendum við þær, sem hann nefndi. Það er einmitt sjálfstæðismál fyrir Íslendinga að athuga það, hvað þýzka nazistastjórnin hefur gert hér á Íslandi til þess að reyna að yfirtaka þetta land og svipta það sjálfstæði. Og það er einmitt nauðsynlegt, að sú rannsókn fari fram. Málið þarf að ganga sinn venjulega gang, þannig að dómsmrh. landsins geri sínar ráðstafanir til þess að tryggja öryggi landsins, en þá má ekki grípa fram fyrir hendur hans og fyrirskipa, að þeir menn skuli komast inn í landið, sem vitað er um, að ýmsir þeirra hafa verið að vinna fyrir þýzka nazista hér.

Hv. frsm. meiri hl. sagði áðan, að alveg óskiljanlegt væri, að nokkur skuli vilja neita þessum mönnum um landsvistarleyfi. Honum fannst það ekki óskiljanlegt hérna um árið, þegar börnunum var neitað um landsvistarleyfi. Hann hóf ekki upp raust sína þá. En ef til vill fer hann bráðum að skilja, að ýmsir þm. hafa réttmætar ástæður til að heimta rannsókn í þessu máli, og hana ýtarlega, áður en svona leyfi er veitt. Einmitt vegna þess, að það hefði verið eðlilegt, að rannsókn hefði farið fram á starfsemi Þjóðverja hér á Íslandi fyrir stríð og þeim áhrifum og ítökum, sem þeir höfðu hér, áður en endanleg afstaða er tekin á þingi um þessa till., þá hefði ég viljað fá tækifæri til þess að ganga frá ýtarlegu nál. um þetta mál og leggja fram till., sem fyrirskipi slíka rannsókn, ekki síst vegna þeirra upplýsinga, sem komu fram undir fyrri hluta umr. um þetta mál, upplýsinga, sem hafa orðið eitt

meginefni blaðanna hér undanfarið og vissulega eiga rétt á sér í sambandi við þessi mál. Ég held þess vegna, að rétt sé að ræða nokkuð þessa rannsókn, þörfina á henni og þær upplýsingar, sem hér hafa komið fram. Ég ætla að leyfa mér, fyrst ég sé, að hæstv. dómsmrh. kemur inn (*Forseti:* Ég vil spyrja hv. 2. þm. Reykv., hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni). Ég fer að byrja á seinni helmingnum. (*Forseti:* Ef mjög langt er eftir, kysi ég heldur, að ræðunni yrði frestað). Ég skal gera það, fyrst hæstv. forseti óskar þess.

Forseti (JPálm): Það er nú orðið augljóst, að þessi till. getur ekki fengið afgreiðslu fyrr en undir morgun, ef umr. verður haldið áfram. Enda þó að það yrði þriðji næturfundurinn í röð, þá mundi ég ekki hlífa hv. þm. við því, ef það hefði nokkra úrslitaþýðingu fyrir það fólk, sem hlut á að máli. En þar sem ég hef fengið upplýsingar um það, að málið er í athugun og að það hefur engin áhrif á landsvist hlutaðeigandi manna, hvort þessi till. verður samþ. nú eða eftir áformað þinghlé, vil ég ekki halda þessum umræðum áfram að þessu sinni, og fresta því málinu.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Ég vil ekki gera neina uppreisn á móti forsetavaldinu, en láta í ljós, að mér þykir mjög leiðinlegt, að þessum umr. er ekki haldið áfram. Veit ég ekki, hvernig hægt er að sjá af spádómsgáfu, hve langar umr. verða. Af tóninum í hv. 2. þm. Reykv. er að vísu auðséð, að það á að beita málþófi. En ég fer fram á, að hæstv. forseti taki til athugunar enn á ný, hvort það sé í raun og veru svo fjarstætt, að hægt sé að ljúka þessu máli.

Forseti (JPálm): Ég þykist hafa alveg fast undir fótum með það, að þótt till. verði samþ. nú, sem mundi ekki verða fyrr en næsta dag, þá hefur það ekki þýðingu fyrir landsvist mannanna. Er þetta eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið frá hæstv. ríkisstj. Það er ekki annað en rannsókn, sem hún óskar eftir. Afgreiðsla þessa máls hefur enga úrslitaþýðingu fram til þess tíma, sem þing kemur væntanlega saman.

Hermann Jónasson: Ég vildi ákveðið óska, að umr. um þetta mál yrði haldið áfram, því að það eru augljóslega engin vinnubrögð, að minni hl. geti haldið uppi málþófi til að stöðva mál, sem full ástæða er til að álíta, að meiri hl. vilji afgreiða. Þegar umr. hafa farið fram svo að skaplegt má telja og í þeim hefur upplýstst svo sem eðlilegt má telja gagnvart þingsköpum, þá er á valdi forseta að bera undir atkv., hvort umr. skuli ekki skera niður. Þess vegna er það á valdi Alþ. að afgr. málið nú í nótt. Hins vegar sáum við, að hæstv. forseti kom hér áðan með skrifað blað, sem var fyrirskipun frá ríkisstj. í þessu máli, vegna þess að það er vitað, að hæstv. dómsmrh. hefur látið liggja að því, að hann gerði afgreiðslu þessa máls að fráfararatriði. Jafnframt því, sem haldið hefur verið uppi málþófi af einum þm. stj., sem málinu er mótfallinn, hefur stj. setið á fundi og kallað hæstv. forseta hvað eftir annað úr stóli til að ræða við hann um málið. Þetta eru þær raunverulegu ástæður. En ég vænti þess, að hæstv. forseti taki það tillit til eðlis þingskapa um afgreiðslu mála, þar sem meirihlutavald er til að afgreiða mál, og að hann verði við þeirri ósk.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég vil geta þess, að það er ekki rétt hjá hv. þm. Str., að það, sem hæstv. forseti las upp, sé flutt fyrir tilmæli ríkisstj. Það er bezt að segja hverja sögu eins og hún gengur, að við vorum búnir að ræða um málið, en ekki komnir að niðurstöðu um málsmeðferðina, þegar við fengum skilaboð frá hæstv. forseta, hvað hann ætlaði sér að gera í málinu. Mér þykir skynsamleg hans aðferð. Ég er meðal þeirra, sem hafa hugsað sér að greiða götu þessara manna. Og ef ég teldi þessa málsmeðferð stein í götu þess, mundi ég ekki fella mig við hana. En eftir þeim upplýsingum, sem ég hef, hygg ég óhætt að treysta, að það skipti engu máli um landsvistina, hvort till. er samþ. í dag eða að þingfrestun lokinni. Þess vegna álít ég alveg rétt að fella niður þessar umr. nú. Ég fyrir mitt leyti vil vinna að því af fremsta megni að greiða fyrir því, að þessu máli verði hraðað eins og hægt er. Og þeir, sem hugsa um efnishlið málsins, mega líta á það sjónarmið, enda ekki víst, að ný vökunótt og nýjar ádeilur persónulega verði til að greiða götu málsins. Ég veit, að hæstv. dómsmrh. mun halda áfram því, sem hann hefur byrjað á, að afla upplýsinga, sem að lokum allt á að byggjast á, enda skilst mér, að flm. till. ætlist til, að slík rannsókn fari fram. Ég er meðal þeirra, sem mundu ekki telja eftir mér eina vökunótt, ef það skipti máli. En því meira kapp, sem hleypur í svona mál, þeim mun minni líkur eru til, að sú fyllsta skynsemi komist að. Ég álít nóg komið af deilum um málið og rétt að hraða rannsókninni, sem fyrir liggur.

Forseti (JPálm): Ég skal geta þess, áður en ég veiti leyfi fyrir fleiri aths., að það vakir aðallega fyrir mér, hvað hægt sé að gera fyrir þessa menn. Og ég er sannfærður um, eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, að þar hefur engin áhrif, hvort þessi till. er samþ. nú eða að mánuði liðnum. Ég þykist vita, eftir fengnum upplýsingum, að meiri hl. er fyrir þessari till. á Alþ.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég þykist kunna vel að meta þann góðvilja, sem fram kom í orðum hæstv. forseta í garð þessa máls, enda veit ég frá upphafi, að hann vill allt gera, sem hægt er, fyrir þetta fólk. Hins vegar verð ég að segja, að af reynslunni ber ég ekki eins gott traust til hæstv. dómsmrh. í þessu efni, að sú rannsókn, sem forsrh. talaði um, að væri hafin og mundi halda áfram, muni í nánustu framtíð bera þann árangur, sem ætlazt er til. Ég verð þess vegna mjög að harma það, að ríkisstj. í heild skuli hafa talið sig knúða til þess að fara þess á leit við hæstv. forseta eða að minnsta kosti styðja þá ákvörðun hans, að umr. verði frestað á þessu stigi málsins. Ég get ekki heldur sem flm. þessarar till. látið vera að átelja nokkuð þá aðferð, sem minni hl. utanrmn. hefur beitt

hér, nefnilega algeru málþófi og einnig þeirri þekktu — en lítt rómuðu — aðferð að skila ekki nál. Þegar á allt þetta er litið og það, sem gerzt hefur í málinu, þá höfum við flm. till. orðið sammála um að beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, hvort hann muni ekki sjá sér fært að ljúka málinu á þessu kvöldi. Ég geri ráð fyrir, að þm. muni reiðubúnir að ganga til atkv., hvort umr. skuli fram haldið, og ég treysti hæstv. forseta að leita atkv. um þetta.

Hermann Jónasson: Ég vildi með örfáum setningum rifja upp, að utanrmn. hefur átt sérstaklega að rannsaka þetta mál, en n. var sagt, að stj. teldi sig ekki bundna við álit hennar. Í annan stað var mér skýrt svo frá, að ef meiri hl. þm. ritaði undir yfirlýsingu um það, að það sé vilji þeirra, að Þjóðverjar þeir, sem ekki hafa gerzt brotlegir með dvöl sinni hér á landi, fengju landsvist aftur, mundi dómsmrh. verða að lofa þessum mönnum að hverfa heim. Síðan fá 1. flm. till. og ég bréf um, að þeta nægi ekki, meirihlutavilji verði að koma frá Alþ. Nú, þegar þessi vilji er sýnilegur, — ég hef beðið alla framsóknarmenn að vera viðstadda, — þá sjá allir menn, að ef málið er rætt frá kl. 9 til kl. 2 eða 3, verður málið fullrætt, og ekki óeðlilegt, að umr. verði eftir það skornar niður af meiri hl. Er dálítið einkennileg afgreiðsla, ef minni hl. á enn að ráða í þessu máli. Það er augljóst mál, að forseti hefði ekki tekið þetta mál á dagskrá til að ræða það í hálfa aðra klukkustund, ef það var ekki ásetningur hans áður en hann var kallaður úr forsetastóli til stj. að ljúka málinu. En eftir það er hugur hans breyttur, fyrir þá sök, að dómsmrh. hefur látið liggja að því eða lýst ákveðið yfir því, að hann gerði þetta að fráfararatriði. Hann um það. En ég tel þá karlmennskuna ekki verða sérstaklega mikla gagnvart þeim mönnum, sem hlut eiga að máli.

Ég skal ekki fara út í umr. um málið, en segi að gefnu tilefni frá hæstv. forsrh., að ég hóf ekki nein harðyrði um þetta mál. Annar maður hafði framsögu og gerði það með hófsemd, og ekki var byrjað á hörku frá flm. hálfu, hvorki við fyrri né seinni umr. En um valdið til að knýja fram afgreiðslu á þessu máli er vitað, að hæstv. forseti hefur það. Og það er vitað, að vilji stj. og þeirra, sem að henni standa, er á bak við hann í þessu efni. Ég álít mjög illa farið, hvernig virðist ætla að takast til um þetta mál, en ekki mun ég orðlengja meir, nema tilefni gefist til.

Forsrh. (Ólafur Thors): Mér láðist að taka fram áðan, að það er á misskilningi byggt hjá hv. þm. Str., að dómsmrh. hafi hótað að segja sig úr stj. út af þessari till. Ég vil aðeins endurtaka, að mér hefur skilizt á hv. 1. flm., að ef till. þessi verður samþ. í kvöld, yrði afleiðingin sú, að fram ætti að fara rannsókn í þessu máli, væntanlega af dómsmrh., eins og þetta er í pottinn búið, nema því aðeins að meiningin sé, að fleiri menn aðstoði hann, eins og mætti álykta af þáltill., sem hv. þm. Str. hefur lagt fram hér í dag. (*HermJ:* Rannsókn á þessum mönnum liggur fyrir úti í Englandi. Þarf ekki annað en skoða hana). Þá er það eitthvað dálítið meira en ég veit um málið. Því að eftir því, sem mér er tjáð, eru hér einhverjar skýrslur og kannske einhverjar fleiri væntanlegar, sem eru talin gögn í málinu. Og undir öllum kringumstæðum, þó að till. verði samþ., verður málið að sjálfsögðu í höndum dómsmrh. þangað til Alþ. kemur saman eftir þingfrestun. Ég held þess vegna, hvernig sem á þetta mál er litið, að það sé rétt hjá mér varðandi sjálfan kjarna málsins, að gatan sé ekki greidd nú með því að fara í einhverjar harðsvíraðar deilur, heldur með hinu fremur að láta umr. falla niður í trausti þess, að málinu verði eitthvað lengra komið þegar við hittumst 1. febr. eða fyrr. Af því að ég vil reyna að vinna að því, að þeir af þessum mönnum, sem ekkert hafa til saka unnið annað en það að vera Þjóðverjar, fái að dvelja hér aftur, þá segir mín tilfinning mér það, að þetta séu skynsamlegustu vinnubrögðin. Af þeim ástæðum er ég samþykkur ákvörðun hæstv. forseta, sem við fengum fregn af meðan við vorum að bera saman bækurnar, hvort við ættum að koma fram rökst. dagskrá eða kalla saman flokksfund til að ræða málið og afgreiðslu þess. Ég er algerlega ánægður með úrskurð hæstv. forseta og rök hans.

Forseti (JPálm): Eins og hv. þm. er kunnugt, var ég einn af þeim 30 þm., sem skrifuðu undir áskorun til dómsmrh. um að leyfa þessum mönnum landsvist. Og ég hef ekki breytt skoðun minni í þessu efni. Hef ég þess vegna fullan vilja á, að mál þetta fái greiðan framgang. En ég er sannfærður um, að það hefur engin áhrif á málið, hvort við sitjum hér til að ræða þessa till. nú eða ofurlítið seinna. Þegar þing kemur saman næst, skal þessu máli verða hraðað eftir því, sem hægt er.

Viðvíkjandi yfirlýsingu hv. 1. flm., þm. N.-Ísf., að hann treysti ekki vel hæstv. dómsmrh. til að rannsaka þetta mál, vil ég vekja athygli hans og annarra á því, að málið er komið á það stig, að það hlýtur að verða öll stj., sem hefur það með höndum og lætur þá rannsókn fara fram, sem þarf, til þess að málið fái þá afgreiðslu, sem upplýst er, að meiri hl. alþm. vill.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Út af því, sem hv. þm. Str. sagði, að hæstv. forseti hafi skipt mjög um skoðun meðan á umr. stóð, vil ég segja það, að mér er kunnugt alveg persónulega, að svo er ekki, heldur hefur hann haldið sínu striki. Þegar hann lýsti því, að umr. mundi verða frestað, var mér það ákaflega þvert um geð. En eftir upplýsingu hæstv. forsrh. og ummæli hæstv. forseta í þessu sambandi vil ég alls ekki fyrir mitt leyti þreyta þetta mál frekar. Fyrir mér hefur alltaf aðalatriðið verið málefnislegt, að greiða götu þessa fólks, en hvorki pólitískur sigur né ósigur á Alþ. Ef þetta mál er í raun og sannleika betur komið, eins og mér gæti vel til hugar komið eftir yfirlýsingu hæstv. forsrh., með því að hleypa ekki meiri eldi í það, þá vil ég ekki svala skapsmunum mínum hér á Alþ. á kostnað þessa fólks. Mér er alveg ljóst, að framkoma þessarar till. hefur haft sína þýðingu, þó að afgreiðsla hennar verði ekki meiri en nú er orðið. Ég skal fúslega taka þátt í umr. áfram

og greiða atkv. með till., ef hún kemur til atkv., en kæri mig ekki um að kveða niður úrskurð hæstv. forseta með atkvgr.

Gunnar Thoroddsen: Mér skilst, að um frestun umr. byggi hæstv. forseti á þeirri sannfæringu, að samþykkt þessarar till. í nótt mundi ekki hraða raunverulegri afgreiðslu þessa máls, þ. e. veitingu landsvistarleyfis fyrir þessa umræddu útlendinga. Ég efast ekki um, að forseti er sannfærður um þetta, og þakka jafnframt yfirlýsingu hæstv. forsrh. En þó að ég beri fyllsta traust til hans, heyrir málið ekki undir hans ráðuneyti og verður þess vegna í höndum dómsmrh. Mér finnst þess vegna ekki ófyrirsynju, að við fengjum yfirlýsingu hæstv. dómsmrh. um afstöðu hans til málsins. Það er mikið talað um rannsókn, en ég held, að rannsókn í meginatriðum hafi farið fram. Það er vitað, að þessir menn voru teknir af hernámsliðinu, og að það hefur rannsakað mál þessara manna niður í kjölinn. Ef á þeim hefðu hvílt samkv. þeirri rannsókn einhverjar sakir fyrir njósnir, dettur mér ekki í hug, að þeim hefði verið sleppt frjálsum frá Englandi til Þýzkalands. En það má vera, að ástæða sé til einhverrar frekari rannsóknar, og þá er von mín, að þetta verði ekki notað sem falsástæða til að tefja málið.

Það væri og fróðlegt að heyra frá hæstv. dómsmrh., hvernig hugsað er að haga þessari rannsókn. Hér er ekki um að ræða venjulega opinbera rannsókn, að íslenzkir embættismenn hér rannsaki málið og sakborningar séu varðir. Á að biðja erlend stjórnarvöld að rannsaka málið? Er meiningin að senda Íslendinga utan til að afla gagna og yfirheyra þessa menn? Og er meiningin að byggja á gögnum, sem hingað er hægt að afla, án þess að fá vitnisburð mannanna sjálfra? Ég tek þetta fram vegna þess, að þessari rannsókn hlýtur eðli málsins samkv. að verða öðruvísi háttað en venjulegum rannsóknum hér. Væri ástæða til að æskja yfirlýsingar hæstv. dómsmrh. um hans fyrirætlun í þessu efni.

Forseti (JPálm): Ég vil út af ummælum hv. þm. Snæf. vekja athygli á því, að þó að þetta mál heyri að sjálfsögðu undir dómsmrh. sem dómsmál, þá virðist mér það vera fyrst og fremst utanríkismál, þar sem vitað er, að meiri hl. Alþ. og meiri hl. utanrmn. fylgir því, að hafnar séu aðgerðir.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég hef ekki mælzt undan því að halda áfram umr. um þetta mál. Hins vegar hefur hæstv. forseti kveðið upp úrskurð, að þeim skuli hætt, og þá beygi ég mig. Ég hef setið og hlustað á ýmsar aths. þm., en setið hjá, enda hélt ég, að umr. væri að verða slitið. Ef hins vegar meiningin er að halda áfram, þá er ég til. Ég hef upplýst það á Alþ., að ég óska að fá frá hlutaðeigendum skýrslur um þessa menn, nokkuð svipaðar og ég hef um þá menn, sem teknir voru sem njósnarar hér á landi. Það hefur gengið mjög erfiðlega að fá þessi plögg, og er á engan hátt á mínu valdi að flýta þeim. En ég hef gert allt, sem ég get, til að fá allar upplýsingar, sem í herstjórnarinnar höndum hafa verið. Og ég hef alveg nýverið fengið að vita það, — og hef skýrt frá því hér á Alþ. áður, svo að þm. ætti að vera vorkunnarlaust að muna, — að það voru í höndum herstjórnarinnar hér skjöl, sem sýndu ýmislegt um framferði Þjóðverja hér á landi á meðan þeir höfðu hér ræðismann. Hvað sem líður samþykkt þessarar till., þá held ég áfram tilraunum um að fá þessi skjöl, sem ég hef nokkra von um, að beri árangur. Hvað þau kunna að sanna, veit ég ekki neitt.

Um rannsókn málsins að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að ræða, eftir að búið er raunverulega að slíta umr. um málið. En ég ítreka það, að ég hef sérstaka ástæðu til að ræða þetta mál, og mæli mig síður en svo undan umræðum, m. a. vegna alls konar aðdróttana, sem til mín hefur verið beint í blaði hv. þm. Str., þar sem hann ber mér á brýn, að ég sé með minni varfærni, sem ég taldi mér skylt að sýna, að stía sundur fjölskyldum. Og það liggur við, að hv. þm. Str. hafi líkt mér við einhvers konar barnamorðingja, a. m. k. hefur hann í blaði sínu borið mér alls konar illar hvatir á brýn í þessu máli, hvatir, sem öllu heldur mundu kannske búa undir hans brúnum en mínum.

Hermann Jónasson: Ég vil fá að vita, hvort umr. eiga að halda áfram. Ég mun ekki sitja undir neinu slíku frá hæstv. dómsmrh., og hef líka margt að segja fleira en ég hef sagt til þessa. En viðvíkjandi rannsókn á máli þessara Þjóðverja er vitað mál, alveg eins og hæstv. ráðh. tók fram, að rannsókn á þeim mönnum, sem sendir voru hingað heim, var nákvæm, hverjum einasta. Og ég veit það kannske eins vel og hæstv. ráðh., að hver einasti Þjóðverji, sem héðan var fluttur, hefur verið nákvæmlega yfirheyrður og rannsakaður. Og það eru ekki miklar líkur til, að það verði af okkar hendi gert ýtarlegar en þegar er búið að gera. Það liggur fyrir skýrsla um hvern einasta af þeim, og er ekki annað en fá þessi gögn og vitanlega fyrir milligöngu utanrrn. Ég veit sennilega eins mikið um þessar skýrslur eins og hæstv. ráðh., en hitt er annað mál, að ég efast um, að þau séu á þessu stigi málsins rædd á Alþ. — Ég skal svo verða við þeirri ósk að ræða ekki málið frekar, með því að ég sé, að ákveðið mál er að vekja ekki frekari umræður. Þó mælist ég til þess, að látin verði fara fram atkvgr. á Alþ. um það, hvort meiri hl. vill halda umr. áfram og ljúka henni. Ber ég þessa ósk fram við hæstv. forseta.

Forsrh. (Ólafur Thors): Hv. þm. Str. sagði, að þær upplýsingar, sem afla þyrfti í málinu, yrðu að koma gegnum utanrrn. En mér er sagt af skrifstofustjóra utanrrn., að hann eigi að fara eftir fyrirmælum dómsmrh. um að afla gagna í málinu.

Svo vildi ég geta þess út af því, sem hv. þm. Snæf. annars vegar og hæstv. forseti hins vegar sögðu, að rétt er hjá hv. þm. Snæf., að þetta mál heyrir ekki undir mig í ráðun., og það er ekki alveg réttur skilningur hjá hæstv. forseta, að málið sé þannig sameiginlegt mál ríkisstj. Það er það ekki að öðru leyti en því, að

ágreiningsmál, sem upp kunna að rísa, eru að því leyti sameiginleg mál ríkisstj., að við leitumst við að ná um þau samkomulagi. En að öðru leyti fer þetta mál undir ráðuneyti dómsmrh. Ef það hefði fallið undir mitt ráðuneyti, hygg ég, að það hefði kannske staðið eitthvað öðruvísi í dag. Ég segi ekki, að það hefði staðið betur. Ég hygg, að hæstv. dómsmrh. hafi álitið, að þau sjónarmið, sem hann hefur lagt til grundvallar, séu þau, sem mestu máli skipta. Það er enginn, sam langar til að taka á sig að nauðsynjalausu ámæli fyrir það að vera að vinna gegn óskum þeirra, sem eru bágstaddir. Annað mál er, hvað það er, sem dómsmrh. hefur talið sér skylt. Endanlegur úrskurður liggur ekki hjá mér, og rannsóknin verður því áfram í höndum dómsmrh., hvort sem till. verður samþ. eða ekki. Þó að till. sé samþ., er málið ekki komið í höfn fyrr en dómsmrh. hefur hraðað öflun þeirra gagna, sem hann er að vinna að, og kynnt sér þau. Og ég hef þá trú, að það spilli ekki, heldur greiði fyrir öflun gagnanna, að við látum við svo búið standa á þessu stigi málsins.

Umr. frestað.

Á 33. fundi í Sþ., 15. marz, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Sþ., 19. marz, var enn fram haldið einni umr. um till.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hefja miklar umr. á ný um þessa till. á þessu stigi málsins. N. hefur skilað áliti, og lögðu 5 nm. af 7 til, að till. yrði samþ. óbreytt, en 2 skrifuðu ekki undir nál., en hafa ekki skilað sjálfstæðu nál.

Það var upphaflega ætlun flm. að fá þessa till. afgr. fyrir jól, en henni var frestað sökum þess, að minni hl. taldi sig ekki hafa tíma til að skila nál., og var málinu frestað með loforði forseta um, að það yrði tekið fyrir á 1. fundi, strax þegar þing kæmi saman, en það hefur nú dregizt, og e. t. v. að einhverju leyti vegna fjarvistar minnar, en þó lengur en mín fjarvist. Nú er liðið á þriðja mánuð frá því að meiri hl. skilaði nál., en minni hl. hefur ekki enn skilað nál., og getur sá dráttur ekki tafið þetta mál lengur. Ég verð því að fara fram á það við hæstv. forseta, að þessu máli verði fram haldið svo sem sakir standa til, afgreiðsla þess hefur þegar dregizt of lengi.

Ég vil svo ekki á þessu stigi málsins fara að ræða það efnislega. Ég benti á það fyrir jól, að umr. hefðu farið út fyrir þetta mál, og vil ekki verða til að endurvekja þær umr. á ný, en vil mælast til þess við forseta, að málinu verði nú haldið áfram svo sem sakir standa til.

Forseti (JPálm): Það mun vera misminni hjá hv. þm., að ég hafi lofað að taka þetta mál fyrir á 1. fundi, en sökum fjarvistar þessa hv. þm. og beiðni ríkisstj. hefur þetta dregizt lengur en ég ætlaðist til upphaflega.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Það hefur verið vikið dálítið að minni hl. af tveimur hv. þm., en hvorugur þeirra er hér viðstaddur. En ég get gert grein fyrir því, að þeir hafa ekki skilað áliti, en það er af því, að málið er enn í rannsókn. Annars hefur það e. t. v. ekki mikla þýðingu upp á landsvistarleyfi þessara manna að halda áfram þessum umr., þar sem þeir eru nú flestir komnir til Þýzkalands og vandkvæðum bundið að komast þaðan sem þangað. Nú eru hér 2 Þjóðverjar, sem óskað hafa eindregið eftir að komast til síns heimalands, en það hefur enn ekki tekizt, þrátt fyrir tilraunir utanrrn. Ég get upplýst, að dómsmrn. hefur tekið upp nýja háttu um atvinnu- og dvalarleyfi útlendinga. Áður tíðkaðist það ekki, að slík leyfi þyrftu að endurnýjast, og enn fremur hefur sá háttur verið tekinn upp, að slík leyfi eru ekki gefin nema til ákveðins tíma, lengstu leyfin til eins árs, en mörg til skemmri tíma. Þá hefur og útlendingaeftirlitinu verið komið í annað horf en verið hefur. Það er haft nákvæmt eftirlit með því, í hvaða erindum útlendingar koma til landsins, og er haldin spjaldskrá yfir alla útlendinga, sem hér dvelja. Ég hef talið rétt að taka upp þá reglu hér um atvinnu- og dvalarleyfi, sem almennt er fylgt á Norðurlöndum, þ. e. að veita þeim dvalarleyfi, sem þess óska, ef ekkert er hægt að finna athugavert, sem mælir á móti því, en ekki að veita atvinnuleyfi nema þeim, sem atvinnurekandi óskar eftir og tekur við og ábyrgist, að fari af landinu, þegar leyfið er útrunnið, landinu að kostnaðarlausu. — Það virtist svo sem hér vantaði allt eftirlit með útlendingum fyrir stríð.

Ég gat þess áðan, að þetta mál, þ. e. a. s. starfsemi Þjóðverja hér fyrir stríð, væri enn í rannsókn. Það hafa verið gerðar tilraunir til að fá þau gögn, sem tekin voru í vörzlu setuliðsins þegar Bretar komu, en þær tilraunir báru lengi engan árangur. En að lokum fékk dómsmrn. þá tilkynningu gegnum utanrrn., að leyfi væri fengið til að rannsaka þessi skjöl. Tilkynningin um þetta barst dómsmrn. 30. des. og er þar vitnað í nótu frá 6. des. og viðtal við mig, og er þar sagt, að yfirmaður hersins hér hafi fengið leyfi hjá hernaðarstjórninni til að sýna fulltrúum frá dómsmrn. þessi skjöl. Var byrjað að vinna að því að athuga þessi skjöl snemma í janúar, og hafa þeir, sem ég fékk til þess, rannsakað þetta og gefið skýrslu, en ekki er enn búið að vinna úr henni. Nokkuð af nýjum skjölum fannst, eftir að byrjað var á þessari rannsókn, í þýzka ræðismannsbústaðnum við Túngötu, og munu þau skjöl vera nokkuð á annan hátt en tíðkast í sendiráðum annarra landa. Eru þessi bréf hvatning til Þjóðverja hér um að ganga í Deutsche Arbeitsfront eða nazistaflokkinn, nokkuð sama hvort heldur væri, bara ef þeir væru reiðubúnir að ganga í þjónustu foringjans, þegar kallið kæmi. Þeir áttu að hlýða skipunum foringjans, en þær voru að grípa til vopna gegn því landi, sem hafði veitt þeim gistingu. Þótt ekki sé sagt með þessu, hvað hver og einn hefði gert, þegar kallið kom, þá er tilgangurinn augljós. Ég skal geta þess, að þau skjöl, sem fundizt hafa í þýzka ræðismannsbústaðnum, hafa eiginlega ekki fært neitt nýtt í ljós umfram það, sem sagt var í skýrslu þeirri, er samin var af Bretum. En hins vegar hefur þessi skýrsla staðfest skýrslu Breta

í öllum aðalatriðum, að ræðismaðurinn var sendur í sérstökum erindum Gestapoforingjans Himmlers. Það verk, sem honum var ætlað að vinna, virðist hafa verið það sama, sem þýzku nazistarnir unnu í öllum löndum, að stofna hér öflugan nazistaflokk til að vera viðbúinn, þegar skipanirnar kæmu. En við höfum séð fyrir okkur, frá öðrum löndum, hvaða skipanir það voru, sem þessir menn áttu von á.

Ég hef gert allt, sem í mínu valdi stendur, til að fá þessi mál betur upplýst en gert hefur verið. Ég hef óskað eftir því við sendiráð Bandaríkjanna, að það hlutaðist til um, að athugað væri, hvort nokkur skjöl væru í Þýzkalandi, sem væru Íslandi viðkomandi. Einnig hef ég farið þess á leit við Hugo Lindberg, sem er fulltrúi Svía í Nürnberg, að hann grennslaðist eftir því, hvort í Nürnberg væru nokkur skjöl varðandi Ísland. Þá hefur í þriðja lagi verið hér staddur, raunar í frii, Bandaríkjamaður, er átti íslenzka konu, sem fórst með Dettifossi, og er starfsmaður leyniþjónustu Bandaríkjanna í Þýzkalandi. Hann sagði mér, að hann hefði séð úti í Kassel í Þýzkalandi skjöl, sem sýndu ráðagerðir Þjóðverja um að gera innrás í Ísland. Ég bað hann um að reyna að komast að því, hvað til væri af skjölum um þetta og láta mig svo vita um það, og að síðan yrðu gerðar ráðstafanir til þess, að slík skjöl yrðu uppgefin og við gætum fengið aðgang að þeim. Hann sagði mér, að þegar verið var að ljóstra upp svikum Quislings í Noregi, hefði norska stjórnin farið svipaða leið og fengið upplýsingar hjá herstjórn Bandamanna. — Síðan hef ég ekkert um þetta heyrt, nema hvað mér hefur verið tjáð, að dr. Gerlach, sem sendur var hingað, ekki sem venjulegur sendifulltrúi, heldur í sérstökum tilgangi fyrir nazistaflokkinn, sé nú í haldi í Þýzkalandi og verði tekinn til yfirheyrslu. Lengi hefur staðið til, að skjöl þau, sem hér eru til í málinu, verði send til Þýzkalands og notuð þar við yfirheyrslu Gerlachs. Kemur þá vonandi í ljós, hvers konar fyrirætlanir hafi verið gerðar hér af Þjóðverjum og í hvers konar tilgangi. Æskilegt væri, að íslenzka ríkisstjórnin fengi að hafa fulltrúa við þessi réttarhöld, og mun ég gera mitt til þess að slíkt leyfi fáist.

Framyfir það, sem áður var reyndar upplýst í þessu máli og ég hef nú gefið upplýsingar um, má segja, að ekki hafi mikið gerzt. Það má að vísu segja til tíðinda, að tvær sendistöðvar hafa fundizt í bústað þýzka ræðismannsins við Túngötu, og er full ástæða til þess að ætla, að önnur þeirra hafi verið sú, sem hv. þm. Str. sagði hér í Alþ. og lét hafa eftir sér í blaðinu Tímanum, að lögreglustjórinn í Reykjavík hefði látið loka. En í sambandi við þá lokun hljóta að hafa verið einhver mistök, því að við reynslu reyndist hún vera í bezta lagi og lögreglustjóri hefur tjáð mér, að hann hafi aldrei séð hana. Hér hlýtur því eitthvað að fara milli mála, að lögreglustjórinn hafi lokað þessari stöð.

Um fundinn er það að segja, að þegar ráðgert var, að dómsmrn. flytti í húsið nr. 18 við Túngötu, spurði ég Birgi Thorlacius, fulltrúa, sem viðstaddur hafði verið uppskriftir á munum í húsinu, hvort hann hefði ekki orðið neitt var við hluta úr þessari sendistöð. Ég tók nefnilega ummæli hv. þm. Str. svo alvarlega, að ég hélt, að þarna mundu í hæsta lagi hafa verið einhver merki um stöð og e. t. v. einhverjir partar úr henni, vegna þess að lögreglustjóri mundi varla hafa getað haft hana alla með sér. Ég minnist þess, að Tíminn sagði tvisvar, að þessari sendistöð, sem blaðið sagði, að hefði verið siglingum landsmanna svo hættuleg, hefði verið lokað. Ég var svo barnalegur að trúa þessu, þ. e. að Tíminn hefði þetta rétt eftir hv. þm. Str. Það datt því alveg ofan yfir mig, er Birgir Thorlacius sagði mér, að hann hefði, er hann var við uppskrift á eignum þar, fundið uppi á háalofti töskú með sendistöð, en enga parta úr stöð þeirri, sem lögreglustjóri átti að hafa lokað. Í skýrslu Birgis Thorlaciusar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Vorið 1945 tjáði sænski sendifulltrúinn íslenzku ríkisstj., að hann vildi afhenda henni eignir Þjóðverja hér á landi til varðveizlu, þar sem Svíþjóð væri hætt að gæta þýzkra hagsmuna. Eignir þessar væru húseignin Túngata 18 í Reykjavík, ásamt húsbúnaði, bifreið o. fl., er þar var geymt.

Hinn 31. maí 1945 var innsigli stj. sett við hliðina á innsigli sendiráðs Svía á þau herbergi, er sendiráðið hafði haft innsigluð. Síðan varð það að ráði, að borgarfógetinn í Reykjavík skyldi beðinn að vera við, þegar innsiglin væru rofin, og gera skrá um alla þá hluti, er íslenzka ríkisstj. tæki við af sænska sendiráðinu. Hófst skrásetning þessi 13. sept. 1945 og lauk 15. janúar 1946. Við skrásetninguna var lögð til grundvallar skrá, er Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður og Guðjón Jónsson, bryti, höfðu gert að beiðni brezku herstjórnarinnar, þegar sænska sendiráðið tók við vörzlu eignanna. Skráin er dagsett 9. júlí 1940.

Meðal muna í suðausturherbergi á efsta lofti í Túngötu 18 kom í ljós svört ferðataska, ólæst. Í henni reyndist vera sendistöð. Enn fremur var í þessu herbergi brún ferðataska, læst, með ó-þekktu innihaldi. Töskur þessar voru báðar skrásettar, en þeirra virðist eigi getið í fyrrgreindri skrá Ólafs Þorgrímssonar, en tekið er fram, að herbergið, sem töskurnar voru í, hafi ávallt verið aflokað og sé „því ekki ástæða til nákvæmari upptalningar."

Herbergi þetta var eigi innsiglað, þar sem sænska sendiráðið taldi, að jafnan þyrfti að vera hægt að komast inn í það til að þurrka upp vatn, sem stafaði af því, að þakið væri bilað.

Eftir að sænska sendiráðið hafði hinn 15. jan. 1946 afhent íslenzku ríkisstj. vörzlu umræddra eigna, var sendistöðin í svörtu töskunni afhent skrifstofustjóra Landssímans, Friðbirni Aðalsteinssyni, og Gunnlaugi Briem, verkfræðingi, til rannsóknar, sbr. skýrslu þeirra, dags. 19. jan. 1946. Nokkrum dögum síðar var brúna ferðataskan sprengd upp. Reyndist einnig vera sendistöð í henni, er var samstundis afhent Friðbirni Aðalsteinssyni og Gunnlaugi Briem til rannsóknar, — sbr. skýrslu þeirra, dags. 26. jan. 1946.

Þess skal getið, að í húsinu nr. 18 við Túngötu bjó eftirgreint fólk, er íslenzka ríkisstj. tók við vörzlu hússins:

Á efstu hæð: Kjartan Bjarnason, lögregluþjónn og fjölskylda hans.

Á miðhæð: Frk. Guðrún Guðmundsdóttir og frk. Meinert, þýzk stúlka.

Fólk þetta býr enn í húsinu.

Reykjavík, 7. febr. 1946."

Síðan hefur verið látin fara fram rannsókn á því, hvort fólkið í húsinu veit, hvort töskurnar hafi alltaf verið þar. Við þá rannsókn hefur engin vitneskja fengizt, nema sú, að sumt fólkið heldur, að töskurnar hafi verið þar síðan farið var að ganga um herbergið, en nánast hefur aðeins ein áðurnefnd manneskja gengið um herbergið. Skýrsla sú eða lýsingar, sem starfsmenn Landssímans hafa gefið, leiðir í ljós, að sendistöð sú, sem er í svörtu töskunni, nær varla til útlanda, en mundi ná til skipa umhverfis landið, þótt í nokkur hundruð mílna fjarlægð væru. Í skýrslu um fyrri töskuna segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Reykjavík, 19. janúar 1946.

Samkvæmt tilmælum ráðuneytisins hafa verið rannsökuð tæki í tiltekinni svartri ferðatösku.

Í töskunni voru 2 tæki, 4 lausir lampar, raftaugar og smárit á þýzku með leiðbeiningum um notkun tækjanna.

Annað tækið felur í sér lítinn loftskeytasendi (gerð S 73/4), en hitt netspennutæki (afriðil), til þess að nota við sendinn, þegar orkan er tekin úr riðstraumsrafveitu í stað rafhlaðna.

Bæði tækin reyndust í lagi, og gaf sendirinn um 2 watta orku til loftnets og var hægt að stilla hann á hvaða öldulengd sem var á milli 24 og 44 metra. Í ritinu, sem fylgdi með, var tilgreint öldusvið 24,7—42 m. og sveifluorka 5 watt. Hvorki er getið um firmanafn í ritinu eða utan á tækjunum, sem venja er til, en áletrun á tækinu er á þýzku og hlutirnir í því eru flestir þýzkir, en nokkrir frá Hollandi (lampar), Frakklandi, (mælir) og frá Bandaríkjunum (viðnám). Tækin eru nýleg og virðast lítið sem ekkert hafa verið notuð. Frágangur allur bendir til, að þau hafi verið gerð hjá stóru fyrirtæki. Þess skal getið, að merkið S 73/4 gæti bent til, að tækin væru frá Telefunken-félaginu, því að það hefur áður notað bókstafinn S framan við tölur til þess að tákna gerðir senditækja sinna, t. d. S 317 H, S 307 S, S 309 S, o. s. frv., en þó verður ekkert fullyrt um það.

Orka þessa senditækis er mjög lítil, eða aðeins hluti af því, sem notað er við minnstu bátatalstöðvar hérna. Mörg dæmi eru þó til þess, að með svo lítilli orku hefur stundum tekizt að ná sambandi við fjarlæg lönd, þegar skilyrðin í háloftunum hafa verið sérstaklega hagstæð.

Athugun þessi var gerð af G. Briem og F. Aðalsteinssyni.

e. u.

G. Briem.

Til Dómsmálaráðuneytisins hér."

Eftir að komið hafði í ljós, að þarna hafði verið sendistöð, án þess að hafa verið skrásett, e. t. v. öðruvísi en ferðataska, er sendiráð Svía tók við húsinu, bað ég Birgi Thorlacíus að opna brúnu töskuna. Það var gert, og eins og ég las upp áðan, kom í ljós, að þarna var mjög aflmikil sendistöð, sem fagmenn hér telja, að þýzki ræðismaðurinn hér hafi notað vissan tíma á árinu 1939 og vissan tíma á árinu 1940, að því er menn vita, en blaðið Tíminn segir, að lögreglustjórinn í Reykjavík hafi verið látinn loka.

Sömu fagmenn, sem ég gat um áðan, hafa gefið eftirfarandi skýrslu um þetta tæki, en hún er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt tilmælum ráðuneytisins hafa verið athuguð tæki í tiltekinni brúnni ferðatösku, sem ráðuneytið afhenti í dag til rannsóknar.

Í töskunni var sambyggt senditæki og viðtæki fyrir loftskeyti, auk morselykils, heyrnartóls, 4 viðtökulampa, mælis og raftauga. Engar leiðbeiningar eða straumrásarmyndir eða þess háttar voru þar.

Ferðataskan var ómerkt og ekkert firmanafn var á tækinu, en áletranir á þýzku voru við hina ýmsu stillihnappa framan á tækinu, er gáfu til kynna hlutverk þeirra. Heyrnartólið var frá Telefunken, en morselykillinn frá Lorenz-firmanu í Þýzkalandi og gæti það bent til þess, að tækið væri einnig frá Lorenz-firmanu í Þýzkalandi, þótt ekkert sé hægt að fullyrða um það. Hlutirnir í tækinu eru yfirleitt þýzkir, nema lamparnir, sem eru amerískir (sendilampagerð 6 L 6).

Senditækið er stuttbylgju-loftskeytasendir, sem getur tekið orku frá riðstraumsrafveitu með mismunandi spennu, en var stilltur fyrir 220 volta rafveituspennu. Raftaugar fylgdu með tækinu, til þess að hægt væri að taka orku frá rafhlöðum og rafgeymum í stað rafveitu.

Senditækið reyndist í lagi og mældist gefa um 20 watta orku í loftnet. Bylgjusvið þess mældist 3140—27000 kilorið/sek., eða 11—95 metrar. Þó fór orkan minnkandi og varð mjög lítil á 11 metra bylgjulengd. Mikið „lykilklikk" er frá þessum sendi. Þótt þetta sé tiltölulega orkulítill sendir, virðist hann nægilega sterkur til þess að koma boðum milli fjarlægra landa, þegar skilyrðin í háloftunum eru sæmilega góð. Virðist ekki ólíklegt, að sendir með svipaðri orku, bylgjusviði og lykiltengingu hafi verið notaður hér veturinn 1939—1940, eins og ráðuneytinu var á sínum tíma gert kunnugt um.

Viðtækið reyndist ekki alveg í lagi, en sennilega er aðeins um smábilun að ræða, því að tækið lítur vel út. Viðtækið er gert fyrir mikið langdrægi og hefur svipað bylgjusvið og sendirinn, eða 10—86 m.

Ef ráðuneytið óskar, að viðtækið sé tekið sundur og orsök bilunar nákvæmlega fundin og gert við tækið, er að sjálfsögðu unnt að gera það, en það tekur nokkurn tíma. Þetta hefur ekki verið gert, þar sem talið var, að sendirinn væri aðalatriðið og ef til vill væri æskilegt, að tækin væru fyrst um sinn í nákvæmlega sama ástandi og þau fundust í.

Athugun þessi var gerð af G. Briem og F. Aðalsteinssyni.

Reykjavík, 26. jan. 1946.

G. Briem, Frb. Aðalsteinsson."

Rétt er nú að geta þess í sambandi við fund þessara sendistöðva, er átti að hafa verið lokað á sínum tíma, að þær voru notaðar, eftir því sem Landssíminn segir, haustið 1939 og vorið 1940.

Mér hefur tekizt að fá skýrslu, sem rn. var send á sínum tíma, og hljóðar hún svo, með leyfi forseta:

„Um miðjan október s. l. haust varð loftskeytastöðin í Reykjavík vör við morsetruflanir, sem virtust stafa frá nálægri radíóstöð. Símamálastjórinn lét þegar hefja rannsóknir á þessum truflunum og leita að upptökum þeirra. Truflanirnar reyndust stafa frá ókunnum morsesendingum á ýmsum tímum sólarhringsins, þó oftast nær á eftir veðurskeytasendingum stuttbylgjustöðvarinnar, og á ýmsum öldulengdum, svo sem 20,8 metrum, 34 m. og 54 m. Sendingarnar voru ávallt með sama sniði, t. d. tveggja stafa kallmerki, svipaðar skammstafanir o. þvíl., og stóðu venjulega aðeins 2—3 mínútur í einu, en einstaka sinnum lengur. Vegna þess hve sendingarnar stóðu stutt yfir og öldulengd og senditími var breytilegur, var strax sýnilegt, að leitin að upptökum þeirra yrði örðug, enda hafði símamálastjórnin ekki hentug tæki til slíkrar leitar.

Loftskeytastöðin var frá og með 17. október beðin að rita niður hin ókunnu morsemerki, eftir því sem við varð komið. Jafnframt voru sett saman ófullkomin miðunartæki fyrir stuttbylgjur í hentugri stefnu utan við bæinn og reyndist stefnan til hinnar ókunnu stöðvar að liggja í línu Garðastrætis. Síðan voru miðanir teknar frá ýmsum stöðum í bænum og virtust skurðarpunktarnir yfirleitt liggja á vegamótum Túngötu og Garðastrætis, en þó nokkru fyrir utan. Til þess að reyna að leiðrétta fyrir stefnuskekkjum, sem ávallt eru á stuttbylgjumiðunum inni í bæjum, var smíðaður smástuttbylgjusendir og farið með hann um miðhluta bæjarins, og sýndi hann, að ekki var fyllilega hægt að treysta á miðanir húsa á stuttum bylgjum, vegna breytilegra skekkjuhorna. Samtímis þessu var athugað með aðstoð rafveitunnar, hvort hinn ókunni sendir fengi orku sína úr rafveitukerfi bæjarins, og sýndi það sig, að hann þagnaði skyndilega, ef raforkan var tekin af bænum. Enn fremur var byrjað að mæla styrk merkjanna í nágrenni ofannefndra skurðarpunkta og hafa gætur á grunsamlegum stöðum, m. a. hjá tveim íslenzkum loftskeytamönnum í miðbænum, sem höfðu verið grunaðir um að eiga amateur-senditæki. En þá (6. des. 1939) hættu hinar leynilegu sendingar skyndilega og var því ekki unnt að halda rannsókninni áfram. Miðvikudaginn 10. þ. m. varð loftskeytastöðin á ný vör við sams konar truflanir og þótti sýnilegt, að um sama sendi mundi vera að ræða. Sendingarnar voru nú á 30,8 m. öldulengd. Nákvæmar athuganir voru nú þegar hafnar í kringum það svæði, er fyrri rannsóknir höfðu vakið grun á. Samkvæmt upplýsingum Rafveitu Reykjavíkur eru tiltölulega fá hús á einum rafmagnsstreng í Túngötu og var hægt að rjúfa hann í nálægri spennistöð. Var nú farið í hlutaðeigandi spennistöð með tvö viðtæki. Þegar sending var byrjuð, var rafstrengurinn skyndilega rofinn (10. þ. m. kl. 21,11) og hurfu morsemerkin þá samstundis. Raforkunni var síðan eftir augnablik hleypt aftur á strenginn og komu merkin þá aftur, en sending merkjanna breyttist að því leyti, að hún varð nú bæði hraðari og ekki eins örugg. Við þessa athugun voru viðstaddir í spennistöðinni Magnús Magnússon, símaverkfræðingur, Einar Pálsson, símaverkfræðingur, og Baldvin Skaftfell, starfsmaður Rafveitunnar. Einar og Baldvin heyrðu greinilega er merkin hurfu um leið og raforkan var tekin af strengnum, en Magnús sá á mælitæki, er mælir styrk merkjanna, að aflsvið sendisins hvarf um leið. Styrkur aflsviðsins var mældur og reyndist 800 uv/m. Þótti sannað með þessu, að hinn ókunni sendir tæki raforku sína frá rafmagnskerfinu í einhverju hinna 8 húsa í Túngötunni, sem tengd eru við hlutaðeigandi jarðstreng. Bæði síðastliðið haust og nú höfðu verið athuguð öll loftnet, sem lágu til þessara húsa, og var athugað, hvaða tæki væru tengd við loftnetin í öllum hlutaðeigandi húsum nema í Túngötu 18, þar sem erlendur ræðismaður hefur aðsetur sitt. Loftnetin eru sýnd á meðfylgjandi teikningu II. Athugun þessi þótti sýna, að ekkert þeirra loftneta, sem inn í hin húsin lágu, kæmi til greina sem sendiloftnet fyrir hinn ókunna sendi. Féll þá grunur á, að sendirinn væri í Túngötu 18. Inn í það hús liggja tvö loftnet (auk samansnúinnar taugar til Túngötu 16). Grunntengivír var tengdur við loftnetið á þakinu á Túngötu 20 aðfaranótt 12. þ. m. Við sendingu kl. 8.02 var lampi tengdur við loftnetið og hefði hann átt að lýsa, ef um sterkan sendi hefði verið að ræða, en eigi var sýnilegt ljós á honum. Við sendingu kl. 9.06 var svo loftnetið grunntengt, fyrst með því að snerta vírinn lauslega nokkrum sinnum, en síðan með varanlegri grunntengingu. Viðstaddir voru við prófanir þeir Einar Pálsson og Magnús Magnússon. Einar grunntengdi loftnetið og heldur hann því fram, að merkin í viðtækinu hafi horfið í hvert sinn, er hann kom með vírinn við loftnetið, en Magnús álítur, að merkin hafi eigi horfið, heldur deyfzt, en brak heyrðist í viðtækinu í hvert sinn, sem grunntengt var. Aftur á móti eru báðir sammála um það, að merkin hafi horfið með öllu á sama augnabliki og loftnetið var varanlega grunntengt. Síðan var prófað, hvort brakið í viðtækinu, sem kom fram við snertingu loftnetsins með grunntengivírnum, kæmi einnig fram, án þess að sending færi fram, og kom það greinilega í ljós, að svo var ekki. Verða því brestirnir í viðtækinu ekki skýrðir á annan hátt en þann, að þá hafi rafhleðsla verið á loftneti því, er snert var með grunntengivírnum. Stuttu síðar, eða kl. 9.10 heyrðist sending á ný, en þessi sending var svo stutt, að eigi reyndist unnt að gera neinar prófanir fram yfir það, sem þegar höfðu verið gerðar. Rétt á eftir var það athugað, að maður kom út í glugga á vesturhlið hússins nr. 18 og horfði hann upp á loftnetið eins og hann byggist við einhverju athugaverðu þar. Þetta hafði einnig komið fyrir kvöldið áður, er starfsmenn Landssímans voru þarna staddir til að athuga möguleikana á því að koma fyrir grunntengivír á loftnetið. Strax og opnaður var gluggi á herberginu, kom maður út í gluggann andspænis og leit athugandi upp í gluggann. Seinna, eða kl. 11.45, sást maður fara með handtösku í hendi út í bíl, er beið fyrir utan húsið nr. 18 við Túngötu. Númer bifreiðarinnar var 1254. Kl. 13.00 heyrðist stutt sending, en kl. 15.10 voru send tvö skeyti, annað 23 orða, en hitt 11 orða, en seinna, kl. 17.05, var sent 130 orða skeyti og stóð sendingin í ca. 15 mínútur. Þykir rétt að

benda á, að þegar sendingar hefjast á ný eftir langt hlé, er það sama daginn og símasambandi er slitið við Danmörku. En síðasta sendingin, áður en hlé varð á þeim, heyrðist 6. des. 1939, en þann dag slitnar sæsíminn og eru þá rétt á eftir teknar upp skeytasendingar loftleiðina beint til Danmerkur. Næsta dag þann 13. þ. m. er haldið áfram prófunum með grunntengingu loftnetsins til þess að ganga alveg úr skugga um það, hvort áðurgreint loftnet væri notað til sendinganna. Í fjögur skipti, sem þessar prófanir voru endurteknar, hafði það engin áhrif á sendingarnar að öðru leyti en því, að tónstyrkur merkjanna frá viðtækinu minnkaði ofurlítið, en ekkert brak eða brestir heyrðust við snertingu loftnetsins með grunntengivírnum. Þykir af þessu sýnt, að einhver breyting hafi orðið á sendiloftneti miðað við það, sem áður var. Viðstaddir þessar prófanir voru þeir Ingólfur Matthíasson og Elías Kristjánsson. Rannsóknunum er haldið áfram."

Áframhaldið af þessari skýrslu er svo þannig, með leyfi hæstv. forseta. (Skýrslan er dagsett 15. apríl 1940):

„Í dag var farið með viðtæki í hlutaðeigandi spennistöð og hlustað þar á sendingarnar. Kl. 12.59 heyrðist sending, og var þá rofinn rafstraumurinn í jarðstrengnum í Túngötu. Hurfu þá samstundis merkin í viðtækinu. Viðstaddir við þessar prófanir voru þeir, Magnús Magnússon, símaverkfræðingur, Elías Kristjánsson, símaeftirlitsmaður, Ingólfur Matthíasson, loftskeytamaður og Baldvin Skaftfell, starfsmaður Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Á sama tíma hlustaði Einar Pálsson símafræðingur á sendingarnar á viðtæki í landssímahúsinu og tók jafnframt sendingarnar niður á öldurita. Fylgir með skýrslunni pappírsrenningur úr ölduritanum. Einnig hlustaði loftskeytastöðin á sendingarnar."

Það, sem m. a. er eftirtektarvert við þessa skýrslu, eru mánaðardagarnir, sem tilgreindir eru. Sendingarnar halda áfram til 6. des. 1939, en þá var hætt að senda skeyti yfir England og tekið upp loftskeytasamband við Danmörku. Þetta gerði mögulegt að senda kvótaskeyti beint til Þýzkalands gegnum loftskeytastöðina hér. Ef mér hefur verið sagt rétt frá, var slíkum skeytasendingum haldið áfram til 10. apríl 1940, eða þangað til Danmörk var tekin af Þjóðverjum, en þá neitaði stöðin á Grænlandi að taka við skeytum, en hún hafði verið notuð sem milliliður. Allan þennan tíma hafði þýzki ræðismaðurinn hér möguleika til að senda skeyti til Þýzkalands um skipaferðir, veður o. fl., sem Þjóðverjum kom vel að fá að vita. Þann 10. apríl tekur ræðismaðurinn svo aftur sendistöðina í notkun, og upp úr því er svo hafizt handa um það, sem kallað hefur verið að loka þessari sendistöð. Það er að vísu rétt, að eftir það truflaði þessi stöð ekki sendingar loftskeytastöðvarinnar, en með því er ekki sannað, að hún hafi ekki verið notuð einhvers staðar á landinu og henni hafi svo síðar meir verið komið inn í húsið, þar sem hún fannst.

Það hefur verið skýrt frá því áður, að fyrrv. forsrh. hafi gert undirbúning að því að veita þýzka sendifulltrúanum hér atlögu, en niðurstaðan hafi svo orðið sú, að hann skyldi einungis aðvaraður. En jafnframt hefur lögreglustjórinn hér tjáð mér, að ræðismaðurinn hafi brugðizt hinn versti við og neitað því, að hann hefði nokkra slíka stöð. Þess vegna fer því alls fjarri, að lögreglustjórinn hafi lokað stöðinni. Hann einu sinni sá hana aldrei.

Ég veit ekki, hvort gerðar hafa verið tilraunir til að þýða þau skeyti, sem til eru og þýzki ræðismaðurinn sendi, en ég hef óskað eftir því við leyniþjónustu Bandaríkjanna, að þau yrðu þýdd, og er líklegt, að það fáist gert á næstunni, og fæst þá væntanlega fullkomnari vitneskja um störf þýzka ræðismannsins en tekizt hefur að afla til þessa. Ég hef enn fremur látið Bandaríkjaherinn fá umræddar sendistöðvar til athugunar, og er skýrsla hersins að mestu samhljóða skýrslu þeirri, sem ég las hér áðan, þótt athuganirnar hafi verið gerðar sitt í hvoru lagi.

Eins og ég hef áður tekið hér fram, hef ég leitazt við að gera hér allt, sem í mínu valdi hefur staðið, til að fá upplýsingar um störf Þjóðverja hér á landi fyrir ófriðinn, m. a. vegna þessarar þáltill., sem hér liggur fyrir. Ég tel, að þótt Þjóðverjar hafi veitt okkur illar búsifjar í stríðinu, beri okkur ekki lengur en full ástæða er til að láta aðra reglu gilda um þeirra landsvist en annarra þjóða. En hitt er nauðsynlegt að fá upplýst, hverjir eru sekir, og tryggja það, að menn, sem líklegir eru til að vinna gegn íslenzkum hagsmunum, fái ekki leyfi til að flytja inn í landið. Því fer fjarri, að nokkurt ríki sé skyldugt til að leyfa hverjum sem er landsvist, heldur er sá háttur hafður víðast hvar, eins og ég hef áður sagt, að landsvist er ekki leyfð nema til ákveðins tíma í senn og atvinnuleyfi ekki, nema það sé í þágu viðkomandi lands.

Þar sem nú er alllangt um liðið frá því að þetta mál var síðast til umr., má vera, að ég hafi hlaupið yfir eitthvað, sem rétt hefði verið að taka fram í sambandi við þetta mál.

Ég hygg, að einhver hafi látið þau ummæli falla við fyrri umr., að þessir menn hafi verið sviptir landsvistarleyfi. Nú er það svo, að það er á valdi ríkisstj. að veita landsvistarleyfi, og það er gagnstætt lögum og venju allra þjóða að veita slík leyfi um óákveðinn tíma eða án athugunar. Hér er ekki um það að ræða að svipta þessa menn neinum rétti, heldur er um það að ræða, hvort eigi að veita þeim rétt til landsvistar.

Ég tel, að í þessum umr. hafi verið sagt margt ómaklegt. Að því er mig minnir, lét einn flm. þau orð falla hér fyrir nýárið, að það væri níðingsskapur við konur og börn þessara manna að veita þeim ekki landsvist. Þannig mætti e. t. v. segja um alla flóttamenn, sem þjóðirnar telja þó nauðsynlegt að láta hlíta reglum og einatt hefta frelsi þeirra.

Ég hef lýst yfir því áður, að ég tel, að aðrar reglur ættu ekki að gilda um Þjóðverja en aðrar þjóðir. Ef sannanlegt reynist, að hér hefur átt sér stað þjóðhættuleg starfsemi, þá tel ég, að ekki eigi að neita öðrum mönnum um landsvist en þeim, sem hafa tekið þátt í slíkri starfsemi. En viðvíkjandi því að upplýsa þetta mál og flýta fyrir því að komast að raun um, hverjir eru saklausir og hverjir sekir, þá tel ég, að þessi till., sem hér liggur fyrir, geti ekki gert neitt gagn

eða haft nein áhrif. Ég mundi ekki veita slík landsvistarleyfi fyrr en málið er að fullu upplýst, og þótt ráðherraskipti yrðu, þá er samgöngum nú þannig háttað, að ekki mundi reynast fljótlegt fyrir þessa menn að komast hingað.

Ég get svo látið máli mínu lokið, enda mun fundartími á þrotum. Ég hef gert allt, sem í mínu valdi stendur, til að fá málið upplýst eftir líklegustu leiðum. En þótt rannsókn málsins verði flýtt svo sem auðið er, getur þó dregizt enn um sinn, að henni verði lokið. Því að þótt þýzka sendiráðið hér hafi eyðilagt eitthvað af gögnum, sem að haldi mættu koma, þá er ekki ólíklegt, að afrit séu til í Þýzkalandi, ef nokkuð má marka af fréttum, sem borizt hafa af réttarhöldum þeim, sem nú fara fram, en samkvæmt þeim virðast Þjóðverjar hafa skrásett allar sínar áætlanir, og kynni því að finnast þar það, sem vantar hér. Mér hefur þótt rétt að geta um, hvað hefur verið gert til að fá þetta mál upplýst og hvert rannsóknum er nú komið.

Hv. þm. Str. verð ég að biðja afsökunar á því, að ég trúði því, sem stóð í Tímanum, að hann hefði látið loka sendistöðinni hjá þýzka ræðismanninum, en hún virtist vera fullkomlega í lagi, þegar hún fannst í bústað ræðismannsins nú í vetur.

Hermann Jónasson: Ég get verið stuttorður um þetta mál nú. Ég vil byrja á því að svara því, sem hæstv. dómsmrh. endaði ræðu sína með og átti að vera nokkurs konar rúsína í pylsuendanum. Mér var bent á það hér í vetur, að blaðamaður við eitt dagblaðið hér í Reykjavík er látinn segja í viðtali við hæstv. *dómsmrh.* viðvíkjandi þessu máli: „Hermann Jónasson hefur þá skrökvað því, að sendistöðinni hafi nokkurn tíma verið lokað.“ Ég hló, þegar mér var bent á þetta í blaðinu. Ég lét þetta einnig afskiptalaust, þegar hæstv. ráðh. las upp skýrslu sína. En þegar þetta er hvað eftir annað borið fram, hlýt ég að lýsa yfir, að hér er farið rangt með. Ég vil biðja hæstv. ráðh. að fletta upp í ræðu minni hér í vetur, eins og hún kemur frá þingriturum, og gæta að, hvað þeir hafa eftir mér. Ég hef hér fyrir mér ræðu mína eins og hún er skrifuð niður, og ég hef fundið á tveim stöðum vikið að því, að sendistöðinni hafi ekki verið lokað, vegna þess að álitið hafi verið, að það gæti haft í för með sér alvarlegar afleiðingar, en hins vegar hafi orðið samkomulag um, að lögreglustjóri talaði við þýzka ræðismanninn. Ég hygg, að til séu á þriðja stað ummæli eftir mér um þetta, þótt ég hafi ekki fundið það enn þá. Enda þótt orð mín liggi þannig skýlaus fyrir, er leitazt við í blaðaviðtali við hæstv. ráðh. að rangfæra þetta og segja, að ég hafi skrökvað því, að búið væri að eyðileggja sendistöðina. Með þessum endurteknu ósannindum á að reyna að blekkja almenning og fá fólk til að trúa því, að Hermann Jónasson hafi sagt ósatt. En ef það hefur verið haft eftir mér í blöðum, að ég hafi lokað sendistöðinni, þá er það ranglega eftir mér haft, og það er ekki hygginna manna háttur að hlaupa eftir fregnum í blöðum og meta það meir en það, sem ég hef sjálfur um þetta mál sagt og hér liggur fyrir skrifað. Nú hlýt ég að lýsa hér yfir því, að hæstv. dómsmrh. hefur af þessum sökum ekki skrökvað einu sinni, heldur tíu til tuttugu sinnum bæði hér í sölum Alþingis og í blaðaviðtali.

Um málið í heild vil ég segja það, að þetta leynistöðvamál kemur vitanlega ekkert við því máli, sem hér liggur fyrir til umræðu. Það er vitað, að slíkar stöðvar hafa víða verið notaðar í leyniþjónustu, og því fer fjarri, að það réttlæti á nokkurn hátt, að þeir, sem ekkert hafa verið við njósnir riðnir, eigi að gjalda þeirra, sem sekir kunna að vera. Ég vil svo vekja sérstaka athygli á þeim atriðum í skýrslu hæstv. dómsmrh., þar sem sagt er frá fundi þessara leynistöðva. Þegar Englendingar komu hér fyrst, vissu þeir um leynistöð, sem starfaði hér, og þeir létu leita að henni um allt og þá einkum í umræddu húsi. Veggir voru bankaðir og sérfróðir menn látnir gera rannsókn, en allt kom fyrir ekki. Síðan, þegar Bretar láta þetta af höndum, eru menn látnir skrifa upp hvert tangur og tetur, meira að segja að viðstöddum hæstaréttarlögmanni, og enn þá fer svo, að ekkert finnst. En þegar svo íslenzka ríkisstj. fær þetta í hendur, þá finnst þessi leynistöð í kompu, sem talin var geyma svo ómerkilegt rusl, að ekki þótti taka því að rannsaka hana, en um þetta herbergi var gengið af hinum og þessum. Það virðist harla einkennilegt, að bezta leyniþjónusta í heimi skuli ekki geta fundið stöðina í þessu húsi, hafi hún alltaf verið þar. Ég skal ekki ræða þetta nánar, en ég verð að segja það, að mér virðist harla ósennilegt, að stöðin hafi allan tímann verið í þessu herbergi.

Um meðferð þessa máls vil ég segja það, að mér virðist hún harla ósæmileg Alþingi. Það kann að vera, að ýmsir séu því mótfallnir, að saklausum Þjóðverjum sé leyfð landsvist, — annað er ekki farið fram á í till., — en þá er rétt að það komi fram. En að segja fyrir jól, að málið verði afgreitt þegar eftir nýár, en draga það síðan á langinn með þeim hætti, sem gert hefur verið, verður vægast sagt ekki talið sæmilegt. Um daginn, þegar málið var á dagskrá, voru tilkynnt forföll dómsmrh., og í dag er lagt til, að málinu sé frestað, vegna þess að forsrh. sé veikur, og loks lýsir svo dómsmrh. yfir því, að samþykkt till. hafi enga þýðingu, en endurtekur jafnframt ósannindi um afskipti mín þessu viðvíkjandi, en gengur fram hjá ummælum mínum, sem liggja fyrir í þingræðu. Ef þetta mál verður ekki tekið fyrir með venjulegum hraða héðan í frá, mun ég bera fram ósk samkv. þingsköpum um, að málið verði afgreitt. Hið eina, sem er sæmandi fyrir Alþingi í þessu máli, er að samþykkja eða fella till., eftir að hún hefur verið rædd. Ég veit, að ríkisstj. á erfitt með afgreiðslu þessa máls vegna afstöðu hæstv. dómsmrh. Ég veit, að hann hótaði að segja af sér fyrir jólin, ef till. yrði þá samþ. Þetta veikti afstöðu Sjálfstfl., eins og nú hefur komið fram. Nú hefur það þó áunnizt, að hæstv. ráðh. segir einungis, að ekki komi til mála að leyfa sekum mönnum landsvist, en með því hefur hann raunar fallizt á aðalefni till., enda eðlilegt og sjálfsagt. En hann notar aðstöðu sína sem dómsmrh. til þess að draga á langinn þá rannsókn, sem kveður á um það, hverjir eru

saklausir og hverjir sekir. Þetta er hægt að fyrirbyggja með því að samþykkja till. mína um að skipa 4 manna nefnd til að fara yfir þau skjöl, sem til eru varðandi starfsemi Þjóðverja hér á landi. — Ég hef ekkert við það að athuga, þótt atvinnu- og dvalarleyfi séu veitt til ákveðins tíma. En viðkomandi þeim erfiðleikum, sem hæstv. ráðh gat um á því, að þetta fólk kæmist hingað heim, þá er það atriði, sem kemur samþykkt þessarar till. ekki við. Annars hygg ég, að ekki muni þau vandkvæði á um þetta, sem hæstv. ráðh. vildi vera láta. Mér er kunnugt um, að ýmsir hafa komið frá Þýzkalandi bæði hingað og til hinna Norðurlandanna, svo að það virðist alls ekki ókleift.

Hæstv. ráðh. minntist á það sem rök fyrir sínu máli, að til mundu vera bréf frá þýzka konsúlatinu, þar sem Þjóðverjar væru hvattir til þess að ganga í nazistaflokkinn eða vinnufylkinguna. Þetta er vitanlega ekkert nýtt. Þeir, sem þetta gerðu, urðu vissulega að gera það, sem þeim var falið, hvort sem það samrýmdist nú hagsmunum þess lands, er þeir dvöldu í. Hins vegar verður ekki fram hjá því gengið, að það, sem hér er nefnt, hefur hent þúsundir manna víðs vegar um lönd, og dettur engum í hug að dæma þá eftir því, hvort þeir mundu kannske hafa fallið fyrir þessari ósk. Það verður að dæma menn eftir því, sem þeir hafa gert, en ekki eftir getgátum um, hvað þeir kynnu að hafa gert. Ég álít tilgangslaust að ræða þetta mál frekar, en úr því að hæstv. dómsmrh. hefur þá skoðun, að saklausum mönnum beri að veita landsvistarleyfi, vænti ég, að hann taki nú rögg á sig og láti afgreiða þetta mál svo sem sæmilegt er. Ef hann gerði það, þá er ég viss um, að hann yrði ánægðari með sjálfan sig og sínar aðgerðir í þessu máli.

Ég vil svo ljúka máli mínu með því að óska þess, að hæstv. ráðh. endurtaki ekki oftar þau ósannindi, sem oft er búið að flytja viðvíkjandi þessum sendistöðvum. Það hljóta að vera einhver takmörk fyrir því, hvað menn geta niðurlægt sig í málsmeðferð.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég hef ekki mörgu að svara ræðu hv. þm. Str. Hann sagði, að ég hefði gert mig sekan um óhæfileg ósannindi, þar sem ég hafi tekið upp ummæli eftir honum. Og til þess að sanna mál sitt slær hv. þm. Str. upp í þingræðu, sem hann kannske sjálfur hefur leiðrétt. (*HermJ:* Hún er óleiðrétt, og það eru til vitni um það). En aðalatriðið í hans ræðu var það, að ég hafi gert mig sekan um óhæfileg og ósvífin ósannindi í þessu máli. Ég hef þá endurtekið ósannindi, sem stóðu í einhverju blaði — einhverju illviljuðu blaði. Verð ég ef til vill að biðja afsökunar, að ég skyldi taka mark á blöðum, og ekki sízt þessu blaði, sem ég hef reynt að því að segja ákaflega oft ósatt um andstæðinga sína. En mér hefur aldrei dottið í hug, að sjálfur Tíminn væri að gera Hermanni Jónassyni, þm. Str., einhverja bölvun. Ég var þess vegna í góðri trú þegar ég fletti upp í „Tímanum" frá 18. des., enda lá þingræðan ekki fyrir í handriti þegar ég gáði að þessu. Þar segir, að lögreglustjóri hafi verið sendur heim til þýzka ræðismannsins. „För hans bar þann árangur, að ræðismaðurinn lokaði stöðinni." Þetta mun standa víðar en á einum stað í Tímanum. Og ég held hv. þm. Str. hafi líka sagt þetta í útvarpsumr. Ég hef ekki haft tækifæri til að slá því upp. En það, sem ég þyrfti þá að biðja afsökunar á, væri helzt það að trúa því, að Tíminn hefði einu sinni haft rétt eftir formanni sínum það, sem hann segir hér á Alþ. Það er ekki furða, þótt hv. þm. Str. tali um þessi illkvittnislegu ósannindi, þegar ummælin eru tekin beint upp úr hans eigin blaði! Ég varaði mig ekki á því, að ekki er einu sinni hægt að trúa því, að Tíminn hafi rétt eftir það, sem hv. þm. Str. segir hér á Alþ., en skal reyna að vara mig á því framvegis, enda þótt eins stór mynd af honum fylgi og hér gefur að líta. (*Rödd:* Og hafi jafnvel sjálfur skrifað greinina!).

Að öðru leyti þarf ég ekki að svara hv. þm. Str. Hann gerir ráð fyrir, að rannsókn á framferði Þjóðverjanna hér á landi muni geta orðið lokið á nokkrum dögum. Ég hef enga trú á því. Skjölin, sem rannsóknin á að byggjast á, eru að nokkru leyti suður í Þýzkalandi. Og það hefur tekið marga mánuði að vita, að það væru einhver skjöl þar. Það tók fyrst nokkra mánuði að fá að komast í skjölin hér, ekki merkilegri en þau eru. Og að halda það, að ekki taki nema nokkra daga að komast til botns í málinu, — ég held ekki, að jafnvel hv. þm. Str. með sínum alkunna dugnaði kæmist svo fljótt yfir þau. Hann yrði þá að hafa alveg sérstakar dyr að Bandaríkjaher, sem að minnsta kosti núverandi ríkisstj. hefur ekki.

Þá talaði hv. þm. Str. um það, að engir væru dæmdir fyrir verknað, sem þeir ef til vill mundu hafa framið. Nú er það svo, að veiting landsvistarleyfis getur ekki falið í sér neinn dóm um það, hvort menn hafi unnið einhver verk eða ekki. Það verður dómur ráðh., sem með málið fer, hvort hann telji mennina æskilega eða ekki æskilega inn í landið. Það er þess vegna ekki um nein dómarastörf að ræða í þessu sambandi.

Út af því, sem hv. þm. sagði um talstöðvarnar, er ég sammála, að í rauninni sé ólíklegt, að þær hafi verið í húsinu allan tímann. Er líklegra, að þær hafi verið einhvers staðar annars staðar og jafnvel verið í notkun. En það bætir ekki í rauninni hlut þáverandi dómsmrh. og lögreglustjóra, ef þeim, sem hefur haft stöðvar með höndum óleyfilega í húsinu nr. 18 við Túngötu, hefur verið gefið tækifæri til að fara með þær þaðan, koma þeim annars staðar fyrir og ef til vill nota til að senda upplýsingar, sem Íslandi kom illa, að sendar væru til Þjóðverja.

Ég get svo látið máli mínu lokið. Ég ítreka það, eftir að hafa fengið þessa ádrepu hjá hv. þm. Str., að ég skal aldrei trúa Tímanum framar, jafnvel þótt hann hafi eitthvað eftir þessum hv. þm.

Hermann Jónasson: Ég held, að það mætti hætta að ræða þetta mál, sem er fullkomið alvöru- og réttlætismál, á þessum grundvelli, sem gert hefur verið, enda hef ég aldrei gefið tilefni til þess. Ég hef aldrei gert annað en bíða og sjá, hvað setur. Ég svaraði ekki því, sem í blöðunum

stóð, eins og ég skýrði frá, til þess að vekja ekki deilur, — fyrr en nú. Og það er engum blöðum um það að fletta, hvað ég sagði um þetta mál í þingsölunum. Ég álít, að við getum lagt það mál til hliðar. Við höfum deilt hér um málið áður, og ég féll frá orðinu í byrjun til þess að vita, hvort ekki væri hægt að komast hjá þessu karpi, og ætlaði að láta kyrrt liggja, þótt ég væri hafður fyrir rangri sök, sem hver getur sannfært sig um, sem hér er. Ég gerði hæstv. ráðh. greiða með því að segja frá því, að sagt var í öðrum blöðum, að stöðinni hafi verið lokað, sem ég veit, að ég sagði ekki í Alþ., þó að ég hafi ekki fundið það enn þá í ræðunni. En ég skýrði frá, hvers vegna horfið var frá því að gera húsrannsókn og fara að með valdi, heldur hnigið að því ráði að senda einn mann, sem tilkynnti, að ráðstafanir yrðu gerðar eins og skýrt var frá. Hæstv. ráðh. sagði, að þetta hefði leitt til þess, að stöðinni var lokað. En hann las ekki alla skýrslu Landssímans. En vill hann ekki viðurkenna, að þetta, sem sagt er í Tímanum, hver sem segir það, sé rétt, að ekki heyrðist í stöðinni eftir þetta? Það var auðvelt að fylgjast með stöðinni með aðferðum, sem hér eru notaðar. Hún var rekin í sambandi við rafmagnskerfið. Menn fundu, hvar hún var. En hún finnst aldrei eftir þetta. Hún er ekki í notkun. Það kemur fram í skýrslu Landssímans og lögreglustjóra. Þeir héldu áfram að fylgjast með því, hvort stöðin væri í notkun. Og hún hætti. Þess vegna er það rétt, sem er í Tímanum, að þetta leiddi til þess, að stöðinni var lokað. Það getur hæstv. ráðh. lesið í sinni eigin skýrslu. En það er annað en að halda fram, að Hermann Jónasson hafi sagt, að hann hafi látið loka stöðinni, sem ranglega var haft eftir mér í blöðunum. En hæstv. ráðh. var vorkunnarlaust að muna það, sem ég sagði greinilega í ræðu minni, tvisvar, eða jafnvel þrisvar.

Ég vil svo enn einu sinni skora á hæstv. forseta að sjá um, að þetta mál verði afgr. sem allra fyrst. Aðalatriðið er að taka þessu máli réttlátlega og sanngjarnlega. Annað er ekki farið fram á, að gert verði, — og látið hverfa úr þessum umr. það leiðinlega tal, sem átt hefur sér stað til þessa. Það er hægt frá minni hendi. Það getur verið, að menn séu mótfallnir að leyfa þetta, en þáltill. á að skera úr um vafalausan vilja Alþ. Og ég vona, að þrátt fyrir þrákelkni þá, sem bólað hefur á hjá hæstv. ráðh. í umr. þessum, finni hann þannig til innst inni við beinið og það verði honum leiðarvísir hér eftir, að ekki skuli — eins og hann sagði — hleypa sekum mönnum hingað, en um hina gegni allt öðru máli. Ég ætla ekki að flytja hér rök fyrir því, hvað þetta er réttlátt, — ekki aðeins réttlætanlegt, og ég ætla að bíða enn um stund með að leita eftir vilja Alþ. um að nota sérstaka aðferð samkv. þingsköpum til að fá málið afgreitt, en sjá, hvort hæstv. forseti verður ekki við ósk minni um að afgreiða þetta mál sem allra fyrst.

Forseti (JPálm): Út af þessari áskorun hv. þm. Str. vil ég taka fram, að þetta mál skal verða á dagskrá á næsta fundi. Og ef ekki tekst að afgr. það áfram, hef ég hugsað mér að taka um þetta kvöldfund eða næturfund. En með því að hæstv. fors.- og utanrrh. er veikur, er þess óskað, að umr. sé slitið nú.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Hv. þm. Str. má sjálfum sér að nokkru leyti um kenna, á hvaða grundvöll þessar umr. hafa komizt. Bæði hér í þingræðum og eins í skrifum í blaði hans hefur verið talað um það, að ég væri að níðast á konum og börnum með því að leyfa ekki þessar landsvistir. Og ef menn væru nú ekki orðnir hér svo mjög matarþurfar, mundi ég e. t. v., þó að mér sé það heldur ógeðfellt, lesa upp nokkur ummæli úr Tímanum, sem fara í þessa átt og eru sennilega að einhverju leyti skrifuð af hv. þm. Str. eða a. m. k. innblásin af honum. Ég vil enn fremur benda á, að ég gaf í ræðu minni ekki tilefni til þess, að hann réðist á mig með slíkum ummælum, sem hann hafði fyrr í ræðu sinni hér, þar eð þessum hv. þm. hefur efalaust verið kunnugt um ummælin í Tímanum, sem ég vissi ekki annað en að væru rétt eftir höfð, m. a. af því, að ég gerði ráð fyrir, að hann hefði sjálfur skrifað blaðagreinina. En það er kannske dálítið annað að láta það berast út frá Alþingi til almúgans, hvað maður hafi þar gert. Og sennilega hafa þessi ummæli um það, að stöðinni hafi verið lokað, verið sett tvisvar eða þrisvar í Tímann til að sýna, hvað þm. Str. er mikill karl, hvað hann dirfðist að gera gagnvart sjálfum sendiherra Þjóðverja hér á landi á sinni tíð. En það er eins líklegt, að stöðin hafi verið í notkun einhvers staðar annars staðar og valdið bæði skipa- og manntjóni, sem ekki hefði þurft að verða, ef öðruvísi hefði verið að farið.

Það má vel vera, að ekki sé rétt að draga mikið afgreiðslu þessa máls. En hv. þm. Str. er þess vel vitandi, að forsrh. hefur verið veikur síðan þetta mál hefur verið tekið fyrir á ný. Eins vissi hann hitt, að fyrri flm. er fjarverandi. Og enn veit hann það, að þeir, sem um er að ræða, eru nú komnir á þann stað, að ekki er líklegt, að þeir komist fljótt þaðan aftur. Í fjórða lagi er verið að reyna að rannsaka þetta mál með öllum þeim hraða, sem stendur í valdi núverandi stjórnar. Og þess vegna er krafa hv. þm. Str. um fljóta afgreiðslu þessa máls sennilega sprottin af sömu ástæðu og honum þótti viðkunnanlegra að tilkynna það í Tímanum, að stöðinni hefði verið lokað, heldur en að þýzki ræðismaðurinn hefði alls ekki kannazt við, að stöðin hafi verið í sínum vörzlum.

Umr. frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 28. marz, var enn fram haldið einni umr. um till.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Þessi þáltill. fer fram á að fela dómsmrh. að veita þeim Þjóðverjum, sem kvæntir eru íslenzkum konum og búsettir voru hér á landi árið 1939, landsvistarleyfi á Íslandi nú þegar, enda hafi þeir ekki orðið uppvísir að því að hafa rekið hér starfsemi í þágu erlendra ríkja, sem hættuleg geti talizt hagsmunum Íslendinga, eða framið aðra

verknaði, sem ósæmilegir séu að almenningsáliti.

Ég ætla ekki að fara út í umr. um þetta mál, en skal aðeins geta þess, að ég tel sjálfsagt, að þeim Þjóðverjum, sem till. þessi fjallar um, verði veitt landsvistarleyfi, náttúrlega að þeim undanteknum, sem uppvísir hafa orðið að þeirri starfsemi, sem þarna getur. Og í mínum augum er það svo, að hér er í reyndinni, hvað sem líður lagabókstaf, spurningin um það, hvort rétt sé að svipta þessa menn landsvistarleyfi eða hvort brottvísunarástæða gagnvart þeim sé fyrir hendi. Þessum mönnum var ekki vísað úr landi af íslenzkum stjórnarvöldum, heldur voru þeir teknir með valdi af herliði, sem hér var, gegn mótmælum Íslendinga. Í raun og veru er spurningin um það, hvort þessir menn hafi nokkuð til saka unnið, svo að þeir megi ekki vera hér áfram, eins og þeir voru áður.

Ég vil leyfa mér að flytja brtt. við upphaf þáltill. Svo er mál með vexti, að samkv. gildandi landslögum er valdið til þess að veita landsvistarleyfi í höndum dómsmrh. Og með þál. er að sjálfsögðu ekki hægt að fyrirskipa eða fela þeim ráðh. að veita tilteknum mönnum landsvistarleyfi, svo að það sé bindandi fyrir ráðh. að fara eftir því. Til slíks þyrfti lög eða lagabreyt. Ég tel því rétt að orða byrjun þáltill. svo: „Alþingi ályktar að skora á dómsmálaráðherra“ o. s. frv. Með þessari breyt., ef samþ. yrði, lætur Alþ. greinilega í ljós vilja sinn, m. ö. o. gefur þá viljayfirlýsingu, sem grg. þáltill. talar um, að þurfi með, til þess að leyfi þessi verði á sínum tíma veitt.

Forseti (JPálm): Þessi brtt. er of seint fram komin og skrifleg. Þarf fyrir henni tvenn afbrigði, sem ég leita hér með.

ATKVGR.

Afbrigði fyrir skrifl. brtt. (sjá þskj. 654) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða um efni þessa máls, heldur aðeins vekja athygli hæstv. forseta á því, að þeir tveir hv. þm., sem ekki gátu orðið samferða meiri hl. utanrmn. í afgreiðslu þessa máls, eru fjarstaddir, hv. 2. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Reykv. Hv. 2. þm. Reykv. er sjúkur í dag og getur ekki sinnt störfum, og fyrir hans hönd vil ég fara þess á leit við hæstv. forseta, að málinu verði nú enn frestað.

Forseti (JPálm): Ég hafði ætlað mér að ljúka þessu máli í kvöld, ef þess væri nokkur kostur.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég vil í tilefni þess, að komið hefur fram ósk um að fresta afgreiðslu þessa máls nú, mjög eindregið beina því til hæstv. forseta að ljúka þessu máli helzt nú í kvöld. Mér þykir að vísu illt að ganga á móti þeirri ósk, sem nú var fram borin. En ég hafði áður bent á það hér, að hv. minni hl. utanrmn. hefur komið mjög annarlega fram í þessu máli, svo að ekki sé meira sagt. Hann hefur, frá því er þetta þing kom saman á ný til framhaldsfunda 1. febr., trassazt við það að gefa út nál. um málið. Og hann beitti málþófi á síðasta fundi, sem haldinn var í Sþ. um þetta mál, áður en fundum Alþingis var frestað fyrir jólin. En það var ætlun hæstv. forseta og krafa okkar flm., að málinu yrði lokið þá. Ég vil því mjög eindregið beina því til hæstv. forseta, hvort hann sjái sér ekki fært að ljúka málinu nú í kvöld eða a. m. k. fresta því alls ekki nú án þess að hafa tryggingu fyrir því af hálfu minni hl. utanrmn., að hann ætli sér ekki að halda áfram sama leik og hann hefur leikið til þessa í þessu máli.

Ég vil svo aðeins, út af brtt. hv. þm. Snæf., segja það, að það er rétt hjá honum, að það venjulega form á þáltill. er að sjálfsögðu að skora á ríkisstj. — síður að fela henni — að gera það, sem í þáltill. felst. Og ég hygg, að meginefni þessarar þáltill. breytist ekki við þá orðalagsbreyt., sem þarna er á gerð samkv. brtt. hv. þm. Snæf., sérstaklega þegar á það er litið, að ráðh. hefur eftir sem áður það vald, sem lög áskilja honum nú, án tillits til þess, hvort fyrra orðalag þáltill. er haft eða það, sem hv. þm. Snæf. leggur til. Ég hygg þess vegna, að ég geti sætt mig við þetta orðalag þáltill., enda er þarna fyrst og fremst um form að ræða, sem ekki breytir efni þáltill. eða dregur úr þeirri áherzlu, sem þáltill. er ætlað að leggja á það atriði, sem hér um ræðir.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það er aðeins út af þessari frestun á málinu. Þessi frestun á afgreiðslu málsins er nú orðin, eins og sýnt hefur verið fram á, alveg einstök í sinni röð, eftir þær yfirlýsingar, sem þó lágu fyrir um afgreiðslu þessa máls þegar fyrir jól. Ég skal ekki byrja á umr. um þetta mál efnislega, því að enn þá hefur verið reynt á þessum fundi að komast hjá því, að umr. um það kæmust inn á þær leiðir, sem kalla mætti fram þrjózku eða stífni í málinu. En ég vil þó segja það, að ég efast um það, að önnur eins aðferð hafi verið höfð við mál, þar sem, eins og ég sagði áðan, þær yfirlýsingar hafa legið fyrir, sem ég áður minntist á, en skal ekki minnast á frekar að sinni, — og þegar þess er enn fremur gætt, að maður rekur sig nú hér á götunum á það fólk útlent, sem ég hygg satt að segja, eftir því sem ég sé til þess hér, að mætti missa sig hér af götum bæjarins. En menn, sem eiga konur sínar hér heima og hefur verið vísað úr landi, án þess að við Íslendingar höfum tekið þátt í því, finnst mér, að við ættum að láta fá landsvistarleyfi, sérstaklega þegar þess er gætt, að þjóð, sem hefur haft þá undir rannsókn í fimm ár, hefur spurzt fyrir um, hvort við viljum ekki gefa þeim vegabréf, sem sýnir, að þessari þjóð virðist eðlilegt, að við leyfum þessum mönnum landsvist hér, því að þeir, þ. e. Bretar, hafa sent þá menn hingað af Þjóðverjum, sem hér voru fyrir stríð og þeir höfðu fundið seka, og óskað, að við dæmdum þá. Þessir menn, sem Englendingar hafa fundið þannig seka eftir rannsókn, eru komnir hingað heim og eru á sveitabæjum hér ekki langt frá Reykjavík. En þeir saklausu eru, hálfu ári eftir að Englendingar hafa spurt, hvort við vildum gefa út

handa þeim vegabréf hingað heim, enn ekki boðnir hingað velkomnir. Þetta get ég ekki fellt mig við.

Ég vil fá það afgert eftir þingsköpum, hvenær á að ljúka þessu máli, en ég get ekki fellt mig við frestun á því nú, nema aðeins til þess að reyna að forðast of mikla stífni í málinu, ef hæstv. forseti vildi gefa yfirlýsingu um það, hvenær málið yrði tekið fyrir í síðasta lagi og afgreiðslu þess lokið. Ég veit, að þessi dráttur, sem á málinu hefur orðið, stafar af ástæðum, sem hæstv. forseti ræður sennilega ekki við. Ef það verða ekki nema örfáir dagar þangað til vænta má afgreiðslu þessa máls, læt ég mér nægja þessa yfirlýsingu hæstv. forseta. Að öðrum kosti vil ég láta ganga atkv. um það að réttum þingsköpum, hvort þann hátt á að hafa enn um meðferð þessa máls, sem hafður hefur verið hingað til. Ég mun ekki fara inn á efni málsins að svo stöddu. Þar er þó sannarlega af nógu að taka, ef rökræða á þetta mál efnislega.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Hv. þm. N.-Ísf. þótti sér sæmandi að bera það á brýn fjarstöddum hv. þm., að þeir hefðu beitt hér annarlegum aðferðum um meðferð þessa máls og staðið fyrir málþófi í því skyni að tefja málið. Hann um það. Ég ætla ekki efnislega að ræða þetta mál. Ég tek undir það með hv. þm. Str., að hér er af nógu að taka, og kynni að vera margt að segja, ef þessir virðulegu þm. óska eftir, að málið sé rætt efnislega. M. a. mætti minna á það, með hvaða háttvísi málið hefur verið flutt hér og með hvaða háttvísi það var rekið af ýmsum hv. þm., m. a. af hv. þm. N.-Ísf. Það er líka auðheyrt af ræðu hv. þm. Str., sem þó tók hóflega og skynsamlega á frestunarbeiðni um málið, að það er ekki stefnt að því af honum að athuga málið, en hv þm. Str. hefur dóminn tilbúinn. Hann er þegar búinn fyrir sitt leyti að draga í dilka saklausa menn og seka í þessu tilfelli. Hann sagði, að menn væru hér af Þjóðverjum, sem hér hafa haft landsvistarleyfi áður, sem biðu dóms. (*HermJ:* Þeir bíða dóms og eru á sveitaheimili hér skammt frá). En vill hann staðhæfa, að hinir Þjóðverjanna séu saklausir? (*HermJ:* Ég svara því). Hv. þm. Str. hefur staðhæft svo mikið í þessu máli, að það er full ástæða til þess, að málið verði rætt rækilega í sölum Alþ. En ég vil eindregið mælast til þess, að hæstv. forseti verði við beiðni fjarstadds hv. þm. um að fresta afgreiðslu þessa máls enn um sinn.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Ég lít svo á, að þessi brtt. frá hv. þm. Snæf. sé undanhald í málinu, því að það er vitað, að hér á Alþ. hefur verið gerður greinarmunur á orðalagi þáltill., eftir því hvort skorað er á ríkisstj. að gera eitthvað eða hins vegar, þegar henni er falið að gera eitthvað; þá er talið, þegar skorað er á ríkisstj. af þeim þingmeirihluta, sem að því stendur, að ríkisstj. eigi að verða við þeirri áskorun. En ef hins vegar um það er að ræða að fela ríkisstj. að gera eitthvað, þá hefur verið þannig litið á það, að ef sá ráðh. eða sú ríkisstj., sem faldir eru einhverjir hlutir, sem slík þál. hljóðar um, þá hafi ráðh. risið upp á móti yfirlýstum vilja Alþ., ef hann framkvæmir ekki það, sem honum þannig er falið, og að hann sé þá kominn í þá aðstöðu, að hann verði að segja af sér, ef hann vill ekki framkvæma tilmæli þál. með slíku orðalagi. Ég minnist í þessu sambandi þess, að á meðan utanþingsstj. sat hér, þá voru gerðar hér samþykktir með þál. um ábyrgð fyrir vissan kaupstað hér á landi. Þá var vitað, að ríkisstj. var á móti þessari ábyrgð og mundi ekki framkvæma þá þál., þó að samþ. væri með því orðalagi að skora á ríkisstj. að gera þetta. Þess vegna var til þess ráðs gripið í því tilfelli, og hefur oft verið gert, að breyta orðalaginu þannig að fela ríkisstj. að framkvæma það, sem þáltill. hljóðaði um. Og ríkisstj. framkvæmdi þál. með þessu orðalagi. Ég álít þess vegna, að hér sé um undanhald að ræða í þessu máli, þannig að með umorðun þáltill. geti vel verið, að það beri að sama brunni gagnvart þeim ráðh., sem fer með þessi mál nú, sem er hæstv. dómsmrh.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég verð að segja, að mig furðar nokkuð á því, hversu hv. 8. þm. Reykv. tekur illa þeim ummælum, sem ég lét falla í ræðu minni, þar sem ég kvartaði undan aðferð hv. minni hl. utanrmn. Það er fjarri því, að í ummælum mínum hafi verið eitthvert ódrengilegt níð um fjarstaddan hv. þm. Ég endurtók aðeins það, sem ég sagði hér á fundi, þegar þetta mál var hér síðast til umr., að viðstöddum hv. minni hl. utanrmn., það, að mér fyndist framkoma hv. minni hl. og meðferð hans öll á þessu máli óviðeigandi. Og ég hygg, að þau ummæli mín standi óhrakin, að frá því að Alþ. kom saman 1. febr. og fram til dagsins í dag, þ. e. í næstum tvo mánuði, hefur hv. minni hl. n. ekki haft tóm til þess að skila nál. — ekki vegna veikinda, því að sem betur fer hafa þeir hv. þm., sem eru í minni hl. n. í þessu máli, verið við allgóða heilsu báðir að jafnaði þennan tíma, og ég og hv. 2. þm. Reykv. höfum notið þess að vera samvistum hér á þingi daglega. Það er því fjarri því, að ásökun mín í þessu efni á hendur hv. minni hl. n. megi skoðast sem sérstaklega ódrengileg árás á meðþm. mína. En ég endurtek það, sem ég sagði áðan, að mér þykir það mjög óviðurkvæmilegt af hv. minni hl. n. að láta standa þannig á sér og koma þannig í veg fyrir afgreiðslu málsins. Og ég sé ekki, að það sé vegna þess, að þeir vilji hafa þinglega afgreiðslu á þessu máli, heldur miklu fremur til þess að tefja framgang málsins, eftir að n. hefur fyrir þremur mánuðum skilað meiri hl. áliti.

Varðandi hitt atriðið, sem hv. 8. þm. Reykv. minntist á, áróður umbjóðenda minna í þessu máli, þá á hann við áhuga nokkurra íslenzkra kvenna og barna fyrir því, að eiginmenn og feður þeirra öðlist leyfi til landsvistar hér, sem þeir á sínum tíma voru sviptir af erlendum her. Ég tek fram enn, að það, sem efst er í mínum huga í sambandi við þetta mál, er aðeins það, hvað er eðlilegt, mannlegt og sæmandi að gera í þessu máli. Það er af því, sem mínar gerðir í þessu máli hafa stjórnazt, en þær hafa ekki stjórnazt af áróðri þeim, sem hv. 8. þm. Reykv. var að tala um, að hefði verið rekinn af þessu fólki og hann trúlega hefur orðið fyrir. Afstaða mín er

því sú sama í þessu máli og þegar ég flutti það hér á hæstv. Alþ. ásamt hv. þm. Str. Ég tel, að það eigi fram að ganga vegna þess, að það sé nauðsynlegt og eðlilegt og ekki sæmandi önnur afstaða til þess af þeim ráðamönnum, sem ráða eiga því, hvort þessu fólki verður veitt leyfi til landsvistar hér eða ekki. Og ég vænti þess, að þeir menn, sem upphaflega stóðu að því áður, að þetta mál var flutt hér á Alþ., séu sama sinnis í þessum efnum. Og ég veit, að svo er.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Hv. þm. Borgf. fann ástæðu til þess að rísa hér upp og lýsa því sem sinni skoðun, að þessi brtt., sem ég hef hér flutt við byrjun þessarar þáltill., væri undanhald í málinu. Þessar fullyrðingar hans eru á misskilningi byggðar. Og dæmið, sem hann talaði um og hann vildi sanna mál sitt með, er utanþingsstjórninni var falið að veita á sínum tíma ábyrgð, skiptir engu máli í þessu sambandi. Það skiptir engu máli, hvort ríkisstj. er falið eða heimilað að veita slíka ábyrgð. En þegar um er að ræða að veita mönnum landsvistarleyfi, er ekki hægt með lögum að fyrirskipa ráðh. að gera slíkt. Hæstaréttardómur hefur gengið um það, að slíkt fær ekki staðizt. Hv. þm. Borgf. ruglar hér saman óskyldum atriðum. Efnislega er sama, hvort orðalagið er notað, það, sem er á þáltill., eða það, sem ég legg til að hafa. En ég tel réttara orðalag á byrjun till. samkv. minni brtt. og því rétt að samþ. brtt.

Forseti (JPálm): Hv. flm. þessarar till. hafa rétt fyrir sér í því, að dráttur á afgreiðslu þessarar þáltill. er orðinn miklu meiri en ég tel heppilegt, og mér hefur þótt mjög slæmt að geta ekki afgr. hana fyrr. En það hafa alltaf verið einhverjar orsakir í veginum fyrir því og kröfur, sem ég hef álitið rétt að taka til greina, til þess að fá samkomulag um afgreiðslu þessa deilumáls. Nú stendur svo á, að hv. frsm. minni hl. n., sem fjallað hefur um málið, er veikur, og þar að auki eru sex hv. þm. fjarstaddir úr bænum. Tveir af þeim hafa óskað þess, að atkvgr. fari ekki fram um málið að þeim fjarstöddum, og enn fremur er annað mál hér á dagskránni, sem líka er deilumál. Af þessum orsökum mun ég nú í síðasta sinn veita frest á afgreiðslu þessa máls. En ég lofa því jafnframt, að á næsta fundi sameinaðs Alþ., sem verður ályktunarfær, skal þetta mál verða tekið til áframhaldandi afgreiðslu í einhverri mynd, og þó að það kosti næturfund.

Umr. frestað.

Á 36. fundi í Sþ., 2. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 281, n. 351, 335, 654).

Einar Olgeirsson: Það er langt liðið síðan ég hef getað tekið þátt í þessum umr., og ekki margt, sem ég þarf að ræða. Ég er áður búinn að lýsa eindregið minni skoðun á þessu máli, og hún er sú, að það nái engri átt að samþ. þá höfuðtill., sem hér liggur fyrir. Og það er líka svo komið, að sá prófessor, sem við eigum hér innan þings, er nú farinn að bera fram leiðréttingar á þessari till., sem m. a. fyrrv. dómsmrh. og forsrh. er flm. að, af því að till. fái ekki staðizt, ef hún verður samþ. eins og hún er nú. Ég býst þess vegna við, að margir, sem hafa sótt þetta mál fastast frá upphafi, ættu að vera farnir að átta sig dálítið á því og sjá, að það sé að öllu leyti heppilegast að láta þetta mál ganga sinn venjulega gang gegnum þingið og hæstv. dómsmrh., sem hefur málið í sínum höndum, halda áfram þeim rannsóknum, sem hann er með í þessu sambandi, og síðan sé landsvistarleyfi veitt, þegar þeim rannsóknum er lokið.

Það gekk svo langt við þær umr., sem fóru fram síðast þegar ég gat tekið þátt í þeim, að hv. frsm. utanrmn., 1. þm. Reykv., varð sjálfur að bæta inn í ræðu hjá mér, að hann hefði ætlazt til, að fram færi rannsókn í þessu máli, áður en þetta leyfi væri veitt, en það fólst ekki í þeirri till., sem fyrst lá fyrir, svo að það sýndi sig, að sjálfur frsm. utanrmn., sem hafði fengið málið til umr., hafði í fyrstunni ekki gert sér grein fyrir, hvernig þessi till. var, sem hann mælti með, að samþ. yrði.

Það hefur nú komið fram, að till. eins og hún þá lá fyrir var þannig, að hún gat ekki staðizt, að það var ekki hægt með þáltill. að taka af dómsmrh. það vald, sem hann hefur samkv. l. Ég vona því, að þeir, sem sótt hafa fastast á hér, fari að átta sig svo mikið á þessu máli, að það mætti komast að samkomulagi um að vísa málinu til dómsmrh. á þeim forsendum, að með því að málið væri í rannsókn, þá væri ekki ástæða til þess, að þingið væri að hraða því frekar, og mun ég nú undirbúa till. að rökst. dagskrá, sem ég skal leyfa mér að biðja hæstv. forseta um afbrigði fyrir, svo framarlega sem þess er þörf, að með því að ráðh. hafi þetta mál til rannsóknar, þá sjái þingið ekki ástæðu til annars en að taka fyrir næsta mál á dagskrá. Ég held, að það sé að öllu leyti bezta meðferðin, sem þetta mál gæti fengið, þó að það sé nú til allrar hamingju búið að afstýra því, að málið verði afgr. þannig, að það sé hneyksli. Ég vona, að hv. þm. sætti sig við að vísa málinu til ráðh., og svo gengur það sinn venjulega gang, eins og l. mæla fyrir. Ég ætla rétt að hreinskrifa þessa till., og svo skal ég afhenda hæstv. forseta hana.

Forseti (JPálm): Mér hefur borizt rökstudd dagskrá frá hv. 2. þm. Reykv., að þar sem mál þeirra Þjóðverja, sem þáltill. fjallar um, er í rannsókn, telur Alþingi ekki ástæðu til að gera samþykkt í málinu og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Þessi dagskrá er þá einnig til umr.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég hef ekki ástæðu til að bæta miklu við það, sem ég hef áður sagt í þessu máli. Mér þykir aðeins sem Alþingi hafi verið látið bíða alllengi eftir ekki veigameira innleggi í þetta mál en nú hefur verið sett fram af minni hl. eða a. m. k. hluta af minni hl., þar sem till. minni hl. er sú ein eftir margra mánaða þóf og andspyrnu gegn þessu máli að vísa því frá eða til aðgerða og náðar hæstv. dómsmrh. eins í málinu.

Ég vil um þessa rökst. dagskrá, sem hv. 2. þm. Reykv. hefur lýst, aðeins segja það, að að sjálfsögðu erum við flm. henni mótfallnir og leggjum

til við Alþ., að það felli þessa rökst. dagskrá, en að till. verði í samræmi við nál. meiri hl. utanrmn. samþ. eins og hún liggur fyrir, þó að til athugunar gæti komið og ekki sé óeðlilegt, að samþ. yrði brtt. sú, er hv. þm. Snæf. lýsti yfir og lagði fram, er málið var síðast rætt. Ég hygg, að það sé alger misskilningur hjá hv. 2. þm. Reykv. að túlka þá till. þannig, að með henni sé verið að fleyga þetta mál að nokkru leyti og draga úr áherzlu þeirri, sem flm. hafa viljað leggja á þá leið málsins, sem lagt er til í till. Ég hygg, að það hafi verið yfirlýst af hv. þm. Snæf., er hann svaraði hér orðum eins hv. þm. á síðasta fundi, er þetta var rætt. Ég hygg þannig, að þessi till. sé tvímælalaus áskorun til hæstv. ráðh. í þessu efni, þó að þessi brtt. verði samþ. við hana. Og ég álít, að hæstv. ráðh. beri tvímælalaust að haga sér í samræmi við jafntvímælalausan vilja og kemur fram í þáltill., þó að þessi brtt. verði samþ., og ég leyfi mér að skírskota til þess, sem ég áður hef bent á í umr. um málið, að í bréfi frá hæstv. dómsmrh., dags. 3. des. s l., þar sem hann svarar bréfi og áskorun 30 þm. um þessi efni, er beinlínis gefið í skyn, að hann muni beygja sig fyrir þingvilja í þessum efnum, eða a. m. k. að hann telji það rétt, að þinglegur vilji komi fram um þessi efni. Og ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp niðurlag þessa bréfs. Hæstv. dómsmrh. hefur á undan í bréfinu lýst þeim reglum, sem hann hefur farið eftir í þessum efnum, og segir svo um vilja Alþ. í þessum efnum: „Telur ráðuneytið rétt, að sá vilji komi fram á þinglegan hátt, en mun, meðan svo er eigi, ekki breyta uppteknum hætti.“ Ég leyfi mér að líta á þetta niðurlag bréfs hæstv. dómsmrh. þannig, að hann vilji fá þennan þingvilja fram, og muni þá fyrst, er hann er kominn fram, telja sig geta breytt á annan veg en hann hefur gert til þessa í þessum efnum. Ég lít svo á, að þannig hafi hæstv. ráðh. beinlínis óskað eftir því, að vilji hæstv. Alþ. komi fram í þessum efnum, og að beinlínis sé kallað eftir honum með niðurlagi bréfsins, sem ég las.

Ég held svo, að ég hafi ekki miklu við þetta að bæta. Ég sé ekki ástæðu til þess frekar en fyrr að blanda mér inn í þær umr., sem við umr. þessarar þáltill. hafa farið fram milli hæstv. dómsmrh. og hv. meðflm. míns að þessari þáltill., hv. þm. Str., um efni, sem ég tel fjarskyld kjarna þessa máls. Ég hef áður bent á, að ég tel þær umr. mjög fjarri kjarna þessa máls, sem fyrir liggur að ræða um. Og ég hygg, að allir hv. þm. hafi séð, að þær umr. voru ekki hafnar af hálfu okkar flm. þessarar þáltill. og það ber því ekki að sakast um það við okkur, þó að umr. hafi mjög farið utan við kjarna málsins og inn í þær blandað óskyldum atriðum. Eftir þær miklu umr., sem farið hafa fram um mál þetta, liggur það svo ljóst fyrir, að af hálfu okkar flm. þarf ekki að fjölyrða um það frekar. En ég ítreka óskir mínar til hv. þm., að þeir felli þá rökst. dagskrá, sem nú hefur verið lýst og borin er fram af hv. 2. þm. Reykv.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Ég vildi út af orðum hv. þm. N.-Ísf. segja það, að niðurlag það, sem hann las upp úr bréfi mínu, hnígur ekki að öðru en því, að ég tel rétt, að þegar þm. vilja láta vilja sinn í ljós gagnvart ríkisstj., þá geri þeir það opinberlega, en ekki með undirskriftaskjölum til ríkisstj.

Ég hef að öðru leyti lýst yfir því, hvaða áhrif samþykkt þessarar þáltill. mundi hafa á gang þessara mála í mínum höndum, og sé ég ekki ástæðu til að bæta neinu þar við.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég verð að segja, að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum í sambandi við ræðu hv. þm. N.-Ísf. Ég hélt, að hv. flm. þessa máls hefðu á þeim langa tíma, sem þeir hafa haft til þess að hugsa um þetta mál, athugað málið, en það virðist vera mjög fjarri því enn. Hv. 1. flm. virðist enn þá hugsa sem svo, að það sé sjálfsagt að samþ. þáltill. þessa um að hleypa nú til landsins án rannsóknar mönnum, sem er vitanlegt, að staðnir eru að landráðastarfsemi hér á landi, hættulegri íslenzkum hagsmunum. Það væri hreinasta ósvinna að samþykkja þess háttar þáltill. hér á hæstv. Alþ. og ætla að fela hæstv. dómsmrh., bókstaflega móti l., að framkvæma hana. Ég er alveg hissa á því, að hv. þm. skuli halda svona fast við þetta mál, að þeir skuli, eftir þann langa tíma, sem þeir hafa haft til þess að hugsa um málið, síðan þeir upprunalega hlupu til að flytja það til þess að veita af handahófi útlendingum landsvistarleyfi — halda jafnfast við það eftir að hafa fengið tvo mánuði til þess að hugsa um málið. Við skulum bera saman það, sem farið er fram á í brtt. hv. 4. þm. Reykv. og hv. þm. V.-Ísf., við aðaltill., sem hv. þm. flytja, hver munur er þar á. Í brtt. er talað um, að rannsókn fari fram í þessu máli, áður en leyfið er veitt. En það er það, sem hv. þm. N.-Ísf. er á móti, móti því, að þetta mál verði rannsakað og till. lagalega orðuð, þannig að til sé tekið, að þeir menn, sem ekki upplýsist við rannsókn, að séu sekir um að vinna gegn íslenzkum hagsmunum, skuli fá landsvistarleyfi. En sannleikurinn er, að það er sannað á þessa menn flesta að hafa tekið þátt í félagi, sem starfað hefur beinlínis í félagi, sem nazistar stjórnuðu. Það er undarlegt, að ekki skuli mega rannsaka þessa hluti, heldur skuli vera settar fram kröfur um það, að þessir menn fái landsvistarleyfi án þess að þessi rannsókn fari fram. Og það er bókstaflega á móti lögum landsins, að Alþ. feli dómsmrh. að gera þessa hluti rannsóknarlaust. Ég held, að sú brtt., sem hv. þm. Snæf. flytur hér, sé til þess að laga þessa þáltill. ofurlítið. Það er ekki hægt að fela ráðh. að gera hlut, nema það sé samkv. l., þannig að með brtt. hv. þm. Snæf. er miðað að því að breyta þáltill. þannig, að skorað sé á hæstv. ráðh. Það er þá verið að biðja hann að gera eitthvað, en ekki að fyrirskipa. Á þessu tvennu er mikill munur. Sýnir þetta atriði m. a., hversu flaustурslega hefur verið gengið frá þessari þáltill. í fyrstu. Ég verð að lýsa yfir því, að mér þykir mjög leitt, að hv. þm. N.-Ísf. skuli ekki hafa áttað sig á þessu. Bæði hafa miklar umr. farið fram um þetta mál áður en þingi var frestað í vetur, og svo hefði tíminn, sem liðinn er síðan, átt að gefa nægilegt tækifæri til að hugsa sig um í þessu máli. Það hefði verið viðkunnanlegra, að hv. flm. hefðu

viðurkennt hið auðsæja réttmæti þessarar breyt. á þáltill., en fyrst þeir ekki gera það, verða atkv. að skera úr um þetta, og ég fyrir mitt leyti treysti því, að hv. þm. verði við því að samþ. þá rökstuddu dagskrá, sem ég hef lagt hér fram um málið, vegna þess að meðan þetta mál er í höndum þess yfirvalds, sem hefur haft það í höndum, er eðlilegast, að rannsókn fari fram um þessa menn, áður en til nokkurra aðgerða kemur í þessu máli.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða efni þessa máls, og hv. fyrri flm. hefur svarað þessu, sem hv. 2. þm. Reykv. er að minnast á, orðalag till. Efnislega er enginn munur á orðalaginu í brtt. eða eins og það er upprunalega í till., heldur er þetta mest orðabreyt., því að ef viðkomandi ráðh. hefur þetta í sínu valdsviði samkv. l., þá skiptir vitanlega ekki máli, hvort orðalagið er haft. Þetta vil ég aðeins leiðrétta, þannig að það komi fram í þingtíðindunum, vegna þess að það hefur verið fjasað svo mikið um þetta. En það hefur verið samþ. þáltill. með þessu orðalagi, sem er á upphaflegu till. hér, sem ég ekki orðaði, heldur hv. fyrri flm., réttilega. Og þessa þáltill., sem áður var með sama orðalagi, hefur hv. 2. þm. Reykv. samþ. Hann hefur sjálfsagt verið með í að samþ. margar till. með svona orðalagi. Þáltill. með slíku orðalagi fór fyrir hæstarétt, og var dæmt um þetta orðalag einmitt þar, sem hæstv. Alþ. lét frá sér fara. Og það skiptir ekki máli, hvort orðalagið er notað í þessu efni. Ég býst við, að það, sem fram kom hjá hv. þm. Borgf., hafi komið til af því, að fram til þess tíma, að þessi dómur gekk, var talið, að máli skipti, hvort orðalagið væri haft, sem hér hefur verið rætt um. En fyrir því er nú hæstaréttardómur, að það skiptir ekki máli.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Það er út af þeim ummælum hjá aðalflm. þessa máls, hv. þm. N.-Ísf., sem ég kvaddi mér hljóðs, að umr. hefðu legið allfjarri kjarna þessa máls, og að vissulega bæri ekki að saka flm. málsins um það, að málið hefði verið þannig rætt. Ég ætla að segja aðeins örfá orð, sem liggja nærri kjarna þessa máls og meira að segja eru kjarni þessa máls, hvað sem hv. fyrri flm. kann að álíta. Það er sannað, að hér í landinu hefur starfað um langt árabil félagsskapur þýzkra manna, nazistaflokkur, og annar félagsskapur, sem yfirleitt hefur gengið undir nafninu vinnufylkingin. Það er sannað, að bæði þessi félög höfðu ákveðið markmið, það markmið að undirbúa árás erlends ríkis á Ísland. Það er sannað, að hingað var sendur sérstakur ræðismaður til þess að gera þessi tvö félög sem starfsömust og áhugaríkust til þess að undirbúa innrás á Ísland. Þessi maður var Gerlach. Ég veit, að engu einasta orði af því, sem ég hef nú sagt, reynir hv. þm. N.-Ísf. að mótmæla, því að hér eru staðreyndir einar sagðar. Það er og upplýst, að hver einasti þeirra manna, sem hér er verið að biðja um landsvistarleyfi fyrir, tók þátt í þessum félagsskap. Það er sagt, að sumir þeirra hafi gert það nauðugir. Ég veit ekki, hvaða nauður rak þá til þess, en hitt ætla ég sannast, og það ætla ég eftir nokkrum kynnum, að þeir hafi verið haldnir draumum um „Herrenvolk" og aðdáun á „der Führer", og ég ætla, að þeir hafi flestir af fúsum og frjálsum vilja fetað sporin upp til þýzka ræðismannsins og setið þar á fundum til þess að undirbúa árás á Ísland. Það kann að vera, að þessum mönnum hafi ýmsum síðar snúizt hugur. — Svo gerist það nokkru fyrir jól, að mátulega hæverskur málaflutningsmaður hér í bæ fer að ganga á milli þm. og svo að segja kalla þá fyrir rétt og krefja þá um afstöðu þeirra til málsins og allt að því heimta og hóta í sambandi við það að reyna að fá þm. til að ljá lið til þess, að þessir menn fái skilyrðislaust að koma til Íslands. Svo koma tveir hv. þm. og flytja þáltill., sjálfsagt að áeggjan þessa virðulega málaflutningsmanns.

Það var rætt um það, að það hefði verið rætt utan við kjarna málsins. Nú liggur málið svo fyrir, að hæstv. dómsmrh. hefur, eins og skylda ber til, rannsókn með höndum í málinu. Leiði sú rannsókn í ljós, að einhverjir þessara manna séu saklausir, að einhverjir þeirra hafi ekki unnið gegn íslenzkum hagsmunum, þá er sjálfsagt að leyfa þeim landsvist hér, og ég efast ekkert um, að hæstv. dómsmrh. muni veita það leyfi í slíku tilfelli tafarlaust, ef um það er beðið. Og hvers vegna á þá hæstv. Alþ. annað að gera en að láta svo búið standa sem er, að rannsókn haldi áfram í málinu, í fullu trausti þess, að hún verði ýtarlega og réttlátlega framkvæmd, og að þeim mönnum, sem að lokinni rannsókn reynast saklausir að því að hafa unnið gegn íslenzkum hagsmunum, verði leyfð hér landsvist? Hvers vegna á að samþykkja flaustursþáltill., sem er svo flaustursleg, eins og áður hefur verið á bent, að einn lögfræðingur á Alþ. sér sér ekki annað fært en að endursemja hana? Hvers vegna á að samþykkja þáltill., sem segir: Látið þessa menn koma heim. Ef þeir eru ekki þegar uppvísir að því að hafa unnið gegn hagsmunum Íslands, sleppið þið allri rannsókn? — Ég skil ekki, að nokkur hv. þm., sem styður hæstv. ríkisstj., vilji að athuguðu máli sýna hæstv. dómsmrh. það vantraust, að þetta mál eigi ekki að hvíla í hans höndum, þar sem það réttilega á að vera.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 2. þm. Reykv. felld með 29:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, EOl, EmJ, FJ, HG, ÁS, LJós, SigfS, SG, STh, StJSt, StgrA, ÞB, ÁkJ.

nei: BSt, BÁ, BK, EE, EystJ, GJ, GSv, GTh, HB, HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JJós, JörB, ÓTh, PHerm, PZ, PÞ, PM, PO, SB, SEH, SK, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, JPálm.

BG greiddi ekki atkv.

8 þm. (BBen, GÞ, GÍG, JS, JJ, LJóh, MJ, ÁÁ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svo grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Með því að hv. 2. þm. Reykv. og hv. 8. þm. Reykv. hafa báðir fullyrt hér, að allir þeir menn, sem hér eiga hlut að máli, séu sekir fundnir, en þetta er hins vegar í ósamræmi við

sjálfa dagskrártill. þessa og gagnstætt henni, get ég ekki greitt dagskrártill. atkv. og segi því nei.

Sigurður Kristjánsson: Ég hef ekki tekið þátt í þessum umr., en þegar einn hv. flm. þessarar þáltill. kom til mín og bað mig að vera meðflm., neitaði ég því og tók honum heldur treglega. En eftir þær umr., sem hér hafa farið fram, ekki sízt vegna þess, hversu gegn þessu máli er sótt af miklu offorsi, ekki sízt það hefur sannfært mig um, að ég muni greiða atkv. með till. Ég segi því nei.

Brtt. 335 felld með 29:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, ÁS, LJós, SigfS, SG, STh, StJSt, StgrA, ÞB, ÁkJ, BrB, EOl, EmJ, FJ.

nei: GSv, GTh, HB, HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JJós, JörB, ÓTh, PHerm, PZ, PÞ, PM, PO, SB, SEH, SK, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, BSt, BÁ, BK, EE, EystJ, GJ, JPálm.

BG greiddi ekki atkv.

8 þm. (GÍG, JS, JJ, LJóh, MJ, ÁÁ, BBen, GÞ) fjarstaddir.

Brtt. 654 samþ. með 25:11 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 29:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvbH, ÞÞ, BSt, BÁ, BK, EE, EystJ, GJ, GSv, GTh, HB, HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JJós, JörB, ÓTh, PHerm, PZ, PÞ, PM, PO, SB, SEH, SK, SÞ, SkG, JPálm.

nei: StJSt, StgrA, ÞB, ÁkJ, BrB, EOl, EmJ, HG, ÁS, LJós, SigfS, SG, STh.

BG, FJ greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁÁ, BBen, GÞ, GÍG, JS, JJ, LJóh, MJ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Stefán Jóh. Stefánsson: Þó að vitanlegt sé, að till. breyti ekki l. um ráðh., er hefur eftirlit með útlendingum, sem hér vilja fá landsvistarleyfi, þá finnst mér till. einhliða og óheppileg á margan hátt og segi því nei.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Með tilvitnun til fyrri yfirlýsinga minna um þetta mál breyti ég ekki afstöðu minni um veitingu landsvistarleyfa og greiði því ekki atkv.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég tel dómsmrh. geta hagað málinu eftir því, sem hann álítur réttast, hvort sem till. verður samþ. eða ekki. En ég hef frá öndverðu óskað, að ráðherra hefði nokkurt aðhald um að hraða rannsókn málsins, og greiði því atkv. með till. og segi já.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 683).

16. Mjólkursamlag Suður-Þingeyinga.

Á deildafundum 4. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um ábyrgð og styrk handa mjólkursamlagi Suður-Þingeyinga (A. 506).

Á 31. fundi í Sþ., 8. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Þegar fjárl. voru afgr. á þessu þingi fyrir árið 1946, þá var þar einn liðurinn fyrirheit um lögmætan fjárstyrk og ábyrgð fyrir væntanlegt mjólkurbú á Blönduósi. Þar eru ekki ákveðnar upphæðir í þeim lið. En eftir áætlun mjólkurfræðings Búnaðarfélags Íslands, þá er gert ráð fyrir, að það mólkurbú kosti 600 þús. kr. — Þessi sami maður hefur svo í vetur unnið með Suður-Þingeyingum að undirbúningi mjólkursamlags þar. Og þar sem mjólkursamlagið þar mundi ná yfir svipað svæði og félagið í Austur-Húnavatnssýslu, mestalla Suður-Þingeyjarsýslu, austan Ljósavatnsskarðs, og þar sem enn fremur Suður-Þingeyingar hafa orðið fyrir þungum búsifjum af völdum fjárpestar, leggja þeir mikla áherzlu á að geta aukið mjólkurframleiðslu sína. Og þar sem mjólkurfræðingurinn telur, að tilkostnaðurinn verði svipaður við að koma á fót mjólkurbúi í Suður-Þingeyjarsýslu eins og í Austur-Húnavatnssýslu, óska Suður-Þingeyingar eftir, að Alþ. gefi þeim kost á því sama í þessu efni og Austur-Húnvetningum. — Ég hef tekið þetta upp þannig í þessa þáltill., að ég tel réttara að tilfæra tölur, sem er ábyrgð fyrir helmingi framlags og fyrirheit um styrk, sem svari ¼ hluta stofnkostnaðar, þegar þar að kemur.

Ég óska, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjvn. til athugunar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 27 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Sþ., 23. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 506, n. 663).

Frsm. (Björn Kristjánsson): Herra forseti. Þessi þáltill., sem hér liggur fyrir, er flutt af hv. þm. S.-Þ. og að efni til að heimila ríkisstj. að greiða ¼ hluta stofnkostnaðar, allt að 150 þús. kr., til mjólkurbús Suður-Þingeyinga og að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs 300 þús. kr. lán í sama skyni.

Fjvn. hefur rætt þessa þáltill. og orðið sammála um, að sjálfsagt sé að veita þessa ábyrgð. Það hefur verið siður að veita sams konar ábyrgðir til mjólkursamlaganna, sem reist hafa verið til og frá á landinu, og síðast í sambandi við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1946 fyrir mjólkursamlag á Blönduósi, sem er eiginlega samferða þessu mjólkursamlagi Suður-Þingeyinga, og auk þess var þar líka samþ. að mæla með því, að ríkissjóður borgaði út á þessu ári venjulegan

styrk, sem er ¼ hluti stofnkostnaðar. — Fjvn. var sammála um, að þessi ábyrgðarheimild væri veitt, sem um ræðir í þessari þáltill. Hins vegar sá hún sér ekki fært í þetta sinn að mæla með útborgun styrks á þessu ári, af því að þetta var ekki samþ. við afgreiðslu fjárl. Fjárl. fyrir árið 1946 hafa verið afgr., og mörgum fannst nógum útgjöldum á þau hlaðið, þó að ekki væri þar bætt við. Nú hefur þetta þó verið gert hvað eftir annað, þó að afgreiðslu fjárl. hafi verið lokið fyrir s. l. áramót. Samt sem áður felldi fjvn. í brtt. sinni við þáltill., sem hún flytur á nál. á þskj. 663, úr till. ákvæðið um útborgun styrksins, sem er þó alls ekki fyrir það, að fjvn. sé því mótfallin, að þessi styrkur verði veittur, því að n. telur ekki koma til mála að vera á móti því, samkv. þeirri venju, sem tíðkazt hefur um styrk til slíkra fyrirtækja. Þess vegna leggur n. til, að styrkupphæðin verði tekin upp á næsta fjárlfrv. og óskar þess, að ríkisstjórnin sjái um það.

Ég vil geta þess, að fjvn. hefur talað við hv. flm. þessarar þáltill. og enn fremur oddvita Húsavíkurhrepps um þessa afgreiðslu á till., og þeir gátu, eftir atvikum, sætt sig við það, að styrkheimildin yrði felld niður úr till. á þennan hátt. — Það stendur víst ekki til, að vélar til þessarar mjólkurstöðvar komi fyrr en seint á árinu. Og oddviti Húsavíkurhrepps taldi hægt að borga þetta fram yfir næstu áramót. Enda gæti vel svo farið, að þessi styrkheimild verði þá komin inn í næstu fjárl., sem væntanlega verða afgr. áður en árinu lýkur.

Ég vil svo bæta því við, sem hv. þm. mun kunnugt, að fjárpest hefur herjað Suður-Þingeyjarsýslu meir en flest önnur héruð landsins. Það liggur við, að bústofn ýmissa bænda þar væri gereyddur. Þess vegna var ráðizt í það þar að hafa fjárskipti, farga öllu fé þar á stóru svæði og kaupa fé af ósýktu svæði í staðinn. Þetta var gert árið 1944 og 1945. En sá fjárstofn, sem keyptur var, var að tölu ekki nema brot á við það, sem áður var þarna af sauðfé, og maður getur því nærri, að fjárhagsástæður á þessu svæði eru því hvergi nærri góðar. Og stofnun þessa mjólkurbús er einn liðurinn í því að reyna að bjarga bændum þarna fyrst og fremst yfir það tímabil, þegar þeir eru að koma bústofni sínum í það horf, sem hann var í áður en fjárpestin byrjaði að eyða fé þarna. En í öðru lagi á þetta fyrirtæki að verða framtíðarmál til bættrar atvinnuaðstöðu héraðsbúa. — Ég vona þess vegna, að öllum hv. þm. sé ljóst, hve mikið nauðsynjamál hér er á ferð, og þeir verði því einhuga um að afgr. þessa ábyrgðarheimild.

Í samræmi við þetta, sem ég hef sagt, leggur fjvn. til, að þáltill. verði breytt og hún orðist svo, með leyfi hæstv. forseta: „Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkssjóðs lán til mjólkursamlags Suður-Þingeyinga á Húsavík, allt að 300 þús. kr., þó ekki yfir 50% af stofnkostnaði, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar."

Ég vil svo aðeins geta þess, að þegar þetta mál var afgr. í n., var einn nefndarmanna fjarverandi, hv. 4. landsk. þm. Sennilega hefði hann verið þessu samþykkur.

ATKVGR.

Brtt. 663 samþ. með 30 shlj. atkv. (og jafnframt felld úr fyrirsögn orðin „og styrk").

Till., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 950).

17. Byggingarstyrkur til flóabáts.

Á deildafundum 19. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um byggingarstyrk til flóabáts fyrir sunnanverðan Breiðafjörð, Hvammsfjörð og Gilsfjörð (A. 576).

Á 35. fundi í Sþ., 28. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að vísa að mestu leyti til grg. um þetta mál. Till. fer fram á, að ríkissjóður greiði þriðjung kostnaðarverðs flóabáts fyrir sunnanverðan Breiðafjörð, Hvammsfjörð og Gilsfjörð.

Ekki mun hingað til hafa gilt nein föst regla um fjárveitingar eða hlutfall um þátttöku ríkissjóðs í slíkum málum, en þó hygg ég, að þessu sé mjög stillt í hóf. Ég læt svo nægja að vísa til grg. og legg til, að málinu verði vísað til síðari umr. og fjvn.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 30 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv. og til fjvn. með 30 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Sþ., 23. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 576, n. 768).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur haft þessa þáltill. til athugunar og rætt hana við hæstv. fjmrh. og talið rétt, að till. væri breytt eins og sést á brtt. n. á þskj. 768. Aðalbreyt. er í því fólgin, að setja sérstök skilyrði fyrir fjárveitingunni, m. a. að samgöngumálaráðuneytið samþ. gerð bátsins og byggingarsamning, og að framlag ríkissjóðs til bátsins verði eignarhluti ríkissjóðs í útgerðinni, en ekki lagt fram sem beinn styrkur. Auk þess, að ríkissjóður hafi ávallt a. m. k. einn mann í stjórn fyrirtækisins. Þar að auki, að báturinn haldi uppi póst-, farþega- og vöruflutningaferðum á milli Stykkishólms og Brjánslækjar og um sunnanverðan Breiðafjörð, Hvammsfjörð og Gilsfjörð í samráði við Skipaútgerð ríkisins. Og í síðasta lagi, að haldið verði áfram undirbúningi undir byggingu strandferðabáts fyrir Breiðafjörð í samræmi við till. milliþn. í strandferðamálum.

Einn nm., hv. þm. V.-Húnv., hefur gert aths. við þennan síðasta lið og telur, að hann eigi ekki heima í þessari þáltill., þó að hann sé samþykkur honum að efni til. En ég tel, að þessi liður eigi að vera eitt af meginskilyrðunum fyrir greiðsl-

unni til þessa flóabáts, sem till. er um, vegna þess alveg sérstaklega, að það hafa verið uppi ákveðnar till. um bát til ferða um Breiðafjörð. Og ég vil ekki, að þessi bátur, sem hér ræðir um í till. þessari, verði til þess að tefja framkvæmdir við byggingu strandferðabáts fyrir Breiðafjörð í samræmi við till. milliþn. í strandferðamálum, því að slík töf yrði Breiðfirðingum til hins mesta skaða.

Þessar till. um afgreiðslu þáltill. hafa verið bornar undir hv. flm. þáltill., sem eru samþykkir ákvæðum brtt. n. Og leggur fjvn. til, að þáltill. verði samþ. með þeim breyt., sem felast í brtt. n. á þskj. 768.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Eins og hv. frsm. fjvn. tók fram, þá hefur n. breytt nokkuð þáltill. þessari. Vildi ég aðeins taka fram, að ég er fullkomlega samþykkur þeim breyt. Aðalbreyt. er í því fólgin, að framlag til bátsins verði eignarhluti ríkissjóðs í útgerðinni og að ríkissjóður eigi einn mann í stjórn fyrirtækisins. Þeir, sem standa að byggingu þessa báts, eru sammála því, að þessi breyt. verði gerð á till. Og við flm. erum sammála þessari breyt. og þökkum hv. fjvn. fyrir góða afgreiðslu á málinu.

ATKVGR.

Brtt. 768 samþ. með 27 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 951).

18. Þjórsárbrúin.

Á deildafundum 29. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurbyggingu brúarinnar á Þjórsá (A. 60).

Á 4. fundi í Sþ., 30. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Sveinbjörn Högnason): Herra forseti. Ég hef ásamt þm. Rang. leyft mér að flytja till. til þál. um endurbyggingu brúarinnar á Þjórsá. Brýrnar á Þjórsá og á Ölfusá eru með elztu brúm á landinu. Ölfusárbrúin er byggð 1891, en Þjórsárbrúin fjórum árum síðar, 1895. Upphaflega voru þessar brýr því byggðar fyrir allt annað álag en nú hefur orðið síðari ár, sérstaklega nú á stríðsárunum. Þessar brýr voru byggðar fyrir hestakerrur og hestaumferð, og voru þá settar sérstakar reglur um það, hvað mikinn þunga mætti leggja á brýrnar í hvert sinn. Og þegar maður lítur til þess, hvað brúarsmiðirnir áætluðu þá, sér maður, hversu gífurlega hefur verið farið fram úr því með þeirri umferð, sem nú tíðkast á þessari aðalsamgönguleið Suðurlandsundirlendisins. Eftir að samgöngur bötnuðu og bílar komu til sögunnar, hefur umferðin aukizt stórlega, og nú á hernámsárunum hefur álag á þessar brýr farið langt fram yfir það, sem upphaflega var til ætlazt. Nú hefur afleiðingin orðið sú, að brúin á Ölfusá slitnaði niður í fyrrahaust, og má stórmerkilegt kalla, að ekki skyldi af hljótast stórslys, þegar brúin fór niður. Sú brú hefur nú verið endurbyggð, en gamla brúin hefur verið notuð til bráðabirgða á meðan verið er að setja nýju brúna upp. En eftir að brúin á Ölfusá slitnaði niður í fyrrahaust, var settur vörður við brúna og einnig við Þjórsárbrú, til þess að hafa gát á umferðinni; jafnframt voru settar takmarkanir um það, hversu mikill hámarksþungi mætti fara yfir þessar brýr í einu. Var sett sama hámark um það, hvað mikill þungi mætti fara yfir brýrnar í einu, og voru það 6 smálestir. Það bendir ljóslega til þess, að þeir verkfræðingar, sem stóðu að þessu, og vegamálastjórnin hafi litið svo á, að brýrnar þyldu svipaðan þunga báðar, gamla brúin á Ölfusá og Þjórsárbrúin. Þó að Þjórsárbrúin hafi ekki slitnað niður enn þá eins og Ölfusárbrúin í fyrra, má líklegt telja, að brúin sé engu sterkbyggðari en Ölfusárbrúin gamla, enda var strax snúið sér að því, eftir að Ölfusárbrúin fór niður, að styrkja Þjórsárbrúna með því að þyngja stöplana og styrkja burðarstrengina. Þrátt fyrir það, sem hefur verið gert í sumar, hefur vegamálastjóri skýrt frá því, að hann telji ólíklegt, að hægt verði að auka hámarkslagningu á brúna. En það, að ekki er hægt að auka hámarksþungann á brúna, er til mikilla óþæginda fyrir umferðina austur yfir Þjórsá. Ég get t. d. sagt það, að þó að búið sé að styrkja Þjórsárbrúna, verður að tæma áætlunarbílana og fólkið verður að ganga yfir brúna, og sýnir það, hver ótti er um það af hálfu vegamálastjórnarinnar að leggja nokkuð verulega á brúna. Þetta veldur auk þess miklum óþægindum fyrir fólkið að þurfa að fara út úr bílunum og ganga yfir brúna í hvaða veðri sem er. — Þá er annað ekki minna atriði en fólksflutningarnir fyrir þau héruð, sem eru austan Þjórsár. Það er að geta ekki flutt þungavöru með bifreiðum, sem eru meira en 2½ tonn, en það mundi gera flutninga miklu ódýrari að nota stærri bifreiðar til flutninganna.

Með þetta fyrir augum er Ölfusárbrúin nýja nú byggð. Hún er gerð fyrir margfalt meiri hámarksþunga, enda er það mjög nauðsynlegt fyrir þau héruð, sem liggja austan Þjórsár, því að þau verða eingöngu að búa við landflutninga, og væri því nauðsynlegt fyrir þau héruð að geta notað sem stærstar bifreiðar, með því verða flutningarnir ódýrari. Eins og nú standa sakir, er mörgum bifreiðum bannað að fara fullfermdum yfir Þjórsárbrúna, og þar af leiðir, að þrátt fyrir þessa viðgerð er óumflýjanlegt, að hún verði byggð upp, og ég sé ekki, að það sé nokkur ávinningur fyrir þjóðfélagið, þegar fjármunir eru fyrir hendi, að draga stundinni lengur að endurbyggja brúna, þar sem sjáanlegt er, að þetta þarf að gera. Eða þarf að bíða eftir, að um þessa brú fari svipað og um Ölfusárbrúna, að hún slitni niður áður en hafizt er handa? Því að það get ég fullvissað menn um, að þó að þessir tveir menn, sem fóru í Ölfusá, björguðust með undraverðum hætti, þá er útilokað, að nokkur maður bjargist, sem fer ofan í Þjórsá þar, sem brúin er nú.

Við flm. þessarar till. mælumst því til þess, að hv. Alþ. ákveði nauðsynlegan undirbúning að byggingu nýrrar brúar á Þjórsá, og verði undirbúningnum hraðað svo, að hægt verði að hefjast handa þegar á næsta vori um endurbyggingu brúarinnar og henni verði helzt komið upp á næsta sumri; það má ekki lengur dragast, hvorki vegna nauðsynjar fólksins, sem þarf að flytja alla framleiðslu sína yfir þessa brú, né heldur vegna þess að ægileg slys gætu af því hlotizt, að lengur væri dregið að endurbyggja þessa brú. Ég vildi því mega vænta þess, að hæstv. Alþ. tæki þessari till. okkar vinsamlega og afgr. hana fljótlega, svo að undirbúningur geti þegar hafizt, og treystum við því, að kostnaður við undirbúning verði greiddur úr ríkissjóði og öllum undirbúningi verði hagað með það fyrir augum, að verkið geti hafizt á næsta vori, og verði því hagað í beinu framhaldi af endurbyggingu Ölfusárbrúarinnar. Ætti að vera þægilegra að gera það í beinu framhaldi af því verki, þar sem hægt væri að nota ýmsa hluti og verkfæri, sem þar hafa verið notuð, og ætti það að geta sparað mikið fé. Verði Ölfusárbrúin fullgerð um áramót, verður hægt að nota þessi tæki við Þjórsárbrúna og byrja þá þegar að flytja þau á staðinn og hefja þannig nauðsynlegan undirbúning með því að þetta sé gert strax, þegar Ölfusárbrúin er fullgerð. Ég vil svo mælast til þess að till. verði vísað til fjvn. og síðari umr.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. flm., að það hefur orðið sú gerbreyting á umferð og vegum í landinu yfirleitt, sem hefur valdið því, að þær brýr, sem byggðar voru fyrir aldamót og þó síðar sé, hafa ekki verið gerðar fyrir þann þunga, sem á þær hefur verið lagður nú. Vegamálaskrifstofan og vegamálastjóri hefur fylgzt með þessu og gert sínar ráðstafanir eftir því, sem hægt hefur verið. Því miður verður að segja það, að það eru fleiri brýr en Ölfusárbrúin og Þjórsárbrúin, sem svona hagar til um. En það er talsvert vandamál, hvernig úr þessu skuli leysa. Það hefur í bili orðið að grípa til þess að styrkja brýrnar eins og hægt hefur verið og um leið setja reglur um það, hversu mikinn þunga mætti flytja yfir þær í hvert sinn. Þetta skapar óþægindi að vísu, að takmarka þannig þungann, sem bílarnir mega flytja yfir brýrnar í einu, en við því er ekkert að segja, því að öryggið verður þó að ganga fyrir öllu.

Út af Þjórsárbrúnni vil ég sérstaklega segja það, að vegamálastjóri hefur haft það mál í undirbúningi nú undanfarin ár, bæði hefur hann haft eftirlit með brúnni og bætt í hana strengjum og reynt að styrkja hana, svo að hún þyldi sem allra mesta umferð, þó að ekki hafi verið hægt að komast upp í það hámark, að hún þoli alla bíla. Sömuleiðis hefur hann gert athuganir á því, hvernig hagkvæmast væri að gera þarna nýja brú, og hefur þegar verið undirbúið að verulegu leyti að flytja brúna nokkuð frá þeim stað, sem hún er nú, svo að vegarsamband að henni yrði greiðara. Allt þetta er í undirbúningi, og vil ég vænta þess, að sú n., sem fær málið til athugunar, hafi um þetta mál nána samvinnu við vegamálastjóra, hvernig á því skuli tekið og öðrum hliðstæðum málum. Því að þótt það sé ágætt að geta brúað Þjórsá á næsta ári, verður líka að taka tillit til annarra brúa, sem svipað eru settar eða kannske enn verr. Það eru til brýr í landinu, sem eru enn verr farnar og þola ekki eins mikinn þunga og Þjórsárbrúin. Hv. þm. sagði, að það gæti orðið afdrifaríkt, ef ætti að bíða eftir, að það færi eins með Þjórsárbrúna og Ölfusárbrúna, og þess óskar auðvitað enginn. En eins og ég sagði í upphafi, hefur verið reynt að bjarga þessu millibilsástandi með því að setja reglur um hámarksþunga, sem megi fara yfir brýrnar, meðan þær eru í því ástandi, sem þær eru. Ef þessum reglum hefði verið fylgt með Ölfusárbrúna, hefði ekki til þess komið, að hún hefði fallið niður; þess vegna er nauðsynlegt, að þeim reglum, sem út eru gefnar, sé hlýtt, þótt óþægilegar séu, því að þær eru ekki settar að óathuguðu máli; þær eru settar til öryggis lífi manna og limum, meðan ekki er hægt að fá fullkomnari lausn en þá bráðabirgðalausn, sem fengizt hefur. Ég er þess fýsandi, að þetta mál verði athugað mjög gaumgæfilega í n., og, eins og ég sagði, einnig svipuð mál annars staðar á landinu, því að þau eru ekki síður aðkallandi, og getur vegamálaskrifstofan gefið upplýsingar um það. En það verður að segja um leið, að framkvæmd þessara mála um brúargerðir er eins og annað mjög dýrt verk, t. d. er álitið útlit fyrir, að Ölfusárbrúin kosti talsvert mikið á aðra millj. kr. Þess vegna verður þá um leið og samþ. er að hefjast handa um það verk, að sjá fyrir fjármunum til þess að greiða kostnaðinn. Að kostnaður við undirbúning verði greiddur úr ríkissjóði, er óþarfi að taka fram, því að allur kostnaður við undirbúning brúarbygginga hefur alltaf verið greiddur úr ríkissjóði, svo að sá undirbúningur þarf engum sérstökum útgjöldum að valda. — Ég sé svo ekki ástæðu til að segja meira um þetta, en vænti þess, að málið verði gaumgæfilega athugað hjá hv. n.

Flm. (Sveinbjörn Högnason): Ég vil þakka hæstv. samgmrh. fyrir skilning hans á þessu máli og góðar undirtektir, sem málið fær frá hans hendi, og vonast ég til, að hann fylgi málinu fast eftir, svo að framkvæmd þess þurfi ekki að dragast úr hófi fram.

Viðvíkjandi ummælum hans um það, að fleiri brýr séu til, sem svipað hagi til um og Þjórsárbrúna, þá hygg ég, að það sé rétt. En ég efa það stórlega, að það standi svo á um nokkra aðra brú á landinu, að mörg héruð verði að nota hana, jafnveik og hún er, fyrir alla sína flutninga að og frá, og hún sé þar að auki fyrir stórkostlega umferð á sumrin, eins og á sér stað um þessa brú. Það er svo að segja óslitinn straumur um þessa brú alla daga sumarsins og tugir bifreiða fara yfir hana á hverjum sólarhring allan ársins hring. Ég er viss um, að engin brú á landinu, eins og nú er komið, jafngömul og byggð fyrir allt aðra umferð en nú á sér stað, er eins mikið notuð og þessi brú, því að það er ekki hægt að komast nokkurn annan veg, hvorki

á sjó né landi, til þessara héraða nema um þessa einu brú. Mér þætti gaman að vita, hvar sú brú er, þar sem jafnmikil flutningaþörf er fyrir hendi og yfir Þjórsárbrúna. Því að það verða menn að athuga, að það er ekki aðeins, að þessi brú sé notuð til mikilla flutninga, heldur eru allir sjóflutningar til þessara héraða útilokaðir, og þar af leiðandi er þessi brú meira notuð en nokkur önnur brú á landinu, nema ef vera kynni Ölfusárbrúin. Ég vil taka undir það, sem hæstv. samgmrh. sagði, að æskilegt væri, að fjvn. hefði nána samvinnu við vegamálastjórnina og athugaði gaumgæfilega þá miklu þörf, sem orðin er á því að endurnýja Þjórsárbrúna.

Ég tel nauðsynlegt, að sú hv. n., sem fær þessa þáltill. til meðferðar, nái samvinnu við vegamálastjórnina um þetta efni um að athuga þörfina á öruggum samgöngum á þessari leið, þ. e. austur yfir Þjórsá, nauðsynina á endurbyggingu brúarinnar á Þjórsá og þá áhættu, sem því fylgir, ef brúin er ekki endurbyggð. Ég hygg, að ekki sé eins gömul brú á nokkru stóru vatnsfalli á landinu og á Þjórsá. Og ég efast um, að nokkurs staðar á landinu fylgi því eins mikil hætta, ef brú fer niður, og einmitt Þjórsárbrúin. Ég hef hvergi farið yfir vatnsfall á Suðurlandi, sem ég vildi síður fara ofan í, ef brú bilaði, en Þjórsá, því að í slíku tilfelli skil ég ekki í, að neinn kæmist lifandi upp úr henni, sem ofan í hana færi.

Ég skal ekki fara að rifja upp gamlar fullyrðingar um það, að Ölfusárbrúin hafi farið niður vegna þess, að ekki hafi verið fylgt þeim reglum, sem settar voru um umferð yfir brúna. Ég hygg, að víða sé pottur brotinn í þeim efnum, þannig að ekki sé í þeim efnum alltaf fullkomnasta eftirlit. Og þegar Ölfusárbrúin féll niður, þá voru reglurnar um umferð yfir hana minna brotnar en gert var svo að segja á hverjum degi áður en brúin fór niður, t. d. þegar 24 manna bifreið fór hlaðin fólki yfir brúna þá örstuttu áður. Það er erfitt í okkar mannfélagi að halda reglum í heiðri, nema eitthvert eftirlit sé haft með því. Og þegar Ölfusárbrúin fór niður, var framið aðeins smávægilegt brot á umferðarreglum yfir brúna á móts við það, sem gert var alla undanfarna daga, tímann áður en brúin fór niður.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Sþ., 24. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 60, n. 767).

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Eftir tilmælum hv. frsm., 1. þm. Rang., sem hefur fjarvistarleyfi í dag, vil ég aðeins með nokkrum orðum skýra frá afgreiðslu fjvn. á þessu máli, en álit hennar liggur fyrir á þskj. 767. Eins og þar kemur fram, fékk n. umsögn vegamálastjóra um þessa till., og er álit hans, sem hann sendi n., prentað hér á þessu þskj. N. leggur þar til, að ríkisstj. verði falið fyrir næsta Alþingi að gera till. og kostnaðaráætlun um byggingu nýrrar brúar á Þjórsá. Taldi n. að fenginni umsögn vegamálastjóra, að þetta væri heppilegasta afgreiðsla þessarar þáltill.

ATKVGR.
Brtt. 767 samþ. með 28 shlj. atkv.
Till., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 973).

---

19. Þorpsmyndun á Egilsstöðum.

Á deildafundum 16. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um ráðstafanir til þess að greiða fyrir þorpsmyndun á Egilsstöðum í Suður-Múlasýslu (A. 855).

Á 37. fundi í Sþ., 23. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Eins og kunnugt er, þá er að myndast þorp í landi Egilsstaða í Suður-Múlasýslu. Er talið, að þar muni verða eins konar miðstöð uppi í landi fyrir ýmis viðskipti á Austurlandi. Það er þegar búið að setja þar niður nokkrar byggingar og búið að gera skipun á væntanlegu þorpi þar. Hins vegar hafa enn þá af hálfu hins opinbera ekki verið gerðar neinar ráðstafanir til þess að létta fyrir með þeim, sem vildu setjast þarna að, með því að setja þar upp nauðsynleg tæki, svo sem vatnsveitu, skolpveitu og annað slíkt. Nú hafði verið í ráði að leggja fyrir Alþingi lagafrv. um þorpsmyndun á Egilsstöðum með nokkuð svipuðum hætti og þau l., sem nú hafa verið afgr. frá Alþingi um nýbyggingar á Skagaströnd. Þetta frv. varð svo síðbúið, að sýnt þótti, að það mundi ekki ná afgreiðslu á Alþingi því, er nú situr. Hefur því orðið að samkomulagi milli mín og hv. þm. fyrir Austurland, að ég flytti þáltill. um þetta mál, og er það einnig gert í samráði við hæstv. fjmrh. Er ætlazt til, að leitað verði samninga um kaup á landi undir þorp á Egilsstöðum og jafnframt verði skipuð þar einhver bæjarstj. til að sjá um þessi mál, þangað til þeim verður skipað með l. Að sjálfsögðu verður þessi heimild ekki notuð nema samkomulag fáist við landeigendur, og enn fremur þarf að leita samkomulags við viðkomandi hrepp, þannig að það geti flýtt fyrir um skil milli hreppanna, þegar Alþingi kemur saman næst.

Myndun sveitaþorpa, slíkra sem þarna er að myndast, er að ýmsu leyti merkileg, og þyrfti að setja um þetta alveg sérstaka löggjöf, og mun tíminn þá verða notaður, þangað til næsta Alþingi kemur saman, bæði til þess að leita samninga við landeigendur og eins til þess að undirbúa löggjöf um þetta.

Ég sé ekki ástæðu til þess að segja fleira um þetta mál, en óska þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr. og fjvn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er í sambandi við þær aðferðir, sem viðhafðar eru, þegar verið er að koma hér upp þorpum, sem mig langar til að segja hér nokkur orð.

Ég held, að það sé mjög æskilegt, að áður en fram koma opinberar till. um ákveðinn stað, þar sem á að setja upp bæi, þá sé jafnvel byrjað á því, þegar farið er að undirbúa skipulag bæjanna, ekki sízt þar, sem litlar eða engar byggingar eru fyrir, að ríkisstj. kaupi upp jarðirnar, áður en farið er að tala um svona bæjarmyndun. Það eru svo hörmuleg dæmi, sem menn hafa fyrir þá sök, hvernig gengið hefur að semja við landeigendur, þegar slík þorp hafa verið sett upp, eða bæir á þeirra lóðum, svo að það hlýtur að hræða okkur frá þessari aðferð. Við vitum t. d. á þessum stað, hvernig það gekk þarna með flugvöllinn, og það þarf á einhvern hátt að tryggja, að það sé ekki hægt að misbeita landeigandaréttinum eins og gert er á þessum stað, og það er varla hægt með öðru móti en því að reyna við viðkomandi landeigendur að fá landið með sæmilegu verði, og ef það ekki tekst, þá sé bókstaflega ekki við staðinn átt, svo framarlega sem hægt er að finna svipaðan stað, sem gæti fullnægt samsvarandi tilætlun. Maður veit, að þegar svona till. er komin fram, þá kostar hún okkur hundruð þúsunda í hækkuðu jarðarverði, sem jörðin er sprengd upp fyrir það, að farið er að tala um þessa hluti, ég tala ekki um það, ef farið er að taka ákvarðanir. Og ef hæstiréttur ætti að koma til, þá er hann viss með að hafa þá undarlegu hugmynd, sem hann hefur haft við svona jarðarmat, að sprengja verðið upp með það fyrir augum, að þarna muni sem sé verða mjög dýrar lóðir í framtíðinni, af því að þarna er ákveðið að reisa bæ. Það er þess vegna tvímælalaust fyrsta verkið, sem þarf að gera, áður en farið er að skipuleggja svona, það er að vera búinn að kaupa upp viðkomandi jarðir.

Ég vil þess vegna sérstaklega undirstrika það í ræðu hæstv. dómsmrh., sem hann sagði, að það mundi ekki verða úr svona þorpsmyndun, ef ekki er hægt að fá mjög sæmilega skilmála um jarðakaup, og þegar næst verður hugsað til svona þorpsmyndunar, sem ég vona, að verði bráðlega, þá yrði, áður en svona till. koma fram, búið að kaupa jarðirnar af ríkinu, og ég álít rétt, að ríkið hafi slíkan rétt, því að það dugir ekki, þegar verið er að skipuleggja þorp, að jarðeigendur geti þar sett stólinn fyrir dyrnar. Ég vil láta þetta koma fram í sambandi við þessa umr. um þessa þörfu og heppilegu till., sem ég álít, að hefði helzt átt að koma fram fyrst eftir að búið var að kaupa jörðina.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, vil ég láta þess getið, að það er víst öllum kunnugt, að á þessum stað er nú þegar farið þorp að vaxa upp, án þess að nokkur löggjöf hafi komið fram um það frá Alþingi, og það mundi vaxa skipulagslaust upp á þessum stað, ef Alþingi skiptir sér ekki neitt af málinu, og svo þegar búið væri að byggja upp nokkuð margar byggingar, þá mundi landið vitanlega nokkuð hækka í verði, og væri þá ekki hægt að greiða fyrir þeim mönnum, sem þarna ætluðu að taka sér bólfestu, nokkuð líkt því, sem hægt er að gera með því að bregða nú við og reyna að koma á þetta mál einhverju skipulagi frá upphafi. Annars vildi ég um leið láta þess getið, að ég tel mjög misráðið, hversu lítil lönd hafa verið lögð til sveitaþorpa, sem stofnuð hafa verið, því að vitanlegt er það, að þeir menn, sem vilja setjast að í sveitaþorpum, þeir hafa jafnvel enn þá ríkari þörf fyrir nokkurt landrými en þeir, sem búa í sjávarþorpum og stunda búskap jafnhliða annarri atvinnu sinni. Eins og það hefur komið fram, að lagt hefur verið of lítið land til sjávarþorpa, eins hefur það komið fram, að lagt hefur verið of lítið land til sveitaþorpa, og það er að minni hyggju enn þá nauðsynlegra að gæta þess, að sveitaþorp fái nóg landrými þegar frá upphafi. Ég hefði þess vegna talið, að þessi heimild hefði átt að vera enn þá ríflegri en hún er, en þetta var gert til samkomulags og álitið, að landið þyrfti ekki að vera meira, eins og sakir standa, en ef möguleikar væru til að leggja meira land undir þorpið á Egilsstöðum með viðráðanlegum kostnaði, þá teldi ég fyrir mitt leyti rétt að gera ráðstafanir til þess.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv. og til fjvn. með 29 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Sþ., 24. apríl, var till. tekin til síðari umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 41. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 855, n. 958 og 966).

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Ég get látið nægja að vísa á nál. á þskj. 958, en þar mæla sex nefndarmenn með því, að till. verði samþ. óbreytt. Formaður n., hv. þm. Barð., gefur þó út sérálit á þskj. 966, þar sem hann leggur til, að málið verði afgr. með rökst. dagskrá. Ég get ekki séð, að þessi dagskrá hans greiði neitt fyrir málinu, og get ég ekki fallizt á þá afgreiðslu málsins.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Ég hef ekki getað orðið sammála hv. meðnm. mínum. Mér sýnist, að ekki sé hægt að forðast verðhækkanir á landi, þótt teknar séu á því eignarheimildir. Ég tel nauðsyn bera til, að málið sé betur athugað og tekið fastari tökum. Ég tel heldur ekkert aðkallandi að reisa þorp þarna, og mætti athugun því gjarnan bíða, þar til á næsta þingi. Ég legg því til, að rökst. dagskráin sé samþ.

ATKVGR.
Rökst. dagskráin á þskj. 966, frá minni hl. fjvn., felld með 20:7 atkv.
Till. samþ. með 25:2 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 1000).

20. Brúargerð á Hvítá hjá Iðu.

Á deildafundum 23. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um brúargerð á Hvítá hjá Iðu (A. 201).

Á 10. og 11. fundi í Sþ., 28. nóv. og 5. des., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 26. fundi í Sþ., 11. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Ég tel alveg nauðsynjalaust að fara mörgum orðum um þáltill. þessa, því að hún lýtur að málefni, sem hv. þm. er kunnugt og fullljóst, því að það hefur áður verið rætt hér á hæstv. Alþ. — Það hefur verið samþ. þáltill. um brúargerð þarna, þ. e. a. s., að aðkallandi nauðsyn sé, að þessi brú verði gerð á Hvítá þarna hjá Iðu. Þessi nauðsyn hefur verið viðurkennd á hæstv. Alþ. með samþykkt þáltill. En þessi endurtekning á að bera þetta mál fram er einungis sprottin af því, að hin fyrri samþykkt laut að flutningi hinnar gömlu Ölfusárbrúar þangað upp að Hvítá, ef hún væri nothæf þar. En athugun á því máli hefur leitt í ljós, að svo sé ekki. En nauðsynin á að brúa Hvítá hjá Iðu stendur óbreytt og er náttúrlega því meiri sem lengra líður. Og af þessum ástæðum er þessi þáltill. borin fram.
Ég geri ráð fyrir, að það verði ekki komizt hjá því að vísa þessari þáltill. til n. og væntanlega hv. fjvn., og skal það ekki verða til þess að tefja fyrir þessari till., að ég eyði hér um hana mörgum orðum sem frsm. við flutning hennar.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 26:1 atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Sþ., 24. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 201, n. 837, 877).
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 41. fundi í Sþ., 27. apríl, var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.
Till. á þskj. 837, frá fjvn., um að vísa málinu til ríkisstj., felld með 18:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: FJ, GJ, HelgJ, IngP, PO, SK, SkG, ÞÞ, ÞB, BK.
nei: GÞ, HB, IngJ, JJós, JJ, JörB, ÁS, LJóh, PZ, PÞ, SigfS, SG, SEH, STh, StgrSt, ÁÁ, EE, JPálm.
PHerm greiddi ekki atkv.
23 þm. (EystJ, GSv, GÍG, GTh, HG, HermJ, JS, LJós, MJ, ÓTh, PM, SB, StJSt, StgrA, SvbH, ÁkJ, BG, BSt, BÁ, BBen, BrB, EOl, EmJ) fjarstaddir.
Brtt. 877 samþ. með 26 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JörB, ÁS, LJóh, PHerm, PÞ, PO, SigfS, SG, SEH, STh, StgrSt, ÞÞ, ÞB, ÁÁ, BK, EE, EystJ, FJ, GÞ, HB, HelgJ, HermJ, IngJ, JJós, JJ, JPálm.
PZ, SK, SkG, GJ, IngP greiddu ekki atkv.
21 þm. (LJós, MJ, ÓTh, PM, SB, StJSt, StgrA, SvbH, ÁkJ, BG, BSt, BÁ, BBen, BrB, EOl, EmJ, GSv, GÍG, GTh, HG, JS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Páll Zóphóníasson: Ég tel óviðeigandi og óþinglegt, að þetta fjárhagsmál, sem heyrir til fjhn., skuli vera svona afgr., og tek því ekki þátt í atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 21:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SigfS, SG, SEH, STh, StgrSt, ÞB, ÁÁ, EE, GÞ, HB, HelgJ, HermJ, IngJ, JJós, JJ, JörB, ÁS, LJóh, PHerm, PÞ, JPálm.
nei: FJ, GJ.
PO, SK, SkG, ÞÞ, BK, IngP, ÓTh, PZ greiddu ekki atkv.
21 þm. (PM, SB, StJSt, StgrA, SvbH, ÁkJ, BG, BSt, BÁ, BBen, BrB, EOl, EmJ, EystJ, GSv, GÍG, GTh, HG, JS, LJós, MJ) fjarstaddir.
Till. afgr. sem ályktun Alþ. (A. 1001).

---

21. Fjárskipti.

Á deildafundum 12. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um fjárskipti á svæðinu milli Skjálfandafljóts og varnargirðinga í Eyjafirði (A. 769).

Á 37. fundi í Sþ., 23. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Þessi till. er flutt eftir beiðni bænda í Eyjafirði austan Akureyrar og Þingeyjarsýslu vestanverðri.
Það er skemmst af því að segja, að þeir þar fyrir norðan eru komnir að þeirri niðurstöðu, þar sem ekki er um annað að tala en sauðfjárbúskap, að þeir geti ekki beðið eftir þeim lækningum á sauðfé, sem vonazt er eftir. Þingeyingar hafa þrem sinnum ráðizt í að skipta um sauðfé með aðstoð ríkisins. Fyrst var Reykdælahreppur, hann var girtur af, þar næst voru fimm hreppar austan Skjálfandafljóts og í fyrra Mývatnssveit hálf og Bárðardalur. Í öll skiptin voru bændur nokkuð skiptir um, hvort ætti að leggja út í þetta. En samt varð niðurstaðan í þessi þrjú skipti, að það lægi ekki nema landauðn við, ef ekki væri að gert. Nú er í ráði að halda áfram á þessari braut og hafa fjárskipti á svæðinu alla leið vestur að varnargirðingunni í Eyjafirði. Sendimenn úr þessum héruðum komu hingað og áttu tal við sauðfjárveikinefnd, sem mælti einhuga með þessum skiptum. Þar næst var talað við ríkisstj., sérstaklega hæstv. fjmrh., sem tók málinu vel, og síðan við landbn. beggja d., sem mæltu með því einhuga, og fjmrh. sagði,

að hann mundi framkvæma fjárskiptin, ef Alþingi samþ. það, annars sæi hann sér það ekki fært, þó að hann tæki vel í málið. Þess vegna óskaði n., að þm. S-Þ. og Eyf. bæru málið fram með þessum meðmælum.

Ég vil aðeins bæta því við, að þannig stendur á í Eyjafjarðarsýslu norðan Akureyrar og í Skagafirði norðanverðum, þar sem garnapestin hefur verið og reynt er að útrýma henni með takmörkuðum fjárskiptum, að þar heldur veikin áfram ískyggilegar en áður, þannig að bændur í Eyjafirði norðan þessarar línu og í Skagafirði hafa mjög mælt með þessu, af því að þeir álíta, að næsta skrefið verði Eyjafjörður vestanverður og Skagafjörður austan vatna, en það mál liggur ekki fyrir nú, heldur vil ég skýra frá því, að eins og stendur trúa bændur fyrir norðan á það, að það sé helzta úrræðið að útrýma á þennan hátt sýkta stofninum og fá heilbrigt fé í staðinn, þó að það verði til þess, að fjárstofn þeirra minnki fyrst í stað. Einnig eru nú uppi tilraunir um að fá fluttan inn með vísindalegum aðferðum nýjan fjárstofn, en út í það fer ég ekki hér. Það er einn kunnáttumaður í Eyjafirði að gera tilraunir með þá hluti, þó að það sé ekki af útlendum fjárstofni. Munu margir landbúnaðarmenn hallast að því að láta það fara saman að halda hreinum íslenzkum fjárstofni á vissum svæðum og freista svo að brynja sig móti komandi hættu með aðferðum, sem nú er verið að gera tilraunir með og menn gera sér vonir um.

Það þykir líklega hlýða að vísa þessu stóra máli til fjvn., og vona ég þá, að hún geti tekið það til meðferðar sem allra fyrst, svo að málið dagi ekki uppi, heldur annaðhvort verði samþ., sem ég vona að verði, eða þá fellt, ef það hefur ekki þingfylgi, en það vil ég heldur en það dagi uppi, því að það er þó hrein afgreiðsla. Ég álít málið svo gott, að það eigi skilið að verða samþ., en það, sem mér þætti verst, væri, að það yrði ekki afgr.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 30 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Sþ., 24. apríl, var till. tekin til síðari umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 41. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 769, n. 963 og 965).

Frsm. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Herra forseti. Þessi till. á þskj. 769 er flutt af hv. þm. S-Þ. og báðum hv. þm. Eyf. og fjallar um það að heimila ríkisstj. að verja úr ríkissjóði á árunum 1946—49 1 millj. og 700 þús. kr. til fjárskipta á svæðinu milli Skjálfandafljóts og varnargirðinganna í Eyjafirði, með samþykki bænda á téðu svæði.

Þetta mál hefur í héraði fengið áskilinn undirbúning. Leynileg atkvgr. hefur farið fram í héruðunum og fjárskiptin samþ. með 191 atkv. gegn 34. Löglegum undirbúningi málsins er því lokið.

Hinn 24. apríl var málið tekið fyrir í fjvn., en n. varð ekki alls kostar sammála. Einn þm., hv. þm. Barð., skilaði séráliti og annar þm., hv. 4. landsk., tók ekki afstöðu í málinu. Hinir nm. voru sammála um að mæla með till. óbreyttri. Með þáltill. þessari fylgir álit sauðfjársjúkdómanefndar. Leyfi ég mér að vísa til þess, þar eð þar er fram tekið flest af því, sem til greina kemur. En ég vil undirstrika það, sem n. segir, að þetta muni auka mjög öryggi. Þeir, sem kunnugir eru, vita, að búið er að kaupa nýjan fjárstofn austan við girðinguna, og vestan girðingarinnar í Saurbæjarhreppi er veikin ekki heldur. Ég tel mikilvægt að koma í veg fyrir, að veikin berist austur og vestur á bóginn og tel því ákaflega ríka ástæðu til að samþ. þessi fjárskipti.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta, því að í nál. er náið skýrt frá málinu. En n. leggur til, að till. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hef ekki getað átt samleið með meðnm. mínum um málið. Ég hef í fyrsta lagi ekki talið rétt að samþ. framlag til ársloka 1949 og að það væri verkefni síðari þ., hve mikið fé væri tekið til þessara framkvæmda. Ég hefði þó kannske getað samþ. að fá 75 þús. kr. af þessa árs fjárlögum og 200 þús. kr. að því er lömb snertir. En um þetta varð ekki samkomulag. Ég vil benda á það, að samkv. samtali við fjmrh. um þetta, þá taldi hann aðalatriðið í þessu máli það, hvort yfirleitt ætti að leyfa fjárskipti eða ekki hvar sem með þyrfti á landinu. Á þessu ári eru veittar 3 millj. kr. til sjúkdóma, og hér er farið fram á stórfé í viðbót, eða 1700 þús. kr. Hæstv. fjmrh. vildi komast að því, hvort þingvilji væri fyrir því, að fjárskipti færu fram yfirleitt. Mér finnst ekki vera neitt um þetta í till. Ég vil leyfa mér að benda á það, að á þskj., fskj. 3, stendur það, að byggja verði mikið á vörzlu, þar eð torvelt sé að girða á sumum svæðum. Þetta finnst mér ákaflega veikt, þar eð ekkert öryggi er fyrir því, að hægt sé að einangra veikina. (*BSt:* Þetta er aðeins eitt lítið skarð). Það getur orðið um vanrækslu að ræða og geta þá 1—2 sýktar kindur komizt í gegn og þá er þessu fé kastað á glæ. Ég vil benda á það, að síðast á þessu fskj. leggur sauðfjársjúkdómanefnd til, „að hlutaðeigandi fjáreigendur geri ekki kröfu til meiri girðinga, þar til séð væri, hvort um verulega hættu væri að ræða vestan að, en sem svarar 20—25 km., er verði notað til tvöföldunar á þeim girðingum, sem fyrir eru, þar sem mest þörf er talin, og til einhverrar framlengingar á fjöllunum fram af Saurbæjarhreppi." Svo er þar annað mikilsvert atriði: „Að sérstök fjárveiting fáist á því ári, sem fjárskipti færu fram, og næstu árum, og verði ekki þess vegna dregið úr öðrum fjárveitingum til varnanna."

Ég veit ekki, hvort ráðh. telur sig bundinn af þessu skilyrði, og ætti það þá að vera í till. Hef ég því leyft mér að breyta tillgr. svo: Alþ. ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði fé til fjárskipta í landinu, eftir því sem sauðfjársjúkdómanefnd leggur til á hverjum tíma, og með þeim skilyrðum, er hún kann að

setja, enda fari fjárskiptin fram samkv. fyrirmælum l. þar um á hverjum tíma.

Ef þetta yrði samþ., þá er það viljayfirlýsing um, að það ætti að gilda fyrir allt landið, en annars aðeins bundið við Þingeyjarsýslu. Einnig hef ég breytt fyrirsögninni svo, að þetta yrði um fjárskipti almennt.

Loks legg ég svo til, að mínar brtt. verði samþ., og vildi enn fremur óska þess, að meiri hl. þm. yrði viðstaddur atkvgr.

Frsm. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Herra forseti. Aðeins stutt aths. út af ræðu hv. þm. Barð. Í fyrsta lagi virðist þessi heimild um almenn fjárskipti óþörf, þar eð í l. frá 1941 hefur ráðh. þessa heimild. En í þessu einstaka tilfelli hefði hann kannske viljað hafa þingvilja bak við sig. Í l. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nú hefur landbrh. ákveðið, að útrýming og fjárskipti skuli fram fara í einstöku héraði, samkvæmt ósk lögmæts meiri hluta fjáreigenda á því svæði og sauðfjársjúkdómanefnd telur öruggt, að hægt verði að útvega hæfilega margt af ósýktu fé til fjárskiptanna, og skal hún þá tilkynna framkvæmdastjóra fjárskiptanna, hvenær þau skuli fara fram. Sauðfjársjúkdómanefnd undirbýr útrýmingu og fjárskipti í samráði við framkvæmdastjóra fjárskiptanna í hlutaðeigandi héraði."

Það virðist auðsætt af þessu, að ráðh. hafi þessa heimild. Ég vil og segja það út af því, sem hv. þm. Barð. sagði um að heimila aðeins 240 þús. kr. til þess á þessu ári, að það er sama og að eyðileggja málið. Þetta 240 þús. kr. framlag næmi aðeins kostnaðinum við flutning fjárins, og engar sveitir legðu út í þessar aðgerðir nema bætur fengjust í staðinn. Ég vil segja það, að þessi till. hv. form. fjvn., um að veita almenna heimild til fjárskipta, er hvorki viðkunnanleg né þörf, því ég sé ekki betur en ráðh. hafi hana fyrir.

Viðvíkjandi þeim ummælum hv. þm. Barð., þar sem hann vitnar í visst atriði í umsögn sauðfjársjúkdómanefndar, að hætta sé á, að fé fari á milli, þá tel ég, að það auki einmitt nauðsynina. Austan Héraðsvatna og í Saurbæjarhreppi er ósýkt svæði, og hættan er meiri þegar sýkt svæði er í námunda.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta, en meiri hl. n. leggur til, að till. verði samþ. **óbreytt.**

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Það orkar ekki tvímælis, að það er rétt hjá hv. þm. N-Þ., að ríkisstj. hefur heimild til þess í l. að verja fé eins og í þáltill. þessari felst, og að því leyti er ekki þörf að flytja gagntill. Hins vegar var það svo, þegar fjárskiptamálið var til úrlausnar í vor, að ég vildi ekki, að byrjað væri á aðgerðum og taka á mig ábyrgð fyrir þessu, úr því að þing sat.

Forseti hefur nú mælzt til þess, að hér yrði ekki farið út í almennar umr. um málið, en ég sé mér ekki annað fært en fara nokkuð út í almennar hugleiðingar um það, úr því að umr. um það eru byrjaðar.

Ég held, að mér sé óhætt að segja það, að síðan byrjað var að ræða um þetta mál, hafi verið uppi í því 2—3 stefnur. Sumir hafa viljað niðurskurð og reyna þannig að útrýma sýkinni. Aðrir hafa viljað koma upp ónæmari stofni en nú er, og hafa menn talið, að á nokkrum tíma mætti finna stofn, er ekki væri næmari fyrir sýkinni en svo, að hægt væri að reka sauðfjárrækt hér á landi áfram. En aðrir hafa þá talið rétt að flytja inn fé til blöndunar og koma á þann hátt upp ónæmari stofni. Síðan ég hef kynnt mér málið, hef ég trúað því, að bezt væri að reyna að koma upp stofni með erlendri kynblöndun, og a. m. k. sums staðar hafa kynblendingar reynzt hraustari. Í samræmi við þetta var á fyrri hluta þessa þings borin fram till. um að flytja inn enska hrúta til kynblöndunar, sem síðar yrðu svo notaðir til tæknifrjóvgunar. Sauðfjárræktarráðunauturinn var þessu fylgjandi, en Sigurður Hlíðar, yfirdýralæknir, var því mótfallinn. Ég sé satt að segja ekki, að eins og nú er komið sé neinu að tapa. Það varð svo ofan á, að tilraun yrði gerð með tæknifrjóvgun, en hún mistókst.

Þessi stefna hefur sem sagt ekki haft byr á Alþ., og því verið farin sú leið, sem hér um ræðir, því að ástandið er óviðunandi. Undanfarin 5 ár hafa farið fram niðurskurðir milli Skjálfandafljóts og Jökulsár. Ég var settur í þann vanda í fyrrahaust að heimila niðurskurð í Bárðardal og Mývatnssveit. Í upphafi var sauðfjársjúkdómanefnd þessu mótfallin, en það, sem gerði, að ég samþ. niðurskurð, var það, að ég vildi ekki, að Mývatnssveit, ein fegursta og merkilegasta sveit landsins, færi í auðn, en til eyðingar sveitarinnar horfði, ef ekkert hefði verið aðhafzt. Og ég varð að bjarga því.

En með þessu var þó ekki mörkuð nein stefna í málunum almennt, heldur var í þessu tilfelli um það að ræða að bjarga heilli sveit. Það mátti réttlæta niðurskurðinn með því, að í því fælist trygging fyrir því, að sjúkdómurinn dreifðist ekki út á Tjörnes, þar sem áður hafði verið skorið niður. Og þess ber að minnast, að þessar sveitir höfðu aðallega lifað á sauðfjárrækt. Hins vegar tel ég, að með þessum niðurskurði horfi mjög á annan veg. Í sumum þeim sveitum, sem um ræðir, mundu menn ekki komast hjá sauðfjárrækt, en aðrar gætu aftur á móti lifað á mjólkurframleiðslu. Naumast er hægt að rökstyðja niðurskurð hér með því, að verið væri að bjarga öðrum sveitum frá hættunni.

Mér virðist því, að ef hér yrði heimilaður niðurskurður, þá væri í rauninni þar með mörkuð stefna í þessum málum, og ef till. verður samþ., að þá muni Alþ. vera fylgjandi niðurskurði. Helztu rök munu þá vera, að niðurskurður sé lausnin út úr núverandi vandræðum. Í framtíðinni mun svo ekki verða hægt að neita um niðurskurð annars staðar.

Ég verð að segja það, að úr því að Alþ. hefur ekki fallizt á að reyna kynblöndun, þá er ekki um aðra leið að ræða en þessa. Ég hef að vísu ekki mikla trú á því, að hægt sé að útrýma veikinni með þessu, þar sem sjúkdómurinn gæti jafnt fyrir því breiðzt út, enda hefur það komið fyrir í Rangárvallasýslu, þó að þar séu mjög sterkar varnir. Sé nú hins vegar svo, að Alþ. aðhyllist það að skipta landinu niður í skákir

og skera niður, þá tel ég, að Alþ. verði að taka allt málið til almennrar athugunar. Ég tel, að líka verði að athuga um breyt. á l. um bætur fyrir niðurskurð. Einnig tel ég, að leggja verði niður bætur til þess að ala upp fé á sýktum svæðum, því að þar er byggt upp með annarri hendinni, sem rifið er niður með hinni. Þessi þáltill. er fram komin í samráði við mig. Ég tel, að hér sé verið að velja um stefnur í þessu máli, og ég vil, að þm. geri sér það ljóst, að hér eru þeir í raun og veru að greiða atkv. um það, hvort yfirleitt skuli skera niður eða ekki á sýktum svæðum.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég vildi þakka hv. fjvn. og hæstv. landbrh. fyrir stuðning þeirra við þetta mál. Ég held, að óhætt sé að líta svo á, að þetta mál sé beint hallærismál. Ég vil aðeins benda á það, að Kristján á Halldórsstöðum átti 160 ær áður en pestin kom, en hefur nú 20, og sjá menn þá, að hér er um fullkomna eyðingu að ræða. Og ef þessi héruð leggjast í eyði, þá verður dýrt að byggja upp ný heimili fyrir fólkið, sem flosnar þaðan upp. Húnavatnssýslur, er teljast einar blómlegustu sýslur landsins, eru nú orðnar mjög fjárlitlar.

Ég hygg, að sú skoðun sé rétt, að þetta verði að teljast endanleg ákvörðun í málinu, en vil og benda á það, að bændur fara ekki fram á þetta nema út úr neyð, því að mönnum þykir svo vænt um skepnurnar sínar, að það er ekki fyrr en allt um þrýtur, að þeir grípa til þessa ráðs. Einn þeirra, sem manna mest hefur orðið fyrir barðinu á þessari veiki, er hv. 2. þm. Skagf., Jón Sigurðsson, og telur hann, að nauðsyn beri til, að fjárskiptin fari fram. Það gerir ekki fjárskiptin viðunanlegri, að bændur gera þau aldrei nema farið sé að sverfa fast að þeim.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Ég held, að það sé ljóst, eins og hæstv. fjmrh. tók fram, að með samþykkt þessarar till. sé tekin ákvörðun um það að hefja almenn fjárskipti á landinu og að því leyti sé till. hv. þm. Barð. ekki þörf. Það leiðir af sjálfu sér, að halda verður þessu áfram, ef nú verður farið af stað. En ég vil aðeins benda á það, að mér virðist, að í nál. hv. þm. Barð. og í þeirri brtt., sem hann leggur hér fram, sé allmikið ósamræmi, sem ég vildi benda á í sambandi við þá afstöðu, sem ég mundi taka til þeirra brtt. Hv. þm. segir í niðurlagi nál., að það sé ekki þörf á þessu þ. að samþ. með þál. útgjöld á árunum 1947—1949, og að réttara sé, að það sé gert í fjárl. En það er ljóst, að eins og brtt. er orðuð, þá er alveg sams konar heimild fyrir til þess að stofna til þeirra útgjalda á þessu ári. Og hún er kannske viðtækari en þessi þál. Þar segir, að ríkisstj. sé heimilt að greiða úr ríkissjóði eftir því, sem sauðfjársjúkdóman. leggur til á hverjum tíma, og með þeim skilyrðum, sem þar kunna að vera sett, og fjárskipti fari fram samkv. fyrirmælum l. þar um á hverjum tíma. Nú liggur hér fyrir, að þessi n. leggur til, að þessi fjárskipti fari fram. Það er gert ráð fyrir því í l. og eins í þál. um þetta efni, að þessar framkvæmdir og fjárbætur í sambandi við þær fari fram á nokkrum árum. En hins vegar er í brtt. hv. þm. Barð. lagt til, að greitt verði miklu meira fé á hverju ári til þessa, ef óskir komi fram um það, og að því leyti er um miklu viðtækari fjárgreiðslur úr ríkissjóði að ræða en gert er ráð fyrir í þáltill. Og samkv. þeim upplýsingum, sem hæstv. landbrh. hefur gefið hér, lítur hann svo á, að með samþ. hinnar upprunalegu þáltill. sé stefnt að því, að almenn fjárskipti fari fram í landinu, og að því leyti virðist brtt. hv. þm. Barð. óþörf til þess að túlka hug og afstöðu hæstv. landbrh. að því er snertir þessar framkvæmdir. En náttúrlega hef ég fyrir mitt leyti ekkert við það að athuga, þó að rýmkað yrði um fjárgreiðsluheimildina fram yfir það, sem felst í hinni upprunalegu þáltill., frá því sjónarmiði séð, að ég veit, að á þeim svæðum, eins og í Borgarfirði og Húnavatnssýslu, þar sem menn hafa búið allra lengst við þessa veiki, eru menn að verða alveg ráðþrota og sjá nú ekki annað úrræði en að grípa til fjárskipta. Út frá þessu séð hef ég ekkert á móti því, að rýmkað verði eitthvað um þessa heimild. En hins vegar verðum við að gera okkur ljóst, að þessi fjárskipti verður að taka í áföngum, meðal annars af því, að það þarf ekki að gera ráð fyrir því, að fé, sem fyrir hendi er á hverjum tíma hjá ríkissjóði, verði meira en það, að það verði að taka þetta í áföngum. Þetta eru ákaflega kostnaðarsamar framkvæmdir fyrir ríkissjóð, þó að þær væru ekki hafðar meiri en þáltill. gerir ráð fyrir, og það verður að sjálfsögðu að miða við þá getu á hverjum tíma. Þess vegna tel ég, að með tilliti til þessa sé ekki rétt, á þessu stigi málsins, að fara mikið út fyrir þá fjárgreiðslu, sem felst í þál., og taka svo að sjálfsögðu málið fyrir eftir því, sem óskir frá bændum berast til sauðfjársjúkdóman. um það, að tekin verði fyrir ný svæði til fjárskipta. Mér er ekki kunnugt um, að fyrir liggi óskir frá öðrum en þeim, sem búa á þeim svæðum, sem um ræðir í hinni upprunalegu þál. Þess vegna mun ég með tilliti til þessa greiða atkv. með þáltill., þannig að hún gangi ekki lengra í heimildum til handa ríkisstj. í þessu skyni á þessu stigi málsins.

Forseti (JPálm): Ég vil mjög mælast til þess, að hv. þm. vildu stytta mál sitt, eftir því sem þeir sjá sér fært.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, ég hafði ekki hugsað mér að taka mikinn þátt í þeim. En það var ekki alls kostar rétt með farið, þó að í höfuðdráttum væri það rétt hjá hæstv. landbrh., að ég hefði, þegar landbn. Alþ. leitaði umsagnar minnar um innflutning á sauðfé til landsins, lagzt á móti því. En þetta er ekki rétt, að ég hafi lagzt á móti því, heldur taldi ég hættuna svo mikla, að ég þorði ekki að mæla með því. Það hafa komið opinberar tilkynningar í gegnum ráðuneytið til mín frá Englandi um það, að yfirvofandi hætta gæti verið vegna gin- og klaufaveiki. Það eru bendingar til mín um það að vera á verði. Og hvernig á ég svo að gefa út flottar yfirlýsingar um það, að við skulum flytja inn þetta fé? Eða hvernig á ég svo að mæla með því að flytja inn sauðfé eða þetta frjóvgunarsæði í sauðfé nema

fyrst liggi fyrir glögg yfirlýsing um það, að þetta sæði sé úr sauðfé, sem engin pest er í? Hins vegar get ég gefið þá yfirlýsingu, að það er engin hætta á, að sæði flytji inn með sér sjúkdóm nema samgöngur séu við pestarsvæði.

Hæstv. landbrh. sagði, að það hefði verið flutt inn sæði í sauðfé frá Englandi til tilrauna, og það er rétt. En hann sagði enn fremur, að það hefði mistekizt, en það mistókst ekki, því að sjálfur sauðfjárræktarráðunautur ríkisins sagði mér það í fyrradag, þegar ég í annað skipti var boðaður á fund til sauðfjársjúkdóman. ríkisins til skrafs og ráðagerða um eitt og annað. Hann sagði mér, að það hefðu frjóvgazt hátt á annað hundrað rollur, og er það strax tilraun, ef við fáum kannske 200 lömb eða meira. Þetta er líka aðeins byrjun, og við skulum vona, að það takist betur, ef við reynum aftur. Ég er ekki svo ákaflega hræddur við innflutning á sæði til tæknilegrar frjóvgunar, ef það er tekið úr heilbrigðum fjárstofni og heilbrigðu héraði. Hins vegar er ég alveg á móti innflutningi á lifandi sauðfé, og ég mun aldrei mæla með því. Allt farganið vegna karakúlkindanna ætti að vera búið að kenna okkur það mikið, að við létum okkur ekki detta í hug að flytja oftar inn lifandi fé. Og við höfðum moskusuxa í eyjum hér við landið, en þeir drápust sjálfir. Og svona hefur það gengið. Við skulum hugsa okkur, að við flyttum inn nokkrar kindur í þessu augnamiði og hefðum þær í einhverri eyju og mann með þeim og allt væri einangrað í þrjá mánuði og allt gengi vel. Ætli fleiri færu ekki fram á að flytja inn kindur, og ef svo og svo mörgum yrði leyft það, þá er ég hálfhræddur um, að varkárnin færi að minnka. Og það er kannske ekki aðeins gin- og klaufaveikin, sem um er að ræða og við mundum standa varnarlausir gegn, það er t. d. fliðruveiki í sauðfé, og ég veit ekki, hvernig við gætum snúizt við henni, því að kindin getur sýnzt heilbrigð.

Það, sem hæstv. landbrh. var að tala um ónæmi, veit ég ekki vel, hvað hann átti við. Ráðh. var að tala um, að hægt væri kannske að fá stofn, sem væri ónæmur fyrir vissum sjúkdómum. En fyrir hverju á að verja? Það er ekki enn nægilega sannað, að hér sé um smitandi veiki að ræða, þó að hv. þm. o. fl. hafi rætt um mæðiveikina sem smitandi sjúkdóm. En fræðimönnum hefur ekki tekizt að sanna neitt í þessu máli, og allt er því í lausu lofti enn. Menn eru hér á landi að kalla hana ýmsum nöfnum, og eins borgfirzku mæðiveikina og þá þingeysku, og á önnur að vera þurr, en hin kvað vera blaut. Og eru þessi nöfn eitt dæmið um það makalausa fálm, sem hefur verið hér í 10 ár.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þær umr., sem hér hafa farið fram, sanna bezt, að það er sjálfsagt að samþ. mínar brtt. Út af því, sem hv. þm. Borgf. sagði, þá liggur það fyrir í l., að greiða skuli eftir ákveðnum fyrirmælum þessara l. Einnig er í minni brtt., að Alþ. skuli heimila ríkisstj. að greiða úr ríkissjóði fé til fjárskipta á landinu eftir því, sem sauðfjársjúkdóman. leggur til á hverjum tíma og þeim skilyrðum, sem hún kann að setja, enda fari fjárskiptin fram samkv. fyrirmælum l. þar um á hverjum tíma. Það hefur þótt sjálfsagt hér og verið skilið þannig, og af því þykir sjálfsagt að taka það fram, að ef þáltill. yrði samþ., þá séum við þar með að ákveða, að það skuli gilda um allt landið. Þetta hefur komið fram hjá hæstv. ráðh. og einnig hjá hv. þm. Borgf., að þeir hafa litið þannig á málið. Og sé svo, þá á líka að samþ. mína brtt., sem kveður á um það, hvort eigi að halda áfram niðurskurði í landinu eða ekki. Hv. Borgf. sagði, að hann vildi heldur samþ. þáltill., af því að hann áliti, að þetta mál yrði að taka í áföngum. En það verður bezt tryggt með því að samþ. mína till., og þó að farið verði eftir því, hvar þörfin er mest fyrir slíkar framkvæmdir.

ATKVGR.

Brtt. 965 felld með 21:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, ÁÁ, GJ, HB, SB.

nei: SkG, ÞB, BSt, BÁ, BK, EOl, EE, HermJ, IngJ, IngP, JS, JJ, JörB, ÁS, LJóh, PHerm, PÞ, PO, SG, SK, JPálm.

FJ, JJós, PZ, PM, SEH greiddu ekki atkv.

21 þm. (StJSt, StgrA, SvbH, ÁkJ, BG, BBen, BrB, EmJ, EystJ, GÞ, GSv, GÍG, GTh, HG, HelgJ, LJós, MJ, ÓTh, SigfS, STh, StgrSt) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Það mun nú vera alveg víst, að einn af þessum sauðfjársjúkdómum, sem talað er um að skera niður vegna, sýkir kýr (*Forseti:* Það er ekki til umr.) og að kýr geta verið sjúkar svo að árum skiptir án þess að sjáist á þeim og geta þá smitað sauðfé. Þess vegna tel ég, að þetta sé ekki svo rannsakað mál enn og liggi ekki svo ljóst fyrir, að hægt sé að gera sér þess fulla grein, hvort niðurskurður sé réttlætanlegur, og mun ég þess vegna sitja hjá.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég tel, að hvor till. sem samþ. verður, hv. þm. Barð. eða n., muni leiða til niðurskurðar. Læt ég mig því engu skipta, hvor þeirra verður samþ., og greiði ekki atkv.

Till. samþ. með 24 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, BÁ, BK, EOl, EE, GÞ, HermJ, IngP, JS, JJ, JörB, ÁS, LJóh, PHerm, PÞ, PM, PO, SG, SK, SkG, ÞÞ, ÞB, ÁÁ, JPálm.

FJ, GJ, HB, IngJ, JJós, PZ, SB, SEH greiddu ekki atkv.

20 þm. (BBen, BrB, EmJ, EystJ, GSv, GÍG, GTh, HG, HelgJ, LJós, MJ, ÓTh, SigfS, STh, StgrSt, StJSt, StgrA, SvbH, ÁkJ, BG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Hermann Jónasson: Ég tel þessa ráðstöfun neyðarráðstöfun, sem ekki verði hægt að komast hjá að gera nú þegar. En þó að ég greiði atkv. með henni, tel ég mig ekki taka óbreytanlega afstöðu til þess, að þetta sé sú leiðin, sem valin verði framvegis. Ég segi já.

Ingólfur Jónsson: Ég óskaði þess við hæstv. forseta, að hann frestaði þessari atkvgr., þar til

meginþorri þm. væri á fundi, en hann hefur neitað að verða við þeirri beiðni. Ég greiði ekki atkv.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 1002).

22. Togarakaup bæjar- og hreppsfélaga.

Á deildafundum 13. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um ríkisaðstoð til bæjar- og hreppsfélaga til togarakaupa (A. 801).

Á 37. fundi í Sþ., 23. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Ég vil í fjarveru hv. 1. flm. fara um þessa till. nokkrum orðum, þar sem nauðsyn er á að koma henni sem allra fyrst til n. Till. fer fram á að heimila ríkisstj. að ábyrgjast lán til handa eða lána bæjar- eða hreppsfélögum, sem ætla að koma upp hjá sér togaraútgerð og hafa þegar sótt um kaup á togurum, allt að 10% af kostnaðarverði skipanna, og megi lánin hvíla á 2. veðrétti í skipunum, næst á eftir stofnlánadeildarláni. Gert er ráð fyrir, að ábyrgðirnar eða lánin verði bundin því skilyrði, að viðkomandi skip verði rekin af bæjar- eða hreppssjóði eða félögum, sem njóta gagnábyrgðar bæjar- eða hreppsfélaga. Lánin mega vera afborgunarlaus fyrstu tvö árin, en greiðist síðan upp með jöfnum afborgunum á 10 árum. Alls mega þessi lán nema allt að 3 millj. kr.

Ástæðurnar fyrir þessari þáltill. eru þær, að nokkur bæjar- og sveitarfélög utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar hafa sótt um kaup á samtals 15 togurum í því skyni að koma upp togaraútgerð hjá sér, og hefur á flestum þeim stöðum ekki verið togaraútgerð áður. En, svo sem kunnugt er, er gert ráð fyrir, að verð hinna nýju togara, sem samið hefur verið um kaup á í Englandi, verði 2800000 kr. En í l. þeim um stofnlánadeild, sem nú nýlega voru samþ., er gert ráð fyrir lánum, sem til þessara skipa verði veitt, sem nemi ¾ hlutum kaupverðs togaranna, 2100000 kr. Yrðu þá bæjarfélög, sem ætla að kaupa þessa togara, að leggja fram upphæð, sem nemur 700 þús. kr. á hvern togara. Hv. flm. þáltill. telja, að mörg þessara bæjar- og sveitarfélaga, sem um kaup á þessum togurum hafa sótt, séu ekki fær um af eigin rammleik að leggja fram slíkar upphæðir, ekki sízt þar sem þessir aðilar þurfa þá einnig að leggja í ýmsan annan kostnað vegna væntanlegrar togaraútgerðar, svo sem byggingar ýmissa mannvirkja, veiðarfærakaup og ýmislegt annað til rekstrar togaraútgerðarinnar. — Hins vegar er það svo, að staðsetning hinna nýju togara er ákaflega þýðingarmikið atriði frá þjóðhagslegu sjónarmiði, og má segja, að það sé mjög óheppilegt — svo að ekki séu höfð sterkari orð —, ef allir hinir nýju togarar lentu við hafnir við Faxaflóa, en engir úti á landi, sem mundi verða til þess að draga hingað til Reykjavíkur og nágrennis flesta þá ágætu sjómenn, sem nú er starfandi í verstöðvum úti á landi. Til þess að forða þessu bera flm. fram þessa þáltill., sem nú er hér til umr. Með þessari þáltill. er reynt að bæta atvinnuskilyrðin í hinum ýmsu bæjar- og sveitarfélögum og þannig reynt að koma í veg fyrir mjög öran fólksstraum hingað til staðanna kringum Faxaflóa, sem annars væri alveg vís, ef allir hinir nýju togarar yrðu staðsettir hér við Faxaflóa. — Þrátt fyrir þessa aðstöðu, sem bæjar- og sveitarfélögum er veitt með ákvæðum þessarar þáltill., munu viðkomandi sveitar- og bæjarfélög þurfa að leggja töluvert að sér fjárhagslega, til þess að komast yfir þessi stórvirku framleiðslutæki, sem nú er verið að flytja til landsins, og virðist þess vegna ekki óviðeigandi, að ríkisvaldið stuðli að því, að þau nái kaupum á þessum togurum, sem hér er um að ræða.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um málið, nema sérstakt tilefni gefist, en óska, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 27:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til fjvn. með 30 shlj. atkv.

—

Á 38. fundi í Sþ., 24. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 801, n. 960 og 972, 961).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hef gert minnihlutaálit í þessu máli. Í tilefni af niðurlagi gr. á þskj. 960 frá meiri hl. fjvn., þá mótmæli ég fullyrðingum hv. þm. V.-Húnv., að verð togaranna sé svo hátt. Þetta er sagt út í bláinn af mönnum, sem hafa ekki meira vit á togarakaupum en köttur. Ég mótmæli því, að verðið sé hærra en eðlilegt er.

Ég sný mér beint að málinu og bendi á, að heppilegt sé að gera breyt. á tillgr. eins og sést á þskj. 972. Í fyrsta lagi er lagt til, að 1. málsgr. tillgr. orðist svo: „Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast lán, sem bæjar- og hreppsfélög kynnu að taka til kaupa á togurum þeim, sem ríkisstjórnin er nú að láta smíða í Bretlandi, ef þau með því óska að koma á hjá sér togaraútgerð.“ Síðan kemur, að ábyrgðin sé bundin eftirfarandi skilyrðum:

„1. að viðkomandi bæjar- eða hreppsfélag þarfnist fjárhagsstuðnings að dómi ríkisstjórnarinnar fram yfir þau lán, sem stofnlánadeildin veitir út á 1. veðrétt í skipunum;
2. að lánsupphæðin fari eigi yfir 10% af kostnaðarverði skipanna, enda sé lánið einnig tryggt með 2. veðrétti í skipunum og uppfærslurétti á eftir stofnlánadeildarláninu;
3. að lánskjörin séu hagkvæm að dómi ríkisstjórnarinnar;
4. að staðurinn sé hentugur fyrir togaraútgerð að dómi ríkisstjórnarinnar;
5. að viðkomandi skip verði gert út af bæjar-

eða hreppssjóði, félögum eða einstaklingum, sem njóta gagnábyrgðar bæjar- eða hreppsfélaga;

6. að ríkisstjórninni sé heimilt að setja eftirlit með útgerðinni."

Ég tel það ekki rétt né viturlegt að ábyrgjast 85% vegna togaraútgerðar á óheppilegum stöðum, og því hefur mér þótt rétt að bæta hér einnig inn í ákvæði um, að skip njóti líkra hlunninda, hvort sem gert er út af einstaklingum eða félögum. Ég sé ekki heldur neitt á móti því, að ríkisstj. hafi eftirlit með útgerðinni, er lánað er 85% af kaupverði. Þetta hefur verið gert gagnvart hafnargerðum og raforkuverum. Því er tekið fram, að stj. sé hagkvæmt að taka lán og henni sé heimilað að lána samkv. tölul. minnihlutaálits á þskj. 972. Ég tel, að með þessum breyt. sé betur séð fyrir hagsmunum ríkissjóðs í þessu máli.

Ég vil loks benda á, að hvorki í þessari till. né aðaltill. kemur fram um lán til skipa, sem seld eru til Reykjavíkur eða Hafnarfjarðar. Ég sé ekki ástæðu til annars en að hafa aðstöðu til sama réttar í Rvík og Hafnarfirði, en setja mætti skilyrði í þá átt, að önnur hreppsfélög gengju fyrir.

Ég vænti þess, að hv. alþm. samþ. till. mínar á þskj. 972.

Forseti (JPálm): Út af ræðu hv. þm. Barð. vil ég taka fram, að það er ekki hægt að gefa lánsheimild með þáltill., en aðeins með lögum, og er því ekki hægt að láta þann hluta till. koma til atkv., það stríðir á móti stjskr.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja nokkur orð, því að þeir hæstv. ráðh., sem ég flyt þáltill. með, eru ekki við.

Ég vil þakka meiri hl. fjvn. fyrir nál., þar sem 6 nm. leggja til, að þáltill. verði samþ. með þeim breyt., sem segir á þskj. 961. Hygg ég, að þetta sé í samræmi við álit meðflm. minna og að brtt. skerði ekki aðalefni till.

Hvað viðkemur brtt. hv. þm. Barð., þá vil ég segja það, að ég tel þær ekki heppilegar, og ég mæli gegn því, að þær verði samþ., en með þeim er heimild sú, er þáltill. fer fram á, ríflegri, en að öðru leyti eru brtt. hans til miska, og mælist ég til, að þær verði felldar.

Hvað viðkemur ábendingu hæstv. forseta um galla á formi till., þá ræði ég það ekki, en vil aðeins benda á, að í 40. gr. stjskr. segir: „Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild." Í till. er rætt um heimild handa ríkisstj. til þess að ábyrgjast lán eða lána. Þetta held ég að stríði ekki gegn bókstaf stjskr.

Það hefur verið á það bent af hæstv. ráðh., hve brýn nauðsyn það væri fyrir þau bæjarfélög, sem hafa pantað togara, að þetta mál nái samþykki.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. þm. Barð. bar fram áðan í ræðu sinni lítið smekklega aths., eins og honum er lagið, við nefndarálitið á þskj. 960. Þessi hv. þm. vill halda því fram, að það sé alrangt, sem þar segir, að verð togaranna sé hátt.

Það hefur nú komið í ljós áður, að verð togaranna er hærra en svo, að t. d. Englendingar vildu kaupa skip með svo háu verði, og enginn sjómaður mun leggja sama dóm á þetta og hv. þm. Barð. En það er nú vani þessa hv. þm. að kasta fram dómum án raka, og þessi hv. þm. hefur lagt hér fram brtt., sem prentaðar eru á þskj. 972, en hefur ekki getað gert þær þannig úr garði, að þær séu hæfar til þess að leggja þær fram hér. Með þeirri till. er veitt frekari heimild til þess að ganga í ábyrgð en áður. Samkv. till. hv. þm. Barð., að slepptu niðurlagi, gæti heimildin farið í 9 millj., eða þrisvar sinnum upphæð sjálfrar till. Það er fráleitt að samþykkja slíkt. Læt ég útrætt um það að sinni.

Frsm. 2. minni hl. (Gísli Jónsson): Hvað viðkemur ræðu hv. þm. N-Ísf., þá skildi ég ekki vel, við hvað hann átti með því, að till. mín væri rýmkun á lánsheimildinni og því væri mín till. óaðgengilegri. En mér skildist, að hann vildi hafa hér sem rýmst um sig. En hvað viðkemur aths. hæstv. forseta, þá gæti ég fellt úr till. minni síðustu málsgr., og yrði ég þá að bera fram brtt. við brtt. mínar á þskj. 972, og væri þá málinu bjargað, sbr. yfirlýsingu hv þm. N-Ísf.

Forseti (JPálm): Út af aths. hv. þm. Barð., þá sé ég ekki fyrirstöðu á því, að hægt sé að ljúka umr., ef hann tekur aftur síðustu málsgr. till. sinnar.

Frsm. 2. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég tek síðustu málsgr. till. minnar aftur.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Með því að hæstv. forseti hefur fallizt á skilning minn á tillgr., þá óska ég þess, að umr. verði lokið að þessu sinni.

Ég verð að segja, að er hv. þm. Barð. segist hafa skilizt á mér, að ég hefði haft annan skilning á þessu máli að undanförnu, þá er slíkt nýmæli í málsvörn, að ætla sér að rekja það hér, sem okkur hefur farið á milli í einkasamtölum. Ég hef þegar látið í ljós stefnu mína í þessu máli, og ég vil leyfa mér að mælast til þess við hæstv. forseta, að hann ljúki umr. um málið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. tekin til frh. síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Sþ., s. d., var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 972 (síðasta málsgr. tekin aftur) felld með 24:4 atkv.

— 961 samþ. með 27 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 26:3 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 1014).

23. Endurgreiðsla á verðtolli.

Á deildafundum 17. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um endurgreiðslu til eigenda hraðfrystihúsa á verðtolli (A. 890).

Á 37. fundi í Sþ., 23. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Stefán Jóh. Stefánsson): Þeim, sem áttu sæti í fjhn. Nd., þegar þessi till. var samin, þótti sýnt, að ekki væru líkur til, að frv. um breyt. á tollskrá og frv. hv. þm. Borgf. um breyt. á tollskrá mundu ná fram að ganga á yfirstandandi Alþingi. Hins vegar fannst okkur, að mjög eðlilegt væri að taka eitt atriði til úrlausnar á yfirstandandi Alþingi, en það var að heimila ríkisstj. að endurgreiða eigendum hraðfrystihúsa 22% af 30% verðtolli þeim, sem þeir hafa greitt frá 1. jan. 1945 og greiða framvegis af cellophanpappír til fiskumbúða. Cellophanpappír er notaður í innri umbúðir um hraðfrystan fisk, sem fluttur er til Bandaríkjanna, og þótti okkur ekki fært að skylda eigendur hraðfrystihúsa til að greiða af honum 30% verðtoll, svo sem verið hefur.

Ég vænti þess, að till. nái fram að ganga, og legg til, að henni verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr. og fjvn.

Skúli Guðmundsson: Hv. 1. flm. gat um það í sinni framsöguræðu, að hann teldi vafasamt, að frv. um breyt. á tollskrá, sem liggur hér fyrir þinginu, verði samþ. á þessu þingi. Ég vil af þessu taka fram, að ég vænti þess fastlega, að það frv. ásamt ýmsum brtt. við það, sem fyrir liggja, verði samþ. og afgr. frá þessu þingi. En þrátt fyrir það þótti mér ekki rétt að skorast undan því að gerast meðflm. að þessari þáltill. ásamt meðnm. mínum í fjhn. Nd. Ef frv. um breyt. á tollskrá verður samþ. og þær breyt., sem þar liggja fyrir, þá verður þessi tollendurgreiðsla meiri en hér er gert ráð fyrir, því að þá mundu eigendur hraðfrystihúsa losna alveg við að greiða verðtoll af þessari vöru, og tel ég það eðlilegast. Vænti ég því þess, að Alþingi samþ. þær breyt. á tollskrá, sem nú liggja fyrir till. um að þessu leyti.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil ekki vera að tala á móti þessu máli, en ég vil benda á, að ég tel mjög vafasamt, hvort l. verður breytt með þál. Mér er nær að halda, að það sé dómur fyrir því, að þáltill. samþ. af Alþingi breyti ekki lögum. Ég hygg þess vegna, að þessi þáltill. geri hvorki til né frá, þótt samþ. sé, því að hæstv. ríkisstj. sé ekki skyldug til að fara eftir henni, og ef hún fer eftir henni, þá sé hún að framkvæma lögbrot.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður. Ég vildi mega gera þá fyrirspurn til hv. flm., hvort fjhn., sem mér skilst, að standi að þessari till., hafi nokkra hugmynd um, hvað þetta mundi nema mikilli upphæð fyrir árið 1945. Það væri til leiðbeiningar fyrir fjvn. að fá að vita um það. Og svo er annað, hvort þetta gæti ekki náð sama tilgangi, þó að það væri látið bíða, þar til næstu fjárl. verða afgr., en þing kemur væntanlega saman í október í haust. Mér þætti það heldur þinglegri meðferð, ef hægt væri að setja þetta í fjárl. sem endurgreiðslu, en í þáltill. Ég vil aðeins fá þessar upplýsingar, af því að ég býst við, að till. fari til fjvn.

Pétur Ottesen: Ég vil aðeins út af þessum ummælum hv. þm. N-M., þar sem hann talaði um, að ef til vill væri verið að flytja hér mál, sem færi í bága við l., taka fram, að þetta er alveg misskilningur. Það, sem farið er fram á í þessari þáltill. og öðrum sams konar till., sem hér liggja fyrir, er aðeins fjárgreiðslur úr ríkissjóði alveg án tillits til þeirrar löggjafar, sem hér um hljóðar, og það er mjög algengt. Það má deila um, hvort það sé rétt aðferð að heimila ríkisstj. fjárgreiðslur úr ríkissjóði með þál., en það er algeng aðferð á Alþingi, og ekkert annað, sem felst í þessari till., en að heimila ríkisstj. að greiða þá upphæð, sem hér um ræðir.

Ég er ekki viðbúinn að svara, hver kostnaður af þessu mundi verða. Hins vegar er mér kunnugt um það, að tollur af umbúðum utan um eina smálest af fiski, sem hér er um að ræða og sendur er til Ameríku, er um 47 kr. fyrir smálestina, en sá tollur, sem hér er um að ræða, er ekki nema hluti af því, en þó sá hluti af honum, sem mest munar um, því að hann er 30%, en tollur af öðrum umbúðum er ekki nema 8%, eins og ætlazt er til, að hann verði samkv. þáltill. hvað þessa pappírstegund snertir.

Ásgeir Ásgeirsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því, sem hv. þm. Borgf. sagði, að svona þál. er vitanlega fullkomin undanþáguheimild fyrir ríkisstjórnina. Ég vil einnig benda á það, að sjálf fjárupphæðin skiptir ekki miklu máli hér. En það mundi enginn hv. þm. hafa samþ. á sinni tíð 30% verðtoll á cellophanpappír, ef það efni hefði þá verið notað í umbúðir utan um fisk til útflutnings. En þessi verðtollur á cellophanpappír er miðaður við það, að hann sé notaður í umbúðir utan um súkkulaði og brjóstsykur. Þingið hefur áður afgr. ákvæði um toll á sambærilegum vörum, og 8% tollur er það, sem svarar til þeirra reglna, sem þingið hefur fallizt á. Og hér er gert ráð fyrir að lækka tollinn á cellophanpappír niður í 8%.

Ég hygg því, að þetta mál geti ekki valdið neinum ágreiningi í þinginu.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 27 shlj. atkv.

Á 38. og 41. fundi í Sþ., 24. og 27. apríl, var till. tekin til síðari umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 42. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. enn tekin til síðari umr. (A. 890, n. 962).

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Fjvn. hefur orðið sammála um afgreiðslu till. og

leggur til, að hún verði samþ. með orðalagi því, sem er á þskj. 962. En breyt. eru aðeins orðalagsbreyt. Það stóð 22% af 30% í stað 22/30. Þetta gildir um hraðfrystan fisk til útflutnings. — N. leggur til, að till. verði samþ. svo breytt.

ATKVGR.
Brtt. 962 (ný tillgr.) samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 1015).

24. Svíþjóðarbátar.

Á deildafundum 16. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um fyrirgreiðslu til eigenda svonefndra Svíþjóðarbáta (A. 827).

Á 38. fundi í Sþ., 24. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Þetta mál er orðið dálítið kunnugt hér innan þingsins og hefur valdið allmiklum vandræðum.

Eins og kunnugt er, voru keyptir allmargir bátar frá Svíþjóð auk þeirra, sem smíðaðir hafa verið á vegum ríkisstj. Og þessir bátar, sem komu hingað til landsins fyrir nokkuð löngu, voru fluttir inn í trausti þess, að þeir mundu uppfylla þau skilyrði, sem sett eru fyrir því, að slík skip megi ganga hér við land. Það hefur ekki borið alls kostar saman vitnisburðum manna um þetta, og eigendur innfluttu bátanna halda fram, að þeir hafi frá réttum stjórnarvöldum á Íslandi fengið yfirlýsingu um það, að ef bátarnir uppfylltu byggingarskilyrði í Svíþjóð, væri óhætt að kaupa bátana inn. Og það er víst, að þessir menn hafa lagt svo mikla fjármuni í þetta, að þeim mundi ekki hafa dottið í hug að kaupa þessa báta og flytja þá til landsins nema þeir væru sjálfir sannfærðir um það, að bátarnir væru eins og gert hafði verið ráð fyrir. Hins vegar fór það svo, þegar þessir bátar komu hingað til landsins, að skipaskoðun ríkisins taldi þá ekki fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir, að skip megi vera í siglingum og við veiðar hér við land. Úr þessu hafa orðið margháttuð vandræði. Það, sem sett var út á þessa báta sérstaklega fyrir utan smávægilegan útbúnað, eins og legufæri og styrkleika á stýrinu, var það, að bátarnir væru of veikbyggðir. Út af þessu neyddust sumir eigendurnir til þess að láta vinna að viðgerð á bátunum, en þær reyndust þá svo dýrar, að t. d. einn eigandinn er búinn að kosta til viðgerðar á sínum bát á annað hundrað þúsund kr. Við aðra hefur verið hætt, af því að skipasmiðir hafa í raun og veru neitað að gera þessa breytingu og segja, að það væri fjarstæða ein að gera það. Úr þessu varð það að samkomulagi, að mæling á máttarviðum og byrðingi skyldi send til Svíþjóðar til tveggja sérfræðinga íslenzkra, sem þar væru til eftirlits með byggingu þeirra báta, sem byggðir eru á vegum ríkisstj. fyrir Íslendinga, og láta þá gera umsögn um það, hvort þessi útreikningur væri á rökum byggður. Og sendir voru út menn til þess að reikna út styrkleika bátanna að nýju, en sá útreikningur var byggður á vottorðum þeirra manna, er skoðuðu bátana hér af hálfu skipaeftirlitsins, er þeir komu frá Svíþjóð. Eftir að trúnaðarmenn ríkisstj. í Svíþjóð höfðu athugað þau skjöl, sem lágu fyrir, og á grundvelli þeirra gefið vottorð um styrkleika bátanna, hefur komið í ljós, að hinar fyrri mælingar hafa verið rangar, og bátarnir virðast nokkru sterkari. Bátarnir fengu svo undanþágu til næsta hausts. Út af þessu hefur spunnizt mikil athugun á þessu máli, og er það álit margra, bæði siglingafróðra manna og byggingarfróðra, að þessar aðfinnslur á bátunum muni ekki vera á rökum reistar. Og það er talið að minnsta kosti mjög líklegt, að hið opinbera hafi orðið þess valdandi, að þessir menn keyptu bátana og komu með þá hingað til landsins, og að það ástand, sem þeim er með þessu skapað, geri þeim mjög erfitt fyrir. Meiri hluti eigendanna hefur ekki látið breyta bátunum neitt enn þá og bíður átekta. Eftir það mikla umtal, sem orðið hefur um þetta, og vitnisburði margra merkra manna um það, að þetta séu ekki aðeins traustbyggð skip, heldur alveg sérstaklega góð sjóskip, þá þótti sjútvn. ástæða til að gera sitt til, að þetta mál yrði leyst, án þess að það yrði til tilfinnanlegs tjóns fyrir eigendur bátanna né til tilfinnanlegs þjóðfélagslegs tjóns, sem telja má, ef ágæt veiðiskip eru dæmd úr leik við veiðar hér við landið. Þá er hitt einnig vert að athuga og reyna að leiðrétta, ef bjóða á mönnum að gera stórbreytingar á skipum, sem ekki er þörf á, sem er náttúrlega mjög tilfinnanlegt fyrir þá, sem verða að bera kostnaðinn af þeim. — N. hefur þess vegna komið sér saman um að bera fram till. til þál. á þskj. 827, sem, eins og hv. þm. sjá, er þannig orðuð, að Alþ. skorar á ríkisstj. að gera ráðstafanir til, að þessir bátar fái hafnarfærisskírteini með undanþágu. En legufæri og annað munu eigendur bátanna ekkert vera á móti að laga, en það verði ekki stofnað til þess að rífa bátana að verulegu leyti, eins og gert var við einn eða tvo a. m. k. og byrjað að rífa þann þriðja, en slíkt verði ekki gert, ef dómbærir menn telja það algerlega óþarft, og í öðru lagi, að þeim mönnum, sem hafa orðið fyrir tilstilli hins opinbera að gera mjög kostnaðarsamar aðgerðir á þeim, án þess að þörf væri, þá fái þeir að rannsökuðu máli einhverjar bætur fyrir slíkt.

Ég gat þess, að við flm. till. lítum svo á, að þetta sé það þýðingarmikið mál, að því beri að sinna, og í öðru lagi, að leysa beri vandræði þessara manna einkanlega með tilliti til þess, ef það opinbera hefur skapað þeim óþægindi og fjártjón fram yfir það, sem nauðsyn bar til.

Við flm. væntum þess, að Alþ. taki þessari till. vinsamlega, einkanlega með tilliti til þess, að hér er ekki freklega til orða tekið, heldur er farið fram á, að ríkisstj. gangi úr skugga um þetta mál og uppfylli óskir till.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég geri nú ráð fyrir, að þessari till. verði vísað til n., og það verður væntanlega fjvn. En ég stend

aðeins upp til að benda þeirri n., sem fær málið til athugunar, á það, að það væri æskilegt, að hún aflaði sér sem fyllstra gagna í málinu áður en hún afgr. það og kveður upp dóm og setur fyrir Alþ.

Þetta mál er vægast sagt óvenjulegt og að ýmsu leyti leiðinlegt og verður að meðhöndlast með talsverðri gætni. Málinu var í stórum dráttum fullkomlega rétt lýst af hv. 7. þm. Reykv., frsm. málsins. Þessir bátar eru komnir hingað til landsins, en eru af skipaskoðun ríkisins dæmdir þann veg, að þeir fullnægi ekki settum reglum um gerð báta af þessari tegund, og þess vegna geta þeir ekki fengið haffærisskírteini sem slíkir eftir reglunni um þá gerð báta. Sumir þessir bátar voru þegar teknir til viðgerðar, og viðgerð hefur verið framkvæmd að meira eða minna leyti á sumum, aðrir aftur á móti bíða, og viðgerð á nokkrum er lítils háttar byrjuð. Síðan voru, þegar óánægja fór að koma í ljós, fengnir menn til Svíþjóðar til þess að ganga úr skugga um málið, að svo miklu leyti sem hægt var, bæði frá hálfu skipaskoðunarstjóra og eins eigendum bátanna, bæði til þess að afla fullkominna upplýsinga um bátana og leggja styrkleika þeirra undir úrskurð sérfræðinga þar og láta þá bera styrkleika þeirra saman við það, sem íslenzkar reglur mæla fyrir um þetta. Ég hef fengið í hendur nokkuð af þessari álitsgerð sérfræðinganna, og þær bera það með sér, að bátarnir, a. m. k. eftir þeim upplýsingum, sem sérfræðingunum voru gefnar, uppfylla ekki þær kröfur að fullu, sem gerðar eru til slíkra skipa eftir íslenzkum reglum. Hv. 7. þm. Reykv. sagði að vísu, að þær tölur, sem þessir sérfræðingar hefðu fengið, hefðu ekki verið alls kostar réttar, og það er einmitt það leiðinlega við málið, og það eitt út af fyrir sig er alveg fyllsta ástæða til að rannsaka alveg ofan í kjölinn.

Hins vegar vil ég undirstrika það, að það er engin ástæða til að álasa skipaskoðuninni fyrir það, þó að hún geri þær kröfur til þessara skipa, að þau uppfylli þær kröfur, sem íslenzkar reglugerðir setja um skip. Skipaskoðun ríkisins er vandi á höndum, og henni er oft núið um nasir, að hún sé ekki nógu ströng í eftirliti sínu og reynist ekki eins hörð í kröfum og fyrir sé skipað, og þess vegna er það náttúrlega hennar skylda að sjá svo um, að reglum sé fylgt í hvívetna. Nú má vitanlega deila um það, hvort sum atriði í þessum reglum eru þannig, að þau megi ekki álíta með fullum rétti nokkuð ströng og sum óþarflega ströng, en það er alveg sér atriði. En á meðan þessi regla er í gildi, er það verk skipaskoðunarinnar að sjá um, að reglunni sé fylgt. En auðvitað verða þeir, sem skip eiga, að geta reitt sig á dóm skipaskoðunarinnar í hverju tilfelli og að það standi, sem hún segir hverjum um sig. Skipaskoðuninni hefur líka verið nokkur vandi á höndum, vegna þess að hún hefur ekki í þjónustu sinni nema mjög takmarkaðan hóp sérfræðinga, og verður þess vegna að leita til manna, sem ekki eru beinlínis í hennar þjónustu. Nú hefur verið flutt á Alþ. frv. til l. um eftirlit með skipum, sem bætir mjög úr í þessu efni og ég mjög eindregið vildi mælast til, að næði fram að ganga, vegna þess að þar er bætt úr brýnni þörf og þörf, sem er svo aðkallandi, að vart verður unað við það ástand, sem nú er í þessum málum hér hjá okkur. Það er ekki hægt að ætlast til þess, að menn dæmi um hluti, sem þeir hafa ekki sérþekkingu á, og varla heldur hægt að ætlast til þess, að menn geti fellt dóm viðvíkjandi öllum greinum skipabygginga, þannig að þeir væru sérfræðingar í öllum greinum þar að lútandi. Margir telja sig reyndar hafa vit á öllum atriðum, en það er ekki unnt fyrir neinn einn mann að segja neitt svo óskeikult, og þeir verða að fara að meira eða minna leyti til sérfræðinga, hverra á sínu sviði. Og ég tel, að skipaskoðun ríkisins hafi verið í þessu efni talsverður vandi á höndum, þar sem hún var sérfræðingalítil eða sérfræðingalaus, er hún átti að kveða upp dóminn, og lá þá beinast við, að hún fylgdi bókstafnum í reglugerðinni, án þess að reikna út, — sem síðar var gert, — burðarþol skipanna á þann hátt, sem sérfræðingarnir gerðu.

Það er líka nýmæli í þessari þáltill., þar sem farið er fram á, að ríkissjóður bæti fyrir brot áður en það er fullrannsakað, hvort um brot sé að ræða.

Eins og ég sagði áðan, geri ég ráð fyrir, að málið fari til n. og verði athugað þar, og vildi ég láta þessi orð fylgja málinu til n., að hún athugaði til hlítar öll skjöl, áður en hún fellir um það úrskurð. Hitt væri að mínu viti til þess að veikja um of skipaskoðun ríkisins, ef hún ætti það á hættu, að Alþ. viðurkenndi, að þessi skipaskoðun væri ekki rétt, án þess að fullrannsaka málið, og gerði ríkissjóði skylt að greiða skaðabætur. Það gæti orðið til þess, að skipaskoðunin beitti ekki eftirleiðis eins miklum strangleika, og það tel ég mjög hæpinn árangur af slíkum samþykktum Alþ., og mun það ekki tilætlun flm. Allir þeir aðilar álíta, að þarna sé rétt með mál farið af þeirra hálfu, og þess vegna verður að leysa málið að fengnum öllum þeim upplýsingum og helzt, ef hægt er, með samkomulagi.

Forseti (JPálm): Ég hafði ætlað mér að koma till. til n. samkv. beiðni, en ef halda skal áfram umr. um málið, er það ekki hægt vegna þess að Nd. byrjar fund kl. 9½ og einn þm. hefur þegar kvatt sér hljóðs. Mundi hv. þm. Barð. þurfa að halda langa ræðu? (*GJ:* Nei, en þetta er mikið alvörumál). Ég sé mér ekki annað fært en að slíta fundi og fresta umr.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Vegna þess hve áliðið er þings, vildi ég beina því til hæstv. forseta, hvort ekki sé hægt að halda fundi áfram í Sþ. eftir deildafundi, til þess að koma þessu máli til n., svo að málið fengi þinglega afgreiðslu. Það ætti ekki að þurfa að taka langan tíma. Og það er ekki hvað sízt þörf á því, að það fari til n. sem fyrst, þegar athugað er það, sem hæstv. ráðh. benti réttilega á, að n. þyrfti að kynna sér alla málavöxtu rækilega, en það er algerlega ómögulegt nema málið komist til n. í kvöld.

Forseti (JPálm): Ég tek aths. hv. þm. S-M. til greina og breyti þeirri ákvörðun að fundi sé slitið, og er þess vegna fundi frestað þar til lokið er fundi í Nd. í kvöld. [Fundarhlé.]

Gísli Jónsson: Ég vil út af þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir, leyfa mér að benda á, að annar þáttur till., þ. e. sá þáttur, sem fjallar um heimild til þess að leyfa innflutning á Svíþjóðarbátum, mun raunverulega alveg óþarfur, því að í l. um eftirlit með skipum frá 11. júlí 1938 stendur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að gera vægari kröfur en reglur þær, sem nú gilda, gera almennt um skip, sem eru íslenzk eign eða voru í smíðum fyrir íslenzkan reikning fyrir 1. júlí 1922, þó ekki um haffæri skipsins, ferðbúnað þess né lífsöryggi manna. Svo ber og að gæta þess að fullnægt sé samningum við aðrar þjóðir.

Heimilt er og í einstökum tilfellum, ef nauðsyn krefur, að veita slíkar undanþágur fyrir skip, sem keypt eru frá útlöndum, enda sé ekki keypt eldra skip en 12 ára."

Það er því bert, að með tilvísun til þessarar lagagreinar er óþarft að samþ. þáltill. til ríkisstj., sem heimilar henni að veita haffærisskírteini til þessara skipa, ef skipaskoðunin á annað borð telur uppfylltar þær kröfur, sem hún gerir minnstar. Í sambandi við þetta vil ég einnig benda á, að mörg af þeim skipum, sem nú fljóta hér við Íslands strendur, uppfylla ekki þær ströngustu kröfur, sem gerðar eru til þeirra skipa, sem nú eru byggð samkv. fyrirmælum þessara l. Svo framarlega sem þessi skip eru byggð ekki lakari en önnur skip, sem hafa haffærisskírteini á Íslandi nú, ætti að vera auðvelt fyrir samgmrh. að sjá svo um, án þess að fá um þetta nokkrar sérstakar fyrirskipanir, að viðkomandi skip fái haffærisskírteini, svo framarlega sem þau geta uppfyllt kröfur reglugerðarinnar. Ég sé því ekki, að sá þáttur till. sé nauðsynlegur til þess að greiða fram úr því atriði málsins.

Hitt atriðið, hvort bæta beri tjón, sem orðið hefur í sambandi við þetta mál, er að sjálfsögðu annar þáttur og miklu erfiðari viðfangs. Mér skilst, að það gæti verið hál braut að fara inn á að heimila ríkisstj. að greiða jafnvel ótakmarkað fé í þessu sambandi, — það er upplýst af hv. flm., að einn báturinn sé upp á annað hundrað þús. kr. Ég held það gæti verið dálítið varhugavert að greiða það rannsóknalítið úr ríkissjóði, fyrir að gerðar hafa verið kröfur til að koma ákveðnum skipum, sem flutt eru inn, í það ástand, sem lög mæla fyrir um. Ef hér yrðu einhver mistök af hendi ríkisskoðunarinnar, finnst mér eðlilegasta leiðin, að viðkomandi aðili höfði mál á þá stofnun eða ríkisstj., ef hún er ábyrg fyrir þeim gerðum, til þess að fá dóm í málinu áður en a. m. k. Alþ. getur nokkra ákvörðun tekið um þá hlið málsins. En nauðsyn virðist bera til að fá úr því skorið, hvort hér er um mistök að ræða, að hér sé hafin nokkurs konar réttarrannsókn til þess að komast að því sanna í því efni.

Ég vil svo benda á, að mér þykir einkennilegt, að sjútvn. Nd. hefur flutt þetta mál hér á þinginu. Hún hefur alveg nýlega gengið frá mjög veigamiklum lagabálki, frv. til l. um eftirlit með skipum, þar sem mjög er skerpt eftirlit með skipum frá því, sem l. nú mæla fyrir um. Mér er óskiljanlegt, hvernig sumir menn geta greitt atkv. með því, að þessi ákvæði í frv. séu gerð að lögum, á sama tíma og þeir flytja þáltill. um, að ekki sé fylgt fram veikari ákvæðum en ákveðin eru í þessu frv., og krefjast þess, að Alþ. heimili ríkisstj. að greiða skaðabætur til þeirra manna, sem hafa orðið að beygja sig undir það að uppfylla miklu veikari fyrirmæli en eru í þessum lögum. Þar segir m. a. svo, bls. 11 í 37. gr., D-lið, með leyfi hæstv. forseta: „Skip, sem keypt eru frá útlöndum til skrásetningar hér á landi, skulu fullnægja íslenzkum lögum um styrkleika, búnað og haffæri." Þessir sömu menn, sem leggja til, að þetta skuli gert eftir þessum l. eða ákvæðum, setjast niður og semja, svo að segja sama daginn, þáltill. til Alþ. um að gefa eftir frá þessu enn veikara ákvæði. Þeir leggja enn fremur til hér í 38. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Undanþágur samkvæmt grein þessari má því aðeins veita, að skipaskoðunarstjóri mæli með þeim, enda er honum heimilt, ef hann telur ástæðu til, að leita umsagnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og sjómannafélags þess, er hann telur helzt eiga hlut að máli."

M. ö. o., þeir leggja til allir saman, að undanþágur samkv. gr. séu ekki veittar nema með samþykki skipaskoðunarstjóra, en gera á sama tíma kröfur um, að ríkissjóður taki á sig stórar fórnir, vegna þess að sama skipaskoðun hefur krafizt þess, að veikari fyrirmæli, minna öryggi væri uppfyllt en þeir leggja til í þessu frv. — Ég vil benda á það, að í 45. gr. á bls. 12 hefur þessi n. lagt til, með leyfi hæstv. forseta: „Eftirlitsmenn skera úr því, hvort för skips skuli bönnuð samkvæmt lögum þessum." M. ö. o., þeir leggja til, að það vald sé veitt þeirri stofnun, sem þeir nú leggja til, að verði rýrt með þáltill., sem fyrir liggur. — Þeir leggja líka til, að þegar *eftirlitsmaður hefur lagt farbann á skip, skuli* það þegar í stað tilkynnt skipstjóra. Ástæður fyrir banni skuli tilgreindar svo og skilyrði fyrir því, að banni verði af létt, og enn fremur á að senda skýrslu um málið með nauðsynlegum upplýsingum skipaskoðunarstjóra og tilkynna lögreglustjóra, hafnar- og tollyfirvöldum á staðnum frá banninu. Öll þessi fyrirmæli, sem sjútvn. Nd. hefur lagt til, að verði samþ., brjóta þeir í þessari þáltill. .... og eyðileggja stofnunina. Það er ekki einn meðlimur sjútvn., heldur allir nm. Ég skal ekki fullyrða, hvort málinu verður vísað til fjvn., en ég lýsi yfir því sem form. hennar, að ég mun ekki aðeins taka það fyrir þar, heldur mun ég einnig reyna að fá betri upplýsingar um málið, áður en það kemur til afgreiðslu.

Mér þótti rétt að láta þetta koma fram, og hv. alþm. munu skera úr með atkv. sínu, hvort þeim finnst tilhlýðilegt að samþ. þessa þáltill. án þess að málið fari til n. til frekari athugunar. Þetta þótti mér rétt að láta koma fram.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 27. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til síðari umr. (A. 827, 985).

Of skammt var liðið frá fyrri umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Eins og lýst var yfir við fyrri umr. málsins, hafði fjvn. til þess að flýta fyrir málinu tekið það fyrir án þess að því væri vísað til hennar milli umr., og er árangurinn af því á þskj. 985. Ég hef þar engu við að bæta. Samkomulag varð milli fjvn. og flm. till. um, að hún verði eins og segir á þskj. 985.

ATKVGR.

Brtt. 985 samþ. með 32 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 1016).

25. Staðarprestakall á Reykjanesi.

Á deildafundum 8. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um framkvæmd á l. nr. 85 1941, um prestssetur Staðarprestakalls á Reykjanesi (A. 711).

Á 38. fundi í Sþ., 24. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 41. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Sþ., s. d., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég skal að mestu láta mér nægja að vísa til grg. Með þessum l. hefur verið heimilað að flytja prestssetrið frá Stað að Reykhólum. Þetta er bara áskorun til stj., og vil ég alls ekki tefja umr., en læt mér nægja að vísa til grg. Ég óska, að atkvgr. fari fram, án þess að málinu verði vísað til n.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 1017).

Þingsályktunartillögur felldar.

1. Vantraust á ríkisstjórnina.

Á deildafundum 11. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um vantraust á ríkisstjórnina (A. 750).

Á 38. fundi í Sþ., 24. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 40. fundi í Sþ., 26. apríl, var till. tekin til einnar umr. (útvarpsumr.).

Forseti (JPálm): Þá er fundur settur í sameinuðu þingi, og verður tekið fyrir eina málið, sem á dagskrá er, sem er till. til þál. um vantraust á ríkisstj. Það er útvarpsumræða, eftir kröfu flm. Í kvöld verður ein umferð, klukkutíma ræða fyrir hvern flokk. Röð flokkanna verður þessi: Framsfl., Sjálfstfl., Sósfl. og Alþfl. Fyrstur tekur til máls hv. 1. flm., þm. Str.

Flm. (Hermann Jónasson): Það mun mörgum þykja eigi að ósekju, að borið sé fram og rætt hér á Alþ. vantraust á hæstv. ríkisstj. Ein ástæðan af mýmörgum og nærtækust eru sjálf þingstörfin. Aðalblað Sjálfstfl. sagði með nokkru rembilæti, er þinghald hófst í haust, er leið, að þingstörf mundu ganga fljótt, þingið verða stutt vegna hins farsæla samstarfs. Með vinnubrögðum þingsins, góðum eða lélegum, dæmdi stjórnin sig sjálf, sagði þetta stjórnarblað. — Þinginu átti að ljúka fyrir jól. Það hefur alltaf átt að ljúka því síðan fyrir hver mánaðamót. Þegar vantraustið var lagt fram, ákvað stjórnarliðið, að nú skyldi öllum þingstörfum lokið fyrir páska, nema vantraustinu. Þetta átti að sýna landsmönnum og sanna í verki, að Framsfl. hefði tafið þingstörfin fram yfir hátíðina. En þegar stjórnarliðið rölti heim til sín kl. 12 aðfaranótt skírdags, var það ekki aðeins lotlegt og syfjulegt, heldur og sneypulegt, því að 20—30 þingmálum, er það ætlaði að afgreiða, var enn ólokið. Enn einu sinni mistókust vinnubrögðin og herbragðið við Framsfl. fór í hundana. Er nú svo komið, að reglulegt Alþingi 1945 stendur fram á sumar 1946.

Ofan á þennan eindæma seinagang og þar af leiðandi fjársóun kemur svipurinn á öllu þinghaldinu. Valdi forseta sameinaðs Alþingis er misbeitt til þess að stöðva mál í miðri atkvæðagreiðslu, er sýnt þykir, að hún gengur á móti ríkisstj., sbr. þál. til að afstýra því, að menntmrh. hækkaði útvarpsgjöldin. Því er misbeitt til að koma í veg fyrir, að mál óþægileg ríkisstj. fáist tekin á dagskrá og rædd. Má þar nefna till. Gísla Sveinssonar alþm. um flugvellina og þál. mína um herstöðvamálið, till. mína um rannsókn á nazistastarfsemi hér á landi o. fl. Munu allir greindir og hugsandi menn skilja, hvílíkur háski þingræðinu er búinn, er ríkisstj. hélzt uppi það athæfi að kjósa forseta, sem hún getur til þess notað að vild að troða á þeim frumrétti Alþingis að ræða landsmál, vegna þess að ríkisstj. telur sér þau óþægileg eða jafnvel tilveru sinni hættuleg. En í samræmi við þetta eru vinnuaðferðir formanna í einstökum þingnefndum. Þeir hafa verið látnir misbeita aðstöðu sinni til þess að koma í veg fyrir, að mál, sem send eru þingnefnd, kæmu þaðan aftur, sbr. jarðræktarlagafrv. — Þannig eru þingstörfin öll saman ofin af seinagangi og rangsleitni.

Þessi ríkisstj. lofaði miklu, en efndir loforðanna standa í öfugu hlutfalli við lengd þingsetunnar.

Ríkisstj. lofaði alveg sérstaklega að beita sér fyrir hagstæðum afurða- og milliríkjasamningum. Efndir eru þannig, að utan Moskvu-ferðar Einars Olgeirssonar hafa næstum allan tímann eftir styrjöld verið aðeins tveir menn öðru hverju á meginlandi Evrópu til þess að vinna íslenzkum vörum markaði. Þannig eru vinnubrögðin á því tímabili, sem allra mest er undir komið, að vörur okkar séu kynntar að nýju. En Norðmenn hafa umboðsmenn í hverju landi og öllum stærri borgum til þess að opna norskum vörum markaði í samkeppni við okkur. Með vitund og vilja ríkisstj. eru hins vegar tugir manna úti um allt til að kaupa inn alls konar glingur og glysvarning. Sendur er fjöldi fulltrúa á ýmsar ráðstefnur. Þeir voru sjö á flugmálaráðstefnunni. Svo augljós og óverjandi er trassaskapurinn og mistökin í þessum þætti utanríkismálanna, að kommúnistar þora ekki að reyna að verja þau. Þeir hafa þvert á móti reynt að koma af sér ábyrgð á sofandahættinum með þeim kattarþvotti að lýsa yfir í Þjóðviljanum, að vinnuaðferðir ríkisstj. í markaðsmálunum væru óþolandi. Þeir hafa og látið ráðherra sinn, Áka Jakobsson, lýsa hinu sama yfir hér á Alþingi.

Samningarnir við Svíþjóð eru enn eitt dæmið. Þegar átti að senda fulltrúa til að semja við Svíþjóð, neituðu kommúnistar, að Stefán Jóhann eða Arent Claessen færu. Ef aðrir væru valdir, töldu hinir ráðherrarnir það móðgun við Stefán

og Claessen. Niðurstaðan varð sú, að engir voru sendir í tæka tíð til að semja við Svía. Fulltrúa Íslands í Stokkhólmi var seint og síðarmeir falið að reyna að fá samningana frá síðasta ári framlengda, en tókst það ekki. Þegar Svíar höfðu lokið við að gera samninga við aðrar þjóðir fyrir árið 1946—'47, um sölu á timbri, tilbúnum húsum og öðrum vörum, sem okkur vanhagar mest um, þá loksins er sendur maður til að reyna samninga. Afleiðingar þessa eru meðal annars timburskortur, er þegar hefur valdið stórtjóni.

Hvernig hefur ríkisstj. staðið við stóru loforðin í húsnæðismálunum? Hún hefur setið og haldið að sér höndum hátt á annað ár, vitandi það, að spekúlantar hafa fengið byggingalóðirnar hjá bænum og setið fyrir kaupum á byggingarefni, síðan keypt upp vinnuaflið, byggt og byggt og selt og selt — með gegndarlausri okurálagningu. Fáir menn eru þessari atvinnugrein kunnugri en tveir af ráðherrunum. Nú er verðþenslan og okrið á húsbyggingunum komið á það stig, að ýmsir telja, að þótt nægilegt sé af húsum í smíðum í Reykjavík, hafi fólk ekki efni á að búa í þessum nýju húsum. Ársleigan fyrir tvö herbergi og eldhús er nú 5—6 þús. kr. og fyrir 3 herbergi og eldhús 9—10 þús. kr. samkvæmt mati sjálfrar húsaleigunefndarinnar, enda hefur byggingarkostnaður sexfaldazt síðan fyrir styrjöld. Sigfús Sigurhjartarson sagði í útvarpsræðu fyrir bæjarstjórnarkosningarnar í vetur, að auðvelt hefði verið að koma húsnæðismálunum í gott lag, ef skipulagi hefði verið komið á vinnuaflið, úthlutun lóða og sölu byggingarefnis. Þetta er rétt. En það er um leið ægilegur dómur yfir ríkisstj. Þúsundir manna, sístækkandi hópur, sem beint eða óbeint býr við þessa ríkisstjórnarhúsaleigu, horfir fram á örbirgð. Þetta fólk verður margt að spara til hins ýtrasta, til þess að geta komizt af. Braskararnir, sem unnið hafa í skjóli ríkisstj., sitja ósýnilegir við borð þúsunda manna í hinum nýju, dýru húsum og éta þar af hvers manns diski, ef til vill í áratugi, en víðs vegar um allt land verður fólk að hýrast í hreysum, vegna skorts á byggingarefni og fagmönnum, sem húsabraskararnir hafa hvort tveggja sogað til sín. — Þegar sýnt var, að ríkisstj. gerði ekkert, lagði ég fram af hálfu míns flokks frv. um húsbyggingar. Löngu síðar flutti ríkisstj. frv. um sama efni með nokkrum breyt. og stórskemmdum að því er snertir réttindi byggingarsamvinnufélaga. Þessi lög koma því eftir dúk og disk og eru stórgölluð.

Þá er framkvæmd ríkisstj. á siglingamálum og strandferðum. Í stað þess að flytja vörur frá útlöndum beint til hafna víðs vegar um land, sem er sanngirniskrafa þeirra, er úti um land búa, er vörunum hrúgað saman í Reykjavík með ærnum aukakostnaði og án þess að höfð sé fyrirhyggja um skipakost til þess að flytja vörur á hafnir úti um landið. Í blaðinu „Dagur" var nýlega skýrt frá því, að flutninga- og farþegaskip hefði ekki komið til höfuðstaðar Norðurlands í mánuð. Eimskip hafði sent skip til Siglufjarðar nýlega með múrsteina í síldarverksmiðjur, en ekki mátti það sinna neinum öðrum aðkallandi flutningum. Horfir nú víða til vöruþurrðar úti um landið, auk margs konar annarra óþæginda, vegna þessa óþolandi sleifarlags ríkisstj. á strandferðunum. En þessa sömu daga birtist grein í Morgunblaðinu um strandferðir — líklega betri spegilmynd af hugsunarhætti stjórnarliðsins en ætlazt var til. Þar er sagt, að taka verði Esju í millilandasiglingar, þegar hún kæmi úr viðgerð. Það þurfi svo margir að skreppa til útlanda, að hrein fásinna sé að nota lúxusskip til að flækjast kringum landið fyrir fáeinar útkjálkahræður. Það eigi að nota minni skip handa þessu fólki úti um land, enda geti það ferðazt í bílum og í flugvélum. Önnur eins gegndarlaus fyrirlitning og fram kemur í þessari Morgunblaðsgrein og í framkvæmdum ríkisstj. sjálfrar á strandferðunum hefur fólkinu úti um land tæpast verið sýnd síðan stjórnin varð innlend.

Þessari ríkisstj. hafði verið bent á og raunar lagt fyrir hana í till. utanrmn. að sérmennta íslenzka menn til þess að taka við rekstri flugvallanna, er herinn hverfur héðan. En til þess þarf marga sérmenntaða menn. En þrátt fyrir allt skraf um brottflutning herliðsins, sem allir sæmilegir Íslendingar vilja, að hverfi héðan, eigum við enn ekki nándar nærri nóg hæfra manna til að annast rekstur vallanna. Þó höfum við samið við erlenda aðila um lendingu á flugvöllunum og erum því skuldbundnir til að reka þá. Nú, þegar enski herinn kveður, verða kommúnistar, sem stjórna flugmálunum, að biðja 200 enska hermenn að vera hér kyrra til þess að unnt sé að reka flugvellina svo að viðunandi sé. Þannig er þá ráðslagið og fyrirhyggjan. Ríkisstj. er svo önnum kafin að loka fyrir innflutning á salti frá Spáni, aðalmarkaðslandi okkar fyrir styrjöld, að hún hefur ekki tíma til að sinna smámálum. Þó eru horfur á því sums staðar, að fiskurinn, sem sjómenn okkar draga á land, grotni niður eða róðrar stöðvist vegna saltleysis, sem ekki var fyrirhyggja um að kaupa til landsins.

Ekki ætti þó stj. að skorta aðstoðarmenn. Hún hefur skapað 30—40 nefndir, flestar hálaunaðar, síðan hún tók við völdum. Embættismönnum hefur fjölgað svo gegndarlaust, að engin dæmi eru til slíks. Ef Alþingi afgreiðir ný lög, er ætíð séð fyrir því um leið, að til væri talsvert af feitum embættum. Nú síðast lög um tunnuverksmiðju, auðvitað undir sérstakri stjórn, en ekki undir stjórn síldarútvegsnefndar. Lög um niðursuðuverksmiðju ríkisins, ekki rekin af stjórn síldarverksmiðjanna, heldur auðvitað undir sérstakri nýrri stjórn. Ný nefnd er skipuð til þess að sjá um byggingu síldarverksmiðja — hingað til í verkahring stjórnar verksmiðjanna. Fróðir menn telja, að fámennustu flokkarnir séu að komast í þrot með menn í embætti og nefndir, þrátt fyrir góðan vilja og mörg störf á hvern mann.

Ég vík aftur að loforðum ríkisstj. Hún lofaði því að afgreiða fyrir kosningarnar nú í sumar endurbætta og fullkomna stjórnarskrá. Það voru skipaðar tvær nefndir. Sérfræðingur var sendur víða um lönd til að kynna sér og gefa nefndinni skýrslu um helztu stjórnarskrár veraldar. Það er meira en hálft ár síðan sérfræðingurinn kom heim, en enginn hefur séð neina skýrsluna enn

þá, og mundi hann sjálfsagt hafa gefið hana, ef ríkisstj. hefði viljað. Á þetta loforð ríkisstj. eða efndir þess er ekki minnzt lengur. Þegar ég bar fram frv. um breyt. á stjskr., er heimilaði að kalla saman sérstakt stjórnlagaþing til þess að setja lýðveldinu nýja stjskr., fékkst það ekki rætt, sem mun einsdæmi í þingsögunni um frv. til stjórnlagabreytingar. Og þó er þetta enn þá ósæmilegra og lítilmannlegra, þegar þess er gætt, að stjórnarflokkarnir lofuðu þjóðinni því að afgreiða stjórnarskrármálið á þessu þingi.

Almenn tryggingalöggjöf hefur nú verið samþ. Deildar munu verða meiningar um, hve fullkomin hún er eða réttlát. Úr frv. voru í meðförum Alþ. felldar niður að miklu leyti ekknatryggingar og vísir til atvinnutrygginga alveg. Jafnaðarmenn segjast hafa orðið að ganga að þessum kostum til þess að fá sjálfstæðismenn til að samþykkja löggjöfina. En það er enn eitt sýnishornið af heilindum stjórnarsamstarfsins, að nú hafa kommúnistar sett alla áróðursvél sína í gang til þess að sannfæra landsfólkið um, að jafnaðarmenn hafi fórnað ekknatryggingunum og atvinnutryggingunum fyrir þann kaupskap við Sjálfstfl., að lögin yrðu þannig úr garði gerð, að jafnaðarmenn réðu framkvæmd tryggingalaganna og gætu notað þær sem flokkstæki og skipað allan embættismannaskara tryggingganna í embætti um allt land. Þannig eru vinnubrögð kommúnistanna. Væntanlega upplýsist í þessum umræðum, hvernig þessu er háttað.

Áður en ég minnist á nýsköpunina, verð ég að undirstrika þann gagngerða skoðanamun og ágreining, sem er og verið hefur milli Framsfl. og stjórnarflokkanna síðan 1942, um verðþenslluna og fjármálastefnuna. Okkur framsóknarmönnum hefur alltaf verið ljóst, að auðvelt er með verðbólgu að skapa falska velmegun og láta allt fljóta meðan á styrjöldinni stóð og eftir hana meðan þjóðirnar voru að seðja vöruhungrið. En við álítum þessa verðþenslustefnu stjórnarflokkanna síðan 1942 ábyrgðarlausa og óverjandi, vegna þess að með því er þjóðin með sjálfskaparvíti leidd út í stöðvun framleiðslunnar, atvinnuleysi og allar hörmungar þess undireins og verðfallið kemur, í stað þess að miða fjármálastefnuna við að afstýra þessu. En á þessu sviði er ríkisstj. langt á undan tímanum. Hún telur það nú þegar til sigra, að vegna feitmetishungurs erlendis eru í svipinn góðar horfur á háu verði fyrir lýsi og síldarafurðir. En hún hefur neyðzt til að taka ábyrgð á verði saltfisks, hluta af verði freðfisks, láta ríkið taka skip á leigu til að flytja ísfiskinn á markað erlendis, eftir að eigendur skipanna höfðu neyðzt til að hætta vegna taprekstrar. Hún hefur enn fremur orðið að taka ábyrgð á greiðslu útflutningsvara til sumra þjóða til þess að geta selt vöruna við nægilega háu verði, svo að framleiðslan fljóti. Allt þetta hefur þegar gerzt, til þess að afstýra stöðvun framleiðslunnar, áður en til verðfalls hefur komið og þrátt fyrir vöruhungur erlendis og hæsta eftirstríðsverð sökum þess. Enn virðist ríkisstj. þó ekki sjá né skilja, að hún stefnir til skipbrots. Um endurnýjun framleiðslunnar var og enginn ágreiningur. Það var heldur enginn ágreiningur um það milli Framsfl. og stjórnarflokkanna að leggja til hliðar 300 milljónir í erlendum gjaldeyri til þess að kaupa svokallaðar nýbyggingarvörur. En um framkvæmdina var ágreiningur. Þegar stjórnarsamningurinn var gerður 1944, töldu núverandi stjórnarflokkar enn ekki nauðsyn að sinna dýrtíðarmálum. Það er satt og rétt, sem Morgunblaðið sagði um þetta í forustugrein 17. febr. s. l. Ég les það orðrétt: „Þetta varð til þess, að Framsókn skarst úr leik. Hún neitaði allri samvinnu í ríkisstjórn, ef ekki yrði byrjað á því að leysa dýrtíðarmálið.“ Lausn á því máli töldum við framsóknarmenn, að mundi öllu öðru fremur og það eitt vekja vilja og áhuga einstaklinga og félagsheilda til að leggja fjármuni í ný framleiðslutæki og skapa grundvöll undir heilbrigða nýsköpun, örugga framleiðslustarfsemi og velmegun þjóðarinnar.

Framsfl. vildi, að gerður yrði útreikningur og áætlun um búskap þjóðarinnar og hvaða framleiðslutæki bæri að kaupa. Framsfl. vildi, að hið opinbera aðstoðaði einstaklinga og bæjarfélög við útvegun hagkvæmra lána, með leiðbeiningum sérfróðra manna við kaup á tækjum og endurnýjun framleiðslunnar, en hið opinbera tæki ekki af þeim ráðin og ríkið gerðist forsjá þeirra. Núv. ríkisstj. hefur þverbrotið allar þessar reglur. Í stað þess að stöðva dýrtíðina hefur hún sífellt aukið hana. Í stað þess að vinna að framkvæmdum samkv. áætlun veldur ríkisstj. beint og óbeint vaxandi handahófsframkvæmdum og glundroða, þar sem vinnuaflinu er ofþyngt, sbr. nú síðast byggingu 15 millj. kr. útlendingahótels meðal margs annars. Í stað þess að láta einstaklinga og bæjarfélag hafa forgönguna, velja og ráða í aðalatriðum, tók ríkisstj. af þeim ráðin.

Ríkisstj. kaupir 30 nýja togara við allt að tvöföldu verði, eftir því sem enskir útgerðarmenn sögðu þm. Barð. Þetta eru gufutogarar, en ýmsir sérfróðir menn töldu, að ekki væri áhorfsmál, að kaupa bæri dieseltogara, sem eru miklu sparneytnari. Þannig togara kaupa nú franskir útgerðarmenn. Líkur benda því til, að þessi nýsköpun sé þegar úrelt. Þessi flaustursiegu kaup afsakaði ríkisstjórnin með því, að ef þessu boði væri ekki tekið, mundi ekki hægt að fá skip smíðuð næstu árin. Það er fullsannað, að þessi staðhæfing var röng. Sumir einstaklingar hafa þegar keypt skip, aðrir hafa tilboð á hendinni. Það mun og rétt, sem atvmrh. upplýsti, að í skipasmíðastöðvum í Ameríku er þegar atvinnuleysi. — Einstaklingar fást ekki til að kaupa nema 12 þessara togara þrátt fyrir mikla eftirgangsmuni, framboð lögboðinna kjaralána og afskriftir með skattafríðindum. Til þess að koma hinum togurunum út og í rekstur bæjarfélaga verður ríkisstj. að láta meiri hluta sinn á Alþingi lögbjóða Landsbankanum að lána kaupendunum mestallt andvirðið og ríkið taki ábyrgðina á lánunum.

Af 35 bátum, sem ríkisstj. hljóp til að semja um smíði á, er enn enginn seldur. Einstaklingar hafa síðan samið um smíði á allmörgum bátum erlendis, og kosta þeir allt að helmingi minna. Ríkisstj. hætti þá við smíði 8 bátanna, sem samið hafði verið um við Landssmiðjuna — ríkisfyrir-

tæki. Annars staðar er ríkið bundið við samningana og er þegar fyrirsjáanlegt milljónatap á þeim, án þess að skipasmíðastöðvarnar græði. Við Íslendingar erum svo heppnir að eiga margt ágætra skipasmiða, sem eru fyllilega jafnokar erlendra skipasmiða og færir um að standast samkeppni við þá. En nú leita landsmenn kaupa á skipum erlendis, því veldur verðmismunurinn. En hann stafar eingöngu af þeim aðstöðumun, að erlendis er verðbólgu haldið í skefjum. Hér er verðþensla ríkisstjórnarinnar að koma enn einni atvinnugrein innlendri á kné, þeirri iðngrein, sem átti það sízt skilið og þjóðarnauðsyn er að efla sem allra mest.

Hér verð ég aðeins að minnast á gjaldeyrismálin. Ríkisstj. hefur tekizt að eyða gjaldeyriseign þjóðarinnar með furðulegum hraða. Af nýbyggingarþeningunum hafa þegar verið veitt gjaldeyrisleyfi fyrir 230 millj. Eftir eru í dollurum um 70 millj. kr. En þá stenzt það á endum. Við eigum ekki einn einasta dollara, sem ekki er þegar búið að ráðstafa, nema afgang þessara nýbyggingarþeninga. Fyrir þessu hef ég fengið sannanir, enda fyrir nokkru svo vitað orðið, að Þjóðviljinn 10. þ. m. segir orðrétt:

„Nú er svo komið, að dollarainnstæðurnar eru búnar nema það, sem lagt hefur verið á nýbyggingarreikning.“ Enn segir Þjóðviljinn, að „þó sé haldið áfram að leyfa innflutning á alls konar óþarfa og drasli fyrir dollara. Heildsalar og aðrir braskarar heimta og yfirmaður utanríkisviðskiptanna og viðskiptaráðherra, Pétur Magnússon, lætur undan.“ Dáfögur lýsing á stjórnarfari stjórnarflokkanna og samstarfinu á því heimili. Það er nú ekki unnt að kaupa næstum neitt af matvörum og ýmsum öðrum nauðsynjavörum nema gegn greiðslu í dollurum. Nýlega skipaði ríkisstj. að taka milli 10 og 20 millj. kr. af dollurum nýbyggingarráðs til þess að greiða eyðsluvörur, þar á meðal 15 lúxusbíla handa ríkisstj. og liði hennar. Það er því þegar hröðum skrefum lokið að eta upp til kaupa á eyðsluvörum það, sem Alþ. lagði til hliðar í dollurum til að kaupa fyrir nýbyggingarvörur. Auk þess þurfa námsmenn vestra verulega fúlgu til þess að komið verði í veg fyrir, að þeir þurfi að hætta við námið í Bandaríkjunum. En svo upplýsir Ólafur Friðriksson það í Alþýðublaðinu, að við höfum selt til Danmerkur fyrir danskar krónur eða pund, sem lítið fæst keypt fyrir í bráð, vörur, sem við höfum borgað fyrir með dollurum. Nemur þetta minnst 16 millj. kr. Borið er fyrir, að vörur þessar hafi ekki verið okkur nógu hentugar. Hvers vegna var þá leyft að flytja þær inn? En þessi umsetning kvað gefa mjög álitlegan verzlunargróða. Og gæðingar ríkisstj. fá keypta dollara til þess að geta flutt fé sitt úr landi, og þegar heildsalar eru látnir skila sannanlegum ólöglegum gróða sínum, skila þeir honum í íslenzkum krónum, þótt verulegur hluti gróðans sé í dollurum og geymdur erlendis sem inneign í dollurum.

Ég kem þá að herstöðvamálinu. Gangur þess er þannig í stuttu máli: Bandaríkin biðja um herstöðvar á Íslandi um langan tíma síðastliðið haust. Ríkisstj. var ósammála og eftir langa mæðu sendi hún Bandaríkjastjórn furðulegt svar, sem mátti skilja á marga vegu. Óskiljanlegt svar var það eina, sem hún gat komið sér saman um. Stjórn Bandaríkjanna svaraði og kvaðst skilja svarið sem jákvætt um herstöðvar um langan tíma. Forsrh. svaraði þá að nýju og sagði, að ekki mætti skilja svar sitt þannig. Síðan fær þingið eða þjóðin ekkert um málið að vita. En ýmislegt hefur þó kvisazt. Vitað er, að Bandaríkjastjórn sendi nýtt svar og það um að samtöl hæfust, til þess að hvor þjóð gæti sett fram sín sjónarmið og komizt að einhverri niðurstöðu. Þegar kommúnistar fengu að vita þetta, gerðu þeir flokkssamþykkt um að rjúfa stjórnarsamstarfið, ef forsrh. yrði við þessari ósk Bandaríkjastjórnar — og þetta tilkynna þeir honum. — Kommúnistar neyddu því ráðherrann til þess að velja um tvennt: að taka enga afstöðu eða missa ráðherratign. Nú voru góð ráð dýr. Forsrh. snýr sér til Bandaríkjastjórnar, aðallega fyrir milligöngu sendiherrans í Washington, bróður síns, og biður hana í guðanna bænum að taka þennan kaleik frá sér fram yfir kosningar. Með hvaða móti ráðherrann fær málinu frestað, er ekki nægilega upplýst enn þá til þess að um það verði rætt að sinni. En forsrh. virðist þó hafa gert sér ljóst, að hann var byrjaður á hættulegum og ósæmilegum vinnubrögðum bak við þjóðina og Alþ., sem átti setu þessa sömu daga, því að um það sama leyti fær hann samþ. á ráðherrafundi með samhljóða atkvæðum, að málinu og öllum skjölum þess skuli haldið leyndu fyrir þingi og þjóð. Þetta síðasta hneyksli varð uppvíst fyrir fáum dögum. Einn stúdentinn á stúdentafundinum, Jóhannes Elíasson, sýndi fram á, að kommúnistar væru samsekir um leyndina með því að sitja í ríkisstj. og styðja hana. Þeir gætu hvenær sem þeir vildu rofið leyndina með því að hóta að segja af sér og hætta að styðja þessa stjórn. Ráðherrar kommúnista urðu þá svo smeykir, að þeir hlupu á sig og birtu yfirlýsingu í Þjóðviljanum þess efnis, að þeir hefðu innan ríkisstj. beitt sér gegn leyndinni, — sem er vitanlega engin afsökun. En þá var það, að ráðherrar jafnaðarmanna gáfu yfirlýsingu um það í Alþýðublaðinu, að allir ráðh. hefðu samþykkt leyndina á ráðherrafundi fyrir jól. Þjóðviljinn át þá ofan í sig fyrri yfirlýsingu ráðherra sinna — og kommúnistakempurnar kváðu hafa beðið um, að ekki yrðu fleiri yfirlýsingar um þetta birtar. — En við vitum meira. Hér á Alþ. lýsti forsrh. yfir því í vetur, að gefnu tilefni, að her Bandaríkjanna hefði fullan rétt til að dvelja hér. Allir ráðh. voru viðstaddir og samþykktu þetta með þögninni.

Málið tekur nú að skýrast, þótt margt sé þar í myrkrunum hulið. Forsrh. vinnur sér til pólitísks lífs að gera ekkert í herstöðvamálinu opinberlega. Kommúnistar samþykkja, að hann fái málinu frestað með leynilegum aðgerðum samtímis og Alþingi á setu. Í ljós kemur síðan, að herinn er hér með samþykki allrar ríkisstj. Kommúnistar samþykkja, að haldið skuli leynd yfir öllu saman. Kommúnistar fá hins vegar þá aðstöðu að rægja Bandaríkin daglega vegna dvalar hersins og í skjóli leyndarinnar. Í erlendum blöðum birtist ógrynni af furðulegum

sögum um málið. Þetta tínir Þjóðviljinn saman og í skjóli óvissunnar notar hann það til þess að blása að glóðum tortryggni og óvildar til Bandaríkjanna. Dvöl herliðsins í landinu og leyndin er þeim ekkert atriði nema sem ákjósanlegt vopn í áróðurssókn að settu marki. Þess vegna hafa þeir óbeint og beint samþykkt hvort tveggja. Það markmið kommúnista að kveikja og kynda úlfúð og tortryggni meðal Íslendinga og Engilsaxa getur engum dulizt lengur. Bretar kaupa um ¾ af öllum okkar útflutningsvörum. Í blöðum kommúnista birtist látlaust níð um Breta. Í sama eintaki kommúnistablaðsins og hrósað er happi yfir því, að Bretar hafi þá vikuna keypt fisk héðan fyrir 6—10 millj. kr., er brezka stjórnin rægð. Bretar hafa hér þó engar herstöðvar og æskja engra. — Það, sem Íslendingum er lífsnauðsyn, er náin samvinna við Engilsaxa og Norðurlandaþjóðirnar og sérstakt samstarf við Engilsaxa um öryggismál Íslands án þess að hér sé erlendur her. Vinnubrögð kommúnista, að kynda bál úlfúðar og tortryggni milli Íslendinga og þessara þjóða, hafa það markmið að koma í veg fyrir þá vináttu, er slíkt samstarf þarf að byggjast á, og ástæðurnar vita allir landsmenn, sem vilja vita um þær. Þessi háskalega iðja er rekin í skjóli forsrh., í skjóli blaðs hans, til þess að hann fái að sitja í stólnum og halda leynd yfir því, sem gerzt hefur, þar á meðal þætti sjálfs sín. — Heiðarleg vinnubrögð, drengileg og djörf í utanríkismálum er eina vörn og vígi smáþjóðar. Glati hún sæmd sinni meðal þjóðanna, brýtur hún þar með niður allar varnir, og það er hætt við, að hún glati þá sjálfstæðinu um leið. En gerir ríkisstj. sér þess grein, að það er þetta, sem kann að vera að gerast? Framkoman í herstöðvamálinu er orðin vansæmandi bæði út á við og inn á við. Það nálgast senn naprasta háð að tala um lýðræði í landi, þar sem ríkisstj. sjálf bindur fyrir augu Alþ. og þjóðarinnar í stærsta vandamáli hennar og gefur þannig ábyrgðarlausum æsingamönnum tækifæri til að gera það að aðaliðju sinni og áhugamáli nú um skeið að toga þjóðina og teygja af réttri leið —, frá sjálfri sér til austurs eða vesturs. Til þess að bjarga eigin lífi í bráð leynir ríkisstj. þjóðina málavöxtum í örlagaríkasta máli hennar og gefur þeim, sem virðast hafa minnsta samvizku í sjálfstæðismálum Íslendinga og versta, langbráð tækifæri til að leika sér með fjöregg þjóðarinnar og blekkja hana í þeirri gerningaþoku, sem ríkisstj. sjálf hefur búið til utan um þetta herstöðvamál. En um hvaða mál á þjóðin annars að fá að vita, ef ekki stærsta vandamál sitt. Til hvers eru kosningar, og hvers vegna eru þær kallaðar æðsti dómstóll þjóðarinnar, ef kjósendur fá ekkert að vita um málin, sem þeir eiga að dæma í? Væri það ekki fjarstæða og frekleg móðgun við dómara að skipa honum að dæma í máli án þess að þekkja málavöxtu? Það er þetta, sem ríkisstj. býður þjóðinni. Ég álít það mjög hættulegt, vegna þess að mér finnst það sýna sljóvgun eða vanþroska hjá þjóðinni, ef hún þolir þá stjórn, sem beitir hana slíkum vinnubrögðum.

Ég hef rakið vinnuaðferðir og stefnu ríkisstj. í fáeinum málum. Mörg fleiri munu verða nefnd. Síðan skera atkvæði úr um vantraustið. Kemur þá í ljós, hverjir þm. ætla sér að ganga til kosninga undir merkjum þessa stjórnarsamstarfs, undir fána stjórnarstefnunnar og framhaldi þeirra vinnubragða, sem þessi ríkisstj. hefur sýnt og vænta má meðan henni endist aldur. Töldum við framsóknarmenn nauðsyn til bera, að þetta lægi ljóst fyrir öllum landsmönnum áður en þingi er slitið og kosningabarátta hefst.

Forseti (JPálm): Þá hefur hv. þm. Str. lokið máli sínu. Næstur tekur til máls hv. þm. Mýr., Bjarni Ásgeirsson, og talar einnig af hálfu Framsfl.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. Það hefur lengst af verið talið hafið yfir allar deilur, að undirstaða að lífi og afkomu íslenzku þjóðarinnar væri framleiðsla hennar á landi og sjó, þ. e. landbúnaður og sjávarútvegur. Gengi þessara höfuðatvinnuvega þjóðarinnar ætti því að vera öruggt vitni þess hverju sinni, hvort atvinnnulíf þjóðarinnar er heilbrigt eða sjúkt, og vitneskjan um það, hvert horfir um afkomu þeirra, að vera óbrigðult leiðarmerki um það, hvort rétt er stefnt í atvinnumálunum. Ef framleiðsla til lands og sjávar tekur að lamast fyrir hallarekstur og fjárþröng, er þjóðarafkoman í voða, jafnvel þótt blómlegt athafnalíf á öðrum sviðum þjóðfélagsins geti um stund bent til velmegunar og uppgangs með þjóðinni. En slík starfsemi verður endaslepp, þegar málum er þannig komið. Hún er þá eins og afskorin jurt, sem getur lifað og blómstrað í vatnsglasi um stund, en hlýtur að visna og falla áður en varir, af því að hún vex ekki af þeirri rót, sem ein er fær um að gefa henni varanlega næringu. Hvernig er nú ástatt með þjóðinni í þessum efnum?

Athugum fyrst sjávarútveginn, sem er undirstaða að þjóðaraðdráttum og utanríkisviðskiptum og talinn hið græna tré ríkisstj. Framan af styrjöldinni var sú starfsemi í miklum uppgangi. Hið erlenda markaðsverð varð brátt mjög hagkvæmt. Útvegurinn færðist í aukana, þrátt fyrir margvíslega aðra örðugleika. Hver fleyta var mönnuð og nýjar smíðaðar. Fjárhagsafkoma útvegsins umskapaðist á skömmum tíma til hins betra, og fiskimannastéttin varð tekjuhæsta stétt landsins, sem og maklegt var. Þannig gekk um skeið. Hvernig horfir svo þessum málum við nú? Allt til þessa hafði fiskverðið verið svipað og fór lengi fremur hækkandi. Er þá ekki uppgangur sjávarútvegsins enn hinn sami og í upphafi styrjaldarinnar? Það er bezt að láta staðreyndirnar tala. Fiskiþingið í vetur samþykkti og lét frá sér fara svohljóðandi boðskap:

„Fiskiþingið telur fjárhagsgrundvöll vanta til þess, að hægt verði, að óbreyttum ástæðum, að gera vélbátaflotann út á þorskveiðar í vetur. Telur þingið, að útgerðin geti því aðeins hafizt, að útgerðarkostnaður verði með opinberum ráðstöfunum færður niður til verulegra muna eða afurðaverðið hækkað."

Um líkt leyti skrifaði Landssamband útvegsmanna stjórnmálaflokkunum bréf, þar sem svo segir m. a.: „Eins og yður mun vera kunnugt, hefur hagur smáútgerðar í landinu sífellt farið

hnignandi síðan 1942. Nú er svo komið, að smáútvegsmenn almennt munu eiga erfitt með að halda áfram rekstri við þá aðstöðu, sem þeim nú er búin, og út í þá óvissu, er ríkir, hvað afkomumöguleika smáútvegsins snertir."

Þarna tala þeir menn, er sjálfir hafa skóinn á fætinum og vita, hvar hann kreppir að. En það er fleira, sem hér talar sínu máli. Ríkisstj. hefur með miklu brauki og bramli samið um smíði fjölda nýrra skipa — togara og vélbáta. Þrátt fyrir miklar auglýsingar og eftirgangsmuni og óvenju hagkvæm lán hefur gengið mjög treglega að fá þá, sem að eðlilegum hætti ættu að vilja eignast og reka þessar fleytur — sjómenn, útgerðarmenn og útgerðarfélög —, til að ganga inn í kaupin. Hvers vegna? Vegna þess, að þeir hafa annað tveggja ekki getu til að eignast þá eða trú á atvinnurekstrinum, eins og nú horfir. Framan af styrjöldinni voru engin vandkvæði á að fá menn á skip og báta, jafnvel þótt hér rigndi eldi og brennisteini. Nú er það vitað mál, að oft gengur mjög treglega að manna allar fleytur til sjósóknar. Vegna hvers? Vegna þess, að það er undir hælinn lagt, að þeir fái störf sín á sjónum eins vel borguð og það, sem þeim stendur til boða við önnur störf, og vilja því eðlilega losna við þá margvíslegu áhættu, er sjómennsku og útgerð fylgir, en hlutasjómennirnir eru líka útgerðarmenn.

Síðastliðið sumar brást, sem kunnugt er, síldveiðin norðanlands, sem er engan veginn ný saga í þeim annars mikla uppgripaatvinnuvegi. Nú mætti ætla, að útvegurinn hefði staðið sæmilega uppréttur þrátt fyrir það áfall, eftir mörg óvenjuleg góðæri. En hvernig fór? Alþingi varð að gera sérstakar hallærisráðstafanir til bjargar síldarflotanum vegna aflabrests þessa einu vertíð. Hvers vegna? Vegna þess, að það ófafé, sem síldarútvegurinn hefur á undanförnum árum ausið upp af miðunum, hefur verið tappað af honum jafnóðum, gegnum hina sívinnandi sogpípu dýrtíðarinnar, sem undanfarið hefur eflzt og víkkað með hverju árinu, sem hefur liðið. Og stjórnarliðið hefur lagt blessun sína yfir það, að þetta ófremdarástand færðist í aukana með síauknum byrðum á framleiðsluna, og hrópað hástöfum um, að hún þyldi þetta vel. Hér væri aðeins verið að „dreifa" striðsgróðanum. Þó veit hvert mannsbarn það, að á undanförnum árum hafa verið greiddir tugir milljóna króna úr ríkissjóði, til þess að létta á dýrtíðinni í landinu. Hvers vegna? Vegna þess, að annars lá við, að meira eða minna af framleiðslustarfseminni stöðvaðist. Þó að það hafi verið svo og sé sem betur fer enn, að þau skipin, sem bezta hafa aðstöðuna og bezt er stjórnað, hafi verið rekin með hagnaði, þá er það enginn almennur mælikvarði. Eða er það ætlunin að halda þessari helstefnu atvinnulífsins óbreyttri, þar til síðasta togaranum verður lagt við landfestar vegna hallareksturs? Menn skyldu nú ætla, að atburðir þeir, sem ég hef rakið hér að framan, hefðu opnað augu stjórnarliðsins fyrir því, hvert stefnir. Jú, því er ekki að neita. — Ég hef áður minnzt á hallærisráðstafanir vegna síldarflotans. En það hafa einnig verið samþ. önnur lög, „til ráðstöfunar vegna bátaútvegsins". Mundi það nú ekki vera til lækkunar á útgerðarkostnaðinum, eins og fiskiþingið benti á í fremstu röð? Og sei, sei, nei. Útgerðarkostnaðurinn heldur áfram að aukast En það var annað, sem gert var, sem í sjálfu sér er miklu einfaldara: fiskverðið var bara hækkað, a. m. k. á pappírnum. Og svo voru samþykkt lög um það, að ríkið tæki á sig ábyrgð á verði því, sem útgerðin þarfnaðist á frystum og söltuðum fiski, tæki á leigu flutningaskip til fiskkaupa o. s. frv. Það er nú meiri hundaheppnin fyrir þá, sem eru að fikta við framleiðslu, að vera búsettir í þjóðfélagi, sem hefur þá hjartalag til þess að reka svona hjálparstarfsemi. Ég veit ekki, hvar framleiðendur væru annars komnir.

Ýmsir rithöfundar ríkisstj. eru nú búnir að fræða þjóðina allrækilega um það, að landbúnaður borgi sig ekki á Íslandi. Hann sé ekki annað en sport fyrir „idíóta", og að það væri mesti búhnykkur fyrir þjóðina að taka þessar bændahræður upp og mata þær á hóteli, í stað þess að láta þær mergsjúga þjóðina með landbúnaðarframleiðslunni. Það er máske þess vegna, sem ríkisstj. ætlar að láta byggja hótel fyrir 15 millj. króna. En ætla þær raunir nú að bætast ofan á þær fyrri, að útgerðin verði líka ómagi á ríkinu? Ég er alltaf að bíða eftir því, að einhver spámaður rísi upp á meðal vor — spámaður, sem kemur þjóðinni í skilning um það, að ekki borgi sig að reka sjávarútgerð á Íslandi, — það sé aðeins sport fyrir stórlega geggjaða menn. — Er nú ranghverfan á þessum hlutum ekki komin nægilega skýrt fram, þegar ástandið er orðið þannig, að sú starfsemi, er þjóðin byggir líf sitt og afkomu á, framleiðslan til lands og sjávar, er sýnd sem aðalbónbjargarstarfsemin í landinu? Og svo er ríkið af miskunn sinni að halda lífinu í þessari starfsemi með náðarmolum úr ríkissjóði. En hvað þetta minnir á söguna af karlinum, sem lengi var að basla við að draga rolluna sína upp úr feni — á þann hátt, að hann stóð á skrokknum á henni og togaði í hornin. Vitanlega hélt hvort tveggja áfram að sökkva, þar til breytt var um vinnubrögð. Og eins verður vitanlega nú.

Nei, þessar ráðstafanir eru ekki nema á yfirborðinu vegna sjávarútvegsins. Þetta eru í raun og veru ráðstafanir vegna stjórnarútvegsins, ráðstafanir til þess að halda stjórnarskútunni á floti enn um stund á þessari feigðarsiglingu með átrúnaðargoð stjórnarinnar, verðbólguna, eins og lík í lestinni. Atvinnuvegir Íslendinga lifa ekki lengi á náðarmolum úr ríkissjóði. Þeir þarfnast þeirra ráðstafana einna saman, að þeim séu sköpuð starfsskilyrði, er sambærileg séu við það, er gerist meðal þeirra þjóða, er þeir eiga að keppa við. Þá munu þeir sjálfir sjá sér farborða sem fyrr — og þjóðinni með.

Ég veit nú svo sem, hvernig forsvarsmenn stjórnarstefnunnar svara þessum staðreyndum. Við þekkjum orðið þann söng. Hann er þetta: Hinar rándýru landbúnaðarafurðir eru búnar að sprengja svo upp allt verðlag í þessu landi, að hér er ekki hægt að reka neina starfsemi, er staðizt getur samkeppni annarra þjóða. Ég vil því þegar gera þessum fullyrðingum nokkur skil. — Víst er landbúnaðarvöruverðið hátt. Því skal

ekki neitað. En mundi það nú ríða hér baggamuninn? Í óvenjulega glöggri greinargerð, er nýlega birtist í blaðinu Degi, eftir Gunnar Jónsson sjúkrahúsgjaldkera, er hefur tveggja áratuga reynslu um fæðissölu, er lagður fram sundurliðaður reikningur yfir það, hvað karlmannsfæði kostar. Samsetningur fæðunnar er m. a. byggður á skýrslum úr bókinni Mataræði og heilsufar á Íslandi, eftir dr. Júlíus Sigurjónsson, er sýna raunverulega matvælanotkun í fæði karlmanna í 6 kaupstöðum og kauptúnum. Matsöluhús selja nú karlmannsfæði um 480 kr. á mánuði, eða 5760 kr. yfir árið. Af þessu kostar allt efnið í ársfæðið, þar með talið kaffi og krydd, nú kr. 1631,85, en húsnæði, eldiviður og vinna við matseldina yfir 4000 kr. Kjarninn í fæðunni, landbúnaðarvörurnar, kostar, með vinnslukostnaði mjólkurbúa og sláturhúsa og verzlunarálagningu, um 1100 kr. yfir árið. Af þessum 1100 kr. er svo hið eiginlega framfærsluverð — það, sem rennur í bú bóndans, — tæpar 800 kr. Og svo er því haldið fram, að þessar 800 kr. í ársfæði, sem kostar 5760 kr., ráði niðurlögum þjóðfélagsins. — Þá mun láta nærri, að vönduð ullarföt á karlmann og frakki kosti um 1100 kr. Ullin í þessar flíkur kostar tæpar 70 kr. Svo eiga náttúrlega þesar 70 kr., sem fara til bóndans, að valda því, að menn hafa ekki efni á því að klæða sig sómasamlega. Þannig er einnig hér hlutunum gersamlega snúið við. Og svo eru menn sitt á hvað að reyna að bera róg á milli landbúnaðarins og sjávarútvegsins, að þeir séu að eyðileggja hvor annan, eins og krabbinn og berklarnir, er drápu hvor annan í sögunni hjá Halldóri Kiljan. Hið sanna í málinu er hitt, að það er einn og sami níðhöggurinn, þ. e. verðbólgan, sem nagar rætur beggja þessara stofna.

Í sexmannanefndarsáttmálanum alkunna og löggjöfinni um hann var það ákveðið sem grundvöllur undir verðlagningu landbúnaðarafurðanna, að bændur fengju það verð fyrir framleiðslu sína, að meðalbóndinn hefði tekjur í samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta þjóðfélagsins. Það hefur nú sannazt eftir á, að þegar verðlag landbúnaðarvara er mælt á þennan mælikvarða, þá hefur tekizt svo til um verðákvörðunina, að nær engu hefur skeikað, að þessu hafi verið fylgt öll stríðsárin fram til þess tíma, að þessi löggjöf var sett, nema aðeins í eitt sinn. Það var haustið 1942, er 2. þm. Rang., Ingólfur Jónsson, réð því, í skjóli sömu stjórnarsamsteypu og nú ræður ríkjum, að kjötverðið var sett það hátt, að í algeru ósamræmi varð við þáverandi kaupgjald. En þá voru líka kosningar í hönd og stjórnarflokkunum var mjög áríðandi að geta fengið sem flesta bændur til að gjalda jákvæði stjórnlagabreytingu, sem m. a. hafði það í för með sér, að áhrif þeirra á Alþingi yrðu hæfilega máttvana — til þess að óhætt væri á eftir að bjóða bændastéttinni ýmislegt af því, sem síðar hefur fram komið. Það má því telja sannað mál, að verðhækkun landbúnaðarvaranna undanfarin ár hefur að jafnaði aldrei gert betur en að halda í horfinu við hækkun kaupgjaldsins til að tryggja það, að tekjur bændanna yrðu nokkurn veginn hliðstæðar tekjum annarra svokallaðra láglaunastétta. Og þetta hefur kostað harða og þráláta baráttu, sem innan þingsins hefur verið háð undir forustu Framsfl., og fyrir það hefur hann verið rægður og svívirtur ótæpt í kaupstöðum og kauptúnum landsins. En það er óhætt að fullyrða það, að hefði þessi barátta ekki verið háð eða ekki borið þann árangur, sem hún bar, þá hefði fólkið sópazt frá landbúnaðinum miklu stórkostlegar en raun hefur á orðið og landbúnaðarframleiðslan gersamlega fallið í rúst. Það var og er útilokað, þegar hvarvetna er atvinnu að fá í landinu, gegn áður óheyrðum kaupgjaldsgreiðslum, að halda nokkrum hluta þjóðarinnar á klafa sem matvinnungum og tæpast það.

Það hefur gengið nógu örðuglega að halda fólkinu við landbúnaðarstörfin þrátt fyrir það, sem gert hefur verið til að bæta kjör þess. Þó hefur tekizt að halda landbúnaðarframleiðslunni það í horfinu, að íslenzka þjóðin býr nú við ríkulegri vistaföng, hefur meiri og betri matvæli á borðum en flestar aðrar þjóðir heims. Ætli hún væri betur sett, ef hún ofan á allt annað yrði nú einnig að sækja meginið af landbúnaðarvörum til annarra þjóða — og hvar fengjust þær, þar sem hálfur heimurinn sveltur? Eða hvernig halda menn, að ástandið væri í húsnæðismálunum, ef nokkur þúsund af bændabýlum stæðu nú auð og ónotuð, en allur hópurinn þaðan væri kominn í atvinnuleit á mölina?

Nei, baráttan fyrir viðgangi og viðhaldi landbúnaðarins var, er og verður þjóðarnauðsyn, þótt ýmsir angurgapar reyni að stimpla þá, sem fyrir henni standa, sem þjóðfélagsfjendur. Þó að sjávarútvegurinn sé stórkostlega miklu meiri gjaldeyrisuppspretta fyrir þjóðina, þá mundi í þann gjaldeyri höggvast ærið skarð og torfyllt, ef fyrir hann ætti einnig að kaupa öll þau margvíslegu gæði, sem landbúnaðurinn er fær um að veita og veitir þjóðinni. Hitt er svo annað mál, að það er svo mikil nauðsyn landbúnaðinum og þjóðfélaginu, að landbúnaðarframleiðslan verði sem ódýrust og fullkomnust að völ er á. Allir vita nú, að grundvallarskilyrði þess er — auk heilbrigðs verðlagsástands — aukin tækni í landbúnaðinum. En undirstaða þess, að unnt sé að koma við fullkominni tækni, er ræktun landsins.

Hvernig hefur svo núverandi stjórnarsamsteypa staðið að þessum málum? Um verðlagsöngþveitið er áður rætt. Í ræktunarmálunum er sagan ekki fallegri.

Á þinginu 1943 báru framsóknarmenn fram frv. um skipulagða félagsræktun og stóraukinn stuðning við ræktunarframkvæmdir að vissu lágmarki, með það fyrir augum, að innan 10 ára væri unnt að fá sem mest af heyfeng bænda á ræktuðu landi. Hinn aukni ræktunarstyrkur byggðist á því, að frumræktun landsins væri alþjóðarnauðsyn, og ekkert viðlit væri að ætla sér að leggja slíka risaframkvæmd fjárhagslega á herðar einnar bændakynslóðar. Máli þessu var vísað frá af þingmeirihluta til búnaðarþings. Búnaðarþing kom síðan til liðs við málið, og samdi það tvö frv., annað um félagsræktun og hitt um hækkun jarðræktarstyrksins. Frv. um ræktunarsamþykktir varð svo að lögum, en frv. um hækkun jarðræktarstyrksins hefur stjórnarliðið flækt á milli deilda þing eft-

ir þing og er nú einu sinni enn að stinga því svefnþorn.

Þá má minnast á lánakjör landbúnaðarins. Það er nú orðið auðsætt mál, að dýrtíðin í landinu er orðin þess valdandi, að þeir bændur, sem hyggja til framkvæmda, nokkurra að ráði, geta sig ekki hreyft nema með stórfelldum lántökum, enda þótt taldir hafi verið bjargálna. Á öndverðu þessu þingi báru framsóknarmenn fram frv. í þinginu um aukna og bætta lánastarfsemi í landbúnaðinum bæði til jarðræktar og húsagerðar. Frv. þessi fóru til landbn. Nd., en þar beitti form. n., þm. A.-Húnv., formannsvaldi til að hefta afgreiðslu þeirra frá Nd. Bar hann fyrir sig, að von væri fullkominna frv. um sama efni frá stjórnarliðinu, og sjálfsagt að bíða eftir þeim. Og mikið rétt. Þegar komið var fram á útmánuði, koma tvö frv. til þingsins, annað breyt. á nýbýlalögunum og um bætt lánakjör til húsagerða, hitt endurbætur á ræktunarsjóðslögunum í svipaða átt og í hinu frv. fólst. Annað þeirra frv., um landnám og nýbyggðir, varð að lögum, en hitt frv., um endurbætur á jarðræktarlánum og lánum til annarra framkvæmda landbúnaðar, er nú, eftir öllum sólarmerkjum, verið að svæfa, og mun því aldrei hafa verið til þess ætlazt af stj., að það næði fram að ganga, þó að hyggilegt þætti að sýna framan í það á meðan verið var að samþykkja sams konar lánskjarabætur fyrir sjávarútveginn, sem nú eru orðnar að lögum. Það er svo sem ekki vandséð á vinnubrögðunum, hvert er olnbogabarnið. Það er satt að segja engu líkara en það sé stefnumál stjórnarliðsins, að lakar skuli vera að bændum búið en öðrum stéttum. Þetta kemur hvað skýrast fram í aðförum þess í verðlagsmálum landbúnaðarins.

Eins og ég minntist á áður, byggðist verðlagsákvörðun sexmannanefndarálitsins á því, að bændur bæru svipað úr býtum fyrir störf sín og aðrar vinnandi stéttir þjóðfélagsins. Og þessi grundvöllur var samþykktur samhljóða af fulltrúum bænda og neytenda, svo og fræðimanna þeirra, er um málið fjölluðu. Hvernig hefur svo samkomulag þetta verið framkvæmt? Þannig, að aðeins einu sinni hefur fullkomlega refjalaust verið að framkvæmd þess staðið. Það var haustið 1943, er með herkjum tókst að fá meiri hluta þings til að ábyrgjast uppbætur á útflutningsvörurnar, sem tryggðu, að fyrir þær fengju bændur það verð, sem á þeim var ákveðið samkv. sáttmálanum. En það var vitanlegt, að á annan hátt var ekki unnt að tryggja fullkomlega framkvæmd laganna. Næsta haust, eftir að tilhugalíf núverandi stjórnarflokka byrjaði fyrir alvöru, neitar svo meiri hl. Alþ. — nánar tiltekið stjórnarliðið, er síðar varð — algerlega að setja sams konar tryggingu fyrir útflutninginn, nema því aðeins, að bændur féllu frá þeirri hækkun, sem þeir þá áttu löglegt tilkall til, 9.4%. Málið var lagt fyrir búnaðarþing, sem nú átti úr vöndu að ráða. Það tók þó þann kostinn, sem kunnugt er, að kjósa heldur lægra verð og útflutningsuppbæturnar, ásamt sérstakri tryggingu fyrir hönd bændanna gegn frekari hækkun framleiðslukostnaðar á árinu. Það er nú komið á daginn, svo að ekki verður um deilt, að með þessum skilyrðum tókst búnaðarþingi að bjarga fyrir bændurna meiri fjármunum en þeim, sem eftir voru gefnir, vegna þess, hvernig þróunin varð í verðlagsmálunum. Samt sem áður spöruðu þeir ríkinu og atvinnulífinu beint og óbeint stórfé, fyrir þau áhrif, er samþykkt þeirra hafði í baráttunni gegn verðbólgunni. Þetta launar svo þingmeirihlutinn bændastéttinni með stjórnarmyndun og stjórnarstefnu, sem brýtur þvert í bága við tilgang tilslökunarinnar og hagsmuni bændastéttarinnar. Og ekki er þessi þegnskapur bænda betur séður en það, að síðastliðið vor, þegar ríkisstj. fór að gera upp reikningana við mjólkurbúin, var aðgæzlan gagnvart sumum þessara stofnana svo hárnákvæm, að þær sáu sig til þess knúðar að leita réttar síns fyrir dómstólunum. Og enn er lagzt á sömu sveif.

Við fyrsta tækifæri, sem gefst, er svo sexmannanefndarlöggjöfin úr gildi felld — að margra dómi með mjög hæpnum lagaskilningi, og bændur þannig sviptir þeirri vernd, er í l. fólst. Síðan er sett á laggirnar stjórnskipuð nefnd, að því er virðist fyrst og fremst til þess að sjá um, að bændur fái ekki sexmannanefndarverðið. En ríkisstj. vissi, að það eitt var krafa þeirra, er þeir töldu sig eiga siðferðilegan rétt til, hvað sem liði þeim lagalega. Nei, verðið var sett 10% neðan við hið rétta sexmannanefndarverð, og auk þess skyldu bændur taka á sig verðafföllin á útlenda markaðinum. — Þegar svo nýskeð, að gengið var frá lögum um ábyrgð ríkisins á lágmarksverði fyrir nokkrar útfluttar sjávarafurðir, flutti Skúli Guðmundsson brtt. um, að einnig væri tekin ábyrgð á verði útfluttra landbúnaðarafurða, þannig að tryggt væri, að bændur fengju fyrir þær sexmannanefndarverð. En stjórnarliðið stútaði þeim með jafnmikilli *rósemi og það samþykkti ábyrgðina fyrir sjávarútveginn.*

Á meðan svo þessu fer fram, og eftir að stjórnskipuð nefnd hefur dæmt það rétt að vera, að bændurnir beri úr býtum stórum lægri tekjur en verkamannastéttin, hefur nokkur hluti verkamanna gert verkfall, krafizt kauphækkunar og fengið hana með þeim forsendum, að þeir geti ekki lifað mannsæmandi lífi af þeim tekjum, sem hún hafði. En hvað finnst þessum herrum sæmandi, svo að ég ekki segi mannsæmandi gagnvart bændunum? Þeir verða að sætta sig við lögþvingaða lækkun á sínu kaupgjaldi niður fyrir aðra — og halda áfram að lækka að sama skapi og kaupgjald annarra hækkar og þar með framleiðslukostnaðurinn í landinu. Ástandið í landbúnaðinum er líka þannig nú, að engu líkara er en að honum sé byrjað að blæða út. Þetta lýsir sér fyrst og fremst í því, að æskufólkið er að þurrkast úr sveitunum jafnóðum og það kemst á legg.

Það er nú ekki að undra, þótt stjórnarliðinu, ef það telur líf sitt og gengi undir því komið, að því haldist uppi þessar aðfarir gagnvart bændastéttinni, sé lítið gefið um þá hreyfingu, sem hafin er meðal bænda um stofnun öflugs hagsmunafélagsskapar, en sá hugur þeirra lýsir sér á margan veg. Einna gleggst er þó meðferð þeirra á lögunum um búnaðarmálasjóð. Lög þessi voru samþykkt fyrir rúmu ári. Efni þeirra var það,

að lagt skyldi ½% gjald á söluvörur bænda, er legðist í sérstakan sjóð, búnaðarmálasjóð, er fulltrúar bænda á búnaðarþingi fengju til ráðstöfunar. Ríkið skyldi aðstoða við innheimtu gjaldsins hliðstætt því, sem það aðstoðar verkamenn um framkvæmd orlofslaganna. Mál þetta var rækilega undirbúið af Búnaðarfélagi Íslands og síðan sent búnaðarsamböndum landsins til umsagnar og hlaut þar einróma samþykki. Markmið sjóðsins var margs konar, því að verkefnin, sem leysa þurfti, voru á hverju strái. Eins verkefnis skal hér sérstaklega getið. Búnaðarfélag Íslands hafði hvað eftir annað orðið að gerast aðili í stéttarmálum bænda á undanförnum árum, og það beint fyrir tilstuðlan Alþingis stundum. Samt sem áður hefur félagið sætt nokkurri gagnrýni fyrir það, frá ýmsum, að starfa að stéttarmálum bændanna á kostnað ríkisins. Forráðamenn félagsins vildu gjarnan firra sig þessu ámæli og töldu líka eðlilegast, að bændur legðu sjálfir fram þá fjármuni, er nauðsynlegir væru til þess að sinna þeirra eigin stéttarhagsmunum. Og þar sem sýnt þótti, þegar hér var komið sögu, að þróunin gengi í þá átt, að bændum yrði nauðugur einn kostur að byggja upp stéttarsamtök fyrir sig svipað og aðrar stéttir, þótti sjálfsagt, að nokkur hluti búnaðarmálasjóðs félli til slíkrar notkunar, hvernig sem sú starfsemi yrði mótuð, eins og nokkurs konar stéttargjald.

Í fyrstu var búnaðarmálasjóðsfrv. tekið með mestu vinsemd í þinginu. Það fór viðstöðulaust í gegnum neðri deild þess, og allt virtist í bezta lagi. Þegar svo til Ed. kemur, byrjar fyrst mótstaðan. Kommúnistar virðast nú koma auga á, að hér sé hættulegur hlutur á ferðinni. Þeir sjá það nú, og sjá það rétt, að ef bændastéttinni eru fengin þessi fjárráð í hendur kvaðalaust, þá gætu þau orðið henni ærinn styrkur í hagsmuna- og félagsmálabaráttu sinni. Gegn því varð að sporna, ef nokkur kostur var á. Þeir virðast hata sjálfstæða bændastétt og vilja hana feiga eins og lærifeður þeirra austur í Rússía, sem byrjuðu á að jafna bændastéttina við jörðu, er þeir tóku að ryðja sovétskipulaginu braut í landinu. — Ekki tókst þeim þó að stöðva málið í Ed. og kom það aftur til Nd. lítið breytt — til einnar umr. Nú voru góð ráð dýr, enda gera þeir nú síðustu atlöguna. Málið hafði fengið nær óskipt fylgi allra annarra flokka, og landbrh. lýsti yfir því í umræðum á þinginu í vetur, að sér hefði ekki verið þægð í þeirri breyt., sem á því var gerð. Þá taka þeir það ráð, sem þeim mun oftar hafa gefizt vel, — að beita hinum pólitísku „fingurskrúfum" á meðstarfsmennina. Og herbragðið heppnaðist. Þm. A.-Húnv. (JPálm) verður til þess, ásamt kommúnistanum Sigurði Guðnasyni, að bera fram till. um hið alræmda þvingunarákvæði, að setja ráðstöfun fjárins undir eftirlit og samþykki ríkisstj. — og stjórnarhersingin samþykkir. Kommúnistarnir höfðu nú unnið fyrsta sigurinn í málinu og gátu nú rólegir raulað fyrir munni sér: „Hafðu, bóndi minn, hægt um þig . . ."

En það átti eftir að gerast meira í þessu máli áður en lauk. Bændur almennt undu þessu hið versta að vera gerðir ómyndugir að ráðstöfun þessara félagsgjalda sinna og kröfðust þess, að Alþingi næmi þvingunarákvæðið úr lögum. Nokkrir þm. verða til þess að bera fram frv. um það á þinginu. Þetta verður kommúnistum kærkomið tilefni til að fullkomna ofbeldið. Aftur eru þeir sendir af stað, þm. A-Húnv. og 1. landsk., Sigurður Guðnason, og nú stíga þeir skrefið fullt og bera fram till. um að taka sjóðinn með öllu af heildarsamtökum bændastéttarinnar og búta hann niður á milli sambandanna og fyrirskipa, hvernig honum skuli varið. Þetta mátti víst ekki seinna vera, því að nú hafði skapazt nýtt viðhorf, frá því að málið var síðast á ferðinni í þinginu. Bændunum var nú orðið ljóst, að eina málið, sem ríkisstj. virtist skilja í samskiptum sínum við stéttir landsins, voru sterk og óvægin samtök. Stéttarsamband bænda var því stofnað, og það hafði gert ákveðnar kröfur til ríkisvaldsins um jafnrétti við aðrar stéttir í sínum kaupgjaldsmálum, þ. e. verðlagsmálum landbúnaðarins. Og það var vitað, að hvaða frambúðarfyrirkomulag sem stéttarsambandinu yrði sett eftirleiðis, þá væri því ætlaður hluti af búnaðarmálasjóði til starfsemi sinnar. Það var því nauðsynlegt að kæfa þessa hreyfingu þegar í byrjun, ef unnt væri. Þess vegna þótti vænlegt ráð að taka þessi fjárráð af heildarsamtökunum og reyna að egna þeim fyrir einstaka hópa bænda til þess að freista þess að koma sundrungu inn í samtökin. Ég hef að vísu ekki trú á, að þetta takist, og hygg, að hér sem oftar verði skamma stund hönd höggi fegin. En þessar aðfarir allar eru með endemum, og hefur engin stétt verið beitt slíku ofbeldi á Alþ. eins og bændastéttin í þessu máli — ofan á það, sem á undan var gengið með setningu búnaðarráðslaganna og framkvæmd þeirra. Má það heita stórfurðulegt, að fást skyldi meiri hl. þm. í báðum deildum til slíkrar óhæfu. Maður veit ekki, hvort meir skal undrast, brjóstheilindi þeirra manna, er komizt hafa inn á þing vegna kjörfylgis bænda og leyfa sér slíkar aðfarir, eða fulltrúa verkamannastéttanna, að þeir skuli dirfast að skapa slíkt fordæmi á Alþingi gagnvart samtökum og réttindum alþýðunnar — bændastéttarinnar.

En svo eru eftir sjálf undrin í þessu máli, en þau eru það, að sá maður, sem undanfarin ár hefur leikið hrópandann á eyðimörkinni og ekki þreytzt á að brýna þjóðina á að varast allt samneyti við kommúnista, hv. þm. S.-Þ., Jónas Jónsson frá Hriflu, að hann skyldi láta dáleiða sig til að gerast eins konar ljósmóðir að þessu afkvæmi kommúnistanna, en fyrir hans aðstoð er þetta nú orðið að lögum.

Það voru margir, sem þegar í upphafi höfðu litla trú á því, að samstarf núverandi stjórnarflokka yrði mikill gæfuvegur fyrir þjóðina og var ég einn á meðal þeirra. Þó verður það að segjast, að þótt allir stjórnarflokkarnir séu meira og minna stórgallaðir, þá er engum þeirra alls varnað. Og um hina einstöku þm. er það einnig vitanlegt, að þeir eru upp og ofan, eins og aðrir þegnar hins íslenzka mannfélags, og hafa bæði kosti þeirra og galla. Það átti því engan veginn að vera útilokað, að af samstarfi þeirra gæti leitt sæmilegt stjórnarfar, ef það tækist að nýta allt það skásta, sem hver þeirra hefði til málanna að leggja. En reyndin ætlar

því miður að verða öll önnur. Hér hefur það gerzt, sem við þekkjum hliðstæður að t. d. úr dýraríkinu við blöndun ýmissa kynja — að svo illa tekst til, að afkvæmið erfir alla galla foreldranna, en enga kosti, og er því þannig farið með afkvæmi stjórnarflokkanna, stjórnarfarið. Þannig hefur það á óskiljanlegan hátt mótazt jöfnum höndum af hinni purkunarlausu auðshyggju, er gagnsýrir Sjálfstfl., hinu gagnrýnislausa móðursjúka launþegadekri, sem Alþfl. er haldinn af, og hinni ofbeldiskenndu upplausnarstarfsemi kommúnistanna. Úr öllu þessu ásamt ýmsum öðrum fylgikvillum hefur svo myndazt hálfgerður stjórnarfarslegur óskapnaður, sem allir þjóðhollir menn þurfa að taka höndum saman um að losa þjóðina við í næstu kosningum, ef það getur ekki orðið fyrr.

Forseti (JPálm): Hv. þm. Mýr. hefur lokið máli sínu. Næstur tekur til máls hæstv. forsrh., Ólafur Thors, og talar af hálfu Sjálfstfl.

Forsrh. (Ólafur Thors): Þegar ég frétti, að búið væri að bera fram vantraust á stjórnina, gizkaði ég strax upp á, að flm. mundu vera þeir hv. þm. Str. og hv. 2. þm. S.-M., annar eða báðir. Ég reyndist getspakur og sannspár. Það eru þeir Hermann Jónasson og Eysteinn Jónsson, sem vantraustið flytja. Þarna er þeim lifandi lýst. Frá því í maímánuði og þangað til í byrjun okt. 1944 voru þeir að semja við okkur um stjórnarmyndun. Þeir féllust þá á allt, sem máli skipti í þeim samningi, sem stjórnarflokkarnir að lokum gerðu með sér. Að vísu sannaðist síðar, að þeir óskuðu, að stjórnarmyndunin tækist ekki, og ætluðu sér að halda við glundroðanum, en láta síðan kjósa til Alþingis vorið 1945 og kenna Sjálfstfl. óreiðuna. En hitt er jafnvíst, að þeir voru staðráðnir í að verða ráðherrar í nýju stj., ef ekki tækist að hindra stjórnarmyndun. Sem kunnugt er, tefldu þeir taflinu svo klaufalega, að þeir urðu utangátta. Og nú eru þeir að bisa við að bera fram vantraust á stj. fyrir að hafa framkvæmt þann málefnasamning, sem þeir sjálfir aðhylltust og þóttust hafa ríkan áhuga fyrir fram á haust 1944. Jæja, ekki er þeim það of gott. Betra er illt en ekkert að aðhafast, og eitthvað verða þeir að dunda við, meðan við hinir neytum allra krafta til að sækja fram að settu marki með fullum hraða.

Annars er þessi vantrauststill. hálfspaugileg. Hvað getur eiginlega vakað fyrir flm.? Ekki getur það verið tilgangurinn að sanna þjóðinni, að frá því að það rann upp fyrir þessum herrum, að stjórn yrði mynduð og þeir yrðu sjálfir utan við, hafa þeir ekki á heilum sér tekið og ekkert til sparað að ófrægja stjórnina, alveg eins og allir líka vita, að þessir menn eru og verða yfirleitt móti sérhverri stj., sem þeir eiga ekki sæti í sjálfir. Slíkt er skiljanlegt um menn, sem telja sér orðið „áskapað að vera ráðherrar á Íslandi". — Ekki vakti það heldur fyrir flm. með vantraustinu að fella stjórnina. Þeir eru varla svo illa haldnir, að þeir viti ekki enn, og allir aðrir, að það er alveg vonlaust. Tæplega var heldur vantraustið flutt í því skyni að sanna einlægni Framsfl. fyrir að flýta störfum þessa þings, sem þeir eru þráfaldlega að stagast á, að sé orðið allt of langt. Nei, auðsætt er, að ekkert af þessu gat vakað fyrir flm. En hvað var það þá, sem fyrir þeim vakti? Þannig er nú spurt. Ég skal svara. Ég ljóstra upp leyndarmálinu. Sannleikurinn er sá, að flm. vita sjálfir ekki nokkurn skapaðan hlut, hvað fyrir þeim vakir. Þeir vita bara, að þeir eru óróir, kviðnir fyrir kosningunum, vanstilltir og reikulir í ráði. Vantraustð er ekkert annað en fálm út í loftið, hold af þeirra holdi, alveg sams konar hringsól og pólitík Framsfl. hefur verið á síðari árum, allt frá því að aðrir flokkar hættu að styðja þá árið 1942 og létu þá fara að reyna að staulast út í lífið á eigin fótum, eina, óstudda og forustulausa með ráðherrapest.

Fyrir þá, sem lesa Tímann, getur varla verið mikil nýbreytni í ræðum eins og þeim, sem verið var að flytja. En kannske við hinir, sem sjaldnar náum til þess lesendahóps, getum borið eitthvað á borð, sem þeim er meira nýmeti. Mætti þá svo fara, að vantraustið yrði ekki alveg jafnþýðingarlaust og mennirnir, sem flytja það, eru nú orðnir.

Ég hygg, að ræðum hv. þm., er voru að ljúka máli sínu, og raunar allri ádeilu stjórnarandstöðunnar sé bezt svarað með því að rekja í örfáum aðaldráttum það, sem stjórnarflokkarnir hafa gert. Menn geta þá borið það saman við það, sem var, og hitt, sem orðið hefði, ef stjórnarmyndun hefði mistekizt 1944, og síðan kveðið upp dóma sína. Skal það nú stuttlega gert. Áður ætla ég þó rétt að víkja sérstaklega að örfáum atriðum úr ræðum þeim, er nú hafa verið fluttar.

Hermann Jónasson tók upp á því að lýsa stefnu Framsfl. í nýsköpuninni. Þetta var ekki hyggilegt. Stefna Framsfl. í nýsköpun er nefnilega engin. eða öllu heldur eitthvað handa öllum. Framsfl. er í þessu sem öðru tilbúinn til þess, sem með þarf, til þess að tryggja honum völdin. Ég hef lagt mig fram um að finna út, hver sé nýsköpunarstefna Framsfl. Ég hef komizt að þeirri niðurstöðu, að sé hún yfirleitt til, þá hljóði hún þannig: Meðan skip eru fáanleg, eiga Íslendingar ekki að kaupa nein skip! Síðar, þegar skip verða ekki fáanleg, eiga Íslendingar að kaupa mörg skip! Meðan Íslendingar eiga nóg fé, eiga þeir engin skip að kaupa! Síðar, þegar búið er að eyða öllu í herkostnað út af þeim kaupdeilum, sem Framsókn vill stofna til, eiga Íslendingar að kaupa stóran skipaflota.

Hv. þm. Mýr. skal ég litlu svara. Það, sem hann sagði um landbúnaðarmál, verður athugað af öðrum. Allt hitt var fremur meinlaust og bar vott um, að hv. þm. hafði veika sannfæringu fyrir ádeilu sinni. Enda mun það svo. Hann talaði fyrir hönd þess eina flokks, sem hann taldi ógallaðan.

Hv. þm. Str. átaldi stj. fyrir sleifarlag á þingstörfum. Bar hann jafnframt hæstv. forsetum þingsins, að þeir misbeittu valdi sínu. Áburður á forsetana er tilefnislaus og því vítaverður. En starfstími þingsins fullyrði ég, að er hinn stytzti fram að þessu í hlutfalli við afköstin. Skal ég síðar víkja betur að því og færa á það óyggjandi sannanir.

Þá vítti þessi hv. þm. stj. fyrir skipun nýrra nefnda. Öðrum fórst, en honum ekki. Sjálfur hefur hann legið undir rökstuddu ámæli fyrir freklega ásælni í ríkissjóðinn til beinagjafa til fylgifiskanna. En auk þess er það, sem úr sker, að alveg eins og athafnasamur bóndi þarf fleiri hjú en sá, sem lítið hefst að, þannig þarf sú stj., er nú fer með völd, vegna mikilvirkra framkvæmda á *flestum* sviðum, *fleiri* aðstoðarmenn en kyrrstöðustjórnir.

Hv. þm. Str. ræddi allmikið um hið svonefnda herstöðvamál og réðst með miklum þjósti að ríkisstj. og þá auðvitað einkum mér sjálfum fyrir alla meðferð málsins. Mál þetta var rætt nokkuð í sameinuðu þingi í fyrrakvöld. Var þá til umr. till. til þál. um herstöðvamálið, sem þessi hv. þm. flytur á þskj. 634. Í þeim umr. kom skýrt fram, að hv. flm. hafði enga grein gert sér fyrir efni sinnar eigin till. og skildi því auðvitað ekki, hversu alvarlega afleiðingu það mundi hafa, ef hún yrði samþ. og framkvæmd. Í þeim umr. skýrði ég málið fyrir honum. Hefur hann að vísu nokkuð af því lært, en þó eigi látið sér segjast sem skyldi. Verð ég því enn að reifa málið. Skal ég, til að stytta mál mitt og fá myndina sem heilsteyptasta, ræða í senn ummæli Hermanns Jónassonar og Eysteins Jónssonar við umræðurnar í fyrrakvöld og ummæli hv. þm. Str. hér í kvöld. Í nefndri till. hv. þm. segir svo:

„Skal ríkisstjórnin jafnframt leggja fyrir Alþingi öll símskeyti og bréf, sem farið hafa milli hennar og fulltrúa erlendra ríkja um mál þetta, og einnig þau símskeyti og bréf um sama mál, sem farið hafa milli hennar og fulltrúa Íslands erlendis."

Í ræðu þeirri, er hv. flm. flutti, var hann að vísu lagður á flótta frá till. þessari. Lét hann nú sem það væri aðalatriði að birta efnisskýrslu um málið, en ekki sjálf skjölin, en á þessu tvennu er einmitt höfuðmunur, eins og ég síðar vík að. Er það að vísu gott, að mér hefur tekizt að glæða skilning hv. flm. á þessu, en viðfelldnara hefði verið og stórmannlegra að játa það, enda er honum engrar undankomu auðið, þótt einhver hafi orðað till., sem eigi lætur nægilega vel að orða ljóst hugsun sína, því að í grg., sem hv. þm. vafalaust sjálfur hefur samið, eru tekin af öll tvímæli um, að hann krefst ekki efnisyfirlýsingar, heldur birtingar skjala. Þar segir orðrétt:

„Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir því, að öll símskeyti og bréf varðandi herstöðvamálið verði birt. Ég fæ ekki séð, að það feli í sér neina hættu."

Ég tel mjög líklegt og fyllilega skiljanlegt, að allur þorri manna geri sér óljósa grein fyrir því, hver munur er á efnisskýrslu um málið og birtingu allra skjala, er um það fjalla. En það er næsta ótrúlegt, að maður, sem verið hefur forsrh. í mörg ár, hafi ekki svo mikið sem hugmynd um það. En sannleikurinn er sá, að í slíkum málum á hver aðili sem er skýlausa kröfu á því að birta efnishlið málsins, ef hann óskar þess. Sjálfsögð kurteisi er þó talin að tilkynna gagnaðila það og reyna að hafa um það fullt samkomulag. Hitt, að ætla sér að birta öll skjöl málsins án þess svo mikið sem að leita samkomulags hins aðilans, hvað þá tryggja það, er talið svo fjarri sanni í viðskiptum milli vinveittra þjóða, að Íslendingum er til lítils heiðurs, að fyrrv. forsrh. hefur lagt fram um það till. á Alþ., enda þótt aðrir muni hafa vit fyrir honum og afstýra ósómanum.

Þetta er nú önnur hliðin á till. hv. þm. Str. Hin er litlu skárri. Hún mælir svo fyrir, að birt skuli „öll símskeyti og bréf", sem farið hafa milli stjórnar Íslands og fulltrúa hennar erlendis um þetta viðkvæma og vandmeðfarna utanríkismál. Um þessa till. er óþarft að fjölyrða. Um hana geta menn dæmt, hvort sem þeir vita nokkurn hlut um sæmilegar umgengnisvenjur við aðrar þjóðir eða ekki. Hér nægir brjóstvitið eitt. Það, sem hv. þm. Str. leggur til, er, að tekinn verði upp sá háttur að birta opinberlega orðrétt bréf og símskeyti, til þess þannig að ljóstra upp þeim mestu trúnaðar- og leyndarmálum, sem trúnaðarmenn ríkisins afla og senda ríkisstj. sinni og þá auðvitað í fyllsta trúnaði.

Þessar skýrslur eru auðvitað um allt það, er slík mál snertir, allt, sem aðrir hafa um það sagt, og þá einnig oft í trúnaði, og jafnframt hugleiðingar og leiðbeiningar sendiherranna sem staðkunnugra manna. Það er ekkert gaman fyrir sendiherrana að fá þannig lagaðar trúnaðarskýrslur á prent. Og málið, eitt vandmeðfarnasta utanríkismál, sem að höndum hefur borið, er svo sem ekki illa valið til þess að innleiða þessa gullvægu og gáfulegu reglu. Það verður ekki amalegt að vera sendiherra Íslands upp á slík býti og ekki heldur áhættusamt fyrir útlendinga að segja fulltrúum Íslands eitthvað í trúnaði. Nei, þessi till. Hermanns Jónassonar, ef samþykkt yrði, er till. um það að aðvara sérhvern útlending um að gefa nokkrum Íslending upplýsingar, sem Íslandi mætti að liði verða, ef honum stendur ekki á sama, þótt slík upplýsing verði sett á prent, og það með, hvaðan hún er fengin. Og það er till. um það, að takist fulltrúa Íslands að krækja í gagnlega upplýsingu, þá skuli hann a. m. k. hugsa sig vel um, áður en hann láti stjórn sína vita um hana, þar eð hann með því eigi á hættu að eyðileggja jafnt sjálfan sig sem þann, er upplýsinguna gaf. Þetta er því í rauninni till. um að eyðileggja að verulegu leyti utanríkisþjónustu Íslands. Hún leggur til, að móðguð sé ein mesta og voldugasta vinaþjóð Íslands og á henni þverbrotnar velsæmisvenjur, og hún leggur til, að eyðilögð sé utanríkisþjónusta Íslands að verulegu leyti. Þannig er þessi till. Hermanns Jónassonar. Það má langt leita í þingsögunni að nokkru sambærilegu. Ég held, að ef hv. þm. Str. verður að einhverju getið eftir 10 ár, verði það ekki sízt vegna till. þessarar.

Rökin, sem færð eru fyrir þessari till., eru að sönnu miklu skynsamlegri en till. sjálf, en þó dálítið skopleg. Því er lýst með heilagri vandlætingu, hversu svívirðilega þjóðin sé leikin, er stj. leyfi sér að leyna hana algerlega þessu mikilvægasta máli hennar. Varla muni þess nokkur dæmi í víðri veröld, að nokkur ríkisstj. hegði sér svo siðlaust og ósæmilega. Smádylgjum er svo lætt milli línanna til bragðbætis. Þessi leynd sé svik við þjóðina og nærri verst fyrir það, að búið sé að ræða málið svo til þrautar í blöðum og

á mannfundum, að hvert mannsbarn í landinu þekki kjarna þess. Þykir mér ekki taka því að eyða tíma í að skopast að því, hvernig hvað rekst á annars horn. En spyrja mætti:

1. Hvernig er hægt að leyna því, sem allir vita?

2. Ef leyndin er svik og siðleysi, hvernig stendur þá á því, að jafnheiðvirður maður og hv. þm. Str. skuli ekki hafa borið fram þessa ágætu till. fyrr en liðnir eru nær 7 mánuðir frá því að hann fékk að vita um málið. Voldugur stjórnmálaleiðtogi, sem liggur í missiri í dvala og sefur á svikunum, á á hættu að vera ekki tekinn alvarlega, þótt eitthvað umli í honum í svefnrofunum rétt fyrir kosningar.

Ég læt þá útrætt um þessa leiðinlegu yfirsjón þm. Str. og vík að hinu, sem er með öllu óskylt till. hv. þm. Str. um að birta skjöl og skeyti málsins, þ. e. a. s., að ríkisstj. gefi þjóðinni skýrslu um aðalefni málsins. Sem kunnugt er, hafa nú verið hafnar almennar umr. um málið. Óskirnar um skýrslu frá ríkisstj. hafa orðið æ háværari og almennari. Tel ég því rétt, einnig með hliðsjón af, að þingi er að ljúka, en kosningar framundan, og eftir að hafa borið mig saman við stjórn Bandaríkjanna, — að fullnægt sé þeim óskum með því að gefa Alþ. skýrslu um málið í fyrsta skipti á opnum fundi að áheyrandi mörgum þúsundum eða tugþúsundum landsmanna. Skýrslan hljóðar svo:

„Hinn 1. okt. síðastl. barst ríkisstjórn Íslands erindi frá ríkisstjórn Bandaríkjanna, þar sem fyrirspurn er gerð um það, hvort ríkisstjórn Íslands mundi vera fús til að hefja umræður við fulltrúa ríkisstjórnar Bandaríkjanna um leigu til langs tíma á bækistöðvum á þrem tilgreindum stöðum hér á landi.

Ríkisstjórn Bandaríkjanna ítrekaði jafnframt tilboð sitt til ríkisstjórnar Íslands um, að hún mundi eindregið styðja umsókn frá Íslandi um að verða ein hinna sameinuðu þjóða, en tilboð þetta var fyrst gert meðan San Fransisco ráðstefnan stóð yfir og síðan í september 1945. Í þessum tillögum Bandaríkjanna er gert ráð fyrir, að ef og þegar Ísland verður meðlimur í bandalagi hinna sameinuðu þjóða, gætu þær bækistöðvar, sem Bandaríkin kynnu að öðlast á Íslandi, orðið heimilaðar öryggisráðinu til efnda á þeim skuldbindingum, sem Ísland mundi takast á hendur samkvæmt sáttmála hinna sameinuðu þjóða.

Ríkisstjórn Bandaríkjanna fullvissaði Ísland enn fremur um, að Bandaríkin mundu taka að sér allan kostnað af byggingum og rekstri bækistöðvanna, og að þeirra réttinda, sem Bandaríkin kynnu að öðlast, mundi verða neytt með fullri virðingu fyrir sjálfstæði og fullveldi lýðveldisins Íslands og án afskipta af innanríkismálum íslenzku þjóðarinnar.

Eftir að þar til kjörin nefnd umboðsmanna allra þingflokka hafði rætt málið ýtarlega, ákvað ríkisstjórnin hinn 6. nóv. að afhenda sendiherra Bandaríkjanna erindi, þar sem segir:

„Hinn 25. febr. síðastl. lýstu allir flokkar Alþingis yfir því, að þeir óskuðu þess, að Íslendingar yrðu þá þegar viðurkenndir sem ein hinna sameinuðu þjóða.

Enda þótt Ísland hafi enn eigi öðlazt þessa viðurkenningu, þykir mega treysta því, að mjög bráðlega komi að því, að svo verði, og er ríkisstjórn Íslands þakklát ríkisstjórn Bandaríkjanna fyrir það fyrirheit, er hún hefur gefið um að stuðla að því.

Íslendingum er ljóst, að ein afleiðing þess, að þeir verði viðurkenndir sem ein hinna sameinuðu þjóða, er sú, að þeir takist á hendur þær kvaðir um þátttöku í ráðstöfunum til tryggingar heimsfriðnum, sem sáttmáli hinna sameinuðu þjóða gerir ráð fyrir.

Með tilvísun til þessa er ríkisstjórn Íslands reiðubúin að ræða skipun þessara mála við ríkisstjórn Bandaríkjanna."

Þessu fylgdi munnleg yfirlýsing um, að slíkar viðræður gætu ekki hafizt á þeim grundvelli, er Bandaríkin hefðu óskað í erindi sínu dags. 1. okt., enda vildi Ísland ekki fyrirfram gefa nein vilyrði um lausn málsins.

Hinn 12. nóv. skýrði ríkisstjórn Íslands að gefnu tilefni ríkisstjórn Bandaríkjanna frá því, að hún hefði ekki heimild til að ræða málið á öðrum grundvelli en um ræðir í ofannefndu erindi ríkisstjórnar Íslands, dags. 6. nóv., og þeim munnlegu ummælum, er því fylgdu, svo sem að framan greinir.

Um miðjan nóvember fól ríkisstjórn Íslands sendiherra Íslands í Washington að eiga viðræður við ríkisstjórn Bandaríkjanna um málaleitun þeirra. Leiddu þær viðræður til þess, að sendiherra símaði ríkisstjórn Íslands hinn 8. des., að ríkisstjórn Bandaríkjanna hefði fallizt á að stöðva málið, að minnsta kosti í bili.

Síðan hefur ekkert gerzt í málinu."

Um meðferð málsins þykir rétt að taka þetta fram:

Ríkisstjórn Íslands skýrði Alþingi þegar í stað hinn 2. okt. frá framangreindri málaleitun Bandaríkjanna og mæltist jafnframt til þess, að hver þingflokkur tilnefndi þrjá fulltrúa, er ásamt ríkisstjórninni athuguðu, hvernig svara bæri henni. Var það tafarlaust gert, og var málið rætt á mjög mörgum fundum, er allir þessir menn áttu með sér fram undir miðjan nóvember.

Hinn 16. okt. gerði ríkisstjórn Íslands tillögu til ríkisstjórnar Bandaríkjanna um að gefa út blaðatilkynningu um aðalefni þess, er fram hafði farið í málinu fram til þess tíma, en það er föst venja, að ekkert sé birt í slíkum málaleitunum ríkisstjórna á milli, nema með vitund beggja aðila.

Hinn 22. okt. lagði ríkisstjórn Bandaríkjanna til, að nokkrar breytingar yrðu gerðar á þessum tillögum. Ríkisstjórn Íslands féllst strax á þá uppástungu, en þó varð eigi af blaðatilkynningu, með því að ný sjónarmið og viðhorf opnuðust, er stöðugt voru rædd af fulltrúum allra þingflokkanna.

Hinn 3. des. samþykkti ríkisstjórn Íslands einróma að gera á ný tillögu til ríkisstjórnar Bandaríkjanna um blaðatilkynningu um efnishlið málsins, en áður en ríkisstjórn Bandaríkjanna svaraði þeirri tillögu, barst ríkisstjórn Íslands tilkynning frá sendiherra Íslands í Washington um, að hann byggist fljótlega við svari á framangreindri málaleitun, er ríkisstjórn Íslands hafði falið honum að bera fram við ríkisstjórn

Bandaríkjanna. Mæltist sendiherra jafnframt til, að engar tilkynningar yrðu gefnar út á meðan og ekki án þess að ríkisstjórn Bandaríkjanna fengi 3 daga fyrirvara. Samþykkti þá ríkisstjórn Íslands að fresta blaðatilkynningu þar til öðruvísi yrði ákveðið. Síðan hefur því oftar en einu sinni verið hreyft innan ríkisstjórnarinnar, að nauðsyn bæri til að gefa út blaðatilkynningu, samanber einnig áður framkomnar yfirlýsingar ráðherra Sósfl. Tillaga um þetta hefur þó aldrei verið borin upp til atkv. innan ríkisstj., sbr. yfirlýsingu ráðherra Alþfl., vegna þess að eftir að utanríkisráðherra hafði borizt tilkynning sendiherra Íslands í Washington um, að ríkisstjórn Bandaríkjanna hefði fallizt á, að málið yrði stöðvað, að minnsta kosti í bili, taldi hann ekki rétt að hefja umræður um það af hálfu stjórnar Íslands, meðan ekkert sérstakt bæri að höndum.

Ég hygg, að það, sem ég hef sagt, nægi til að afsanna flestar þær staðhæfingar og dylgjur, sem fram komu í ræðu hv. þm. Str.

Hrokinn og sjálfstraustið eru ekki mitt meðfæri, enda mér óviðkomandi. Skýrsla sú, er ég nú hef gefið, sýnir m. a., að tvisvar áður hefur ríkisstj. verið komin á fremsta hlunn með að gefa út skýrslu um efnishlið málsins. Í fyrra skiptið var stjórn Bandaríkjanna búin að samþykkja það. Í síðara skiptið reyndi ekki á það, því að stjórn Íslands hætti við birtingu í bili, áður en til þess kæmi, að Bandaríkin svöruðu. Þá ber og skýrslan með sér, að fram að þessu hefur öll stj. verið sammála um hvert spor, sem stigið hefur verið í málinu. Það eina, sem á milli hefur borið og þó aldrei dregið til átaka um, er, að eftir að sendiherra Íslands taldi, að takast mætti að stöðva málið, áleit ég farsælast fyrir okkur Íslendinga að eiga ekkert frumkvæði að því að hefja umræður um málið fyrr en nauðsyn krefði. Beitti ég mér því gegn því, að við bærum fram till. um að birta efnishlið málsins meðan ekkert sérstakt bæri að höndum. Tek ég á mig alla ábyrgð á, að það hefur eigi verið gert fyrr en nú. Þarf ég engu að leyna um, hvað réð gerðum mínum. Voldug vinaþjóð hafði borið fram óskir við stjórn Íslands. Íslendingar áttu henni margt gott upp að unna og höfðu af henni þegið margvíslega beina og óbeina aðstoð á styrjaldarárunum. Og enn var þess að minnast, sem Íslendingar aldrei gleyma, að Bandaríkjamenn viðurkenndu allra þjóða fyrstir skýlausan rétt okkar til að endurreisa lýðveldið og studdu okkur betur og drengilegar í lokaþætti sjálfstæðisbaráttunnar en nokkur önnur þjóð. Bandaríkin voru því alls góðs makleg. En þegar þau beiddust þess, sem Íslendingar engum vilja í té láta, var ekki hægt að segja já. Í slíku máli verða íslenzkir hagsmunir einir að ráða. Stjórn Íslands taldi sér því ekki fært að verða við óskum Bandaríkjanna, frambornum í nótu þeirra, dags. 1. okt. Þetta var óumflýjanlegt. Nú ályktaði ég á þá leið, að ef Bandaríkin talfærðu ekki að fyrra bragði, að birt skyldi efnishlið málsins, mundu þau fremur kjósa, að málið lægi í þagnargildi. Fannst mér útlátalítið að eiga engan þátt í, að annað yrði, og að sjálfsögðu vildi ég geðjast Bandaríkjunum, ef ég gat það, Íslendingum að meinfangalausu. Taldi ég mig og því betur geta þagað fyrir það, að hvert mannsbarn á Íslandi vissi, hvað það var, sem Bandaríkin höfðu farið fram á. Þetta var það, sem ráðið hefur gerðum mínum. — Hitt liggur svo í hlutarins eðli, að fyrir stj. sjálfa hefur það auðvitað allt frá því er málið hófst verið langæskilegast að reka það sem allra mest fyrir opnum tjöldum. Hún hafði engu að leyna. Leyndin gat því ekki stafað af umhyggju fyrir stj., heldur af hinu, að eðli málsins samkvæmt verða ríkisstjórnir allra landa á öllum tímum að skoða það sem skyldu sína að viðhafa hverju sinni þá málsmeðferð í skiptum við önnur ríki, sem bezt hentar hagsmunum þeirrar þjóðar, sem ríkisstj. er málsvari fyrir, hvort sem það hentar augnablikshagsmunum stj. betur eða verr. Stj. á það svo undir drenglyndi stjórnarandstöðunnar, hvort hún reynir að þyrla upp moldviðri um utanríkismálin í því skyni að freista þess að ná flokkslegum ávinningi á kostnað þjóðarhagsmuna, og þá að sjálfsögðu að lokum undir dómgreind þjóðarinnar, hvort slík bolabrögð reynast til hags eða tjóns þeim, sem þeim beitir.

Ég skal að þessu sinni ljúka þessum aths. um herstöðvamálið með því að segja það, sem ég veit, að þjóðin trúir, að ég hef frá öndverðu leitazt við að halda þannig á málinu, sem bezt henti hagsmunum Íslands.

Ríkisstjórn Íslands taldi sér ekki fært að verða við ósk Bandaríkjanna, en lýsti hins vegar yfir, að hún væri reiðubúin að ræða við stjórn Bandaríkjanna um, að Íslendingar verði ein hinna sameinuðu þjóða, og þær kvaðir, er þeir þá takast á hendur um þátttöku í þeim ráðstöfunum til tryggingar heimsfriðnum, sem United Nations Charter gerir ráð fyrir. En það ætti að vera sérhverjum Íslending ljóst, að enda þótt Ísland þannig ekki hafi séð sér fært að verða við óskum Bandaríkjanna, er vinátta Bandaríkjanna Íslandi ómetanleg. Stöðvamálið hefur af Íslands hálfu verið rætt og rekið út frá báðum þessum sjónarmiðum.

Sá hluti ræðu hv. þm. Str., er um utanríkismál fjallaði, sýndi mjög greinilega, að hann telur sjálfan sig allra manna færastan um að segja Íslendingum fyrir verkum um alla meðferð utanríkismála. Skal ég láta það óátalið. En rétt er að minna á, að þetta er ekki í fyrsta skipti, sem stjórn Íslands ræðir mikilvægt mál við stjórn Bandaríkjanna, — mál, sem Bandaríkin töldu eigi aðeins íslenzkt mál, heldur og eins og á stóð mál margra þjóða annars vegar, en Íslands hins vegar. Þær umræður stóðu lengi sumars 1942 og snerust um sjálfstæðismál Íslendinga. Hv. þm. Str. taldi þá, sem nú, illa og óviturlega á málum Íslands haldið. Taldi hann þá, að valdhafarnir hefðu með framkomu sinni „glatað virðingu umheimsins fyrir Íslandi", — „sett smánarblett á þjóðina", eins og hann komst að orði, og margt annað svipað lét hann um mælt. Endirinn varð sá, að stjórn Íslands tókst að fá öllu því framgengt, er Íslandi var fyrir beztu, og lauk málinu með því, að stjórn Íslands tryggði fyrirfram viðurkenningu voldugasta lýðríkis veraldar, Bandaríkjanna, á lögmæti endurreisnar hins forna íslenzka lýðveldis.

Mér sýnist margt benda til, að hv. þm. Str. hafi ekkert farið fram í hyggilegri meðferð ut-

anríkismála frá því 1942, enda enga æfingu haft í þeim efnum.

Skal ég þá víkja að því, er ég hvarf frá. Hv. þm. Str. sagði, að efndir stj. stæðu í öfugu hlutfalli við loforðin. Ég skal svara til saka. Ég skal auðvelda háttvirtum áheyrendum úrskurðina um það, hvort stj. verðskuldi lof eða last. Ég skal kæfa ofsa hv. þm. Str. og óhróður í köldum staðreyndum, með því einfaldlega að rifja upp gerðir stj.

Hinn 10. des. s. l. flutti ég ræðu hér á Alþ. við framhald 1. umr. fjárl. Var þeim umræðum útvarpað, en flestar aðalræðurnar birtust síðan í blöðunum. Ég gerði þá allýtarlega grein fyrir störfum stj. fram til þess tíma. Treysti ég því, að flestir þeir, er áhuga hafa á stjórnmálum, hafi kynnt sér þá skýrslu, og læt ég því að þessu sinni nægja að stikla á stærstu atriðunum, enda ekki annars kostur, jafntakmarkaður sem tími minn er.

Svo sem kunnugt er, tók núv. ríkisstj. við völdum í október 1944. Hafði þá um nær tveggja ára bil ríkt alger glundroði í stjórnmálum þjóðarinnar, enda hafði Alþ. brugðizt þeirri höfuðskyldu að mynda þingræðisstjórn. Var í slíkt óefni komið, að allir flokkar þingsins töldu með öllu óþolandi. Höfðu þeir þá setið marga mánuði við samningaborðið í því skyni að firra Alþ. þeirri smán að búa við óþingræðislega utanþingsstjórn og þjóðina þeim voða, er af þessu hlaut að leiða. Gekk, sem kunnugt er, stirðlega að koma stjórninni á laggirnar, en tókst þó, eftir að Framsfl. hafði skorizt úr leik og skotið sér undan skyldunni, þegar þörfin var mest. Hvað sem menn að öðru leyti segja um stjórnina, störf hennar og stefnu, kemst enginn hjá að viðurkenna, að hin fyrsta gangan var góð, þar eð sjálf stjórnarmyndunin firrti Alþingi smán og þjóðina yfirvofandi hættu.

Stefna stj. er margrædd og öllum kunn. Höfuðatriðið er að freista þess að tryggja öllum Íslendingum atvinnu við sem arðvænlegastan atvinnurekstur. Er sama að segja um stefnuna sem stjórnarmyndunina, að enginn getur mælt því gegn, að um lofsverðan tilgang er að ræða, sem sanngjarnir menn hljóta að óska, að megi sem bezt lánast að framkvæma. Eftir stendur þá það eitt, hvernig framkvæmdirnar hafi farið úr hendi. Hefur stj. leitazt við að standa við loforð sín? Hefur stj. lánazt að komast áleiðis í áttina að settu marki?

Aðkoma stj. var örðug. Hún tók við á miðju þingi. Hennar biðu mörg vandleyst verkefni, sem enga bið þoldu. Eitt fyrsta verkefnið var að sjá ríkissj. fyrir 20 millj. kr. nýjum tekjum. Það tókst, þrátt fyrir grundvallarágreining milli stjórnarflokkanna. Eftir það tók stj. röggsama forustu um alla löggjöfina. Hún beitti sér fyrir miklum stuðningi við höfuðatvinnuvegi landsmanna og miklum fjárveitingum þeim til handa. Hún tryggði stórstígari framkvæmdir í samgöngumálunum en nokkur dæmi voru til áður, og henni tókst að ná samkomulagi um margvíslega merka löggjöf, er um langan aldur mun bera vitni þeim skilningi, velvilja, stórhug og bjartsýni, er verið hefur höfuðeinkenni stjórnarsamstarfsins frá öndverðu og fram á þennan dag. Voru meðal þeirra lagasetninga lögin um nýbyggingarráð, en sú lagasetning hefur orðið grundvöllur margs hins mikilvægasta, er síðar hefur gerzt á sviði löggjafar þjóðarinnar.

Að afloknu vorþinginu stefndi stjórnin ótrauð áfram að settu marki. Varð hún í því skyni að gefa út ýmis brbl. Eru þeirra merkust lögin um búnaðarráð og verðlag landbúnaðarafurða og lögin um togarakaup ríkisins. Hefur Alþ. nú fallizt á þessar aðgerðir ríkisstj., og verður eigi um deilt, að vel var á haldið, er annars vegar tókst að tryggja hagsmuni bænda, en spara þó ríkissj. 10—15 millj. kr. útgjöld, en hins vegar að tryggja Íslendingum 30 nýtízku togara. Var það happ, að eigi skyldi hikað í því máli, og er nú öllum ljóst orðið, að án röggsamrar forustu nýbyggingarráðs og ríkisstj. hefðu Íslendingar ekki getað tryggt sér þessi mikilvirkustu framleiðslutæki, sem þjóðin þekkir, fyrr en eftir árslok 1948. Er og ekki ósennilegt, að þau verði þá dýrari, en jafnframt ef til vill hjá liðinn sá tími, er mestar líkur eru á hagnaði af rekstri togaranna. Svo sem kunnugt er, munu hin fyrstu skipa þessara afhent Íslendingum í haust, en hin síðustu næsta haust.

Á þessu þingi hefur stj. og flokkar hennar lagt fram og fengið lögfest fleiri og merkari þjóðnytjamál en nokkur dæmi eru til. Má þar m. a. nefna:

1. Frv. um raforkuveitu ríkisins, er hnígur að því, að þessi eftirsóttu lífsþægindi verði látin öllum landsmönnum í té, eftir því sem frekast er hægt á sæmilega fjárhagslegum grundvelli.

2. Frv. um nýbyggðir og landnám, er tryggir sveitunum a. m. k. 6 millj. kr. ríkisframlag á ári í 10 ár, til ræktunar og húsabygginga.

3. 100 millj. kr. lánveitingu til nýbyggingar á sviði sjávarútvegsins, með 2½% vaxtakjörum, í stað þeirra 6—8%, sem útvegurinn lengst af hefur orðið að greiða.

4. Frv. um alhliða aðstoð til húsbygginga í kaupstöðum og kauptúnum, er fela í sér fullkomnari úrbætur á aðkallandi þörf á þessu sviði en áður hefur verið stungið upp á á Alþingi.

5. Ný allsherjar skólalöggjöf, er endurskapar allt skólakerfi landsins.

6. Ný tryggingalöggjöf, sem setur Ísland á bekk með þeim mannúðar- og menningarþjóðum, er hæst gnæfa í þessum efnum. Er með löggjöf þessari flestum þeim, er verst eru settir í lífsbaráttunni, veitt trygging gegn skorti. Eiga þannig gamalmenni kröfu á ellilífeyri, er nemur í Reykjavík tæpum 300 kr. fyrir einhleypa, en yfir 450 kr. fyrir hjón, er búa saman. En allt er tryggingakerfið svo fullkomið, að segja má, að lagður sé grundvöllur að tryggingu gegn sjúkdómum, slysum, örorku og elli frá vöggu til grafar. Eru að vísu enn nokkrar eyður, sem í þyrfti að fylla. Verður það vafalaust gert þegar reynslan hefur sýnt, að auðnast megi að standa undir útgjaldahlið málsins. Er hér um að ræða löggjöf, sem vekur fögnuð allra þeirra, er um fleira hugsa en eigin hag. Skal fúslega játað, að nokkurs uggs gegnir um gjaldgetu hins opinbera í sambandi við kvaðir og skyldur þessarar löggjafar. En slíkt er ekki nýtt fyrirbrigði, og munu allir góðgjarnir menn af heilum hug óska þess,

að gæfa fylgi þessari löggjöf úr hlaði, og vona, að henni hlekkist ekki á, heldur megi hún vaxa og dafna, þar til hún nær að fullu þeim fagra tilgangi að sjá þeim borgið, sem útundan hafa orðið í kapphlaupinu um gæði lífsins. En þetta er frá mínu sjónarmiði höfuðtilgangur laganna. — Verður þessi merka löggjöf áreiðanlega skýrð við þessar umr. af þeim, er til þess eru færari en ég, og skal ég því eigi orðlengja um hana.

Ég hef nú nefnt sex lagabálka, er hver fyrir sig er svo merkur, að nægja mundi til þess að auka virðingu þess Alþ., er lögin setti. Er því eigi ofmælt, að þess Alþingis, sem nú er að ljúka, muni lengi minnzt með ágætum, er sama þingið hefur sett öll þessi sex lög. Hefur þingið þó margt fleira stórra mála og merkra lögfest. Nefni ég þar til m. a.:

1. Lög um 10 millj. kr. framlag til landshafnar í Njarðvíkum og Keflavík. Er hér verið að bæta úr bráðri og vaxandi þörf bátaútvegsins, en sem kunnugt er, leita bátar hvaðanæva af landinu til veiða í Faxaflóa á vetrarvertíð.

2. Almenn hafnarlög, er fela í sér mörg stórmerk nýmæli, er m. a. greiða fyrir byggingu hafna og hafnarmannvirkja um land allt. Er það augljóslega mikið þarfamál, enda frumskilyrði þess, að vel nýtist hinn mikli nýi skipastóll, sem nú er óðum að koma til landsins.

3. Nýr og fullkominn vegur austur yfir fjall. Er ætlað, að hann kosti 22 millj. kr. og verði lagður á 7 árum. Hefur það mál verið á döfinni í áratugi, en aldrei náðst um það samkomulag fyrr en nú. Er hér um stórfenglegustu samgöngubætur að ræða, er dæmi eru til hér á landi, og sýnir eitt m. a. þann stórhug, er ræður ákvörðunum núverandi valdhafa.

4. Löggjöf um nýtízku hótel í Reykjavík. Er ætlað, að það kosti 15 millj. kr., og leggi ríkið fram þriðja hluta, en Reykjavíkurbær og Eimskipafélag Íslands sinn þriðja hluta hvort. Eru allir, sem til þekkja, sammála um, að óumflýjanleg nauðsyn kalli á byggingu þessa hótels, og er þó þörf landsmanna fyrir nýjar hótelbyggingar engan veginn leyst fyrir það.

5. Bygging þriggja nýrra strandferðaskipa, sem kosta munu 7 millj. kr. Er þar leitazt við að bæta úr þeim vandræðum, er um langt skeið hafa þjakað alla þá, er komast þurfa ferða sinna eða flytja vörur sínar hafna á milli á Íslandi.

6. Lög um að reisa fyrirmyndarbæ á Skagaströnd. Er þar um tilraun að ræða, er síðar mun þykja merkileg og sýnir ef til vill betur en flest annað viðleitni valdhafanna til að láta gott af sér leiða og hikleysi við forustu á þeim sviðum, sem líklegt þykir, að gagn megi af hljótast, en ekki eru viðfangsefni einstaklinga.

7. Lög, er heimila ríkinu að reisa tunnuverksmiðju.

8. Lög, er heimila ríkinu að reisa niðursuðuverksmiðju. Er hér um nýmæli að ræða, sem vænzt er, að leiði til gagns og reynist arðvænleg, bæði beint og óbeint.

9. Lög um 34 millj. kr. ríkisábyrgð til viðbótar virkjun á Soginu í því skyni að fullnægja rafmagnsþörf Reykjavíkur, Reykjanesskagans og Suðurlandsundirlendisins.

Samfara þessu hefur svo Alþ. með setningu fjárl. veitt meira fé til verklegra framkvæmda og eflingar atvinnulífsins en dæmi eru til.

Marga fleiri merka löggjöf mætti minnast á, en þess gerist ekki þörf. Ég ætla, að nóg sé talið, til þess að sýna og sanna, að svo mikilvirkt hefur þetta Alþingi verið, svo stórhuga er nú löggjafinn, að ekkert þing hefur verið háð á Íslandi, er í þessum efnum verður á nokkurn hátt borið saman við þetta þing. Hafa stjórnarflokkarnir að sjálfsögðu haft alla forustu, en Framsfl. mörgu eða flestu sýnt andúð.

Ég hef nú minnzt nokkuð á lagasetninguna frá því að núverandi stjórnarflokkar tóku forustuna í sínar hendur. — Á sviði framkvæmdanna hafa tökin einnig verið föst, enda full nauðsyn, jafnmörg og örðug viðfangsefni, sem að hafa steðjað.

Þegar stjórnin tók við völdum, haustið 1944, var allt í óvissu um afurðasöluna. Samningar við Breta féllu niður þá um áramót, og vildu Bretar ekki endurnýja þá. Af því leiddi, að auk þess sem fullkomin óvissa ríkti um verðlag, þurfti stj. að sjá fyrir skipakosti til útflutnings alls ísfisks frá landinu. Spáðu andstæðingarnir þá miklu verðfalli og jafnvel hruni. Skal sú saga ekki rakin, en aðeins minnzt á, að í stað verðfallsins tókst stj. að hækka verð á nýjum fiski til útflutnings um 15%. Fór hún í þeim efnum eftir till. forustumanna Suðurnesjabúa í útvegsmálum, en öll hafði stj. verið sammála um nauðsyn þess að bæta hag útvegsins. Lánuðust allar þær ráðstafanir furðu vel, og eru misfellur þær, er á urðu, smámunir hjá því, er fékkst í aðra hönd vegna þessara aðgerða ríkisvaldsins. Náði stj. síðar samningum við Breta, er voru svo milljónatugum skipti hagkvæmari en þeir, er gilt höfðu, og spáðu þó stjórnarandstæðingar verðfalli, en ekki verðhækkun. Er engum vafa undirorpið, að myndun nýrrar stjórnar, er átti líf sitt undir því að bæta kjör almennings í landinu, átti sinn þátt í, að svo giftusamlega tókst til.

Og enn á ný tókst stj. um síðustu áramót að gera ráðstafanir til stórbættrar afkomu sjómanna og útvegsmanna, er hún samkv. till. umboðsmanna útvegsins tók á ríkissjóð ábyrgð á nokkrum hluta útflutningsvörunnar. Eru nú horfur á, að eigi hljótist skaði af fyrir ríkissjóð, og jafnvel mögulegt, að enn sé í vændum hækkandi verðlag á frystum fiski, ef atbeini ríkisins kemur til, þótt eigi sé ætlað, að því fylgi áhætta fyrir ríkissjóð. Hefur ríkisstj. nýverið náð frjálsu samkomulagi við hraðfrystihúsin, sem tryggir sjómönnum og útvegsmönnum uppbætur á innlagðan fisk, ef verðið hækkar að mun frá því, er í öndverðu var ætlað. Hefur það samkomulag nú verið lögfest. Þannig hafa afskipti ríkisvaldsins af þessum málum, bæði haustið 1944 og nú, orðið til að stórbæta hag útvegsins í heild.

Þá hefur ríkisstj. átt í stöðugum samningum við önnur ríki í því skyni að tryggja verzlun og viðskipti og greiða fyrir sölu útflutningsafurða landsmanna við sem arðvænlegustu verði. Hefur þannig verið samið við Breta, Svía, Finna og Tékka. Er nú verið að semja við Rússa og Frakka, en undirbúningur samninga við Belgi, Hollendinga, Ítali og Svisslendinga. Þá er og ólokið samningum við Dani vegna niðurfellingar

sambandslagasáttmálans og stofnunar lýðveldis á Íslandi. Er hér í mörgum efnum lagt inn á nýjar brautir í því skyni að afla nýrra markaða og tryggja hina eldri, enda sýnt, að eigi nægir að afla nýrra tækja nema jafnframt sé unnið að því að greiða á alla lund fyrir sölu afurðanna. Geta menn nú borið þessar staðreyndir saman við fullyrðingar Hermanns Jónassonar um, að ekkert hafi verið aðhafzt í þessum efnum, og haft það til vitnis um málflutning þessa hv. þm. Er þess enginn kostur að rekja hér þessa þýðingarmiklu samninga, en rétt þykir að geta þess, að líkur eru fyrir stórhækkandi verði á síld og síldarafurðum, einkum síldarlýsi, svo að ætla má, að síldarmálið verði um 30 kr. á næsta sumri í stað 18.00 í fyrra.

Allt eru þetta mikilsverð mál, er krefjast mikillar athugunar og aðgæzlu, og hefur ríkisstj. þurft að leggja mikla vinnu í skynsamlega lausn allra þessara millirikjasamninga.

Óteljandi önnur viðfangsefni hefur orðið við að fást, þar á meðal og eitt hið mikilvægasta það að tryggja vinnufrið í landinu. Hefur það tekizt með tiltölulega fáum og smáum undantekningum, og logaði þó allt í deilum og verkföllum, þegar stj. tók við völdum. Verður ávinningur þess fyrir þjóðarbúið seint ofmetinn.

Vinnst hér ekki tími til að greina frekar en orðið er frá samstarfinu, en allir, sem eitthvað skyn bera á þá hluti, geta gert sér í hugarlund, að í samstarfi flokka, er hafa mjög ólík viðhorf til stjórnmálanna, liggur mikil vinna að baki öllum þeim örlagaríku ákvörðunum, er stjórnarflokkarnir hafa tekið á sviði löggjafar og framkvæmda. Að tekizt hefur að lokum að ná svo víðtæku samkomulagi sem raun ber vitni um, sannar, að gengið er að verki með festu, krafti og lagni, og að í herbúðum stjórnarliða ríkir sterkur og almennur áhugi fyrir því, að hinar stórhuga fyrirætlanir og framkvæmdir stjórnarflokkanna kafni ekki í innbyrðis ágreiningi, heldur nái þær fram að ganga, þjóðinni til farsældar og blessunar um langan aldur.

Ég hef þá stuttlega drepið á árangur samstarfs stjórnarflokkanna. Þjóðin verður nú að dæma um, hvort henni líkar betur eða miður. Við þann dóm er hollt að hafa til hliðsjónar það, sem var, og ekki sízt það, sem verið hefði, ef sú stefna, sem Framsfl. nú boðar, hefði ráðið. Kjarni hennar er sá, að fyrst verði að lækka allt kaupgjald í landinu, síðan að ráðast í framkvæmdir. Að sönnu aðhylltust framsóknarmenn kauphækkanir meðan þeir ætluðu að taka þátt í stj., ef þeim tækist ekki að viðhalda glundroðanum, en eftir að þeir urðu utangátta, linnir ekki óhróðrinum um fjárglæfra ríkisstj., er hún beitir sér fyrir kaupum á nýjum tækjum án þess að sjá um kauplækkanir. Er þó öllum ljóst, að eigi gat nokkur maður ákveðið það haustið 1944, hvert kaupgjaldið þyrfti að verða, til þess að tryggja arðvænlegan rekstur hinna nýju tækja, þegar þau koma í notkun á árinu 1946 eða 1947. Hitt er jafnljóst, að meðan útvegurinn er rekinn með sæmilegum árangri, sættir verkalýðurinn sig ekki við kauplækkanir. Það var því hvorki á valdi Framsfl. né annarra að knýja kauplækkanir fram. Nægir það eitt til að sanna, að þessi meginkrafa Framsfl. er þegar af þeirri ástæðu dauðadæmd. En auk þess er hún jafnósanngjörn sem hún er óviturleg. Afleiðingin gat aldrei orðið önnur en verkföll og ófriður, er leitt gat til óbærilegs tjóns fyrir þjóðarbúið, en lyktar með réttlátum sigri verkalýðsins. Þetta er rétt, að þjóðin hafi í huga, þegar hún kveður upp dóm sinn við kosningarnar. Annars vegar styrjöld, sem hlaut að enda með ósigri kauplækkunarkröfunnar, en áður hefði þó leitt til, að þeir fjármunir, sem nú er varið til nýsköpunar, hefðu eyðzt í herkostnað. Hins vegar þær framfarir á sviði löggjafar og framkvæmda, er ég hef lýst. Það er að sönnu rétt, að Framsfl. hefur ekki barizt gegn hverju einasta þörfu máli. Til þess virðist hann hafa haft vilja, en brostið kjark, vegna kosninganna, sem fyrir dyrum eru. Þetta er þó ekki aðalatriðið, heldur hitt, að Framsfl. hefur barizt eins og hýena gegn því samstarfi, sem öll sú löggjöf og allar þær framkvæmdir, sem ég lýsti, hafa sprottið af.

Valið er á milli stjórnarflokkanna, sem biðja þjóðina þess að verða dæmdir af verkum sínum, og Framsfl., sem með hnúum og hnefum hefur fjandskapazt gegn stjórnarsamstarfinu frá því að stj. tók við völdum og fram á þennan dag. Það er fyrir hina neikvæðu baráttu gegn hinni alhliða, stórhuga og víðsýnu viðreisnarstefnu stjórnarflokkanna í andlegum og veraldlegum efnum, baráttu Framsfl. gegn hinum stórfelldu hagsmunamálum bænda, sjómanna, útvegsmanna og yfirleitt alls almennings í landinu, sem hin dauða hönd Framsfl. biður nú þjóðina um nýjan styrk, svo að henni megi framvegis takast að kyrkja í fæðingu slík þarfamál sem þau, sem stjórnarflokkarnir hafa borið og vilja bera fram til sigurs.

Háttvirtu alþingismenn og aðrir hlustendur! Ykkar er nú að kveða upp dóminn, ýmist á Alþingi eða við alþingiskosningarnar í sumar. Þeir, sem kosið hafa innbyrðisstyrjöld á sviði athafnalífsins og athafnaleysi í stjórnmálalífinu, samþykkja vantraust á stjórnarflokkana á Alþingi og við kosningarnar. Hinir fella vantraustið á Alþingi og Framsfl. við kosningarnar. Sú fylking verður mikil og þéttskipuð. Í henni verða allir þeir, sem fagna því, að þjóðinni hefur verið forðað frá vinnudeilum og í stað þess tryggður friður til að vinna að framleiðslunni og öðrum þjóðnytjastörfum. Þar verða og allir þeir, sem viðurkenna, að vel og viturlega voru leyst vandamál bænda. Þar verða sjómenn og útvegsmenn og allir aðrir, er bera hag útvegsins fyrir brjósti, til þess með þeim hætti að styðja þá stjórn, sem hafði hrakspár hrunstefnumanna að engu, fyrirskipaði allmikla verðhækkun á innlendum markaði á framleiðsluvöru útvegsins, en tók síðan upp djarfa og sigursæla baráttu fyrir afurðaverðinu á erlendum markaði með margflóknum milliríkjasamningum og einbeittri sókn inn á nýja markaði. Í þeirri fylkingu verða og allir, er fagna því, að 30 nýir togarar og yfir 100 stórir vélbátar eru væntanlegir til landsins. Enn fremur allir þeir, sem gleðjast yfir því, að nýjar verksmiðjur og óteljandi nýjar landbúnaðarvélar eru nú teknar í þjónustu þjóðarinnar, og með öllu þessu er stigið langstærsta sporið, er Íslendingar

hafa nokkru sinni stigið, til þess að fylgja fordæmi þeirra þjóða, er komizt hafa til auðs og velmegunar, einmitt með því að taka vélaaflið í sína þjónustu. Þarna munu og sjást þeir, er telja sér til hagsbóta, að raforkan verði leidd inn á sem flest heimili í landinu. Þeir, er þakka aðstoð við húsbyggingar í kaupstöðum og kauptúnum. Þeir, sem telja sér til framdráttar, að ríkið veiti 6 millj. kr. árlega í 10 ár til aukinnar ræktunar og byggingar í sveitum landsins. Þeir, sem vilja heldur greiða 2½% vexti en 8% af lánum til nýsköpunar útvegsins. Þar verða allir þeir, sem fagna því að verða tryggðir fyrir skorti frá vöggu til grafar. Þeir, sem láta sig það skipta, að bætt verði menntun unglinga í landinu. Þeir, sem telja sér til hagsbóta, að ríkið skapi örugga samgönguleið austur yfir fjall og verji til þess 22 millj. kr. Þeir, sem telja nauðsyn á hafnarbótum og nýrri landshöfn. Þeir, sem telja, að bæta þurfi samgöngur á sjó við strendur landsins. Þeir, sem telja þörf fyrir gistihús í Rvík. Þeir, sem vilja forgöngu ríkisins til fyrirmyndar framkvæmda, sem einstaklingurinn ræður ekki við. Og yfirleitt allir þeir, sem beint eða óbeint hafa hagnazt á því framtaki, sem stjórnarflokkarnir hafa sýnt og munu sýna, meðan þeir starfa saman.

Ég held, að ekki sé fýsilegt fyrir svokallaða framsóknarmenn að sækja fram gegn þessari fylkingu.

Ég ætla að bíða rólegur dóms þjóðarinnar. Ég kvíði honum ekki. Hann verður ekki nema á einn veg. Þjóðin hefur raunar þegar kveðið upp sinn dóm. Hún hefur kveðið niður návæl forkólfa Framsfl. Hún hefur neitað að láta það á sig fá, þótt tveir nafnkunnir menn lentu utan við ráðherrastólana. Hún hefur lagt blessun yfir stefnu stjórnarinnar og störf. Hún hefur nú þegar ráðstafað nær 240 af þeim 300 millj., er ákveðið var að verja til kaupa á nýjum tækjum. Þessi dómur er skýr og tvímælalaus. Þessi dómur er ekki stéttadómur. Hann er kveðinn upp af mönnum úr öllum stéttum, dreifðum um allt land. Rödd bænda kveður hátt við. Þeir ákæra forustu Framsfl. fyrir að hafa brugðizt, þegar mest á reið. Þeir telja meiru skipta, að bændur fái sinn skerf nú, þegar þjóðin í fyrsta sinn ræður yfir verulegum fjármunum og hefur staðráðið að verja þeim til eflingar atvinnulífinu, en hitt, hvort Hermann Jónasson og Eysteinn Jónsson eru ráðherrar. Þess vegna hafa þeir nú heimtað og tryggt sér vélar í þágu landbúnaðarins fyrir tvo til þrjá milljónatugi. Og þess vegna hafa þeir nú unnvörpum snúið bakinu við forustu Framsfl.

Ég tel mig nú hafa gert hreint fyrir dyrum ríkisstj. Ég ætla mig hafa sannað, að hún verðskuldar beinan stuðning allra annarra en þeirra, sem alls ekki geta fellt sig við samstarf við einn eða fleiri af stjórnarflokkunum. Sem kunnugt er hafa framsóknarmenn almennt ekki verið í þeim flokki. Vænti ég því, að ekki aðeins sjálfstæðismenn, sósíalistar og Alþýðuflokksmenn, heldur og framsóknarmenn víða um landið aðhyllist stefnu stjórnarinnar við Alþingiskosningarnar, hvort sem þingflokkurinn telur sér skylt eða ekki að geðjast foringjunum með því að greiða vantraustinu atkvæði.

Forseti (JPálm): Hæstv. forsrh. lauk máli sínu. Þá tekur næst til máls hæstv. atvmrh., Áki Jakobsson, og talar af hálfu Sameiningarflokks alþýðu — sósíalistaflokksins.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Háttvirtir tilheyrendur. Svo sem fram hefur verið tekið, er það tilefni þessara umr., að þeir hv. þm. Str., Hermann Jónasson, og hv. 2. þm. S.-M., Eysteinn Jónsson, hafa flutt vantraust á ríkisstj. Þetta er annað vantraustið, sem flutt er síðan núv. ríkisstj. var mynduð. Hið fyrra flutti Jónas Jónsson, þm. S-Þ., þegar eftir að núv. ríkisstj. var setzt að völdum. Þegar það var borið undir atkv., greiddi flm. því einn atkv. Framsfl. í heild sat hjá og afsakaði sig með því, að ekkert hefði komið fram, er benti til þess, að stj. hefði ekki meiri hluta í þinginu, og því tilgangslaust að bera fram vantraust. Hvað þetta snertir, eru aðstæður nákvæmlega þær sömu og þá voru, og satt að segja er erfitt að átta sig á því, að nú skuli borið fram vantraust af þeim mönnum, sem treystu sér til þess að sitja hjá við vantraust áður, eins mikil stóryrði og þeir viðhöfðu frá upphafi um ríkisstj. og þá glæfrapólitík, sem þeir töldu hana reka. En þetta er ekki eina atriðið, sem forustumenn Framsfl. hafa skipt um skoðun á. Öll framkoma flokksins hér í þinginu er á þessa leið: Framsóknarmenn ýmist skamma stj. fyrir glæfralega miklar framkvæmdir, sem stofni þjóðinni og fjármálum hennar í voða, eða þeir atyrða stj. fyrir það, að framkvæmdir séu of litlar. Þessar mótsagnir koma þó enn þá betur fram í blaði Framsfl., Tímanum. Ef menn rekja ummæli þessa blaðs um nýbyggingarráð, skipakaup og skipasmíðar ríkisstj., þá rekur sig hvað á annað. Blaðið er svo mótsagnakennt í ádeilum sínum á ríkisstj. og framkvæmdir hennar, að manni dettur helzt í hug, að blaðritararnir séu ekki með öllum mjalla. Nú er það ekki svo, heldur stafar þetta af því, að flokkurinn hefur mjög óljósa stefnu í þjóðmálunum yfirleitt og málefnabarátta hans virðist mótast af því einu, að Hermann og Eysteinn geti komizt í stjórn með einhverju móti. Til þess að skilja málefnabaráttu Framsfl., ef það er yfirleitt hægt að nefna baráttu hans því nafni, verður að hafa þetta hugfast. Flm. vantraustsins, núverandi forustumenn Framsfl., liggja undir ámæli hjá flokksmönnum sínum fyrir að hafa stjórnað flokknum illa. Sumir flokksmannanna spyrja, hvers vegna þeir vildu ekki taka þátt í myndun núverandi stjórnar. Hvers vegna vildi Hermann Jónasson ekki taka þátt í framkvæmd þeirra framfaramála, sem nú er verið að framkvæma? Öll stefnumál núverandi ríkisstj. eru þannig, að ekki er sigurstranglegt að berjast gegn þeim, enda finna flokksmennirnir, að Hermanni hefur fatazt stjórnarandstaðan. Hann veit ekki, á hverju hann á að fóta sig. Nú horfir Framsfl. fram á klofning, sem koma mun í dagsljósið, þegar farið verður að stilla upp til kosninganna. Hermann og Eysteinn finna, að flokkurinn er að gliðna, og

nú þarf að gera eitthvað stórt til þess að fylkja liðinu og kveða niður óánægjuna, sem fer vaxandi innan flokksins. Í þessu skyni er vantraustið borið fram. Þá flokksmenn, sem efast um, að foringjar flokksins hafi gert rétt í því að beita sér gegn þeim atvinnuframkvæmdum, sem ríkisstj. vinnur að nú, á að sannfæra um, að barátta Hermanns sé heilög og óeigingjörn. Í einni svipan á að bæta fyrir það ráðleysi og fálm, sem einkennt hefur alla baráttu Framsfl. síðan stjórnin var mynduð. — Vegna þess að þessar útvarpsumr. eru liður í tilefni af vantrauststill., sem tveir fyrrv. ráðh. hafa flutt, menn, sem stjórnuðu hér öllu að meira eða minna leyti í 8 ár, þá er ekki óviðeigandi að bera þá stjórnarstefnu, sem þeir fylgdu, saman við stefnu núverandi stjórnar.

Árið 1934 myndaði Hermann Jónasson stjórn með Alþfl. Alþýðan á Íslandi hafði fengið þessum flokkum völdin vegna þess, að hún trúði því, að þeir mundu vinna bug á hinu ópolandi atvinnuleysi og þeirri örbirgð, sem því fylgdi. Það stóð ekki heldur á því, að stjórn Hermanns Jónassonar lofaði ýmsu. Hún ætlaði svei mér að vinna bug á atvinnuleysinu. En það fór á annan veg en ætlað var. Sú aukning á atvinnutækjum þjóðarinnar, sem lofað hafði verið, var aldrei framkvæmd. Sjávarútvegur okkar, sem frá upphafi hefur verið langt á eftir öðrum þjóðum, var fullkomlega vanræktur. Framsóknar- og Alþfl.-stjórnin skildi á engan hátt þýðingu hans. Á valdatímabili Frams.- og Alþfl. minnkaði t. d. togaraflotinn úr 46 skipum árið 1928 í 34 skip árið 1939 og komst niður í 29 skip árið 1944. Fiskibátaflotinn hrörnaði. Nýrra báta var ekki aflað, þó að allir vissu, að meginhlutinn af bátaflota landsins var úreltar smáfleytur lítt nothæfar. Á þessu tímabili voru menn sektaðir fyrir að flytja inn góð skip. Ofan á þetta bættist, að lítið sem ekkert var gert til þess að koma upp fiskvinnslustöðvum, hraðfrystihúsum og niðursuðuverksmiðjum, þrátt fyrir það að markaður okkar fyrir saltfisk færi stöðugt minnkandi.

Á stjórnarárum Framsóknar var ástandið þannig, að þúsundir manna gengu atvinnulausir. Í einu strjálbýlasta og frumstæðasta landi Evrópu var, að því er virtist, fólkið of margt. Hver nýr einstaklingur, sem ók upp og þurfti að fá vinnu, jók á vandræðin. Ríkisstj. Hermanns stóð ráðalaus frammi fyrir þessu. Hún gat engu áorkað og greip til þess úrræðis að reyna að sannfæra fólk um, að svona ættu hlutirnir að vera — atvinnuleysið væri óhjákvæmilegt, við því væri ekkert að gera. En fólk man enn þá þessi ár. Nú er svo komið, að augu þjóðarinnar hafa opnazt fyrir því, að atvinnuleysi er sjálfskaparvíti, sem engin þjóð má sætta sig við. Af allri sóun verðmæta er það að láta fólk, sem vill vinna, ganga iðjulaust hópum saman, sú, sem sízt er fyrirgefanleg. Stjórnarár Framsfl. einkenndust af atvinnuleysi. Þess vegna vill þjóðin ekki slíka stjórn aftur. Núverandi stjórn hefur sett sér það verkefni að fyrirbyggja, að atvinnuleysi komi hér á ný, og hefur hún í því skyni stigið stærri skref í öflun nýrra framleiðslutækja en áður hefur þekkzt í sögu landsins. Það er því næsta hlálegt, að þeir menn, sem sátu í stjórn í 8 ár við vaxandi atvinnuleysi, skuli gera sig að dómurum um atvinnuframkvæmdir núverandi stjórnar. Atvinnutæki þau, sem þjóðin átti á árunum fyrir stríð, voru engan veginn nóg til þess að allir gætu haft vinnu við arðbæran atvinnurekstur. Það var stríðið, sem gerði það að verkum, að atvinnuleysið hvarf í bili. Ef þjóðin hefði látið sér nægja að taka upp þráðinn í atvinnumálum sínum eftir stríðið, þar sem frá var horfið fyrir stríð, þá var fyrirsjáanlegt, að atvinnuleysið yrði á mjög skömmum tíma eins mikið og verið hafði fyrir stríð. Íslenzkir atvinnuvegir hafa raunar aldrei enn sem komið er komizt í það horf, að þeir gætu tryggt allri þjóðinni atvinnu. En á árunum fyrir stríð var sjávarútvegur okkar vanræktur svo herfilega, að hann var kominn í hina mestu niðurníðslu. Þjóðin hefur lengi þráð, að hafin væri atvinnuleg uppbygging, er tryggði það, að íslenzkt atvinnulíf væri fyllilega sambærilegt við atvinnulíf annarra nágrannaþjóða. Sósfl. benti á nauðsyn atvinnulegrar nýsköpunar þegar frá upphafi, og flutti um það till. á þingi þegar fyrir stríð. Á þeim árum vildu valdhafarnir ekki hlusta á till. sósialista. En eftir að þjóðin hafði vegna stríðsástandsins lifað það, að allir hefðu atvinnu, þá var ekki lengur hægt að þegja till. sósialista í hel. Eftir ræðu Einars Olgeirssonar haustið 1944, þar sem hann gerði grein fyrir nýsköpunarstefnu Sósfl., krafðist þjóðin þess beinlínis, að mynduð yrði stjórn, er hæfist handa um nýsköpun í atvinnulífi landsins.

Ég hef áður gert rækilega grein fyrir stefnu ríkisstj. í atvinnumálum, en vil nú rekja að nokkru þær framkvæmdir, sem þegar hefur verið ráðizt í.

Svo sem kunnugt er, hefur ríkisstj. fest kaup á 30 togurum í Englandi, stærri og fullkomnari en þekkzt hafa hér áður, sem munu koma til landsins á næsta ári. Með þessum togurum er togarafloti landsins meira en tvöfaldaður. Þetta er stærsta skref, sem stigið hefur verið í atvinnumálum hér á landi. Það eru vafalaust fá dæmi þess, — og þó að leitað sé meðal annarra þjóða, — að slíkt risaskref hafi verið stigið í atvinnumálum. Stjórnarandstaðan ræðst á þessi togarakaup, telur skipin of dýr og að ekki muni fást menn á þau. Framsfl. telur óhyggilegt að bíða ekki þangað til verð á togurum lækkar. Þeir menn, sem telja atvinnuleysi búhyggindi, geta haldið slíku fram, aðrir ekki. Ég efast ekki um, að ýmsir örðugleikar muni mæta þjóðinni, er hún ræðst í jafnstórstígar framfarir og þessi togarakaup, en ég er sannfærður um, að þjóðin hefur svo mikla trú á sjálfri sér, að hún lætur enga erfiðleika hræða sig. — Nýbyggingarráð hefur auglýst togara þessa, og hafa því borizt umsóknir um alls 43 togara. Þetta sýnir, að það er þörf fyrir enn fleiri togara. Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur sótt um 20 togara, og vil ég segja, að það er sízt of mikið. Bæjarstjórnin mun ætla að selja skipin einstaklingum, en reka þau skip sjálf, sem ekki ganga út. Ég tel sjálfsagt, að Reykjavík fái þessa 20 togara. Togaraeigendur í Hafnarfirði hafa sótt um 5 togara, og Hafnfirðingum er bráð nauðsyn að fá þessi 5 skip. En þá eru aðeins eftir 5 skip, sem ættu þá að

skiptast á þá aðra staði, sem sótt hafa um alls 18 skip. Staðir þessir eru Akranes, Ísafjörður, Siglufjörður, Ólafsfjörður, Akureyri, Seyðisfjörður, Neskaupstaður, Vestmannaeyjar, Keflavík, Stykkishólmur og Eskifjörður. Togaraútgerð hefur lengst af verið arðbærasta útgerð á Íslandi, og það er því mikil lyftistöng fyrir atvinnulíf þessara staða að koma þar á togaraútgerð. Það er líka með öllu ótækt, að haldið verði áfram á þeirri braut að beina fólksstraumnum eins til Reykjavíkur og verið hefur að undanförnu, en það verður, ef ekki verður komið upp atvinnutækjum úti á landi jafnframt. Af þessum ástæðum hef ég unnið að því að afla tilboða í fleiri togara í Englandi, og nú hefur atvmrn. borizt tilboð í 10 dieseltogara. Með því að festa kaup á þessum skipum er sennilega hægt að uppfylla allar óskir um togara. Það er ekki hvað sízt til þess að tryggja það, að Reykjavík geti fengið alla þá togara, sem hún hefur sótt um, að ég lét afla þessara tilboða. Ýmis þau bæjarfélög og hreppsfélög, sem hyggjast nú að koma á hjá sér togaraútgerð, eru þess ekki megnug af eigin rammleik. Til þess þó að gera þeim kleift að eignast togara, hefur orðið samkomulag um það í ríkisstj. að afla heimildar Alþ. til þess að ábyrgjast þessum bæjar- og hreppsfélögum lán eða lána þeim sem svarar 10% af kostnaðarverði skipanna, auk væntanlegs 75% láns úr stofnlánadeildinni. Þetta er að vísu heldur lítið, og upphaflega lagði ég til, að ríkið léti þeim í té 16% lán, en þetta er þó nokkur úrlausn.

Þá kemur röðin að bátunum. Nú er verið að smíða í Svíþjóð á vegum ríkisstj. 50 báta, sem allir ættu að koma heim á þessu ári. Auk þess hefur ríkisstj. gert samninga um smíði hér innan lands á 35 bátum víðs vegar um landið. Auk þess hafa verið keyptir 15 nýlegir bátar frá Svíþjóð, og verið er að smíða í Danmörku, Svíþjóð og á Íslandi báta á vegum einstaklinga. Samtals eru þetta um 140 bátar, sem búast má við, að verði tilbúnir og komi hingað til lands á næsta ári. Þetta er gífurleg aukning á bátaflota landsmanna, þegar tekið er tillit til stærðar bátanna, því að langmestur hluti af núverandi bátaflota eru smábátar innan við 12 tonn.

Þessi aukning á þilskipaflota landsins nemur 24 þús. tonnum, en það tvöföldun frá ársbyrjun 1945 að telja. Á þessi nýju skip kemur til með að þurfa hátt á þriðja þúsund manna. Búast má við því, að sum af hinum eldri skipum og bátum muni verða að hætta að nota, enda er það mjög eðlilegt. Það er hart til þess að vita, að gömlum skipum og bátum skuli oft hafa verið haldið út þangað til þau hurfu með allri áhöfn. Líf hvers sjómanns okkar er dýrmætara en mörg skip, og því má ekki koma fyrir, að við missum menn í sjóinn af þeim ástæðum, að þeir séu sendir út á lélegum og gömlum skipum.

Nú er verið að reisa á vegum ríkisins tvær nýjar síldarverksmiðjur, hinar fullkomnustu, sem reistar hafa verið hér á landi og sennilega þó víðar væri leitað. Verksmiðjur þessar eru reistar önnur á Siglufirði með 10 þús. mála afköstum á sólarhring og hin á Skagaströnd, 7500 mála. Lögin um að reisa þessar verksmiðjur voru samþ. á þingi sumarið 1942, en er núv. ríkisstj. tók við, hafði ekkert verið gert til þess að hefja byggingu þeirra, þrátt fyrir mjög tilfinnanlegan skort á verksmiðjum. Byggingarframkvæmdir hafa gengið vel, og er full ástæða til þess að vona, að þær geti báðar orðið til á komandi vertíð. Siglufjarðarkaupstaður hefur byggt, með aðstoð ríkisins hvað lánsfé snertir, 10 þús. mála verksmiðju, sem verður til fyrir næstu vertíð.

Með þessum verksmiðjum, sem ég hef nefnt, verða afköst síldarverksmiðjanna í landinu á þessu sumri komin upp í 77 þús. mál, úr 40 þús. málum 1944. Fyrirsjáanlegt er, að nauðsynlegt verður á næstunni að leggja eitthvað niður af hinum eldri verksmiðjum, vegna þess, hve úreltar þær eru. Með þeim verksmiðjum, sem byggðar hafa verið, vænkast mjög hagur útgerðarinnar og sjómanna, því að bæði er það, að ekki ætti í bili að vera ástæða til að óttast verulegar löndunarstöðvanir, og eins hitt, að hinar nýju verksmiðjur eru miklu fullkomnari og ódýrari í rekstri, og getur það hækkað síldarverðið. — Ég tel, að næsta verkefni, hvað snertir byggingu síldarverksmiðja, sé að reisa verksmiðju á Húsavík, en þar er gert ráð fyrir, að reist verði 9000 mála verksmiðja. Húsvíkingar eru nú að byggja hafnargarð, sem ætlað er, að verði fullgerður í sumar, og vænta þeir þess, að þá verði hafizt handa um bygginguna.

Eins og ég tók fram áðan, hefur okkur alltaf skort fiskvinnslustöðvar. Mörg hraðfrystihús hafa risið upp á síðustu árum og eru mörg í byggingu. Svo er komið, að hraðfrysting fisks er að verða stór þáttur í atvinnulífi okkar. En það er galli að hafa svo einhliða verkun. Það þarf að koma upp fiskvinnslustöðvum, sem geta tekið við fiskinum af bátunum, verkað hann og unnið úr honum eins og heppilegast er á hverjum tíma. Í slíkum fiskvinnslustöðvum þarf að vera hægt að hraðfrysta fisk, sjóða niður í dósir og vinna fiskimjöl úr úrganginum. Þá þarf enn fremur að verða mögulegt að taka þar við fiski til söltunar. Reynsla yfirstandandi vertíðar sannar, að bátarnir hafa ekki aðstöðu til að salta sjálfir, án þess að missa róðra, enda verður aldrei hægt að hafa eins praktisk vinnubrögð við að gera að fiskinum og salta, ef hver bátur kúldrast út af fyrir sig í misjafnlega góðu og hentugu húsplássi og með léleg tæki, eins og ef ein fisksöltunarstöð væri í hverri verstöð, sem tæki við fiskinum af bátunum. — Í Reykjavík er fiskimálanefnd að tilhlutun atvmrn. að reisa fiskvinnslustöð, og er þar byggt saman hraðfrystihús og niðursuðuverksmiðja, er verður með þeim stærstu á landinu. Áætlað er, að það kosti á 4. millj. kr. upp komið. Gert er ráð fyrir, að húsið verði tilbúið fyrir næstu vertíð. Ætlunin er að reka hús þetta til tæknilegrar leiðbeiningar í atvinnuveginum. Víða úti um land eru hafnar eða eru í undirbúningi framkvæmdir til þess að koma upp fullkomnum fiskvinnslustöðvum, og eru það víða samvinnufélög útvegs- og sjómanna, sem standa að þeim framkvæmdum. Það hefur þó mikið frestað framkvæmdum, hve mikill dráttur hefur verið á afgreiðslu lánamálanna í ríkisstj. og á þingi. Það er nauðsynlegt, að þau fiskvinnsluver, sem reist verða, séu rekin með þeim hætti, að þau greiði fiskframleiðend-

um allt andvirði framleiðslunnar, að frádregnum vinnslukostnaði, vöxtum og eðlilegri fyrningu húsa og tækja stöðvanna. Til þess að það megi verða, er nauðsynlegt, að húsin séu rekin af samvinnufélögum útvegsmanna og sjómanna, er séu opin öllum fiskframleiðendum á staðnum. Þar, sem mikið er um aðkomubáta og jafnvel víðar, er rétt, að ríkið reisi fiskvinnslustöðvar, er reknar verði með líku sniði og síldarverksmiðjur ríkisins. Með því móti væri tryggt, að andvirði fiskafurðanna lendi hjá fiskframleiðendunum.

Ísland er nú þegar orðinn stórframleiðandi síldarlýsis, og er framleiðslan í örum vexti. Það er því með öllu ótækt að þurfa að flytja út þessa dýrmætu vöru óunna, eins og gert hefur verið. Árið 1942 heimilaði þingið ríkisstj. að láta reisa síldarlýsisherzluverksmiðju strax og sýnt þætti, að það svaraði kostnaði. Atvmrn. hefur látið fram fara rannsóknir á þessum málum og fengið tilboð í vélar og áhöld lýsisherzlustöðvar, með þeim árangri, að sýnt er, að nú er tími til þess kominn að reisa slíka verksmiðju. Á grundvelli þessara athugana verður á komandi sumri hafizt handa um byggingu verksmiðju, er hert geti 15 þús. tonn af síldarlýsi á ári. Að því ber að stefna á næstu árum, að allt síldarlýsi okkar verði hert áður en það er flutt út. Það mun tvöfalda útflutningsverðmæti síldarlýsisins, samkv. reynslunni fyrir stríð, og gæti auk þess orðið grundvöllur frekari iðnaðar í landinu, er byggðist á hertri feiti.

Þá vinnur ríkisstj. að því að auka sem mest síldarsöltun og hefur í því skyni fest kaup á 130 þús. síldartunnum í Noregi og Finnlandi. Framtíðarsíldarsöltun á Íslandi byggist að miklu leyti á því, að við getum sjálfir framleitt þær síldartunnur, sem við þurfum að nota. Í því skyni hefur atvinnumálaráðuneytið þegar hafið tunnusmíði í tunnuverksmiðjunni á Siglufirði og hefur nú aflað sér heimildar Alþ. til þess að reisa fullkomnar tunnuverksmiðjur, aðra á Siglufirði, en hina á Akureyri. Mál þetta er nú í rannsókn, en ákveðið er að hefja framkvæmdir á sumri komandi með það fyrir augum, að hægt verði að smíða tunnur á báðum stöðunum þegar á næsta vetri. Áætluð afköst verksmiðjanna eiga að vera allt að 75 þús. tunnur hvorrar. Rétt er að stefna að því að koma upp tunnuverksmiðju þar, sem söltun er nægilega mikil til að verksmiðja geti borið sig.

Þá verður hafizt handa um byggingu fyrstu stóru niðursuðuverksmiðjunnar í landinu, samkv. heimild í lögum frá yfirstandandi Alþ., nú á þessu sumri. Verksmiðja þessi verður jafnframt niðurlagningarverksmiðja fyrir kryddsíld. Keyptar verða til verksmiðjunnar hinar fullkomnustu vélar frá Ameríku. Verksmiðja þessi er fyrirhuguð sem fyrirmyndar verksmiðja til þess að visa öðrum veginn í þessu efni, og því varð Siglufjörður fyrir valinu, er henni var ákveðinn staður. — Tunnuverksmiðjurnar og niðurlagningarverksmiðjur hafa óhemju þýðingu fyrir síldarsöltunina. Það er bráðnauðsynlegt að matbúa sem mest af norðanlandssíldinni okkar. Norðanlandssíldin er ágætis matur, sem hefur alls staðar hlotið viðurkenningu og er eftirsótt vara hvar sem er. Auk þess verður útflutningsverðmæti síldar, sem flutt er út niðursoðin eða niðurlögð í dósir, margfalt meira en ef hún er sett í bræðslu. Slíkar verksmiðjur munu líka veita mjög mikla atvinnu yfir vertíðarmánuðina, en sem kunnugt er, vantar mjög tilfinnanlega atvinnu á þeim tíma í bæjum og þorpum norðanlands. Það er ætlunin, að síldarniðursuðu- og niðurlagningarverksmiðjan verði upphaf að stórfelldum iðnaði á þessu sviði hér á landi, sem hundruð manna geti haft atvinnu við og færi milljónir gjaldeyris í þjóðarbúið.

Sú aukning á fiskiflotanum, sem ég hef hér lýst, þýðir tvöföldun á útflutningi þjóðarinnar á mjög skömmum tíma. Ég tel enga ástæðu til að óttast, að ekki verði hægt að fá markaði fyrir hina auknu framleiðslu, en til þess þarf að starfa ötullega að markaðsöflun á meginlandi Evrópu til viðbótar þeim markaði, sem við nú höfum í Englandi. Það er full ástæða til að vænta þess, að sú Evrópa, sem komin er út úr hinum ægilega hildarleik, muni ekki þurfa að falla aftur í fen kreppu og atvinnuleysis og geti því orðið stöðugur markaður fyrir sjávarafurðir þjóðarinnar. Það er þjóðinni afskaplega mikilvægt að komast í viðskiptasambönd við ríkin, sem hafa komið á hjá sér áætlunarbúskap í atvinnuháttum og eru þannig vaxin yfir kreppur og atvinnuleysi. Eins og kunnugt er, munu öll lönd Evrópu að meira eða minna leyti fara inn á slíkar brautir, og viðskipti við þau geta því gert hið íslenzka þjóðfélag óháð kreppum, ef rétt er á málum þess haldið.

Það var spáð hruni og öngþveiti, verðlækkun á útflutningsafurðum og atvinnuleysi í landi, þegar ríkisstj. tók til starfa, — og ég efast ekki um, að núverandi stjórnarandstæðingum hefði tekizt að leiða yfir land og þjóð það hallæri, sem þeir alltaf hafa spáð, ef þeir hefðu haft völdin. En þjóðin hefur undir forustu ríkisstj. breytt hallæri hrakspármannanna í góðæri með þeim stórfelldu framkvæmdum, sem hið opinbera og einstaklingar samtaka hafa lagt í af stórhug og djörfung, í trúnni á auðlindir lands og þrek þjóðarinnar. Í krafti þessa er þegar búið að tryggja tvöföldun íslenzka fiskiskipaflotans á þrem árum, ferföldun íslenzka kaupskipaflotans á fjórum árum, tvöföldun afkastanna hjá síldarverksmiðjunum á tveim árum og aðrar álíka stórkostlegar framfarir á ýmsum öðrum sviðum. Þetta þýðir tvöföldun útflutnings okkar á þrem árum — og getur hver maður gert sér í hugarlund, hvað það þýðir fyrir lífsafkomu þjóðarinnar. Í stað atvinnuleysisins, sem spáð var, hefur ríkisstjórnin nú þegar gert þessar stórfelldu ráðstafanir til þess að tryggja sem arðbærasta atvinnu handa öllum. Sökum þess, hve samtaka þjóð og stjórn eru um að framkvæma stefnu þá, sem ríkisstj. hét að fylgja, er hún tók við völdum, hefur vágesti atvinnuleysisins verið bægt frá dyrum Íslendinga. Og ríkisstj. treystir því, að svo verði áfram, ef þjóðin fylkir sér um stefnu hennar jafnvel og hingað til. Það er fastur ásetningur okkar, að þeir hörmungartímar, að þjóðin sé í vandræðum um, hvað gera eigi við vinnuaflið, dýrmætasta kraft þjóðarinnar, komi aldrei aftur.

Eitt merkasta mál, sem afgreitt hefur verið á yfirstandandi þingi, er lánamál útvegsins. Það mál hafðist fram þrátt fyrir þá andstöðu, sem Landsbankinn hélt uppi í fyrstu, en þó með þeirri breyt., að hann fengi sjálfur að afgreiða lánin. Afgreiðsla þessa máls er mikill sigur fyrir íslenzkan sjávarútveg, enda er þetta í fyrsta skipti, sem Alþ. hefur sjálft tekið ákvörðun um aðgerðir í peningamálum þjóðarinnar. Meiri hluti Alþ. hefur sýnt Landsbankastjórninni það traust að fela henni að annast framkvæmd lánamálanna samkv. ósk hennar, og þar með hefur þjóðbankinn tekið á sig skuldbindingar um að greiða lánin reiðulega af hendi og sjá um, að ekki standi á fé til þess hluta lánanna, sem fara eiga til framkvæmda hér innanlands, hinna svo kölluðu B-lána. Það er von mín, að þjóðbankanum farist þetta mál vel úr hendi.

Það hefur lengi bakað Íslendingum erfiðleika, hve einhæft atvinnulíf landsins hefur verið. Þjóðinni er því hin mesta nauðsyn á að reyna að koma sér upp lífvænlegum iðnaði, iðnaði, sem ekki lifir í skjóli innflutnings- og gjaldeyrishafta eða verndartolla, heldur heilbrigðum atvinnurekstri, sem getur verið samkeppnisfær við erlenda framleiðslu. Til þess að það geti orðið, þarf að byrja á að rannsaka landið betur og athuga, hvort ekki sé hægt að vinna hér eitthvað úr hráefnum, sem landið hefur upp á að bjóða. Í því efni hafa verið ráðnir vísindamenn til þess að fara um landið í rannsóknarskyni. Á þessu stigi málsins er ekki hægt að slá neinu föstu um árangur. Þó er það eitt, sem ég vildi minnast á, og það er sementsframleiðsla. Allt virðist benda til þess, að unnt verði í náinni framtíð að hefja sementsframleiðslu hér. Ársnotkun þjóðarinnar, sem er 50 þús. tonn, er það mikil, að framleiðsla getur borið sig. Auk þess hafa þær rannsóknir, sem framkvæmdar hafa verið, þegar gefið góðar vonir um, að hér finnist þau hráefni, sem þarf til þessarar framleiðslu. Sá staður, sem sérstaklega er hafður í huga í þessu efni, er kalksandssvæðið á Vestfjörðum. Ef sementsverksmiðja yrði reist hér á landi og rekin, mundi það sennilega tryggja um 300 manns fasta atvinnu.

Framsóknarmenn hafa gert mikið að því að ráðast á ríkisstj. fyrir ástandið í verzlunarmálunum. Það er rétt, að heildsölunum hefur haldizt það uppi á stríðsárunum að raka til sín óheyrilegum gróða. Gróðamöguleikarnir voru langmestir þegar vöruskorturinn var mestur, og hefur dregið nokkuð úr þessum gróða vegna aukins vörumagns og lækkunar, sem gerð hefur verið nýlega á álagningarprósentu þeirra. Þrátt fyrir það er óhæfa, hvernig heildsalarnir sitja á rétti annarra stétta og geta fleytt rjómann af arði annarra atvinnugreina, einkum sjávarútvegsins. Þjóðin hefur um mörg ár búið við það ástand, að verzlunarstéttin, innflytjendurnir, væri sú stétt þjóðfélagsins, sem öruggust væri um tekjur sínar. Þjóðin hefur beinlínis tryggt innflytjendunum, heildsölunum, milljóna gróða á kostnað útgerðarmanna, sjómanna og neytenda almennt, með því verzlunarfyrirkomulagi, sem komið hefur verið á. Upphaf þessa ófremdarástands má rekja til aðgerðar Framsóknar- og Alþýðuflokksstjórnarinnar í gjaldeyrismálum. Þá var komið á ströngu eftirliti með gjaldeyri og reynt að skera niður öll innkaup, svo að í landinu varð tilfinnanleg vöruþurrð, sem tryggði það, að allar vörur, sem fluttar voru til landsins, seldust strax upp. Svo var komið upp stóru ríkisbákni til að úthluta gjaldeyrinum. Flókið kerfi gjaldeyriskvóta var skapað í bróðurlegu samstarfi við heildsalana og Samband íslenzkra samvinnufélaga. SÍS hætti samkeppni við heildsalana, sætti sig við fastan hluta af gjaldeyrinum. Enginn gat fengizt við verzlun eða iðnað, sem byggðist á innflutningi hráefna, nema stjórnarvöldin úthlutuðu honum gjaldeyri. En hver sá, sem fann náð hjá valdhöfunum og fékk gjaldeyri, var öruggur með stórgróða. Þannig varð innflutningsverzlunin og smáiðnaður úr erlendu hráefni fyrir innlendan markað öruggustu atvinnuvegir þjóðarinnar. Fjármunir einstaklinga streymdu í þessa atvinnuvegi. Þar var gróðavænlegast að festa fé sitt. Og bankarnir fundu líka, að öruggast var að lána peninga til heildsalanna til að kaupa út á gjaldeyrisleyfin. Það var ólíkt öruggara en að vera að lána útgerðarmönnum til þess að skapa gjaldeyri, sem gátu tapað aleigu sinni á einni vertíð. Afleiðingar þessa urðu þær, að alltaf dróst sjávarútvegurinn saman og þar með möguleiki þjóðfélagsins til að skapa sér gjaldeyri, en innflutningsverzlunin dafnaði að sama skapi, og brátt var svo komið, að innflutningsverzlunarstéttin var orðin óhæfilega fjölmenn og dró stöðugt til sín meira og meira af fjármunum þjóðfélagsins frá öðrum þýðingarmeiri atvinnuvegum, og þá fyrst og fremst sjávarútveginum. Það var þessi stefna Framsfl. í atvinnumálum, sem Eysteinn Jónsson markaði, sem var ein orsök til þess, að samstjórn Framsfl. og Alþfl. megnaði ekki einu sinni að hindra aukningu atvinnuleysisins, hvað þá að afnema það, á stjórnarárum sínum. Það verzlunarástand, sem Eysteinn Jónsson, hv. 2. þm. S.-M., skapaði, ríkir að mestu leyti enn þá. Heildsölunum líkaði skipulag Eysteins vel. Það tryggði þeim gróða, á hverju sem valt í sjávarútveginum, og þeir vilja ekki sleppa því, sem þeir hafa fengið. Ástæðan fyrir því, að ekki hefur verið breytt um verulega í verzlunarmálunum, er sú, að heildsalarnir, sem eru mjög mikils ráðandi í Sjálfstfl., heimta, að þeir fái að halda áfram þeim hlunnindum, sem þeir öðluðust undir stjórn Eysteins Jónssonar. Það er hins vegar bráð nauðsyn á að breyta um verzlunarhætti og draga úr hinum óeðlilega gróða og útþenslu verzlunarinnar. Öruggasta ráðið til þess að kippa þessu í lag er að setja landsverzlun á innfluttar vörur, eins og sósíalistar hafa bent á.

Ég vil að lokum ræða mál, sem mjög hefur borið á góma að undanförnu hér á landi og það ekki að ástæðulausu, en það er hið svokallaða herstöðvamál. Nú hefur hæstv. forsrh. gefið skýrslu um þetta mál. Við ráðherrar Sósfl. vildum gefa skýrslu þessa fyrir löngu síðan, en um það gat ekki orðið samkomulag í ríkisstj., eins og fram kom í ræðu hæstv. forsrh. Það er mín skoðun, að það sé miður farið, að ekki skuli hafa verið birt skýrsla um málið fyrir löngu. En það er annað mál, sem ekki verður greint frá þessu

herstöðvamáli, en það er dvöl Bandaríkjahersins hér á landi. Nú er bráðum ár frá því, að vopnahlé komst á í Evrópu, og því eru nú allar forsendur fyrir áframhaldandi dvöl hins bandaríska hers hér á landi brostnar. Þegar stjórn Bandaríkjanna flytur ekki af sjálfsdáðum burt her sinn héðan og það þótt enska stjórnin sýni þjóðinni þann velvilja að halda burt með sinn her og afhenda flugvöllinn í Reykjavík, þá telur Sósfl., að íslenzku stjórninni beri að krefjast þess af stjórn Bandaríkjanna, að herlið þeirra hverfi af landi burt þegar. Samkvæmt þessu fluttum við ráðh. Sósfl. í samræmi við samþykkt miðstjórnar hans till. um það í ríkisstj. þann 15. apríl s. l., að utanrrh. yrði falið að bera fram þá kröfu við stjórn Bandaríkjanna, að hún flytji af Íslandi allt herlið sitt, og sú till. er nú til meðferðar í ríkisstj.

Svo sem skýrsla forsrh. ber með sér, sem raunar var á allra vitorði áður, fór stjórn Bandaríkjanna fram á það með bréfi 1. okt. s. l. að fá á leigu til langs tíma flugvöllinn í Keflavík, lendingarstað fyrir sjóflugvélar við Reykjavík og flotastöð í Hvalfirði. Þessi beiðni varð ekki sízt vonbrigði fyrir ýmsa vini Bandaríkjanna hér á landi, sem töldu sig mega annars vænta en svona tilmæla. Sósfl. var frá upphafi þeirrar skoðunar, að það bæri að svara málaleitun Bandaríkjanna afdráttarlaust og tafarlaust neitandi. Sósfl. er algerlega andvígur því, að nokkru erlendu ríki verði látið í té herstöðvar hér á landi, hvort sem beðið er um þær af einstökum ríkjum eða ríkjasamtökum. Það er skoðun Sósfl., að ef íslenzka þjóðin afhendi nú erlendu ríki herstöðvar á Íslandi, þá sé hún að afsala sér sjálfstæði sínu. Hún er þá ekki einráð í landi sínu og verður ekki af öðrum þjóðum skoðuð sjálfráð gerða sinna.

Svo sem fram kom í ræðu hæstv. forsrh., hefur íslenzka ríkisstj. neitað beiðni Bandaríkjanna, en hins vegar tjáð sig fúsa til að ræða við hana um hugsanlegar skyldur Íslendinga í sambandi við alþjóðaöryggi. Að svo komnu máli hafa Bandaríkin eingöngu farið fram á leigu á nefndum herstöðvum til langs tíma og hefur þeirri beiðni, sem áður er sagt, verið afdráttarlaust neitað. Hins vegar hafa Bandaríkin ekki lýst yfir því, að þau muni falla frá beiðni sinni.

Hv. þm. Str. og raunar Framsfl. hefur reynt að gera veður út af því, að hæstv. forsrh. dró svo lengi að birta opinbera skýrslu um gang þessa máls. Þennan drátt hefur hv. þm. og Framsfl. yfirleitt notað sem átyllu til þess að taka ekki afstöðu til málsins. Ég vil ekki mæla þeim drætti bót, sem orðið hefur á birtingu opinberrar skýrslu um málið, eins og ég hef áður fram tekið. En ég vil benda á það, að Hermanni Jónassyni og Framsfl. öllum voru kunn öll atriði í sambandi við þetta mál. Framsfl. gat þess vegna myndað sér skoðun í málinu. En hann kaus heldur að grípa þessa átyllu, að ekkert var birt opinberlega um málið, til þess að taka ekki afstöðu. Afstaða Hermanns Jónassonar til þessa máls er sú sama og til allra annarra mála. Hann var tilbúinn að taka þá afstöðu til þessa máls, sem var líklegri til að fleyta honum áfram í valdastreitu hans. Þetta er afstaða Framsfl. líka. Þessi afstaða í jafnalvarlegu og örlagaríku máli fyrir íslenzku þjóðina er jafnvel fyrirlitlegri en að snúast opinberlega gegn þjóðinni. Það er kannske ekki undrunarefni, þó að fyrirfinnist menn haldnir jafnsjúklegri valdagræðgi og fram hefur komið hjá Hermanni Jónassyni, hv. þm. Str., í þessu máli, en að geta dregið heilan flokk með sér út í slíkt foræði, eins og fram kemur í ályktun miðstjórnar Framsfl., það er furðulegra. — En nú er búið að birta opinberlega tilkynningu um þetta mál og nú getur enginn komið sér undan að taka afstöðu til þessa máls.

Sósfl. hefur einn allra flokka tekið afdráttarlausa afstöðu gegn öllu lands- og herstöðvaafsali til annarra þjóða, hvort sem er til langs eða skamms tíma. Nú mun þjóðin spyrja þá flokka og einstaklinga, sem ekki hafa tekið afstöðu til þessa lífsvelferðarmáls hennar: Ertu með mér eða á móti mér, þriðji kosturinn er ekki fyrir hendi? — Og hún mun dæma þá eftir því. Við í hönd farandi alþingiskosningar mun þjóðin krefjast þess, að hver frambjóðandi taki afstöðu til þessa máls, og hún hlýtur að hafna þeim frambjóðanda, sem ekki tekur afdráttarlaust afstöðu með íslenzku þjóðinni og hafnar öllum beiðnum eða kröfum erlendra ríkja um herstöðvar á Íslandi eða önnur réttindi, sem brjóta í bág við sjálfstæði þjóðarinnar.

Forseti (JPálm): Hæstv. atvmrh. hefur lokið ræðu sinni, og tekur þá næst til máls hv. 11. landsk., Sigurður Thoroddsen, og talar einnig af hálfu Sameiningarflokks alþýðu — sósíalistaflokksins.

Sigurður Thoroddsen: Herra forseti. Góðir hlustendur. — Það er erfitt að gera sér grein fyrir því, hvað vakað hefur fyrir Framsfl., þegar hann flutti vantrauststill. þá, sem hér er til umr., því að ekki verður í annað ráðið en að hann hugsi sér með því að vekja athygli þjóðarinnar á verðleikum sínum, afrekum sínum í hagsmunamálum þjóðarinnar og hvers þjóðin hefur farið á mis við, að það eru aðrir en Framsfl., sem nú um tíma hafa farið með völdin í landinu.

Þegar litið er yfir farinn veg og athugaður valdaferill Framsóknar annars vegar og valdatímabil og aðgerðir núverandi stjórnar hins vegar, verður það torskilið, að Framsfl. skuli viljandi og vitandi vits koma af stað þeirri umr., sem hér fer fram. Það var ekki til að dreifa stórstígum framförum og miklum framkvæmdum á sviði athafnalífsins meðan Framsfl. var og hét og réð hér mestu. Táknrænt fyrir það tímabil voru alls konar hömlur og takmarkanir, sem drógu úr framleiðslugetu þjóðarinnar. Þá var ekki verið að flytja skip til landsins í tugatali, hvað þá hundraðatali. Þá voru menn jafnvel sektaðir fyrir að flytja skip til landsins, eins og hæstv. atvmrh. minntist á. Þá var ekki verið að ýta undir menn til að byggja yfir sig, heldur var dregið svo úr innflutningi á byggingarefni, að allar byggingaframkvæmdir stöðvuðust. Það var þá ekki siður að flytja inn stórvirkar vélar, sem auka og margfalda afkastagetuna. Innflutningur á slíku þótti hin mesta goðgá, nema ef ske kynni

þar, sem góður framsóknarmaður átti í hlut. Þá þótti það bezt hæfa að notast við pál og reku og hendurnar tómar við flesta vinnu. Þá þótti það tilheyra að láta vinnuaflið ónotað og að hafa stóra hópa atvinnuleysingja um hábjargræðistímann. Slíkir hlutir þóttu svo sjálfsagðir, að ekki var um þá að fást. Að vísu þótti réttara að hafa hemil á þessu atvinnuleysingjadóti, ef ske kynni, að það tæki upp á því að þykjast eiga rétt á að fá mat, og í því skyni voru sett þvingunarlög, og margreynt var að koma upp ríkislögreglu til þess að sjá um, að þau lög yrðu haldin. Víst var þetta leiðinda- og neyðarástand. En Framsfl. skorti ekki heldur úrræði. Allt mátti þetta laga með því að lögbinda og lækka kaup til vinnandi fólks landsins. Þetta var samkv. kokkabók Framsfl. eina sáluhjálpin í þessu efni og leiðin út úr ógöngunum. Engar framkvæmdir, bara kauplækkanir. Framkvæmdir skapa verðbólgu, sem veldur óhjákvæmilegu hruni. Þetta voru ær og kýr Framsfl.

Svo breyttust tímarnir, eins og öllum er kunnugt. Atvinna jókst, og hið vinnandi fólk braut af sér hlekki þvingunarlaga, og kaup til þess hækkaði Almenn velmegun þjóðarinnar óx. Afurðir okkar seldust betur og við hærra verði, og í staðinn fyrir að skulda tók þjóðin að eignast þar innstæður, og þegar fram liðu tímar, hafði þjóðinni safnazt þar geysimikið fé. Þá var það, sem hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, kom fram með þá hugmynd, að þetta fé, sem væri arður af vinnu þjóðarinnar, þótt á fárra manna höndum væri, skyldi að mestu leyti notað í því skyni að auka framleiðslutæki þjóðarinnar og tryggja með því velmegun hennar í framtíðinni. Þessi hv. þm. flutti ræðu um þetta efni og sýndi þar fram á þá miklu möguleika þjóðarinnar til bættra lífsskilyrða, ef þessari hugmynd yrði fylgt. Hvernig þessari hugmynd var tekið af Framsfl., er ekki gleymt. Þeir töldu, að hér væri um draumóra og skýjaborgir að ræða. Það voru að vísu fleiri en framsóknarmenn, sem þannig litu á málið. Sama afstaða var tekin til þess í fyrstu af sjálfstæðismönnum og Alþýðuflokksmönnum, og Alþýðublaðið heimskaði sig á því að benda á hv. 2. þm. Reykv. sem hinn mesta skýjaglóp. Þrátt fyrir þessar viðtökur fór nú svo, eins og menn vita, að allar viðbárur urðu að engu fyrir þunga þeirra raka, sem lágu undir hugmyndina, og þessi hugmynd varð samstarfsgrundvöllur núverandi stj.

Eins og menn rekur minni til, gekk ekki þrautalaust að mynda stjórn á þessum grundvelli. Alþfl., sem löngum hafði ekki verið annað en hjáleiga Framsóknar innan verkalýðsstéttanna, streittist á móti í lengstu lög, setti úrslitakosti, sem hann hugði, að koma mundu í veg fyrir stjórnarmyndunina. Þegar að öllum skilyrðum hans var gengið, var áhugi flokksins fyrir stjórnarsamstarfinu ekki meiri en svo, að það var samþ. með eins atkv. meiri hluta að ganga til stjórnarsamvinnunnar, enda hefur hugur Alþfl. til stj. farið hér eftir. Öll blöð hans hafa verið í stjórnarandstöðu frá upphafi til þessa dags. En hvað um það. Stjórnarmyndunin tókst, og með þessu stjórnarstarfi hefur verið markað dýpra spor í framfarabraut þjóðarinnar bæði þjóðhagslega og atvinnutæknilega séð en nokkru sinni fyrr, og þessa tímabils mun æ minnzt í sögu okkar sem merkilegs tímabils, ef oss tekst að banda frá oss þeirri hættu, sem samfara þessum framförum steðjar að oss og ég mun víkja að síðar.

Á tveim árum verður meira en tvöföldun á skipastóli vorum. Reist eru stórvirk iðjuver til að gera framleiðslu vora úr sjónum markaðshæfari og arðmeiri. Nýrra markaða er aflað fyrir afurðir vorar, eins og hæstv. atvmrh. hefur lýst hér á undan. Í fyrsta skipti í sögu landsins er unnið eftir áætlun. Það er ekki látið ráðast eftir geðþótta einstaklinga, hvar atvinnutækin eru sett upp, heldur er þeim ákveðinn staður, þar sem heppilegast þykir og hagur þjóðarinnar þar hafður í huga. Enn sem komið er, hefur mest að framkvæmdum kveðið að því er snertir aðalatvinnuveg vorn, sjávarútveginn.

Hver er dómur framsóknarmanna um þessar framkvæmdir? Hefur afstaða þeirra breytzt? Nei, enn sjá þeir ekkert annað framundan en vaxandi verðbólgu og hrun. Enn er þeirra úrræði engar framkvæmdir, bara kauplækkanir. En þeim er kannske vorkunn, a. m. k. foringjunum, því að það dylst engum, að þá dreymir um sín fyrri völd, og þeir telja sér trú um, að þeir nái þeim aftur, þegar hrunið kemur, og þess vegna óska þeir þess. En þeir eru steinrunnir, og þess vegna sjá þeir ekki, að þeirra tími er liðinn. Þeir vilja ekki sjá, að flokkur þeirra er í upplausn, að þar er hver höndin upp á móti annarri. Þeir sjá ekki, að yfir þeim sjálfum vofir hrunið, sem þeir óska þjóðinni til handa. Form. Framsfl. hefur löngum þótt misvitur, og enn sýnir hann það með því að kalla þessar útvarpsumr. yfir sig.

Eitt af því, sem mest hefur borið á í blaði Framsóknar upp á síðkastið, er það, að gert er lítið úr störfum Alþingis. Þm. annarra flokka er borið á brýn, að þeir vanræki skyldur sínar og sinni ekki störfum. Ef það væri borið saman, hvað Alþ. það, er nú situr, hefur afkastað og þau þing, sem Framsfl. réð lögum og lofum á, verður munurinn mikill. Alþingi það, er nú situr, hefur afgr. svo mörg og mikil mál, að þess verður minnzt sem einsdæmis í sögu Alþingis. Það nægir í þessu sambandi að benda á l. um stofnlánadeildina, þar sem sjávarútveginum eru tryggðar 100 millj. kr. til framkvæmda, l. um nýbyggðir, l. um almannatryggingar, l. um gagnfræðanám, húsmæðrafræðslu og menntaskóla, raforkulög, sem aðkallandi nauðsyn var að fá, þar sem fyrir dyrum eru og sumpart byrjaðar stórfelldar framkvæmdir á sviði raforkumála hér á landi. Það verða engin meðmæli fyrir Framsfl., ef afstaða hans í rafmagnsmálum á undanförnum þingum er rifjuð upp. Þegar Fljótaárvirkjunin var á döfinni, lögðust framsóknarmenn á móti því, að í þá virkjun yrði ráðizt, og þegar Andakílsárvirkjunin var rædd hér, lögðu fulltrúar allra flokka í fjhn. nema sósialistinn til, að þar yrði ekki virkjað. Að vísu voru þeir þá undir áhrifum mþn. í raforkumálum, sem skipuð var samkv. þáltill., sem samþykkt var fyrir kosningar 1942, en í þeirri n. réðu framsóknarmenn öllu, þangað til fulltrúi var tilnefndur í hana af

hálfu sósíalista. Sú n. klofnaði, eins og kunnugt er. Meiri hl., en í honum voru fulltrúar allra flokka nema okkar sósíalista, skilaði áliti í frumvarpsformi, sem var svo gallað, að ekki var hægt að breyta því nema semja það upp að nýju. Raforkulög þau, sem Alþ. hefur nú afgr., eiga ekkert skylt við frv. þeirra framsóknarmanna, heldur eru þau að öllu leyti byggð upp í samræmi við till. sósíalistans í n., sem skilaði séráliti. Samkv. þessum l. verða lagðar í sumar rafveitur til Selfoss og Eyrarbakka og síðar til Þykkvabæjar í Rangárvallasýslu. Samkv. þeim l. fá þorp og héruð ríkisábyrgð fyrir orkuverum og orkuveitum sínum, og samkv. þeim verður unnið að áætlun um, á hvern hátt landsmönnum verði bezt og hagkvæmast séð fyrir raforku, en ekki slegið föstu að órannsökuðu máli, að ein veita skuli lögð um allt Suðurland og Norðurland, né heldur að verð á raforku skuli vera það sama um allt land, hversu dýrt eða ódýrt sem er að afla henhar eða til hvers sem hún er notuð, eins og til var lagt í frv. meiri hl.

Þá mun þetta þing, sem Tíminn telur framkvæmdalítið, afgreiða þál. um stuðning til bæjarfélaga til togarakaupa, og skilja þeir það bezt, hvað slík aðstoð þýðir, sem í sjávarkaupstöðunum búa, ekki sízt þeir, sem vegna óheppilegra ákvarðana bæjarstjórna hafa verið sviptir slíku atvinnutæki, þegar bezt aflaðist.

Það skal játað, að ekki hefur alltaf tekizt eins vel og skyldi með afgreiðslu þeirra stórmála, sem þingið hefur látið frá sér fara. Er skemmst að minnast l. um almannatryggingar, sem var stórspillt í meðferð þingsins, þar sem lífeyrir til ekkna með börn á framfæri var lækkaður til muna. Sömuleiðis var l. um aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum hraðað um of í gegnum þingið. Við sósíalistar töldum, að frekar en að geta sýnt falleg l. á pappírnum þyrfti að ganga svo frá l., að fjárhagsgrundvöllurinn, sem framkvæmdirnar áttu að byggjast á, væri tryggður.

Í l. um stofnlánadeildina til aðstoðar sjávarútveginum var þetta tryggt með því, að Landsbankinn væri skyldaður til að leggja 100 millj. kr. til hennar. Hefði legið beint við að gera hið sama hvað viðvék aðstoð til verkamannabústaða. Við sósíalistar fluttum till. um þetta efni, að Landsbankinn yrði skyldaður til að lána byggingarsjóðnum allt að 20 millj. kr. Þessar till. okkar voru felldar. Þrátt fyrir það að hæstv. dómsmrh., Finnur Jónsson, og þeir Alþýðuflokksmenn viðurkenndu þörfina á þessu, sáu þeir sér ekki fært að greiða þessu atkv. að Landsbankanum forspurðum, og ekki var gott til gerðar, með því að aðalbankastjórinn var erlendis. Yfirleitt virðist sú skoðun ríkjandi meðal þm., annarra en okkar sósíalista, að það sé Landsbankinn, sem eigi að segja Alþingi fyrir verkum, en ekki Alþingi, sem eigi að stjórna fjármálapólitík þjóðbankans, og sér auðvitað hver maður annar, hversu fráleit þessi skoðun er. Það tókst sem sagt ekki betur með þessi l. en svo, að byggingarfélögum bæði verkamanna og samvinnubyggingarfélögum er heitin ríkisábyrgð á allt að 90% af kostnaðarverði húsanna, en engin trygging er fyrir því, að lán til bygginganna fáist, og hefur það sýnt sig, að sem stendur er mjög erfitt, ef ekki illmögulegt að afla slíkra lána. Fyrir einstaklingum, sem eru að koma húsi yfir sig, er ekki séð í þesum l. Við sósíalistar höfum flutt frv. á þessu þingi um, að stofnuð skyldi ný veðdeild við Landsbankann, sem réði yfir 60 millj. kr. og lánaði út á hús einstaklinga og samvinnufélaga, en það frv. hefur ekki fengizt afgreitt. Fyrir einstaklingana verður því ekki í annað hús að venda en til okraranna, eins og fyrr. Því verður ekki þess vart, að Landsbankinn breyti um stefnu í þessu efni. Það gerir hann ekki ótilneyddur, og honum vex óðar fiskur um hrygg, er hann verður þess áskynja, hvernig meiri hluti þings tekur við skipunum hans. — En þrátt fyrir þessi mistök á afgreiðslu sumra mála, sem ég hef nú minnzt á, verður það ekki af skafið, að Alþingi það, er nú situr, hefur verið eitt hið stórvirkasta, og þar með er hrakinn sá óhróður Framsfl.

Ég skal svo víkja nokkrum orðum að því máli, sem varðar okkur mestu. Ég á hér við herstöðvamálið, en það er kunnara en svo, að það þurfi að rekja, og í því máli eru allir flokkar þingsins að Sósfl. einum undanskildum undir sök seldir og Framsfl. þó fyrst og fremst.

Bandaríkin skuldbundu sig til að hverfa á burt frá Íslandi með allan herafla sinn, strax og friðnum lyki. En í stað þess að standa við það loforð hafa þau farið fram á að fá hér herstöðvar til langs tíma. Þessari málaleitun þeirra hefur verið neitað afdráttarlaust, eins og skýrsla sú um málið, sem hæstv. forsrh. hefur birt, ber með sér. En það dugir engan veginn að láta hér við sitja. Málið er enn ekki á enda kljáð. Enn hefur ekki verið fallið frá landakröfum á hendur okkur Íslendingum. Vér verðum að krefjast skýlausrar yfirlýsingar þings og stj. um, að ekki verði orðið við landakröfum nokkurs erlends ríkis, og jafnframt að krefjast þess, að Bandaríkin verði á burt með her sinn þegar í stað. — Ég þarf ekki hér að lýsa því, hvers virði það er oss Íslendingum, að öllum kröfum til landa verði vísað á bug, hvaðan sem þær koma. Um það hafa fjallað mér færari menn, og mundi ég þar lítið um bæta, enda er saga þjóðarinnar í því máli ljósasti votturinn. En það fer ekki hjá því, að vér Íslendingar erum að verða að viðundri í heiminum. Í þessu máli, sem allur heimurinn fylgist með, virðumst við furðu tómlátir, svo tómlátir, að ekki fer hjá því, að það sæti undrun. Ég saka ekki þjóðina um þetta tómlæti, því að slíkt ætti sér enga stoð. Tómlætið er hjá ráðamönnum þjóðarinnar. Alþm. hefur verið gefinn kostur á að láta í ljós álit sitt í þessu máli. Stúdentar hér í Reykjavík hafa sent þeim öllum bréflega fyrirspurn, sem hljóðaði svo: „Teljið þér, að Íslendingar eigi að veita nokkru erlendu ríki herstöðvar á Íslandi?“ Fyrirspurninni skyldi svarað fyrir 7. apríl. Og hvernig hafa hv. alþm. brugðizt við þessu. Af því er ekki að státa. Þegar frá eru taldir allir þm. sósíalista, einn þm. Alþfl., einn þm. Framsfl. og 3 þm. Sjálfstfl., sem allir hafa svarað spurningunni neitandi, og 3 þm. Framsfl., sem svöruðu, að þeir

gætu ekki tekið afstöðu til málsins, þá hafa allir aðrir þm., 34 að tölu, kosið að hundsa stúdentana og hafa ekki svarað.

Það er sannarlega tímabært fyrir þjóðina að fylgjast með þessu máli og veita því athygli, að meðan mótmælum gegn afsali lands í hendur erlendu ríki rignir niður frá þjóðinni, þá telja 17 þm. Sjálfstfl., 6 af 7 þm. Alþfl. og 10 þm. Framsfl. þetta mál ekki þess vert, að þeir vilji taka afstöðu til þess. Framsfl. hefur þó nú tekið afstöðu í þessu máli. Framsfl. er eini flokkurinn, sem hefur beinlínis lýst yfir því, að hann vilji leigja erlendum her herstöðvar hér á landi, ofurselja hluta af ættjörðinni undir erlend yfirráð, undir yfirráð Engilsaxa, eins og Hermann Jónasson lýsti svo greinilega hér áðan, er hann gerði grein fyrir stefnu Framsóknar um sérstakt samkomulag við Engilsaxa um hervernd landsins. Framsfl. sýnir sig með því rakinn landráðaflokk, sem vill breyta Íslandi úr því sjálfstæða lýðveldi, sem þjóðin nú hefur gert það að, í raunverulega nýlendu, í herstöð fyrir erlend stórveldi til hagnýtingar í hernaðarfyrirætlunum þeirra. Það vantar ekki brjóstheilindin hjá þessum mönnum, sem af ráðnum hug vilja ofurselja frelsi þjóðarinnar, að þeir skuli dirfast að taka sér orð eins og sjálfstæði Íslands í munn. Við kosningarnar í vor verður þjóðin að heimta skýlaus svör af frambjóðendum í þessu máli. Hverjum þeirra er vorkunnarlaust að gera grein fyrir afstöðu sinni til þess, og ég veit, að í þessu máli þarf ég ekki að vísa þjóðinni á veginn. Hún þekkir hann og mun halda hann nú eins og fyrr. — Góða nótt.

Forseti (JPálm): Þá hefur hv. 11. landsk., Sigurður Thoroddsen, lokið máli sínu. Hann talaði fyrir hönd Sósfl. Næst tekur til máls hv. 4. þm. Reykv., Stefán Jóh. Stefánsson, og talar fyrir Alþýðuflokkinn.

Stefán Jóh. Stefánsson: Frá því að áhrifa Alþfl. fór að gæta nokkurs á Alþingi, hefur afstaða hans til ríkisstjórna alltaf og eingöngu miðazt við málefnin ein. Alþfl. hefur metið það og vegið hverju sinni, hvort hann teldi líklegra að greiða fyrir áhuga- og stefnumálum með því móti að standa að ríkisstj. eða vera í andstöðu við ríkisstj. Flokkurinn hefur ekki hikað við að taka á sig ábyrgð og óþægindi með þátttöku eða stuðningi við stjórn, ef hann taldi, að með því móti væri bezt borgið hag alþýðu manna í landinu og að auðið yrði að koma áleiðis einhverjum aðkallandi nauðsynjamálum almennings, sem væru í samræmi við stefnumið og dægurmálabaráttu Alþfl. Og ég fullyrði, að með þessu móti hefur flokkurinn hrundið í framkvæmd ótalmörgum hagsmunamálum alþýðunnar í landinu og stutt að og knúið fram marga mikilsverða breytta þjóðfélagshætti, sem gert hafa það að verkum, að alþýðan í landinu á við batnandi kjör að búa, aukið félagslegt öryggi og stórum betri aðstöðu til menningarlífs. Alþfl. hefur orðið að fá þessum stefnumálum sínum hnikað fram með samningum við aðra flokka, nokkuð sitt á hvað, eftir því, sem aðstæður hafa leyft hverju sinni.

Eftir haustkosningarnar 1942 var allt í óvissu um það, hversu takast mundi að mynda nýja þingræðisstjórn. Fyrst var gerð tilraun til myndunar fjögurra flokka stjórnar, en það mistókst. Í annan stað var reynt að mynda stjórn Alþfl., Framsfl. og flokks kommúnista. En það fór á sömu leið, að samkomulag náðist ekki um grundvöll og höfuðmálefni, er flokkar þessir gætu fylkt sér um. Þetta leiddi svo, eins og alkunnugt er, til þess, að þáverandi ríkisstjóri skipaði stjórn utanþingsmanna, sem ekki studdist við ákveðna þingflokka, og allra sízt meiri hluta þings.

Sumarið og haustið 1944 var enn á ný gerð tilraun til myndunar þingræðisstjórnar, og hófust um það efni samtöl á milli allra flokka. Ekki leiddi það heldur til árangurs. Þá hóf núverandi hæstv. forsrh., Ólafur Thors, tilraun til myndunar stjórnar, og leitaði í því efni, eftir að honum hafði ekki tekizt að ná samkomulagi við Framsfl., til Alþfl. og flokks kommúnista. Alþfl. svaraði málaumleitun þessari, eins og hann hafði alltaf áður gert, með því, að það færi allt eftir málefnunum, hver afstaða hans yrði. Og þegar núverandi hæstv. forsrh. lagði fyrir Alþfl. stefnuskrá þá, er hann hafði samið sem grundvöll að stjórnarsamstarfinu og — að því er upplýst var — fengið flokk kommúnista til þess að fallast á og 15 af 20 flokksmönnum sínum í Sjálfstfl., þá bar Alþfl. fram sínar kröfur og viðauka, til þess að til greina gæti komið, að Alþfl. gæti tekið þátt í stjórnarsamstarfi. Auk nokkurra breyt. og umorðunar á stefnu ríkisstj. í utanríkismálum, þar sem meðal annars var lögð áherzla á að tryggja sjálfstæði og öryggi landsins með samningum og þátttöku í alþjóðastarfsemi lýðræðisþjóðanna og að hafa náið samstarf við hin Norðurlandaríkin í menningar- og félagsmálum, gerði Alþfl. skilyrði um eftirfarandi atriði:

1. Að til þess að tryggja þá almennu yfirlýsingu, að allir landsmenn gætu haft atvinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur, skyldu 300 millj. kr. af inneignum bankanna í Bretlandi og Bandaríkjunum settar á sérstakan reikning og þeim varið eingöngu til kaupa á framleiðslutækjum, þar af 200 millj. kr. til skipa, véla og efnis til skipabygginga, 50 millj. kr. til véla og þess háttar til aukningar og endurbóta á síldarverksmiðjum, hraðfrystihúsum, niðursuðu, tunnugerða, skipasmíða o. fl. og loks 50 millj. til áburðarverksmiðju, vinnslu og hagnýtingar landbúnaðarafurða, til jarðyrkjuvéla og efnis til rafvirkjana. Auk þess óskaði flokkurinn, að sett yrðu nokkur nánari skilyrði um fyrirkomulag og aðferðir við þessa fyrirhuguðu nýskipan íslenzkra atvinnumála, með hliðsjón af atvinnuástandinu í landinu, í því skyni að komið yrði í veg fyrir atvinnuleysi á meðan verið væri að útvega hin nýju atvinnutæki, að hlutazt yrði til um, að þessi tæki yrðu keypt utan lands eða gerð innan lands, svo fljótt sem unnt væri, og þau seld einstaklingum og félögum og slík félög m. a. stofnuð að opinberri tilhlutan, ef þörf gerðist.
2. Að sett yrðu þá á yfirstandandi Alþ. launalög í samræmi við frv., sem fyrir lá, með breytingum til móts við óskir B.S.R.B.

3. Að samþykkt yrði á næsta Alþ. svo fullkomið kerfi almannatrygginga, sem næði til allrar þjóðarinnar án tillits til stétta og efnahags, að Ísland yrði á þessu sviði í fremstu röð nágrannaríkjanna.
4. Að samþykkt yrði, að Ísland gerðist þá þegar þátttakandi í alþjóðlega vinnumálasambandinu, I. L. O.
5. Að hafin yrði þá þegar endurskoðun stjórnarskrárinnar með það fyrir augum, að sett yrðu ótvíræð ákvæði um réttindi allra þegna þjóðfélagsins til atvinnu, eða þess framfæris, er tryggingalöggjöfin ákvæði, félagslegs öryggis, almennrar menntunar og jafns kosningarréttar, og auk þess sett þar skýr fyrirmæli um verndun og eflingu lýðræðisins og varnir gegn þeim öflum, er vinna vilja gegn því, og þessari endurskoðun yrði lokið svo fljótt, að frv. yrði lagt fyrir Alþingi áður en kosningar færu fram.

Auk þessara framangreindu atriða voru nokkur önnur almenn atriði, er flokkurinn vildi láta koma fram í stefnu stjórnarinnar, svo sem um það, að skattar þeir, er þyrfti að afla, yrðu lagðir á þá, er helzt fengju undir þeim risið, og þá fyrst og fremst á stríðsgróðann, en að skattar á lágtekjumönnum yrðu ekki hækkaðir, að ríkisstj. gerði allt, sem í hennar valdi stæði, til þess að hindra, að tekjur hlutarsjómanna rýrnuðu, og leitazt yrði við að bæta lífskjör þeirra og skapa þeim meira öryggi, og að ríkisstj. leitaðist við að hafa sem öruggastan hemil á verðlaginu og vinna að því, að sem minnstur kostnaður félli á vörurnar við sölu þeirra og dreifingu.

Eftir alllanga samninga gekk Sjálfstfl. og flokkur kommúnista inn á höfuðskilyrði Alþfl. Þegar svo var komið málum, varð það niðurstaðan, að Alþfl. tæki þátt í núv. hæstv. ríkisstj., þar sem svo miklum og merkilegum nýmælum ætti að hrinda í framkvæmd, nýmælum, sem væru fólgin í því að endurskipuleggja og stórauka framleiðslutæki landsmanna til þess að tryggja næga atvinnu í landinu, bæta kjör opinberra starfsmanna og auka og efla félagslegt öryggi í landinu. Það var því vissulega til mikils að vinna til framdráttar sjónarmiðum og stefnumálum Alþfl. Hins vegar var flokksmönnum vel ljóst — og gætti þar að vonum nokkurrar tortryggni — að örðugt kynni samstarfið að reynast þrátt fyrir glæsilega stefnuskrá og loforð um stórkostlegar endurbætur. Samstarfsflokkarnir báðir höfðu í mörgum greinum mjög ólík sjónarmið og starfshætti samanborið við Alþfl., sem er og hefur verið sósíaldemókratiskur flokkur, er byggir starfsaðferðir sínar á lýðræði og þingræði og hefur þau stefnumið að koma á ríki jafnaðarstefnunnar undir fullkomnum lýðræðisháttum í stjórnmálum og atvinnumálum. Samstarfsflokkarnir voru annars vegar Sjálfstfl., en innan hans vébanda eru flestir höfuðatvinnurekendur þessa lands og er flokkurinn í meginatriðum andvígur jafnaðarstefnunni og vill varðveita auðvaldsþjóðskipulagið. Hins vegar var flokkur kommúnista, sem telur mesta fyrirmynd í þjóðfélagsháttum það stórveldi heimsins, þar sem ekkert stjórnmálalegt lýðræði ríkir, en aðeins einn flokkur, flokkur kommúnista, má starfa og hefur í alþjóðamálum sýnt skefjalausan yfirgang og ásælni við smáríki. Og báðir flokkarnir höfðu auk þess um langt skeið elt grátt silfur við Alþfl., Sjálfstfl. sem atvinnurekendaflokkur og auðvaldsflokkur, en flokkur kommúnista með vægðarlausum árásum, sem áttu rætur sínar að rekja til þess, að hann vildi ná undir sig íslenzkri alþýðuhreyfingu og láta hana stjórnast af hugmyndakerfi kommúnismans og taldi sósíaldemókrata í raun og veru mestu andstæðinga sína. Eins og ég sagði áðan, var því eðlilegt, að tortryggni gætti í röðum Alþfl. gegn samstarfsflokkunum. Hins vegar varð það niðurstaðan, og í fullu samræmi við allar starfsaðferðir Alþfl., að láta málefnin ein ráða.

Núv. hæstv. ríkisstj. hefur nú starfað í 1½ ár, og er í raun og veru við enda kjörtímabilsins komið í ljós, hvernig hefur gengið með framkvæmd stjórnarsamningsins. Og ekki verður annað með sanni sagt en hann hafi verið haldinn og framkvæmdur í flestum höfuðatriðum. Framkvæmdir við nýskipan atvinnumálanna hafa farið eftir yfirlýstri stjórnarstefnu. Samið hefur verið um smíði 30 nýrra togara og um 80 mótorbáta, um byggingu 3 strandferðaskipa og æði margra flutninga- og farþegaskipa. Verið er að auka síldarverksmiðjur ríkisins og í undirbúningi um byggingu annarra nýrra verksmiðja. Sett hafa verið fullkomin launalög, er mjög hafa bætt kjör opinberra starfsmanna. Í dag voru samþykkt lög um almannatryggingar, er mynda nýtt og fullkomnara tímabil aukins félagslegs öryggis í landinu. Þessari merku löggjöf um almannatryggingar verða síðar gerð nokkur skil af hálfu Alþfl. hér í umr. Ísland er orðinn þátttakandi í alþjóðlega félagsmálasambandinu, sem án efa styður félagslega þróun og eflingu íslenzkrar félagsmálalöggjafar. En því miður hefur ekki orðið full framkvæmd með endurskoðun og samþykkt nýrrar stjórnarskrár. Hefur það komið í ljós, að tíminn til framkvæmda hefur reynzt of naumur, og annríki margra þeirra manna, er að endurskoðuninni áttu að vinna, og ýmis atvik önnur, hafa gert það að verkum, að ekki hefur verið unnt að fullnægja þessu samningsatriði, þótt verulegt starf hafi þegar verið lagt fram við endurskoðunina. Getur Alþfl. ekki sakað samstarfsflokkana um brigðmælgi í þessu efni, þótt áhuginn um framkvæmd þessa máls hafi hjá sumum reynzt of lítill. Verður því síðar að halda áfram því verki, sem byrjað er, og mun Alþfl. ekki láta sitt eftir liggja til þess að fullar framkvæmdir fáist á þessu nauðsynjamáli, þótt síðar verði.

En auk umsaminna mála hefur fyrir atbeina ríkisstj. verið afgreidd mjög merkileg ný löggjöf, svo sem lög um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, raforkulög, ný hafnarlög, lög um stofnlán fyrir sjávarútveginn, fullkomin löggjöf um nýtt fræðslukerfi, lög um landnám og nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum og margt fleira. Mun nánar verða minnzt á sum þessara mála af hálfu Alþfl. hér við umr. og þá ekki hvað sízt um hin mjög svo merku lög um opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Það hefur því vissulega komið í ljós með myndun þessarar ríkisstj. og ekki hvað síst fyrir atbeina Alþfl., að gerð hafa verið stórkostleg átök til framfara og aukinnar hagsældar fyrir alþjóð, og þá ekki hvað síst fyrir alþýðu landsins, til þess að tryggja atvinnu, bætt kjör og félagslegt öryggi. Þessar staðreyndir viðurkennir og metur Alþfl. fyllilega og trúir því, að merkilegar og stórstígar framfarir hafi áunnizt með stjórnarsamstarfinu. Flokkurinn er einnig ánægður með ágæt störf ráðherra sinna í ríkisstj. og baráttu þeirra þar fyrir áhuga- og stefnumálum Alþfl. En þó að þetta sé þannig, verður því ekki neitað, að flokkurinn hefði kosið ýmislegt á aðra lund. Hann er ekki ánægður með allt, sem gert hefur verið og einnig ógert látið í verzlunar-, viðskipta- og verðlagsmálum. Hann telur einnig suma framkomu kommúnista í stjórnarstarfinu aðfinnsluverða, og sérstaklega verð ég að telja afstöðu og árásir kommúnista í viðkvæmum og vandmeðförnum utanríkismálum vítaverða.

Ég lýsi ánægju Alþfl. yfir því, að hæstv. forsrh. hefur nú í ræðu sinni skýrt allrækilega frá því, sem fram hefur farið milli Bandaríkjanna og Íslands út af beiðni Bandaríkjastjórnar um það, að samningar væru teknir upp við hana um leigu á herstöðvum á Íslandi. Það var vissulega tími til þess kominn, að þeim leyndarhjúp væri svipt til hliðar, sem hingað til hefur hvílt yfir máli þessu. Í skjóli þessarar leyndar hafa einkum pólitískir spekúlantar gert harðar, illvígar árásir á ýmsa andstæðinga sína í stjórnmálum, og það, sem verra er, látið sér sæma að ráðast að Bandaríkjunum mjög hvatvíslega og með margs konar dylgjum og óhróðri, sem vel gæti leitt til andúðar þessarar ágætu lýðræðisþjóðar í okkar garð, þjóðar, sem hefur í samskiptum sínum við Ísland sýnt vináttu og skilning, ekki hvað síst við stofnun hins íslenzka lýðveldis.

Eins og hæstv. forsrh. hefur þegar skýrt frá, var hin upprunalega málaumleitun Bandaríkjastjórnar frá 1. okt. s. l. rædd bæði á lokuðum fundi Alþingis og af fulltrúum allra flokka með ríkisstj. Svar hæstv. fors.- og utanrrh. var svo rætt á einum slíkum sameiginlegum fundi 5. nóv. s. l., *og lýstu fulltrúar Alþfl. þá yfir því, að þeir álitu ógerlegt að ganga til samninga á grundvelli orðsendingar Bandaríkjanna frá 1. okt. s. l.*, og að þeir skildu svarnótu forsrh. svo, að með henni væru umr. á þeim grundvelli útilokaðar, og að með þeim skilningi samþykktu þeir svarbréf forsrh. Hann lýsti svo sjálfur yfir því, að yrði svarbréf sitt samþykkt og viðræður hæfust, mundi hann ekki, ef til sinna kasta kæmi, fara út fyrir þau takmörk, sem leiddu af þessari skýringu Alþfl., nema fyrir lægi, að vilji meiri hluta Alþ. væri fyrir því. — Fulltrúar kommúnista samþykktu einnig svarbréf forsrh. með sömu skýringu og skilningi eins og Alþfl. hafði áður gert.

Forsrh. afhenti sendiherra Bandaríkjanna síðan svarbréf sitt 6. nóv. s. l. og lét fylgja með munnlega skilning Alþfl.

Eins og hæstv. forsrh. hefur þegar skýrt frá, lét hann þess getið í bréfi sínu frá 12. nóv. s. l., eins og hann hafði áður gert munnlega við sendiherra Bandaríkjanna, að gefnu tilefni, að hann vildi ekki ganga til samningsviðræðna á öðrum grundvelli en þeim, sem tekið hefði verið fram í svari hans frá 6. nóv. s. l. og í þeirri munnlegu skýringu, sem fylgt hefði því bréfi, og var þar átt við skýringar fulltrúa Alþfl.

Málið stendur svo að öðru leyti eins og hæstv. forsrh. hefur sagt frá, og hefur stj. skýrt sendiherra Íslands í Washington frá, að hún hafi látið málaumleitan sína niður falla, að minnsta kosti í bili, og síðan hefur ekkert gerzt í málinu.

Ég get ekki séð, að hægt sé að álasa íslenzkum stjórnarvöldum fyrir svör þeirra og afstöðu til þessa máls. Og ég verð sérstaklega að undirstrika, að svar ríkisstj., með þeim skýringum og skilningi, sem Alþfl. tók fram, hefur leitt til þess, þar sem haldið var á málinu með festu og fullri kurteisi, að hin vinveitta Bandaríkjastjórn hefur látið málaleitun sína niður falla. Út af þeim ummælum og hávaða, sem gætt hefur í sumum blöðum um veru Bandaríkjahers hér, þá er það víst, að íslenzk stjórnarvöld eiga eftir að gera samninga við Bandaríkjastjórn um það, á hvern hátt íslenzkir aðilar taki til fulls við yfirráðum flugvallarins á Reykjanesi, á þann veg, er bezt geti verið borgið íslenzkum hagsmunum og til þess að tryggja það, að hægt verði að hafa nauðsynleg not af flugvellinum í millilandaflugi með viðkomu þar og er það ekki síst til athugunar fyrir hæstv. atvmrh., Áka Jakobsson, er fer með flugmálin. Og í sambandi við væntanlega þátttöku okkar í Bandalagi hinna sameinuðu þjóða og ef til vill í sérsamningum, sem rúmast innan bandalagsins, við vinveittar lýðræðisþjóðir, eigum við eftir að tryggja sjálfstæði og öryggi Íslands, eins og segir í upphafi stefnuskrár þeirrar, er flutt var af hæstv. forsrh. 21. okt. 1944, án þess að nokkrir aðrir en Íslendingar ráði yfir landi okkar.

Eins og ég hef rakið hér á undan, hefur hæstv. ríkisstj. nú starfað í 1½ ár í samræmi við þá samninga, sem gerðir voru á milli flokka þeirra, er að henni standa, og hafa samningar þessir í flestum höfuðatriðum verið framkvæmdir eins og til stóð. En samningar þessir voru að verulegu leyti miðaðir við kjörtímabil það, sem nú er brátt á enda. Allir flokkarnir ganga nú til kosninga, hver með sína stefnuskrá, sem að sjálfsögðu nær út yfir og meira til framtíðarinnar en stjórnarsamningarnir. Þar hlýtur að vera meira mörkuð stefna en verið hefur í verzlunar-, viðskipta-, verðlags- og gjaldeyrismálum, svo og í skattamálum. Alþfl. hefur lagt fram á Alþ. till. um skipun mþn. til þess að athuga þessi mál, sem því miður munu tæplega hljóta afgreiðslu á Alþ. Einnig er víst, að marka þarf stefnuna nánar í utanríkismálum. Í öllum þessum málum munu flokkarnir marka stefnu sína við kosningar þær, er í hönd fara, og kjósendur svo ljá flokkunum fylgi eftir því, sem þeir telja réttast og mest í samræmi við sannfæringu þeirra og stefnu í þjóðmálum. Að kosningunum loknum kemur svo til kasta stjórnmálaflokkanna að semja og ræða um framtíðar ríkisstjórn. Afstaða Alþfl. mun þá, sem og alltaf áður, mótast af málefnunum, og undir þeim er komið um

samvinnu eða andstöðu Alþfl. við aðra flokka.

Það er samkv. öllu því, sem ég hef nú tekið fram, að Alþfl. greiðir hiklaust atkv. gegn vantrausti því, sem hér liggur fyrir frá stjórnarandstöðunni. Alþfl. átti sinn þátt í stjórnarstefnunni eins og hún var mörkuð með samningum. Þeir samningar hafa verið framkvæmdir og markað stórkostleg ný framfaraspor í íslenzku þjóðfélagi. Það liggur alls ekki fyrir á þessari stundu neinn nýr grundvöllur fyrir stjórnarmyndun, og vantraust, sem nú er borið fram í þinglokin, án þess að sá flokkur, sem að vantraustinu stendur, hafi nokkra minnstu möguleika til nýrrar stjórnarmyndunar, er hreinn og beinn skollaleikur, sem svara ber með því að fella það.

Forseti (JPálm): Hv. 4. þm. Reykv. lauk máli sínu. Hann talaði fyrir hönd Alþýðuflokksins. Næstur tekur til máls hæstv. félmrh., Finnur Jónsson, sem einnig talar fyrir Alþfl.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Þessar umræður, sem hér hafa farið fram, eru að ýmsu leyti ójafn leikur. Fyrst og fremst vegna þess, að stjórnarandstaðan hefur aðeins fjórða hlutann af tímanum á móti stjórnarflokkunum, en þó enn meir af þeirri ástæðu, hve málefnin eru misjöfn.

Hv. þm. Str., Hermann Jónasson, lýsti ríkisstj. þannig, að ókunnugir mættu ályktа, að ríkisstj. og þingmeirihluti sá, sem að henni stendur, væri hópur glæpamanna, sem stefndu þjóðarskútunni í beinan voða og ekkert gerðu annað en afglöp. Mér er ljóst, að margt hefur gerzt, sem betur mætti fara í ríkisstj., en þrátt fyrir það hefur með stjórnarsamvinnu þeirri, sem efnt var til í okt. 1944, verið komið fram stærri og merkari málefnum á stuttum tíma en dæmi eru til áður í stjórnmálasögunni. Málefni stjórnarflokkanna í heild eru því að mörgu leyti betri en áður hefur þekkzt, og afstaða Framsfl. til stjórnarandstöðunnar því hin erfiðasta. Framsfl. hafði áður það hlutskipti, meðan hann vann með Alþfl., að inna af hendi mikið og merkilegt umbótastarf. En nú er svo komið, að þessi fortíð virðist vera gleymd, og í stað þess er Framsfl. að ýmsu leyti orðinn afturhaldssamasti stjórnmálaflokkurinn í landinu, undir forustu hv. þm. Str., Hermanns Jónassonar.

Straumhvörfin í Framsfl. urðu í raun og veru í ársbyrjun 1942, þegar sá flokkur setti með Sjálfstfl. lög um dómnefnd í kaupgjalds- og verðlagsmálum og ætlaði að banna verkalýðnum allar kjarabætur. Þessi tilraun mistókst með öllu, sem betur fór, fyrir öfluga andstöðu Alþfl. og verkalýðssamtakanna. En síðan hefur Framsfl. verið á stöðugum flótta frá sinni eigin fortíð og dregizt lengra og lengra í afturhaldsáttina. Þessi gamli samherji Alþfl. er því í rauninni alþýðunni tapaður undir núverandi forustu hans. Og hlutverk Alþfl. hlýtur því að vera að halda uppi því, sem Alþfl. og Framsfl. áður gerðu sameiginlega, viðsýnni og frjálslyndri umbótastefnu, byggðri á lýðræði og jafnrétti þegnanna.

Ég tel ekki þörf að karpa við hv. þm. Str., Hermann Jónasson, en kýs heldur að sýna fram á, hvernig ýmsar framkvæmdir núverandi stjórnar samrýmast gamalli og nýrri baráttu og stefnu Alþfl.

Alþfl. hefur á 30 árum í raun og veru gerbreytt lífi okkar Íslendinga. Flestum Íslendingum mun vera ljóst, að hann hefur átt frumkvæðið að nær öllum félagslegum umbótum þessara áratuga, svo sem afnámi sveitarflutninga, rýmkun almenns kosningarréttar, kosningarrétti þurfamanna, alþýðutryggingalögunum eldri, auknum slysatryggingum, lögum um byggingu verkamannabústaða og fleira og fleira. En þó að almenningi sé þetta mjög ljóst, hvern þátt Alþfl. hefur átt í þessari félagsmálalöggjöf, þá fer því fjarri, að allir veiti því eftirtekt, að hið sama gildir um þær stórkostlegu breytingar, sem orðið hafa á atvinnuháttum landsmanna hin síðari árin. Alþfl. hefur ætíð haft skipulagningu atvinnuveganna á stefnuskrá sinni og í samræmi við það átt frumkvæði að ýmsum merkum framförum, sem hafa gerbreytt atvinnuvegunum. Í samvinnu við aðra flokka hefur þessum málum miðað áfram. Málefnaaðstaða hefur ætíð ráðið afstöðu Alþfl. Stundum hefur lítið áunnizt, en þó alltaf eitthvað, og aldrei hefur verið stigið spor aftur á bak. Þetta er eðli hinnar lýðræðislegu þróunar. Hefur mikill árangur náðst á skömmum tíma, svo sem sýnt mun verða með óhrekjandi rökum.

Fyrsta bygging síldarverksmiðja ríkisins var framkvæmd samkvæmt lögum, er sett voru á Alþ. 1928. Frv. til þeirra laga var flutt m. a. af Alþýðuflokksmanninum Erlingi Friðjónssyni. Næstu till. um stækkun síldarverksmiðja ríkisins flutti ég á Alþ. árið 1933. Og ætíð síðan hefur Alþfl. staðið að stækkun síldarverksmiðja ríkisins, nú síðast hinum miklu nýbyggingum, sem verið er að framkvæma á Skagaströnd, nýbyggingum, sem undirbúnar hafa verið af stjórn síldarverksmiðja ríkisins með þátttöku fulltrúa Alþfl. Alþfl. barðist fyrir skipulagningu síldarsöltunar og kom fram lögum um síldarútvegsnefnd á Alþingi í árslok 1934. Þessar tvennar framkvæmdir, bygging síldarverksmiðja ríkisins og stofnun síldarútvegsnefndar, hafa gerbreytt síldarútveginum og afkomu allra þeirra mörgu manna, sem hann stunda. Áður var síldarútvegurinn ótryggastur allra atvinnuvega. Þegar mikið aflaðist, söltuðu menn sig á höfuðið. Og ef lítið aflaðist, höfðu menn enga síld til að salta, og allt fór á höfuðið af þeim ástæðum. Síldarleysisárin eru miklu færri en góðu síldarárin, en hvort tveggja var sama ógæfan áður en síldarútvegurinn var skipulagður. Nú er svo komið, að þegar vel aflast, er síldarútvegurinn einhver tryggasti atvinnuvegur landsmanna, vegna skipulagningar sinnar. Þessar miklu umbætur hafa orðið fyrir frumkvæði Alþfl. og voru umdeildar mjög, þó að þær hafi nú náð svo mikilli viðurkenningu, að þær eru ekki lengur flokksmál, heldur vilja allir flokkar eigna sér þær.

Skipulagning saltfisksölunnar var lögfest af ráðherra Alþfl., Haraldi Guðmundssyni, á árinu 1934. Þá voru tímamót í þeim atvinnuvegi. Kaupmátturinn var að þverra í viðskiptalöndunum, háir tollmúrar voru hlaðnir, samkeppni innan-

lands og utan var taumlaus og markaðslöndin lokuðust hvert á fætur öðru. Ógurlegt hrun og atvinnuleysi blasti við landsmönnum af þessum ástæðum. Alþfl. hafði margsinnis varað við þeirri hættu, sem stafaði af því að einhæfa allar vonir þjóðarinnar og framtíð við saltfiskmarkaðinn. Aðeins ein tilraun hafði verið gerð af hálfu framtakssamra einstaklinga til þess að koma frystum fiski á erlendan markað, en mistekizt. Þá kom Alþfl. fram löggjöfinni um fiskimálanefnd og fiskimálasjóð. Fiskimálanefnd reisti fyrsta innlenda hraðfrystihúsið, hún gerði hverja tilraunina af annarri með að senda hraðfrystan fisk á erlendan markað. Sumar tilraunirnar mistókust. Fiskimálanefndin varð fyrir þungum ádeilum og harðri gagnrýni. Pólitískir andstæðingar gerðu hverja tilraunina af annarri til þess að hrinda starfi hennar í rústir, en allt kom það til einskis. Alþfl. var þarna enn á réttri braut í atvinnumálunum og stefna hans sigraði. Einstaklingar og félög tóku upp aðferðir fiskimálanefndar og notuðu sér reynslu þá, sem fengizt hafði með starfi hennar, reistu hraðfrystihús með styrk eða lánum úr fiskimálasjóði, og nú er svo komið, að hraðfrystihúsin geta flutt út árlega um 40000 smálestir af fiskflökum, eða jafnvel meira.

Þarna hafði enn, fyrir frumkvæði Alþfl., verið framkvæmd skipulagning á atvinnuvegi, sem nálgast byltingu í atvinnuháttum, — friðsama byltingu, sem tryggir atvinnu landsmanna eftir því, sem unnt er að tryggja hana á þessum tímum óvissunnar. Þessi skipulagning atvinnuveganna er hið sama og nú er almennt nefnt nýsköpun. Alþfl. hefur ætíð barizt fyrir því, að fjármagni þjóðarinnar skyldi varið til þess að byggja upp heilbrigt atvinnulíf handa öllum landsmönnum. Nýsköpun sú, sem nú er verið að framkvæma samkvæmt stefnuskrá núverandi ríkisstj., er því í fullu samræmi við áratuga baráttu Alþfl. og í beinu framhaldi af henni eins og hún hefur lýst sér í stofnun síldarverksmiðja ríkisins, stofnun síldarútvegsnefndar og byggingu hraðfrystihúsa. Kaup á atvinnutækjum, svo sem togurum, vélbátum, strandferðaskipum, milliferðaskipum, vélum í síldarverksmiðjur, landbúnaðarvélum, vélum til rafvirkjunar í stórum stíl ásamt ýmsu öðru til framleiðslu, að ógleymdum stórkostlegum byggingarframkvæmdum til þess að draga úr húsnæðisleysi almennings í kaupstöðum, aðstoð við sjávarútveg, stórum aukið framlag til nýbyggða og landnáms í sveitum, — allt er þetta í fullu samræmi við gamlar og nýjar kröfur Alþfl. um skipulagning atvinnuveganna. Á sama hátt eru hin merku og miklu skólafrv., sem nú hafa verið afgreidd, í beinu framhaldi af stefnu Alþfl. í menntamálum fyrr og síðar.

Vaxandi skilningur annarra flokka á nauðsyn þess, að ríkið hafi afskipti af atvinnumálunum, er Alþfl. gleðiefni. Sjálfstfl. hefur með stjórnarsamningnum og í verkinu viðurkennt, að einstaklingsframtakið var þess ekki umkomið að leysa það mál af eigin rammleik hvað innkaup atvinnutækja snertir. Það varð því að ráði, að ríkið réðist í að beita sér fyrir innkaupum í stórum stíl. Hins vegar er ágreiningur um það, hver hafa skuli rekstur hinna stærstu atvinnutækja með höndum, og sá ágreiningur er enn óleystur. Honum hefur verið skotið á frest fyrir því, sem var mest aðkallandi: útvegun og innflutningi atvinnutækjanna. Sósfl., sem hefur breytt um nafn, af því að gamla nafnið var orðið slitið og ekki vænlegt til að afla flokknum fylgis, tekur nú þátt í umbótastarfinu á grundvelli Alþfl., þrátt fyrir það að hann hafi áður talað um slíkar umbætur með fyrirlitningu og kallað þær „Óla skans dans".

Stjórnarsamvinnan er því samvinna flokka með ólíkar skoðanir, þó að framkvæmd hennar og ýmis lagasetning hafi í mörgum efnum verið mjög í anda þess, sem Alþfl. hefur haldið fram fyrr og síðar. Þessi samvinna er byggð á lýðræðisgrundvelli og er að mörgu leyti nýstárleg. Hún hefur stundum gengið erfiðlega, og það hefur kostað mikla lagni, einkum af hálfu hæstv. forsrh., að samræma hin ólíku sjónarmið flokkanna. Samningar hafa tekizt um framkvæmd einstakra mála, en Sjálfstfl. heldur að sjálfsögðu stefnu sinni, sem er andstæð stefnu Alþfl. Og um Sósfl. er það að segja, að hann á erfitt með að hlíta venjulegum lýðræðisaðferðum, þar sem flokknum er annað tamara sem gömlum kommúnistaflokki. Forustumenn hans eru allflestir svokallaðir Moskvusinnar. Og þó að allur þorri kjósenda hans séu lýðræðissinnar, á það mjög langt í land, að forvígismönnunum hafi skilizt þær aðferðir, sem nauðsynlegar eru til lýðræðislegrar samvinnu á þingræðisgrundvelli. Kom þetta m. a. mjög ljóslega fram í ræðu hv. 11. landsk. hér í útvarpinu áðan.

Þann tíma, sem stjórnarsamvinnan hefur staðið, hefur mörgum merkilegum málum verið komið í framkvæmd. Afgreidd hafa verið ýmis stór frv. Með þeim er lagður grundvöllur að merkilegum framförum og þjóðfélagsumbótum. En til þess að þau komi að fullu gagni, verður að stjórna landinu á hreinum lýðræðisgrundvelli og með þingræðismeirihluta. Hlutdeild stjórnarflokkanna í málum þeim, sem fram hefur verið komið, er auðsæ af stjórnarsamningunum og hefur áður verið rakin. Alþfl. hefur sett merki sitt á stjórnarsamningana, allmiklu meira en hinir flokkarnir, og er það einkum vegna þess, að stefna Alþfl. er meir í samræmi við kröfur hinna nýju tíma en stefnur hinna flokkanna, og er það vel farið, að hv. 11. landsk., Sigurður Thoroddsen, minntist á það áðan, að Alþfl. setti úrslitakosti þegar gengið var til stjórnarsamninga í október 1944. Í hverju voru þessir úrslitakostir fólgnir? Meðal annars afgreiðslu launalaganna og almannatryggingalaganna og nánari ákvæðum, til þess að tryggja nýsköpunina, sem við allir erum að hæla okkur af. Sósfl. setti enga úrslitakosti. Hans áhugamál á þeim tíma var það eitt að komast í ríkisstjórn.

Fortíð Alþfl. í framkvæmdum þeim, sem ég áður nefndi um ýmsar þjóðfélagslegar umbætur og mannréttindamál á lýðræðisgrundvelli, er alveg í samræmi við þær kröfur, sem nú eru efst á baugi hjá þeim lýðræðissinnum, sem ekki vilja lengur una kúgun auðvalds og einræðis, heldur krefjast andlegs frelsis, stjórnmálafrelsis og fullkomins lýðræðis í atvinnumálum.

Hæstv. forsrh. hefur rakið í stórum dráttum afgreiðslu þingmála, og sé ég ekki ástæðu til að fara út í einstök þeirra, önnur en þau, sem sérstaklega heyra undir mitt ráðuneyti. Og af þeim vildi ég einkum nefna tvö stórmál, sem snerta líf svo að segja hvers einasta borgara í landinu. Annað málið, almannatryggingarnar, var umsamið í stjórnarsamningnum og hefur það nú fengið afgreiðslu. Hitt málið, sem almennt er kallað húsnæðisfrv., var óumsamið, en er þrátt fyrir það nú orðið að lögum. Vil ég leyfa mér að rekja gang þessa máls á Alþ. og frv. sjálft í stórum dráttum.

Eftir þál., sem Alþ. samþykkti í jan. 1945, leitaði ég eftir því við bæjarstjórnir, hreppsnefndir og starfandi byggingarsamvinnufélög, að þau sendu félmrn. till. um breytingar á núverandi byggingarlöggjöf, og var ætlazt til þess, að þessir aðilar bentu á nýjar leiðir, hver á sínum stað, ef tiltækilegt þætti. Mörg svör bárust frá þessum aðilum, og fól ég Jónasi Guðmundssyni, eftirlitsmanni sveitar- og bæjarmálefna, að vinna úr tillögum þeim, sem borizt höfðu, og að semja að nýju kafla um þau atriði, sem nauðsynlegt taldist að lögfesta. Var þannig unnið úr tillögum ýmissa aðila, sem byggingarmál hafa með höndum víðs vegar á landinu. Var frv. um þetta efni lagt fyrir Alþ. og flutt af félmn. Ed. fyrir áramót, og er nú frv. þetta orðið að lögum með nokkrum breytingum.

Fyrsti kafli frv. þessa er breyt. á núgildandi lögum um verkamannabústaði. Aðalbreyt. eru þær, að tekjuhámark þeirra, er laganna njóta, er fært úr 4 þús. kr. í 7 þús. kr. og ómagaviðbótin hækkuð úr 500 kr. í 1000 kr. fyrir hvert barn. Þá er og eignahámark hækkað úr 5 þús. í 10 þús. kr. og vísitöluuppbót að auki. Þá er tillag bæjarsjóða hækkað úr 2 kr. í 4 til 6 kr. og framlag ríkissjóðs að sama skapi, eftir því, hvað mikið sveitarsjóður leggur fram. Tekjur byggingarsjóðs verða þannig árlega um 1 millj. og 900 þús. kr., ef lægsta heimild er notuð, en geta orðið um 2 millj. og 500 þús., sé heimildin notuð til fulls. Eru tekjur sjóðsins þannig tvö- eða þrefaldaðar frá því, sem nú er, eftir því hvað sveitarfélögin treysta sér til að leggja fram. Þá er heimild til að lengja lánstíma frá 42 árum allt upp í 75 ár. En vextirnir eru ákveðnir 2%, en voru áður samtals vextir og afborganir 4% á ári. Þá er heimild til að lána allt að 90% af kostnaðarverði. Vaxtalækkunin og lenging lánstímans getur orðið mjög þýðingarmikil, einkum vegna þess, að þegar lagt er í íbúðarbyggingar á dýrum tíma, þá er hægt að létta mönnum byrðina af hinum dýru íbúðum með því að lengja lánstímann. Má t. d. nefna, að árgjaldið af 60 þús. kr. íbúð af láni til 42 ára með 2% vöxtum er 1770 kr., en var fyrir breytinguna 2400 kr. Með því að hækka sjóðinn svo mjög sem hér hefur verið gert, má til dæmis nefna, að sé lánsfjár aflað með 4% ársvöxtum til 55 ára og útlán veitt til sama tíma með 2% vöxtum, verður árleg meðgjöf kr. 1,51 með hverjum 100 kr., og nægja þá árlegar tekjur byggingarsjóðsins til meðgjafar með láninu, er nemur 126 millj. og 490 þús. kr. Nú er það síður en svo ætlunin að letja þá, sem geta lagt fram fé til bygginga. En hins vegar eru þau ákvæði, sem lögfest hafa verið, þess eðlis, að þau hljóta að hvetja þá, sem eitthvað geta lagt af mörkum, til þess að leggja sig alla fram til að eignast þak yfir höfuðið.

Annar kafli laga þessara er um samvinnubyggingarfélög. Helzta breytingin, sem gerð hefur verið á þeirri lagasetningu, er sú, að nú eru leyfð fleiri en eitt félag á hverjum stað og aukin heimildin til ríkisábyrgðar úr 60% í 75% af kostnaðarverði húsanna. Þá eru jafnframt lögfest ákvæði til þess að hindra spákaupmennsku með hús þau, sem byggð eru af samvinnubyggingarfélögum. Þessir tveir fyrstu kaflar laganna eru byggðir á þeirri reynslu, sem fengizt hefur með núverandi löggjöf. Og þar sem sú löggjöf hefur þegar borið góðan árangur, má treysta því, að nú, þegar búið er að auka til muna hlunnindi þau, sem áður hafa verið ákveðin með þessum lögum, þá muni þau koma að miklu betri notum en áður og byggingar eftir þeim aukast að miklum mun.

Með 3. kafla laganna er ætlað að útrýma heilsuspillandi íbúðum í kaupstöðum og kauptúnum. Er þetta algert nýmæli í íslenzkri löggjöf og þess efnis, að ríki og sveitarfélög hlaupa undir bagga með þeim, sem búa í heilsuspillandi íbúðum og geta ekki bætt úr húsnæðisleysi sínu á nægilega skömmum tíma. Ber sveitarstjórn skylda til að ráða bót á húsnæðisvandræðum og nýtur hún til þess aðstoðar ríkisins. Ætlazt er til, að skýrslum sé safnað um heilsuspillandi íbúðir í kaupstöðum og kauptúnum. Og þegar sveitarstjórn hefur fært félmrn. sönnur fyrir því, að nauðsyn sé slíkra íbúðarbygginga, mun ríkissjóður lána slíku sveitarfélagi 75% af byggingarkostnaði til 50 ára með 3% ársvöxtum. Auk þess leggur ríkissjóður fram 10% af byggingarkostnaði, en sveitarstjórn 15%. Stefnt skal að því að útrýma heilsuspillandi íbúðum á eigi lengri tíma en fjórum árum.

Fjórði kafli frv. er einnig algert nýmæli. Er þar svo kveðið á, að meðan skortur er á íbúðum í landinu og erfiðleikar um innflutning byggingarefnis, skuli viðskiptaráð, meðan það starfar, ella sú stofnun, sem ríkisstj. ákveður, segja til um, hvernig byggingarefni verði notað, sem flutt er til landsmanna, og enn fremur hverjar byggingar skuli ganga fyrir um byggingarefni. Þá er einnig ákveðið, að byggingarfélag, sem kemur á sameiginlegum innkaupum á byggingarefni fyrir félagsmenn sína, skuli hafa sama rétt og aðrir innflytjendur byggingarefnis til þess að fá innflutningsleyfi og fá keyptan gjaldeyri. Það hefur verið fundið að lögum þessum, að ekki sé gengið frá því í frv. sjálfu, hvar taka skuli fé til þessara bygginga. Er þar því til að svara, að meðan erfitt var um lánsfé í landinu, dugði ákvæðið um ríkisábyrgð til þess að byggingarsjóðurinn fengi fé til framkvæmda. Nú er óvenjulega mikið um fé manna á milli í landinu, og verður því að teljast líklegt, að ríkisábyrgð geti ekki komið að sömu notum og áður, ekki sízt þar sem vitað er, að aðalbankastjóri Landsbankans, sem jafnframt hefur verið formaður byggingarsjóðs verkamanna frá byrjun, hefur ætíð verið byggingarfélögunum mjög innan handar um lánsútvegun.

Þá hefur það og verið fundið að lagasetningu þessari af hálfu framsóknarmanna, að of mikill munur væri gerður á réttindum manna, og kemur þar fram hin nýja stefna, sem Framsfl. er farinn að prédika, ef einhver munur er gerður á fátækum og ríkum, — að sá munur sé óréttlátur. Með lagasetningu þessari tel ég, að stigið sé mjög stórt spor í þá átt að auka húsnæði manna í landinu og útrýma húsnæðisleysi, og er það meginatriðið. Hins vegar er það verkefni fyrir þá, sem mynda félögin, að koma því í framkvæmd að gera húsbyggingar ódýrar. Er það auðvelt á þann hátt að auka tæknina við húsbyggingar og enn fremur þarf að komast að sameiginlegum innkaupum í stórum stíl fyrir byggingarfélögin. Hvort tveggja er hægt að gera með frjálsum samtökum, án þess að nokkur lagasetning komi til, og er það verkefni þeirra, er félögin stofna, að hraða framkvæmdum þessa máls, þegar Alþ. hefur veitt þá miklu aðstoð, svo sem gert er með lögum þessum.

Þó að undarlegt megi virðast, beitti formaður Framsfl., hv. þm. Str., sér mjög á móti þessari lagasetningu, einkum af þeirri ástæðu, að hann taldi, að hún væri óréttlát í garð þegnanna. En annað veifið hefur þessi sami hv. þm. haldið því fram, að frv. hefði verið hnuplað frá sér! Komst hv. þm. Str., Hermann Jónasson, svo að orði um þetta í útvarpsumræðum frá Alþ. 11. des.: „Framsfl. flutti frv. um byggingarsjóði. Því var ekki sinnt. En eftir nokkra daga kom fram frv. frá dómsmrh. Þegar svo farið var að lesa þetta saman, sást, að frv. var svo að segja grein fyrir grein eins og það frv., sem ég hafði lagt fram, og prentvillurnar og skekkjurnar með.“ Ráðaleysi Framsfl. í stjórnarandstöðunni komur berlega fram í þessum ummælum, þegar þau eru borin saman við þá deilu, sem stjórnarandstöðublaðið Tíminn hefur öðru hvoru haft í frammi gegn þessu máli. Formaður flokksins beitir sér á móti málinu á Alþ., en vill eigna sér sjálfum málið í útvarpsumræðunum!

Hv. þm. Str., Hermann Jónasson, lagði í ræðu sinni mikla áherzlu á, að ríkisstj. hefði brugðizt loforðum, sem hún hefði gefið um húsnæðismálin. Ríkisstj. hefur engin loforð gefið. Um þetta var aldrei samið þegar ríkisstj. var mynduð. Ríkisstj. er því hér að framkvæma mál utan við stjórnarsamninga og efna meira en lofað var. En hvað gerði þm. Str. í þessum málum meðan hann sat í ríkisstj. frá stríðsbyrjun og þangað til í júní 1942? Bókstaflega ekki neitt. Öll spákaupmennska, brask og spilling í húsaleigu og húsasölu stafar frá stjórnartíð Hermanns Jónassonar. Núv. ríkisstj. er því að reyna að bæta fyrir vanrækslu þessa þm. meðan hann sat í ríkisstj., og ætti hann því að vera þakklátur fyrir, að svo er gert, en ekki að fjandskapast gegn málinu.

Þó að húsbyggingalögin séu mjög veigamikil og eitt hið merkasta mál, sem afgreitt hefur verið á Alþingi á seinni árum, þá eru lögin um almannatryggingar enn þá þýðingarmeiri. Þau lög voru nú afgreidd í dag á Alþ., og með þeim er fengin hin mesta réttarbót, sem á einu þingi hefur verið lögfest til handa alþýðunni í landinu. Og vona ég, að það viti á gott, að lög þessi voru afgreidd um sumarmálin.

Það er kunnugt, að Alþfl. hefur háð stöðuga baráttu til þess að bæta kjör og auka réttindi ekkna, munaðarlausra, fátækra, ellihrumra og sjúkra. Í þessari baráttu Alþfl. á Alþingi hafa mörg spor verið stigin og misjafnlega stór. Alþýðutryggingalögin, sem gengu í gildi 1936, voru mjög stórt spor. Þau lög voru afgreidd í samvinnu við Framsfl., og þurfti að beita mjög hörðu við hann til þess að fá hann til að uppfylla gerða samninga. Var það þó aldrei gert að fullu og látið undir höfuð leggjast að afgreiða atvinnuleysistryggingar, sem þó hafði verið lofað í samningum. Síðan hafa miklar umbætur verið gerðar á alþýðutryggingalögunum, og einna mestar árið 1943. En afgreiðsla almannatryggingalaganna á þessu þingi er þó langstærsta skrefið, sem stigið hefur verið í þessum efnum, og markar tímamót í tryggingamálum hér á landi. Lögin eru þó ekki eins fullkomin og Alþfl. hefði óskað, og enn fremur vantar í þau kafla um atvinnuleysistryggingar og atvinnustofnun ríkisins, enda var sá kafli eigi tilbúinn af hálfu mþn. fyrir þingið. Enn fremur er ýmislegt í þessum l., sem Alþfl. hefði heldur viljað láta vera ríkara en lögin segja. En þó verður með þessari lagasetningu að mörgu leyti létt af mönnum þeim ótta, sem þeir bera fyrir afleiðingum af ellilasleika, veikindum og slysum.

Ég mun ekki fara út í þetta mál í einstökum atriðum. Hv. 3. landsk. þm., Haraldur Guðmundsson, sem mest allra manna hefur unnið að tryggingamálum landsins, fyrst með margra ára starfi á Alþ., síðar með forstjórn Tryggingastofnunar ríkisins og enn í mþn. að undirbúningi þessara l. og síðan mestallan þingtímann, — mun í umr. annað kvöld skýra lög þessi í einstökum atriðum. Ég vil þó að þessu sinni geta þess, að núverandi kostnaður til þessara mála, sem frv. er ætlað að taka yfir, er sundurliðaður þannig: Einstaklingar greiða 13,1 millj., atvinnurekendur 4,2 millj., sveitarfélög 10,3 millj., og ríkissjóður 12,4 millj., eða alls um 40 millj. En með lögum þeim, sem Alþ. hefur nú afgreitt um almannatryggingar, skiptist kostnaðurinn þannig: Hinir tryggðu greiða 20,5 millj., atvinnurekendur rúmar 11,5 millj., sveitarfélög um 13 millj. og ríkissjóður rúmlega 21 millj. — eða alls áætlast útgjöldin samkvæmt almannatryggingalögunum um 66 millj. Hækkun frá núverandi kostnaði einstaklinga 60%, atvinnurekenda 181%, sveitarfélaga 30% og ríkissjóðs 75%.

Jafnvel þótt eflaust megi margt að þessum lögum finna, standa þau til bóta og er hér um eitt hið merkasta mál að ræða, sem nokkurn tíma hefur verið afgreitt frá Alþ. Afstaða flokkanna hefur verið sú, að Sjálfstfl. hefur fallizt á frv. eins og það var lagt fyrir Alþ. í höfuðatriðum, en þó bundið fylgi sitt því skilyrði, að lækkuð yrðu hin áætluðu árlegu útgjöld ríkisins til tryggginganna um 3—4 millj. kr. og enn fremur, að ábyrgð ríkisins af framkvæmd laganna yrði takmörkuð. Hefur það orðið til þess, að felldur var niður útfararstyrkur, lækkaður að nokkru leyti ekknastyrkur, og enn fremur var fellt niður framlag til Atvinnustofnunar ríkisins, sem áætlað var 3 millj. kr. í hinu upprunalega frv. Hins vegar hefur verið hækkað nokkuð framlag

til ekkna, sem komnar eru yfir fimmtugt, og bætt við í hóp þeirra, sem sjúkradagpeninga hafa, atvinnurekendum, sem að mestu byggja atvinnu sína á eigin vinnu.

Að gefnu tilefni frá hv. 11. landsk., Sigurði Thoroddsen, hlýt ég að gera afstöðu Sósfl. að umtalsefni. Sósfl. hefur í Ed. fallizt á kröfur Sjálfstfl. um að minnka framlag ríkisins til tryggingganna og jafnframt flutt ásamt öðrum nm. úr meiri hl. félmn. till. um að binda ábyrgð ríkisins við ákveðna upphæð, 7,5 millj. kr. Eftir að þetta hafði verið gert, fluttu fulltrúar Sósfl. á Alþ. hækkunartill., sem nema mundu um 10 millj. kr. á gjöldum Tryggingastofnunarinnar, og till. til lækkunar á tekjum hennar, sem nema mundi um 3 millj. kr. Þar sem flokkurinn hins vegar hefur lýst sig fylgjandi frv., verður þessi afstaða að teljast í fyllsta máta ábyrgðarlaus.

Framsfl. hefur hins vegar á Alþ. tekið afstöðu á móti frv. og gert tilraun til þess bæði í efri deild og í neðri deild Alþingis að fá því vísað frá með rökst. dagskrá. Hefur hann sýnt eindæma óvild gegn þessari lagasetningu, og sýnir sú afstaða bezt þá breytingu, sem orðið hefur á flokknum frá því að hann lét til leiðast að setja alþýðutryggingalögin árið 1936 með Alþfl. Afstaða Framsfl. gegn tryggingamálunum markast einna bezt af nál. formanns Framsfl., hv. þm. Str., á þskj. 795, þar sem hann telur upp ýmislegt, sem breytt er til batnaðar frá núgildandi lögum, svo sem auknar slysatryggingar, auknar ellitryggingar, viðtækari barnatryggingar, heilsugæzlu og fleira, en leggst þrátt fyrir það **á móti samþykkt frv. Afstaða þm. kemur glögglega fram í nál. hans á þskj. 795.** Þar segir hann meðal annars: „Þá er og rétt að benda á það, að með þessari löggjöf er þjóðartekjunum skipt svo mjög, að líklegt er, — að ekki sé sagt víst, — að til þess að það atriði verði framkvæmanlegt, þurfi að gera viðtækar ráðstafanir á núverandi fjármálakerfi þjóðarinnar.“ Er hér enn komið að hinni nýju stefnu Framsfl., að telja það þjóðarnauðsyn, að sem mestum mun verði haldið á fátækum og ríkum og tekjujöfnun hættuleg. Annars er ótti hv. þm. í sambandi við það áhugamál sitt og almannatryggingarnar alveg ástæðulaus. Ég hef áður sýnt fram á, að öll áætluð hækkun vegna laganna um almannatryggingar nemur um 26 millj. kr. árlega og skiptist á hina tryggðu, sveitarfélög, atvinnurekendur og ríkissjóð. Hér af er hækkun ríkisins eins um 9 millj. kr. árlega. Ekki er þetta nein eignajöfnun, þó hún geti komið mörgum, sem annars yrðu nauðstaddir, til góða, og ekki ætti upphæðin sjálf að skelfa Framsfl. Eða skyldi hv. þm. ekki muna eftir því, að á einu ári voru bændum landsins greiddar 26 millj. kr. í uppbætur á landbúnaðarafurðir úr ríkissjóði og ekki þurfti neinnar sérstakrar aðgerðar á fjármálakerfi landsins til þeirra ráðstafana. Þessi upphæð er tilfærð á landsreikningi fyrir árið 1943 og raunar gerð tilraun til að fela hana. Afstaða Framsfl. í þessu máli brýtur berlega í bága við hagsmuni alþýðunnar í landinu og sýnir hið ótrúlega fálm stjórnarandstöðunnar.

Aðeins tveir framsóknarmenn á Alþingi gerðust til þess að greiða frv. atkvæði. Voru það hv. þm. N.-M., Páll Zóphóníasson og Páll Hermannsson. Lét hv. 1. þm. N.-M., Páll Hermannsson, svo um mælt, að hann greiddi atkv. með frv., af því að með því væri stofnað til nýs þjóðfélags. Ég tel þetta of mikið sagt hjá hv. þm. N.-M., því að vissulega er ekki stofnað nýtt þjóðfélag með lögum um almannatryggingar, þó að samþykkt laganna auki mjög öryggi allra þeirra í þjóðfélaginu, sem verða fyrir óhöppum eða sjúkdómum, elli eða ómegð, og verða þannig til þess að bægja óttanum frá dyrum margra þeirra, er lítils mega sín og engum auði hafa safnað. Alþfl. hefur með samþykkt laganna náð ágætum árangri í margra ára baráttu fyrir því að útvega mönnum réttindi fyrir náðarbrauð og Alþingi Íslendinga er sómi að því, að okkar endurreista lýðveldi hefur sett tryggingalöggjöf, sem að atvinnuleysistryggingunum undanskildum jafnast á við það bezta hjá nágrannaþjóðunum.

Alþýðan á Íslandi hefur með margra ára baráttu eignazt réttinda- og félagsmálalöggjöf, sem er hin víðtækasta, er þekkist. Það er verkefni hennar að standa vörð um þessi réttindi og auka þau og efla, svo að land okkar verði jafnan fremst í flokki annarra í þessu efni. Ef við skörum fram úr öðrum á þennan hátt, þá er vel farið.

Forseti (JPálm): Hæstv. félmrh. hefur lokið máli sínu, og er þar með lokið fyrstu umferðinni. Verður umr. nú frestað til annars kvölds, en þá mun útvarpsumr. fram haldið.

Umr. frestað.

Á 43. fundi í Sþ., 27. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

Eysteinn Jónsson: Það var heldur tilbreytingarlítil þula, sem þulin var hér þrjár stundir samfleytt í gærkvöld af talsmönnum stjórnarflokkanna. Forsrh. flutti gamla ræðustúfinn um það, að Hermann Jónasson og Eysteinn Jónsson hafi ekki verið með í stj., af því að þá langaði svo mikið til að vera ráðherrar. Gengur ráðh. enn þá illa að koma þessu heim og saman, og þótti engum það undarlegt, en þessi ræðukafli forsrh., sem nú er orðinn fastur liður, getur verið skemmtilegt verkefni fyrir þá, sem hafa áhuga fyrir sálarfræði.

17. febr. síðastliðinn sagði blað ráðherrans, Mbl.: „Framsókn skarst úr leik. Hún neitaði allri samvinnu í ríkisstjórn, ef ekki yrði byrjað á því að leysa dýrtíðarmálin.“ Aldrei þessu vant sagði *Morgunblaðið þetta satt og hefði forsrh.* átt að reyna að jafnast á við blaðið og segja einu sinni satt um þetta. En ekki varð honum þess auðið. Kemur mönnum það ekki mjög á óvart.

Atvmrh. og 11. landsk. (STh) reyndu að leiða athyglina frá stjórnarfarinu með því að tyggja upp staðleysur um stjórnarháttu á árunum 1934—1938. Þessum *ræðumönnum* er vorkunn, þótt þeir vilji leiða athyglina að öðru en frammistöðu sinni og verður það nánar til mergjar krufið hér á eftir, en það er ekki nægileg afsökun fyrir níði þeirra og ósannindum. Fer bezt á því að svara þeim með því að minna á þær staðreyndir, að á árunum 1934—1938, á 4 árum, var meira fjár-

magn lagt í nýjar framkvæmdir, aflstöðvar, iðnaðarfyrirtæki og þá alveg sérstaklega fisk- og síldariðnað en gert hafði verið á næstu 10 árum á undan. Þetta var gert samtímis því, sem Spánarmarkaðurinn lokaðist og verðið hrundi. Með framkvæmdum þessara fjögurra ára var lagður grundvöllur að uppganginum á stríðsárunum.

Báðir voru þessir ræðumenn að klifa á ágreiningi í Framsfl. Menn vita, við hvað þeir eiga, yfir hverju þeir og íhaldið hlakka. En þeir ættu ekki að gera sér of háar vonir, þeim mun sárari verða vonbrigðin. Það hefur aldrei verið vinsælt að efna til óvinafagnaðar. Það mun ekki heldur verða nú. Framsóknarmenn standa betur saman en nokkru sinni fyrr. Flokkurinn hefur samúð og fylgi fleiri manna utan sinna vébanda en nokkru sinni áður. Þessir ræðumenn kommúnista ættu að athuga um sín heimamál og minnast þess, að þeir hafa rekið a. m. k. einn ritstjóra frá blaði sínu, til þess að fá þangað nógu blindan talsmann Moskvuafturhaldsins. Þeir þóttust allt ætla að gleypa í vetur við bæjarstjórnarkosningarnar, en urðu að athlægi fyrir montið.

Forsrh. sagði mönnum tíðindi af herstöðvamálinu. Margir munu þó hafa verið litlu nær. Fyrst ræddi ráðh. á sína vísu till. Str. um herstöðvamálið, afbakaði hana eftir því sem honum fannst henta og lagði síðan út af. Niðurstaðan varð sú, að væri farið eftir till., þá yrði það móðgun við volduga vinaþjóð og alger eyðilegging utanríkisþjónustunnar. Ekki mátti það nú minna vera. En um hvað er tillagan. Hún fjallar um tvennt. Í fyrsta lagi að leggja fyrir ríkisstj. að gefa nú þegar nákvæma skýrslu á opnum fundi um, hvað líður hinu svokallaða herstöðvamáli, og í öðru lagi að fela ríkisstj. að leggja fyrir Alþ. öll símskeyti og bréf, sem farið hafa milli hennar og fulltrúa erlendra ríkja og fulltrúa hennar erlendis. Hér er skörp lína dregin. Á opnum fundi á að gefa skýrslu um, hvað málinu líður. En skjölin skulu lögð fyrir Alþ., þ. e. a. s. alþm. Vill nú ekki hæstv. forsrh. skýra það fyrir landsmönnum, hvernig það mætti skoðast móðgun við vinaþjóð að skýra frá, hvernig máli þessu liði og hvernig það gæti eyðilagt utanríkisþjónustuna, að skjöl málsins væru lögð fyrir alþm. Auðvitað er þetta fleipur eitt og ber þess glöggan vott, að hæstv. forsrh. er ekki í rónni út af framkomu stj. í málinu, þykir það sýnilega ekki góður kostur að gefa út skýrslu um málið, settur upp að vegg með till. og af almenningsálitinu. Þessi skýrsla var að vísu ófullkomin, en niðurstaða hennar er sú, að því er mönnum skilst, að eftir sérstakri málaleitun, fluttri af sendiherra Íslands í Washington fyrir hönd íslenzku ríkisstjórnarinnar, hafi Bandaríkjastjórn fallizt á, að málið skyldi stöðvað a. m. k. í bili. Með hvaða rökum farið var fram á þessa stöðvun a. m. k. í bili og með hvaða móti á hana fallizt — um það hefur ekkert verið sagt.

Samt sem áður sjá nú víst flestir hér, að málefni þessi eru í sjálfheldu og óleyst enn þá. Bandaríkjaherinn er hér enn þá með stjórnarinnar samþykki, en fallizt á að fresta herstöðvamálinu a. m. k. í bili. Það dylst víst heldur engum, að þessum málum er ekið svona á undan sér blátt áfram vegna þess, að hæstv. ríkisstj. getur ekki komið sér saman um neitt í þessum vandamálum, nema helzt það að gera ekki neitt, og þá er hitt jafnaugljóst, að þessi frestaleikur er í samræmi við öll önnur vinnubrögð stj., sem miða í þá átt einvörðungu að framlengja líf sitt og setu, alveg án tillíts til þess, hvort hún getur leyst úr aðkallandi vandamálum.

Eftir er svo að skýra það, hvers vegna utanrmn., Alþ. eða þjóðin mátti ekki vita um þessa frestunarsamninga. Hvers vegna hefur þurft að kúga hæstv. ríkisstj. til þess að láta uppi það, sem nú liggur fyrir, og af hverju er því tekið sem fjarstæðu, að skjöl og skilríki málsins séu lögð fyrir alþingismenn? Forsrh. sagði, að bezt hefði verið, að málið lægi í þagnargildi, en að stjórnin hefði átt það undir drenglyndi stjórnarandstæðinga, hvort þyrlað væri upp moldviðri um málið. Stjórnarandstaðan hefur krafizt vitneskju um málið, en enga fengið síðan í nóv. 1945. En einn stuðningsflokkur stj. hefur notað málið og leyndina til taumlausra og hatursfullra árása á vinveitta þjóð og innlenda menn og flokka, með landráðabrigzlum, þ. á m. samstarfsflokka sína í ríkisstj. Það er fyrirsláttur fullkominn, að leyndin dragi úr umræðum um málið og gæti verið til góðs sambúð Íslendinga við aðra. Væri ekki rétt að viðurkenna það, að leyndinni var á haldið vegna þess, að jafnvel hin ófullkomnasta frásögn tíðinda hlaut að leiða í ljós, að innan ríkisstj. voru engin tök á því að aðhafast neitt, hvorki neikvætt né jákvætt í þessu máli. Og við það situr. Þannig er forustan. Þetta er alvarlegt ástand og þannig getur þetta ekki staðið áfram. Það er flestum hugsandi mönnum ljósara nú en nokkru sinni fyrr.

Vinnubrögð kommúnista í herstöðvamálinu eins og öðrum utanríkismálum hefur þó metið. Út af því, sem þeir sögðu í gærkvöld, er ástæða til að minnast nokkrum orðum á afstöðu þeirra til utanríkismála almennt og til herstöðvamálsins sérstaklega. Þeir taka ekki afstöðu frá íslenzku sjónarmiði, heldur frá sjónarmiði hins mikla föðurlands allra kommúnista. Meðan Rússar höfðu vináttusamning við Þjóðverja, kröfðust kommúnistar þess, að Íslendingar sýndu Bretum fullkominn fjandskap — þeir heimtuðu viðskiptasamning við Þjóðverja í jan. 1940 — þeir sögðu, að stríðið væri barátta milli tveggja ránd ýra um bráð — þeir kröfðust þess, að siglingum til Bretlands væri hætt, þegar Bretland stóð eitt gegn fasismanum og brezku þjóðinni lá við sveltu. Þeir töldu vinsamlega sambúð við brezka herinn og herverndarsamninginn við Bandaríkin til landráða — þangað til Þjóðverjar réðust á Rússa, þá breyttist allt á einni nóttu og ófriðurinn varð að heilögu stríði. Allt, sem „landráðamennirnir" íslenzku höfðu áður gert til samvinnu við Bandamenn, varð þá of lítið og náði of skammt. Áður var sagt, að íslenzka þjóðin hlyti að líta á brezka og bandaríska herinn hér eins og Danir og Norðmenn á þýzka herinn, en eftir árásina á Rússland hét Bretavinnan landvarnarvinna og hver sem ympraði á því að takmarka þann fjölda, sem að þeim störfum ynni, var stimplaður landráðamaður í þjónustu Quislings og Hitlers.

Kórónan var sett á afskipti kommúnista af ut-

anríkissmálum þegar þeir kröfðust þess, að Íslendingar gerðu sig að athlægi í augum alheimsins með því að segja Þjóðverjum stríð á hendur eftir að þeir voru búnir að tapa. Varla dylst það nokkrum manni, að afstaða kommúnista til þessara örlagaríku atburða mótaðist af allt öðru en því, hvað íslenzku þjóðinni væri fyrir beztu. Hitt ætti mönnum þó jafnframt að vera ljóst, að Íslendingum var á stríðsárunum forðað frá óbætanlegu tjóni, smán og niðurlægingu með því að kommúnistar voru að engu hafðir.

Þrátt fyrir alla þá hneisu, sem kommúnistar hafa bakað sér út af þessum málum, eru þeir enn á stúfunum og þykjast geta lagt orð í belg um utanríkismál, nú um herstöðvamálið. Dettur nokkrum manni í hug, eftir það, sem á undan er gengið, að kommúnistar vilji ekki herstöðvar á Íslandi? Hafa þeir ekki dáðst að innlimun Eistlands, Lettlands og Lithauen. Hafa þeir ekki svívirt Finna fyrir það, að þeir vildu ekki þiggja hervernd stórveldis. Hefur ekki einn aðalspámaður þeirra á sínum tíma lýst með fjálglegum orðum þeirri sælu, sem Pólverjar urðu aðnjótandi, þegar þeir voru þegjandi og hljóðalaust færðir undir verndarvæng erlendrar þjóðar. Af þessu verður að draga þá ályktun, að kommúnistar séu á móti herstöðvum nú af því, að þeir hafa enga von um, að hingað komi sá her, sem þeim líkar, — eða því skyldi það ekki að þeirra dómi vera okkur til góðs, sem öðrum þjóðum, er slíkt hnoss hljóta? Ef samkomulag yrði um það einn góðan veðurdag við móðurland kommúnismans, að eitthvert stórveldanna ætti að hafa herstöðvar á Íslandi, þá kæmi fljótt annað hljóð í strokk kommúnista. Það færi þá eins og nóttina góðu, þegar Þjóðverjar réðust á Rússa og barátta villidýranna um bráð varð að krossferð gegn fasismanum.

Kommúnistar eru að reyna að nota herstöðvamálið með tvennu móti. Til þess að draga athyglina frá þeirri smán, sem afskipti þeirra af utanríkismálum á styrjaldarárunum hafa bakað þeim, og til þess að efla fjandskap í garð vestrænu lýðræðisríkjanna. Hvorugt mun takast. Því veldur tvennt. Það er greypt orðið í meðvitund mikils þorra þjóðarinnar, að kommúnistar megi aldrei ráða neinu um viðhorf hennar út á við. Og á hinn bóginn er það þjargföst sannfæring meginhluta þjóðarinnar, studd langri reynslu, að Íslendingum farnist bezt í nánu samstarfi við lýðræðisþjóðirnar. Slíkt samstarf, án þess að erlendur her dvelji í landinu, það er það, sem þjóðin vill.

Þannig hefur aðalfundur miðstjórnar Framsfl. einróma markað stefnuna. Þessa stefnu telja talsmenn kommúnista landráð. Á því sést, hvert þeir eru að fara. Þeirra barátta er ekki barátta gegn erlendum her í landinu, heldur barátta gegn náinni samvinnu við engilsaxnesku þjóðirnar.

Um þá stefnu, sem mörkuð hefur verið í þessum málum, þarf að sameina sem flesta þjóðholla menn og konur í landinu án tillits til flokkaskipunar og gjalda jöfnum höndum varhuga við ofstopa kommúnista og öfgum þeirra, sem misst hafa jafnvægið vegna uppivöðslu Moskvumanna.

Þá mun ég fara nokkrum orðum um fjármálin.

Ríkisstj. fékk á Alþ. 1944 framlengda alla skatta og tolla, sem áður voru í lögum. Til viðbótar lagði ríkisstj. svo á veltuskattinn illræmda, sem jafngildir 4—5% verðtolli. Þá var lagður á tekjuskattsviðauki, sem þó náði alls ekki til hæstu tekna. Og loks voru dregnar saman nokkrar milljónir með viðaukum á stimpilgjöld, aukatekjur, símagjöld o. fl. Í stjórnarsáttmálanum var talað um skatta á breiðu bökin. Það fyrirheit hefur verið gersamlega að engu haft. Til viðbótar þessum löggjafarráðstöfunum hefur svo stj. úti allar klær til fjáröflunar, meðal annars gert allar hugsanlegar ráðstafanir til aukningar vínsölunni og heimilað gegndarlausa notkun dollarainneigna landsmanna til alls konar vörukaupa. Náðist þá tvennt í senn, að auka tolltekjurnar og veita gæðingum stj. úrlausn um innflutning. Með þessum aðferðum öllum hefur verið dregið saman í ríkissjóð á árinu 1945 nærri 163 millj. kr. samkv. bráðabirgðauppgjöri, sem ég hef fengið í hendur. Umframtekjur hafa því orðið nærri 55 millj. kr. Umframtekjurnar einar hafa því numið þrefalt hærri fjárhæð en allar tekjur ríkissjóðs námu fyrir stríð, en tekjurnar allar meira en áttföldum ríkistekjunum fyrir stríð.

Nú munu margir spyrja: Er þá ekki stórkostlegur greiðsluafgangur og gildir sjóðir eða stórfelld skuldalækkun eftir annað eins tekjuár og aðrar eins aðfarir við fjáröflun? Sú hlið málsins horfir þannig við, samkv. þessu sama bráðabirgðauppgjöri og öðrum upplýsingum, sem ég hef fengið í stjórnarráðinu: Allt þetta óhemju fjármagn, 163 millj. kr., hefur verið notað á árinu. Enginn eyrir afgangs til skuldalækkunar umfram lækkanir á sjóðseignum og enginn eyrir afgangs til að mæta þeim óhemju útgjöldum, sem ákveðin eru úr ríkissjóði á þessu ári og framvegis. Það hefðu einhvern tíma þótt tíðindi til næsta bæjar, að stj. hefði fengið 55 millj. kr. umframtekjur á einu ári og notað þær allar.

Fjármagnið, sem ríkisstj. hefur kúgað af þjóðinni á árinu 1945 og ráðstafað á því ári, nemur um það bil 60% af verðmæti alls útflutnings 1945, en heildarverðmæti hans var 267 millj. kr. Ekki er þó nýsköpun sú, sem ríkisstj. verður svo tíðrætt um, kostuð af þessu fé, nema að sáralitlu leyti. Allar óvenjulegar framfarir verða, þrátt fyrir þetta, að byggjast á lánum og aftur lánum, og kem ég síðar að því nánar.

Fjármálaráðherrar Sjálfstfl. hafa farið með fjármálin í 7 ár. Á þeim tíma hafa þjóðartekjurnar aukizt stórkostlega. Samt hefur verið haldið öllum tollum og skattar hækkaðir, tekjur ríkissjóðs verið margfaldaðar, en ríkissjóður er févana. Orsakanna er að leita jöfnum höndum til hinnar gegndarlausu verðbólgu, sem af ásettu ráði hefur verið látin haldazt við og vaxa, og til óstjórnar þeirrar og ráðleysis, sem ríkir um yfirstjórn opinberrar starfrækslu. Nokkur dæmi gefa hugmynd um „ráðdeildina".

Kostnaðurinn við ríkisstj., þ. e. yfirstjórn ríkisins, er talinn í bráðabirgðauppgjöri fyrir árið 1945 2440000 kr., en var samkv. ríkisreikningi 1938 (síðasta árið, sem Framsfl. fór með ríkisstjórnina) 371000 kr. Þessi kostnaður hefur því nálega sjöfaldazt, en menn hafi í huga, að á s. l.

ári var meðalvísitalan 277,25. Hér við bætist svo, að á s. l. ári var kostnaður við nýbyggingarráð sem er eins konar stjórnardeild, hvorki meira né minna en 616000 kr. Má því segja, að kostnaður við yfirstjórn ríkisins sé kominn yfir 3 millj. kr. — Til marks um, hvernig á fénu er haldið, má nefna, að hver nýbyggingarráðsmaður fær 34200 kr. laun, en formaðurinn 37620 kr. laun. Fyrir teikningar af einni ríkisbyggingu hafa verið greiddar um 300000 kr. út úr landinu í dollurum.

Þegar hæstv. fjmrh. var búinn að ganga undir það jarðarmen að leggja á veltuskattinn, gaf hann eftirfarandi yfirlýsingu á Alþingi 28. febr. 1945: „Ég undirstrika enn, að breyta verður um stefnu í fjármálunum." Enn fremur: „Ég tel óhugsandi að halda áfram á sömu braut og farin hefur verið að undanförnu. Hins vegar er ég ekki við því búinn að svara því, hvaða leiðir beri að fara, til þess að komast út úr ógöngunum."

Það mun einsdæmi, að fjmrh. gefi slíka yfirlýsingu og játi þannig á sig hvort tveggja í senn, að hann sé á rangri leið og sjái engar leiðir út úr ógöngunum, en sitji samt. En þetta gerði hæstv. fjmrh., og hver hefur svo orðið stefnubreytingin, sem búast hefði mátt við eftir þessa yfirlýsingu? Verðbólgu- og sukkstefnunni hefur verið haldið áfram og ráðherrann fullkomlega látið bugast, svo sem við mátti búast.

Á fjárlögunum 1946 er gert ráð fyrir 140 millj. kr. greiðslum úr ríkissjóði fyrir utan afborganir fastra lána. Ríkisstj. þorði að vísu ekki að framlengja veltuskattinn beinlínis, svo illræmdur var hann orðinn. En svo „viturlega" og „sanngjarnlega" er frá því máli gengið, að á þessu ári verða menn að borga tekjuskatt, útsvör og í ýmsum tilfellum jafnvel stríðsgróðaskatt af þeim fjárhæðum, sem þeir borguðu í veltuskatt á s. l. ári. Allir aðrir skattar og tollar voru hins vegar framlengdir, en fjárl. samt afgreidd með 18 millj. kr. greiðsluhalla. Það er vitanlegt, að ríkisútgjöldin á þessu ári nema milljónatugum fram yfir fjárlög.

Það getur engum dulizt lengur, að framsóknarmenn hafa rétt fyrir sér, þegar þeir hafa haldið því fram, að stefna stj. leiðir til stórfellds hallareksturs fyrir ríkissjóð á næstu árum og síðan til þess, að allar meiri háttar framfarir verða annaðhvort að stöðvast eða framkvæmast fyrir lánsfé. Það kemur fyrir ekki, þótt stj. grípi til allra örþrifaráða, sem hugsanleg eru, til þess að leyna þessu um stundarsakir eða fresta því, sem fram hlýtur að koma. Það er hægt að kaupa gálgafrest með örþrifaráðstöfunum, en dómurinn verður ekki umflúinn.

Áhrif þessarar stefnu á toll- og skattapólitíkina má nokkuð sjá á því, að stjórnarliðið æpir í móti hverri till., sem fram kemur hér á Alþ. um leiðréttingu tolla til lækkunar, hversu sjálfsögð sem hún virðist. Hít stjórnarinnar er óseðjandi. Fyrir síðustu kosningar sögðust kommúnistar ætla að fá afnumda alla tolla, til þess að lækka dýrtíðina. Veglegt er orðið þeirra hlutskipti. Það er ekki furða, þótt þeir tali um óljósa stefnu annarra flokka.

Það er reynt að komast hjá því að horfast í augu við staðreyndirnar með því að láta suma af hinum nýju lagabálkum frá þessu Alþ. ekki koma til framkvæmda fyrr en á árinu 1947. En það er skammgóður vermir og alveg augljóst, að sum ákvæði þessara laga verða aldrei til nema á pappírnum, ef ekki verður gerbreytt um stefnu, en það gerir nú ekki mikið til í augum stjórnarliðsins, því að höfuðtilgangurinn, svona fyrst um sinn, er að geta lesið upp í útvarpið fyrirsagnir laganna fyrir kosningarnar.

Flestar till. og frv. stjórnarliðsins á þessu Alþ. eiga eitt sameiginlegt, og það er klausa, sem heimilar ríkisstj. að taka að láni fyrir hönd ríkissjóðs svo og svo margar milljónir til þess að standast kostnað við framkvæmdirnar. Mér telst svo til, að á þessu þingi verði samþykktar lántökur, sem nema um 100 millj. kr., og þar að auki ótakmarkaðar lántökuheimildir í fleira en einu frv. Þá eru ótaldar ábyrgðir, sem nema gífurlegum fjárhæðum. Í tvennum lögum eru tilteknar ríkisábyrgðir, sem nema 134 millj. kr. samtals, og fjöldamörgum öðrum lögum ótakmarkaðar ábyrgðarheimildir til handa ríkisstj.

Heildarmyndin af fjármálaafgreiðslunni er þá þessi: Ríkisútgjöld þessa árs verða aldrei undir 160 millj. kr., ríkislántökur, áformaðar og samþykktar, nema ekki undir 100 millj. kr. Ríkisábyrgðir þær, sem áreiðanlega verða veittar, nema aldrei undir 150 millj. kr. Ríkisútgjöldin, ríkislántökur og ríkisábyrgðir nema því samtals á fimmta hundrað millj. króna, fyrir utan allar ábyrgðarheimildir, sem ekki eru bundnar við tilgreindar fjárhæðir. Þessum málum er þá einnig þannig komið að dómi sjálfra forustumanna stjórnarliðsins, að lánsfjáröflun til þeirra framkvæmda, sem fyrirhugaðar eru og mestu máli skipta, er ekki talin framkvæmanleg nema með því að skylda seðladeild þjóðbankans til þess að lána ríkisstj. það fé, sem hún þarf á að halda, sbr. lögin um hina nýju stofnlánadeild sjávarútvegsins.

Það er ekki langt síðan það var notað til ámælis fjármálastjórn landsins, ef stórlán ekki voru gripin fyrirvaralítið, þrátt fyrir markaðshrun, verðfall og stórkostlega fjárhagskreppu. Nú er öldin önnur. Nú þykir „kurteisi" að lýsa yfir því, að ríkisstj. sé með engu móti kleift að útvega fjármagn til nauðsynlegustu framkvæmda nema með lögþvinguðum lánum úr seðladeild þjóðbankans. Og þetta skeður á sama tíma og þjóðin hefur yfir að ráða meira fjármagni en nokkru sinni fyrr í sögu landsins. Þegar svo er komið nú, hvernig mun þá horfa eftir nokkur misseri, ef þjóðin tekur ekki í taumana? En hvað varðar stj. um það, bara ef hægt er að velta þessu fram yfir kosningar og syngja dýrðin, dýrðin fram á kjördaginn? Vitanlega er þessi fjármálaafgreiðsla öll saman ekki byggð á neinu viti. Þetta eru fjörbrot þeirra manna, sem hafa misst öll tök á viðfangsefninu. Þetta er auglýsingaleikur þeirra manna, sem unnið hafa það til valdanna að breyta í grundvallaratriðum þveröfugt við það, sem þeir telja rétt. Engin tilraun er gerð til þess að fá nokkurt yfirlit um það, sem hægt er að framkvæma vegna fjármagns, efnis eða vinnuafls, og úr öllu verður óskapnaður, þar sem eitt rekur sig á annars horn, framkvæmdir stöðvast í miðju kafi, fjáröflun verður óframkvæmanleg, starfsmenn vant-

ar við nauðsynleg verk, en mönnum hópað að þeim störfum, sem minni þýðingu hafa. Þetta er svo kallað að vinna eftir áætlun. Ef nokkur dirfist að benda á handahófið, kæruleysið, óstjórnina og sukkið, þá er hrópað í kór: Hann er afturhaldsmaður. Hann er á móti nýsköpuninni.

Ríkisstj. hefur átt mjög erfitt með að finna afsakanir fyrir algeru úrræðaleysi sínu í viðureigninni við verðbólguna, hvað þá beinum ráðstöfunum til þess að auka hana. Hún hefur gripið til þess örþrifaráðs að halda því fram, að verðbólgan sé heppilegt tæki til þess að dreifa stríðsgróðanum meðal almennings. „Öðruvísi mér áður brá", má hér um segja. Áður en á þessari kenningu þurfti að halda, til þess að afsaka samstarf stríðsgróðamanna og kommúnista, kvað við annan tón, eins og alþekkt er. Þá sagði formaður þingflokks Alþfl., að verðbólgan gerði þá ríku ríkari og þá fátæku fátækari. Þá sögðu kommúnistar í kosningaávarpi sínu, að verðbólgan gereyðilegði afkomumöguleika launastéttanna og smáframleiðenda, og hún væri til bölvunar fyrir alla, nema braskarana. Þá sagði formaður Sjálfstfl., núv. hæstv. forsrh., að þeir væru óvinir þjóðfélagsins, sem ekki vildu leggja sig alla fram til þess að stöðva hækkun launa og verðlags og gera aðrar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir vöxt verðbólgunnar. Fyrir nokkrum dögum sagði svo þessi sami ráðh. hér í þingræðu, að það hefði verið fávitaháttur og fásinna að stöðva hækkun kaupgjalds og afurðaverðs á stríðsárunum. Svo mikið skal til valdanna vinna að tína svo af sér spjarirnar frammi fyrir alþjóð manna.

Skylt er nú að athuga, hvað hæft er í þessum „nýtízku" kenningum um verðbólguna og hvernig ríkisstj. hefur tekizt það hlutverk að dreifa stríðsgróðanum meðal almennings eftir þessum nýstárlegu leiðum. Það skiptir vitanlega höfuðmáli, hvorir hafa um þetta rétt fyrir sér, stjórnarliðið eða stjórnarandstæðingar. Ég mun leiða um þetta nokkur vitni og mun velja þau þannig, að eigi verði því haldið fram, að vitnin séu valin stjórnarandstæðingum í vil.

Víkjum þá fyrst að sjávarútveginum. Í bréfi, dags. 28. nóv. 1945, er Samband íslenzkra útvegsmanna skrifaði miðstjórnum landsmálaflokkanna, er komizt svo að orði:

„Eins og yður mun kunnugt, hefur hag smáútgerðarinnar í landinu sífellt farið hnignandi síðan 1942."

Með þessu er mikið sagt, en allir þeir, sem nokkra nasasjón hafa af sjávarútvegi og afkomu hans á undanförnum árum, vita, að þetta er rétt. Þangað hefur ekki verið veitt stríðsgróðanum með verðbólguráðstöfunum ríkisstj., heldur þvert á móti fjármagnið sogið frá útveginum. Þetta er skemmtilegur vitnisburður fyrir núv. hæstv. forsrh. eða hitt þó heldur, sem hóf sig til valda á herðum kommúnista og Alþfl. á árinu 1942 og tók síðan upp þráðinn aftur. Útvegsmenn og sjómenn muna afkomuna 1940 og 1941, og enginn vafi er á því, að gambur hæstv. ráðh. og gort um afskipti ríkisstj. af sjávarútvegsmálum er að þeirra skilningi naprasta storkun.

Enn fremur segir Morgunblaðið um viðhorfið til sjávarútvegsins nú í janúar út af kauphækkunarkröfum:

„.... vafalaust er þessum flokkum ljóst, að samtímis sem þessar kröfur eru gerðar, er viðhorfið þannig hjá bátaútvegi landsmanna, að vafasamt er, hvort nokkur fleyta fer á sjó á vertíð þeirri, sem nú fer í hönd. Vonandi tekst þó ríkisstj. að greiða þannig úr þessum málum til bráðabirgða, að eigi komi til stöðvunar. Þó er allt í óvissu um, hvort menn fáist á bátana. Og fullvíst er, að verði enn hert á kröfum landsmanna, rekur að því, að enginn fáist á fiskibátana."

Það þarf naumast að taka það fram, að eftir nokkra daga var það talinn sérstakur sigur stj., að orðið var við kröfum um kauphækkanir.

Þá víkur sögunni til verkamanna og launamanna, en svo hefur mönnum skilizt, að þangað hafi verðbólgan ekki hvað sízt átt að fleyta stríðsgróðanum. Um þetta hefur trúnaðarráð Dagsbrúnar þetta að segja í ársbyrjun 1946:

„Samt sem áður hefur það komið í ljós, að þrátt fyrir þessa grunnkaupshækkun veitist verkamönnum, sem eiga við lægsta grunnkaupið að búa, æ erfiðara að framfæra fjölskyldur sínar. . . . Samtímis þessu er verkamönnum sú staðreynd ljós, að núverandi verzlunar- og innflutningshættir koma hart niður á þeim (sem og öllum almenningi), þar sem fáeinir einstaklingar, *er sitja að innflutningnum, græða árlega ótaldar* milljónir, löglega og ólöglega, sem teknar eru úr vasa verkamanna og annarrar alþýðu, og veldur stórkostlegri og áframhaldandi rýrnun á tekjum launþeganna."

Og forseti Alþýðusambandsins hefur einnig lagt orð í belg. Hann segir í tímariti Alþýðusambandsins í sérstöku ávarpi:

„Fyrir vanmátt og úrræðaleysi valdhafanna hefur ósamræmið milli verðlags og kaupgjalds verið svo launþegunum í óhag vegna falskrar vísitölu og svikins verðlagseftirlits, að kauphækkanir þær, sem verkalýðurinn náði 1942 og síðar 1944, eru að engu orðnar."

Þetta þætti ljótur vitnisburður, ef hann væri frá framsóknarmönnum.

Og loks kemur svo annað aðalmálgagn ríkisstj., Þjóðviljinn, og vill líka vera með og segja sitt álit um það, hversu tekizt hafi. Hann kemst þannig að orði: „sannleikurinn er sá, að hlutur verkamanna er mun lakari nú en hann var fyrir nokkrum árum", og enn fremur: „ógerlegt að lifa mannsæmandi lífi af tekjum hinna lægst launuðu manna."

Þetta eru nú vitnisburðirnir um stjórnarstefnuna frá helztu trúnaðar- og forráðamönnum sjávarútvegsins og launastéttanna, og þó eru það þessar stéttir, sem stj. þykist hafa verið að vinna fyrir. Kommúnistar hafa hreint og beint afsakað samstarf sitt við stríðsgróðamennina með því, að þeir yrðu að vera í ríkisstj., til þess að hjálpa til að knýja fram kjarabætur fyrir verkamenn, og bæði sjálfstæðismenn og jafnvel kommúnistar hafa verið að burðast við að telja sjávarútvegsmönnum trú um, að stjórnarstefnan væri þeim í hag. Jafnvel ekki ófyrirleitnustu málsvarar stjórnarliðsins hafa lagt út í að halda því fram, að það væri verið að útdeila stríðsgróðaparti til landbúnaðarins með því að halda

afurðaverðinu niðri með þingráðstöfunum og láta verðbólguna og framleiðslukostnaðinn vaxa sífellt. Þess vegna þarf ekki hér sérstakt vottorð um áhrif „útdeilingarstefnunnar" á afkomu landbúnaðarins. Það nægir að geta þess, að það er tæpast haldinn svo fundur í sveitum landsins, að þar séu ekki samþykkt mótmæli gegn þeim ráðstöfunum, sem ríkisstj. hefur gert sérstaklega til þess að velta byrðum verðbólgunnar yfir á bændastéttina. Þá vita allir, hvernig hefur verið farið með eigendur sparifjár þess, sem dregið hafði verið saman fyrir styrjöldina. Verður þessum vitnisburðum hnekkt? Ég held ekki, eða hvað finnst þeim, sem undir þessu eiga að búa? Er ekki vænlegast fyrir hæstv. ríkisstj. að játa þegar hér er komið sögu — játa það, sem sífellt verður augljósara, að allt þetta tal um blessun og kosti verðbólgunnar er blekking ein, fundin upp til afsökunar stjórnarmyndunartiltækinu?

En það ættu og mættu koma vitnisburðir um áhrif verðbólgunnar frá fleirum en þegar hafa verið nefndir, því að þótt afleiðingar verðbólgunnar verði þungbærar mörgum, sem látið hafa til sín heyra sérstaklega, þá er það þó alveg víst, að engum verður verðbólgan jafnþung í skauti og yngri kynslóðinni, sem nú og á næstu misserum á að stofna heimili og byrja sjálfstætt starf. Hvað skyldi þeirra hlutur af stríðsgróðanum vera mikill, sem nú þurfa að kaupa tvö herbergi og eldús fyrir 60—70 þús. kr. og 3 herbergi fyrir 100—120 þús. kr. eða borga 8—12 þús. kr. á ári í húsaleigu? Eða hvað skyldi hlutur þeirra af stríðsgróðanum verða mikill, sem nú stofna heimili í sveit eða kaupstað, leggja í ræktun og byggingarframkvæmdir, eða þeirra, sem nú eru að byrja útgerð og sjálfstætt starf við sjávarsíðuna? Sannleikurinn er sá, að verði það öngþveiti látið haldast, sem nú er, skapast slíkt fjárhagslegt misrétti í landinu, að engin dæmi eru til slíks fyrr hér á landi og fá dæmi þess, að svo ógiftusamlega hafi til tekizt í öðrum menningarlöndum. Eftir því sem lengra líður, munu fleiri skilja og viðurkenna baráttu þeirra, sem hafa barizt gegn því, að þessi ófreskja væri alin, en hlutur lýðskrumaranna, sem sér til stundarfylgis hafa ginnt menn út á hálan ís, að sama skapi verða minni.

Þegar flett hefur verið ofan af kenningunni um dreifingu stríðsgróðans, þá mundi margur spyrja: Hvar er þá stríðsgróðinn? Já, hvar er stríðsgróðinn? Þá er komið að kjarna málsins. Það er einmitt það, sem ekki má minnast á án þess að valdhafarnir missi stjórn á sér. Stjórnarliðið hefur staðið eins og veggur, allt frá því að stj. var mynduð, gegn því, að gerðar væru fullnægjandi ráðstafanir til allsherjar uppgjörs eigna í landinu, en það er eina leiðin til þess að stríðsgróðinn geti orðið gerður upp. Stjórnarsamstarfið er einmitt byggt á því, að þetta verði ekki gert. Væri slíkt uppgjör látið fara fram, þá sæist það svart á hvítu, hvaða áhrif stefna ríkisstj. hefur haft á eignaskiptinguna í landinu. Þá kæmi það í ljós, hvert það fjármagn hefur raunverulega runnið, sem „kjarabótaspámenn" kommúnista þóttust ætla að dreifa til almennings með tilstyrk verðbólgunnar. Þá kæmi í ljós, að það, sem menn sögðu um eðli og áhrif verðbólgunnar fyrir síðustu alþingiskosningar, var rétt, en síðari fullyrðingar hreinar fjarstæður. Þá sæust í allri sinni nekt afleiðingar þess ljóta leiks, sem stríðsgróðamenn og kommúnistar hafa leikið undanfarin misseri. Þá mundi líka skapast sterkt almenningsálit um ráðstafanir til þess að leiðrétta eitthvað af því misrétti, sem orðið er. En þá væri líka úr sögunni grundvöllurinn fyrir samstarfi kommúnista og núv. forsrh. Þá væri í sundur líftaug stj., sem allt byggist á. En hún er þessi: Stríðsgróðamenn hafi frjálsar hendur á öðru leytinu, en kommúnistar reki á hinn bóginn „kjarabótapólitík" í gæsalöppum. Framleiðslustéttirnar og alþýða manna borga brúsann, svo sem vitni hafa nú um gengið, en „nýsköpunarsöngurinn" á að slæva dómgreindina. Í þessu samstarfi hangir svo Alþfl. og núverandi forkólfar lýsa því jafnframt yfir, að sá flokkur hafi tekið forustuna um frjálslynda umbótastefnu. Ekki er þeim klígjugjarnt.

Stefna Framsfl. er glöggt mörkuð um þessi vandamál. Hann telur algera stefnubreytingu knýjandi nauðsyn: Lækkun verðbólgunnar, sem miðast fyrst og fremst við að auka kaupmátt peninganna, til þess að skapa framleiðslunni öruggan starfsgrundvöll og tryggja um leið afkomu þeirra, sem taka laun. Ráðstöfunum til lækkunar verðbólgunni verður að fylgja undandráttarlaust uppgjör stórgróðans, sem safnazt hefur á tiltölulega fáar hendur vegna stríðsviðskipta og verðbólgu. Með því móti einu fæst grundvöllur að heilbrigðu fjármálalífi og tækifæri til leiðréttingar því herfilega misrétti, sem orðið er og sífellt fer vaxandi. Það verður að forða landsmönnum, ekki síst ungu kynslóðinni, frá örbirgð þeirri, sem sýnilega verður hennar hlutskipti, ef ekkert verður aðhafzt í rétta stefnu, og atvinnuvegum landsmanna lyft úr þeirri sjálfheldu, sem þeim er búin. Þetta verður að gera áður en það er orðið of seint.

Enginn vafi leikur á því, að þrái þeirra og metnaður, sem fyrir stj. standa, er svo mikill, að þeir ætla sér að halda áfram svo sem gengið hefur, meðan þeir geta með einhverjum óyndisúrræðum haldið sér við völd, og það alveg án tillits til afleiðinga þess framvegis. En hitt er líka jafnljóst, að það er í lófa lagið fyrir landsmenn að hnekkja þessum fyrirætlunum. Þótt viljinn sé ríkur hjá forustumönnunum til þess að hanga, þá eru þeir á glóðum elds og tæpt stendur um samheldnina. Fylgistap þessara flokka veldur stefnubreytingu — það er alveg víst. En fylgistap er líka það eina, sem slíku getur valdið. Mótmæli láta þeir sem vind um eyrun þjóta, óánægju meta þeir einskis, ef þeim er fylgt samt. Boðskapur kjörseðilsins er það eina, sem þessir menn skilja.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Það er mér ekkert undrunarefni, þótt mönnum þeim, sem mestu réðu um stjórnarstefnuna á landi hér á árunum 1934—1939, hrjósi hugur við þeim atburðum, er orðið hafa hin þrjú síðustu misseri. Meiri straumhvörf hafa aldrei orðið í íslenzkum stjórnmálum. Ólíkari ráðum hefur aldrei verið beitt til þess að tryggja efnahagsafkomu þjóðarinnar en á þessum tveim tímabilum. Öll við-

horf stjórnarinnar, bæði inn á við og út á við, hafa verið gerólík. Þegar stjórn Hermanns Jónassonar tók við völdum 1934, átti hún vissulega við ýmis erfið viðfangsefni að glíma. Atvinnu- og viðskiptakreppa hafði þá nýlega gengið yfir heiminn og þjóð vor ekki farið varhluta af henni, fremur en aðrar þjóðir. Atvinnuvegirnir til lands og sjávar höfðu hrörnað og gjaldeyrisskortur var farinn að gera vart við sig. Atvinnurekstur hafði gengið saman og atvinnuleysi farið vaxandi ár frá ári. Það þurfti því sterkra átaka við, ef vel átti að fara. Og stjórnin fann ráðið. Hún ætlaði að bæta allar meinsemdir með því að hindra innflutning til landsins. Það gekk jafnvel svo langt, að reynt var að telja þjóðinni trú um, að innflutningur nýrra atvinnutækja væri glæpsamlegur. Þeir, sem reyndust sekir um slíkt athæfi, nefndust einu nafni braskarar og þeir voru taldir öllu neðar í mannfélagsstiganum en t. d. smáþjófar. Jafnvel árið 1939, eftir að byrjað var að gera ráðstafanir vegna yfirvofandi styrjaldar, kom Eysteinn Jónsson í veg fyrir, að flutningaskip væri keypt til landsins. Og ef ég man rétt, þá gekk ekki alveg tregðulaust tveim árum síðar að fá leyfi til að reisa nýja og fullkomna síldarverksmiðju hér á Norðurlandi. Bæði þessi tæki átti þó að kaupa fyrir erlent lánsfé, svo að augnablikserfiðleikar með útvegun gjaldeyris gátu ekki ráðið úrslitum. Eina atvinnuaukning, sem náð fann fyrir augum landsstjórnarinnar á þessum árum, var ýmiss konar smáiðnaður. Fór þó það orð af, að hann væri fremur studdur til flokksframdráttar en til þjóðþrifa. Var sá orðrómur tæpast úr lausu lofti gripinn, því að óvefengjanlegt er það og öllum hér í Reykjavík var það kunnugt, að fjölmargir framsóknarmenn lifðu þá góðu lífi á því einu að útvega innflutningsleyfi fyrir þessi fyrirtæki. En þrátt fyrir þessi ströngu innflutningshöft fór nú svo, að gjaldeyrisástandið fór síversnandi ár frá ári. Fyrst var reynt að bæta úr með lántökum, en þeir möguleikar hurfu fljótlega. Gjaldeyrir landsmanna féll í verði, svo að íslenzkir seðlar voru seldir jafnvel fyrir hálfvirði til erlendra peningamangara. Samhliða þessu dróst atvinnan saman og atvinnuleysingjum fjölgaði. Var lífinu haldið í þeim með síhækkandi atvinnuleysisstyrkjum, og haustið 1938 var svo komið, að ríkið hafði ekki gjaldeyri til að greiða umsamdar afborganir og vexti af erlendum lánum sínum og gat hvergi fengið ný lán til þess. Landsbankanum tókst að vísu að fá bráðabirgðalausn á málinu, en ekki var það dyggð ríkisstj. Þá fyrst, eftir að raunveruleg ríkisgjaldþrot höfðu orðið, gafst ríkisstj. upp og flýði á náðir höfuðandstæðings síns, Sjálfstfl. Góðu heilli var sú aðstoð í té látin. Ég hygg ekki ofmælt, þótt sagt sé, að þetta valdatímabil Framsfl. sé mesta niðurlægingartímabil í sögu þjóðarinnar, síðan hún slapp undan erlendri áþján og verzlunaránauð. Höfuðorsök þessarar niðurlægingar var fádæma skilningsleysi og skammsýni valdhafanna, algerður þekkingarskortur á skilyrðum fyrir heilbrigðri þróun atvinnulífs og viðskiptalífs og algert ofmat á gildi verzlunar- og innflutningshafta. Fyrir þennan vesaldóm stj. hefur þjóðin orðið að þola vanvirðu og miklar þrautir. Ættu allir góðir menn, hvar í flokki sem þeir standa, að vinna að því sameiginlega, að slík reynsla þurfi eigi að endurtaka sig.

Þegar núverandi stjórn tók við völdum fyrir röskum þrem misserum, var viðhorfið að því leyti allt öðruvísi en 1934, að miklar erlendar innstæður höfðu safnazt fyrir á styrjaldarárunum. En að því leyti var það svipað, að höfuðframleiðslutækin, skipastóllinn, hafði gengið úr sér. Bæði hafði skipunum fækkað, af ýmsum ástæðum, og þau, sem til voru, elzt og gengið úr sér. Allverulegur hluti verkafólks starfaði í þágu setuliðsins, og þótt öðrum atvinnutækjum, sérstaklega frystihúsum, hefði fjölgað nokkuð á styrjaldarárunum, var fyrirsjáanlegt, að jafnskjótt og setuliðsvinnan þyrri, mundi atvinnuleysi skella yfir að nýju. Stjórnin átti nú um tvo kosti að velja. Annan þann að feta í fótspor fyrirrennaranna frá 1934, hefta innflutning, láta allt reka á reiðanum, bíða atvinnuleysisins og nota erlendu innstæðurnar til atvinnuleysisstyrkja. Sjálfsagt hefðu þær enzt nokkur ár til þess. Með því móti gat stjórnin og að sjálfsögðu líka staðið prýðilega að vígi til að kaupa sér fylgi, með því að úthluta gjaldeyrinum aðeins til vina og velunnara. En stj. valdi nú ekki þennan kost. „Sporin hræða.“ Hún vildi láta vítin verða sér til varnaðar. Hún valdi hinn kostinn, sem fyrir hendi var. Hún hófst þegar í stað handa áður en atvinnuleysið var skollið á um útvegun nýrra atvinnutækja. Hún taldi, að hinum erlendu innstæðum væri á engan hátt eins vel varið og til að afla þjóðinni nýrra og fullkominna atvinnutækja, sem aftur eiga að verða uppspretta nýs gjaldeyris, og ef allt fer með felldu, að koma í veg fyrir sams konar niðurlægingarástand og ríkti á valdatíma Framsfl. Þessa stefnu valdi stj. í öndverðu og henni hefur hún dyggilega fylgt. Hefur hæstv. forsrh. gert allýtarlega grein fyrir, hvað gert hefur verið í þessum efnum, og mun ég því eigi endurtaka það. Nú hafa forustumennirnir frá 1934 farið fram á það við þingið, að það lýsti vantrausti á stjórninni fyrir að hafa ekki fetað í fótspor þeirra. Hvað sem um þá till. annars má segja, þá ættu allir að geta verið sammála um eitt: kjarklausir eru mennirnir ekki. Sumir mundu jafnvel segja, að það gengi blygðunarleysi næst að gera sér leik að því að minna á þá fortíð, sem þeir hafa í þessum efnum.

Þessar almennu hugleiðingar mínar hafa orðið þetta langar af því, að ég tel þær fjalla um höfuðádeiluefnið. Átökin eru fyrst og fremst um það, hvort stefna skuli að samdrætti eða þenslu í atvinnulífinu. Hitt eru allt aukaatriði. En áður en ég skilst við þessa hlið málsins, get ég ekki komizt hjá að minna á það, sem ég hef raunar gert áður, að hér er ekki aðeins um að ræða fjárhagsafkomu þjóðarinnar, heldur og pólitískt sjálfstæði hennar. Öllum má vera það ljóst, að þegar þjóðin tók öll mál í sínar hendur, þá batt hún sér og þunga bagga fjárhagslega. Reynslan hefur þegar sýnt, og mun þó koma betur í ljós síðar, að utanríkisþjónustan kostar mikið fé, og það þótt sparlega væri á haldið. Undir þeim kostnaði verður framleiðsla landsmanna að standa. Ef hann á að skiptast á fá og tiltölulega

afkastalítil atvinnutæki, er vonlaust, að undir honum verði risið. En þess fleiri og stórvirkari, sem atvinnutækin eru, og þess þróttmeiri, sem utanríkisverzlunin er, þess meiri von er um, að bjartsýni og stórhugur þjóðarinnar verði henni ekki til skammar. Þessu má sízt af öllu gleyma.

Skal ég þá næst drepa nokkuð á þær ádeilur, er fram hafa komið í umræðunum og varða þau ráðuneyti, er ég veiti forstöðu.

Hv. þm. Str. vék nokkuð að viðskiptamálunum. Átaldi hann ríkisstj. fyrir að hún hefði vanrækt að gera viðskiptasamninga við aðrar þjóðir, og tilgreindi þar sérstaklega Svíþjóð. Taldi hann, að vanrækt hefði verið að senda þangað mann til samninga, og afleiðing þess væri sú, að nú væri hér timburskortur. Út af þessu vil ég láta þess getið, að ríkisstj. telur, að rétt sé og skylt að fela sendiherrum og sendifulltrúum landsins að annast samningagerðir erlendis, eftir því sem við verður komið. Þrátt fyrir það verður oft ekki hjá því komizt að láta þeim aðstoð í té, því að naumast verður þess krafizt, að sendifulltrúarnir hafi jafnan þá sérþekkingu, sem nauðsynleg er, til þess að ganga frá verzlunar- og viðskiptasamningum.

Um verzlunarsamningana við Svíþjóð er það að segja, að nálægt tveim mánuðum áður en samningarnir runnu út, var sendifulltrúanum í Svíþjóð falið að hefja umleitanir um framlengingu á samningnum frá 1945, með tilteknum breytingum, sem stj. óskaði, að gerðar yrðu á honum. Fyrst í stað virtist allt ætla að ganga vel, en þegar á átti að herða, vildu Svíarnir þá aldrei taka afstöðu til málsins. Í þessu þófi stóð fram eftir marzmánuði, en þá gáfu Svíarnir vilyrði um svör innan fárra daga. Þá tók stj. ákvörðun um að senda formann viðskiptaráðs til aðstoðar við endanlega samningagerð, og fór hann til Stokkhólms seint í marzmánuði. En því miður leiddi reynslan í ljós, að hann kom of fljótt, en ekki of seint. Svíarnir gátu enn þá ekki ákvarðað sig, að því er virðist vegna samninga við aðrar þjóðir. Nú loks virðist vera að koma skriður á málið, hvernig sem úrslitin verða. Stj. hefur verið það vel ljóst, hversu bagalegt það er að þurfa að stöðva timburinnflutning frá Svíþjóð, og hún hefur vissulega gert allt, sem í hennar valdi stóð, til að koma í veg fyrir þá stöðvun. En það er ekki á hennar valdi að kúga aðrar þjóðir til að selja hingað vörur, hvorki timbur né annað, og ætti hver skynbær maður að geta skilið það. Þessi ákæra þm. Str. er því ekki annað en munnfleipur. Að öðru leyti skal ég vísa til þeirrar greinargerðar, sem hæstv. forsrh. gaf hér í gær um viðskiptasamningana.

Þá drap hv. þm. Str. nokkuð á gjaldeyrismálin. Taldi hann, að dollarainnstæðunni hefði verið varið til innkaupa á alls konar óþarfa og glysvarningi, en hins vegar héldist einstökum mönnum og fyrirtækjum uppi að geyma stórar fjárhæðir í dollurum erlendis. Allt er þetta uppspuni frá rótum. Síðan gengið var frá samningum við Bretland 1945, get ég fullyrt, að engin leyfi hafa verið veitt í dollurum fyrir öðru en nauðsynjavörum. Um það hefur verið fullt samkomulag milli ráðuneytisins og viðskiptaráðs. Þá má geta þess, að gjaldeyriseftirlitið hefur verið skerpt, eftir till. þeirra manna, er dómbærastir allra ættu að vera um það mál, og er gjaldeyriseftirlitið nú undir yfirumsjón Landsbankans. Þykist hv. þm. Str. hafa einhver rök fyrir, að gjaldeyri hafi verið skotið undan, skora ég á hann að gera gjaldeyriseftirlitinu aðvart um það. Að öðrum kosti verður að líta á þessar aðdróttanir hans sem uppspuna sjálfs hans.

Að gefnu tilefni þykir mér rétt í þessu sambandi að minnast á gagnrýni, sem fram hefur komið út af því, að stj. hefur leyft yfirfærslu á innstæðum eða skuldum við erlenda ríkisborgara. Er þar aðallega um að ræða arfa og eignir kvenna, sem gifzt hafa erlendum mönnum, og munu nema samtals um 100 þús. dollurum. Þetta var gert að yfirlögðu ráði og í fullu samráði við utanrrn., sem taldi, að oss mundi eigi stætt á að neita að greiða erlendar skuldir, ef fé væri fyrir hendi. Á valdatíma framsóknarmanna var það að vísu svo, að menn voru almennt neyddir til að svíkja erlendar skuldbindingar sínar. Ég hef jafnan talið, að getuleysið hafi þar eitt um ráðið, en ekki hitt, að Framsfl. telji, að sú eigi að vera reglan að svíkjast um að greiða erlendar skuldbindingar. Frá þjóðhagslegu sjónarmiði er og í hæsta máta hæpið að gera sér leik að að safna erlendum innstæðum. Þær verða ávaxtaðar hér, hlaða utan á sig, og þegar að skuldadögunum kemur — og einhvern tíma koma þeir —, verða fjárhæðirnar hærri, sem yfirfæra þarf. Við höfum að því keppt á undanförnum árum að greiða upp erlend lán ríkissjóðs, bæjarfélaga og annarra innlendra stofnana. Þetta hefur án efa verið rétt hagfræði. En því skyldum vér þá ekki alveg á sama hátt reyna að losna við þær erlendu skuldbindingar, sem frá öðru stafa en beinum lántökum? Á það má og minna, að ef vér greiðum ekki arfa og erlendar innstæður vegna hjúskapar, þá getum vér ekki búizt við öðru en erlendar þjóðir mæli oss í sama mæli. Mun því áhallinn, þegar til lengdar lætur, varla verða mikill.

Áður en ég skilst við þessa hlið málsins, gjaldeyrismálin, get ég ekki stillt mig um, út af umtali og blaðaskrifum, sem orðið hafa í sambandi við innflutninga á notuðum bátum og brigzlum um slæma meðferð á erlendum gjaldeyri í sambandi við það, að lesa upp lítinn kafla úr skýrslu, sem ég hef nýlega fengið frá nýbyggingarráðinu. Þar segir svo:

„Til fróðleiks skal hér nefnt dæmi um, hve miklum erlendum gjaldeyri hefur verið varið til kaupa á tveim slíkum bátum (þ. e. a. s. notuðum bátum frá Svíþjóð) og hve mikils gjaldeyris slíkir bátar hafa aflað á yfirstandandi vertíð.

Báðir þessir bátar byrjuðu veiðar um og eftir miðjan janúar. Aflamagn hvors um sig mun vera um og yfir 1300 skippund, eða að verðmæti sem ósunnið hráefni frá 390—400 þús. kr. á bát. Aflahlutur háseta á þessum bátum mun vera yfir 12 þús. kr. í þrjá og hálfan mánuð. Hafi þessi afli á hvorum bát fyrir sig t. d. verið saltaður, þá er hann ásamt lifur og hrognum að útflutningsverðmæti um 650 þús. kr. Hafi þessi fiskur verið hraðfrystur, má gera ráð fyrir, að útflutningsverðmæti aflans af einum þessum bát sé eigi undir 725 þús. kr. Þá hafa þessir tveir bát-

ar aflað samtals miðað við hráefnisverð 780—800 þús. kr., en miðað við útflutningsverðmæti aflans fullunnins um 1.3 millj. kr. til 1 millj. og 450 þús. kr. Bátar þessir kostuðu í erlendum gjaldeyri um 300 þús. kr. íslenzkar hvor. Hafa þeir þannig hvor um sig skilað meir en tvöföldum þeim gjaldeyri, sem eyddist við innkaup þeirra til landsins."

Þetta sýnir glöggt, á hve góðum rökum reistar eru þær ádeilur, sem fram hafa komið um slæma meðferð á gjaldeyrinum. Nú er náttúrlega þess að gæta, að útgerð bátanna kostar einhvern erlendan gjaldeyri, sem þarna er ekki reiknað með.

Mér heyrðist hv. þm. Str. í gærkvöld eitthvað vera að tala um lúxusbíla, sem stjórnin hefði keypt. Það voru einhverjar truflanir í útvarpinu hjá mér, og líklega hefur þetta verið misheyrn hjá mér. Ég held, að það geti varla verið, að hann, einmitt hann, sé að brigzla stjórninni um bílabrask. Þau þrjú misseri, sem stj. hefur verið við völd, hefur hún keypt aðeins einn notaðan fólksbíl, við mjög lágu verði, og einn lélegan setuliðsjeppa. Getur þá hv. þm. Str. borið það saman við sín eigin bílakaup í stjórnartíð hans og raunar líka síðan hann fór úr stjórninni. Hitt er annað mál, að stj. mun eigi geta komizt hjá að endurnýja að meira eða minna leyti bílakost ríkisins, því að varla getur þm. Str. búizt við, að aðstæður hafi breytzt svo hér á landi síðan á valdatímabili hans, að stj. og ýmsar ríkisstofnanir geti komizt hjá að hafa nokkurn bílakost.

Út af útflutningnum til Danmerkur, sem hv. þm. að síðustu gerði að umræðuefni, vil ég aðeins segja það, eins og ég raunar áður hef upplýst, að hann hefur verið undir ströngu eftirliti. Þær vörur, sem út hafa verið fluttar, hafa auk innlendrar framleiðslu að langmestu leyti verið enskar vörur, fluttar hingað á stríðsárunum, en reynzt óhentugar eða ónothæfar fyrir innlendan markað. Engin tolleftirgjöf hefur átt sér stað, og einskis tvímælis orkað, að þessi útflutningur hefur verið þjóðhagslega mjög hagstæður.

Læt ég svo útrætt við hv. þm. Str.

Ég kem þá næst að hv. þm. Mýr. Að svo miklu leyti sem ræða hans fjallaði um hinar „óskáldlegu staðreyndir", gekk hún út á að sýna fram á, annars vegar hrörnun atvinnuvega landsmanna almennt og hins vegar, að landbúnaðurinn væri sérstakt olnbogabarn ríkisstj., sem hún helzt vildi koma undir græna torfu. Allt er þetta nú gamall söngur, sem bæði þm. og landsmenn kannast vel við. Um hrörnun atvinnuveganna skal ég ekki fjölyrða, enda hafa aðrir um það rætt. En ég verð að segja það, að þessi hrörnunarbarlómur er í mínum augum hálfógeðslegur. Það lýsir leiðinlega smáborgaralegum hugsunarhætti að berja sér þá mest um fátækt, er þjóðin býr við betri efnahagsafkomu og almennari velmegun en nokkru sinni fyrr. Að maður nú ekki tali um, ef bera á saman afkomu þessarar þjóðar við það, sem flestar aðrar þjóðir verða nú að búa við. En allir vita, að þjóðin býr nú við betri fjárhagsafkomu en nokkru sinni fyrr.

Um viðhorf ríkisstj. til landbúnaðarins get ég fullyrt, að allri stj. er ljóst, hver þjóðarnauðsyn það er, að blómlegur landbúnaður geti þrifizt hér. Um hitt geta svo verið skiptar skoðanir, á hvern hátt því takmarki verði náð. Er ekki tími til að ræða það hér. En viðhorf stj. til landbúnaðarins kemur væntanlega bezt fram í þeirri löggjöf, sem stj. hefur staðið að og landbúnaðinn varðar. Er þá fyrst á það að minna, að stj. hefur af alefli viljað beita sér fyrir, að landbúnaðurinn gæti tekið vinnuvélar í þjónustu sína. Fyrir milligöngu nýbyggingarráðs hefur verið útvegað til landsins margfalt meira af landbúnaðarvélum en nokkur dæmi eru til áður. Þá hafa nú nýlega, fyrir atbeina nýbyggingarráðs og stj., verið sett lög um nýbyggðir, landnám og byggingar í sveitum, er gerir ráð fyrir, að á næstu 10 árum verði varið 60—70 millj. kr. til að rækta og byggja upp sveitirnar. Fullyrði ég, að aldrei hafi fyrr verið gerð svo stórhuga tilraun til að lyfta landbúnaðinum. Það er skylt að geta þess, að enginn einstakur þm. hefur gert jafnmikið til að koma því máli fram og hv. þm. A-Húnv., sem raunar hefur verið lífið og sálin í mörgum hagsmunamálum landbúnaðarins hin síðari ár, enda hefur Framsfl. þakkað honum eins og innræti hans stendur til. — Þá skal ég nefna lög um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir frá síðasta ári, sem heimila 3 millj. kr. framlag úr ríkissjóði til véla- og verkfærakaupa. Einnig vil ég minna á afnám 17. gr. jarðræktarlaganna, sem eftir langa baráttu við Framsfl. hefur nú fengizt framkvæmd, og þorði Framsfl. ekki að standa á móti að síðustu. Frv. þetta var flutt af hv. þm. Dal. Þá skal nefna lög um búnaðarráð, sem leggur æðsta vald í verðlagsmálum landbúnaðarins í hendur 25 bændum og öðrum fulltrúum landbúnaðarins, í stað þess að það vald var áður að meiri hluta hjá fulltrúum neytenda og einum stjórnskipuðum manni. Framsfl. hefur að vísu reynt að vekja æsing gegn stj. út af þessari löggjöf, en þó er það mörgum kunnugt, að framsóknarmenn trúðu ekki fyrr en þeir tóku á, að fulltrúar verklýðsflokkanna vildu ganga inn á slíka réttarbót til handa bændum. Framsfl. hefur í þessu máli fylgt hinni gömlu hernaðarreglu, að sókn sé sterkasta vörnin. Hann öfundast við Sjálfstfl. fyrir að hafa komið þessu máli í framkvæmd og grípur þá til þessa ráðs, að reyna að slá ryki í augu manna og láta sem verið sé að svipta bændur rétti.

Þá skulu nefnd lög um niðurgreiðslu á kjöti. Eins og öllum er kunnugt, tókst á s. l. hausti að ná samkomulagi um niðurgreiðslu á kjöti á innlendum markaði, sem vonandi verður til þess, að langsamlega meginhluti kjötframleiðslunnar selst innanlands fyrir hagstætt verð. Þessi samningur var að vísu þeim skilyrðum bundinn, að hætt yrði að greiða útflutningsuppbætur, og hefur nú verið reynt að nota það til æsinga gegn stj. Í því sambandi vil ég minna á, að fyrir rúmu ári síðan skrifaði Búnaðarfélag Íslands öllum búnaðarsamböndum landsins „að allir vissu, að engar útflutningsuppbætur yrðu framar greiddar á landbúnaðarafurðir", og mun hv. þm. Mýr. hafa staðið undir því bréfi. En nú, þegar búið er að ákveða að nota á annan tug milljóna til að greiða niður landbúnaðarvörur á innlendum markaði, lætur þessi hv. þm. eins og hann telji þetta hið mesta gerræði. Ekki er nú samræmið gott.

Þá vil ég aðeins drepa á eitt mál, sem hv. þm. Mýr. gerði að höfuðárásarefni á stj., en það er breyting á lögum um búnaðarmálasjóð. Ég bjóst nú satt að segja við, að hv. þm. mundi byrja umræður um þetta mál á að segja fréttir frá aðalfundi Búnaðarsambands Suðurlands, sem var nú fyrir fáum dögum og hv. þm. mun hafa komið á, og skýra frá, hverjar undirtektir mál hans hefði fengið þar. En af einhverjum ástæðum sleppti hann því alveg. Eins og kunnugt er, hefur sú breyt. náð fram að ganga á fyrrnefndum lögum, að í stað þess að Búnaðarfélag Íslands ráðstafi fé því, er inn kemur í sjóðinn, skuli það renna beint til búnaðarsambandanna. Má nú náttúrlega deila um það til eilífðar, hvort heppilegra sé, að heildarsamtökin eða búnaðarsamböndin ráðstafi fénu. En um hitt verður ekki deilt, að féð á að nota til hagsbóta fyrir landbúnaðinn hvor aðferðin sem er viðhöfð. Hefur þess gætt, að búnaðarsamböndin hafa hvergi nærri notið sín vegna fjárskorts. Það sýnist dálítið hæpið að telja það beina árás á bændastéttina að reyna að bæta úr þessu. Þetta mál er annars gott dæmi þess, hvernig smáágreiningur er blásinn upp og reynt að gera úr honum stórmál. En ég ætla, að árásirnar út af þessu máli reynist álíka haldgóðar og árásirnar, sem á sínum tíma voru gerðar út af stofnun búnaðarráðs. Hver maður, sem ekki horfir gegnum lituð flokksgleraugu, hlýtur að sjá, að bæði málin eru borin fram til hagsbóta fyrir íslenzkan landbúnað, en ekki til að hnekkja honum.

Áður en ég skilst við landbúnaðarmálin get ég ekki stillt mig um að minnast aðeins á, að um síðastliðin áramót hefur íslenzkum landbúnaði í fyrsta sinni verið sá sómi sýndur að ráða í áhrifamikla stöðu í landbrn. einn af mikilhæfustu og bezt menntu frömuðum landbúnaðarins á síðustu árum. Undrast ég satt að segja, að enginn af mínum ágætu fyrirrennurum í landbrn. skuli hafa komið auga á, hverja þýðingu slík þjónusta getur haft fyrir landbúnaðinn.

Árásir hafa komið fram út af því, að frv. um breyt. á ræktunarsjóðslögunum, sem liggur fyrir þessu Alþ., muni eigi ná fram að ganga. Það mun verða svo, og skal ég taka á mig alla ábyrgð á því. Ég tel, að þetta frv. þurfi nánari athugunar við, og tel enga hættu, þótt það bíði næsta þings. Ræktunarsjóðurinn hafði um síðustu áramót um 2 millj. kr. ónotaðar af eigin fé og hefur engin jarðræktarbréf í umferð. Hann getur því að óbreyttum lögum margfaldað lánastarfsemi sína og eru engar líkur til, að hún vaxi svo ört á þessu sumri, að nokkur vandkvæði stafi af.

Þótt hér hafi aðeins verið stiklað á stóru, ætla ég, að mér hafi tekizt að sýna fram á, að landbúnaðurinn hefur ekki verið neitt olnbogabarn hjá stj. Ég veit, að bændur hafa yfirleitt þann skilning á þjóðhögum vorum, að þeim kemur ekki til hugar, að útflutningsuppbætur á landbúnaðarvörur geti haldizt. Ef svo yrði, mundu sömu kröfur koma frá sjávarútveginum, eins og reynsla þessa árs hefur sýnt. Ef ríkið á að taka ábyrgð á öllum útflutningi landsmanna, er skammt yfir í beina þjóðnýtingu.

Þá kem ég loks að hv. þm. S.-M. Lýsing sú, er hann gaf af fjárhag ríkisins, var engan veginn glæsileg. Og ef hann meinar allt, sem hann sagði um þessi efni, þá er lítt skiljanlegt, hve fast hann hefur sótt á ríkissjóð um bæði fjárframlög og ríkisábyrgðir á þessu þingi. Vonandi óskar hv. þm. þó ekki eftir ríkisgjaldþroti. Nú er að vísu sá sannleikur í ræðu hv. þm., að þetta þing hefur teflt alldjarft bæði um fjáreyðslu og ríkisábyrgðir. En þar er þó tvenns að gæta. Fyrst og fremst þeirrar miklu þenslu, sem framundan er í atvinnulífinu. Verður ekki hjá komizt að ráðast í stórfelldar framkvæmdir, til þess að framleiðslutækin komi að tilætluðum notum. Það þýðir t. d. ekki að kaupa skip, nema því aðeins að þeim sé um leið tryggð afgreiðsla. Það er gagnslaust að reisa nýjar síldarverksmiðjur nema það sé um leið tryggt, að skipin geti losað sig við síldina, og svo mætti lengi telja. En aukin framleiðsla þýðir aukna gjaldgetu. Möguleikarnir til að standa undir miklum útgjöldum eiga því að vaxa í líkum hlutföllum og framleiðslan verður aukin. Hins vegar er svo það, að stj. hefur að nokkru leyti í sinni hendi, hve ört hún lætur framkvæma margt af þessum stórfyrirtækjum, sem ráðgerð eru. Svo er það t. d. að miklu leyti um hafnir, rafmagnsveitur og margt fleira. Og vitanlega mun stj. reyna að sníða sér stakk eftir vexti, þótt fullljóst sé mér, að oft getur orðið erfitt að standa gegn straumnum. En mjög væri æskilegt að heyra, hvað það er af hinum ráðgerðu framkvæmdum, — þeim sem nokkru máli skipta, — sem hv. þm. S.-M. vill skera niður. Það gæti orðið til leiðbeiningar bæði fyrir stj. og þing.

Ádeilu hv. þm. á stj. hygg ég að öðru leyti, að bezt verði svarað með því að gefa yfirlit um afkomu ársins 1945, að svo miklu leyti sem hún er nú kunn. Hefði ég hvort sem er ætlað mér að gera það áður en þingi yrði slitið, og mundi vera búinn að því, ef þessar umr. hefðu ekki staðið fyrir dyrum.

Heildartekjur ríkissjóðs á árinu 1945 voru áætlaðar 108 millj. og 178 þús. kr. Þar er þó ekki talinn með veltuskattur, sem reyndist þrjá fyrstu ársfjórðungana tæpar 8 millj. og gjöld á útfluttan ísfisk, er urðu tæpar 2 millj. Heildartekjurnar voru því áætlaðar 118 millj. kr. og þó nokkru meira, vegna þess að hækkun á nokkrum tekjustofnum var ekki talin með í fjárl., þ. e. a. s. viðbótin ekki talin með í áætlun fjárl. — Tekjurnar reyndust hins vegar 162 millj. og 666 þús. kr. Þeir liðir, sem mest hafa farið fram úr áætlun, eru þessir: Tekju- og eignarskattur 4 millj. 243 þús., stríðsgróðaskattur 933 þús., vörumagnstollur 3½ millj., verðtollur 20½ millj. rúmlega, gjald af innlendum tollvörum rúmar 800 þús., stimpilgjald 2 millj. 300 þús. og tekjur af ríkisstofnunum 13 millj. 85 þús. kr. Það er rétt að minnast á það út af ummælum, sem féllu hjá hv. þm. S.-M., að það er stöðugt verið að víta stj. fyrir það, hvað hún græði mikið á áfenginu. Ég veit ekki, hvort hv. þm. og aðrir, sem mæla á sama veg, halda, að áfengissalan mundi minnka, þó að verðið væri lækkað.

Rekstrarútgjöld voru áætluð 100 millj. 212 þús. kr., auk útgjalda samkv. sérstökum lögum, sem voru 29 millj. 500 þús. og eru þá ótalin útgjöld samkv. heimildarlögum og þáltill., sem nemur

samtals um 930 þús. kr. En gjöldin urðu 143 millj. 891 þús. Þeir gjaldaliðir, sem mest hafa farið fram úr áætlun, eru þessir: Til ríkisstj. 741 þús., dómgæzla og lögreglustjórn 1½ millj., kostnaður við innheimtu tolla og skatta 668 þús., heilbrigðismál 1,4 millj., vegamál 3,7 millj., samgöngur á sjó 1,8 millj., vitamál og hafnargerðir 659 þús., kirkjumál 692 þús., kennslumál 3,9 millj., landbúnaðarmál 1,3 millj. tæplega og eftirlaun og til lífeyrissjóðs 1,2 millj. Samkv. þessu er rekstrarafgangurinn 18 millj. 775 þús. kr., eftir því sem nú verður næst komizt.

Ræðutími minn er nú á þrotum, en ég verð þó að fá að gera með örfáum orðum grein fyrir sjóðsyfirliti um áramót og skuldum ríkissjóðs á sama tíma. Sjóðsyfirlitið er á þessa leið:

Sjóðsyfirlit 1945, bráðabirgðayfirlit.

	Inn.	Út.
1. jan. Peningar í sjóði og banka	16471000,00	
Tekjur samkv. rekstrarreikningi	162666000,00	
Innb. skv. eignahreyfingayfirliti	2168000,00	
Gjöld samkv. rekstrarreikningi		143891000,00
Útb. skv. eignahreyfingayfirliti		34434000,00
Sjóður 31. des.		2980000,00
Krónur	181305000,00	181305000,00

En við þetta er það að athuga, að enda þótt sjóðslækkun nemi nálega 13½ millj. kr., þá er ekki um raunverulegan greiðsluhalla að ræða. Skuldagreiðslur hafa sem sé numið 11,8 millj. kr. Verðbréf hafa verið keypt (hlutabréf í Útvegsbanka) fyrir 1½ milljón, útlagt hefur verið fyrir smjör 1 millj. kr., greitt vegna bátasmíða innanlands 1,6 millj., veitt bráðabirgðalán 1 millj. og lagt til hliðar í húsbyggingasjóð áfengis- og tóbaksverzlana 1,2 millj. Þessar greiðslur samtals nema því 18,1 millj.

Að lokum skal ég svo gera stuttlega grein fyrir skuldum ríkissjóðs eins og þær voru í árslok 1945, og tek ég þá til samanburðar skuldirnar í árslok 1939:

Skuldir ríkisins voru samkv. ríkisreikningi:

1939	kr. 56648457,00
1945	— 33330000,00
Mismunur	kr. 23318457,00

en þá er ekki talið með geymt fé, sem var í árslok 1945 kr. 16,5 millj., en var sama sem ekkert 1939.

Erlendar skuldir voru samkv. ríkisreikningi:

1939.

Dönsk lán	7,3 millj. króna
Ensk lán	34,3 millj. króna
Erlend lán vegna ríkisstofnana	4,4 millj. króna
Lausar skuldir erlendar	3,2 millj. króna
	49,2 millj. króna

1945 voru erlendar skuldir 9,7 millj. kr.

Þ. e. ensk lán (síldarverksmiðjur)	kr. 933000,00
Dönsk lán	— 5377000,00
Lausar skuldir	— 3400000,00
	Kr. 9710000,00

Skuldlaus eign ríkisins var samkv. ríkissjóðsreikningi

1939	kr. 23123985
en 1944	— 103933688
Eignaaukning	kr. 80809703

Þegar þess er nú gætt, að verðgildi peninga var 1939 næstum þrefalt meira en það er nú, samkv. verðlagsvísitölu, má hverjum manni vera ljóst, að skuldirnar eru nú alveg hverfandi borið saman við það, sem þær voru 1939. Auk þess er sá mikli munur, að skuldirnar eru nú nálega allar innanlands, en 1939 voru þær að miklum meiri hluta við önnur lönd. Þótt skuldirnar ættu því fyrir sér að vaxa nokkuð aftur, þá eiga þær þó langt í land að ná því, sem þær voru í þegar hv. þm. S.-M. lét af fjármálastjórn.

Mér endist því miður ekki tími til að svara hv. þm. S.-M. frekar, en þær staðreyndir, sem ég nú hef dregið fram, tala sínu máli. Hv. þm. S.-M. spáði ekki vel fyrir fjárhagsafkomu s. l. árs. Hún hefur orðið góð og ég vona, að spádómur hans um afkomu þessa árs verði álíka haldgóður.

Samgmrh. (Emil Jónsson): [Ræðuhandriti hefur ekki verið skilað. Frumdrög að ræðunni, sem ræðumaður hafði við að styðjast við flutning hennar, munu hafa glatazt.]

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hv. þm. Mýr. lét þau orð falla hér í gær, að Sósfl. hataði sjálfstæða bændastétt, eins og skoðanabræður þeirra austur í Rússlandi, sem jöfnuðu bændastéttina við jörðu, þegar þeir komu sovétskipulaginu á. En hann gleymdi að geta þess, að þessi rússneska bændastétt er nú einn stærsti landbúnaðarvöruframleiðandi veraldar og hennar framleiðsla líklegust til þess að bjarga frá hungurdauða þeim hundruðum milljóna, er svelta í flestum löndum á meginlandi Evrópu. En hann lét einnig ógert að skýra það, hvað hann og flokkur hans kalla sjálfstæða bændastétt. Líklega á hann við þá bændastétt, sem byggði íslenzkar sveitir á árunum 1930—'36 og æði oft þurfti að yfirgefa sínar eigin verzlanir, kaupfélögin, án þess að hafa fengið þær vörur, sem þeir nauðsynlega þurftu, þá bændastétt, sem varð að gera upp fjárhag sinn í kreppulánasjóðinn fræga, þá bændastétt, sem hundruðum saman varð að yfirgefa jarðir sínar, svo að Búnaðarbankinn eignaðist þær. Þar eru dæmin um hina sjálfstæðu bændastétt Framsfl.

Þá talaði þessi hv. þm. um það, að aðeins einu sinni hefði verið staðið við sexmannanefndarsamkomulagið við bændur, og svo langt gekk hann, að kenna núverandi stjórn um eftirgjöf búnaðarþings á afurðaverði bænda haustið 1944,

þannig að það hefði verið hún, sem hefði neitað að greiða útflutningsuppbætur. Það er til íslenzkur málsháttur, sem hljóðar svo, að sá sem býr í glerhúsi eigi ekki að kasta grjóti. Ég veit nú ekki betur en það væri gert löngu áður en þessi stjórn varð til, og gert með fullu samkomulagi Framsfl., sem bezt sést á grein Hermanns Jónassonar í Tímanum 26. sept. það ár. Og þeir, sem voru staddir á hinum sögulega næturfundi í Ed. fyrir nokkrum dögum síðan, er fyrrv. form. flokksins lýsti því fyrir fjölda af þm., starfsfólki þingsins og fullum áheyrendabekkjum, hvernig núverandi foringjar flokksins hefðu látið búnaðarþing taka 8 millj. kr. af afurðaverði bændanna, til þess að kaupa fyrir ráðherrastóla handa sjálfum sér, — þeir kenna ekki Sósfl. um þau kaup. En það var leiðinlegur skaði fyrir fylgismenn Framsóknar úti um land, að ekki skyldi vera hægt að útvarpa því flokksuppgjöri, sem þar fór fram milli fyrrverandi og núverandi formanna flokksins.

Þá var mikið af ræðu hv. þm. Mýr. um verðbólguna og atvinnuvegunum líkt við rótslitna plöntu, sem aðeins gæti hjarað í vatnsglasi um takmarkaðan tíma. Líkingin er skáldleg og eini gallinn á henni, hvað hún er óralangt fyrir utan veruleikann. Hvað segja bændurnir? Skyldu þeir telja atvinnurekstur sinn standa á veikari grunni núna en á kreppulánasjóðstímunum. Hvað segja útgerðarmennirnir? Telja þeir sig standa á veikari grunni en þegar binda þurfti togarana við hafnargarðinn, af því að ekki fengust rekstrarlán og sum félögin voru gerð upp til gjaldþrotaskipta.

Annars tel ég rétt að gera hér stutta grein fyrir aðalorsök verðbólgunnar, og hverjum hún er að kenna. Til þess er fróðlegt að fletta upp skýrslum Landsbankans og athuga seðlamagnið, sem er í umferð innanlands um hver áramót eftir að stríðið byrjaði til 1943. Árið 1939 er það 13 millj., 1940 rúmar 25 millj., 1941 51 millj., 1942 108 millj., 1943 144 millj. En hvernig stendur nú á þessu seðlaflóði? Stríðsgróðinn var að safnast fyrir erlendis, og þá gat verið um þrennt að ræða viðvíkjandi meðferð hans. 1) Að breyta honum í framleiðslutæki, sem flutt væru inn í landið. 2) Að festa hann erlendis og geyma hann þar. 3) Að hleypa honum óbeizluðum inn í landið. Það var gert með stóran hluta, án þess að verðmæti sköpuðust á móti honum innanlands, en þar með var verðbólgunni hleypt af stokkunum. Þegar á einu ári er kastað 57 millj. kr. á innlenda peningamarkaðinn í viðbót við 51 millj., sem fyrir var, án þess að föst verðmæti séu aukin, þá þýðir það, að sá hlutur, sem áður stóð fyrir einni krónu, verður nú að standa fyrir rúmum tveimur. Peningamennirnir, sem vildu fá sinn gjaldeyri fluttan inn, vildu ekki safna honum í skrifborðsskúffu, heldur kaupa fyrir hann, hús, lóðir, jarðir, skip og annað, sem þeir töldu tryggari eign. Þannig voru eignir þjóðarinnar settar á eitt allsherjar uppboð. Og það voru hinir „ábyrgu" þjóðstjórnarflokkar, sem bera ábyrgð á þessari verðbólgu, sem framsóknarmenn nú virðast hafa fengið, ekki einungis á heilann, eins og stundum er sagt, heldur beinlínis í heilann.

Þá talaði hv. þm. einnig um, að landbúnaðurinn væri olnbogabarnið hjá núverandi stjórn, honum væri að blæða út, af því að unga fólkið færi burt um leið og það kæmist á legg. Sé ég ástæðu til að rekja baráttu Sósfl. fyrir málum landbúnaðarins, og hvað Framsókn hefur þar hjálpað til þess að koma í veg fyrir, að honum blæddi út.

Meðan Sósfl. átti engan fulltrúa á Alþ., mátti telja almenningi trú um, að hann hataði landbúnaðinn. En hér eftir verður það ekki gert. Haustið 1942 nær flokkurinn fyrst áhrifum á Alþ. Þá þegar flytja þrír af þm. hans þáltill. um „ráðstafanir til eflingar íslenzkum landbúnaði". Er aðalefni hennar þetta:

1. Búnaðarfélagi Íslands skyldi falið að rannsaka, hvar eru heppilegust skilyrði til ræktunar, rafvirkjunar, samgangna o. fl. með stofnun byggðahverfa fyrir augum.
2. Að gera síðan áætlanir um rafvirkjun sveitabyggða og samgöngukerfi sveitanna í samvinnu við aðrar hlutaðeigandi ríkisstofnanir.
3. Að gera tillögur um stofnun fyrirmyndarbúa á ýmsum stöðum í landinu.
4. Að undirbúa löggjöf á grundvelli þessa undirbúningsstarfs og endurskoða gildandi landbúnaðarlöggjöf til að greiða fyrir þróun hans í samræmi við þær niðurstöður, er rannsóknin leiddi í ljós.

Tillagan var samþykkt, en lítið varð úr framkvæmdum. Og til þess að breiða yfir hana, og e. t. v. einnig til þess að sýna elsku sína til landbúnaðarins, flutti Framsókn á næsta þingi till. um að fela nýbýlastjórn að láta rannsaka skilyrði til nýbýlamyndunar og byggðahverfa, hvernig eignarrétti landsins væri háttað, og leggja fyrir Alþ. skýrslu með till. um, hvernig aðgangur að landinu yrði tryggður. Búnaðarþing skipaði milliþinganefnd í málið, og á hennar vegum munu þeir Steingrímur Steinþórsson og Pálmi Einarsson hafa unnið, er þeir gerðu sína áætlun um stofnun byggðahverfa með 400—500 býlum á ákveðnum stöðum í landinu, þar sem þeir töldu skilyrðin heppilegust. Sú áætlun þessara mestu sérfræðinga var í alla staði hin glæsilegasta. Í fyrsta lagi til að beina þróun framleiðslunnar inn á ákveðnar brautir og í öðru lagi til að stöðva a. m. k. nokkuð af fólksstraumnum í sveitunum sjálfum. En það er bara ekki Framsókn, sem hefur haft svo mikinn áhuga fyrir því, að sveitunum blæddi ekki út, að hún hafi nokkuð barizt fyrir þessu máli. Sósfl. er eini flokkurinn, sem hefur barizt fyrir framkvæmd þess, og sú barátta skal rakin.

Í sambandi við dýrtíðarfrv. utanþingsstjórnarinnar fluttu sósíalistar till. um að heimila ríkisstj. að leggja fram úr ríkissjóði 3 millj. kr. til eflingar landbúnaðinum, samfelldrar ræktunar og stofnunar byggðarhverfa. Fellt með atkvæðum framsóknarmanna, vonandi ekki af hatri til landbúnaðarins.

Þegar fjárlög fyrir 1944 voru til meðferðar, fluttu fulltrúar flokksins í fjvn. till. um 4 millj. kr. framlag til nýsköpunar í landbúnaðinum. Felld með atkvæðum framsóknarmanna, án efa af einskærri ást á atvinnuveginum.

Þegar þing kom saman haustið 1944, hafði

Sósfl. undirbúið frv. um nýbyggðir og nýbyggðasjóð, er tveir þm. flokksins fluttu í Ed. Eru þar í fyrsta sinn lagðar fram í frumvarpsformi ákveðnar till. um, að ríkið taki þessi mál föstum tökum með skipulegum aðgerðum og margföldum fjárframlögum við það, sem áður var. Þetta frv. var byggt á samþykkt till. 1942, sem í aðalatriðum hafði verið gengið fram hjá af þeim, sem framkvæmdina áttu að hafa. Eru aðalefni frv. þessi: Stofnaður skyldi nýbyggðasjóður af núverandi Byggingarsjóði og nýbýlasjóði og 10 millj. kr. ríkissjóðsframlagi. Mætti auk þess auka stofnféð með vaxtabréfaútgáfu. Auk þess skyldi hann fá árlegt framlag úr ríkissjóði, aldrei undir 800 þús. kr. Hlutverk sjóðsins væri að lána fé til íbúðarhúsa og peningshúsa í byggðahverfum, á nýbýlum, sem reist væru á ræktuðu landi, og íbúðarhúsa á sveitabýlum. Eru þó aðalskipulagsnýmælin í kaflanum um stofnun byggðarhverfa, þar sem gert er ráð fyrir, að ríkið skyldi láta reisa byggðarhverfi á ákveðnum stöðum og býlin síðan leigð einstaklingum til ábúðar. Þetta mál skyldi tekið þannig, að Alþ. samþykkti í fyrstu nokkurs konar byggðarhverfalög, og væru nýir staðir teknir inn í þau eftir því, sem öðrum væri lokið. Þannig yrði kerfið byggt upp eins og vegamál og hafnarmál eftir framhaldandi skipulagningu Alþ. Þegar stofnun byggðarhverfis þannig væri ákveðin, skyldi ríkið láta undirbúa landið til ræktunar, girða, ræsa, leggja vatns- og skolpleiðslur og rækta a. m. k. 6 ha. á býli. Til þessara framkvæmda skyldi ríkissjóður greiða 1 millj. og 500 þús. kr. árlega. Jafnframt því léti nýbyggðastjóri reisa íbúðarhús og nauðsynlegustu peningshús á hverju býli fyrir lán úr nýbyggðasjóði, og tæki ábúandi lánið að sér með býlinu. Að öðru leyti skyldu býlin leigð á erfðafestu og bændur og bændasynir á svæðinu hafa forgangsrétt. Hverju býli skyldi fylgja 6 ha af ræktanlegu landi í viðbót, svo að tryggt væri, að fullræktað gæti býlið haft 12 ha ræktaðs lands. Aftur á móti gerði frv. ekki ráð fyrir stofnun einstakra nýbýla nema við skiptingu svo vel ræktaðra jarða, að hið nýja býli gæti þegar í byrjun fengið a. m. k. 4 ha ræktaðs lands.

Þótt tímans vegna sé hér aðeins stiklað á stærstu punktum, getur hver maður séð, að hér er mörkuð ný stefna, byggð á þáltill. Sósfl. 1942, sem áður er getið. Munurinn frá fyrri löggjöf er einkum þessi:

1. Í stað þess að stofna til dreifðra býla víðs vegar á óræktuðu landi, var hér eingöngu gert ráð fyrir myndun slíkra býla í byggðarhverfum. Þar með yrði komið í veg fyrir það, sem hefur skeð, að nýbýli séu reist við svo óheppileg skilyrði, að útilokað sé, að þau verði byggð til lengdar. Þá fyrst má nota stórvirkar vélar með árangri bæði til ræktunar og bygginga, þegar mikið verk liggur fyrir á einum stað, og þannig mætti lengi telja, ef tími væri til.
2. Í stað þess að hingað til hafa nýbyggjendurnir orðið að reisa býlin og rækta frá grunni, var hér ætlað að skila því í hendur þeirra með nauðsynlegustu húsum og 6 ha túni. Þannig yrðu leyst stærstu vandræði hvers nýbyggjanda, þau, hve erfitt er að koma framleiðslunni í gang. Hann verður oftast að byrja á óarðbærum framkvæmdum, húsabyggingum. Þar næst kemur ræktunin, og þurfi að ræsa landið, geta liðið mörg ár þangað til framleiðslan er komin í viðunandi horf. Án efa er þetta erfiðasta leiðin, sem um er að ræða hér á landi til stofnunar nýrra heimila. Þannig hefur Framsókn búið að landnemum sveitanna, vafalaust af einskærri ást á sjálfstæðri bændastétt.
3. Í stað algers skipulagsleysis var hér gert ráð fyrir að beina þróuninni inn á ákveðnar brautir, í samræmi við þróun annarra atvinnuvega.
4. Fjárframlög til framkvæmda stóraukin jafnframt því, að tryggt væri, að féð kæmi að sem beztum notum.

Ekki reyndist þingvilji fyrir að samþykkja þetta frv., og þótti sumum till. glæfralegar, ekki sízt fjárhagshliðin. Var því frv. vísað til nýbyggingarráðs til athugunar. Nýbyggingarráð tók málið til ýtarlegrar athugunar, eins og önnur mál, sem það hefur fengið til meðferðar og hlotið sífellt hnútukast fyrir í blaði Framsfl. Ráðið sendi Alþ. frv. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, sem í öllum aðalatriðum er byggt á hinu fyrra og nú er nýlega orðið að lögum. Að vísu tókst afturhaldsöflum á Alþ. að smeygja inn í þau nokkrum breyt., sem fremur má telja til spillis, en þó ekki svo veigamiklum, að óhætt mun mega telja þessi lög hin þýðingarmestu, er enn hafa verið samþykkt landbúnaðarins vegna. Var sérstaklega lagt kapp á að draga framkvæmdir þessa máls úr tengslum við þá heildarnýsköpun alls atvinnulífsins, er nú fer fram undir forustu nýbyggingarráðs.

Um undirbúning lands til ræktunar og byggðar gilda í aðalatriðum sömu ákvæði og áður eru nefnd, einnig um ræktun og byggingu í byggðarhverfunum sjálfum, nema hvað hluti ríkisins í ræktun hvers býlis er 5 ha í stað 6. Skal ríkið leggja til þessara framkvæmda 2½ millj. kr. árlega í 10 ár, fyrsta sinn 1947.

Þá skal stofnaður byggingarsjóður með 10 millj. kr. stofnfé, og fái hann og 2½ millj. frá ríkinu næstu 10 ár auk vaxtatekna. Einnig heimilt að fjórfalda stofnféð með vaxtabréfaútgáfu, ef þörf krefur. Hlutverk sjóðsins er að lána fé til endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum og til byggingar íbúðarhúsa og peningshúsa í byggðarhverfum og á nýbýlum. Mega lánin nema 75% kostnaðarverðs og greiðast með jöfnum afborgunum, er miðist við það, að vextir séu 2%. Eru það helmingi lægri vextir en þeir, sem beztir hafa tíðkazt áður, og er hér verið að slaka á klóm peningavaldsins gagnvart atvinnuvegunum. Þetta gildir það, að bóndi, sem tekur 20000 kr. lán til að endurbyggja íbúðarhús sitt, þarf að greiða samtals rúm 34 þús. samkvæmt þessum kjörum, en þyrfti að greiða nærri 53 þúsund með 4% vöxtunum, sem Framsókn innleiddi og hélt við. Hér er um að ræða nýtt mat þjóðfélagsins á rétti peningamannanna til okurs á atvinnuvegunum. En Framsókn telur þetta bera vott um hatur Sósfl. á sjálfstæðri bændastétt.

Þá minntist hv. þm. Mýr. á búnaðarmálasjóðinn og hans afgreiðslu. Hann getur nú engum öðrum en sjálfum sér kennt um þau málalok.

Hvers vegna var hann að gera þetta mál að stórpólitískasta máli þingsins, alveg að ófyrirsynju? Í því sambandi var hann að gera grín að einum af sínum kjósendum fyrir að ætla sér að draga kind upp úr feni með því að standa ofan á henni sjálfur. En hefur hv. þm. athugað það, að þarna var hann einmitt að lýsa afstöðu Framsóknar til landbúnaðarins. Framsókn hefur þótzt vilja draga landbúnaðinn upp, en hefur staðið ofan á honum sjálf, og hvort tveggja sekkur meðan flokkurinn ræður.

Þær fáu mínútur, sem ég á eftir, vil ég nota til að minnast á annað mál, sem afgreitt hefur verið og mun síðar verða talið til afreka þessa þings, sem nú er að ljúka. Það eru skólamálin. Eins og landslýð mun yfirleitt vera kunnugt, hefur þing það, sem nú er að ljúka störfum, haft til meðferðar lagafrv. um mjög víðtækar breytingar á skólamálum þjóðarinnar. Almenningur hefur fylgzt með þessum málum af miklum áhuga, vegna þess að greinilega hafa komið í ljós tveir annmarkar á skólakerfi okkar eins og það er nú. Annar er sá, að það er of lítið, er sannast bezt með því, að árlega þarf að vísa frá inntöku í framhaldsskóla fjölda af ungu fólki, er langar til að stunda nám, og í sveitum landsins býr barnafræðslan víða enn þá við sömu skilyrði og fyrst eftir að hún var lögfest 1907, fyrir nærri 40 árum. Hinn gallinn á skólakerfi okkar er skipulagsleysið, þar sem samræmi vantar í störf og kröfur hinna ýmsu skóla. Þær þjóðir, sem lengst eru komnar í skólastarfi, hafa fyrir löngu samræmt skólakerfi sín, þannig að hægt sé að taka námið stig af stigi alla leið til æðstu mennta, að lokaprófi hvers stigs veiti réttindi til þess að ganga brotalaust inn á hið næsta. Þetta hefur okkur vantað þangað til nú. Nú hefur Alþ. séð sér fært að samþykkja 5 lagafrv. til að bæta úr báðum þessum ágöllum. Eru þar fyrst í röðinni lög um skólakerfi og fræðsluskyldu, þar sem skólakerfinu er skipt í 4 stig: Barnafræðslustig, gagnfræðastig, menntaskóla- og sérskólastig og háskólastig. Er hér lögfest alger samræming, í stað þess glundroða, sem áður hefur verið á þessum málum, og skólaskylda hækkuð úr 14 árum í 15, sem verður að teljast nauðsynleg bót, þótt ekki sé enn þá gengið eins langt og ýmsar aðrar þjóðir hafa gert í því efni. — Þá eru lög um fræðslu barna, sem m. a. ákveða miklu hærri fjárframlög hins opinbera til byggingar nýrra barnaskóla en áður, eða helming stofnkostnaðar heimangönguskóla og þrjá fjórðu stofnkostnaðar heimavistarskóla. Einnig tvenn lög um gagnfræðanám og húsmæðrafræðslu, þar sem sömu ákvæði gilda um framlög ríkisins til stofnkostnaðar og hvað barnaskólana snertir, en kennarar beggja verða fastir starfsmenn ríkisins. — Þá eru einnig samþykkt lög um menntaskóla, er ákveða menntaskóla í Reykjavík og Akureyri og enn fremur skuli hinn þriðji stofnaður í sveit, þegar fé er veitt til þess á fjárl.

Má óhætt fullyrða, að með þessari löggjöf er stigið eitt stærsta spor, sem enn þá hefur verið stigið í menningarmálum þjóðarinnar, og þar með lagður traustasti grundvöllur að sjálfstæði hennar og velmegun.

Hvað hefur svo Framsókn að bjóða þjóðinni, eftir að hafa verið í stjórnarandstöðu hálft annað ár. Jú. Hún getur lýst vantrausti á þessum aðgerðum og öðrum, sem miða til framfara og þjóðinni er kunnugt um. Haldið þið, hlustendur góðir, að þess hafi nokkurn tíma gerzt dæmi, að einn stjórnmálaflokkur hafi jafnáþreifanlega kafnað undir nafni og Framsfl. gerir nú. En vantraust þjóðarinnar mun birtast í fylgishruni Framsfl. við næstu kosningar.

Steingrímur Aðalsteinsson: Flm. þeirrar vantrauststill. á hæstv. ríkisstj., sem hér er til umr., hefur að vonum veitzt örðugt að finna henni nokkur frambærileg rök. Hins vegar hefur verið auðvelt fyrir hæstv. ráðherra að þylja hér langa lista yfir hinar umfangsmiklu athafnir á sviði atvinnu-, menningar- og félagsmála, sem hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hafa haft með höndum, frá því er stjórnarsamstarfið var hafið haustið 1944, því að þær athafnir eru stórfelldari og víðtækari en nokkurn tíma áður hafa átt sér stað í sögu íslenzku þjóðarinnar, — og enda efamál, hvort nokkur þjóð hefur á jafnskömmum tíma gert hlutfallslega stærra átak til endursköpunar atvinnulífi sínu og til að undirbyggja fjárhagslega velmegun fólksins.

Það getur því tæplega talizt lítillæti hjá ræðumönnum Alþfl., hv. 4. þm. Reykv., Stefáni Jóh. Stefánssyni, og hæstv. félmrh., Finni Jónssyni, sem töluðu hér fyrir Alþfl. í gærkvöld og gáfu honum einum dýrðina, — ekki aðeins af nýsköpunarstarfi núverandi ríkisstj., heldur einnig að hafa átt frumkvæði að öllum félagslegum og atvinnulegum umbótum í þessu landi s. l. 30 ár! Þó að ég vilji ekki rýra sjálfstraust þessara mikilhæfu foringja hins volduga Alþfl., get ég ekki stillt mig um að minna á það, að Alþfl. hefur áður tekið þátt í ríkisstjórnum, þar sem „afrekin" hafa verið allmikið á annan veg en núverandi ríkisstj. Alþfl. tók þátt í kreppustjórn Framsóknar, þegar mönnum var refsað fyrir það að kaupa fiskiskip til landsins og ekki var hægt að fá flutt inn í landið nokkur framleiðslutæki né efnivörur til framleiðslunnar, nema framsóknarmaður fengi að vera með í fyrirtækinu! Alþfl. tók þátt í „þjóðstjórn" Frams.- og Sjálfstfl. 1939, sem hóf feril sinn með tveimur stórfelldum gengislækkunum sama árið — og lauk ævi sinni með gerðardómslögunum og eiðrofsmálaferlunum. Svo á það að vera þessi flokkur, sem hafi átt frumkvæðið að myndun núverandi ríkisstj. og hafi markað hina djörfu og framsæknu stjórnarstefnu! Vera má, að einhverjir hrekklausir útnesjamenn trúi þessu. En það gera a. m. k. ekki þeir, sem vita, hvernig Alþfl. var afkróaður og knúinn til þátttöku í stjórnarmynduninni, gegn harðvítugri baráttu hv. 4. þm. Reykv. (StJSt) ásamt ca. helmingi forustuliðs flokksins. Og allra sízt verður því trúað, að þessir menn hafi átt frumkvæði að því, að 300 millj. af erlendum innstæðum þjóðarinnar skyldi varið til þess eingöngu að kaupa og koma upp nýjum, stórvirkum framleiðslutækjum í landinu, — mennirnir, sem létu aðalmálgagn flokks síns hrópa ókvæðisorð að hv. 2. þm. Reykv., Einari Olgeirssyni, þegar hann kvað upp úr með þessa hugmynd sína í útvarpsræðu

héðan frá Alþ. haustið 1944. En lofum foringjum Alþfl. að hafa ánægjuna af sjálfum sér. Það eru hvort sem er ekki svo margir, sem hrópa þeim hallelúja.

Hins vegar kvaðst hv. 4. þm. Reykv. vera óánægður með framkomu „kommúnista", — m. a. í „viðkvæmum utanríkismálum", þar sem ólukku kommarnir hefðu ekki sýnt Bandaríkjum Norður-Ameríku nægilega blíðu. Já, nokkuð er það, að hv. þm. Str., Hermann Jónasson, sem óþarft er að væna um, að beri okkur sósíalista oflofi, gat þess í ræðu sinni í gærkvöld, að sósíalistar hefðu hindrað það í ríkisstj., að teknar væru upp viðræður við stj. Bandaríkjanna um leigu á herstöðvum hér til langs tíma, með því að hóta að slíta þá stjórnarsamstarfinu. Ef það er þessi framkoma Sósfl. í „viðkvæmum utanríkismálum", sem hv. 4. þm. Reykv. er svo óánægður með, verður skiljanlegt, hvers vegna hann og aðrir þm. flokks hans, að frátöldum hv. 5. landsk., Barða Guðmundssyni, hafa skotið sér undan að svara bréflegum fyrirspurnum stúdenta um afstöðu þm. til afsals landsréttinda í hendur erlendu herveldi.

Ræðumenn Alþfl. hafa gert mikið að því í þessum umr. að tileinka sínum flokki sérstaklega þær umbætur á alþýðutryggingunum, sem lögfestar hafa verið á þessu þingi. Sannleikurinn um þetta efni er sá, að á þingi 1943 flutti núverandi hæstv. menntmrh., Brynjólfur Bjarnason, frv. um gagngerar endurbætur á alþýðutryggingalögunum. Eftir mikið þóf fengust þá fram verulegar endurbætur á sjúkra- og slysatryggingunum. En forstjóri tryggingarinnar, hv. 3. landsk., Haraldur Guðmundsson, stóð þá meðal annars gegn því, að fullar ellitryggingar væru þá þegar látnar koma til framkvæmda. Varð þá að samkomulagi að skipa mþn. í málið, og er það sú n., sem ásamt sérfræðingum hefur undirbúið og samið frv. það um almannatryggingar, sem nú hefur verið afgr. á þessu þingi. Frumvarpið er því m. a. árangur af till. Brynjólfs Bjarnasonar í tryggingamálunum frá 1943, enda átti hann sæti í mþn., unz hann varð ráðherra.

Í ræðu sinni í gærkvöld hafði hæstv. dómsmrh., Finnur Jónsson, sérstaklega orð á því í sambandi við tryggingamálin, að Alþfl. hefði alla jafna háð harða baráttu fyrir því að bæta kjör ekkna og munaðarleysingja. Já, maður skyldi halda, að þetta væri ekki fjarri sanni um verklýðsflokk, eins og Alþfl. telur sig vera. En í sambandi við afgreiðslu alþýðutryggingganna á þessu þingi hefur gerzt nokkuð, sem vitnar harkalega gegn þessum ummælum hæstv. dómsmrh. — Samkv. tryggingalögunum, eins og þau nú hafa verið afgreidd, skal greiða fastan, árlegan lífeyri til fólks, sem náð hefur 67 ára aldri. Enn fremur til öryrkja, þótt yngri séu. Ef ellilífeyris- eða örorkulífeyrisþegar og ekkjur hafa á framfæri börn innan 16 ára aldurs, skal greiða með þeim árlegan barnalífeyri. Í frv. var einnig ákvæði um það, að ekkjur, sem hefðu barn eða börn á framfæri, skyldu eiga rétt á að fá greiddan árlegan lífeyri, sem næmi hálfri ellilífeyrisupphæðinni. — Þetta var eitt hið merkasta nýmæli frv., bæði fyrir þá sök, að það miðaði beinlínis að því að bæta kjör þeirra ekkna, sem eru að brjótast áfram með uppeldi barna sinna, þegar fyrirvinna heimilisins er fallin frá, —*og þó jafnvel engu síður fyrir hitt, að með* þessu ákvæði hefði verið viðurkennt af löggjafanum, að það að ala upp og fóstra nýja þjóðfélagsþegna væri þjóðfélaginu þess virði, að litur skyldi sýndur á að launa það af opinberu fé. — Nú skyldi maður ætla, skv. áðurnefndum ummælum hæstv. dómsmrh., Finns Jónssonar, að Alþfl. hefði í meðferð málsins lagt alveg sérstaka áherzlu á þetta atriði tryggingganna. En hvað skeður? Það, sem lýst hefur verið áður hér í umræðunum, að Alþfl. semur við Sjálfstfl. um 4 *millj. kr. niðurskurð á útgjöldum tryggingganna.* Og fyrsta lífeyrisgreiðslan, sem Alþfl. telur, að hægt sé að spara, eru ekknabæturnar, sem með þessum samningi Alþfl. og Sjálfstfl. eru felldar niður sem árlegur lífeyrir til ekknanna. Og af hverju féllst Alþfl. á þetta? Af því, að því er bezt verður séð, að í frv. voru einnig önnur ákvæði, sem Alþfl. hafði enn meiri áhuga á en ekkjubótum. Það var ákvæðið um það, að Tryggingastofnunin, undir yfirstjórn Alþfl., skyldi hafa óbundnar hendur um það að setja upp stjórnarkerfi *og skrifstofustarfsemi úti um allt land.* Skv. fenginni reynslu af starfsmannavali tryggingganna hér í Rvík hefðu þessar skrifstofur orðið pólitískt útibú Alþfl. á viðkomandi stöðum, kostaðar af opinberu fé og iðgjöldum hinna tryggðu, — og trúnaðarmenn stofnunarinnar pólitískir erindrekar Alþfl. Með samningum sínum við Sjálfstfl. átti Alþfl. að fá þessa pólitísku aðstöðu, fyrir niðurskurðinn á hlunnindum til hinna tryggðu. Og flokkurinn, sem hæstv. dómsmrh., Finnur Jónsson, segir, að háð hafi hina hörðu baráttu fyrir því að bæta kjör ekkna og munaðarleysingja, hikar ekki við að fella niður ekkjubæturnar, — að hætta við að viðurkenna rétt þeirra til mæðralauna, — að fórna hagsmunum þeirra fyrir pólitíska valdaaðstöðu Alþfl. Það breytir engu um afstöðu Alþfl. í þessu efni, þótt svo færi að lokum, að hann tapaði einnig að verulegu leyti þessari valdaaðstöðu, a. m. k. um sinn.

Út af staðhæfingum ræðumanna Alþfl. um það, að Sósfl. hafi fallizt á þessa samninga við Sjálfstfl. um niðurskurð tryggingganna, skal tekið skýrt fram, að það er gersamlega rangt. Sósfl. flutti þvert á móti till. um aukin hlunnindi hinna tryggðu og þar með aukin útgjöld tryggingganna, og flokkurinn stóð fast á þessum till. sínum frá því fyrsta til hins síðasta, þótt þær því miður næðu ekki fram að ganga. Þannig lagði Sósfl. til, að allar lífeyrisgreiðslur tryggingganna yrðu hækkaðar um 25%, og Sósfl. lagði alveg sérstaka áherzlu á, að ekkjubæturnar yrðu ekki felldar niður, heldur yrðu þær, eins og aðrar lífeyrisgreiðslur, hækkaðar um 25%, og sami réttur og ekkjunum yrði þannig ákveðinn skyldi einnig ná til einstæðra mæðra, sem hefðu fyrir börnum að sjá. Enn fremur lagði Sósfl. til, að Tryggingastofnunin skyldi hækka lífeyri ekkna eða einstæðra mæðra um allt að helming, ef þær ættu við sérstaklega erfiðar heimilisástæður að búa, þannig að þær gætu ekki stundað atvinnu sér til framfæris. Sömuleiðis lagði Sósfl. áherzlu á, að iðgjaldagreiðslum hinna

tryggðu yrði komið fyrir með sanngjarnara hætti, þannig að þær yrðu að nokkru leyti hundraðshluti af tekjum — og hærri af tekjum yfir 25 þús. kr. Þetta náði ekki heldur fram að ganga. Hins vegar fékk Sósfl. því að lokum til leiðar komið, að sjúkratryggingin næði til smáframleiðenda með sama hætti og til launþega, en á því var nokkur munur samkv. ákvæðum frv.

Mér vinnst ekki tími til að drepa á fleiri mál. En í þingkosningum þeim, sem fram undan eru, mun Sósfl. óhræddur leggja afstöðu sína til hinna mikilvægu framfaramála, sem á döfinni eru, undir dóm kjósendanna — og þá fyrst og síðast afstöðu sína til þess máls, sem er grundvöllur alls frama íslenzku þjóðarinnar, þ. e. óskerts sjálfstæðis hennar, stjórnarfarslega og efnalega.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. landbrh. talaði hér nokkuð áðan um afrek stjórnarinnar í landbúnaðarmálum. Hann nefndi þar m. a. lögin um búnaðarráð og búnaðarmálasjóð, sem hann taldi góð mál. Um búnaðarmálasjóðinn ætla ég að leyfa mér að vitna hér til ummæla Ólafs Jónssonar, framkvæmdastjóra Ræktunarfélags Norðurlands á Akureyri, í grein í blaðinu „Dagur" í þessum mánuði. Ólafur Jónsson segir þar m. a. um búnaðarmálasjóðinn, með leyfi hæstv. forseta:

„— — en öll meðferð meiri hlutans á þessu máli sýnir ótrúlega rætni og siðleysi, sem hlýtur að vekja hjá mönnum þá skoðun, að meðan slíkt hugarfar sé ráðandi í þingsölunum, sé öruggast að eiga sem minnst undir stofnuninni."

Og enn segir þessi búnaðarfrömuður í grein sinni:

„— — ef dæma skal eftir þeirri meðferð, sem búnaðarmálasjóðurinn hefur hlotið hjá stjórnarmeirihlutanum, verður síðferði hans ekki metið á marga fiska."

Eftir ofbeldisaðgerðir stjórnarliðsins gegn bændum landsins með lögunum um búnaðarráð og búnaðarmálasjóð, þarf meira en lítið blygðunarleysi til að storka bændum með því að kasta því að þeim, að vandamál þeirra hafi verið vel og viturlega leyst, en þetta hafa báðir hv. þm. Sjálfstfl. og fleiri leyft sér að gera í þessum umræðum.

Mér fannst það vanta tilfinnanlega í ræðu hv. 7. landsk. þm., Ásmundar Sigurðssonar, sem talaði hér áðan, að hann lýsti fyrir verkamönnum þessa lands þeirri sælu, sem þeir mættu vænta, þegar núverandi stjórnarflokkar eru búnir að færa þeim gjafir, líkar þeim, sem bændastéttin hefur fengið með lögunum um búnaðarráð og búnaðarmálasjóð. En í sambandi við búnaðarráðslögin tel ég ástæðu til að bera fram nokkrar spurningar til hæstv. landbrh. og hv. 7. landsk. þm., Ásmundar Sigurðssonar, sem er einn af búnaðarráðsmönnum ríkisstj.

1. Er það satt, sem ég hef heyrt, að kjötbirgðir í landinu hafi 1. þ. m. verið 1000 tonnum meiri en á sama tíma í fyrra?
2. Er það rétt, að búnaðarráð hafi allt til þessa neitað um útflutningsleyfi fyrir freðkjöt, enda þótt sannfróðustu menn telji, að flytja þurfi út minnst 600 tonn, og þó helzt allt að 1000 tonnum, svo að unnt verði að selja nautakjöt og hefja sumarslátrun á hæfilegum tíma?
3. Hvað hyggst stj. fyrir í þessum málum? Ætlar hún að láta geyma kjötbirgðirnar, e. t. v. fram á haust, láta þær liggja undir skemmdum vegna geymslu um langan tíma og þvælast fyrir framleiðslu þessa árs?
4. Eða þorir hún ekki, eftir allt skrumið og loforðin um, að allt muni seljast upp og verðið til framleiðenda verða hærra en nokkru sinni áður, að viðurkenna þær staðreyndir, að hvorugt þetta tekst? Verulegt kjötmagn verður að flytja úr landi, og við það lækkar verðið til bænda til stórra muna, því að stjórnarflokkarnir hafa synjað þeim um útflutningsuppbætur.

Hæstv. atvmrh., Áki Jakobsson, talaði hér í gær, m. a. um heildsala. Hann sagði, að það væri óhæfa, hvernig þeir sætu á rétti annarra og rökuðu saman milljónagróða á kostnað atvinnuveganna. Hann hefur ympað á slíku fyrr síðan hann varð ráðherra, við hátíðleg tækifæri, og fyrst í Borgarnesi haustið 1944, þar sem hann gaf fyrirheit um óvenjulegar aðgerðir gegn heildsölunum. Og í blaði hans, Þjóðviljanum, hefur nokkrum sinnum verið vikið að heildsölunum í svipuðum tón. En fáir munu taka þessi skrif Þjóðviljans og skraf hæstv. ráðh. alvarlega, því að mönnum er ljóst, að þyturinn er aðeins í nösunum. Þeim er engin alvara með þetta og ráðh. Sósfl. eru alveg jafnsekir hinum ráðherrunum um það ólag, sem er á verzlunarmálunum.

Það er næsta broslegt að lesa sumt af þessum skrifum Þjóðviljans um verzlunarmálin. Einu sinni í vetur var því t. d. lýst þar, hvernig heildsalarnir dragi til sín milljónatugi í verzlunargróða, og sagt, að þeir séu verðlaunaðir fyrir að auka dýrtíðina sem mest, og síðan segja loddararnir, að þessu fargi þurfi að létta af þjóðinni strax og byrja baráttuna gegn dýrtíðinni fyrir alvöru!! Þetta var meðan verkfallið stóð yfir hér í Reykjavík, og glöggt mátti lesa milli línanna í Þjóðviljanum, að ef heildsalar og aðrir atvinnurekendur vilji hækka kaupið, þá megi allt kyrrt liggja, þá megi heildsalafargið fá að liggja áfram á þjóðinni — — og framleiðslan fá að borga. Jafnvel Morgunblaðið getur ekki orða bundizt um þennan leikaraskap kommúnista. Þar segir svo 22. jan. í vetur, með leyfi hæstv. forseta: „og eru þó auðsæ óheilindin í árásum þeirra á heildsalana af því, að vitað er, að þeir taka fegins hendi við hverjum heildsala, jafnvel þótt af lökustu tegund sé, er vill ganga í þeirra flokk og með þeim vinna. Kommúnistar koma þeim í hvers konar trúnaðarstöður og hlaða undir þá á alla vegu." Þetta segir blað samstarfsflokks þeirra. Það er líka kunnugt, að nýir heildsalar í flokki kommúnista eiga auðvelt með að fá hlutdeild í innflutningnum.

Hæstv. ráðh., Áki Jakobsson, talaði um, að heildsalarnir héldu hlunnindum, sem þeir hefðu öðlazt í stjórnartíð framsóknarmanna. Hér er öllu snúið öfugt. Á þeirri tíð höfðu samvinnufélögin möguleika til þess að fá aukinn vöruinn-

flutning eftir því, sem þeim mönnum fjölgaði, sem vildu kaupa vörur sínar sjálfir með þátttöku í félögunum. En eftir að framsóknarmenn hættu að ráða þessum málum, var reglunum um úthlutun innflutningsleyfanna breytt svo, að mjög var þrengt að verzlunarsamtökum almennings og vaxtarmöguleikum þeirra lokað. Þannig er ástandið nú, að kaupfélögin verða af þessum sökum árlega að kaupa vörur fyrir stórfé af keppinautum sínum. Segja má, að verzlunin sé seld á leigu, eins og fyrr á tímum, þegar verzlunarhættir voru hér illræmdastir, og hæstv. fjmrh., Pétur Magnússon, sem snemma í vetur þóttist ætla að gefa verzlunina að miklu leyti frjálsa með nauðsynjavörur frá löndum, sem taka borgun í sterlingspundum, hefur enn engar ráðstafanir gert í þá átt. Hvað veldur? Sennilega er þetta að yfirlögðu ráði gert, til þess að halda verzluninni í sömu fjötrunum, svo að þeir, sem eru í náðinni hjá yfirvöldunum, þurfi ekki að óttast samkeppni frá öðrum.

Á þessu öllu bera ráðherrar Sósfl. og Alþfl. fulla ábyrgð með Sjálfstfl., þótt þeir reyni annað veifið með blekkingum að villa mönnum sýn um þetta. Hér eru samningar á bak við, milli sjálfstæðismanna og kommúnista, um það, að ekkert skuli hreyft við stríðsgróðanum, gegn því, að kommúnistar fái að auka dýrtíðina í sífellu í því skyni að íþyngja aðalatvinnuvegunum og gera þá ósjálfbjarga, en það telja þeir með réttu auðveldustu leiðina til þess að kollvarpa þjóðskipulaginu.

Hv. 11. landsk. þm., Sigurður Thoroddsen, talaði hér í gærkvöld m. a. um raforkumál. Hann hélt því fram, að frv. það, sem meiri hl. raforkumálanefndar samdi og lagði fyrir síðasta Alþ., hefði verið gallað og ekki nothæft. En hvernig var það plagg, sem hann lét frá sér í fyrrahaust og kallaði nál. frá minni hl.? Það var nú ekki svo merkilegt, að hv. þm. færist að láta mikið. Þar örlaði ekki á till. um framkvæmdir, en nóg var þar af skætingi um samnm. hans.

Með ályktun um raforkumál, sem samþ. var á sumarþinginu 1942, var sú stefna mörkuð, að ríkið kæmi upp rafveitum og að raforkan skyldi ekki seld hærra verði í sveitum en í stærstu kaupstöðunum á hverjum tíma. Í frv. því, sem meiri hl. mþn. í raforkumálum samdi og lagt var fyrir Alþ. 1944, var, í samræmi við þetta, ákvæði um sama rafmagnsverð um allt land frá væntanlegum ríkisrafveitum. En í því frv., sem ríkisstj. lagði fyrir þetta þing og nú er orðið að lögum, var hins vegar vikið frá þessari áður yfirlýstu stefnu Alþ. Gerð var tilraun til að fá þetta lagfært, en brtt. við frv. um, að verðið á raforkunni frá ríkisrafveitunum skyldi vera hið sama um land allt, voru felldar af þm. stjórnarflokkanna. Þar með hafa þeir runnið frá þeirri stefnuyfirlýsingu í málinu, sem þeir ásamt okkur framsóknarmönnum gáfu út á sumarþinginu 1942.

Hæstv. ráðherrar og hv. þm. stjórnarflokkanna, sem hér hafa talað, og þó einkum ræðumenn Alþfl., hafa rætt mjög um nýafgreidd lög frá þinginu, sem nefnast lög um almannatryggingar. Lagasetning þessi var undirbúin af mþn., og í grg., sem fylgdi frv., var því yfir lýst, að samkv. ákvæði í stjórnarmyndunarsamningi stjórnarflokkanna haustið 1944 skyldi komið á fullkomnu kerfi almannatrygginga, er nái til allrar þjóðarinnar, án tillits til stétta eða efnahags. Þetta er síðan endurtekið tvisvar í grg. En þótt því sé þannig þrisvar sinnum yfirlýst í grg. frv., að tryggingarnar eigi að ná jafnt til allra án tillits til stétta eða efnahags, þá er mjög langt frá því, að tryggingalögin, sem nú hafa verið samþ., séu þannig úr garði gerð. Með ýmsum ákvæðum l. er þvert á móti svo freklega gert upp á milli manna, og mikill hluti þjóðarinnar slíkum rangindum beittur, að óþolandi er með öllu. Skulu nefnd hér dæmi um þetta.

Samkv. lögunum er réttur manna til sjúkrabóta mjög misjafn, þótt nokkur lagfæring fengist á þeim ákvæðum frv. fyrir baráttu framsóknarmanna. Sama er að segja um slysabæturnar. Þeir, sem vinna hjá öðrum, eru slysatryggðir án þess að þurfa nokkuð að borga fyrir þá tryggingu sérstaklega, en hinir, sem starfa sjálfstætt eða hafa menn í vinnu, fá engar slysabætur, þótt þeir verði fyrir slysum, nema þeir kaupi sér slysatryggingu fyrir sérstakt gjald. Í þeim hópi eru t. d. allir bændur landsins. Þm. stjórnarflokkanna stóðu sem einn maður gegn leiðréttingu á þessu ósamræmi.

Meðan lögin eru þannig, að fjöldi manna í landinu nýtur ekki þeirra réttinda, sem þau veita öðrum, er alls ekki uppfyllt það fyrirheit, sem stjórnarflokkarnir gáfu við stjórnarmyndunina á „plötunni" og nefnt er þrisvar í grg. tryggingafrv., að hér skyldu sett lög um tryggingar fyrir alla, án tillits til stétta eða efnahags. Þetta loforð „plötunnar" er eitt af mörgum, sem ekki hefur verið efnt. Og meðan tryggingalögin eru svo sem nú eru, er það vitanlega fullkomið rangnefni að nefna þau lög um almannatryggingar.

Hér verður nefnt eitt dæmi um það misrétti, sem stjórnarflokkarnir hafa lögfest í tryggingalögunum. Samkv. 34. gr. laganna á að greiða konum fæðingarstyrk, þegar þær eignast börn. En þannig eru ákvæði gr., að konur, sem vinna utan heimila sinna, geta fengið allt að kr. 500,00 við hverja barnsfæðingu, en hinar, sem starfa heima, fá aðeins 200 kr. Framsóknarmenn reyndu að fá þessu breytt, þannig að öllum konum yrði greitt jafnmikið við barnsfæðingar, kr. 300,00, hvort sem þær vinna utan heimilis eða ekki. En þm. felldu þessa brtt. framsóknarmanna og bera sameiginlega ábyrgð á ranglætinu, sem þarna er í lög tekið. — Það lítur út fyrir, að þm. stjórnarflokkanna telji það heppilegra, að konur vinni utan heimila sinna og feli barnaheimilum eða öðrum forsjá barna sinna á meðan, heldur en að þær helgi heimilunum og barnauppeldinu krafta sína. Annars færu þeir tæplega að verðlauna sérstaklega þær mæður, sem vinna utan heimila sinna, með því að veita þeim hærri fæðingarstyrki en öðrum. Hitt er áreiðanlega álit margra, að þjóðfélaginu sé hollast, að konurnar verji kröftum sínum fyrst og fremst til þess að annast uppeldi barna sinna og í þágu heimilanna, eins og þær hafa gert á liðnum öldum. Þess vegna mun þeim ójöfnuði, sem stjórnarflokkarnir á þingi hafa hér sýnt öllum þeim konum, sem starfa að þessum þýðingarmestu viðfangsefnum í

þjóðfélaginu, uppeldi barnanna og verndun heimilanna, verða kröftuglega mótmælt um land allt.

Framsóknarmenn viðurkenna, að tryggingarnar séu merkilegt mál, en þeir vildu fresta afgreiðslu þess í þetta sinn, vegna þess að þeir töldu óhjákvæmilegt að athuga betur fjárhagsgrundvöll málsins, kynna þjóðinni það og sníða af því þá mörgu vankanta, sem á því eru.

Mikið af tali hæstv. ráðh. og annarra ræðumanna stjórnarflokkanna nú í umr. snerist um nýsköpunina, sem svo er nefnd. Hæstv. forsrh. taldi fyrstur fram alla dýrðina. Ræðumenn beggja hinna stjórnarflokkanna hafa tekið þetta samvizkusamlega upp eftir honum. Innihaldið í ræðum hv. Alþýðuflokksmanna um nýsköpunina var það, að allt þetta væri nú bara framhald af því, sem Alþfl. hefði unnið að í 30 ár, oftast í samstarfi við Framsfl., en Alþfl. hefði nú tekizt að beita hæstv. forsrh. (ÓTh) fyrir vagn sinn, með því að styðja hann til forsætisráðherradóms. En hv. ræðumenn kommúnista komu líka með sína skýringu á undrunum og stórmerkjunum, og hún var sú, að ræða, sem hv. 2. þm. Reykv. (EOl) hefði flutt á Alþ. í sept. 1944, hefði í raun og veru skapað þetta allt saman. Mikið væri þjóðin nú sjálfsagt illa á vegi stödd, ef ræðan hefði aldrei verið flutt.

En hver er rétta skýringin á því, að landsmenn eru nú að kaupa ný framleiðslutæki og hafa meiri fjárráð til þess en áður? Hún er sú, að áður en hæstv. núv. ráðh. settust í valdastólana, var þjóðin búin að safna nokkrum hundruðum millj. kr. í erlendum gjaldeyri vegna styrjaldarinnar. En það er ekki ófróðlegt, þegar hæstv. ráðh. eru að grobba af þessu og eigna sér allt þetta fé og þá hluti, sem fyrir það eru keyptir, að athuga framkomu þeirra sumra á þeim tíma, sem þessir fjármunir voru að safnast saman.

Á fyrstu árum stríðsins kölluðu kommúnistar þá menn landráðamenn, sem gerðu þá viðskiptasamninga og beittu sér fyrir þeirri viðskiptastefnu, sem færði Íslendingum það mikla fjármagn, sem þeir kommúnistar guma nú mest af, að verið sé að verja til nýsköpunar. Í ársbyrjun 1941 sagði Þjóðviljinn, að setuliðsvinnan væri glæpsamleg ráðstöfun á íslenzku vinnuafli, og þá krafðist hann þess, að íslenzk skip væru látin hætta algerlega að flytja fisk til Bretlands. En á þessu tvennu, setuliðsvinnunni og fisksölunni til Breta, byggðist fjársöfnun Íslendinga fyrst og fremst. Þessi fjársöfnun átti sér því stað vegna þess, að kommúnistar fengu þá engu ráðið í málum þjóðarinnar og ráð þeirra voru einskis metin af öllum. En auðvitað snerust þeir eins og vindhani á burst jafnskjótt sem úti var um vinskap Stalins og Hitlers, svo sem kunnugt er.

En það er ástæða til að athuga lítið eitt þessa upptalningu hæstv. forsrh. og annarra ræðumanna stjórnarflokkanna á því, sem þeir telja sín verk. Eru það þá fyrst þau afrek þessa þings, sem þeir hafa talið fram. Um raforkumálið hef ég áður getið. Framsóknarmenn studdu það, en reyndu að fá á því leiðréttingar. Lögin um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum eru að verulegu leyti byggð á eldri löggjöf og till., sem framsóknarmenn hafa gert um þessi mál. Framsóknarmenn á þingi beittu sér fyrir framgangi málsins, og stjórnarflokkarnir sáu sér ekki annað fært en að vera með málinu. Við framsóknarmenn reyndum að fá lagfæringar á málinu, t. d. með því að koma þar inn heimild til að veita nokkra endurbyggingarstyrki, eins og gert hefur verið á undanförnum árum, en þá till. felldi stjórnarliðið. Stjórnarflokkarnir settu inn í þessi l. ákvæði, sem eru hliðstæð ákvæðum 17. gr. jarðræktarl. og annarra laga, sem voru felld úr gildi fyrr á þessu þingi. Stjórnarliðið hindrar það, að frv. framsóknarmanna um breyt. á Ræktunarsjóðslögunum og jarðræktarlögunum nái fram að ganga, og sitt eigið Ræktunarsjóðsfrv. eru þeir nú að láta daga uppi. Þetta er í þriðja sinn, sem þeir hindra framgang jarðræktarlfrv.

Stjfrv. um aðstoð við húsabyggingar í kaupstöðum og kauptúnum var að verulegu leyti byggt á áður fram komnu frv. framsóknarmanna, enda stutt af þeim, en stjórnarliðið felldi brtt. framsóknarmanna, sem stefndu að því að gera byggingarnar ódýrari og viðráðanlegri öllum almenningi en þær eru nú. Skólalöggjöfin er byggð á undirbúningsstarfi mþn., sem skipuð var á sínum tíma eftir till. framsóknarmanna. Því miður tókst kommúnistum að koma sínu marki á þessa löggjöf að nokkru leyti, og mjög til skemmda á málunum, m. a. með því að kúga nokkra þm. Sjálfstfl. til þess að ganga á móti till., sem þeir höfðu áður samþ., um einstök atriði. — Um hafnarlögin var enginn ágreiningur milli flokka, ekki heldur um Skagastrandarmálið. Um tunnuverksmiðjuna og niðursuðuverksmiðjuna var ekki annar ágreiningur en sá, að framsóknarmenn vildu fela síldarútvegsnefnd og síldarverksmiðjustjórn yfirstjórn þeirra, í stað þess að stofna þarna til margra óþarfra embætta, en það mátti stjórnarliðið ekki heyra nefnt, heldur stofnaði það embættin. — Framsóknarmenn fylgdu frv. um Austurveg.

Hæstv. forsrh. og fleiri tala mjög um, að svo og svo mörgum millj. kr. af ríkisfé eigi að verja á komandi árum í þetta eða hitt, samkv. nýjum lögum. En hvort þetta verður framkvæmanlegt eða ekki, fer vitanlega eftir því, hvort upp verður tekin ný stefna í fjármálum, eins og hæstv. fjmrh. viðurkenndi fyrir einu ári, að þyrfti að gera. Verði það ekki gert, verða mörg nýju lögin aðeins pappírsgögn, óframkvæmanleg og engum að notum.

En hvað er að segja um framkvæmdirnar, sem hæstv. ráðh. hrósa sér af? Stj. þaut til og gerði samninga um smíði á 30 togurum, í fumi og fyrirhyggjuleysi, og upplýst hefur verið, að hún kaupir þessi skip miklu hærra verði en útgerðarmönnum í Bretlandi dettur í hug að borga fyrir togara. Það á eftir að upplýsast, hvað stj. hefur eytt mörgum milljónum eða milljónatugum af fé þjóðarinnar að óþörfu, með því að kaupa þessi skip fyrir hærra verð en þurft hefði að borga, ef skynsamlega hefði verið að unnið. Stj. hélt því fram í haust, að þessa samninga hefði þurft að gera strax, því að öðrum kosti hefðu Íslendingar engin skip getað fengið á næstu árum. Þá strax var dregið í efa, að þetta væri rétt, og nú

er það afsannað með ummælum hæstv. atvmrh., Áka Jakobssonar, sem m. a. hældi sér af því í gærkvöld, að hann hefði nýlega fengið tilboð um kaup á 10 dieseltogurum. En meðal annarra orða: Hvers vegna er hæstv. stj. nú að afla tilboða í dieseltogara, fyrst hún taldi sjálfsagt fyrir hálfu ári síðan að kaupa 30 gufutogara? Hefur hún síðan komizt að þeirri niðurstöðu, að það sé rétt, sem ýmsir fróðir menn á þessu sviði hafa sagt, að heppilegra hefði verið að kaupa dieseltogara í stað þeirra, sem stj. samdi um smíði á á síðastliðnu ári? Er það máske þannig, að þessir 30 margnefndu stjórnartogarar séu orðnir úreltir áður en smíði þeirra er hálfnuð?

Þá eru það bátarnir. Hæstv. stj. er nú að láta smíða báta, sem verða helmingi dýrari en innfluttir nýir bátar. Þannig er þetta, þrátt fyrir dugnað íslenzkra skipasmiða. Verðbólgustefna stj. er búin að leika þá svo grátt, eins og framleiðendurna, að framleiðsla þeirra er ekki samkeppnisfær við annarra þjóða iðnað, hvað verð snertir. Og það er til marks um ráðleysi stj. í þessu máli, að hún hefur fengið útlendinga til að vinna að skipasmíðum hér í Landssmiðjunni í Reykjavík, en vegna dýrtíðarinnar hér verður vinna þeirra helmingi dýrari en verða mundi, ef þeir ynnu í heimalandi sínu. Þann mismun verður ríkissjóður eða útvegsmenn að bera. Fyrst stj. fær útlendinga til að vinna að þessu, á vitanlega að láta þá vinna að smíðunum heima hjá sér, þar sem iðnaður þeirra er helmingi ódýrari en hér. Það er ekki að furða, þótt hæstv. atvmrh. sé upp með sér af þessari ráðsmennsku.

Aðalefnið í ræðu hæstv. ráðh. og stuðningsmanna þeirra hér er grobb yfir þeim framkvæmdum, sem nú er unnið að fyrir það fé, sem þjóðin eignaðist áður en þeir komust til valda. Það er gamla sagan, að „sér eignar smalinn féð, þótt enga eigi hann kindina". En slíkir smalar sem þessir mundu reknir úr vist hjá hverjum bónda, því að þeir eru alltaf að týna af fénu. Með ýmsum óviturlegum ráðstöfunum og sérstaklega með viðhaldi dýrtíðarinnar hefur stj. gert allar framkvæmdir dýrari en þurfti að vera og sóað þannig fjármunum í ríkum mæli. En allt þetta á að dylja fyrir þjóðinni með príðúðuðum lofsöng þriggja flokka um afrek stjórnarinnar. Allt, sem gert er í landinu, á að vera hennar verk. Þegar bóndi kaupir nýja vél, þá er það tíundað af ráðherrunum sem nýsköpun stj., og þegar einstakir útgerðarmenn kaupa sjálfir fiskibáta í Danmörku, fyrir helmingi lægra verð en er á stjórnarbátunum, þá telur hæstv. atvmrh. það með í framkvæmdum stj. Með svona umsigslætti og sjálfshóli á að reyna að þagga niður alla réttmæta gagnrýni. Jafnframt leyfir hæstv. atvmrh. sér, fylgdarmaður hans, 11. landsk., og fleiri að halda því fram, að á næstu árum fyrir stríðið hafi ekkert verið gert til að afla nýrra framleiðslutækja. Þessar fullyrðingar stangast algerlega við skýrslur hagstofunnar, sem sýna, að á þeim árum var meira flutt inn af vélum og efni til nýrra framleiðslufyrirtækja en nokkurn tíma áður, þrátt fyrir markaðstöp og aðra erfiðleika. Hitt er vel skiljanlegt, að eftir að þjóðin hefur eignazt nokkur hundruð millj. kr. nú á stríðsárunum, hefur hún meiri möguleika en áður til að afla sér nýrra framleiðslutækja, og hún vill nota sér þessa möguleika. Þetta er ekki verk ríkisstj., síður en svo, því að með viðhaldi dýrtíðarinnar leggur hún stóra steina í götu þeirra, sem eru að brjótast í að afla sér nýrra tækja, þótt stj. hafi ekki enn tekizt að drepa allan kjark úr mönnum til framkvæmda og henni endist vonandi ekki aldur til þess.

Vafalaust halda stjórnarflokkarnir áfram skrumi sínu fram til kosninga. Hæstv. forsrh. og hans menn halda áfram að dásama stjórnarmyndunarsáttmálann, „plötuna" svonefndu, ráðherrar Alþfl. þau viturlegu skilyrði, sem þeir hafi þrengt upp á hina flokkana, þegar stj. var mynduð, og ráðherrar sósialista ræðuna í sept. 1944. En vel má búast við, að stuðningsmenn hæstv. stj. verði ekki á eitt sáttir um það, hvert af þessu þrennu sé nú mikilfenglegast, platan, skilyrðin eða ræðan. En allt þetta tal hæstv. ráðh. er þekkt fyrirbrigði í þjóðlífinu. Raupsamir menn hafa verið til á öllum öldum. Frá einum af þessum andlegu frændum hæstv. ráðherra er sagt í Njálu. Sá hét Björn, og bjó í Mörk. En af frásögninni er ljóst, að hann hefur að sumu leyti verið hæstv. ráðh. miklu fremri. Hann hefur verið miklu meiri búmaður og kunnað betur með fjármuni að fara. Hins vegar virðast hæstv. ráðherrar honum jafnsnjallir í sjálfshólinu. „Svá mun þér reynast, at ek mun ekki vera hjátækur í vitsmunum, eigi síður en í harðræðunum", mælti Björn til Kára. Menn hafa vafalaust fundið skyldleikann, þegar hæstv. forsrh. var í gærkvöld að tala um viðreisnarstarf ríkisstj. í andlegum og veraldlegum efnum. „Ek mun bera mér vitni um það hver garpur ek em", mælti Björn öðru sinni. Hæstv. ráðh. hafa líka óspart borið sjálfum sér vitni. Þessi fáu orð Bjarnar í Mörk eru í raun og veru alveg eins innihaldsrík og allar ræður hæstv. ráðh. til samans í þessum umræðum. Björn er bara svona miklu fáorðari og gagnorðari. En þegar íslenzka þjóðin athugar í ró og næði allan fagurgala hæstv. stj. um lagasetningu, sem aðrir hafa að eins miklu leyti að unnið, og um nýjar framkvæmdir fyrir peninga, sem aðrir hafa aflað, þá býst ég við, að margir taki sér í munn orð hinnar ágætu og raunsæju húsmóður í Mörk, er hún mælti, þegar Björn bóndi hennar raupaði sem ákaflegast:

„Troll hafi þitt hól ok skrum."

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Flestar stjórnir, sem myndaðar hafa verið á Íslandi, hafa verið flokksstjórnir, eða því sem næst. Einn flokkur eða tveir með skyldar stefnuskrár hafa tekið völdin og stjórnað í harðri baráttu við andstæðinga, sem byggt hafa á gerólíkri stjórnmálastefnu. Myndun núv. ríkisstj. var með allt öðrum hætti. Stjórnin er ekki flokksstjórn, hún er ekki vinstri flokka stjórn og ekki hægri flokka stjórn. Hér tóku menn höndum saman með hin sundurleitustu sjónarmið um þjóðskipulagið. En í samstarfinu hefur sjónarmiðið verið eitt: Alhliða endurreisn og nýsköpun atvinnulífsins, með því markmiði að skapa hér betra þjóðfélag. Stjórnarmyndunin var sameiginlegt átak þjóðfélagsaflanna, frá hægri og vinstri, frá öllum

stéttum, stærsta átak til að tryggja velmegun Íslendinga, sem saga okkar greinir frá.

Um þetta samstarf hafði Sjálfstfl. forgöngu sem stærsti flokkur þings og þjóðar, á grundvelli þeirrar ályktunar, sem landsfundur sjálfstæðismanna 1943 gerði, — að flokkurinn beiti sér fyrir sem víðtækastri stjórnmálasamvinnu og myndun þingræðisstjórnar. Þessi stórmerka stjórnarmyndun var fyrst og fremst að þakka lagni og ötulleik hæstv. núv. forsrh.

Við hefðum helzt kosið, að allir þingflokkar hefðu staðið að þessu samstarfi, en Framsfl. valdi sér það hlutskipti að skipa sér í stjórnarandstöðu og hefur rekið hana með óskiljanlegri heift. En sú stjórnarandstaða er allt annars eðlis en stjórnarandstaða hefur áður verið. Nú er hún ekki fólgin í djúptækum ágreiningi um þjóðskipulagið. Það er ekki deilt um þjóðnýtingu, ríkisrekstur, einstaklingsrekstur eða samvinnurekstur. Hv. þm. Str., Hermann Jónasson, vildi jafnvel halda því fram í gær, að um endurnýjun framleiðslunnar væri ekki heldur neinn ágreiningur. En í hverju er þá stjórnarandstaðan fólgin? Hún er ekki stefna. Hún er nart og aðfinningar út af sérhverju því, sem vonsviknir menn, er misst hafa af strætisvagninum, geta í önuglyndi sínu fundið upp til að setja út á. Þetta kom greinilega fram í ræðu hv. þm. Str. í gær, og sannaðist átakanlega í ræðu síðasta ræðumanns, Skúla Guðmundssonar.

Þm. Str. rökstuddi vantraustið með því, að Alþ. sæti svo lengi að störfum, — að hæstv. forseti hefði ekki tekið einhverja till. hans á dagskrá, — að formaður í einhverri nefnd hefði dregið að skila áliti um eitthvert frv., — að bæjarstjórn Reykjavíkur hefði látið braskara fá lóðir, — að sérfræðingur í stjórnarskrárnefnd hafi ekki afhent skýrslu, — að það hafi gerzt, sem var óþekkt fyrirbrigði í stjórnartíð hv. þm. Str., að stofnaðar hefðu verið nýjar nefndir og stöður, — að togararnir væru of dýrir, — að þessi nýsköpun væri þegar orðin úrelt, eins og hann komst að orði, — að hæstv. landbrh. Pétur Magnússon, og hæstv. forseti, Jón Pálmason, séu svo vondir við bændur, — og svo kom höfuðsyndin, þegar þm. Mýr. fyrir hönd Framsfl. sagði með heilagri vandlætingu, að stjórnarflokkarnir væru að rægja milli landbúnaðar og sjávarútvegs!

Ég hygg, að leitun sé meðal mennskra manna að jafninnantómri og botnlausri stjórnarandstöðu sem þeirri, er Framsfl. heldur uppi. Engin heilsteypt stefna, aðeins andúð gegn framfaramálunum, — ábyrgðarlaus yfirboð. Ef kjötverðið er ákveðið kr. 10,85, þá heimta þeir 12 til 13 kr. Ef ríkisábyrgð fyrir samvinnubyggingarfélög er hækkuð upp í allt að 75%, þá heimta framsóknarmenn 85%. Og svo nart og nudd. Í sveitunum gera framsóknarmenn sér mestar vonir með því að nudda sér utan í nokkra þm. Sjálfstfl., sem ekki styðja stjórnina. Nú virðast framsóknarmenn hafa ákaflega mikið traust á hv. þm. Borgf., Pétri Ottesen, og á þm. Skagf., Jóni á Reynistað. Ég held, að álit þeirra á forsprökkum Framsfl. hafi nú ekki alltaf verið að sama skapi. Ég leyfi mér að lesa hér upp lýsingu hins merka þm. Borgf., Péturs Ottesens, á öðrum formanni Framsfl., Eysteini Jónssyni, lýsingu, sem er prentuð í þingtíðindunum og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta, Pétur Ottesen segir um Eystein:

„Það er ekki meira gagns að vænta af honum til að ráða fram úr þeim erfiðleikum, sem að þjóðinni steðja nú, en maðksmognum rekadrumb, sem skolar á land norður á Hornströndum og liggur þar síðan sandorpinn að eilífu nóni."

Hv. þm. Str. minntist í gær á endurskoðun stjskr. Stjórnarflokkarnir sömdu um að hefja endurskoðun stjskr. í þeim tilgangi að treysta sem bezt lýðræðið og hið nýstofnaða lýðveldi, og að tryggja borgurunum ýmis mannréttindi í samræmi við kröfur nútímans. Þetta starf var hafið og hefur þegar borið mikinn ávöxt. Það hafa verið þýddar á íslenzka tungu margar erlendar stjórnarskrár og aflað þýðingarmikilla gagna og upplýsinga um stjórnskipun ýmissa merkustu lýðræðisríkja. Stjórnarflokkarnir hafa því staðið við það heit að undirbúa þetta mál. Hitt er ekkert aðalatriði, hvort ný stjórnlög eru sett árinu fyrr eða seinna. Og vegna mikilla anna við hin stórfelldu mál, sem þetta þing hefur haft til meðferðar, og til að vanda sem allra bezt til hinnar nýju stjskr., ákváðu stjórnarflokkarnir að flaustra málinu ekki af fyrir þessar kosningar.

Hv. þm. Str. sagði, að ég hefði ekki gefið skýrslu. Ég hef sem ráðunautur n. þegar látið henni í té miklar upplýsingar. Um utanför mína gaf ég ýtarlega, munnlega frumskýrslu í n., og mun að sjálfsögðu gefa frekari skýrslur þar, þegar starfið verður hafið á ný. En þegar stjórnarsamningurinn var gerður, fluttu framsóknarmenn þær fréttir út um allt land, að stjórnarflokkarnir hefðu samið um að breyta stjskr. nú við þessar kosningar, til að gera landið að einu kjördæmi. Náttúrlega var þetta uppspuni. En furðulegt er að heyra þá sömu menn, sem héldu því fram, ráðast nú á stjórnarflokkana fyrir að hraða ekki stjórnarskrárbreytingunni.

Vegna ummæla þm. Str. að öðru leyti verð ég að taka það fram, að hinar hæpnu till. framsóknarmanna um sérstakt stjórnlagaþing hafa mjög tafið störf stjórnarskrárnefndanna.

Þessi sami þm. minntist hér í gær á saltleysi í landinu, sem stj. væri að kenna. Útvarpsfréttir í kvöld, sem komu rétt áður en þessar umræður hófust, afsönnuðu þetta. Þar var upplýst, með skýrslu frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, að um áramót hefðu verið 8 þús. tonn í landinu. Síðan hefði ekki verið nema um helmingur þess notaður, og er nú von á næstunni á 4 þús. tonnum. Í landinu hefur því verið nægilegt af salti. Hitt er svo annað mál, að komið hefur fyrir, vegna flutningsörðugleika, að einstaka sjávarþorp hefur um stund vantað salt.

Þm. sagði, að togararnir hefðu verið keyptir með tvöföldu verði. Og hv. þm. V.-Húnv. sagði nú áðan, að þarna hefði *milljónatugum* verið eytt að óþörfu. Sannleikurinn í þessu máli er sá, að hin nýju tilboð, sem aflað hefur verið um 10 togara til viðbótar, sýna það, að nú hefði þessi *togarasmíði orðið upp undir 50% dýrari en sú*, sem samið var um.

Menn munu hafa veitt því athygli, að hæstv.

forsrh. talaði hér í gær fyrir hönd stj. sem stjórnarforseti, en ekki sérstaklega fyrir Sjálfstfl. En því brá við hjá sumum öðrum úr stjórnarflokkunum, að þeir vildu eigna sér tiltekin mál. Þetta skiptir ekki neinu aðalmáli, heldur hitt, að það er sameiginlegt átak allra stjórnarflokkanna að hafa hrundið fram þessum stórmálum, og þá ætti vitaskuld ekki að gleyma hlut stærsta flokksins. Ég vil nú leyfa mér út af þessu að drepa hér á tvö mál.

Hæstv. dómsmrh. minntist á það, að Sjálfstfl. hefði krafizt þess, að útgjöld til tryggingánna væru lækkuð um 3—4 millj. og ábyrgð ríkisins takmörkuð. Þetta er rétt. Hann sagði, að afleiðingin af þessu hefði orðið sú, að útfararstyrkur hefði verið felldur niður, ekknastyrkur lækkaður og fellt niður framlag til Atvinnustofnunar ríkisins. Það voru ekki till. Sjálfstfl. fremur en annarra flokka, að þetta væri gert. Eftir að Sjálfstfl. hafði sett sín sérstöku takmörk á því, hversu langt hann vildi ganga í útgjöldum ríkissjóðs, þá var tveim sérfróðum mönnum falið að gefa ábendingu um, hversu þessu yrði fullnægt. Þeir gerðu þær ábendingar, og eftir þeim var farið.

Um byggingarmálin vil ég taka það fram, að þau hafa fengið ágæta afgreiðslu nú. En minna má á það, að þótt Alþfl. hafi á sínum tíma beitt sér fyrir hinni merku löggjöf um verkamannabústaði, þá voru þau lög orðin úrelt. Á þingi 1942 fluttum við hv. þm. N.-Ísf., Sigurður Bjarnason, till. um endurskoðun laganna og vöktum aftur máls á því 1944. Hv. 6. þm. Reykv., Bjarni Benediktsson, flutti svo till. um þetta í fyrra. Vænti ég, að þetta hafi haft nokkur áhrif á gang þessara mála.

Hv. þm. Mýr., Bjarni Ásgeirsson, sagði í gær, að landbúnaðurinn væri olnbogabarnið hjá stjórnarflokkunum. Við skulum líta á staðreyndirnar. Hvað hefur verið gert fyrir landbúnaðinn, honum til hagsbóta á því eina og hálfa ári, sem stjórnarsamstarfið hefur staðið? Hæstv. fjmrh. gerði því svo glögg skil í ræðu sinni, að ég þarf aðeins fáu við að bæta.

Raforkumálin hafa lengi verið eitt stærsta hagsmuna- og hjartans mál fólksins í sveitum og við sjó. Sjálfstfl. hreyfði því 1929, undir forustu Jóns Þorlákssonar, að hefja undirbúning að rafveitum til almenningsþarfa um land allt. Framsóknarmenn svæfðu það mál. Sjálfstæðismenn beittu sér fyrir virkjun Sogsins, bæði fyrir Reykjavík og sveitirnar á Suðvesturlandi, og var beðið um ríkisábyrgð 1931. Framsóknarmenn rufu þá þingið og tilfærðu þetta sem eina af ástæðunum. Á þingi 1942 fluttum við fjórir þm. Sjálfstfl. frv. um raforkusjóð. Það var samþ., og í sjóðnum ætla ég, að sé nú um 13 millj. kr. Nú hefur Alþ. sett almenn raforkulög, sem skapa möguleika til að koma raforku um land allt og er stórkostlega þýðingarmikið, bæði fyrir sveitir, kauptún og kaupstaði.

Samgöngumálin eru jafnan eitt helzta áhugamál sveitanna. Aldrei hafa verið jafnstórfelldar framkvæmdir og verið veitt jafnmikið fé til vega, brúa og síma og nú.

Til þess að landbúnaðurinn geti dafnað og blómgazt og skilað meiri arði, er stóraukin tækni og vélanotkun nauðsynleg. Hvað hafa stjórnarflokkarnir gert í því máli? Síðan stjórnin tók við, hafa verið keyptar og pantaðar með atbeina nýbyggingarráðs landbúnaðarvélar fyrir 12 millj. 670 þús. kr. Er það fjöldi tegunda búskaparvéla. Enn fremur jeppabílar og vörubifreiðar fyrir rúmar 4 millj. og alls konar vélar og tæki önnur, svo að samtals hefur þetta á þessum stutta tíma numið milli 20 og 30 millj. Hv. þm. Mýr. sagði í gær: „Grundvallarskilyrði landbúnaðarins er aukin tækni.“ Sami maður segir, þegar hann veit um þessa stórkostlegu vélaútvegun fyrir landbúnaðinn: „Landbúnaðurinn er olnbogabarn stjórnarflokkanna.“ Nei, hér hafa bændur sjálfir og búnaðarfélögin svarað, með þátttöku sinni í þessari nýsköpun.

Á lögin um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum hefur hæstv. ráðh. minnzt, og þarf ég ekki að tala um það frekar. Um jarðræktarlögin, jarðræktarstyrkinn og Ræktunarsjóð get ég einnig vísað til ræðu hæstv. ráðh. Sjálfstæðismenn hafa háð látlausa baráttu í 10 ár fyrir því að afnema hina illræmdu 17. gr. jarðræktarlaganna. Er nú loks sigur unninn. Þetta þing felldi 17. gr. úr lögum.

Frv. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar er nú orðið að lögum, og samkv. þeim skal verja 60—70 millj. kr. á næstu 10 árum úr ríkissjóði til ræktunar og bygginga í sveitum og lána þetta með 2% vöxtum til 42 ára.

Um þessi landbúnaðarmál sagði hv. þm. V.-Húnv., Skúli Guðmundsson, — allt þetta, öll þessi framfaramál eru byggð á till. framsóknarmanna. En má mér leyfast að spyrja: Hví í ósköpunum hefur þá Framsfl. ekki komið öllum þessum umbóta- og hugsjónamálum sínum í framkvæmd meðan hann var stærsti flokkur þingsins og hafði ráðin í hendi sinni? Þessi sami hv. þm. talaði um smala, sem ekkert væri nema grobbið og týndi fénu. Hann sagði, að slíkir smalar væru hjá hverjum góðum bónda reknir úr vistinni. Þetta er hárrétt. Það er búið fyrir hálfu öðru ári að reka Framsfl. úr vistinni.

Með skólafrv., sem samþykkt hafa verið, er stórlega létt undir með sveitunum að byggja skóla. Ríkið greiðir samkv. þeim til bygginga barnaskóla helming kostnaðar við heimangönguskóla í stað ⅓ áður, og ¾ við heimavistarskóla í stað helmings áður. — Ný lög hafa verið sett um húsmæðrafræðslu, sem auðvelda mjög héruðum að koma upp húsmæðraskólum.

En það má ekki skiljast svo við hagsmunamál landbúnaðarins, að ekki sé minnzt á hina stórfelldu eflingu skipastóls og sjávarútvegs, því að fyrir landbúnaðinn, sem hefur jafnan bezta markað sinn innanlands, er það hið mesta hagsmunamál, að fólkið við sjóinn, kaupendur landbúnaðarvaranna, fái aukna atvinnu og kaupgetu.

Þegar litið er yfir það, hvað stjórnarflokkarnir hafa gert í landbúnaðarmálunum á þessum stutta tíma, þá er ljóst, að það þarf talsverða skáldskapargáfu til að lýsa þessum aðgerðum svo, að landbúnaðurinn hafi verið olnbogabarnið, enda er hv. þm. Mýr., sem viðhafði þessi orð, skáld gott, eins og ræða hans í gær bar vott um.

Ég skal nú víkja að nokkrum helztu ádeiluefnum framsóknarmanna á stjórnarflokkana varð-

andi landbúnaðinn. — Um kjötverðið læt ég nægja að segja þetta: Það verður kannske ekki lengi í minnum haft, flest það, er hv. þm. Mýr. sagði í ræðu sinni í gær. En einu held ég, að seint verði gleymt af bændastéttinni. Hann, formaður Búnaðarfélags Íslands, réðst að hv. 2. þm. Rang., Ingólfi Jónssyni, fyrir það, að hann hefði sett kjötverðið of hátt haustið 1942. Framsóknarmönnum verður tíðrætt um, að bændur hafi með búnaðarráðslögunum verið sviptir réttinum til að verðleggja sjálfir vöru sína. Ég vil spyrja: Hvenær síðan 1934, þegar afurðasölulögin voru fyrst sett, hvenær hafa fulltrúar kosnir af sjálfri bændastéttinni ákveðið verð á kjöti, mjólk og öðrum landbúnaðarvörum? Aldrei í þau 10 ár, sem framsóknarmenn fóru með landbúnaðarmálin, frá 1934—1944. Það voru þrjár nefndir, sem ákváðu verðlagið. Og hvernig voru þær skipaðar? Kjötverðlagsnefndin: S. Í. S. tilnefndi einn, Sláturfélag Suðurlands og Kaupfélag Borgfirðinga einn, Landssamband iðnaðarmanna einn, Alþýðusambandið einn, oddamaðurinn, sá fimmti, skipaður af ráðherra. Mjólkurverðlagsnefnd: Tveir úr stjórn hlutaðeigandi mjólkurbús, tveir tilnefndir af bæjarstjórnum eða hreppsnefndum, sá fimmti skipaður af ríkisstj. Verðlagsnefnd garðávaxta: Einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, annar af Alþýðusambandinu og sá þriðji af Grænmetisverzlun ríkisins, sem er ríkisfyrirtæki.

1942 voru sett lög um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum, sem Framsfl. hefur mjög stært sig af. Þeim gerðardómi og síðar dómnefnd var m. a. falið að ákveða til fullnaðar um verð á landbúnaðarvörum. Var þessi gerðardómur kosinn af bændastéttinni? Í honum áttu sæti 5 menn, allir skipaðir af ríkisstj. án tilnefningar.

Nei, alla valdatíð framsóknarmanna höfðu bændurnir, bændasamtökin, ekki verðlagsvaldið, og fulltrúarnir, sem taldir voru fyrir bændurna, voru alltaf í minni hluta í hverri einustu nefnd. Og á þessum tíma var það aldrei orðað af framsóknarmönnum, að stéttarsamtök bænda skyldu fá þetta vald í hendur. Þetta vígorð þeirra um, að nú eigi stéttarsamtök bændanna að fá þetta verðlagsvald í sínar hendur, þetta vígorð er fundið upp eftir að framsóknarmenn hrökkluðust frá völdum, til þess að reyna að sá óánægju meðal bændanna og espa þá gegn stjórn viðreisnarinnar.

Þá er það búnaðarmálasjóðurinn. „Engin stétt hefur verið beitt öðru eins ofbeldi og bændastéttin í þessu máli," segja þeir. Hneykslunin hófst, þegar Alþ. lögfesti þennan skatt, sem ríkisvaldið sér um innheimtu á, eins og öðrum sköttum, og ákvað, að landbrh. þyrfti að samþykkja fjárveitingar úr sjóðnum. Út af því ætluðu framsóknarmenn að ærast. Og ekki síður nú, þegar lögfest var, m. a. eftir ósk stærsta búnaðarsambands landsins, að sjóðnum skyldi varið til framkvæmda búnaðarsambandanna sjálfra. Framsóknarmenn eru oft furðu gleymnir á sína eigin fortíð, og þeir treysta um of, að fólkið gleymi verkum þeirra. Saga Framsfl. í tvo áratugi hefur verið óslitin keðja af lögþvinguðum afskiptum af Búnaðarfélagi Íslands og árásum á sjálfstæði þess. Ég skal rifja upp þá sögu, fyrst minnið virðist gengið úr vistinni hjá þessum herrum.

Búnaðarfélagið hefur lengi notið styrks úr ríkissjóði á fjárl. Fram til 1928 var ekkert skilyrði sett, en þá, á fyrsta þingi, sem framsóknarmenn réðu, settu þeir inn í fjárl. það skilyrði, að ríkisstj. yrði að samþykkja fjárhagsáætlun félagsins. Þessu skilyrði héldu þeir alla tíð síðan, og það stendur enn, og enginn hneykslast á Árið 1936 vildu framsóknarmenn jafnvel færa sig upp á skaftið og fluttu till. um, að stj. þyrfti að samþykkja ráðningu allra starfsmanna Búnaðarfélagsins. Í jarðræktarlögunum gömlu var ákvæði, sem bændunum var mikill þyrnir í augum, að ríkisstj. skipaði meiri hluta í stjórn Búnaðarfélagsins. Hvernig stóðu framsóknarmenn þá um sjálfstæði Búnaðarfélagsins? Þeir fluttu aldrei till. um að breyta þessu. Það voru sjálfstæðismenn, sem börðust fyrir því. Árið 1935 var þetta ákvæði afnumið, og Búnaðarfélaginu leyft að kjósa sjálft alla stjórn sína. Hver flutti það frv.? Það var núverandi hæstv. forseti sameinaðs þings, Jón Pálmason, sem flutti það, og það fékkst samþykkt. En framsóknarmenn ýmsir grétu þetta ákvæði eins og horfinn ástvin. Og þeir hófu strax nýja herferð. Þeir fluttu breytingu á jarðræktarlögunum árið eftir, þar sem sagði m. a., að Búnaðarfélagið mætti ekki einu sinni ráða sér búnaðarmálastjóra, nema ráðherra samþykkti val hans. Hvar stóð núverandi formaður Búnaðarfélagsins, Bjarni Ásgeirsson, þá? Hann var hvorki meira né minna en frsm. þessa máls. Og þetta var tekið í lög, en fyrir óhvikula baráttu sjálfstæðismanna var það afnumið nokkru síðar. Hvernig getur það nú hvarflað að framsóknarmönnum, að þeir séu teknir alvarlega, þegar þeir með þessa fortíð telja það hið mesta ofbeldi, sem nokkurri stétt hafi verið sýnt, að Alþ. leyfir sér að ákveða, að búnaðarsambönd landsins skuli fá fé búnaðarmálasjóðs til jarðræktarframkvæmda? Nei, afstöðu framsóknarmanna er fljótlýst. Meðan þeir hafa völdin á Alþ., þá á þing og stjórn að ráða og stjórna Búnaðarfélaginu. Þegar framsóknarmenn hafa meiri hluta í Búnaðarfélaginu, gengur það glæpi næst, að Alþ. komi nærri nokkru máli þess. Meðan framsóknarmenn eru við stjórn, þá eru það stjórnskipaðar nefndir, en ekki bændur, sem eiga að ákveða verð á landbúnaðarvörum. Þegar framsóknarmenn eru ekki í stjórn, þá er það árás á helgasta rétt bænda, að stéttarsamtök þeirra skuli ekki ákveða verðið.

Nei, góðir hlustendur. Barátta Framsfl. mótast ekki af hagsmunum bænda, heldur af eigin valdastreitu hans og engu öðru. Starf hans er neikvætt. Það er andóf gegn framfaramálunum. Og hann hefur valið sér það illa hlutskipti að reyna að espa bændur gegn nýsköpuninni. Samlíking hv. þm. Mýr. frá í gær getur átt ákaflega vel við Framsfl. nú. Framsfl. er eins og afskorin jurt, sem lifað getur í vatnsglasi um stund, en ekki lengi. Og jafnvel gróðurhúsahlýjan frá Reykjum mun ekki megna að vekja þá plöntu til lífs á ný.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Góðir

áheyrendur. Mér var ekki vel ljóst, þegar þetta vantraust var borið fram, hvert tilefnið væri. Venjulega er vantraust borið fram í ákveðnum tilgangi, þ. e. a. s. til að koma þeirri ríkisstj., sem með völdin fer, frá, þannig að önnur stjórn geti tekið við, eða til að knýja fram kosningar. Það er augljóst af þeim umr., sem hér hafa farið fram, að hvorugt þetta var tilgangurinn. Kosningar fara fram nú innan tiltölulega skamms tíma, og engar líkur eru til þess, að vantraustið orki neinu um stjórnarfar landsins til þess tíma. — En fleira finnst mér undarlegt við þessar umr., sem hér hafa farið fram, heldur en þetta. Mér finnst þessar umr. að verulegu leyti snúast upp í vantraust á almannatryggingarnar og Tryggingastofnunina. Mér skilst sem ýmsir hafi haldið hér fram bæði í kvöld og gærkvöld, að hér sé um meingallaða löggjöf að ræða, þar sem lögfest séu rangindi og misrétti, og að það sé einn flokkur, Alþfl., sem skapi sér í sambandi við þessa löggjöf aðstöðu til pólitískra áhrifa á kostnað smælingja. Hitt hafa færri talað um, hvaða kosti þessi löggjöf hefur. Á það er minna minnzt. Nú skal ég játa, að það er ekkert furðulegt, þó að slíkur áburður, sem ég nefndi, væri borinn fram af stjórnarandstöðunni. Hins vegar hefði ég kosið, að meiri rök hefðu verið færð fram fyrir fullyrðingum í ádeilum út af þessari löggjöf og setningu þeirra en gert var.

Ég skal víkja nokkrum orðum að ádeilum þeim, sem hv. þm. V.-Húnv. flutti gegn tryggingalöggjöfinni, og sýna fram á, við hvað lítil rök þær styðjast.

Í fyrsta lagi sagði sá hv. þm., að mismunur væri gerður á atvinnurekendum og launþegum, þannig að biðtími atvinnurekenda sé lengri en launþega. En hann er ekki nema 3 vikum lengri. Og þetta skapast blátt áfram af þeim aðstöðumun, sem er hjá launþegum og atvinnurekendum. Launþegar flestir missa kaupgjald sitt hvern einasta dag, sem þeir eru frá vinnu vegna veikinda, og fá þeir ekki bætur, nema þeir missi af kaupi. Hins vegar er það svo um þorra atvinnurekenda, að tekjur þeirra breytast ekki fyrir því, þó að dagur og dagur falli úr um vinnu hjá þeim eða fáeinir dagar. Og hvergi sem ég þekki til — og þykist ég þekkja allvel til erlendra laga um þetta — hvergi er þar jafnlítill munur á biðtíma atvinnurekenda og launþega eins og eftir þessum l., enda væri lítt kleift að framkvæma slíka löggjöf í þessu atriði, ef hjá þessum mönnum væri biðtíminn jafnlangur.

Þá sagði hv. þm. V.-Húnv., að slysabætur séu aðeins greiddar þeim mönnum, sem taka laun, og finnst honum það misrétti. En ég vil benda á þá einföldu staðreynd, að það hefur verið viðurkennt í löggjöf hjá okkur og öðrum þjóðum um mörg ár, að greiðslu til trygginga vegna slysahættu, sem samfara er starfi, ber þeim að greiða, sem starfið reka. En atvinnurekendum er heimilt að tryggja sig á sama hátt með sömu kjörum, með því að inna af hendi sama gjald og þeir greiða fyrir sína eigin verkamenn.

Þá sagði hv. þm. V.-Húnv., að það væri misrétti, að ekki væri jafn fæðingarstyrkur til kvenna, heldur færi hann eftir því, hvort þær ynnu utan heimilis eða ekki. En hann gleymdi að geta þess, að í l. er tekið fram, að því aðeins fái þessar mæður fæðingarstyrk, þ. e. giftar konur, að menn þeirra geti ekki séð heimilunum farborða, þó að vinna þeirra falli niður. Og þessi styrkur kemur fyrst og fremst til greina í þeim tilfellum, þegar mæður, t. d. ógiftar, lifa af vinnu sinni.

Hv. þm. V.-Húnv. taldi, að meginástæðan til þess, að stjórnarandstaðan vildi drepa þetta mál nú, væri, að fjárhagsgrundvöllurinn væri ekki nógu traustur undir tryggingunum, málið væri ekki nægilega rannsakað og að hér væri lengra gengið í fjáreyðslu en eðlilegt væri og rétt. En einmitt þessir liðir, sem hann drap á, ef saman væru teknir í öllum tilfellum, mundu, ef aðstöðunni væri breytt eins og skilja mátti á hv. þm. V.-Húnv., að hann vildi, mundu leiða til stórfelldrar hækkunar á útgjöldum vegna tryggingalöggjafarinnar, sem ekki er hægt að segja fyrir fram, hve miklu mundi nema. Mér er því næst að halda, að þessar aðfinnslur allar viðkomandi tryggingalöggjöfinni og Tryggingastofnuninni af hálfu framsóknarmanna hafi verið fluttar meira til þess að sýnast og til þess að krydda matinn, verðbólgu- og hrunsönginn, sem þeir hafa sungið, og sé það gert til tilbreytingar frá því, sem áður hefur fram verið borið. Mig furðar því ekki svo mjög á þessu hvað snertir Framsfl., sem allur greiddi atkv. gegn tryggingalöggjöfinni nema Páll Zóphóníasson og Páll Hermannsson. Hitt má teljast furðulegra, að einn af samstarfsflokkum Alþfl. í ríkisstj., sem þykist bera hag almennings alveg sérstaklega fyrir brjósti, hefur sungið sama sönginn hér og Framsfl. — og enn þá illfyglislegri — í sambandi við setningu alþýðutryggingal., því að þau ummæli um það mál, sem þeir höfðu, hv. 4. landsk. þm. og hv. 11. landsk. þm., komu mér mjög á óvart, og voru þau sögð úr hörðustu átt og algerlega í ósamræmi við það, hvernig sá flokkur hefur að sumu leyti unnið að þessu máli hér í þinginu. — Hv. 11. landsk. byrjaði ræðu sína á því að segja, að Alþfl. gumaði mjög af því, að hann hefði átt frumkvæðið að öllum félagslegum umbótum í landinu á undanförnum árum. Ég vildi óska eftir, að sá hv. þm. benti á, hvaða umbætur það eru af þessu tagi, sem Alþfl. hefur ekki átt frumkvæði að. Hann reyndi ekki að benda á þær, — af því að það er ekki hægt. Þetta er staðreynd, sem ekki er hægt að berja niður með orðum einum, enda komu ekki fram hjá hv. 11. landsk. nein rök í þessu sambandi, heldur aðeins, að hann sagði, að Alþfl. hefði látið dólgslega.

Hv. 4. landsk. (StgrA) sagði, að Brynjólfur Bjarnason væri höfundur að tryggingalöggjöfinni, — hann hefði flutt svo góða þáltill. á þingi 1943 um fullkomnar ellitryggingar. Hann var í mþn., sem fjallaði um þessi mál, en inntak þeirra trygginga var eitthvað á þá leið að segja við mann, sem hefði yfir visst tekjuhámark: Nú skalt þú borga þetta eða hitt til pabba eða mömmu, svo að þau geti tórt. Þetta hámark var 3 þús. kr. — Ég hef ekki hirt um að flíka þessu, því að það var svo fráleitt.

Svo leyfði hv. 11. landsk. þm. sér að bera fram það, sem hann veit, að eru fullkomin ósannindi, að Alþfl. hafi samið um það að lækka ekkna-

styrkinn til þess að hafa pólitísk yfirráð yfir Tryggingastofnuninni til hagræðis fyrir sinn flokk. Ég verð að segja, að mig furðar að heyra þetta, sérstaklega frá þessum manni, því að hann veit, að þetta er hreinn og beinn uppspuni og haugalygi frá upphafi til enda. Hann sagði, að þetta væri ekki nýtt, því að Alþfl. hefði jafnan notað þessa stofnun sér til pólitísks framdráttar, eins og mannaráðningar við stofnunina sýndu. Ég skal ekki fullyrða um það, en læt mér nægja um það að vísa til reynslu þeirra, er mál mitt heyra, er þeir hafa haft af stofnuninni þessi 8 ár, sem ég hef veitt henni forstöðu. En forstjórinn, sem var á undan mér í 3 mánuði, réð menn til starfa við tryggingarnar, og mannaráðningar hafa tiltölulega litlar orðið síðan ég tók við forstjórastarfi þar. Það, sem hv. 11. landsk. þm. sagði áðan, um að till. um lækkun ekknastyrksins og aðrar lækkanir hafi komið frá Jóni Blöndal og Brynjólfi Stefánssyni, er ekki rétt. Hvorugur þessara manna gerði till. um lækkanir. Það er aðeins, að þeir reiknuðu út, hvort ýmsar breyt., sem gera mætti á þessu, mundu vera á réttum stöðum, en höfðu engar till. að bera fram um það. En það er ekki þetta eitt, sem kommúnistafl. og blað hans hefur um tryggingarnar sagt síðan séð varð, að tryggingafrv. mundi ganga fram. Á sumardaginn fyrsta flutti Þjóðviljinn sumarboðskap með fyrirsögninni: „Sumargjöf þingmanna til ekkna og mæðra", og með undirfyrirsögn: „Tillögur um ekknabætur og mæðralaun felldar. — Sósialistar einir með þeim." Og síðan bæta þessir herrar við í Þjóðviljanum til frekari skýringar, — og sérstaklega til Alþfl. kemur þessi yfirlýsing: „Þeir seldu réttindi ekkna og mæðra fyrir völd handa Alþýðuflokknum." Og skýringin á því, hvernig sú verzlun hefur gengið fyrir sig, er í samræmi við það, sem hv. 4. landsk. var að fræða ykkur á áðan.

Þetta er sú lýsing, sem þessir herrar hafa borið fram um l. um almannatryggingar, og ég verð að segja, að mér finnst von, að almenningur, sem fær þessa fræðslu, álíti, að hér sé ekki um neitt smáræði að ræða, ef niður er felldur styrkur til ekkna og munaðarleysingja, en í þess stað byggt upp pólitískt starfstæki fyrir Alþfl. Hv. 4. landsk. þm. segir, að frv. hafi verið stórspillt og niður verið felldur allur styrkur til ekkna og mæðra, og þessa fullyrðingu áréttar Þjóðviljinn í morgun og bætir því við, að „ekki hefði þurft til þess að koma, ef Alþfl. hefði staðið jafnfast gegn því og Sósfl." Þá fræðir hann einnig lesendur sína á því, að felldur hafi verið jarðarfararstyrkur og sá vísir til atvinnuleysistrygginga, sem var í frv., en lætur vera að geta þess, að það var gert með fullu samþykki og atkv. þm. Sósfl.

Aftan við þessar ófögru lýsingar á l. um almannatryggingar og tilganginn með þeirri lagasetningu er svo hnýtt meinlausu orðaskvaldri um merkileg nýmæli í íslenzkri löggjöf o. s. frv.

Ég þykist ekki vera viðkvæmari en aðrir menn fyrir ummælum stjórnarandstæðinga í ræðu og riti, hvorki um sjálfan mig persónulega né þau mál, sem ég hef beitt mér fyrir. Ég hef oftast, ef til vill oftar en skyldi, valið þann kost að láta reynsluna skera úr og sýna og sanna, hver hefði réttara að mæla, heldur en halda uppi orðaskaki og deilum um gerða hluti. En hér er lengra gengið en svo, að ég telji fært að láta ósvarað, þótt málið sé afgr. að fullu frá Alþ. Þessi málflutningur kommúnista er svo langt fyrir neðan allt velsæmi, að þess munu fá eða engin dæmi. Ekkert er hirt um, hvað rétt er eða rangt, satt eða ósatt. Vitandi vits er sagt fullkomlega ósatt um efni frv. í þeim tilgangi einum að búa til óhróðursögur um Alþfl., og það sem verst er, með þessu er beinlínis verið að ófrægja almannatryggingarnar þegar í byrjun og vekja grunsemdir og tortryggni í garð Tryggingastofnunarinnar til þess að skapa óvild gegn henni og torvelda alla framkvæmd laganna.

Ég skal nú sýna fram á, hversu fullyrðingar og ásakanir í garð Alþfl. í sambandi við afgreiðslu tryggingafrv. eru gersamlega tilefnislausar. En því miður verður ekki hjá því komizt jafnframt að greina frá afstöðu þeirra sjálfra til frv., enda er hún því miður ljóst dæmi um vinnubrögð þeirra á allmörgum öðrum stórmálum.

Eftir að heilbr.- og félmn. beggja d. hafði sameiginlega lesið og athugað frv., óskaði ég eftir því, að nm. bæru sig saman við þingflokkana og tilkynntu n., hvaða afstöðu flokkarnir tækju til frv. Fulltrúar Framsfl. skýrðu síðan frá því, að flokkur þeirra væri ekki við því búinn að taka ákveðna afstöðu, enda kom síðar í ljós, að flokkurinn vildi ekki afgr. frv. og bar fram till. um að vísa frv. frá með rökst. dagskrá. Tveir þm. flokksins, hv. 1. þm. N.-M. og hv. 2. þm. N.-M., greiddu þó atkv. með frv. Fulltrúar Sósfl. skýrðu svo frá, að flokkurinn væri fylgjandi frv., en mundi bera fram till. um hækkanir á öllum lífeyrissjóðsupphæðunum um 25% og breyta iðgjaldagreiðslum hinna tryggðu. Hækkun lífeyris til þeirra tryggðu hefði numið um 10 millj. kr. og lækkun iðgjalda sennilega um 3 millj. En jafnframt tóku þeir fram, að þótt þessar till. þeirra yrðu felldar, mundu þeir engu að síður fylgja frv., m. ö. o. að hér væri um hreinar yfirboðstill. að ræða, sem þeir vissu fyrir fram, að engar minnstu líkur væru til, að fengjust samþ. Sjálfstæðismenn fluttu þau skilaboð, að flokkur þeirra vildi draga svo úr fríðindum trygginganna, að heildarútgjöld til þeirra lækkuðu um 7—8 millj. kr., og lögðu fram till. um slíkar lækkanir. Enn fremur kröfðust þeir þess, að framlag og ábyrgð ríkissjóðs yrði ákveðið í l.

Málið stóð þá þannig, að Sósfl. vildi hækka útgjöldin um 10 millj. kr. og lækka iðgjöld, en Sjálfstfl. krafðist þess, að dregið yrði út útgjöldum um 7—8 millj. og framlag og ábyrgð ríkissjóðs vegna l. fastákveðin, en án stuðnings beggja þessara flokka ásamt Alþfl. var ekki unnt að tryggja, að frv. yrði samþ., þar sem ekki var annað vitað en Framsfl. yrði óskiptur á móti frv.

Ég leit svo á, að ómögulegt væri að verða við kröfu Sjálfstfl. um 7—8 millj. kr. lækkun og till. hans, ef samþ. yrðu, mundu raska svo því heildarkerfi, sem frv. gerði ráð fyrir, að ekki væri við unandi. Till. þeirra voru m. a. um að lækka ellilífeyri um helming fyrir 68—70 ára gamalmenni,

fella niður barnalífeyri og fjölskyldubætur við 14 ára aldur í stað 16 og lækka barnalífeyri fyrir 11—14 ára börn um 3/8 hluta svo og að lækka lífeyri til ekkna og mæðra um helming og afnema jarðarfararstyrk og tillag til atvinnustofnunar. Ég tilkynnti Sjálfstfl., að á þetta gæti ég ekki fallizt og vísaði til yfirlýsingar hæstv. forsrh. og stj. og skilyrða Alþfl., þegar stj. tók við völdum. Að lokum féllust sjálfstæðismenn á að taka aftur till. um lækkun á framlögum til barna og gamalmenna, en gerðu það jafnframt að ófrávíkjanlegu skilyrði fyrir stuðningi við frv., að heildarútgjöld yrðu lækkuð um hér um bil 4 millj., eða rúmlega 5%, og framlög og ábyrgð ríkissjóðs fastákveðin. Alþfl. taldi ekki rétt, svo mjög sem honum var á móti skapi að fallast á þessa lækkun, að láta frv. stranda á því. Hann féllst því á fyrir sitt leyti að fella úr frv. ákvæðin um jarðarfararstyrk, ca. 600 þús. kr., og framlag til atvinnustofnunar, ca. 1200 þús. kr., sem er ætlað til öryrkja, lækkað um 50—75%, ca. 180 þús. kr., og að taka til athugunar breyt. á ákvæðunum um bætur til mæðra og ekkna með það fyrir augum, að unnt yrði að lækka þá áætlunarupphæð um 1500—1600 þús. kr., eða um rúmlega ¼ hluta í heild.

Þá var næst að leita undirtekta Sósfl., ekki um það, hvort hann vildi breyta ekkjubótum til lækkunar, það var bersýnilega tilgangslaust, því að fulltrúar hans í n. höfðu borið fram till. um stórkostlega hækkun á þeim, heldur hvort hann vildi fella jarðarfararstyrkinn og framlag til atvinnustofnunar umfram öryrkjastyrkinn og binda framlag og ábyrgð ríkissjóðs í l. svo og um það, hvort breyt. á ákvæðum um ekkna- og mæðrabætur mundu breyta afstöðu Sósfl. til frv. Svör Sósfl. voru þau, að hann væri samþykkur því að fella niður jarðarfararstyrkinn og framlag til atvinnustofnunar umfram öryrkjastyrkinn svo og að binda framlag og ábyrgð ríkissjóðs í l. miðað við 4 millj. kr. lækkun. Hins vegar gæti hann ekki fallizt á að breyta til lækkunar lífeyri ekkna og mæðra, þar sem hann bæri fram hækkunartill. við þann lið. En jafnframt tók hv. 4. landsk. það skýrt fram bæði í n. og við umr. í d., að flokkur hans mundi fylgja frv., þótt brtt. yrðu samþ., en hans till. felldar.

Í nál. heilbr.- og félmn., sem fylgdi brtt. meiri hl. n., segir svo um þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta: „En meiri hlutinn (HG, GJ og StgrA) samþ. að mæla með þeim breyt., sem á þskj. 796 greinir. Þó hefur einn þeirra (StgrA) eigi fallizt á brtt. n. varðandi lífeyri ekkna og mæðra og mun bera fram breytingartillögur um það efni. Enn fremur áskilur hann sér rétt til að bera fram fleiri breytingartillögur." Undir þetta nál. skrifa Haraldur Guðmundsson, Gísli Jónsson og Steingrímur Aðalsteinsson. M. ö. o. fulltrúi Sósfl. í n. er meðflm. að öllum till. til breyt. á fjárhagsgrundvelli frv. nema þeim einum, sem ég hef nefnt, þar á meðal till. um að fastákveða tillag ríkissjóðs í l. miðað við 4 millj. kr. lækkun á útgjöldum, en samt flytur hann till. til hækkunar útgjalda um a. m. k. 10 millj. og lækkun iðgjalda á að gizka 3 millj. án þess að bera fram nokkra till. um að afla tryggingunum fjár til að mæta þessum útgjöldum. Slíkum leik vildi Alþfl. ekki taka þátt í. Honum var alvara með að koma málinu fram, ná raunverulegum árangri.

Þetta ætla ég, að skýri nokkurn veginn ljóst, hversu gersamlega tilhæfulaus er allur þvættingur Þjóðviljans og kommúnista yfirleitt um verzlun milli Sjálfstfl. og Alþfl. í sambandi við bætur til ekkna og mæðra. Frá kaflanum um fjárhagsgrundvöllinn var gengið að fullu við 2. umr. í Ed., áður en nokkuð var séð um, hvernig 1. kaflinn um stjórn og skipulag tryggingannа yrði afgreiddur. Ég vil þó enn fremur minnast á yfirlýsingu hæstv. forsrh. í Nd. um þetta atriði og loks lesa niðurlag nál. á þskj. 794 til enn frekari áréttingar. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nokkrar breytingartillögur við I. kafla laganna, sem ágreiningur er um, hafa verið lagðar fram og ræddar í nefndinni. Meiri hlutinn er þó sammála um að leggja engar breytingartillögur fram við þann kafla við 2. umræðu, en einstakir nefndarmenn geyma sér rétt til að bera fram breytingartillögur við hann fyrir 3. umræðu og láta þess getið, að afstaða þeirra til fullnaðarafgreiðslu frv. úr deildinni geti oltið á því, hverja afgreiðslu breytingartillögur þeirra fái."

Þegar svo kemur til Nd., hefst sami leikurinn á ný. Kommúnistar bera fram hækkunartill., sem nema um 10 millj. kr., og till. um breyt. til lækkunar á iðgjöldum um ca. 3 millj. án þess að bera fram nokkra till. um aukin framlög til tryggingannа til að mæta þessum 13 millj., þótt þeir sjálfir hafi samþ. að lögfesta framlag ríkissjóðs til stofnunarinnar. Til viðbótar þessu bera þeir fram till., sem hefðu, ef þær hefðu verið samþ., getað valdið ófyrirsjáanlegum útgjöldum og gert framkvæmdina stórum erfiðari. Voru þessar till. alveg sams konar og till. Framsfl., sem vildi koma málinu fyrir kattarnef. Að lokum tókst þó að fá þá til að falla frá þessum till. og afgr. málið nokkurn veginn án slysa.

Hvað er þá til í þessum fullyrðingum, að niður sé felldur styrkur til ekkna og mæðra, og að réttur þeirra hafi verið seldur á sumardaginn fyrsta? Ég skal víkja að þessu. Samkv. frv. var gert ráð fyrir, að kona, sem við fráfall eiginmanns á börn innan 15 ára aldurs, fái í ekkjulaun 6450 kr., meðan börnin eru innan 16 ára aldurs. Þessum ákvæðum var breytt þannig, að samkv. l. eiga nú allar konur, sem verða ekkjur og hafa börn innan 16 ára á framfæri sínu, rétt til bóta í 12 mánuði eftir fráfall manns, jafnt hvar sem er á landinu, 200 kr. á mánuði fyrstu 3 mánuðina og 150 kr. næstu 9 mánuðina. Þetta eru samt sem áður 1950 kr. auk verðlagsuppbótar. Konur, sem eru ungar og fullvinnandi þegar menn þeira falla frá, fá greiðslu í eitt ár, sem nemur um 6 þús. kr. Auk þessara bóta eiga samkv. l. þær konur, sem verða ekkjur eftir fimmtugt, rétt til árlegra ekkjulauna þar til þær ná ellilífeyrisaldri, miðað við 1200 kr. miðað við þann aldur fullan, en lækka hlutfallslega eftir því, sem á skortir, að þær hafi þann aldur fullan. Konur, sem verða ekkjur 35 ára eða eldri og eiga ung börn, fá því umfram það, sem var í frv. upphaflega, rétt til ekkjulífeyris frá 50 ára aldri, og sama rétt fá ógiftar mæður, sem hætta

að taka barnalífeyri, þegar þær eru fimmtugar, en slík ákvæði voru ekki í fyrstu í frv. Réttur ungra kvenna, sem hafa fulla vinnugetu þegar þær verða ekkjur, er rýrður, en réttur hinna, sem eru orðnar nokkuð rosknar þegar þær missa menn sína eða hætta að taka lífeyri með börnum sínum, er aukinn verulega frá því, sem var. Heildarútkoman verður sú, að áætlunarupphæðin verður samkv. lögunum 4,3 millj., en var 5,9 millj., þannig að heildarupphæðin lækkar um ¼, en skiptingin milli ekknanna er með öðrum hætti og að minni hyggju að sumu leyti ekki óréttari. Ég hefði heldur kosið, ef þess hefði verið kostur, að frv. hefði verið óbreytt en að þetta hefði verið gert, en Alþfl. var knúður til að ganga inn á þetta, því að skilyrðið til, að frv. fengist samþ., var, að upphæðin yrði lækkuð í 4 millj., og það var ekki annars staðar hægt að láta þessa lækkun koma minna tilfinnanlega niður að minni hyggju.

Mér þykir leitt, að ég skuli hafa þurft að vera svo margorður um þessi atriði, og harma það, að samstarfsflokkur Alþfl. í ríkisstj. hefur kosið sér þá afstöðu til afgreiðslu tryggingganna, sem raun ber vitni. Ég hef nokkrum sinnum áður haft orð á því, að ég teldi árangurinn af þessu samstarfi, sem nú er, að verulegu leyti undir því kominn, hvort nánari samvinna tekst milli verkalýðsflokkanna beggja eða með öðrum þeirra við þriðja flokkinn. Ég var að vona, að í þessu máli a. m. k. mætti lánast að fá Sósfl. til að beita sér fyrir að koma máli fram og að hann vildi sameina getu sína í því efni með Alþfl. Ég varð fyrir vonbrigðum. Ég verð að segja það eins og það er, að Sósfl. mat meira að koma með yfirboðstill., sem hann vissi, að engar líkur voru til, að hægt væri að fá samþykktar. Mér þykir þetta miður, en við því er ekkert að gera, hann hefur kosið sér þessa afstöðu.

Að lokum vil ég segja það eitt: Frv. er orðið að l. Það er að minni hyggju mikil réttarbót fyrir allan almenning í landinu, réttarbót, sem felur í sér, að gamalmenni eiga rétt til ákveðins lífeyris í stað þess að leita eftir ölmusu til skyldra og óskyldra. Sama er um börn. Um þetta eru fastar reglur. En ekki er því að leyna, að hversu vel þessi löggjöf reynist, hlýtur verulega að fara eftir því, hvernig framkvæmdin tekst. Hún er að verulegu leyti undir því komin, með hverjum hug menn taka henni. Því harma ég, að l. skuli hafa verið svo afflutt sem gert hefur verið við þessar umr.

Ég vil að lokum beina því til almennings í þessu landi, sem við þessi l. á að búa, að hann taki upp og ræki sams konar samstarf við stjórn þessara mála og hann hefur gert undanfarin ár við Tryggingastofnunina, og ég vil vænta þess, að jafngóð samvinna verði milli stofnunarinnar og þeirra, sem við hana skipta, og verið hefur á undanförnum árum. Með þessari ósk vil ég ljúka máli mínu.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hv. 3. landsk. þm. vék nokkuð harkalega að Sósfl. í sambandi við tryggingal. og bar sig nokkuð upp undan till. flokksins. Í reiðikasti sínu kom hv. þm. með þvætting um till. hæstv. menntmrh. um umbætur á tryggingunum. Frv. sýnir greinilega, að þessar fullyrðingar hans eru tilhæfulausar. Till. hans voru í meginatriðunum í svipuðu formi og l. um almannatryggingar nú.

Það er algerð staðleysa, sem þessi hv. þm. hélt fram, að fulltrúi okkar hefði samþ. að lækka heildarútgjöld til tryggingganna. En um hvað stóð deilan í sambandi við afgreiðslu frv.? Ég skal rekja það nokkru nánar. Í fyrstu vildum við hækka ellilífeyri um 25%, en Alþfl. var á móti. Í öðru lagi mótmæltum við niðurfærslu á mæðralaunum. Alþfl. samþykkti þessa réttarskerðingu til fátækra mæðra og ekkna með samningum við Sjálfstfl. Í þriðja lagi lögðum við ríka áherzlu á, að smáútvegsmenn fengju nokkuð sama rétt til sjúkradaga og launþegar, en Alþfl. barðist gegn þessu svo lengi sem hann gat. Í fjórða lagi töldum við það ákvæði frv., sem heimilar Tryggingastofnuninni að koma upp skrifstofum og skipa umboðsmenn úti um allt land, alveg óviðunandi. Reynslan hefur sýnt, að Tryggingastofnunin er undir stjórn hv. 3. landsk. raunverulega hrein flokksstofnun Alþfl., og það var ætlun flokksins að byggja sér flokkstæki úti um allt land á kostnað alþýðutrygginganna. Þetta kom gleggst í ljós, þegar reynt var að fá þetta leiðrétt. Alþfl. ætlaði blátt áfram af göflunum að ganga, þegar Sósfl. lagði til, að framkvæmdirnar yrðu áfram í höndum sveitarfélaganna. Gremja hv. 3. landsk. þm. í sambandi við afgreiðslu tryggingal. stafar af því, að hann og hans flokkur varð að láta í minni pokann um mörg þau atriði, sem ég hef minnzt á.

Það lætur eflaust ekki illa í eyrum að heyra frá framsóknarmönnum kvartanir og kvein vegna sjávarútvegsins, sem þeir hafa ofsótt og hindrað í eðlilegum vexti öll sín stjórnarár. En harmagrátur Bjarna Ásgeirssonar, Hermanns Jónassonar og Eysteins Jónssonar um illan aðbúnað að atvinnuvegum landsmanna verður af engum tekinn alvarlega, enda skal ég síðar víkja nokkru nánar að afstöðu þessara manna og þeirra flokks til málefna sjávarútvegsins, þegar á hefur reynt. En það eru furðusögur þessara manna um ástandið við sjóinn, sem rétt er að fara um nokkrum orðum. Í hvert sinn, sem framsóknarmenn komast hér fram fyrir hljóðnemann, þá eru þessar kynjasögur sagðar. Hv. þm. Mýr. (BÁ) lýsti hér í umr. í gær átakanlega, hversu sjávarútvegurinn væri gersamlega mergsoginn og dauðvona. Hann líkti þessum aðalatvinnuvegi þjóðarinnar við rótslitna jurt, sem lífið aðeins tórði í um stundar sakir. Ja, slík meðferð á aðalatvinnuvegi landsmanna! Var ekki eðlilegt, að þessi Framsóknarþm. fylltist gremju? Hann man eflaust glöggt þann tíma, sem sjávarútvegurinn blómstraði undir stjórn Framsóknar. Hver man ekki þá dásemdar tíma? Hver kannast ekki við skuldaskil útgerðarinnar, við launakjör útgerðarinnar og sjómanna frá þeim tíma, við hin dásamlegu vaxtakjör o. s. frv.? Og bóndinn frá Reykjum verður að aðvara þjóðina alvarlega við hættunni. Hann spyr fyrir hönd togaraútgerðarinnar í landinu: Hvað á að halda þessari helstefnu stj. lengi áfram? Á ekki að hætta fyrr en síðasti togarinn er bundinn við bakkann? Það leynir sér svo sem ekki, að þessi

hv. þm. þykist vita, að togararnir séu að gefast upp, að þeir séu efalaust margir hættir veiðum. Og hann aðvarar stj. um að bíða ekki með sínar aðgerðir þar til síðasti togarinn er hættur.

Hv. þm. Str. hefur áður sagt hér í útvarpsræðum frá aflakónginum á Suðurnesjum, sem þurft hafi að leggja bátnum sínum og gefast upp vegna hins mikla rekstrarkostnaðar. Og við þetta allt bæta svo framsóknarmenn sögum um það, að engir fáist lengur til þess að kaupa skip eða báta, því að rekstur þeirra sé óhugsandi. Hvað eiga nú svona sögur að þýða? Vita þessir menn ekki betur? Eða eru þeir vísvitandi að leika flón? Trúir hv. þm. Mýr. því, að togaraútgerðin eigi óvenjulega bágt? Heldur hv. þm. Str., að aflakóngurinn á Suðurnesjum sé ekki matvinnungur? Og vita framsóknarmenn ekki, að margir kaupendur eru um hvern fiskibát, sem hægt er að fá? Aflakóngurinn á Suðurnesjum, hann er nú að slá nýtt met í aflamagni í stað þess að hafa gefizt upp, og aflahlutur hásetanna hjá honum mun vera fullar 15 þús. kr. á þeim fjórum mánuðum, sem liðnir eru af vertíð, og sjálfur hefur hann í aflahlut tvöfalda þessa upphæð.

Sannleikurinn um hag útgerðarinnar er allur annar en þessir hv. þm. vilja vera láta. Um allt land færist nú vöxtur í útgerðina. Í svo að segja hvert þorp og hvern kaupstað landsins eru nú að koma nýir fiskibátar. Upp eru að rísa frystihús og niðursuðuverksmiðjur, og áhugi útgerðarmanna og sjómanna er margfaldur við það, sem áður hefur þekkzt. Hitt er svo annað mál, að mörg eru vandamálin, sem að höndum ber. En þeir, sem alltaf standa gegn hagsmunamálum sjávarútvegsins, ættu sem minnst um þau að tala. Undanfarnar vikur og mánuði hefur herstöðvamálið verið eitt aðalumræðuefni íslenzku þjóðarinnar. Hvert mannsbarn í landinu hefur vitað, að erlent stórveldi óskar eftir að fá leigðar herbækistöðvar í grennd við höfuðborg landsins og það til langs tíma. Í umr. í gærkvöld var loks birt sú skýrsla um málið, sem lengi hefur verið beðið eftir. En skýrsla utanrrh. um þetta mál, sem nú hefur verið birt, getur aldrei orðið neitt aðalatriði í þessu máli. Eins og skýrslan glöggt bar með sér, hafa allir flokkar og flestallir landsmenn löngu vitað um kjarna málsins, og af þeim ástæðum hefðu allir getað myndað sér skoðun um það. Engu blaði hefur verið bannað að skrifa um það, sem allir vissu í málinu, og engu blaði hefur auðvitað verið meinað að taka afstöðu og rökstyðja sína skoðun. En staðreyndin er samt sem áður sú, að aðeins blöð okkar sósíalista hafa skrifað um málið frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar. Ekkert blað hinna flokkanna hefur fengizt til að taka afstöðu til þess. Þau hafa meira að segja ekki fengizt til að birta fregnir úr erlendum blöðum né eftir erlendum stjórnmálamönnum um þetta mál, ef þær fregnir hafa verið til stuðnings við málstað þjóðarinnar í þessu mikla máli. Sú viðbára hefur verið höfð í frammi, að ekki væri rétt að ræða málið og ómögulegt væri að taka afstöðu til þess fyrr en skýrsla stj. væri birt. Hverju mannsbarni verður nú ljóst, að þetta hefur verið aumleg afsökun og annað hefur ráðið þögninni. Framsfl. hefur reynt eftir ýtrustu getu að gera birtingu skýrslunnar að aðalatriði málsins. En skrif hans og framkoma í málinu hafa frá upphafi verið hin tortryggilegustu. Tíminn hefur varla nokkurn tíma minnzt svo á þetta mál, að aðalatriðið væri ekki árásir á okkur sósíalista fyrir fjandskap við mestu lýðræðisþjóð heimsins. Afstaða okkar í þessu máli hefur sem sagt alltaf heitið fjandskapur í garð vinaþjóðar á máli Framsóknar. Það sama hafa aðrir fengið, sem sömu afstöðu hafa tekið til þessa máls og við sósíalistar. Þegar tveir þm. Sjálfstfl., þeir Gunnar Thoroddsen og Sigurður Bjarnason, tóku skýra afstöðu gegn leigu á herstöðvum, þá réðst blað Framsóknar með ofsalátum að þessum þm. Þá spurði Tíminn með þjósti, hvort þessir þm. Sjálfstfl. væru með leyfi Ólafs Thors að fjandskapast við Bandaríkin. Og þegar Gunnar Thoroddsen leyfði sér að nota svalir alþingishússins til að lýsa afstöðu sinni til málsins, þá var slíkt beinlínis talið til helgispjalla af framsóknarmönnum. Afstaða Framsóknar hefur sannarlega verið óhrein og loðin til aðalefnis þessa máls frá upphafi. Tíminn hefur jafnvel birt ákveðna sölugrein um málið eftir Hilmar Stefánsson. Og síðast en ekki síst er svo samþykkt aðalfundar miðstjórnar Framsóknarfl. varðandi þetta mál. Þar er beinlínis lögð áherzla á samninga við engilsaxnesku þjóðirnar um öryggismál landsins, eins og það er kallað. Þessi samþykkt var hnefahögg í andlit fjölmargra framsóknarmanna, sem hata þessa tvískinnungsstefnu Hermanns Jónassonar, enda er kunnugt, að eftir miklar umræður á þessum flokksfundi Framsóknar fór svo, að þeir menn á fundinum, sem vildu hreina afstöðu gegn allri leigu á landsréttindum, sátu hjá, vegna vonbrigða sinna, þegar till. var samþ. — Afstaða flokkanna til herstöðvamálsins hefur verið gruggug, og má segja flest hið sama um framkomu Alþfl. og blaða hans og Sjálfstfl. og blaða hans eins og Framsfl. En nú krefst þjóðin skýrra svara og undanbragðalausra. Það er engin afsökun að bíða. Sósfl. hefur svarað, og enginn efast um afstöðu hans. Allir þm. flokksins svöruðu spurningu stúdentanna um þetta mál, og svo skýrt, að enginn vafi lék þar á. Aðeins einn Alþýðuflokksmaður svaraði. Hann svaraði eins og sósíalistar. Það var Barði Guðmundsson. Aðeins 3 þm. Sjálfstfl. svöruðu stúdentunum, og aðeins einn Framsóknarþm. svaraði þannig, að skildist. En þjóðin krefst skýrra svara og það strax.

Ég skal nú að lokum snúa mér með nokkrum orðum að umhyggju Framsóknar fyrir hag fiskimanna og útgerðarinnar, og skal þá jafnframt sýna, hve djarft hún getur úr flokki talað um afstöðu sína til sjávarútvegsins. Ég skal taka hér nokkur dæmi sem sýnishorn af því, hversu vel framsóknarmenn hafa dugað fiskimönnum, þegar þeirra hagsmunamál hafa sérstaklega verið til afgreiðslu. Þegar framsóknarmaðurinn Vilhjálmur Þór var atvmrh. sumarið 1944, gerði hann tilraun til að lækka síldarverðið til sjómanna og útgerðarmanna. Og það var fyrst eftir mikil og hörð átök, að Framsóknarráðherrann varð að láta undan. Niðurstaðan af síldveiðunum þetta sumar varð sú, að þrátt fyrir það að tækist að koma í veg fyrir verðlækkunartilraun

Vilhjálms Þór, þá hafði síldarverðið verið skráð allt of lágt og síldarbræðslurnar græddu milljónir króna. Var þessi framkoma Framsóknarráðherrans gerð vegna umhyggju fyrir hag síldveiðimanna? Eða var hún bara venjulegur Framsóknarfjandskapur við sjávarútveginn? Hver var afstaða Framsfl. s. l. vetur þegar ríkisstj. fyrir forgöngu atvmrh. ákvað 15% verðhækkun á öllum ísvörðum fiski og tryggði bátaútgerðinni örugga afskipun fiskiaflans? Gladdist ekki Framsókn yfir bættum hag útvegsins? Nei, ekki aldeilis. Tíminn lét hið dólgslegasta og tilkynnti, að verðhækkunin væri fals; líklegast væri, að hún mundi leiða til beinnar verðhækkunar fyrir fiskimenn. Og s. l. sumar krafðist svo blað Framsfl. þess, að ríkisstj. hætti þegar í stað öllum fiskflutningi og segði færeysku leiguskipunum upp. „Það hefði mátt losna við öll skipin 10. júní," sagði Tíminn og réðst á ríkisstj. með venjulegum ofsa fyrir að gera það ekki. Hefði verið farið að þessari kröfu Framsóknar, hefði öll bátaútgerð landsmanna verið lögð niður s. l. sumar. Engir fiskflutningar hefðu getað farið fram, því að öll íslenzku skipin voru þá að fara og farin til síldveiða. Þannig var umhyggja Framsóknar fyrir hag sjómanna og útgerðarmanna þá. Og 15% verðhækkunin, sem veitti útgerðar- og sjómönnum um hálfa fjórðu milljón króna meira fyrir fiskinn en áður hafði gilt, var aðeins ólundarefni fyrir framsóknarmenn.

Nú um s. l. áramót, í byrjun vertíðarinnar, voru enn gerðar víðtækar ráðstafanir að tilhlutan stj. til hagsmuna fyrir útgerðarmenn og sjómenn. Ríkisstj. hefur nú ábyrgzt sölu á 7000 tonnum af saltfiski með um 38% hærra verði en verið hefur undanfarin ár. Fyrir atbeina stj. greiða hraðfrystihúsin einnig 11—12% hærra verð fyrir aflann en þau gerðu. Framsókn veit, að hæstv. atvmrh. hefur haft forustuna um bætta aðstöðu sjómönnum og fiskimönnum til handa, enda fær hann að gjalda þess í blöðum Framsfl. Hvernig tók Framsókn þessum síðustu ráðstöfunum til aðstoðar bátaútveginum? Hún hefur á alla lund reynt að tortryggja þær. Þm. hennar eru látnir halda því fram, að hér sé um útflutningsuppbætur að ræða til sjávarútvegsins, og til þess að spilla fyrir framgangi málsins, er svo trompað gegn þessari aðstoð till. um útflutningsuppbætur fyrir landbúnaðinn.

Það er vitað mál, að saltfiskurinn selst fyrir það verð, sem ríkið hefur ábyrgzt, og þar er því engin áhætta. Þannig er t. d. þegar selt jafnmikið saltfiskmagn fyrir hið tilskilda verð og búið er að framleiða, og það er vitað um fleiri kaupendur. En ef ríkið hefði ekki veitt þessa ábyrgð, hefðu fiskimenn þurft að láta afla sinn fyrir sama saltfiskverð og í fyrra, þar sem saltfisksalan hefði ekki farið fram í vertíðarbyrjun. Það sama er að segja um ábyrgð ríkissjóðs gagnvart frystihúsunum. Framleiðsla þeirra var ekki heldur seld í vertíðarbyrjun. Og þó að þá væri margt, sem benti til verðhækkunar á frystum fiski, var óhugsandi að fá fram verðhækkun til handa fiskimönnum, nema með milligöngu og aðstoð ríkisvaldsins. Þetta vita framsóknarmenn ofur vel, og þeir vita líka, að útgjöld af þessum ráðstöfunum getur ríkissjóður tæplega nokkur haft. En þessi afstaða þeirra er enn eitt dæmið um grályndi þeirra gagnvart útgerðinni.

Í þessu sambandi lét hv. þm. Mýr. (BÁ) þess getið, að hér væri eingöngu um pappírshækkanir á fiskinum að ræða. Þessi fullyrðing hv. þm. er í fullu samræmi við aðrar fjarstæður, sem hann sagði í ræðu sinni um sjávarútvegsmálin. Þó að saltfiskur sé seldur nú fyrir kr. 1,70 kg í stað kr. 1,23 í fyrra, og hraðfrystur fiskur nú á 1,20 kr. pundið í stað 98 aura í fyrra, þá sér hv. þm. ekki þessar hækkanir og vill ekki skilja þær. Það leynir sér ekki, að það eru ekki þess konar hagsmunamál útgerðarinnar, sem miða að bættum kjörum fiskimanna, sem vaka fyrir framsóknarmönnum, en aftur á móti mun þá dreyma nokkuð mikið um lækkun fiskverðsins og möguleika þá um leið til þess að lækka kaupið.

Hver hefur verið afstaða Framsóknar til markaðsmála sjávarútvegsins? Dyggilega studd af öðrum afturhaldsöflum hefur Framsókn fjandskapazt gegn tilraunum til markaðsleita á meginlandi Evrópu. Þegar stjórnin sendi Einar Olgeirsson og Pétur Benediktsson til þess að afla nýrra markaða á meginlandinu, sagði blað Framsóknar, Tíminn, eftirfarandi: „Í stað þess að senda menn vestur í slíkum erindum, hefur ríkisstjórnin sent Einar Olgeirsson í þveröfuga átt og þannig gefið óbeint til kynna, að íslenzka ríkisstj. vilji heldur taka upp austræn sambönd en vestræn." Heldur Eysteinn Jónsson, að þessi afstaða miðist við hag fiskimanna og útgerðarmanna, eða vill hann játa, að hún sé þeim fjandsamleg? Sjónarmið íslenzkra fiskimanna er fyrst og fremst það að fá hagstætt verð fyrir afla sinn og skipti við þær þjóðir, sem mestar líkur eru til, að verði framtíðar viðskiptavinir, en hafa ekki sjónarmið Breta, sem eru keppinautar okkar í fiskveiðum.

Og hvar stendur Framsókn í því þjóðarátaki, sem nú er gert til eflingar á fiskiskipaflotanum, til bygginga nýrra verksmiðja o. s. frv.? Hér er þó um mesta hagsmunamál íslenzkra útvegsmanna að ræða. En Framsókn er þar öfug og snúin í öllum greinum. Ekkert gerbreytir eins kjörum þeirra, sem við sjávarstörf vinna, eins og ný skip, nýr fiskiðnaður, nýjar verksmiðjur. En Framsókn ber öllu við, ef eitthvað á að gera í þessum efnum. Þá heitir það á hennar máli glapræði að kaupa nýja togara og ný fiskiskip, á meðan ekki er víst, hverjir ætla að kaupa þau. Þá er ýmist deilt um það, að verið sé að leggja allar bátabyggingar í landinu niður með of miklum bátakaupum erlendis frá, eða það, að aðaládeiluefnið eru bátasmíðar innanlands. Þegar nýbyggingarráð leyfði innflutning á nokkrum 2—5 ára gömlum fiskibátum frá Svíþjóð s. l. haust, þá heilsaði Tíminn þessari ráðstöfun með ofsakenndum árásum á nýbyggingarráð. Tíminn taldi bátana ónýta og sagði í tilefni af innflutningi þeirra, að sýnilegt væri, að með leyfi nýbyggingarráðs væri hægt „að flytja inn jafnúrelt skip og þau úreltustu í íslenzka flotanum." Þessir bátar hafa nú þegar fært þjóðinni meiri gjaldeyri en þeir kostuðu, og það sem meira er um vert: þeir hafa fært sjómönnum, sem við þá starfa, meira öryggi, betri aðbúnað og margfalt hærra kaup en gömlu bátarnir, sem fyrir voru.

Nú fyrir nokkrum dögum voru afgr. l. frá Alþ., sem tryggja sjávarútveginum 100 millj. kr. til stofnlána. Það var einmitt þegar þessi l. voru samþ., sem Framsókn rauk til og flutti vantraustið. L. þessi eru tvímælalaust langmerkilegustu l. og þýðingarmestu, ekki aðeins fyrir sjávarútveginn, heldur og fyrir allt atvinnulíf landsmanna, sem Alþ. nokkru sinni hefur afgr. Með þessum l. eru lánskjör þeirra, sem kaupa báta og skip, byggja frystihús, niðursuðuverksmiðjur og önnur iðnfyrirtæki í þágu sjávarútvegsins, bætt stórkostlega. Lánin eru hækkuð í 75% af kostnaðarverði og vextir lækkaðir í 2½%. Lög þessi eru alveg *sérstaklega þýðingarmikil* fyrir atvinnulífið í þorpum og kaupstöðum úti á landi. Dauðinn og kyrrstaðan í atvinnulífinu þar hefur m. a. stafað af fjárskorti til endurnýjunar og uppbyggingar. Bankarnir hafa lítið fé viljað lána til þessara staða. En nú skapast skilyrði til framkvæmda, og það er augljóst á þeim undirbúningi, sem þegar er hafinn víða úti um land, að samkv. þessum l. mun reynast kleift að færa nýtt líf í atvinnuvegi margra þeirra staða þar, sem áður var ekkert hægt að gera. Fólksstraumurinn til Rvíkur hefur ekki sízt stafað af því, að fólkið hefur verið neytt til þess að fylgja atvinnutækjunum og vera þar, sem atvinnan var öruggust. Ráðstafanir, sem miða að því að byggja upp atvinnuvegina úti á landi, eru drýgstu ráðin til þess að draga úr fólksstraumnum til Reykjavíkur. En hver var afstaða Framsóknar til þessa stórmáls? Hún tók yfirleitt undir andstöðu Landsbankans gegn málinu, og Eysteinn Jónsson gaf því þá yfirlýsingu, að það jafngilti nýrri verðbólguuppsprettu. Og hann flutti till. til eyðileggingar málinu. Þannig var afstaða Framsfl. til þessa máls sjávarútvegsins, og þannig hefur umhyggja hans í reyndinni komið fram *gagnvart fiskimönnunum*.

Tími minn er á þrotum. En að endingu þetta: Vantrauststill. Framsóknar mun ekki reynast hættuleg. En þjóðin mun í kosningunum, sem standa fyrir dyrum — og ekki sízt sjómannastéttin —, lýsa vantrausti sínu á Framsfl.

Eysteinn Jónsson: Ræða hv. 6. landsk. er ágætt dæmi um flærð og tvöfeldni þeirra manna, sem standa að því að auka verðbólguna og vildu ekki úrræðin meðan þau voru framkvæmanleg. En þegar komið er í óefni, leika þeir bjargvættina í blöðum og í útvarpi. Þeir vilja allra náðarsamlegast hlaupa undir bagga, af því að þeir eru svo miklir vinir útvegsins. Þeir eru svo önnum kafnir við björgunarstarfið, að þeir gera engar ráðstafanir til að hindra það, að framleiðslukostnaður hækki, svo að allt situr í sama feninu.

Hv. 6. landsk. spyr, hver afstaða Framsfl. hafi verið þegar 15% verðhækkunin var samþ. í fyrra. Krafan var einföld, að tryggja þessa verðhækkun öllum útvegsmönnum í landinu. Hv. 6. landsk. var æfur út af þessu og barðist á móti því. Alveg sama var afstaða Framsfl. þegar um saltfisksábyrgðina var að ræða. Þá barðist hann fyrir því, að *hún* yrði hækkuð, þannig að allir nytu góðs af. Og stjórnarliðið sá sér ekki annað fært en að verða við þessu. — Hv. 6. landsk. sagði, að mörg sjávarútvegsþorp hefðu gott af hinum nýju lánalögum sjávarútvegsins. Það má til sanns vegar færa. En þó er iskyggilegt, hve mörgum er um megn að leggja fram 25% til að eignast atvinnutækin vegna verðbólgunnar. Út af þessu flutti ég og hv. þm. N.-Þ. frv. um eflingu Fiskimálasjóðs, þar sem gert er ráð fyrir sérstöku framlagi á staði, þar sem ekki er fjármagn heima fyrir á móti lánum. Hv. 6. landsk. beitti sér sérstaklega fyrir því að drepa þetta frv. hér á þingi. Þannig studdi hann að því að efla útgerðina á smástöðvunum. Þetta eru dæmi um vinnubrögð hans og hans flokks.

Hæstv. samgmrh. er ákaflega sakleysislegur maður, en lætur sér þó ekki alltaf fyrir brjósti brenna að hafa endaskipti á sannleikanum. Hann sagði, að Framsfl. hefði haft fyrir sið að láta stj. fyrst gera sínar till. og snúast síðan gegn öllu saman. Þetta er tilhæfulaust. Framsóknarmenn lögðu fram í þingbyrjun frumvarpabálk um helztu framfaramálin, svo að stj. var önnum kafin við að drepa þessi frv. Ætti hana því að reka minni til, að þau komu fram. Það er fullkomlega tilhæfulaust, að stjórnarandstaða Framsfl. sé neikvæð. Stjórnarandstaðan hefur einmitt verið svo óvanalega jákvæð, að aldrei eru dæmi þess áður, að stjórnarandstæðingar legðu fram till. af sinni hendi um svo að segja hvert mál. En það er þess vegna rétt, að stjórnarandstaðan er öðruvísi en áður. Þegar Sjálfstfl. var í stjórnarandstöðu, átti maður ekki slíku að venjast. Þá var einskis svifizt, jafnvel ekki að spilla fyrir lánstrausti landsins út á við, ef stjórnarandstæðingar töldu það koma sér að liði. **Málþóf þeirra var svo skefjalaust**, að ekki varð undan því flúið að setja sérstök þingsköp til þess að einhver takmörk gætu orðið fyrir umræðum. Sporin hræða. Slík stjórnarandstaða verður vonandi aldrei á Íslandi framar eins og Sjálfstfl. *hafði í frammi á sínum tíma*. Og það er sérstaklega hart að heyra þessa menn gagnrýna nú stjórnarandstæðinga fyrir ósæmilega framkomu.

Hæstv. fjmrh. var mjög reiður þegar hann talaði í kvöld, og missti stjórn á sér. Það má virða honum til vorkunnar, því að sannleikanum verður hver sárreiðastur og af því að þessi hæstv. ráðh. hefur orðið fyrir óvenjulega vondri brúkun af hendi stjórnarflokkanna. Hann endurtók ósannindi, sem nýbúið er að leiðrétta, að árin fyrir stríðið hafi verið bannað að flytja inn ný atvinnutæki. Það er búið að upplýsa eftir hagskýrslum, að tímabilið fyrir styrjöldina var mesta framfaratímabilið, sem þjóðin hafði þá lifað. Það eru ósannindi, að Framsfl. eða ég hafi lagt stein í götu þess, að skip væru flutt inn rétt fyrir stríðið. Þvert á móti. Við leituðum til stofnana, sem höfðu lánstraust erlendis, og skoruðum á þær að festa kaup á skipum, áður en það væri orðið of seint.

Þá leyfði hann sér að segja, að framsóknarmenn hafi lifað á því að útvega innflutningsleyfi. Ég skora á hann að endurtaka þetta utan þings, ella heita minni maður. Hann má reyndar ekki verða minni maður en hann er nú, en ef svo fer, má hann sjálfum sér um kenna.

Þá taldi hann nokkur afrek í landbúnaðarmálum. En hver eru þau? Að hann skipaði bún-

unum ákaflega þýðingarmikið verkefni, en það var að smjúga fram hjá flotagæzlu Þjóðverja í Skagerak og sækja sænskar kúlulegur til Svíþjóðar. Það var ljóst, að ekki gætu nema beztu skip haldið uppi stöðugum ferðum um Norðursjó að vetrarlagi. En tilraunina varð að gera að vetrarlagi til að njóta sem lengstrar nætur og myrkurs í síðasta sprettinum, um 20 mílna vegalengd, gegnum flotakví Þjóðverja.

Fimm hinna nýju skipa voru því tekin úr flotaþjónustu í júlí 1943, grímubúin í skyndi sem kaupför og mönnuð áhöfn úr kaupskipaflotanum. Fyrsta tilraunin var gerð seint á árinu 1943, og komst þá aðeins eitt skipanna heilu og höldnu í gegn, eitt lenti því miður í klóm Þjóðverja, en hin þrjú sneru aftur til Englands, fullhlaðin kúlulegum. Frá þeim tíma var haldið uppi reglulegum ferðum fram í marzlok 1944, en þá var næturdimman orðin svo stutt, að of hættulegt taldist að freista þessa að sinni. Farnar höfðu verið ellefu ferðir, sem allar tókust með ágætum vel. Margar ferðir höfðu mistekizt, enda þótt bátunum yrði ekki um kennt, þótt við þyrfti að snúa. Til dæmis var til þess vitað, að Þjóðverjar voru að tundurduflalagningum, oft var verið að fylgja þýzku orustuskipi eða beitiskipi um Skagerak, og voru þá margir tundurspillar og loftvarnaskip á þeim slóðum, er um þurfti að fara

Það má fá nokkra hugmynd um styrkleika þessara byssubáta með því að athuga sveigjuprófun, sem fram fór á þeim um það leyti, sem verið var að breyta þeim í kaupskip. Bátur var hlaðinn 50 smálestum af brotajárni, og voru settar fimm í hvora lest í einu, fyrst í fram- og síðan í afturlest. Ekki varð vart neinnar sveigju um að fimmtán smálestum í framlest og tíu í afturlest (sem er hámarksmagn í þeirri lest). En öll sveigjan nam ekki nema ⅝", þegar 40 smálestir voru komnar í framlest og tíu í afturlest.

Enn frekar skýrist styrkleikinn þegar þess er gætt, að einu sinni þegar einn þessara báta var að koma frá Svíþjóð og sigldi inn á Humberfljót í svartaþoku, tókst svo illa til, að hann rakst á 1000 smálesta stálskip í strandferð. Byssubáturinn missti talsvert af stefni sínu, allt frá sjólínu og aftur að vatnsþétta skilrúminu nr. 1. Ekki varð neitt manntjón á bátnum, en einn maður kastaðist fyrir borð af strandferðaskipinu og drukknaði. Strandferðaskipið þurfti að snúa við og fara í þurrkví í níu vikur, en báturinn var kominn aftur til Svíþjóðar innan mánaðar. Þetta kann vel að þykja ótrúlegt, en á þessu ætti að vera auðvelt að fá staðfestingu hjá eftirlitsnefnd Humberfljóts. Báturinn hét „Gay Viking".

Sjálfur get ég sagt eftirtektarverða sögu um sjóhæfni þessara skipa. Meðan verið var að gera við skipin milli skottúranna til Svíþjóðar 1944 og 1945, reyndist það nauðsynlegt að fara í 2 sólarhringa reynsluför út á Norðursjó. Í lok þeirrar ferðar kom ákaflega óhagstæð veðurspá, en þá vorum við komnir í stefnu heimleiðis og förinni nálega lokið. Var því ákveðið að halda áfram fremur en að sigla upp að landi í hlé. Þegar við vorum komnir á móts við Tynefljót, var vindurinn kominn upp í 8 vindstig á NA, að við ætluðum. Sást þá mikill brotsjór koma upp aftan við skipið og rórmaðurinn, gamall flotamaður, sem verið hafði meir en tuttugu ár í brezka flotanum, sagði dálítið aumingjalega: „Drottinn minn, ég vildi að ég væri ekki hér." Ekki braut samt yfir skipið, og við héldum áfram til Humber. Mikið brotnaði af leirtaui, og skipverjar urðu að lifa á súpu, því að kolaeldavélina, sem þá var höfð í kabyssunni, var ekki hægt að nota. En engar skemmdir urðu á skipinu, utan hvað kartöflukista slitnaði upp af afturdekkinu og skolaðist fyrir borð.

Það gefur nokkra hugmynd um álit þeirra sjómanna úr kaupskipaflotanum, sem störfuðu á þeim meðan á Svíþjóðarferðunum stóð, að af meir en áttatíu manna, sem störfuðu á skipunum á ferðunum 1943—1944, voru ekki nema sex, sem ekki gáfu sig fram af fúsum vilja til ferðanna 1944—1945. Það var almennt sáran harmað, að skipin voru að lokum afhent flotanum aftur í apríl 1945.

Þó að þessi litlu skip hefðu reynzt svo vel í Svíþjóðartúrunum, þá var ákveðið að útbúa þau algerlega að nýju áður en þau yrðu send til Kyrrahafsins til viðureignar við Japani. Var með réttu litið svo á, að upprunalega hjálparvélin væri of lítil til að annast hið aukna álag, sem leiddi af radsjánni (radar) og hinum mörgu vindsnældum, sem nauðsyn var á í hitabeltishöfum. Voru því settar í skipið tvær stærri vélar. Aðalvélarnar höfðu gengið í mörg hundruð klukkustundir, og voru þær því teknar úr og sendar í verksmiðjuna til viðgerðar. Sama gilti um aðalgírkassana. Öll þessi vinna tók miklu lengri tíma en upprunalega var áætlað, og skipin komust ekki á stað áður en monsúnarnir hófust 1945. Svo sem vitað er, lauk ófriðnum við Japani nokkru fyrr en áður hafði verið gert ráð fyrir. Bátarnir fóru því aldrei til Kyrrahafsins, heldur voru seldir til Íslands.

Af þeim átta bátum, sem byggðir voru í upphafi, var tveim sökkt af óvinavöldum, einn hertekinn, einn strandaði í þoku, þegar hann var að fara inn í höfn, einum var haldið eftir sem sýnishorni tegundar sinnar, en hinir þrír fóru til Íslands.

6. 3. 1945.

E. Thomas."

Ég get í rauninni látið þessa umsögn um skipin til þess að vera hér við strandgæzlu nægja. Og hvað sem því líður, að þau væru e. t. v. nothæf á vissum tíma árs, lítur út fyrir, að það sé sameiginlegt álit þeirra aðila, sem umsagnir hafa gefið um þau, annarra en Skipaútgerðar ríkisins, að þau séu ekki hæf til vetrarferða, a. m. k. ekki til langra vetrarferða. Hitt er annað mál, hvort þau væru nothæf til staðbundinnar landhelgisgæzlu, en í rauninni má segja, að okkar landhelgisgæzla sé orðin nokkuð staðbundin, vegna þess að það er orðin föst regla að hafa landgæzluskipin á vissum ákveðnum stöðum á vertíðinni. Undanfarin ár hefur verið eitt skip á Hornafirði, eitt við Vestmannaeyjar, eitt hér í flóanum og eitt við Vestfirði. Ætlazt er til, að þessi skip stundi björgunarstarfsemi jafnframt landgæzlunni, sem einkanlega komi fram í því að draga skip til hafnar. Eftir því, sem Þórarinn Björnsson lætur í ljós, telur hann, að skipin séu

ekki hæf til þess. Að því er snertir þá skoðun, sem uppi hefur verið á Alþ. að sameina björgunarstarf og landhelgisgæzlu, þá heldur Þórarinn Björnsson því fram, að ekki sé hægt að nota skipin til þeirra hluta. Að vísu hefur ekki verið gerð nema ein tilraun með að láta þessi skip draga önnur skip, þ. e. vélskipið Frón, sem var dregið um nokkurt skeið, en bandið milli skipanna slitnaði mjög fljótlega, og virðist af þessu mega ráða, að skipið hafi haft of mikla ferð á sér við dráttinn. Forstjóri Skipaútgerðarinnar hefur haldið fram, að úr þessu megi bæta, með því að setja dráttarskrúfur, eina eða tvær, á skipið, í stað þeirra, sem nú eru á því.

Ég hygg, að ég hafi í raun og veru svarað fyllilega þessari fyrirspurn.

Ég vil þá koma að seinni hlutanum, viðvíkjandi athugunum á fyrirkomulagi landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi, sem gerðar hafa verið að tilhlutan ríkisstj. Í sumar sem leið fól ég forstjóra Skipaútgerðar ríkisins að láta mann frá landhelgisgæzlunni taka þátt í síldarflugi um nokkurn tíma til þess að komast að raun um, að hvaða leyti hægt væri að nota flugvélar til landhelgisgæzlu. Þórarinn Björnsson, skipstjóri, tók þetta starf að sér, og hefur hann gefið stjórnarráðinu alllanga skýrslu um þetta, sem ég sé ekki ástæðu til að lesa alla, en leyfi mér að lýsa þeirri niðurstöðu, sem hann hefur komizt að. Hann segir þar: „Það, sem vakir fyrir mér, er, að flugvélarnar séu nokkurs konar augu varðskipanna. — Ég hafði með sextant í þessum flugvélum, til þess að athuga, hvort hægt væri að gera staðarákvörðun með láréttum hornum úr flugvél. Það reyndist mjög létt, er komið var ca. 10—15 sjómílur frá landinu, en innan landhelgislínunnar verður sú staðarákvörðun aldrei nákvæm, vegna þess að þá er flugvélin svo nálægt landi og hraða hennar gætir svo miklu meira. En þó er hægt með nokkurri vissu að ákveða, hvort skipið er fyrir innan eða ekki. Og væri nú togari t. d. langt fyrir innan landhelgi, þá mundi vopnuð flugvél jafnvel geta haldið honum þar kyrrum, þar til varðskip kæmi á vettvang, ef það væri ekki allt of langt í burtu."

Tillögur hans eru svo hljóðandi:

„Að fengnir verði tveir 4 manna flugbátar, sem gætu einnig lent á landi, og hefur mér þá helzt dottið í hug Grunmannflugbátar, en það má vel vera, að einhver önnur tegund væri heppilegri, og læt ég sérfræðinga um það.

Á vertíðinni verði önnur flugvélin höfð á Hornafirði, og hafi hún vörzlu Austfjarða til Portlands. Hin flugvélin verði höfð í Reykjavík, og hafi hún gæzlu á svæðinu Vestfirðir til Portlands.

Yfir síldveiðitímabilið mundu þessar flugvélar verða í síldarleit jafnframt sem þær hefðu landhelgisgæzluna, og sé ég ekki annað en að það fari ágætlega saman. Hefði þá önnur svæðin Vestfirðir til Gjögurs og hefði stöð t. d. einhvers staðar við Húnaflóa, en hin hefði vörzlu á svæðinu Gjögur, Austfirðir og hefði t. d. bækistöð á Raufarhöfn.

Á flugvélar þessar þarf áhöfnin að vera flugmaður, vélamaður, sem einnig getur tekið að sér stjórn flugvélarinnar, skipstjóri og einn stýrimaður. Nauðsynlegt er að hafa tvo siglingafróða menn til þess að þeir geti tekið tvö lárétt horn samtímis til staðarákvarðana. Þá þyrftu flugmaður og vélamaður að kunna að fara með byssu, því að sjálfsögðu yrðu flugvélar þessar að hafa að minnsta kosti eina fallbyssu.

Á flugvélum þessum þarf að vera hægt að draga upp stöðvunarmerki með merkjaflaggi, og er það mjög auðvelt, en eins og kunnugt er, má elta skip út fyrir landhelgi, ef stöðvunarmerki hefur verið gefið meðan það enn var í landhelgi.

Að mínu áliti verður landhelgisgæzlunni bezt borgið með samvinnu flugvéla og hraðskreiðra varðskipa, og vil ég bæta því við, að öllum líkindum mundu landhelgisveiðar svo að segja hverfa úr sögunni að mestu leyti.

V/s Sæbjörgu, 31/8 1945.

Virðingarfyllst

Þ. Björnsson."

Jafnhliða því, að þessar athuganir voru gerðar viðvíkjandi flugvélunum, þá fékk dómsmrn. mann, mjög kunnugan landhelgisgæzlu, til þess að athuga hina litlu hraðbáta, sem hafðir voru hér í förum af herstjórninni meðan ófriðurinn stóð, í Faxaflóa. Þessir bátar eru 20—30 tonn að stærð, en mjög hraðgengir og virðast vera byggðir sem góð sjóskip, þó þannig, að vegna þess hvað þeir eru litlir, gengur sjór mjög yfir skipin. Niðurstaða þessa kunnuga manns varðandi bátana varð sú, að þeir væru ekki hentugir til gæzlu, vegna þess að þeir færu mjög illa með mennina, sem væru þar um borð. Menn væru, þegar þeir kæmu úr ferðum yfir flóann, bláir og marðir, og af þessari ástæðu taldi þessi kunnugi maður, að þessir bátar væru ekki hentugir til strandgæzlu.

Í þriðja lagi varðandi þessa till., þá var forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, Pálma Loftssyni, þegar hann fór utan s. l. sumar, falið að athuga um möguleika á því að fá hentug skip til strandgæzlu í Englandi. Það er kunnugt, að ófriðnum var lokið, og þótti ekki ólíklegt, að eitthvað af þeim skipum, sem notuð hafa verið í ófriðnum, gætu verið hentug hér til strandgæzlu. Eins og kunnugt er, hefur ríkisstj. ekki aðrar fjárveitingar til landhelgisgæzlu til að auka skipastólinn en 500 þús. kr., sem voru á fjárl. s. l. ár. Það er vitanlega ekki hægt að gera mikið fyrir þessa upphæð, en þó hafði verið ætlunin snemma sumars að semja við Vestfirði um, að þar yrði byggð björgunarskúta og þessar 500 þús. kr. notaðar til þess, en síðan fengin aukafjárveiting á þessu ári, og ætluðu Vestfirðir að leggja fram 200 þús. til byggingarinnar, með því skilyrði, að skipið annaðist strandgæzlu fyrir Vestfirði. En þegar Pálmi Loftsson hafði símað ráðuneytinu um það frá Englandi, að hann ætti kost á 3 hraðskreiðum skipum, sem hann taldi hentug til björgunarstarfa og strandgæzlu hér við land, þá var bygging björgunarskútu á Vestfjörðum slegið á frest, og í rauninni þarf ég ekki að lýsa því fyrir þingheimi, að hjá ríkisstj., sem hefur mikinn áhuga á því að bæta úr landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi, vakti það vitanlega fögnuð, ef unnt væri að leggja fram rúmlega 1 millj. til þess að fá úr þessu bætt. Á fyrra ári þessara

fjárlaga var ætlað til landhelgisgæzlu 3 millj. kr., útgerðin á Ægi mun kosta um 2 millj., en ætla má, að hann vinni eitthvað fyrir sér með björgun. Þessir nýju bátar munu kosta í rekstri 800 þús. til 1 millj. kr. á ári. Þeir eru hraðskreiðir, með tiltölulega stórar vélar og þess vegna nokkuð dýrir í rekstri, en það mun vera hægt að halda úti 2 hraðbátum fyrir það, sem Ægir kostar. Útgerð á bátum eins og Óðni kostar um 600 þús. kr. Nú er það svo, að um tvær leiðir er að velja til þess að halda uppi strandgæzlu. Önnur sú að hafa skip á borð við Ægi og halda þeim úti árið um kring. Sennilega væri þá ekki hægt að komast af með færri en 5 skip af þeirri stærð, yfir vertíðina yrði að hafa skip á a. m. k. 4 stöðum á landinu og eitt skip við almenna gæzlu. Segjum, að komast mætti af með mótorbát á stærð við Óðin við Hornafjörð og úti fyrir Vestfjörðum, en þar fyrir utan nægði að hafa 3 mótorbáta, þá mundi landhelgisgæzlan kosta okkur nærri 7½ millj. kr. á ári, þótt ekki væri gert ráð fyrir flugvélum. Ef hins vegar væri horfið að því að breyta landhelgisgæzlunni meira í það horf að hafa smábáta, yrði landhelgisgæzlan 4½ millj. á ári. Nú er það svo, að frá mörgum er uppi sú krafa að stækka landhelgisgæzlu- og landvarnarskipin, og það er ekki óeðlileg krafa. Menn, sem eiga að vera á þessum skipum árið um kring, gera vitanlega kröfu til þess að hafa nokkurn veginn viðunandi aðbúnað á skipunum. En þá kemur það til álita, hvað ríkissjóður treystir sér til að gera í þessum efnum. Fyrir stríð var ríkið búið að eignast Ægi, Óðin og Þór, og meðan fjárhagurinn var sem verstur, var tveimur skipunum lagt og einu haldið úti, en landhelgisgæzla, sem er framkvæmd þannig, að skipunum er ekki haldið úti allt árið, er gagnslítil. Sé ekki hægt að hafa hraðskreið skip til að elta togarana uppi, er líklegt, að reynslan verði sú, að það sé bezt að hafa strandgæzluskip, sem líkjast fiskiskipum, þannig að togararnir þekki þau ekki og geti þess vegna ekki varað sig á þeim. Skip á stærð við Óðin geta tæplega gengið meira en milli 14 og 16 mílur, og ef slík skip líta auk þess út eins og fiskiskip, geta togararnir ekki varað sig á þeim. Hins vegar hafa hraðbátar elt togara uppi, og mótorbátar, sem togarar hafa ekki varað sig á, standa jafnvel enn betur að vígi með það að ná togurum en skip af sömu stærð og Ægir. Og ég get, til þess að styðja þetta, skýrt frá því, að samkv. skýrslu frá Skipaútgerð ríkisins, dags. 30. marz 1945, þá hafði Óðinn frá því að hann byrjaði og til þess tíma tekið 9 útlenda togara og 7 íslenzka togara að fiskveiðum í landhelgi og 5 útlenda og einn íslenzkan togara fyrir að veiða með ólöglegum veiðarfærum, samtals 22 skip, en á sama tíma hafði Ægir tekið 2 útlenda togara. Og ef þetta má teljast sönnun fyrir því, hvað eftirlitsbátar séu hæfir til þess að ná togurum í landhelgi, þá er eftirtekjan ákaflega ólík, þegar þess er gætt, að útgerð Óðins kostaði ekki nema ⅓ af því, sem útgerð Ægis kostaði, og fyrir þann kostnað hefði átt að vera hægt að gera út 3 mótorbáta til strandgæzlu og um leið gætti hann (Óðinn) björgunarstarfsemi fyrir sama verð og Ægir. Ég hef í þessu sambandi dálítið látið athuga möguleika á því að fá önnur skip í Bretlandi fyrir þessi varðskip, og vitanlegt er, að það er hægt að fá ef til vill ýmis önnur skip þar. En hættan á þeim skiptum er sú, að þau skip mundu kosta álíka mikið og Ægir kostar yfir árið, útgerð á þeim mundi kosta um 2 millj. kr., vegna þess, að skip, sem væru af heppilegri stærð, 180 fet, og gengju 16—17 mílur, á þeim mundu þurfa að vera 22—25 menn, þannig að þau yrðu álíka dýr í rekstri og Ægir, án þess að gera meira gagn við landhelgisgæzluna en mótorbátur á stærð við Óðin.

Ég held svo ekki, að það sé fleira, sem sé ástæða til að taka fram í þessu sambandi. Ef það væri eitthvað, sem fyrirspyrjandi óskaði upplýsinga um og ég get svarað, þá er það að sjálfsögðu til reiðu.

Fyrirspyrjandi (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir hans ýtarlegu svör við fyrirspurn minni og þá greinagóðu skýrslu, sem hann hefur gefið hér um það eftirlit, sem fyrirspurnin fjallar um, þ. e. a. s. um hæfni og eiginleika þeirra skipa, sem hæstv. ríkisstj. lét forstjóra Skipaútgæzlu og björgunarstarfsemi hér við land í gerðar ríkisins kaupa til landsins til landhelgis-Englandi í sumar. Það, sem skýrsla hæstv. ráðh. ber fyrst og fremst með sér og niðurstaða hennar, er, að þessi þrjú skip, sem komu á fyrrgreindum tíma, séu ekki hæf til þeirra starfa, sem þeim var ætlað að inna af höndum. Þetta virðist svo að segja öllum innlendum aðilum, öðrum en forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, bera saman um. Nefnd sú, sem hæstv. ráðh. skipaði 23. jan. s. l., hefur talið skipin óhæf til björgunarstarfa fyrst og fremst og ekki hæf til eftirlitsferða við landhelgisstörf. Skýrsla sú, sem skipstjórinn á einu skipinu, Þórarinn Björnsson, hefur gefið um vesturför hans á einu skipinu 21. nóv. s. l. til Ísafjarðar, ber það einnig með sér, að álit hans er á sömu lund. Ég tel ekki ástæðu til þess að ræða í þessu sambandi álitsgerð þá og umsögn, sem hæstv. ráðh. hefur fengið frá Com. E. Thomas. Hann lýsir skipunum sem mjög vel færum og hæfum til þeirra starfa, sem þeim var ætlað að vinna í Bretlandi, sem sé til skyndiferða og hraðferða milli Svíþjóðar og Bretlands. En öllum hv. þm. er ljóst og öllum, sem vita, til hvaða starfa þessi skip eru ætluð, að þó að skipin hafi reynzt vel í þessar nauðsynlegu hraðferðir milli þessara landa á styrjaldarárunum, þá fer fjarri því, að af því megi álykta, að þau hæfi til landhelgisgæzlu og björgunarstarfa hér við land. Aðalatriðið í yfirlýsingu og skýrslu hæstv. ráðh. var það, að það væri álit allra íslenzkra aðila, að skipin séu ekki hæf til þeirra starfa, sem þeim voru ætluð.

En þá kemur að hinu, sem vitanlega er mjög mikið atriði í þessu sambandi: Hvað hyggst hæstv. ríkisstj. að gera með skipin? Því hefur hæstv. ráðh., a. m. k. að nokkru leyti, svarað, þar sem hann hefur skýrt frá því, að hann hafi skrifað forstjóra Skipaútgerðar ríkisins bréf, þar sem hann (ráðh.) óskar þess, að hann losi Skipaútgerðina og ríkissjóð við skipin og helzt í skiptum við önnur skip. Nú skýrði hæstv. ráðh.

aðeins frá því, að forstjóri Skipaútgerðarinnar hafi svarað þessu með bréfi 1. marz s. l., þar sem hann itrekar þá skoðun sína, að hann telji bátana hæfa, en telji hins vegar líkur til þess, að brezki sjóherinn mundi vilja taka við þeim og skipta á þeim og öðrum skipum. Mér finnst þetta mjög góð tíðindi, ef sönn eru, en í þessu sambandi verð ég þó að segja það, að áður en farið yrði út í það að skipta á skipunum og fá önnur í staðinn, þá þyrfti töluvert meira að gerast. Þá þarf það að gerast, að ýtarlega rannsókn fari fram á því, hvaða skip það eru, sem okkur henta til þeirra starfa, sem hér um ræðir. Þó má það ekki vera þannig, að einn maður væri fenginn, sem sendur væri fyrirvaralítið í skyndi til Bretlands, og hann keypti þar skip, sem honum einn daginn kynni að lítast vel á. Til þess verður meira að koma til. Þá verður rannsókn að hafa farið fram á því, hvað okkur henti í þessum efnum, sem gert er ráð fyrir í þeirri þáltill., sem samþ. var á síðasta þingi og bent er á í þessari fyrirspurn. Og enda þótt ég þykist hafa séð skoðun hæstv. ráðh. á því, hvað eigi að gera í þessum efnum, sem sé það, að hans áliti, að fá skipt á skipum, þá vildi ég þó beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort hæstv. ríkisstj. hafi nú þegar tekið ákvörðun um það að skila skipunum og hvaða skoðun hæstv. ráðh. og stj. hefur á því, hvaða skip beri að kaupa í stað þessara. Ég hygg, að það beri til þess brýna nauðsyn, að hæstv. stj. geri þetta upp við sig mjög fljótlega. Í fyrsta lagi er það, að þessi skip, sem nú liggja hér í Reykjavíkurhöfn undir umsjón íslenzkra manna, kosta ríkissjóð daglega stórfé, og hygg ég, að ég fari rétt með það, að skipin kosti ríkissjóð á mánuði óstarfrækt um 75000 kr. Þau hafa nú legið óstarfrækt rúma fjóra mánuði, og það er nokkurt fé, sem landhelgisgæzlan og ríkissjóður hafa orðið að blæða fyrir þessi gagnslausu skip. Það ber þess vegna til þess nauðsyn, að stj. taki skjótar ákvarðanir um það, hvað hún ætlar að gera í þessum efnum, og vænti ég, að það verði það, sem hæstv. dómsmrh. lýsti hér áðan sem sinni skoðun, að það ætti að skipta á skipunum og taka önnur. Og ég vil lýsa því sem minni skoðun, að undangenginni þessari rannsókn, sem fram hefur farið á skipunum í höfn, að það á að skipta á skipunum, svo fremi að þess sé kostur, og þetta á að gera sem allra fyrst, og þetta hefði helzt átt að vera búið að gera, enda þótt ekki hefði legið fyrir rannsókn um það, að málin standa eins og þau standa í dag, en það verður að standa við þessa rannsókn. Í þessum efnum er sjálfsagt að fá sem greinilegast úr þessu skorið, og hæstv. ráðh. hefur verið fús til þess að láta kryfja þessi mál til mergjar. En aðalatriðið er nú, að menn geri sér ljóst, að þessi mál eru aðkallandi, því að ástand landhelgisgæzlunnar eins og það er í dag er hið hörmulegasta. Má það hverjum manni vera ljóst, sem fylgzt hefur með björgunarstarfseminni og landhelgisgæzlunni á s. l. ári, að þeim málum hefur mjög farið hrakandi, og athyglisvert er, hvernig ástandið er í þessum efnum í dag. Það er þannig, að Ægir er í viðgerð í Kaupmannahöfn og Þór, annað aðalskip landhelgisgæzlunnar, er í fiskflutningum og björgunarskip landsins, Sæbjörg, er í viðgerð, og björgunarstarfsemin og landhelgisgæzlan er því rekin með leigumála, með misjöfnum mótorskipum. Það má öllum vera ljóst af þessu, hvernig raunverulega er ástatt með landhelgisgæzluna og björgunarstarfsemina í dag. Þess vegna vildi ég leggja á það mikla áherzlu, að ákvörðunum stj. í þessum efnum yrði hraðað sem allra mest, og ég vil lýsa því sem minni skoðun, að þá leið beri að fara, sem hæstv. dómsmrh. drap á, sem sé að skila skipunum sem skjótast aftur og athuga, hvort hægt muni að fá betri í staðinn.

Ég vil svo minnast á síðari hluta fyrirspurnar minnar, sem hæstv. ráðh. einnig svaraði, þ. e. a. s., hvað gert hefur verið í því að láta fara fram þá athugun á fyrirkomulagi landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi, sem ríkisstj. var falin með þál. á síðasta Alþ. Ég var einn af flm. þeirrar till., og það var okkur flm. hennar mjög mikið áhugamál að fá þá rannsókn framkvæmda, á fyrirkomulagi landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi, sem þar var lagt fyrir stj. að koma í framkvæmd. Ég verð að segja það, enda þótt ég vilji ekki áfellast hæstv. stj. svo mjög fyrir það, sem gerzt hefur í þessu máli s. l. ár, að ég hefði talið eðlilegra, að sú rannsókn á fyrirkomulagi landhelgisgæzlunnar og björgunarstarfseminnar, sem lagt var til með þessari till., hefði farið fram áður en þessi þrjú óhappaskip voru keypt frá Bretlandi. Það hefði verið langsamlega æskilegasta og eðlilegasta leiðin í þessu máli, að stj. hefði látið fara fram ýtarlega athugun á því, hvaða skipsstærð hentaði okkur við landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi hér við land, og hvaða starfsemi önnur væri nauðsynleg í höfn til þess að landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi yrði haldið hér uppi á sæmilega viðunandi hátt. En niðurstaðan varð sú, að áður en þessi rannsókn hafði farið fram, þá voru þessi þrjú skip keypt, og það er ekki hægt að neita því, að þessi kaup hafa, auk þess sem þau hafa valdið þeim, sem í góðum huga stóðu að kaupum þeirra, miklum vonbrigðum, beinlínis tafið framkvæmd þessara mála mjög verulega. Í fyrsta lagi hafa þau gersamlega eyðilagt þau áform Vestfirðinga að fá sína björgunarskútu byggða á s. l. ári og byrjun þessa árs, sem búið var að semja um við stj. að verulegu leyti, og það hefur enn fremur slegið á frest raunverulegri ýtarlegri rannsókn á því, hvað bezt henti í þessum efnum yfirleitt. Tíminn hefur farið í það að velta vöngum yfir þessum skipum, sem svo miklum vonbrigðum hafa valdið, og fé, sem ætlað var á síðustu fjárl., ½ millj. kr., til kaupa á varðskipum, hefur einnig farið í það í viðbót við ½ millj. kr. Ég er ekki að ásaka hæstv. stj. fyrir þetta, enda þótt ég hefði talið heppilegri og eðlilegri leið, að byrjað hefði verið á því að framkvæma till. að þessu leyti. En ég veit það, að bæði hæstv. dómsmrh. og stj. í heild hafa mikinn áhuga fyrir þessum málum og að það eru stj. vonbrigði, að svo hefur til tekizt sem raun ber vitni um þessi skip, og eins hv. alþm. og landsmönnum yfirleitt, sem áhuga hafa fyrir þessum málum og telja, að brýna nauðsyn beri til að koma þessum málum í betra horf en þau raunverulega eru í nú.

Ég held svo, að ég hafi ekki mjög miklu við þetta að bæta, sem ég hef sagt. Ég vil aðeins beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort það megi ekki vænta þess, að stj. taki nú alveg á næstunni endanlega ákvörðun um það, hvað gert verður við þessi skip, þegar þessi rannsókn liggur fyrir, hvort það megi ekki vænta þess, að á næstu dögum verði tekin um það ákvörðun. Ég vil lýsa því sem minni skoðun, að það eigi að fara þá leið, sem hæstv. ráðh. talaði um, að skila skipunum sem skjótast og athuga möguleika á því að fá ný skip í staðinn. Og enn fremur vildi ég spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort ekki er rétt með það farið, að skipin á mánuði hverjum kosti ríkissjóð þá upphæð, sem ég nefndi, 75000 kr. á mánuði. — Ég vil svo lýsa þeirri skoðun minni, sem ég setti hér fram þegar ég mælti fyrir þeirri þáltill., sem ég flutti á síðasta ári og samþ. var með nokkrum breyt., að ég teldi, að það væri ólíklegt, að landhelgisgæzlunni verði komið í sæmilegt horf meðan sá háttur væri á hafður um yfirstjórn hennar, sem nú er, að landhelgisgæzlan sé höfð í horninu hjá flutningafyrirtæki. Þessi skoðun mín er óbreytt, og ég tel, að það, sem nú hefur gerzt í þessu máli á s. l. sumri, sanni það, að þessi skoðun mín er fyllilega á rökum byggð, að það beri að stefna að því og stj. beri að hafa það í huga, þegar hún framkvæmir rannsóknina, að að því verði að stefna, að landhelgisgæzlan verði sett undir sérstaka stjórn og sérstaklega sérfróða og menntaða stjórn. — Þetta var skoðun okkar flm. þeirrar þáltill., sem samþ. var í fyrra með nokkrum breyt., og ég hygg, að ég geti fyrir munn okkar allra fullyrt, að sú skoðun sé óbreytt.

Ég skal ekki fara að ræða, hvaða stærð sé heppilegust af þeim skipum, sem hér eiga að stunda landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi, það er hlutverk þeirrar n. og þeirra aðila, sem þá rannsókn eiga að framkvæma, sem hér hefur verið rætt um. En ég tel það ekki rétt, að draga megi þá ályktun af því, að Ægir hefur aðeins tekið 2 togara, en Óðinn 22 skip, að hin minni skipastærðin sé hentugri. Við vitum, að það, sem er fyrst og fremst hlutverk skipanna, sem annast landhelgisgæzlu, það er að verja landhelgina. Það er ekki það að lokka skipin inn í landhelgina til þess að geta tekið þau þar, heldur er það fyrst og fremst hlutverk þeirra að koma í veg fyrir, að erlendir og innlendir veiðiþjófar veiði í landhelgi, og mér finnst þess vegna, að það sé ekki fyllilega rökrétt að álykta um hæfni skipa til landhelgisgæzlu eingöngu út frá því, hvað mörg skip þau hafa tekið. Skip, sem þekkist af togurum, það varnar því, að skip komi inn í landhelgina, þó að það sé ekki tekið. Annars vil ég ekki fara að rökræða þetta atriði. Það er að sjálfsögðu mjög athugandi í þessu máli, um stærð skipanna, og það er afar stórt atriði í þessu sambandi, hversu gífurlegur er rekstrarkostnaður hinna stærri skipa, og vil ég taka undir það með hæstv. dómsmrh., að það beri mjög að athuga þetta mál um stærð skipanna einnig frá fjárhagslegri getu og bolmagni okkar opinbera sjóðs, ríkissjóðs.

Ég hygg svo, að ég hafi ekki mjög miklu við þetta að bæta. Ég vil ítreka þá ósk, um leið og ég þakka hæstv. ráðh. fyrir góð og greið svör hans við fyrirspurn minni, að fram verði haldið þeirri rannsókn, sem stj. var falin með þál. á síðasta þingi, og ég tel þá rannsókn grundvöll undir það, sem gera á í þessum efnum, og að þá rannsókn verði fyrst og fremst að hafa til hliðsjónar, þegar það verður ákveðið að skila þessum skipum og kaupa önnur í staðinn. Það má ekki endurtaka sig, að einn maður, hvort sem hann heitir forstjóri Skipaútgerðar ríkisins eða eitthvað annað, verði sendur til útlanda og að tiltölulega lítt yfirveguðu ráði kaupi það skip, sem svo reynist af óhentugri stærð eða skortir eiginleika, sem nauðsynlegt er að skip, sem annast eiga landhelgisgæzlu og björgunarstörf við Ísland, hafi. Þess vegna tel ég það grundvallaratriði í þessu máli, að aðallínurnar séu markaðar fyrst um það, hversu landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi skuli varið hér við land. Ég tel það alveg meginatriði, og mér þykir líklegt á undirtektum hæstv. dómsmrh., að hann sé mér sammála um þetta, enda hefur hann þegar látið hefja nokkra athugun á því, hvað henti í þessum efnum, þar sem hann hefur fengið mann til þess að vera með í síldarleit og athuga möguleika í þá átt að nota flugvélar til landhelgisgæzlu. En enn sem komið er nær þessi athugun og rannsókn of skammt, og þess vegna er það, sem við erum komnir í þann vanda, sem raun ber vitni um nú, þegar við erum að ræða um þessi skip, sem væntanlega verður nú skilað og önnur fengin í staðinn.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég hef ekki mörgu að svara hv. þm. N.-Ísf. Við erum sammála um þessi mál, og honum er vel kunnugt um það, að fyrir mér hafa landhelgisgæzlumálin alltaf verið mikið áhugamál.

Það er ekki að öllu leyti rétt, að skipin hafi verið algerlega óstarfræk, því að eitt þeirra hefur verið að starfi nær óslitið síðan um áramót og hefur á því tímabili tekið einn togara í landhelgi. Ég upplýsti áðan, að rekstrarkostnaður varðbátanna mundi vera um 800 þús. til 1 millj. fyrir hvern þeirra á ári, ef þeir eru úti, en ef þeir hins vegar liggja í höfn, þá sem svarar varðmannskaupi þriggja manna, þar eð annar kostnaður kemur vart til greina. Ég hef lagt svo fyrir, að afskrá skuli af öllum skipunum nema einu, en það skuli starfa, þar til ákveðið er, hvað gert verður við skipin öll.

Mér er það ljóst, að landhelgisgæzlunni er mjög áfátt, en ekki varð hjá því komizt að senda Ægi í klössun, eftir að hann hafði verið í stöðugri notkun allan stríðstímann. Sama er að segja um Sæbjörgu. Sagt var, að vélin hefði verið orðin laus í henni, svo að varla hefur verið seinna vænna. Til gæzlu við Vestfirði var leigt skip og einnig var skip leigt með tilvísun Slysavarnafélagsins til björgunar og gæzlu í Faxaflóa og kom það að góðu haldi í mannskaðaveðrinu um daginn. Þá var leigður bátur til þess að vera við Vestmannaeyjar, þar til Ægir kemur, og enn einn bátur er við Hornafjörð.

Einn af skipstjórum landhelgisgæzlunnar hefur verið fenginn til þess að athuga um þetta og einnig hafa forstjórar flugfélaganna verið

kvaddir til. Svo var trúnaðarmaður Skipaútgerðarinnar sendur utan til þess að athuga um kaup á nýjum skipum eftir stríðið.

Það er mesti misskilningur, að ég hafi löngun til þess að spara við landhelgisgæzluna, en það þýðir ekki að hafa svo dýr skip, sem ekki er hægt að halda úti fyrir það fé, sem veitt er til þessara mála af fjárl. Fyrir 3 millj. kr. er ekki hægt að halda mörgum skipum úti. Á Ægi er 26 manna áhöfn, á Óðni 10 manna og á hraðbátunum 14 manna, en rekstrarkostnaðurinn fer nokkuð eftir því, hve fjölmennar áhafnirnar eru. Ef við ættum að halda úti 3—4 skipum með 26 manna áhöfn, mundi það kosta um 6—8 millj. kr. Þó yrði það ekki fullnægjandi, því að fleiri skip þarf. Þór er ekki hafður við landhelgisgæzlu vegna þess, hve dýr hann er í rekstri. Í 3 ár hefur verið samþykkt heimild til þess að selja hann, en enginn kaupandi hefur fengizt.

Ég er ekki viðbúinn að svara því, hvað stór skip við ættum helzt að hafa í þetta, en mér er þó nær að halda, að ekki sé hægt að hafa nema 5 skip með 13 manna áhöfn og 2 flugvélar, sem vetur og vor væru til björgunar og gæzlu, en á sumrin til síldarleitar. Það yrði og spursmál, hvort ríkið ætti ekki að eiga þær flugvélar. En eins og stendur, er sem sagt áhöfn á einum af hraðbátunum og hinir verða látnir liggja, þar til ákveðið er, hvað um þá verður. Og ef svo ber undir, verður skipunum skilað aftur.

Viðvíkjandi því, að skipin þurfi að vera auðþekkt, held ég, að það geti verið nokkuð tvíeggjað. Veiðiþjófar mundu vera öruggari um sig að fara í landhelgi, ef þeir gætu þekkt gæzluskipin úr 7—6 mílna fjarlægð. Ég held, að hitt væri nær að hafa skipin þannig, að þau þekktust ekki á langleiðum. Hitt get ég í sjálfu sér fallizt á, sem hv. þm. sagði, að landhelgisgæzlan væri allt eins mikið í því falin að verja landhelgina eins og að taka skip í henni.

Ég gleðst yfir áhuga hv. þm. N.-Ísf. á þessu máli, og landhelgismálin fengju áreiðanlega fljótari afgreiðslu, ef allir þm. væru sama sinnis og ég og hann í því máli.

Fyrirspyrjandi (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Hæstv. ráðh. má ekki skilja orð mín svo, að ég hafi verið að ásaka hæstv. ríkisstj. fyrir það, að Ægir og Sæbjörg eru í viðgerð. Ég vildi hér aðeins benda á það, hvernig ástandið er í þessum málum. Sama máli gegnir með Þór, að mér var um það kunnugt, að landhelgisgæzlan vildi losna við hann. En nauðsynin til úrbóta er enn þá brýnni, úr því að skipin eru ýmist í viðgerð eða fiskflutningum. Ég legg áherzlu á það, að ríkisstj. verður að ákveða eitthvað, hvað gera skuli í þessum málum, og eiginlega saknaði ég þess úr ræðu hæstv. ráðh., að hann upplýsti eitthvað um það. (*Félags- og dómsmrh.:* Ég hygg, að ég hafi svarað þessu í ræðu minni). Nei, ég held ekki. En bæði sjómenn og þm. langar til þess að fá um það vitneskju.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Ég held, að ég hafi svarað því, að verið væri að athuga, hvað gera ætti við hraðbátana, og mannskapurinn hefði verið afmunstraður af tveimur þeirra, en ég bið afsökunar á því, ef þetta hefur ekki verið nógu skýrt hjá mér.

6. Flutningur hengibrúar.

Á 16. fundi í Ed., 26. okt., var útbýtt:
Fyrirspurn til samgöngumálaráðherra um flutning hengibrúar (A. 51).

Á 17. fundi í Ed., 29. okt., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 12 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 13. nóv., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, með því að samgmrh. hafði tjáð sig reiðubúinn að svara henni.

Fyrirspyrjandi (Eiríkur Einarsson): Vegna þess hve brúargerð á Hvítá hjá Iðu í Biskupstungum er aðkallandi, þótti mér rétt að gera þessa fyrirspurn til hæstv. samgmrh., til þess að fá úr því skorið, ef tímabært reyndist, hvort samþ. frá Alþingi í fyrra um færslu Ölfusárbrúar á Hvítá hjá Iðu í Biskupstungum er möguleg. Ég vil þakka Alþingi fyrir skilninginn á þessu máli og einnig fyrir heimildina sjálfa. Ég hef hugboð um, að rannsókn hafi farið fram, en óska að vita, hvort hún hefur orðið jákvæð eða neikvæð, því að nauðsynlegt er að vita, hvað hægt er að gera í þessu mikla vandamáli, en það fer allmikið eftir því, hvað rannsóknin hefur leitt í ljós.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Strax og þáltill. var samþ. 6. febr. 1945 varðandi þetta mál, var vegamálastjóra falið að gera þá athugun. Álit hafði ekki borizt, þegar fyrirspurnin kom frá hv. 2. þm. Árn. Þess vegna var fyrirspurnin send til vegamálastjóra. Atv.- og samgmrn. hefur nú borizt bréf frá vegamálastjóra varðandi þetta mál, og þar sem í því felast beztu upplýsingar um þetta efni, vil ég lesa bréfið hér í deildinni, með leyfi hæstv. forseta. Það hljóðar svo:

„Brú á Hvítá hjá Iðu.

Síðan samþ. var ályktun á Alþingi 6. febr. s. l., hefur verið mælt og rannsakað ýtarlegar brúarstæðið á Hvítá hjá Iðu. Kemur í ljós, að þar þarf hengibrú 104 m langa, en milli turna Ölfusárbrúar er aðeins 75 m. Þá er það upplýst við athugun á ástandi Ölfusárbrúar, að járnin, sem bera upp gólf brúarinnar, eru orðin nokkuð aflöguð og ótrygg. Akbreidd brúarinnar er aðeins 2,6 m, og er það allmiklu mjórra en nú þykir rétt að hafa á nokkurri brú, nema helzt á afskekktri leið, þar sem engin teljandi þungaumferð er, en ekki er unnt að breikka brúna, þar sem hún yrði sett upp á ný, nema með mjög verulegum kostnaði. Af framangreindum ástæðum tel ég hana algerlega ófullnægjandi á Hvítá hjá Iðu, með því að nauðsynlegt verður, að þar komi traust brú með sæmilegri breidd, er nægi

til frambúðar. Eg er kominn að þeirri niðurstöðu að leggja til, að á Hvítá verði sett 104 m löng brú, að öllu leyti nýsmíðuð og 4 m breið, og miðist styrkleiki hennar við, að hún þoli umferð þungra bifreiða svo og allt að 12 tonna þungan vagn, sem dreginn er af bifreið, og er þetta sami þungi og styrkleiki nýju brúarinnar á Jökulsá hjá Grímsstöðum verður miðaður við. Innan skamms mun ég geta haft tilbúna kostnaðaráætlun um slíka brú á Hvítá. Ég hef nýlega fengið tilboð í járn og járnsmíði hengibrúar á Jökulsá frá beztu brúarsmiðjunni, sem smíðaði Ölfusárbrúna, og mun bráðlega hafa tilbúna kostnaðaráætlun um þá brú. Telur firmað, að til mála komi einhver lítil lækkun á brúarsmíðinni, ef tvær brýr eins yrðu pantaðar samtímis. Að því er snertir gömlu Ölfusárbrúna, þá mun ekki svara kostnaði að nota hana aftur nema yfir styttra brúarhaf, því járn í henni eru of veik, ef hafið lengist, og þarf þá gildari járnbita, en af því leiðir enn aðrar breytingar. Þá þarf og hærri turna fyrir lengri brú, en hins vegar má jafnvel vænta þess, að talið verði öruggt að nota strengina fyrir styttri brú. Samt verður gamla brúin ekki endurbyggð svo, að hún þoli verulega meiri þunga en nú, sem er mest 6 tonna bifreið. Kemur því ekki til að nota hana nema þar, sem fyrirsjáanlegt er, að ekki þarf að gera ráð fyrir umferð mjög þungra bifreiða. Á næstu árum má vænta, að komi hengibrýr á þessar ár, allar styttri en Ölfusárbrúin:

1. Blöndu hjá Löngumýri um 50 m löng.
2. Hvítá í Borgarfirði hjá Bjarnastöðum í Hvítársíðu, 52—55 m löng.
3. Lagarfljót hjá Kirkjubæ, 62 m löng, og
4. ef til vill Tungnaá á Haldi á Sprengisandsleið, 65—70 m löng.

Þar sem vænta má, að styrkleiki þriggja fyrst töldu brúanna verði að miðast við, að fullhlaðnar mjólkurflutningabifreiðar fari um þær, efast ég um, að rétt þyki að nota Ölfusárbrúna þar, því að þær eru allt að 8 tonn á þyngd. Að minnsta kosti yrði fyrst að gera útreikninga um áætlaðan styrkleika hinnar endurbættu brúar. Frekar geri ég ráð fyrir, að gamla brúin þætti viðunandi sterk á jafnfáfarna leið og yrði yfir Tungnaá. Ég vil þó að svo stöddu frekar fresta að gera tillögu um, hvar brúin yrði endurbyggð.

Aðrar hengibrýr, sem væntanlegar eru, eru allar lengri:

1. Skjálfandafljót í Bárðardal, um 112 m löng.
2. Hvítá í Árnessýslu hjá Kiðjabergi, um 140 m löng.
3. Þjórsá hjá Þjórsárholti, um 100 m löng.

Hefur þess sérstaklega verið óskað, að athugað væri, hvort ekki mætti nota Ölfusárbrúna á Skjálfandafljót, því að þar mundi væntanlega nægja léttbyggð brú. Brúarstæði, er til greina koma þar, hafa á ný verið rannsökuð og mæld á síðastliðnu sumri, og er fullvíst, að styttra brúarhaf fæst þar ekki en um 112 m. Er brúin því að dómi okkar verkfræðinganna ónothæf þar, nema ef til vill með mjög kostnaðarsömum breytingum, og er hætt við, að kostnaðarmunur á endurbyggingu hennar og á nýrri brú yrði þá ekki mikill. Jafnframt er þó til athugunar, hvort ekki megi setja brúna á annan stað, þar sem að vísu þyrfti um 165 m langa brú. Hún yrði þó allmiklu ódýrari en hengibrú 112 m löng, ef þar reynist ráðlegt að koma fyrir steyptum stöplum úti í farveginum, en þarna er talið vera mikið ísrek, og gæti því stöplunum verið nokkuð hætt.

Virðingarfyllst

Geir Zoëga."

Eftir þessu bréfi tel ég, að ekki komi til greina, að Ölfusárbrúin verði flutt á Hvítá hjá Iðu.

Fyrirspyrjandi (Eiríkur Einarsson): Ég er þakklátur hæstv. ráðh. fyrir skýrslu hans og greið svör, þó að betra hefði verið að fá jákvætt svar, svo að brúin hefði mátt flytjast til á sínu vatnsfalli, en kringumstæðurnar leyfa það ekki. Ég tel víst, að skýrslan, sem hæstv. ráðh. las upp, sé í alla staði rétt.

Ég endurtek þakklæti mitt til hæstv. ráðh. fyrir greið svör við þessari fyrirspurn og álít hæg ara að finna lausn á þessu máli, þar sem þessi leið er ekki álitin koma til greina.

Jónas Jónsson: Eftir að ég hafði fengið að vita hjá vegamálastjóra, að Ölfusárbrúin væri ekki nothæf á Hvítá, þar sem hún er hvorki nógu löng né breið, skrifaði ég samgmrh. og spurðist fyrir, hvort hún væri ekki nothæf á Skjálfandafljót í Bárðardal. Sveit þessi er um 40 km á lengd, en fljótið klýfur mjög bæði samgöngur og hvers konar viðskipti, en það er eins og allir skilja mjög bagalegt. Þó að ráðh. sé vondaufur um, að nota megi brúna þar, er ég ekki vonlaus um, að það mætti takast. Stórár, sem kljúfa héruð, eins og Skjálfandafljót í Bárðardal, Jökulsá í Lóni o. fl., og gera nútímalíf svo torvelt, er nauðsynlegt að brúa. Ég vona, að ráðherrann noti Ölfusárbrúna á góðan stað og þá einkum í eitthvert þessara vanræktu héraða. Býst ég við að hreyfa þessu máli síðar, að hin klofnu héruð fái brýr.

7. Bætur frá Þjóðverjum fyrir hernaðarspjöll.

Á 75. fundi í Ed., 1 marz, var útbýtt:

Fyrirspurn til ríkisstj. um, hvað unnt er að gera til að fá bætur frá Þjóðverjum fyrir hernaðarspjöll á Íslandi (A. 491).

Á 76. fundi í Ed., 4. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 10 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., 27. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, með því að dómsmrh. hafði tjáð sig við því búinn að svara henni.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Þetta mál er nú þannig, að ekki þarf mikið að tala um það. Það er vitað, að á stríðsárunum sökktu Þjóðverjar nokkrum íslenzkum skipum með allri áhöfn, auk annarra spjalla. En þessar

árásir, sem voru ákaflega ómannúðlegar — að svo miklu leyti sem við vitum um þær frá mönnum af þeim skipum, þar sem nokkur mannbjörg varð, — voru þannig, að hér fer saman mikið manntjón og þar með sá skaði þjóðhagslega, sem því fylgir, ef hægt er að meta hann til fjár, og einnig mikið eignatjón. Þar sem nú aðrar þjóðir leitast við að fá nokkrar bætur fyrir þau spjöll, sem einræðisríkin gerðu á eignum aðila í öðrum ríkjum, fannst mér rétt að hreyfa því hér í hv. þd., hvað hæstv. ríkisstjórn væri búin eða hugsaði sér að gera til þess að tryggja rétt Íslands í þessu efni. Mér þætti vænt um, ef hæstv. dómsmrh. vildi segja sína skoðun um þetta mál.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Mér er ljúft að upplýsa það, sem gerzt hefur í þessu máli, að að stríðinu loknu var farið að ræða um það á milli dómsmrn. og utanrrn., hvað gera skyldi í þessu máli. Og með bréfi, dags. 18. okt. 1945, og með tilvísun til samtals, sem fram hefur farið um þetta áður, þá skýrir utanríkisráðuneytið frá því, að utanrrh. hafi fyrir nokkru óskað álits dr. Einars Arnórssonar fyrrv. hæstaréttardómara um það, á hvern hátt Íslendingar ættu að gera skaðabótakröfur á hendur Þjóðverjum fyrir mann- og eignatjón af þeirra völdum í styrjöldinni, og enn fremur um það, að ef horfið yrði að því ráði, að gerðar yrðu slíkar kröfur, hvernig ætti að haga meðferð þessa máls.

Með bréfi, dags. 6. ágúst 1945, sendir dr. Einar Arnórsson hæstv. forsrh. álitsgerð, sem ég skal leyfa mér að lesa upp. — Og með tilvísun til þeirra samtala, sem ég gat um, beinir utanrrn. til dómsmrn., að það láti gera yfirlit yfir allar skaðabótakröfur, sem það telji rétt, að gerðar verði á hendur Þjóðverjum, og að það rökstyðji þær með sem ýtarlegustum sönnunum sem frekast kostur væri á.

Álit dr. Einars Arnórssonar er, með leyfi hæstv. forseta, svohljóðandi:

„Með bréfi, dags. 27. f. m., hefur hæstv. forsrh. óskað álits míns um það,

I. „hvort Íslendingar ættu að gera skaðabótakröfur á hendur Þjóðverjum fyrir manna- og eignatjón af þeirra völdum í styrjöldinni", og

II. „ef horfið yrði að því að gera slíkar kröfur, hversu bæri þá að haga þeim og meðferð slíkra mála."

Ég vil leyfa mér að lýsa hyggju minni um þessi atriði í fáum orðum.

Um I. Um árás þýzkrar flugvélar á s/s „Súðina" hér við land sumarið 1943 mun varla vafasamt, að þýzka ríkið eigi að bæta það tjón, er árás þessi hafði í för með sér. Hin skipin, sem fyrir árás urðu, munu hafa verið í förum milli Íslands og lands, sem Þjóðverjar áttu í styrjöld við, og í takmarki, er þeir höfðu lýst ófriðarsvæði, eða í fylgd og vernd herskipa óvinaríkja Þjóðverja. Nú leikur ekki á tveim tungum, hver nauðsyn Íslandi var á því að hafa samgöngur við Bretland og Ameríku á styrjaldarárunum, og eigi orkar það heldur tvímælis, að Ísland var í fyrstu hernumið af Bretum og síðan, frá því nálægt miðju ári 1941, undir hervaldi Bandaríkja Norður-Ameríku samkvæmt samningi milli þeirra og Íslands. Það mun og almennt viðurkennt, hversu mikilvægur hernaðarstaður Ísland var Bandaríkjunum og Bretum í styrjöldinni við Þjóðverja. Þótt íslenzka *þjóðin* væri *að formi til* hlutlaus í þeirri styrjöld, þá var *landið* raunverulega herstæði og skipakostur þess varð raunverulega að vera í þjónustu Breta og Bandaríkjamanna jafnframt flutningum nauðsynja frá þessum þjóðum til Íslands. Af þessum ástæðum virðist Ísland hafa fulla siðferðislega kröfu til bóta fyrir spjöll á mönnum og munum, er Þjóðverjar hafa valdið því. Þjóðverjar voru gersigraðir og hafa gefizt upp *skilyrðislaust*. En af því leiðir aftur, að Bretland og Bandaríkin, sem Ísland hefur unnið með í styrjöldinni, hafa í hendi sér, ásamt öðrum styrjaldaraðilum þeirra megin, ákvörðun um bætur af hendi Þjóðverja til Íslands, eins og allt annað, er kjör og kosti Þjóðverja vegna styrjaldarúrslitanna varðar. Og þykir því mega vænta þess, að stórveldi þessi telji sanngjarnt, að Ísland fái bætur úr hendi Þjóðverja, hvað sem stranglögfræðilegri túlkun á afstöðu Íslands í styrjöldinni líður

Af framangreindum ástæðum virðist einsætt, að gera beri kröfur um bætur úr hendi Þjóðverja fyrir spjöll á mönnum og munum, er þeir hafa valdið Íslandi í styrjöldinni.

Um II. 1. um *friðarsamninga* í venjulegum skilningi milli bandamanna og Þjóðverja verður ekki að ræða, því að samkvæmt hinni skilyrðislausu uppgjöf Þjóðverja munu Bandamenn ákveða einhliða kjör og kosti Þjóðverja. En af því leiðir aftur, að beina verður kröfum Íslands til Bandamanna (þ. e. í þessu sambandi Breta og Bandaríkjamanna), er svo úrskurða, hvort Þjóðverjar skuli greiða, hversu mikið og með hverjum hætti. Sennilega verður sett nefnd til rannsóknar og tillagna um öll skaðabótamálin. Og sú nefnd mun þá fjalla um kröfur Íslands.

2. Mikið vandamál mun hér verða *sönnunaratriðið*. Til stuðnings kröfum um skaðabætur virðist þessara atriða einkum vera þörf:

a) Skrá um hvert einstakt íslenzkt skip, er fyrir spjöllum hefur orðið, hvar og með hverjum hætti þau hafa orðið og hverjum úrslitum, stærð skips, aldur og til hvers notað, eiganda, vátryggingarupphæð og vátryggjanda, vél og aldur hennar, flokkun skips og fylgifé og yfirleitt allar upplýsingar, er unnt er að afla og máli skipta um verðmæti skips.

b) Skrá um menn þá, er farizt hafa eða orðið hafa fyrir heilsutjóni eða öðru tjóni sakir árása Þjóðverja á skip þeirra, aldur þeirra, atvinnu og annað, er máli skiptir um bótahæð.

c) Skrá um konur og ósjálfráða börn hvers manns, er farizt hefur, og foreldra, ef ætla má þá eiga kröfu til dánarbóta.

d) Skrá um verðmæti þau, er í skipi voru og eigi voru beinlínis fylgifé þess, svo sem farm og skipsforða, eignir skipverja, er tapazt hafa, og verðmæti önnur í skipi, og annað, er máli skiptir í því sambandi um kröfu og kröfuhæð.

e) Kröfur þær, er gerðar verða um bætur fyrir hvað eina, svo sem dánarbætur handa konu, börnum eða foreldrum, bætur fyrir heilsutjón, lækniskostnað, heimsendingu manna, uppihald og atvinnutap, skipsbætur og farms og muna

þessi bygging komi til með að kosta á annan tug millj. kr. Nú er það svo, að þó að ætíð sé hægt að segja um slíka hluti, að þeir horfi til menningar og að skemmtilegt sé að eiga fullkomnar og fagrar byggingar, þá er það orðið nokkuð áberandi í þjóðarbúskap okkar að leggja í stórar byggingar, sem eingöngu eru til skrauts, en ekki á nokkurn hátt til þess að létta lífsbaráttu þjóðarinnar. Og þegar maður lítur á þetta, sem ætlað er á fjárl. til bygginga, en þó alls ekki er ætlað til þess að bæta híbýli almennings í landinu, þá sýnist nokkuð gífurlegt að bæta þar við þessari stóru höll nú þegar. Enn er á það að benda, að það er alls ekkert víst, að fáanlegt sé ótakmarkað byggingarefni til landsins, og bygging útvarpshallar mundi þess vegna verka í þá átt að hefta íbúðarhúsabyggingar almennings, því að maður getur búizt við, að aðili, sem hefur eins sterka aðstöðu og ríkið sjálft, mundi geta setið fyrir byggingarefni, sem til landsins flyzt, ef það vill. — Og loks er á það mjög alvarlega efni rétt að benda, að ríkið hefur með opinberum framkvæmdum — og á það hef ég áður minnzt hér — stofnað til svo harðvítugrar samkeppni við atvinnuvegina um vinnuaflið í landinu, að það er óhugsandi annað en að hver hv. þm. hljóti að líta á það sem mjög alvarlegan hlut. Það er þegar komið í ljós, og mun miklu meira koma í ljós síðar á þessu ári, að þetta er svo alvarlegur hlutur, að þetta getur orðið til þess að draga stórkostlega úr framleiðslu þjóðarinnar.

Ég held, að þessi atriði, sem ég nú hef lagt áherzlu á: í fyrsta lagi, að ríkisútvarpið hefur enga þörf fyrir hækkun á afnotagjaldinu til rekstrar síns, — í öðru lagi, að það er mjög vafasamt, hvort svo mikill innflutningur fæst á byggingarefni, að byggingarefni í þessa höll megi missast frá því að byggja yfir fólkið, — og loks það, að hér er enn stefnt til hinnar harðvítugustu samkeppni við framleiðslu þjóðarinnar um vinnuaflið, — ég held, að þessi þrjú atriði séu alveg nægilegar ástæður til að rökstyðja okkar mál, sem leggjum til, að þáltill. verði samþ. með þeirri breyt., sem prentuð er á þskj. 425.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Það er rétt, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að fjvn. varð ekki öll sammála um þetta mál. En ég vil þó, til leiðréttingar því, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, taka fram, að það kemur beint fram í nál., að minni hl. n. lítur svo á, að það sé þýðingarlaust að samþ. þessa þáltill., vegna þess að hún ein út af fyrir sig, þó samþ. verði, taki ekki valdið af ráðh. til þess að láta þetta gjald standa óbreytt yfir árið 1946 eins og það áður var, og vil ég færa nokkur rök fyrir því. — Í 6. gr. l. um þetta efni frá 1934 stendur alveg ákveðið, að ráðh. eigi að ákveða upphæð útvarpsafnotagjaldsins fyrir eitt ár í senn, að fengnum till. útvarpsstjóra og útvarpsráðs. Hér er í þáltill. hins vegar skorað á viðkomandi ráðh. að víkja frá þessum rétti sínum. En viðkomandi ráðh. hefur hins vegar marglýst yfir því við fjvn., að hann mundi ekki víkja frá ákvörðun sinni um þetta gjald fyrir árið 1946, þannig að það verði hærra en áður, og hefur tjáð, að undirbúningur sé hafinn undir prentun eyðublaða í samræmi við þá fyrirskipun.

Árið 1942 var samþ. þáltill. hér á Alþ., sem líkt stóð á með, þar sem mikill meiri hl. alþm. samþ. áskorun um það, að kosin væri nefnd af Alþ. til þess að úthluta bifreiðum, algerlega gegn þeim rétti, sem þáv. ráðh. hafði til þess að ráðstafa bifreiðum samkv. l. um einkasölu á bifreiðum. Viðkomandi ráðh. lýsti þá einnig yfir því, að hann mundi ekki telja sig skuldbundinn af þessum vilja Alþ., svo lengi sem l. stæðu óbreytt um það atriði. Og hann fór ekki heldur eftir þessum vilja Alþ. Út af því urðu svo málaferli, þar sem menn, sem hafði verið úthlutað bifreiðum frá nefndinni, sem Alþ. hafði kosið, vildu ekki beygja sig undir úrskurð ráðh. um það, að þeir fengju ekki tilteknar bifreiðar. Þeir höfðuðu skaðabótamál á hendur ríkisstj. út af þessu, og dómur gekk hjá hæstarétti um það, að ráðh. hefði í þessu efni haft rétt fyrir sér og hefði ekki skyldur til þess að fara eftir þessum vilja Alþ., þó að meiri hl. Alþ. hefði samþ. þá áskorun á Alþ., sem ég gat um. — Nákvæmlega það sama gildir hér í þessu máli. Það er að sjálfsögðu meinlaust að samþ. þessa þáltill., en ráðh. er ekki skuldbundinn af þeirri viljayfirlýsingu Alþ. Hitt er svo rétt, að Alþ. hefur á hverjum tíma rétt til þess að segja álit sitt um þetta atriði á annan hátt, þ. e., ef það vill breyta því ákvæði 6. gr. viðkomandi l., sem ég nefndi áðan, og taka af ráðh. með lagabreyt. valdið til þess að ákveða upphæð afnotagjaldsins. Það getur Alþ. gert, ef það vill, og ef meiri hl. Alþ. vill taka valdið af ráðh. í þessu efni, ætti hann að fara þá leið að reyna að fá 6. gr. l. breytt um þetta atriði.

Ég vil þá koma nokkuð að hinu atriðinu, sem hv. frsm. meiri hl. n. minntist á, að ekki væri þörf á að hafa þetta gjald svo hátt sem ráð er fyrir gert, vegna hinna miklu tekna útvarpsins, og ekki þörf á að verja stórum upphæðum til þess að byggja útvarpshöll. Um þetta er ég hv. meiri hl. n. ekki sammála. Hv. frsm. meiri hl. fjvn. veit vel, að sett var á síðustu fjárl. upphæð, 1080000 kr., sem ákveðið var, að verja skyldi til byggingar útvarpshallar í Reykjavík. Hv. fjvn. gerði brtt. við þennan lið og vildi láta setja við þessa upphæð, að þetta yrði lagt til hliðar til frekari ákvörðunar Alþ. síðar meir. Þetta er hv. frsm. meiri hl. fjvn. vel kunnugt um. En meiri hl. hv. alþm. felldi þessar till. fjvn. og lét standa í fjárl., að þessum 1080000 kr. skuli varið til byggingar útvarpshallar í Reykjavík. Það er því ákveðið með ákvæðum fjárl., að þetta fé skuli notað til þess að byggja útvarpshöll. Ég minntist á þetta sem form. fjvn. við viðkomandi ráðh. og útvarpsráð, að samkv. l. nr. 68 frá 1934 hefði ekki útvarpsráð heimild til þess að nota þetta fé til þess að byggja útvarpshöll fyrir, nema með sérstökum l. frá Alþ. Þá vísaði hæstv. ráðh. í 2. gr. sömu l. og taldi, að hann hefði þar heimild í 2. málsgr. til þessa, þar sem stendur, að tekjum ríkisútvarpsins og starfsgreina þeirra, sem reknar verði á vegum þess, megi eingöngu verja í þágu útvarpsrekstrarins og útvarpsnota. Hæstv. ráðh. taldi, að þarna hefði hann heimild, skildist mér, til þess að verja þessum tekjuaf-

gangi eins og honum sýndist. En ég er alveg annarrar skoðunar um þetta og leyfi mér að benda á það, að í 1. gr. þessara sömu l. er alveg ákveðið tekið fram, að það þurfi að leita heimildar hjá Alþ. til þess, að hægt sé að stækka eða byggja fyrir ríkisútvarpið. Ég tel því, að þó að þessara tekna sé aflað af ríkisútvarpinu og stofnunum, sem starfa á vegum þess, þá hafi Alþ. alltaf tækifæri, hvenær sem er, til að neita ráðh. um meira fé en þegar hefur verið veitt, til þess að byggja þessa höll.

Ég vil taka það fram, að ég er sammála meiri hl. n. um það, að ekki er rétt að leggja sérstakan skatt á þjóðina, en ég er ósammála honum um það, að þótt þessi till. verði samþ., geti hún á nokkurn hátt skert vald ráðh., og þess vegna leggjum við minnihlutamenn til, að till. verði vísað frá með rökst. dagskrá, sem þegar hefur verið lögð fram.

Forseti (JPálm): Umræðum verður frestað um stund, en gengið til atkvgr. um önnur mál.

Umr. frestað.

Á 32. fundi í Sþ., s. d., var enn fram haldið einni umr. um till.

Þorsteinn Þorsteinsson: Hv. þm. Barð. minntist á það í ræðu sinni, að þótt sú till. á þskj. 164, sem hér liggur fyrir, yrði samþ., þá væri það engin skylda ráðh. að fara eftir henni. Þetta er raunar engin nýjung. Þessi till. á þskj. 164 fer fram á það að skora á ríkisstj. að hækka ekki afnotagjald þeirra útvarpseigenda, er hafa straumtæki. En ef ætlunin hefði verið að gera ráðh. skyldugan til að fara eftir ályktuninni, þá hefði hún verið orðuð þann veg, að lagt væri fyrir ríkisstj., en hér er einungis skorað á ríkisstj. Hér er aðeins farið fram á, að hæstv. Alþ. sýni vilja sinn um þetta mál, og það hefur verið venja hingað til, að ríkisstj. færi eftir meirihlutavilja Alþ. Ég segi fyrir mig, að ég vil ekki væna ríkisstj. um það, að hún muni ekki fara eftir vilja Alþ. — a. m. k. að óreyndu. Ég verð að segja það, að hin rökst. dagskrá á þskj. 412 er þannig orðuð, að ég get tæplega fylgt henni. Vil ég nú lesa kafla úr henni, með leyfi hæstv. forseta: „— — — og að þáltill., sem hér liggur fyrir, getur ekki, þótt samþykkt yrði, skert á nokkurn hátt rétt ráðh. til þess að ákveða gjaldið samkvæmt lögum, sér Alþingi ekki ástæðu til frekari aðgerða í málinu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“ Þetta er rétt, að ráðh. er skylt að hlýða l., en það nær engri átt, að Alþ. gæti ekki látið uppi vilja sinn fyrir því. Þess vegna finnst mér, að þessi rökst. dagskrá ætti ekki að koma til atkvæða. En nóg um það. Ég vil ekki lengja þessar umr. frekar en þörf er á. Ég tel, að við alþm. höfum fyllsta rétt til að láta í ljós vilja okkar og segja álit okkar um þessa hluti. Ég er áður búinn að tala um aðstöðumismun þeirra, sem nota rafhlöðutæki og rafmagnstæki, og vil ekki endurtaka það. Einnig hef ég minnzt á það, að þeir, sem nota rafhlöðutæki, greiða eiginlega tvöfalt gjald. Þeir verða að kaupa dýra rafgeyma og þurrhlöður og skapa þannig töluvert af þeim gróða, sem viðtækjaverzlunin hefur. Helztu rök andstæðinganna hafa verið þau, að erfitt væri að annast innheimtu tvenns konar gjalda. Ég hef líka áður sýnt fram á, að auðvelt væri að yfirstíga þann erfiðleika. Það er einföld aðferð að skipa svo fyrir, að allir verði að greiða fullt gjald nema t. d. þeir, sem sýnt geta vottorð frá hreppstjóra, að þeir hafi rafhlöðutæki.

Að öllu þessu máli athuguðu tel ég rétt að fylgja till. meiri hl., þar sem litlar líkur eru til, að þáltill. sjálf nái fram að ganga, en að henni felldri skora ég á hv. þm. að fylgja brtt. á þskj. 425.

Þórður Benediktsson: Aðeins nokkur orð frá minni hl. Ég lít svo á, að þáltill. á þskj. 164 sé móðgun í garð ráðh., útvarpsstjóra og útvarpsráðs, þar sem skorað er á ríkisstj. að breyta því, sem aðilar áður hafa ákveðið um þetta efni lögum samkvæmt. Ef ríkisstj. lítur svo á, að sér beri að fara eftir vilja Alþ., þá hefur það þær afleiðingar í för með sér, að Ríkisútvarpið missir af rösklega einni millj. kr. En þessi 40 kr. hækkun á afnotagjaldinu, sem gilda á aðeins í eitt ár, er ekki stór liður á búreikningi, og ég trúi því ekki, að útvarpshlustendur sjái eftir að leggja fram þessar krónur í byggingarsjóð útvarpsins. Það býr nú við algerlega óviðunandi húsakost, sem stendur því fyrir þrifum, en þar að auki stendur það í vegi fyrir stækkun bæjarsímakerfisins. Þess vegna er mikil þörf á nýju húsi. Á fyrstu árunum var útvarpið dægradvöl, en nú má segja, að það sé orðið nauðsyn. Mér þætti gaman að sjá upplitið á mönnum, ef það ætti að taka útvarpið af þeim.—Ég lít svo á, að útvarpið verði að eignast gildan byggingarsjóð og bezt sé að nota tækifærið á meðan 40 kr. eru lítill liður á búreikningi manna. — Senn líður nú að því, að sjónvarpið verði almennt, og ef ég þekki Íslendinga rétt, hygg ég, að þeir láti sér ekki lynda að verða síðastir að taka það upp. Við verðum að fá sjónvarpið, og ekki verður það starfrækt nema í stórhýsi.

Ég vona, að hv. alþm. sýni útvarpinu góðan hug og að eigendur viðtækja sjái ekki eftir lítilli fjárupphæð til þessarar stofnunar, sem orðin er nauðsyn.

Forseti (JPálm): Umræðum verður nú frestað um stund, en tekið fyrir þriðja mál á dagskránni, sem er till. til þál. um endurskoðun á löggjöf um sölu lyfja, 186. mál Sþ., þskj. 485. Fyrri umr.

Gísli Jónsson: Mér þykir það einkennilegt, að hæstv. forseti skuli meina hæstv. menntmrh. orðið, en taka til umræðu mál, sem alls ekki er á dagskránni. Mér þykir hæstv. forseti vera orðinn allröggsamur í forsetastóli. Ég krefst þess, að umr. um 97. málið haldi áfram og forseti neiti ekki ráðh. um orðið.

Síðar á fundinum var umr. enn fram haldið.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Ég geri ráð fyrir, að hv. form. fjvn. hafi tekið það fram, sem ég þarf að segja í þessu máli.

Hæstv. Alþ. hefur nú samþ. fjárl., þar sem gert er ráð fyrir þessu afnotagjaldi, sem ríkisstj. hefur þegar ákveðið. Það er búið að ákveða af ríkisstj. að byggja útvarpshús, og hefur Alþ. staðfest þá ákvörðun með samþykkt fjárl. Hins vegar er enn óákveðið, hvenær þessi bygging verður reist, og var felld brtt. við fjárl., þar sem lagt var til, að fé yrði lagt til hliðar. Ef þessi till. frá hv. meiri hl. fjvn., sem hér liggur fyrir, yrði samþ., get ég ekki skilið, að hún þýði annað en það, að Alþ. ætti sjálft að leggja fram þá fjárupphæð, sem annars er gert ráð fyrir að fáist til byggingar útvarpshallar með hækkuðum útvarpsgjöldum, og mundi sú hækkun nema rösklega 1 millj. kr. á ári fyrst um sinn. Hér er um svo mikla bjartsýni og stórhug að ræða í garð útvarpsins, að ég get varla trúað því, að Alþ. beri slíkan hug til þeirrar stofnunar. Hitt er svo annað mál, að ég hlýt að fagna því, ef Alþ. vill veita þetta fé beint úr ríkissjóði, þannig að afnotagjöld þyrftu ekki að hækka.

Hvað snertir það atriði, sem um hefur verið rætt, hvort ég mundi fara hér eftir þingviljanum eða ekki, þá er það rétt, sem kemur fram í dagskrártill. hv. minni hl. n., að ég þarf vitanlega ekki að fara eftir honum, en hins vegar vil ég það gjarnan. Ég þarf aðeins að vita, hver sá þingvilji er og hvað vakir fyrir Alþ. í þessum efnum. Sé ég viss um það, að samþykkt þessarar till. þýði ekki annað en að meiri hl. fjvn. og Alþ., ef till. verður samþ., ætli sér sjálft að leggja fram fé, þá mun ég vissulega framkvæma þingviljann og lækka afnotagjöldin aftur, en fyrst þarf ég að ganga úr skugga um þetta atriði, því að annars brýtur samþykkt þessarar till. í bága við fyrri samþykktir Alþ.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Hv. þm. Dal. hefur að vísu tekið nokkuð af því fram, sem ég þurfti hér að undirstrika. Það, sem hv. frsm. minni hl. n. lagði áherzlu á, er hið sama og felst í rökst. dagskránni að því undanskildu, að hann lýsti yfir, sem er frá hans brjósti, að ég hygg, að með þessu verði ekki lögð á hærri útvarpsgjöld en árlega voru innheimt á síðustu árum, og að ekki verði lagt í byggingu útvarpshallar. Hinu heldur hann enn þá fram, að ekki komi til mála, að Alþ. láti annan vilja í ljós en þann, sem viðkomandi ráðh. hefur í þessum efnum. Í þessu liggur svo mikill misskilningur, sem ég lagði áherzlu á í framsöguræðu minni og hv. þm. Dal. hefur og gert. Í fyrsta lagi er alls ekki farið fram á það í þáltill. að taka nokkurt vald af ríkisstj., heldur er hér aðeins um áskorun til ríkisstj. að ræða. Ef till. verður samþ., þýðir hún aðeins yfirlýsingu frá hv. Alþ. um þessi efni, en svo er það á valdi hæstv. ráðh., hvað honum virðist bera að gera í málinu. Það er alkunnugt, að algengt er, að Alþ. láti í ljós vilja sinn til ríkisstj. um framkvæmdir á ýmsum málum, sem hún annast framkvæmd á eða hefur lagalegan rétt til, og ef sá háttur á að takast upp, að Alþ. leyfist ekki að láta í ljós vilja sinn í slíkum tilfellum, þá er það ekkert annað en uppgjöf hjá Alþ. um það að vilja eiga nokkra hlutdeild í framkvæmdavaldinu.

Þegar hv. frsm. minni hl. hélt sína ræðu, var alveg ósannað mál, hvort hæstv. ráðh. mundi fara eftir vilja Alþ. eða ekki, ef þáltill. yrði samþ. Nú hefur hæstv. ráðh. látið í ljós, að hann muni vilja fara eftir samþ. Alþ. í þessu máli, hver sem hún verður. En ef hún yrði á þá leið að innheimta ekki hærri afnotagjöld en þau voru síðastliðið ár, þá vildi hann fá að vita um það, hvort það þýddi, að Alþ. ætli sér á annan hátt að leggja fram fé til fyrirhugaðrar útvarpshallar. Ég tala að sjálfsögðu ekki fyrir hönd Alþ., — það verður að láta vilja sinn í ljós við atkvgr. um þáltill., — en tala hér fyrir munn 6 manna í fjvn. Er vilji þeirra í fullu samræmi við þann, er var í n., þegar síðustu fjárl. voru afgr., en hann er sá, að n. hefur verið því mótfallin, að útvarpsgjöld yrðu hækkuð og alveg sérstaklega í þeim tilgangi að byggja útvarpshöll fyrir það, af því að meiri hl. n. er þeirrar skoðunar, að þegar sé fulllangt gengið í nýbyggingum og megi ekki ofan á það bæta. Það er því ekki ætlun n., að Alþ. leggi á annan hátt fram fé til byggingar útvarpshallarinnar. Það er alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að með samþykkt síðustu fjárl. hefur Alþ. gert ráð fyrir þessum gjöldum, en jafnframt hefur það gert ráð fyrir því, að um 1½ millj. kr. yrði afgangs hjá útvarpinu, og að það væri því ekki á flæðiskeri statt, þótt afnotagjöldin yrðu ekki hækkuð, en verði fé þessu til byggingar útvarpshallar. Ég vona, að hv. þm. skilji, að það er misskilningur hjá minni hl., að meiri hl. hafi meint, að hann gæti breytt l. með samþykkt þessarar þáltill. Slíkt hefur honum aldrei dottið í hug, en það hefur verið skoðun meiri hl. n., að Alþ. mætti láta í ljós vilja sinn um það, hvernig framkvæmd þeirra hluta er, sem ríkisstj. hefur vald til að framkvæma í l. Þess vegna er það tímabært af Alþ., að það láti í ljós vilja sinn um það, hvort ríkisstj. skuli setja þetta gjald hærra eða lægra.

Ég vil leggja áherzlu á það og tel það engum vafa bundið, að hæstv. ráðh. skilji það svo, að verði rökst. dagskráin samþ., þýði hún viljayfirlýsingu hæstv. Alþ. um byggingu útvarpshallar og hækkun útvarpsgjalda á þessu ári. Þeir hv. þm., sem vilja ekki láta hækka útvarpsgjöld, geta því ekki greitt atkv. með rökst. dagskrártill.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Það er ekkert spursmál um byggingu útvarpshallar í Reykjavík, því að slíkt var samþ. með síðustu fjárl., og er ég síðasta ræðumanni ósammála um það, að slík bygging sé ekki nauðsynleg. Hitt er svo annað mál, hvenær eigi að byrja á þessum framkvæmdum, og geri ég ekki ráð fyrir, að það verði í sumar, en nauðsyn slíkrar framkvæmdar fyrir útvarpið og landsmenn er augljós. Ríkisstj. hefur ákveðið að byggja útvarpshöll í Reykjavík og hv. Alþ. hefur staðfest það með fjárl., því að þar er ákveðið að verja rúml. 1 millj. kr. í þessu skyni og enn fremur gert ráð fyrir þessum afnotagjöldum, og því verður ekki breytt með samþ. neinnar þáltill. Mér er því aðeins mögulegt að framkvæma efni þessarar þáltill., að ég hafi vissu fyrir því, að Alþ. muni veita þetta fé, sem ætlazt er til, að verði náð með hækkuðum afnotagjöldum, sem framlag úr ríkissjóði.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil gjarnan taka það fram hér, að mér finnst hv. frsm. meiri hl. n. blanda hér saman tveim alveg óskyldum málum. Það er út af fyrir sig sitt hvort atriðið, hvort eigi að hækka útvarpsgjöld eða byggja útvarpshöll, og hæstv. ráðh. hefur líka blandað þessu tvennu saman. Við höfum samþ. með fjárl. að verja á aðra millj. kr. til þess að byggja hluta af útvarpshöll, og hæstv. ríkisstj. eða ráðh. hefur áreiðanlega enga heimild til þess að verja meira fé á þessu ári í þessu skyni, nema til komi frekara samþykki frá Alþ. Það er því rangt hjá hv. frsm. meiri hl. n., að við samþykkjum byggingu útvarpshallar, þótt þessi rökst. dagskrá verði samþ. Hún er ekkert annað en bein afleiðing af því, sem hv. Alþ. gerði með því að samþ. að verja af fjárl. 1080000 kr. af áætluðum tekjuafgangi ríkisútvarpsins til þess að byggja fyrir hluta af útvarpshöll. Ef þáltill. verður samþ. og hæstv. ráðh. framfylgir þeirri viljayfirlýsingu, sem kann við það að koma fram, þá er Alþ. að breyta sinni fyrri ákvörðun og verður að uppfylla þessi ákvæði fjárl. að leggja til hliðar 1080000 kr. til byggingar útvarpshallar. Hins vegar er ég sammála hv. frsm. meiri hl. n. um að vera á móti þessari byggingu og að hækka afnotagjöld útvarpsins í þessu skyni.

Hv. þm. Dal. viðurkenndi í sinni ræðu, að ég hefði lög að mæla í þessu máli, svo að ekki er ástæða til að ræða frekar við hann út af hans ræðu. — Ég vil svo spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort hann viðurkenni ekki, að hann hafi lýst yfir við fjvn. eða mig sem form. hennar, að hann teldi sig fyrst og fremst hafa heimild til að nota þetta fé og ef hann fengi hana ekki hjá Alþ., þá mundi hann láta fara fram hækkun á afnotagjöldum. Þegar ráðh. fær svo samþ. á þingi, gegn vilja fjvn., að fá 1080000 kr., þá hefur hann gert þessar ráðstafanir um hækkun afnotagjalda alveg gagnstætt því, sem mér skildist hann ætla að gera eftir yfirlýsingu sinni, ef þetta hefði verið fellt. Ég heyrði ekki yfirlýsingu hæstv. ráðh. áðan, en mér skildist, að hann mundi lækka afnotagjöldin eða stöðva hækkun á þeim, ef hann fengi tryggingu fyrir því að fá fé á annan hátt. Nú veit hæstv. ráðh., að það er ekki hægt að tryggja það nema með nýrri þáltill., því að það er búið að ganga frá fjárl.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Ég staðfesti, að hv. þm. Barð. (GJ) hefur það rétt eftir mér, að ef till. hv. meiri hl. fjvn. hefði verið samþ., um að leggja til hliðar fé í því skyni að byggja útvarpshöll, þá mundi ég ekki hækka útvarpsgjöldin, en það er öllum vitanlegt, að þessi tvö atriði, hækkun útvarpsgjalda og hitt, hvort halda skuli áfram að byggja útvarpshöll, verða ekki sundurskilin. Hins vegar er það atriði, hvort byggja eigi útvarpshöll, mál, sem ég tel ekki þörf á að ræða, því að ríkisstj. hefur þegar ákveðið það og hv. Alþ. einnig með því að veita til þeirra framkvæmda 1080000 kr. af fjárl., og til hvers er verið að veita þessa fjárhæð til byggingar útvarpshallar nema ætlunin sé, að hún verði reist? Þetta var gert í samræmi við ákvörðun ríkisstj. og gegn þeirri till., sem borin var fram af hv. fjvn. og felld. Það segir sig því sjálft, að ef sú till., sem hér liggur fyrir, verður samþ., þá ber hv. Alþ. skylda til að sjá á annan hátt fyrir þessu fé, annaðhvort, eins og hv. þm. Barð. (GJ) hefur tekið fram, með samþykkt sérstakrar þáltill. eða þá á næstu fjárl. Ég vil því endurtaka það, að hafi ég tryggingu fyrir því, að fyrir fénu verði séð á annan hátt, þá mun ég glaður framkvæma það, sem í þessari þáltill. felst, ef hún nær samþykki hv. Alþ., en annars er það ekki hægt.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Kristjánsson): Hv. frsm. minni hl. fjvn. (GJ) sagði í upphafi ræðu sinnar, að það væru tvö algerlega óskyld mál, hækkun afnotagjalda og bygging útvarpshallar. Þetta er að sjálfsögðu rangt, því að eins og hæstv. ráðh. tók fram, er hækkunin beinlínis gerð í þeim tilgangi að safna fé til byggingarinnar og þótt þetta séu 2 mál, þá eru þau bundin hvort við annað. Hv. þm. sagði og, að það væri rangt, að rökst. dagskráin væri meint þannig, að það ætti að byggja útvarpshöll. Ég sagði ekki, að með samþykkt hennar væri þetta ákveðið, heldur, að ráðh. mundi skilja það svo, ef rökst. dagskráin yrði samþ., að með því fælist samþ. hæstv. Alþ. á því, að hefja skuli byggingu hússins. Ég mundi skilja þetta þannig, ef ég væri í sporum hæstv. ráðh. Það er líka alveg óumdeilanlegt, að með því ákvæði fjárl. að veita fé til þessara framkvæmda hefur hæstv. ríkisstj. þar ákveðna fjárhæð, sem hún má nota strax á þessu ári, en hún getur líka frestað því og einnig látið vera að hækka afnotagjöldin. Þessi þáltill. fer ekki fram á annað en að afnotagjöldin verði ekki hækkuð og hún þýðir einnig það, að frestað verði byggingu útvarpshallarinnar. Ég vil því endurtaka þá áskorun til hv. þm., ef þeir álíta, að rétt sé að fresta þessari byggingu og hækka afnotagjöldin, að þá megi þeir ekki greiða atkv. með rökst. dagskránni. — Þótt hæstv. ráðh. hafi lög að mæla í því, að honum sé heimilt fé í þessu skyni, breytir það ekki því, að ef vilji hv. Alþ. kæmi fram um það að fresta þessu hvort tveggja, sem ég áðan nefndi, tel ég alveg sjálfsagt fyrir hæstv. ráðh. að verða við þeirri ósk. Þar með er þó ekki sagt, að ekki eigi að byggja yfir útvarpið, en ég og við í meiri hl. fjvn. álítum, að það sé mjög varhugavert að hefja nú á þessu ári eða í náinni framtíð stórbyggingar frekar en áður hefur verið stofnað til.

Það féllu hér orð frá hv. 2. landsk. (ÞB) um þá miklu nauðsyn, sem væri á því að reisa hér byggingu bæði fyrir útvarp og Landssímann, og hæstv. ráðh. lagði einnig áherzlu á þetta, og það kemur sífellt þannig fram, að þessir menn álíti að ef einhver vill ekki greiða atkv. með stórbyggingum, sé hann á móti þeim menningarmálum, sem um er að ræða, eða t. d. að landsmenn eignist glæsilega útvarpshöll. Þetta er hin mesta meinloka, því að hér er aðeins um það að ræða, hvað við getum gleypt stóra bita í einu. Það þýðir ekkert fyrir okkur að ráðast í stórframkvæmdir og skapa okkur lífsþægindi fyrir tugi milljóna króna, ef ólíklegt er, að fjárhagur ríkisins og þjóðin geti staðið undir því með iðju sinni, því að slíkt mundi binda þjóð-

ina í þrældóm til þess að reyna að vinna fyrir því og setja ríkið á hausinn. Það þýðir ekki að draga fjöður yfir þetta, ef við förum að þenja okkur út meira en líkur eru til, að við getum staðið undir, og þegar það er athugað, að byggingar og framkvæmdir hér á landi yfirleitt hafa alltaf legið niðri, þá er ekki hægt að ætlast til þess, að þjóðin geti orkað því átaki að bæta upp það skarð á örfáum árum. Ég vil benda hv. þm. sérstaklega á þetta atriði, sem okkur ber ekki að ganga fram hjá.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Mér finnst dálitið ástæðulaus síðari hluti ræðu hv. þm. vegna þess að gert hefur verið ráð fyrir, að ríkissjóður þyrfti ekki að leggja einn eyri til útvarpshallarinnar. Útvarpið stendur undir því sjálft. Hins vegar hefur verið ákveðið að hækka afnotagjaldið um 40 kr., og hafa engar kvartanir komið um það frá útvarpsnotendum. Ef þm. heldur, að auðveldara verði að afla fjár til þessarar byggingar seinna, þá er það ábyggilega ekki rétt. Nú er einmitt tækifærið. Við getum með tiltölulega lítilli fyrirhöfn aflað þessa fjár nú Hitt er svo annað mál, hvenær byrjað verður á verkinu og hvernig hagnýta skuli vinnuaflið. Það hefur verið um það rætt, hvort hefja skuli framkvæmdir næsta sumar. Ég geri ráð fyrir, að svo verði ekki, því að hagnýta verður vinnuaflið annars staðar, þar sem talið er, að framkvæmdir séu enn meir aðkallandi. En samt er jafnmikil nauðsyn, að þetta verði gert.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég þarf ekki að orðlengja þetta mikið, en mér heyrðist, að hv. fræðslumálaráðherra segði, að engar kvartanir hefðu komið frá hlustendum. En inni á lestrarsal liggur fyrir umkvörtun. (*Menntmrh.:* Ég skal skjóta því inn í til að tefja ekki umr., að ég held, að það sé aðeins samanburður frá þeim, sem nota straumtæki). Þetta má vera satt. Ég vil benda á, til að losna við meira þjark, að eftir þáltill. okkar liggur málið þannig fyrir, að það hefur lítil áhrif á það, hvort útvarpshöllin verði byggð eða ekki.

Ég efast ekki um, að ráðh. gæfi þá undanteknigu, sem farið er fram á. Ég vil því leggja til og tel það heppilegast, að þingheimur felldi hina rökst. dagskrá og léti fara sömu leið till. meiri hl. n. Ég tel það skynsamlegustu aðferðina.

Umr. frestað.

Á 33. fundi í Sþ., 15. marz, var enn fram haldið einni umr. um till.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Ég vildi aðeins, áður en til atkvgr. kemur um málið, upplýsa það, að útvarpið hefur nú þegar sent út um land reikninga og innheimtuplögg og gengið út frá innheimtu samkv. þeim. Þessi till. er því í rauninni af þessum ástæðum einum óframkvæmanleg, þar eð fjöldi manns hefur nú þegar greitt sín 100 kr. afnotagjöld, og það mundi hafa í för með sér bæði kostnað og fyrirhöfn að endurkalla innheimtugjöld og reikninga og endurgreiða svo hluta af afnotagjaldinu. Þó skal ég ekki segja, hvort stj. mundi ekki gera þetta, ef fyrir lægi skýlaus vilji frá Alþ. um það að leggja fram fé, 1 millj. og 80 þús. kr., beint úr ríkissjóði. En til þess að lagt yrði í þetta, yrði að liggja fyrir trygging um þennan stórhug Alþ.

Ég vildi bara gefa þessar upplýsingar, áður en atkvgr. færi fram.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð í tilefni af ræðu hæstv. menntmrh.

Það er vel skiljanlegt, að ýmsir séu búnir að borga gjöld sín, en ég sé ekki neitt því til fyrirstöðu, að samþ. verði þessi till., þó að einhverjir séu búnir að greiða, því að þeir einir, sem hafa skírteini, geta fengið afslátt og gætu þá fengið endurgreitt hjá innheimtumanni, ef þeir hefðu vottorð frá hreppstjóra, að þeir hefðu ekki straumtæki, en það munu vera eitthvað á fjórða þúsund manna, sem hafa rafhlöðutæki. Hér skal ekki endurtekið það, sem ég hef áður sagt. En ég tel hina rökst. dagskrá þannig orðaða, að ekki sé hægt fyrir þm. að samþ. hana, nema þá þeir beri meira traust til hæstv. núv. menntmrh. en áður hefur þekkzt. Mér finnst ekki hægt fyrir hv. þm. að afsala sér rétti til þess að ákveða þetta einir. Hins vegar hefur ráðh. lögum samkvæmt rétt til þess að ákveða afnotagjald útvarpsnotenda. Ég játa það, að hann hefur réttinn, en svo er það á valdi hv. þm., hvort þeir segja nokkuð við því, ef gera á breyt. þar á. Ég tel minna bölvað að drepa allt saman en að samþ. hina rökst. dagskrá.

Frsm. minni hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Út af orðum hv. þm. Dal. vildi ég mótmæla því, að það sé nokkur sérstök traustsyfirlýsing til stj., þó að þessi rökst. dagskrá sé samþ. En ég get aðeins bent á það, að það er alveg þýðingarlaust að vera að setja ákvæði, sem mæla gegn ákvæðum fyrri l. Sú till. til þál., sem hér liggur fyrir, getur ekki skert rétt ráðh. En ég sé ekki, að nokkur ástæða sé til þess að ganga á rétt ráðh.

Ég get ekki fellt mig við sjónarmið hv. þm. Dal., ef á að drepa allar till. Annars er ekki hægt að skilja orð hans öðruvísi en svo, að l. séu þýðingarlaus, ef till. verða felldar.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Til þess að fyrirbyggja allan misskilning, vil ég endurtaka, að ég hef ekki efazt um rétt ráðh. í málinu, en tel, að Alþ. hafi hins vegar rétt til þess að láta í ljós sitt álit á því. Ég tel, að hægt sé að kippa því í lag samkvæmt orðalagi þáltill., og efast ekki um, að ráðh. mundi fara eftir þingviljanum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 34. og 35. fundi í Sþ., 19. og 28. marz, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Sþ., 2. apríl, áður en gengið var til dagskrár, mælti

Þorsteinn Þorsteinsson: Mig langar til að bera fram þá fyrirspurn við hæstv. forseta, hvort ekki er hægt að afgr. og ganga til atkv. um 1. dagskrármálið (afnotagjald útvarps). Það er búið að vera nálægt 4 mánuði í þinginu, og óska ég því eftir, að afgreiðsla þess verði nú ekki lengur látin dragast.

Forseti (JPálm): Það er tilætlunin, að afgreiðsla þessa máls fari fram á þessum fundi, en það verður ekki tekið fyrir á stundinni.

Síðar á sama fundi var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 412, frá minni hl. fjvn., felld með 24:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BG, BrB, EOl, EmJ, FJ, GJ, ÁS, LJós, ÓTh, PM, SigfS, SG, SEH, STh, StgrA, ÞB, ÁkJ.

nei: BSt, BÁ, BK, EystJ, GSv, GTh, HB, HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JörB, PHerm, PZ, PÞ, PO, SB, SK, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, ÞÞ, JPálm.

EE, JJós greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁÁ, BBen, GÞ, GÍG, HG, JS, JJ, LJóh, MJ) fjarstaddir.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég vil leyfa mér að fara fram á, að atkvgr. verði frestað.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég óska eftir, að atkvgr. fari fram, eins og forseti hefur lofað.

Pétur Ottesen: Ég vil benda á, að sú till., sem næst kemur til atkv., kemur því ekki við, hvort gjaldið er 84 kr. eða 100.

Forsrh. (Ólafur Thors): En sú till. er borin fram vegna þeirrar till., sem á undan er komin.

Forseti (JPálm): Eftir ósk hæstv. forsrh. er atkvgr. frestað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 37., 38., 41. og 42. fundi í Sþ., 23., 24. og 27. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Sþ., 27. apríl, var enn fram haldið einni umr. (atkvgr.) um till.

ATKVGR.

Brtt. 245 tekin aftur.

— 425 felld með 25:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JS, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, PO, SEH, SK, StgrSt, SkG, StJSt, ÞÞ, BSt, BÁ, BK, EystJ, GÍG.

nei: HB, JJós, ÁS, LJóh, LJós, MJ, ÓTh, PM, SigfS, SB, SG, STh, StgrA, ÞB, ÁkJ, ÁÁ, BG, BBen, BrB, EOl, EmJ, FJ, GJ, GTh, JPálm.

EE, GÞ greiddu ekki atkv.

2 þm. (SvbH, GSv) fjarstaddir.

Till. felld með 25:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, PZ, PÞ, PO, SB, SEH, StgrSt, SkG, StJSt, ÞÞ, BSt, BÁ, BK, EystJ, GÍG, HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JS, JJ, JörB.

nei: LJóh, LJós, MJ, ÓTh, PM, SigfS, SG, STh, StgrA, ÞB, ÁÁ, BBen, BrB, EOl, EE, EmJ, FJ, GÞ, GJ, GTh, HB, JJós, ÁS, ÁkJ, JPálm.

SK, BG, HG greiddu ekki atkv.

2 þm. (SvbH, GSv) fjarstaddir.

Þingsályktunartillögur afgreiddar með rökstuddri dagskrá.

1. Samgöngubætur í Barðastrandarsýslu.

Á deildafundum 4. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um samgöngubætur í Barðastrandarsýslu (A. 394).

Á 26. fundi í Sþ., 11. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég flyt hér á þskj. 394 þáltill. um það að fela ríkisstj. að skipa þriggja manna nefnd til þess að athuga, á hvern hátt skjótast verði bætt úr samgönguþörf í Barðastrandarsýslu, til þess að tryggja kauptúnunum þar nægilega mjólk og bændum örugga afurðasölu. Barðastrandarsýsla er nú nærri því eina sýslan, sem ekki hefur nema að mjög litlu leyti samband við aðalvegakerfi landsins, og eini vegurinn, sem setur hana í samband við Vesturlandsveg, er ruddur, en ekki byggður sem bæði vetrar- og sumarvegur, og verður hann því að nokkurs konar árfarvegi vor og haust, þó að þetta sé aðalsamgönguæðin við Vestfirði. Þó að hægt sé að skríða þetta á sumrin, eru flestir hreppar sýslunnar þannig, að ekki er hægt að skríða til þeirra á neinn hátt. Vestan Þorskafjarðar er blómleg sveit, Gufudalssveit, og er mikill áhugi ríkjandi hjá bændum þar að komast í vegasamband, því að fyrir þá er aðeins um tvennt að velja: Annaðhvort fá þangað nothæfan veg eða leggja býli sín í eyði. Í Vestur-Barðastrandarsýslu er Patreksfjörður, kauptún með 800 íbúa. Þar er ástandið þannig í mjólkurmálunum, að hver íbúi fær þar nú að meðaltali 1½ lítra mjólkur á mánuði, — einn og hálfan lítra mjólkur á mánuði. Mér þætti skrýtið, ef önnur pláss sættu sig við þetta, t. d. vildi ég spyrja, hvort Reykjavík mundi sætta sig við það. Um 25 km frá Patreksfirði liggur svo Rauðisandur, sveit þar sem hægt væri að hafa um 1000 kýr. En þangað er ógerningur að koma vélum nema á klakk eða kviktrjám, eins og til forna. Nú hafa verið gerðar till. hér á Alþ. um að fá fé til vega á þessum slóðum. Á annan veg, líka um 25 km frá Patreksfirði, liggur svo Barðaströndin, og er áætlað að gera veg þaðan til Patreksfjarðar og tengja hann svo við aðalvegakerfi landsins með flóabát. En ef ekki verða hraðari framkvæmdir en nú eru og hafa verið, mun þetta taka 10—20 ár. Hér er því um að ræða, hvort skipuð verði mþn. til þess að gera till. til úrbóta í þessu efni, eða leggja þessar sveitir í eyði.

Víðar er eins háttað, að það hafa ekki verið gerðir þarna almennilegir vegir. Vestar hefur verið ruddur vegur, sem aðeins er hægt að skríða yfir á sumrum, en verður að árfarvegi í rigningum, og er hann á milli Tálknafjarðar og Bíldudals. Á Bíldudal er nú að rísa upp þorp, sem sífellt fer vaxandi, en hann á ekki einn km. vegar, hvorki til né frá, en þó þarf hann að sækja nauðsynjar sínar í sveitirnar í kring. Við svona ástand verður ekki unað. Það verður að gera upp við sig, hvort á að leggja þessar sveitir í eyði eða ekki. Ég vil í þessu sambandi benda á það, að 1942 hefur Barðastrandarsýsla verið hæsta sýslan að greiða til ríkissjóðs, að undantekinni Eyjafjarðarsýslu, þegar Akureyri er dregin frá, og Gullbringu- og Kjósarsýslu, þegar Keflavík og Hafnarfjörður eru dregin frá. En svo fær þessi sýsla ekkert í staðinn. Hlutverk n. verður m. a. að athuga, hversu mikið tapast úr ríkissjóði, ef atvinnuvegirnir þar lamast vegna mjólkurleysis.

Engin sýsla er svo gersamlega afskorin sem Barðastrandarsýsla, miðað við það atvinnulíf, sem þar er. Ég hef rætt um þetta við vegamálastjóra og ráðherra, og tjáði vegamálastjóri mér, að rannsókn þessi gæti farið fram í sinni skrifstofu. Kostnaðurinn við þetta yrði þá fyrst og fremst ferðakostnaður manns, sem tekinn yrði að vestan.

Ég vil því mælast til, að þessi till. verði samþ. og að málið sé rannsakað og fái fljóta afgreiðslu. Ég legg svo til, að till. verði send til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 28. fundi í Sþ., 21. febr., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 26 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 28. marz, var enn fram haldið fyrri umr. um till. (A. 394, n. 596 og 603).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Allshn. hafði þessa till. til meðferðar, og

leggur meiri hl. til, að till. sé samþ. með þeirri breyt., sem tekin er fram á þskj. 596. Snertir sú breyt. það, hvenær sú n., sem hér um ræðir, skuli hafa lokið störfum og skilað áliti um það, á hvern hátt fljótast og hagkvæmast er að koma á akvegasambandi innan Barðastrandarsýslu. Í upphafl. till. er miðað við, að það skuli gert fyrir 1. sept., en meiri hl. leggur til, að tímatakmarkið sé miðað við komandi haust, án þess að tiltaka ákveðinn mánaðardag. *Minni hl. n.* leggur hins vegar til, að málið sé afgr. með rökst. dagskrá, og greinir um það á þskj. 603. Skal það ekki nánar rakið.

Frsm. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Hv. þm. Barð. fer fram á það í þessari till., að skipuð sé sérstök mþn., sem væntanlega ferðaðist um Barðastrandarsýslu og athugaði þar vegastæði og gerði till. um, hvernig vegirnir yrðu um sýsluna. Þetta hefur verið gert hér áður, þegar leysa þurfti samgöngumál milli Suðurlandsundirlendisins og Reykjavíkur, þá hafa verið skipaðar milliþinganefndir sérfræðinga í málið. Þær n. hafa verið settar bæði vegna þess, að töluvert mikill ágreiningur hefur verið um leiðir, sem stungið hefur verið upp á að farnar yrðu til að leysa samgönguvandræðin milli þessara staða. Og þörfin fyrir að leysa þessa samgönguerfiðleika hefur verið sérstaklega mikil, þar sem eftir þeim vegi hefur þurft að flytja á dag á s. l. ári milli 30—50 tonn til þess að fullnægja þörf manna, sem búa beggja megin heiðarinnar. Slík þörf er ekki fyrir hendi í Barðastrandarsýslu, og þar er ekki mikill ágreiningur um leiðir til að leysa samgöngumálin. Þótt flutningaþörfin sé þar mikil, eins og víða annars staðar á landinu, þá er samt ekkert sérstakt varðandi þá sýslu. Hvaða veg sem þar væri um að ræða, væru flutningarnir eftir honum miklu minni en eftir fjölmörgum öðrum vegum á landi hér. Þess vegna er engin ástæða til að skipa sérstaka n. til þessa. Það mætti alveg eins skipa sérstaka n. til að athuga vegasamband Austurlands og í nokkrum sýslum norðanlands, þar sem samgöngur eru litlu betur komnar en í Barðastrandarsýslu og sums staðar ekkert betur.

Það er leitt, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki hafa séð sér fært að ýta á eftir vegamálastjóra, að hann léti gera línurit yfir vegi, þar sem gefnar eru ýtarlegar upplýsingar og greint frá, hvernig vegakerfinu væri háttað um landið, eins og ríkisstj. var falið að gera á fyrra þingi. Ég vildi heyra, hvað dregur þá framkvæmd. Hvers vegna hefur ríkisstj. ekki orðið við þeim óskum? Allar upplýsingar, sem þarf til að gera þetta línurit, eru fyrir hendi, og tiltölulega lítið verk og stutt að búa línuritið til og leggja málið skýrt fyrir. Meðan þetta er ekki gert, eru þm. að deila um það, hvaða sýsla er verst sett með vegi og hvar mest þörfin er að gera þær athuganir, sem hér er farið fram á. Hins vegar er það svo, að þörfin fyrir vegi er misjafnlega mikil á hinum ýmsu stöðum á landinu. Allfjölmenn sjávarþorp hafa litla möguleika til að afla sér nægilegra landbúnaðarvara. Það eru að minnsta kosti 6 þorp, sem ekki geta framleitt nægjanlegt handa sér og eru afskorin frá upplandi, sem getur veitt þeim þessar landbúnaðarvörur. Og það teljum við sé eitt brýnasta verkefnið að athuga vegasambandið milli þessara þorpa og þess upplands, sem að þeim liggur og gæti framleitt og selt þeim landbúnaðarvörurnar. Eitt þorp í Barðastrandarsýslu, Patreksfjörður, er í tölu þeirra þorpa, sem þörfin er brýnust í þessu efni. Þótt bændur hafi vörur, sem þessi þorp þarfnast, þá komast þær ekki þangað. Þess vegna leggjum við áherzlu á það, að vegamálastjóri láti sitja í fyrirrúmi að athuga, á hvern hátt verði bezt bætt úr þessum samgönguörðugleikum. Bíldudalur kemur þarna líka, en hann er neðar á listanum, önnur þorp koma á undan honum. Patreksfjörður er nr. eitt í þessum efnum. Skipun sérstakrar n. gæti orðið mjög kostnaðarsöm, ef n. innti verk sitt vel af hendi. Þess vegna leggjum við til, að þetta mál verði afgr. þannig, að ekki verði skipuð n., heldur vísað frá með rökst. dagskrá, en jafnframt bent á það til athugunar fyrir vegamálastjóra og ríkisstj., að það, sem sérstaklega ríði á í þessu sambandi, sé að hugsa um þá vegi, sem vantar milli þorpa, sem vantar landbúnaðarvörur, annars vegar og sveita hins vegar, sem ekki geta komið til þorpanna vörum, sem þau þarfnast. Eins og ég sagði áðan og til þess að gera hv. þm. Barð. rétt, þá tel ég Patreksfjörð þorp nr. eitt, en Bíldudalur kemur ekki næst, heldur önnur þorp. En þetta virðist hv. þm. Barð. ekki skilja. Við viljum leysa þetta mál með rökst. dagskrá og treystum ríkisstj. og vegamálastjóra til að gera það, þótt spurning sé, hverjum eigi að treysta í því sambandi, þar sem ekki er búið að framkvæma till., sem hv. þm. Barð. fékk samþ. um línurit yfir vegina, því að það er af vanrækslu og engu öðru, sem hún fæst ekki framkvæmd. Nú er hæstv. samgmrh. ekki í d., en ef hann væri hér, þá vildi ég gjarnan fá svar við því, hvernig á því stendur, að ekkert er í þessu gert. Ef til vill getur hv. þm. Barð. upplýst þetta, því að væntanlega hefur hann reynt að ýta á eftir, að hans eigin till. yrði framkvæmd. Og ég vildi ýta á eftir þessu með honum. Ér er, eins og hann, fulltrúi sýslu, sem illa er veguð, og margir íbúar hennar komast ekki frá heimilum sínum nema sundríða ár, og eru þess ekki dæmi í Barðastrandarsýslu.

Gísli Jónsson: Ég þakka meiri hl. allshn. fyrir afgreiðslu þessa máls. Ég get fellt mig við þær breyt., sem meiri hl. leggur til á þskj. 596. Ég sé, að með nál. fylgir bréf frá vegamálastjóra í sambandi við þetta mál. Ég skal ekki nákvæmlega fara út í þetta bréf eða þær tölur, sem þar standa. Í upphafi bréfsins stendur að þjóðvegir séu 225 km að lengd og þar af helmingur akfær. En þetta er ekki rétt. Það eru engir 110 km akfærir vegir í sýslunni. Ég vil ekki eyða tíma til að færa rök fyrir þessu, en vil aðeins benda á, að það eru fáar leiðir, sem hægt er að telja akfærar, þar sem, þegar vegir eru beztir, ekki er hægt að komast eftir þeim nema á sérstökum bílum. Enda er fjvn. kunnugt um það, að þegar rætt var um vegamál í n. á s. l. ári, þá lagði vegamálastjóri fram till. um það, að samgöngumálin í Barðastrandarsýslu skyldu leyst með sérstökum bílum, sem gætu farið yfir þau foræði, sem

þar væru. Aðrir bílar komast ekki þær leiðir yfirleitt. Hins vegar gat ég ekki sem þm. sýslunnar fellt mig við úrskurð vegamálastjóra. Ég veit, að hv. meðnm. mínum, sem sitja hér, er kunnugt um, að ég fer með rétt mál. Ef vegamálastjóri telur þetta akfæra bílvegi, fæ ég skilið bréf hans.

Annars skal ég snúa mér að till. minni hl., sem er á þskj. 603. Ég get með engu móti fallizt á þá afgreiðslu málsins, sem þar er lagt til, vegna þess að þau rök, sem fram eru færð í nál. og af hv. þm. N.-M., eru algerlega röng. Það er rangt, að ekki standi sérstaklega á um þessa sýslu. Þetta er a. m. k. sú sýslan, sem stendur langsamlega fjærst því að vera sett í samband við vegakerfi landsins. Hv. þm. veit vel, að Barðastrandarsýsla stendur lengra frá þessu en nokkur önnur sýsla. Um austurhluta sýslunnar er kominn vegur, ef veg skyldi kalla, svo að hún er að nokkru leyti sett í samband við vegakerfi landsins. Það eru 2 hreppar, en 9 hreppar eru algerlega vegasambandslausir. (*BÁ:* Er ekki eins með N.-Ísafjarðarsýslu?). N.-Ísafjarðarsýsla er að fá vegasamband yfir Þorskafjarðarheiði. En mér er kunnugt um, að hún þarf vegasamband við Ísafjörð, og það er ákveðið. En þetta er líka eina sýslan á landinu. V.-Ísafjarðarsýsla hefur verið sett í samband þannig, að til Ísafjarðar má fara með bíl frá Þingeyri. Og það er ekki sambærilegt, hvað miklu betri verða bílasamgöngur þar en í Barðastrandarsýslu. Auk þess vil ég geta þess, að þarna var tekin upp bryggjugerð í þjóðvegatölu. Ég er ekki að benda á þetta af því, að það sé ranglátt, það sýnir aðeins, hvað Alþ. vildi gera fyrir sýsluna vegna aðstöðu hennar.

Hv. 2. þm. N.-M. viðurkenndi, að Patreksfjörður væri nr. eitt af 6 þorpum, sem ekki væru komin í vegasamband. Það er viðurkennt, að mikil og aðkallandi nauðsyn er á því að koma Patreksfirði í samband við landbúnaðarframleiðsluhéruð. Og það vita vel bæði hv. þm. Mýr. og 2. þm. N.-M., að miklir möguleikar eru á því að reka stórbú á Rauðasandi. En það hefur ekki fengizt enn að setja þennan veg í þjóðvegatölu. Það er viðurkennt af vegamálastjóra, að það er útilokað að komast þarna um, nema með sérstöku tæki. Það er réttara að verja fé til að rannsaka vegarstæði milli Rauðasands og Patreksfjarðar en að kasta fé til að bæta þennan veg. Það er eins með veginn frá Bíldudal og upp Hálfdán, það er ekki hægt að hafa hann fyrir bílveg. Þetta er nú vegagerðin, sem gerð hefur verið í þessari sýslu. Hins vegar er enn meir áríðandi að koma Patreksfirði í samband við Brjánslæk, því að það er eina leiðin til að koma Vestur-Barðastrandarsýslu í sambandi við hið almenna vegakerfi landsins. En þá þarf að athuga, hvort heldur skuli fara á ferju yfir Breiðafjörð eða velja aðra leið. Þetta er eitt af því, sem n. á að athuga. Þarna eru tveir möguleikar, annar að kosta til dýrrar ferju frá Brjánslæk tvisvar í viku yfir Breiðafjörð eða fara með veginn í Hjarðarnes og fara svo með ferju yfir á Múlanes, en það er stutt leið, og síðan gegnum byggðina með bílveg. Þetta þarf að rannsaka. Gufudalssveitin og Kollafjörðurinn eru svo blómlegar sveitir, að ekki hefur enn tekizt að leggja þær í eyði. Þótt á Patreksfirði búi ekki nema á níunda hundrað manns, sem hefur miklu meiri útflutning á hvert höfuð en nokkur staður annar á landinu og greiðir því meira í ríkissjóð en aðrir staðir, þá er jafnmikil nauðsyn að afla börnum þess staðar mjólkur og jafnmörgum börnum í Reykjavík. Ég sé ekki, að frekar eigi að ala upp 300—400 börn með beinkröm á Patreksfirði en annars staðar. Og það hvílir ábyrgð á Alþ. að hafa neitað börnum Patreksfjarðar um þessa vöru. Og nú er hv. 2. þm. N.-M. að leggja stein í götu þess, að börnin á Patreksfirði fái sams konar næringu og önnur börn á landinu. Í þessu sambandi vil ég benda á, að ég veit ekki betur en mjög vel akfær sumarvegur sé milli Héraðsins og Seyðisfjarðar. Ég veit ekki betur en búið sé að eyða hundruð þús. kr. til að leggja nýjan veg yfir Fjarðarheiði. En neitað hefur verið að leggja veg yfir Kleifaheiði, svo að hægt væri að leysa þetta mál. Hv. 2. þm. N.-M. sagði, að Bíldudalur væri í flokki nr. 2 í þessu efni. Ég vildi, að hv. þm. vildi benda á, hvaða þorp standa verr að vígi en Bíldudalur, sem ekki hefur einn einasta akfæran km. út frá sér. Þar býr þó fjöldi manna, sem borga til ríkissjóðs meira en margir aðrir.

Ég vil vænta þess, að hv. þm. láti ekki glepjast af þeim falsrökum, sem koma frá minni hl. í þessu máli. Það mun margborga sig fyrir ríkissjóð, að þessi mál yrðu rannsökuð eins og farið er fram á, að gert sé, og það skipulagt, hvernig eigi að leysa þessi mál. Það er ekki eingöngu vegasambandið, sem þarf að leysa, heldur eigi síður mjólkurspursmálið á þessum stöðum. En það, hvort bændur á þessum slóðum geta unnið þarna og lifað eða eiga að flosna upp, telur hv. 2. þm. N.-M. aukaatriði.

Ég mótmæli því, að þessi n. þurfi að kosta mikið fé. Ég hef rætt við vegamálastjóra um þetta og hann telur, að hann geti látið rannsaka þetta að miklu leyti í skrifstofu sinni í Reykjavík. En svo er það samkomulagsatriði, hvaða leið yrði valin, hvort hér skuli koma upp ferju yfir Breiðafjörð eða fara þá leið, sem ég minntist á. Ég held, að kostnaðurinn þurfi ekki að vaxa neinum í augum.

Hv. þm. minntist á línuritið. Ég skal upplýsa það, að ég hef margspurt um þetta atriði, meðan fyrrv. samgmrh. (Vilhj. Þór) sat í stjórn. Hann marglofaði, að þetta yrði gert. Ég hef einnig spurt núv. samgmrh., og hann hefur einnig lofað, að þetta yrði framkvæmt. En mér skilst það strandi allt á framkvæmd hjá vegamálastjóra. Ég hef margspurt vegamálastjóra, en hann hefur ekki gefið neitt ákveðið svar um þetta. Ég harma það mjög, að þetta línurit skuli ekki liggja á borðinu, því að ég veit, að þá mundi jafnvel ekki hv. 2. þm. N.-M. neita því, að Barðastrandarsýsla er langverst sett í vegamálum af öllum sýslum á landinu, og leyfir hv. þm. sér þó margt og verður ekki flökurt af öllu.

Ég vil þá ljúka máli mínu með því að þakka meiri hl. n. fyrir afgreiðsluna og vona, að hv. þm. afgreiði till. eins og fram kemur í nál. á þskj. 596

Frsm. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég fer nú að missa trú á línuritið, þegar ég heyri úr munni hv. þm. Barð., að hann segir, að vegamálastjóri segi alveg ósatt um vegina í Barðastrandarsýslu. Hann hefur þetta prentað fyrir framan sig, en segir það ósatt. Ég er hræddur um, að það breyti engu, þótt hann sæi línurit um það. En ég hygg það séu samt fleiri, sem trúa vegamálastjóra, og vona ég, að hv. þm. Barð. haldi áfram að spyrjast eftir því, hvað líði þessu verki. Hv. þm. er duglegur, og ef hann leggur sig vel fram, má vel vera það komi. Ég endurtek það, að ég tel Patreksfjörð nr. 1 þeirra þorpa, sem vantar vegasamband við nærsveitir. En ég vil benda hv. þm. á það, að ef honum er það áhugamál að auka mjólkurframleiðsluna í þeim sveitum, sem senda mjólk til Patreksfjarðar, þá ætti hann ekki að vera á móti því að hækka mjólkurverðið til bændanna, svo að bændur væru örvaðir við framleiðsluna.

Þeir bændur, sem selja mjólk úr Örlygshöfn til Patreksfjarðar, fá nú minna fyrir sína mjólk en lög gera ráð fyrir, og ætti hv. þm. þeirra að reyna að hjálpa þeim í baráttu þeirra móti búnaðarráði. Hann hefur vanrækt þetta. Ég vildi vona, að hann færi að reka á eftir framkvæmdum í þessu og bændur fái það fyrir mjólk sína, sem þeim ber að lögum. Sömuleiðis hefur hann vanrækt að ganga eftir því, að ríkisstj. borgaði þær uppbætur, sem henni lögum samkv. bar að borga til bænda, sem nú selja vörur til Patreksfjarðar, samkv. l., sem samþ. voru á síðasta Alþ. Þetta hefur hv. þm. líka vanrækt. En ég hef reynt að stuðla að hvoru tveggja þessu, að framkvæmt yrði, með því að benda á þetta, bæði á Alþ. og annars staðar. Ég hef þess vegna gert mitt til þess að láta mjólkurframleiðsluna í þessum sveitum aukast.

Ég er ekki alveg viss um, ef nefnd starfaði í skrifstofu vegamálastjóra, hvort henni færi ekki líkt og þegar vegamálastjóri hefur ákveðið veginn niður dalinn fyrir ofan Saurbæinn, sem er líklegast ákveðinn af verkfræðingi á skrifstofu vegamálastjóra, en er svo brattur, að hann má heita ókeyranlegur. Í hitt eð fyrra fór að vísu bíll þennan veg að staðaldri, venjulegur bíll, þannig að það er mögulegt að fara þann veg, en hann er illfær og svo brattur og með svo kröppum beygjum, að ég er sammála hv. þm. um, að það þarf að velja honum betri stað. En hvort sá staður fyndist af þriggja manna n., sem sæti í skrifstofu vegamálastjóra, það er ég ekkert viss um. Hins vegar hygg ég, að verkfræðingur, sem færi þarna um, hefði betri aðstöðu til þess að ákveða vegarstæðið heldur en nefnd, sem sæti í skrifstofu vegamálastjóra.

Hv. þm. Barð. heldur því fram, að í Barðastrandarsýslu sé langverst vegasambandið í öllum sýslum á landinu. Ég skal ekki fara út í neinar sérstakar deilur um þetta. En þegar þessi hv. þm. talar um vegasamband landsins, þá álít ég, að hann eigi við vegasambandið frá Reykjavík. Hann kom svo síðar að því að tala um vegasambandið út frá vissum stöðum í sýslunni og taldi Vestur-Ísafjarðarsýslu standa í vegasambandi við landið yfirleitt, skildist mér, úr því að vegur væri kominn úr byggðarlögum sýslunnar til Ísafjarðar. Ég er ekki viss um, að þeim í Vestur-Ísafjarðarsýslu finnist þeir fara um landið þvert og endilangt, þó að þeir komist til Ísafjarðar. Og ekki nema sumir þeirra komast það eftir akvegum. — Sama er að segja um Norður-Ísafjarðarsýslu. — En hvað þá um Austur-Skaftafellssýslu, sem engan veginn stendur í sambandi við vegakerfi landsins, sem hv. þm. Barð. kallar, ekki ein sveit í henni? — Í Norður-Múlasýslu eru 11 hreppar, og 4 af þeim eru frá því skornir að vera í sambandi við vegakerfið í landinu. — Í þessum sýslum er líka þörf á bættum samgöngum. Raufarhafnarbúar, sem þurfa að flytja frá sér síldarmjöl, verða að nota veg, sem má heita illfær. Og þá, sem á Raufarhöfn eru, vantar líka mjólk. Ég tala nú ekki um Bolungavík, sem ekki hefur nokkurt vegasamband, nema við þá bæi, sem eru í víkinni, sem þorpið stendur í.

Ég skal ekki eyða tíma þingsins til þess að telja upp þá staði alla, sem vantar vegasamband, því að þeir eru ekki aðeins 5 eða 6, heldur um 20—30 þorp, sem vantar vegasamband við umhverfið svo vel sé. En ég sagði, að 5 til 6 þorp vantaði landbúnaðarafurðir, sem þau gætu fengið frá sveitunum, ef ekki vantaði vegasamband. Og ég vil láta þá staði sitja fyrir um vegagerðir. En vegamálastjóri hefur svo fáa menn í þjónustu sinni, að hann á erfitt með að láta mæla fyrir vegum, sem ríkið fyrirskipar honum að gera. Þangað til vegur kemst inn í Patreksfjörð, sem tengi staðinn við vegakerfi landsins, líða nokkuð mörg ár, þó jafnvel að við byggjum til lög um hann eins og t. d. Austurveg. Það liggur því ekki á því á þessu þingi að ákveða, hvaða leið við förum til þessa staðar, hvort við förum sjóleiðina yfir Breiðafjörð eða inn fyrir fjarðarbotna landleiðina, eftir endilangri A.-Barðastrandarsýslu, og þá yfir alla hálsana og Þingmannaheiði. Það er nógur tími til að ákveða það í haust, ef við lifum.

Ég held, að þetta mál verði langbezt leyst með því, að ríkisstj. leggi áherzlu á það við vegamálastjóra að láta athuga einmitt sérstaklega, hvernig þessum þorpum, sem nú eru mjólkurlaus eða of mjólkurlítil, verður bezt komið í samband við sveitir, sem geta skaffað þeim mjólk. Og þar er, eins og ég sagði, Patreksfjörður nr. eitt. Og þetta gerir mín rökst. dagskrá ráð fyrir, að verði gert. Og með því leystist ekki aðeins það, sem hér er um að ræða fyrir Patreksfjörð út af fyrir sig, heldur líka fyrir ýmis önnur þorp á landinu, almennt séð, sem það ekki gerir, ef við förum að setja nefnd, sem aðeins hefur það verksvið að athuga vegagerðir í Barðastrandarsýslu, svo sem yfir kletthálsa, þar sem vegur verður sjálfsagt ekki lagður fyrr en eftir 10—20 ár, þó að hann eigi vitanlega að koma á sínum tíma.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég held, að sú vanræksla, sem hv. 2. þm. N.-M. vill gefa mér að sök, að ég hafi ekki komið því til vegar, að bændum yrði ekki greidd uppbót á mjólkurverð, verði ekki þyngri synd en það, að þessi hv. þm. hélt slíkri greiðslu fyrir bændum, til þess að geta haldið Alþfl.mönnum í vistinni í stjórnmálasam-

vinnunni, — eins og upplýstist í hv. Ed. fyrir nokkrum dögum.

Og viðvíkjandi starfsemi á vegum vegamálastjóra vil ég taka fram, að hann hefur látið gera drög að þessum mælingum. Ég var með honum, þegar hann fór um þessa umræddu staði í Barðastrandarsýslu. Hann hefur athugað, hvernig leggja ætti þarna vegi. Og ég hef hans orð fyrir því, að það sé hægt að láta vinna þetta verk, sem í þáltill. er farið fram á, að nefnd inni af höndum, mjög kostnaðarlítið hér í Reykjavík. Og þess vegna þarf hv. þm. N.-M. ekki að vera hræddur við kostnaðinn, sem af þessu mundi leiða.

Frsm. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég vil bara benda hv. þm. Barð. á það, að það hefur nú verið reiknað út fyrir öll þau ár, sem ég var form. mjólkurverðlagsn., að mjólkurverðið, sem bændur fengu árlega, svarar sem næst til þess verðs, er þeir hefðu fengið, ef þá hefði verið til sex manna nefndar ráð, og þeir látnir fá það. Við reyndum alltaf, sem þá vorum í mjólkurverðlagsnefnd, að hafa mjólkurverðið það hátt, að bændur hefðu líkar árstekjur og verkamaðurinn, og það sést nú, að þetta hefur okkur tekizt langt fram yfir vonir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 36. og 37. fundi í Sþ., 2. og 23. apríl, var till. tekin til frh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Sþ., 24. apríl, var enn fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 603, frá minni hl. allshn., samþ. með 20:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, PÞ, SigfS, SG, SkG, StJSt, StgrA, ÞB, BG, BSt, BK, BrB, EmJ, EystJ, GÍG, HermJ, IngP, ÁS, LJós, PHerm.

nei: PM, SB, SEH, SK, ÁÁ, GÞ, GJ, GTh, JS, LJóh, JPálm.

21 þm. (PO, SEH, SÞ, SvbH, ÞÞ, ÁkJ, BÁ, BBen, EOl, EE, FJ, GSv, HB, HG, HelgJ, IngJ, JJós, JJ, JörB, MJ, ÓTh) fjarstaddir.

2. Herstöðvamálið.

Á deildafundum 27. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um herstöðvamálið (A. 634).

Á 36. fundi í Sþ., 2. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 37. fundi í Sþ., 23. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Sþ., 24. apríl, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Þessi þáltill., sem hér liggur fyrir, hefur nú legið fyrir þinginu alllengi, og fyrir henni hef ég gert allýtarlega grg. hér á þskj. 634, og mun ég rekja með nokkrum orðum þær ástæður, sem liggja til þess, að ég hef flutt þessa till.

Það er vitað mál, þó að frá því hafi ekki verið sagt opinberlega eða a. m. k. ekki af hlutaðeigandi stjórnarvöldum, ríkisstj. Íslands, að Bandaríki Norður-Ameríku hafa beðið hér um herstöðvar, og munu um það mál hafa farið fram milli Bandaríkjastjórnar og íslenzku ríkisstj. allmikil bréfaviðskipti og nótusendingar, og enn fremur er vitað, að farið hafa bréf milli sendiherra Íslands í Bandaríkjunum og íslenzku ríkisstj. um þetta sama mál.

Um þetta mál hafa verið ýmsar sögusagnir, og sú vitneskja, sem þjóðin hefur um málið, er úr íslenzkum blöðum, án þess að ríkisstj. Íslands hafi gefið út um það nokkra tilkynningu, og jafnframt hefur borizt hingað alls konar fréttaburður erlendis frá bæði í blöðum og útvarpi, jafnvel víðs vegar að. Þetta er sú vitneskja, sem almenningur í þessu landi hefur haft um þessi mál, sem er ef til vill einna stærst og þýðingarmest af þeim málum, sem nú eru á döfinni hjá íslenzku þjóðinni.

Ég tel, að það þurfi tæpast að flytja fram langt mál um þetta hér á þingi, enda er málið tekið fyrir á þeim tíma dags, að ekki eru mjög margir hv. þm. viðstaddir. Ég tel, að það þurfi ekki að flytja fram langa ræðu eða margs konar rök fyrir því, að eðlilegt sé, að íslenzka ríkisstj. birti fyrir íslenzku þjóðinni, og það þegar í stað, allt það, sem gerzt hefur í þessu máli. Það hafa verið fluttar fram núna á seinustu vikum og seinustu mánuðum af þjóðinni sjálfri víðs vegar um land, í blöðum og á fundum, kröfur og rökstuðningur fyrir því frá svo mörgum þegnum þjóðfélagsins og mörgum félagsheildum, að það ætti að vera hæstv. ríkisstj. ljóst, að það er vilji, sterkur vilji, fyrir því, að þessi plögg verði öll saman birt, og það er ekki heldur undarlegt. Það er ekki undarlegt, þó að sú krafa sé sterk hjá þjóð, sem býr við lýðræði og vill búa við lýðræði, því að ef við eigum að treysta lýðræðinu, treysta dómgreind þjóðarinnar, og það munum við vilja gera, sem hér erum staddir, þá hlýtur það að verða rökrétt afleiðing og ályktun af því trausti okkar, að þjóðin eigi fyrst og fremst að fá að vita um þau mál, sem eru vandasömust og stærst, því að ef þjóðin á ekki að fá að vita um mál eins og þetta herstöðvamál, sem er stærsta vandamál hennar í svipinn, um hvaða mál á hún þá að fá að dæma? Hvaða takmörk eru fyrir því? Ég fyrir mitt leyti er ekki í neinum vafa um, að með því einu móti verður ráðið vel og skynsamlega fram úr þessu vandamáli, að þjóðin fái allar skýringar og vitneskju um það mál og það sé tekið til íhugunar og úrlausnar í samráði við hana sjálfa, og svo bezt verður að minni hyggju ráðið farsællega fram úr þeim málum, sem eru vandasömust, að ekki liggi mikil hula yfir þeim fyrir þjóðinni eða ráðið sé fram úr þeim bak við hana, en hún sjálf fái ekki að fylgjast með. Ég er ekki að segja, að það hafi enn verið gert í

þessu máli, ég segi hvorki til né frá um það, en það er ástæða til að flytja nú fram kröfu um, að þessari hulu sé nú þegar í stað af létt, ekki sízt þar sem blöð eins stjórnarflokksins hafa gefið í skyn, að í málinu hafi verið framkvæmd einhver leyniráð, sem séu mjög alvarlegs eðlis.

Ég harma mjög og þykir fyrir því, að þetta mál skuli ekki hafa verið tekið fyrir fyrr. Það var gert ráð fyrir, þegar till. var flutt, eins og grg. ber með sér, að málið yrði sent til n., en nú verð ég að bera fram þá kröfu, og þess vegna mun ég ekki, án þess að tilefni gefist sérstaklega til, lengja rökstuðning minn fyrir þessu máli öllu meir, en ég verð að gera þá kröfu og bera fram þá ósk til hæstv. forseta, að umr. um þetta mál verði nú lokið, það verði haldið áfram þessum fundi, þar til umr. er lokið, en málið ekki sent til n., því að það er vitanlega fyrirsjáanlegt, að ef þetta mál er sent til n. nú, þá er þessi fyrirtekt málsins ekki mikils virði og miklu betur heima setið, því að hún er þá ekki til neins annars en hreinnar málamyndar. Verði sá háttur tekinn að vísa málinu til n., er fyrirsjáanlegt, að ætlunin er að svæfa það, þar sem fyrirsjáanlega er svo lítið eftir af þingtímanum. Ég vil vænta þess, að umr. um málið geti nú orðið lokið í nótt og síðan svo gengið atkv. um málið, þegar fleiri hv. þm. eru viðstaddir og tækifæri til að láta vilja hv. þm. liggja ljósar fyrir en hægt er nú, þar sem svo fáir eru hér viðstaddir, og það án þess að málið gangi til n., því að það hefur verið ákveðin ein umr. um málið. Ég geri mér von um, ef hæstv. forseti svarar því ekki, að till. skuli ganga til n., að það fáist meiri hl. fyrir henni hér á þingi. Framsfl. stendur, að ég hygg, óskiptur að till. Ég geri mér von um, að Sósfl., eftir því, sem hann hefur skrifað um þetta mál, standi einnig óskiptur að því, að slík skýrsla verði gefin um málið. Það er vitað, að a. m. k. ýmsir af þm. Sjálfstfl. eru því fylgjandi, að þessi leynd sé rofin, og ég vona, að a. m. k. nokkur hluti Alþfl. sé einnig þessu máli fylgjandi.

Það er alltaf að verða ljósara með hverjum deginum, sem líður, að það er ósæmilegt og það er ekki hægt að halda þessu máli lengur leyndu fyrir þjóðinni. Og þess vegna er það, að ég vænti þess og óska eftir að fá um það alveg skýr svör frá hæstv. forsrh., hvort hann verður við þessari kröfu minni. Ég óska þess, að umr. um þetta mál verði lokið, svo að atkvgr. geti gengið um það á næsta fundi í Sþ., og síðan verði boðað hér til þess, svo að þm. geti verið viðstaddir, svo að það standi ekki í vegi fyrir því, að atkvgr. geti gengið um till.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég skal að þessu sinni ekki fara mörgum orðum um þessa till., en láta mér nægja að segja það, að ég tel, að hér sé farið fram á málsmeðferð, sem ekki sé í samræmi við umgengni milli vinsamlegra þjóða. Ég tel alveg sjálfsagt, að slík till. sé athuguð í utanrmn., og mun ég þar gera grein fyrir, á hverju ég byggi þessa skoðun mína, þó að ég þurfi þess ekki. Ég legg því til, að umr. sé frestað og málinu vísað til utanrmn.

Flm. (Hermann Jónasson): Já, ég þekki náttúrlega þessa vinnuaðferð. Þeir, sem greiða atkv. með því að vísa málinu til utanrmn., þeir greiða þar með atkv. með því, að málið fái ekki afgreiðslu á þessu þingi. Það er búið að draga að taka þessa till. fyrir, þar til vitað er, að ekki eru nema 2—4 dagar eftir af þingtímanum, og þá á að *senda hana til utanrmn.* Þetta er ekkert annað en að neita að taka málið fyrir, og þeir þm., sem greiða atkv. með því, að málinu sé vísað til n., greiða atkv. með því að halda leyndinni áfram yfir málinu. Það er það, sem er gert, og það mun sýna sig í reyndinni, að það verður svo.

Hæstv. forsrh. segir, að það sé ekki í samræmi við umgengnisvenjur milli vinveittra þjóða, að það sé birt, sem fram hefur farið milli ríkisstj. um þetta mál. Við skulum ekki vera að deila um það hér, en það liggur fyrir, að Bandaríkjastjórn lýsti yfir því, meira að segja á fyrsta stigi málsins, að það mætti gefa út tilkynningu um málið bæði í Washington og hér, og þá get ég ekki séð, hvaða leyndardómur hvílir yfir því, eftir að Bandaríkjastjórn er búin að gefa slíkt leyfi. Það stóð fyrir nokkru í dönsku blaði, ég held í Politiken, að Bandaríkjastjórn hefði beðið um herstöðvar hér, en það má bara ekki skýra opinberlega frá því á Íslandi. Þess vegna er þetta ekki annað en fyrirsláttur, og Bandaríkin geta vitanlega ekkert haft á móti því, eftir að búið er að margendurtaka það í allri heimspressunni og sagt eftir stjórn Bandaríkjanna, að hún hafi beðið hér um herstöðvar. Ég get ekki heldur séð, hvaða er hættulegra fyrir þetta mál en að sögusagnir breiðist út, en menn fá ekki að vita sannleikann um málið sjálft. Annars geri ég ráð fyrir því, að eftir að komið er fram á nótt og eftir að búið er að draga að taka málið fyrir margar vikur, að það sé öllum ljóst, að það er aðeins gert til að svæfa málið í n., og þeir, sem greiða atkv. með því, greiða atkv. með því, að málinu sé haldið leyndu áfram, en ég mun þá sjá um, að málið verði rætt á öðrum vettvangi, þar sem þm. verða að svara til saka.

Og það eru satt að segja rökleysur frekar en rök á undarlega háu stigi, þegar hæstv. forsrh. stendur upp hér á hæstv. Alþ. og ætlar að færa rök fyrir því, hvers vegna á að halda leyndu stærsta máli þjóðarinnar fyrir henni og þeim bréfaskiptum, sem farið hafa á milli hans og bróður hans, sendiherrans í Washington, og segir, að það sé ekki venja milli ríkja að birta slík skjöl. En ég er ákaflega hræddur um, að þau rök kunni að þykja léleg á metunum og þjóðin eigi erfitt með að skilja þau. Því að hvað er það í þessu máli, sem ekki má vitnast? Hvað er svo hættulegt í málinu, að það sé brot á umgengnisvenjum að segja heiminum frá því? Og eins og ég sagði áðan, færi bezt á því allra hluta vegna að láta það koma fram, sem ríkisstj. kann að hafa gert, og þjóðin fái síðan að dæma um það og málið í heild. Og eins og ég sagði áðan, þá er beinlínis ætlunin að koma málinu fyrir kattarnef á þann hátt að vísa því til n., þar sem á að svæfa það. Eða vill hæstv. forseti lýsa því yfir, að það mál komi frá utanrmn. eftir 2 daga eða áður en þingi lýkur?

Forseti (JPálm): Ég skal, út af ásökun hv.

þm. Str. varðandi fyrirtekt á þessu máli á dagskrá, taka það fram, að síðan þetta mál var lagt fram hér á Alþ., er þetta 3. fundurinn, sem haldinn hefur verið í Sþ., og á öllum þessum 3 fundum hefur málið verið á dagskrá. Á fyrsta fundinum var ákveðið, sem venja er til, hvernig ræða skuli. Þar næst var fundur í gær í rúman klukkutíma og því ekki tækifæri til þess að taka mál fyrir, sem þó voru á dagskránni. Og nú er þetta 3. fundurinn, sem haldinn er í Sþ., og það hafa ekki fleiri fundir verið haldnir.

Þá vil ég líka mótmæla því, sem hv. þm. Str. sagði, að það að vísa máli til n. sé sama og að svæfa það. Og ef ekki verða frekari umr. um þetta mál, mun borin verða upp sú till., að umr. sé frestað og málinu vísað til utanrmn.

Forsrh. (Ólafur Thors): Þegar þessi þáltill. kom fram, undraðist ég mjög efni hennar og ekki síður fyrir það, að flm. hennar hefur verið forsrh., því að ég ætlaði, að hann hefði nokkurn kunnugleika um slík mál. Og ég held, að ég verði að sýna þann góðvilja og telja, að ástæðan fyrir því, að hann hefur borið þessa þáltill. fram, eins og hún er og með þeim skýringum, sem henni fylgja, að það hljóti að vera sú ástæða, að honum sé ekki kunnugt um það, að það er ekki venja milli þjóða að prenta skjöl málsins á meðan slík mál liggja til umr. En ég býst við, að margir aðrir viti það. Og það er gagnslaust að reyna að sannfæra hv. þm. um það, að það er ófrávíkjanleg venja, hvað sem hann vill um það segja hér, að í skiptum milli vinveittra þjóða eru skjölin ekki prentuð, sem á milli fara, meðan á málsmeðferð stendur. Og ég veit nú, að ég þarf ekki að ræða það mikið við hv. þm. Str., að það gæti haft talsverðar afleiðingar í för með sér, ef sá háttur væri upp tekinn að prenta það, sem fer milli ríkisstj. og trúnaðarmanna hennar erlendis. Ég fyrir mitt leyti, ef ég væri trúnaðarmaður ríkisstj. erlendis, mundi fara varlega í það að senda trúnaðarskýrslur, sem varðaði hag Íslands, og geta átt það á hættu, að það yrði prentað í blöðum strax, þá væri brotin á bak aftur aðstaða sendisveitanna, sem þær hafa haft til þess að inna af hendi sín störf. Það væri ekki óviturlegt að taka upp á því að prenta þetta allt saman. Og ég geri ráð fyrir því, að ef umboðsmenn okkar þjóðar eru færir um það að hafa slík sambönd að geta aflað upplýsinga, sem ekki fást í blöðum eða á gatnamótum, og ef þeir væru svo lánsamir að ná í þau sambönd, já, þá væri sannarlega verið að brjóta alla aðstöðu á bak aftur með því að taka upp þann sið og venju á Íslandi að prenta þau plögg, sem sendimenn Íslands erlendis eru færir um að afla fyrir sína ríkisstj. Hvað hugsar annars sá Íslendingur, sem meinar það?

Ég skal ekki ræða frekar um þetta mál hér, ég mun gera það í utanrmn. En ég vil benda á það, að það þarf ekki að vera nein skelfing, sem ísl. ríkisstj. óskar eftir að leyna, og þó að hún taki ekki þann sið að birta eða prenta það, sem fer á milli hennar og trúnaðarmanna hennar erlendis.

Ég held svo fast við það og get tekið undir með hv. þm. Str., að þetta sé eitt hið merkilegasta mál þingsins og það eigi að fá þá málsmeðferð, sem þykir hæfa smámáli, hvað þá stórmáli, þ. e. a. s., að það fái undirbúning í n., og það er einmitt utanrmn., sem er réttur vettvangur, því að þar geta menn talað eins og þeim býr í brjósti um allt málið, þótt ekki þyki henta hagsmunum þjóðarinnar að gera það á opinberum vettvangi.

Ég skal svo lýsa því yfir, að gefnu tilefni, að nýlega hefur fulltrúi Bandaríkjanna tilkynnt mér, að stjórn Bandaríkjanna hafi alls engar upplýsingar gefið um málið sem slíkt.

Flm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það er nú það fyrsta, að hæstv. forseti sagði, að það hefðu ekki verið haldnir nema 3 fundir í Sþ. síðan þetta mál var tekið á dagskrá fyrst, og því hefði ekki verið hægt að afgr. það. Það leikur hins vegar orð á því, að hæstv. forseti Sþ. hafi ógjarna viljað halda fund, til þess að þurfa ekki að taka málið fyrir fyrr en svo seint, að ekki yrði hægt að afgr. það á þessu þingi, því að stjórnarfl. er ákaflega illa við já eða nei við þeirri spurningu, hvort eigi að birta þessi skjöl, og þess vegna eigi að komast hjá því og þess vegna hafi ekki verið haldnir fundir.

Viðvíkjandi því, hvort eigi að birta þessi skjöl eða ekki, hélt ég, að hæstv. forsrh. vissi, að slík skjöl hafa ekki sjaldan verið birt og prentaðar heilar bækur með skjölum þessum. Það hélt ég líka, að hver hv. þm. vissi.

Þá er eitt atriði í þessu máli til viðbótar, sem sýnir, hvílíkan skrípaleik er verið að leika. Hvers vegna lætur hæstv. forsrh. ákveða á ráðherrafundi, að ekki skuli birta skjölin eins og ráðh. Alþfl. hefur sagt, að sé búið, og Sósfl.? Ef það er brot á öllu velsæmi að birta skjöl í þessu máli, hvers vegna þarf hæstv. forsrh. að fá fundarsamþ. hjá ráðh. til þess að þetta skuli ekki birt? Hefði ekki hæstv. forsrh. getað sagt sem svo við sína ráðh.: Þetta er svo föst venja, að leynd í þessu máli er sjálfsögð? Nei, það liggur fyrir í tveimur stjórnarblöðum, að reglan, sem hæstv. forsrh. er nú að halda fram að gildi almennt um velsæmi og viðskipti milli þjóða, var ekki sterkari í huga hans og hann ekki vissari í henni fyrir sjálfum sér en svo, að hann kallar saman ráðherrafund, þar sem samþ. er af öllum ráðh., að þessum skjölum skuli haldið leyndum fyrir þjóðinni. Sósialistar segja ýmist, að þeir hafi greitt atkv. með málinu eða ekki og að þeir hafi borið fram till. um það að birta þessi skjöl. Hins vegar bendir þá forsrh. þessum óstýrilátu ráðh. á það, að það sé ekki í samræmi við allt velsæmi í viðskiptum milli þjóða. Og hvers vegna gera þessir menn í Sósfl. kröfur í dagblöðum sínum og fá samþ. af mörgum tugum félaga og félagasamtaka, að þessi skjöl skuli birt? Hæstv. forsrh. taldi þetta í það minnsta fyrir sjálfum sér svo fastar reglur, að ekki mætti birta þessi skjöl, að hann taldi sig þurfa sérstaka ráðherrasamþ. fyrir því, að þessi skjöl skyldu ekki birt, eftir því sem bæði Alþýðublaðið og Þjóðviljinn lýsa yfir.

En hins vegar, ef kæmu einhverjar óskir fram um það frá stjórn Bandaríkjanna að halda þessu máli leyndu fyrir Íslendingum, sem ég trúi ekki

að komi fram, þá er sjálfsagt fyrir ríkisstj. Bandaríkjanna að færa fram rök fyrir þeirri beiðni, og það er Alþ. að taka afstöðu til þess, hvort ástæða er til að verða við þeirri beiðni. Ég held, að það sé óhætt að fullyrða það, að það séu fá dæmi til þess í lýðræðislandi, að ríkisstj. standi í kvóta-viðskiptum við erlenda ríkisstj. *um eitt mesta vandamál þjóðarinnar, eins og* þetta er, og það á meðan Alþ. á setu, og ekki einu sinni alþm. fái að vita um þessi kvóta-viðskipti, sem farið hefur verið fram á, milli íslenzku ríkisstj. og þeirrar erlendu ríkisstj. meðan Alþ. situr. Mér þætti ákaflega fróðlegt, ef hæstv. ríkisstj. gæti nefnt einhver dæmi þess, að ríkisstj. einnar þjóðar, er þingið situr, eigi bréfaviðskipti við sendiherra sína, þar sem hún gefur þeim ráðin um það, hvernig þeir eigi að haga sér í málinu, og sjálft þingið fái ekki að vita um það, meðan það situr, og að það eigi að senda þm. heim, án þess að þeir fái að vita um þessi bréfaviðskipti og kvóta-viðskipti. Okkur þm. hefur ekki einu sinni verið boðið að fá að sjá það á lokuðum fundi. (*GJ:* Það er ekki von, hv. þm. Str. segir frá öllu, sem skeður á lokuðum fundum, hann kann ekki mannasiði). Ég held nú, að hv. þm. Barð. ætti fyrst að læra að tala, áður en hann fer að setja ofan í við aðra fyrir það, að þeir kunni ekki mannasiði. Og sannleikurinn er sá, að það er búið að kenna þessum hv. þm. það mikið, að hann er farinn að hafa dálítinn grun um það í hugskoti sínu, að hann er maðurinn, sem sízt kann mannasiði hér á þessari samkundu. Og það er eins og einn hv. þm. sagði, að það væri búið að þjarma svo að þessum hv. þm. Barð., að hann væri búinn að fá það mikla minnimáttarkennd, að það væri farið að grána á honum hárið vegna þess, hversu búið væri að fara með hann hér á Alþ., og jafnvel *hefði fjvn. orðið að gjalda þess að hafa hann* fyrir formann.

Við skulum nú snúa okkur að því, að þessi aðferð á þingi einnar þjóðar er á þann veg, að ég hefði gaman af að sjá þessa sömu hv. þm., sem sitja hér á þessari samkomu, rétta upp höndina með því að leyna þessu máli fyrir þjóðinni, áður en þeir fara héðan til þess að tala um þjóðmálin við þjóð sína. Það eru fulltrúar í lagi, sem segja, þegar þeir koma út til þjóðarinnar einmitt til þess að tala við hana um þjóðmálin, sem segja þá við hana: Við vitum ekki, hvernig málið stendur, því að það var bannað að birta skjölin, sem fóru á milli ríkisstj. og sendiherrans í Washington, ég greiddi atkv. með því, að þessu yrði haldið leyndu, áður en ég fór heim af Alþ.

Ég vildi gjarna sjá framan í andlitin á hv. þm. sem láta bjóða sér þetta. (*Félmrh.:* Er ekki bezt að hafa nafnakall um þetta?). Jú, en það kemur ekki til þess, að það verði nafnakall um þetta, því að hæstv. dómsmrh. veit vel, að það er orðið að samkomulagi um það í ríkisstj. að taka málið fyrir og vísa því til n. til þess að það komi ekki fyrir á Alþ., og þess vegna er ráðh. svona borubrattur, að hann býst ekki við að þurfa að greiða atkv. með eða móti málinu.

Nei, sannleikurinn er sá, að það er þýðingarlaust fyrir hæstv. forsrh. að bera það fyrir, að það séu reglurnar, sem valdi því, að ekki megi birta skjölin, sem fara á milli þessara tveggja þjóða. Ef sú beiðni kemur frá Bandaríkjum Norður-Ameríku að birta ekki þessi skjöl, þá er það Alþ., en ekki ríkisstj. að ákveða það og taka afstöðu til þess máls. Og ef það hefði verið síður, hefði heldur ekki þurft neina ráðherrasamþykkt um það, að þessu skyldi haldið leyndu.

Ég endurtek það, sem mér þykir mestu máli skipta, að málinu verði ekki vísað til n., heldur greidd atkv. um málið þegar í stað að lokinni þessari umr., því að það að vísa málinu til n. er nákvæmlega það sama og þm. segðu: Málinu skal haldið leyndu. Því að það kemur aldrei frá þeirri n. á meðan þetta þing situr.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég skal verða fáorður um málið á þessu stigi. Og mér þykir ólíklegt, úr því að hv. flm. telur svo mjög á hlut sinn gengið í þessu máli, að hann notar það tækifæri, sem hann bað um, eins og hv. þm. hafa heyrt, þannig að hann er ekki farinn að botna neitt í málinu sjálfur. Og ég ætla að bíða að ræða málið, þar til seinna í kvöld, að fleiri eru á fundi, og vita, hvort hv. þm. Str. verður eins órólegur og óstyrkur og mér virtist hann vera nú, þegar hann settist. Ég sé ekki ástæðu til að leiðbeina honum um samningsviðskipti milli þjóða, en áður en þessu máli er lokið, skal mér ánægja að gera það og minna hann þá aðeins á það, sem hann sagði hér, og ef hann hefur gleymt þeim ummælum, þegar hann hefur betra tækifæri til þess að ræða málið, þá skal ég ekki gleyma þeim.

Hv. þm. Str. virðist þó bera nokkru meira skyn á sumar hliðar þessa máls en meginhluti ræðuhalds hans hefur gefið til kynna, því að hann sagði frá því, að hann hefði sjálfur birt öruggur einhver plögg frá erlendu ríki, en svo bætir hann við: Ég gat birt þetta með góðri samvizku, því að ég hafði leyfi til þess. En hér er farið fram á, að ríkisstj. birti skjöl án þess að leitað sé leyfis, sem hv. þm. Str. telur, að sér hafi verið skylt að gera, þegar hann var ráðh. Mér finnst þetta nú stangast dálítið á. Og ég skal ekki segja, ef hv. þm. fengi nú vilja sínum framgengt, að öðlast það heiti að vera minnst síðaði maður þingsins, eins og hann hér var að bera öðrum hv. þm. á brýn, þó að honum láðist að færa fyrir því aðrar sannanir en þær, að hann er sýnilega lamaður og óánægður eftir viðureignina við þennan hv. þm. Barð. (GJ).

Ef þessi málsmeðferð er svona fyrir neðan allar hellur að dómi hv. þm. Str., hvernig stendur þá á því, að hann hefur látið þetta viðgangast í 6 mánuði? Hvernig má svo lundaður maður una slíku aðgerðarleysi í hálft ár, og hvernig stendur á því, að steinsofandi samvizka vaknar allt í einu eftir 6 mánaða svefn 1. apríl, úr því að hún hefur sofið undanfarna mánuði og legið á þessu eins og ormur á gulli? Það skyldi þó ekki eiga neitt skylt við kosningar?

Þá vildi ég spyrja hv. þm. að því, ég hef gert það áður: Meinar hann það, að það eigi að prenta öll slík skjöl, sem berast frá trúnaðarmönnum ríkisstj. erlendis? Það er ekki neinn einn sendiherra, sem hefur fjallað um þetta mál. Allir sendiherrar Íslands hafa fjallað um

það. Heldur hv. þm. Str., að það væri hentugt fyrir sendiherrana, að við birtum öll skjöl, sem fara á milli þeirra og ríkisstj.? Ég tel, að með því væri farið inn á mjög varhugaverða braut.

Ég ætla svo aðeins að segja það, að ég og hv. þm. Str. erum ekki skildir að skiptum í þessu máli.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er tvennt, sem ég vil taka fram í þessu máli. Annað er það, ef ég man rétt (*Forsrh.:* Sem sjaldan kemur fyrir), að hæstv. forsrh. lýsti yfir á lokuðum fundi, að Bandaríkin hefðu ekkert á móti því, að þau gögn væru birt, sem fyrir lægju í málinu, en óskaði eftir 3 daga fresti áður og að þau yrðu birt samtímis hér og í Washington. (*Forsrh.:* Hvað gerðist fleira á þessum fundi?) Hæstv. forseti sagði, að það væri ekki að svæfa málið að visa því til n. Það er rétt, almennt séð. En þó fer það eftir því, hvað ríka einræðiskennd form. n. hefur. Hæstv. forseti Sþ. hefur á þessu þingi sofið á 4 málum allt þingið og ekki skilað nál. Hv. form. allshn. hefur sofið á 2 málum og ekki skilað nál., og svona gæti ég talið áfram. Hvað þetta snertir, fer það eftir því, hver form. n. er. Ef form. langar ekki til, að Alþ. fjalli um málið, sem þeir eru á móti, þá stinga þeir því rólegir undir stól. Þetta leyfist óátalið meðan hæstv. forseti hefur stungið 4 málum undir stól og ekki fengizt til að ræða þau. Þess vegna veit ég ekki, hvað verður um þetta mál, ef það fer til utanrmn. Ég þekki ekki svo hugarfar form. n., að ég viti, hvað mikla einræðiskennd hann hefur. En það mætti segja mér, að hann væri álíka talhlýðinn og hæstv. forseti, sem hætti við atkvgr. þegar ríkisstj. bað um það og hefur ekki enn látið þá atkvgr. fara fram. Ætli hv. form. utanrmn. sé ekki álíka þægur við hæstv. forsrh. og hæstv. forseti, ef hann hefur ekki næga einræðiskennd til að setjast á málið sjálfur.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég er ekki vanur að leggja mikið til málanna þegar utanríkismál eru rædd, og ætla ekki heldur að gera það nú.

Hæstv. forsrh. var að tala um, að menn hér kynnu ekki einu sinni stafrófið í þeim venjum, sem giltu þjóða milli. Og það kann vel að vera, að ég sé einn af þeim, og skal ég ekki leggja dóm á þetta mál eins og það er í eðli sínu. En það er annað, hvað sem milliríkjaviðskiptum líður og hvað sem líður þeim reglum um birtingu á því, sem fer milli ríkja, sem ég þykist bera skyn á eins og hver annar. Það er það, að eitt aðalblað hæstv. ríkisstj. hefur notað þetta mál til látlauss rógburðar um einstaklinga og flokka í þessu landi í skjóli þeirrar leyndar, sem um málið hefur verið haft. Þetta vita allir og hæstv. forsrh. eins vel og hver annar. Mér finnst því hæstv. ríkisstj. verði að gera eitt af tvennu, að minnsta kosti, að sjá um það, að slíkur rógburður hætti eða leggja skjölin á borðið. Það er sú minnsta krafa, sem hægt er að gera til hennar. Hæstv. forsrh. segir e. t. v. sem svo, að honum komi ekki það við, sem einstök blöð segja. En það er vitanlegt, að það blað, sem hér er um að ræða, stendur svo nálægt hæstv. ríkisstj., að það, sem það segir, er nokkurn veginn mælt fyrir hennar munn. Það ástand, sem í þessu máli hefur verið í vetur, er með öllu óviðunandi.

Hæstv. forsrh. var að tala um þolinmæði hv. þm. Str. í þessu máli, þar sem hann hefði ekki fyrr hreyft því en hann gerði. En nú veit hæstv. forsrh. það vel, að sá flokkur, sem við hv. þm. Str. og ég störfum í, hefur álitið það lengi vel skyldu sína að hreyfa þessu máli ekki mikið, vegna þess að hæstv. ríkisstj. óskaði að leyna því. En þegar hver fundarsamþ. kemur á eftir annarri um þetta mál úr herbúðum, sem eru mjög nærri því að vera herbúðir stjórnarinnar, þá fer það að vera skrýtið, ef það er aðeins stjórnarandstaðan, sem ekkert má um málið segja og ekki spyrja neins. En hinir mega tala um það eins og þeim sýnist og sér til framdráttar. Og ég vil mjög alvarlega taka undir það, sem hv. 2. þm. N.-M. var að minnast á, að það er einkennilegt, hvernig sumum málum hér á Alþ. er stungið undir stól. Meðal annars skeði það hér í vetur, að hæstv. dómsmrh. var með dylgjur um fyrirrennara sinn í þeirri stöðu varðandi sérstaka linkind, sem hann hefði átt að sýna sendimanni erlendrar þjóðar á fyrstu stríðsárunum, en hann hafði rekið hér njósnir. Út af þessu og ýmsu öðru, sem fram hafði komið í því máli, var lögð fram till. um sérstaka rannsókn í þessu efni. Sú till. fæst yfirleitt ekki rædd, eða ég hef ekki orðið var við það. Ég vil ekki hvetja til þess, að neinn trúnaður sé brotinn, en ég vildi mega áskilja það, að sá trúnaður sé haldinn af þeim, sem standa ríkisstj. næst. En hæstv. forsrh. veit vel, að sá trúnaður hefur ekki verið haldinn.

Eysteinn Jónsson: Ég vildi fyrst lýsa ekki undrun minni, heldur að minnsta kosti vanþóknun minni á þeirri málsmeðferð, sem þetta mál fær. Það er ekkert undrunarefni, því að mönnum kemur ekkert á óvart af þessu tagi, hvorki frá hæstv. forseta né þeim, sem honum stjórna. En ég vil lýsa yfir vanþóknun minni á því, hvernig á þessu er haldið. Það er liðið nokkuð langt síðan þessi till. var lögð fram, og öllum þingheimi er það vitanlegt, að hæstv. forseti hefur skirrzt við að halda fund til þess að reyna að komast hjá því, að þessi till. yrði tekin til meðferðar fyrr en þá svo seint, að líkindi eru til, að takast mætti að koma henni fyrir kattarnef. Á þennan hátt hefur hæstv. forseti Sþ. tafið málið. (*Forseti:* Ég mótmæli þessum ásökunum). Ég bið hæstv. forseta að stilla skap sitt og vera ekki svona æstur. Það er ég, sem hef orðið, en ekki hann. Hann getur haft nægan tíma til að svara á eftir. En það vita allir, að þetta er rétt. En auk þess vil ég benda á það, að þegar hæstv. forseti sér fram á það, að hann getur ekki með forsetavaldi hindrað, að till. verði tekin á dagskrá, þá notar hann tækifærið, þegar margir hv. þm. eru fjarverandi, og komið er fram á nótt, til þess að taka þessa till. á dagskrá og lætur þar ráðast af fyrirskipunum hæstv. forsrh. Og þetta er gert vegna þess, að litið er svo á, og það með réttu, bæði af hæstv. ríkisstj. og forseta, að þetta mál þoli ekki dagsljósið og því sé bezt að fjalla um það þannig, að sem minnst beri á. Þetta er með öðrum orðum eins konar myrkraverk. Eini ljósi punkturinn í þessu er þó sá, að

þetta ber þó vott um, að hæstv. ríkisstj. er ekki alveg laus við blygðunartilfinningu út af því, hvernig hún hefur haldið á málinu yfirleitt

Það er öllum vitanlegt og það hefur verið rætt opinberlega, þótt það sé ekki staðfest af hæstv. ríkisstj., að erlent stórveldi hefur farið þess á leit, að samningur yrði gerður um herstöðvar hér. En þótt þessu sé til að dreifa og menn hafi almennt talað um málið og þá fyrst og fremst utan þings, þá hefur ríkisstj. aldrei gefið út neina opinberlega tilkynningu, og það er náttúrlega meira en furðulegt, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki hafa gefið út tilkynningu um þetta mál. Og hæstv. ríkisstj. er kunnugt um, að það vekur furðu allra landsmanna, að það skuli ekki vera gert. En í staðinn, þegar þannig er a málinu haldið, þá er það hiklaust rætt af sumum aðilum, eins og hér hefur verið drepið á. Og einn flokkurinn, sem stendur að ríkisstj., notar málið á óviðeigandi hátt til árásar á einstaka flokka og erlend ríki. Samt hefur hæstv. ríkisstj. ekki séð ástæðu til að gefa út opinbera tilkynningu. En þetta er ekki nóg, heldur er málinu líka þannig varið, að hv. þm. vita ekki, hvernig ástatt er um málið. Það er alveg gefið mál, að í máli þessu hefur gerzt talsvert meira en þm. hafa hugmynd um. Því er haldið leyndu fyrir þeim. Síðast þegar þm. fengu skýrslu um málið, þá stóð það ekki á því stigi, sem það stendur nú. Það hefur því farið eitthvað fram í málinu, sem haldið er leyndu, ekki aðeins fyrir þjóðinni, heldur líka fyrir þingmönnum. Þetta er svo sérstakt, að það er vafasamt, hvort hægt er að finna fyrir því dæmi í lýðfrjálsu landi.

Hæstv. forsrh. hefur talað nokkuð um, að það sé ekki fært að birta það, sem farið hefur á milli íslenzku stjórnarvaldanna og hins erlenda stórveldis eða íslenzku stjórnarvaldanna og umboðsmanna stjórnarinnar í öðrum löndum varðandi málið. En hæstv. forsrh. láðist að geta þess, sem ég hygg þó, að allir hv. þm. viti, að ríkisstj. hefur fengið leyfi frá stjórn Bandaríkjanna til þess að gefa út um málið opinbera tilkynningu. Þetta stendur því ekki í veginum fyrir birtingu. Það, sem stendur í veginum, er, að ríkisstj. vill ekki gefa út skýrslu um málið. En auk þess er hverju barni það ljóst, þótt hæstv forsrh. þykist ekki skilja það, að það þarf ekki leyfi Bandaríkjastjórnar til þess að skýra frá, hverju hefur verið svarað um málið. Það er broslegt að heyra hæstv. forsrh. segja, að ekki megi gefa út opinbera tilkynningu vegna þess, að það sé brot á öllu velsæmi. Það er aðeins hæstv. ríkisstj. sjálf, sem hefur ákveðið að gefa þjóðinni ekki skýrslu um málið. Og það er það, sem liggur fyrir til umr., hvort Alþ. vill una þessu eða ekki. Ef þingið vill una því, að ríkisstj. haldi þessu máli leyndu fyrir því og þjóðinni, þá fellir það þessa till. eða samþ. að vísa henni til utanrmn., sem allir vita, að þýðir sama og að vísa málinu frá. Ef hv. þm. vilja ekki una þessu, ef þeir ætla að krefjast þess, að stjórnin gefi út opinbera skýrslu, en hún hefur það á sínu valdi, þá samþ. þeir þessa till. Í þessu máli þýða engir vafningar eins og þeir, sem hæstv. forsrh. bar fyrir sig. Málið er nefnilega ákaflega einfalt. Ég geri ráð fyrir því, að flestum sé það kunnugt eða a. m. k. renni í það grun, af hvaða ástæðum þessu máli er haldið leyndu. Ég geri ráð fyrir því, að ástæðan sé tvenns konar: Forsrh. viti ekki, í hvorn fótinn hann eigi að stiga vegna ágreinings innan ríkisstjórnarinnar. Þetta vita ýmsir okkar. Hin ástæðan er sú, að hæstv. forsrh. eða stjórnin öll fyrirverður sig fyrir það svar, sem hún hefur gefið, og telur það ekki birtingarhæft. Það getur ekki verið annað, sem leggur grundvöll undir þessa meðferð málsins, því að það þarf ekki að bera það á borð fyrir nokkurn mann, að þarna standi eitthvað í veginum af hálfu Bandaríkjastjórnar. Það getur ekkert verið í málinu þannig, að það sé óeðlilegt, að ríkisstj. skýri frá, hvernig málið er á vegi statt og hvernig því hefur verið svarað. Ef hæstv. forsrh. ætlar að halda við þessa afstöðu, þá ætti hann að sýna fram á, hvernig það gæti samrýmzt almennu velsæmi að þegja um málið. Það er endalaust hægt að vera með vafninga eins og þá, að það geti verið álitamál, hvort eigi að birta orðrétt skeytin eða ekki. Það, sem hér á að greiða atkv. um, er það, hvort ríkisstj. eigi að skýra frá málavöxtum eða ekki.

Þá var hæstv. forsrh. að víkja að því, að það væri undarlegt, að menn skyldu hafa dregið það svo lengi að flytja till. um, að birt yrði í málinu. Þetta er kannske dálítið einkennilegt þegar menn athuga, í hvers höndum málið er. En í venjulegum kringumstæðum hefði mátt búast við, að hæstv. forsrh. hefði ótilneyddur á Alþ. a. m. k. í þinglokin gefið skýrslu um málið. En þegar þessi forsrh. á í hlut, gegnir öðru máli, og má vera, að það sé af tómlæti hjá mönnum, að honum skuli vera gefinn frestur og eftir því beðið, að hann hagi sér eins og siðuðum forsrh. sæmir.

Forseti (JPálm): Ég vil lýsa yfir, vegna ásakana um, að ekki hafi verið haldinn fundur í Sþ. vegna þessa máls, að það liggja fyrir tugir þáltill., sem voru lagðar fram á undan þessari till.

Forsrh. (Ólafur Thors): Það situr sízt á hv. 2. þm. S.-M., þegar hann veit, að margir flokksmenn hans hafa á ný þotið á fundarhöld út um byggðir landsins, að vera hér með stóryrði og halda því svo fram, að ekki sé hægt að fá atkvgr. vegna forfalla þessara þm. og það á allra seinustu dögunum, þegar menn hafa setið hér dag og nótt, og þegar svo það er athugað, að hv. þm. sjálfur hefur gengið um eins og beningamaður til að fá frestun atkvgr. vegna þessara flokksmanna. Það situr illa á honum að vera með fúkyrði til hæstv. forseta, sem þegar hefur skýrt frá því, hvers vegna þessi till., sem seint er lögð fram, hefur ekki verið tekin til umr. — Það er leitt, að þessi hv. þm. skuli ekki hafa áttað sig á því fyrr en nú, að málið hefur verið í mínum höndum. En það færir hann nú sem afsökun fyrir svikunum. Það hefur ekki runnið upp fyrir honum fyrr, að það færi svona bágborinn maður með málið. Það var gott, að hann vaknaði áður en kosningar fóru fram. Hér sjáum við aðeins Framsfl. undir hinni nýju forustu. Það skiptir litlu máli, hvaða vopnum er beitt, tilgangurinn helgar meðalið. En ég skal lofa hv. þm. því, að áður en lýkur nösum í þessu máli, skal ég víst

leiða í ljós, hvernig hann og hans flokkur hefur komið fram í málinu. Og ég er ekki viss um, að hann verði þá eins upplitsdjarfur og hann var áðan, þegar hann talaði um málið af ótrúlega litlum kunnugleika, þar sem hann ruglaði saman í allri ræðu sinni tveim óskyldum atriðum, sem ég skal betur gera grein fyrir áður en lokið er umr. um þetta mál og áður en Alþ. lýkur.

Sigurður Thoroddsen: Herra forseti. Ég skal að gefnu tilefni taka fram, að Sósfl. hefur margkrafizt þess, að skýrsla yrði gefin út í þessu máli. Og ég vil leyfa mér að spyrja, hvort ekki megi vænta skýrslu um málið. Þjóðin á heimtingu á að fá skýrslu um málið frá ríkisstjórninni. En frá mínu sjónarmiði er ekki nóg að fá skýrslu um það, sem fram hefur farið. Það þarf að krefjast þess, að Bandaríkin fari burt með herafla sinn hér á landi. Nú vil ég spyrja hæstv. forsrh., hvað stjórnin hefur gert í þessu máli, hvort stjórnin hefur farið þess á leit, að Bandaríkin dragi herafla sinn burt, eða hvort hún hafi mótmælt dvöl Bandaríkjahersins á Íslandi.

Forsrh. (Ólafur Thors): Þar sem þessi hv. þm. á greiðan aðgang að ríkisstj. í þessu máli, þá vildi ég óska, að hann beindi þessum fyrirspurnum til sinna flokksmanna í stjórninni.

Flm. (Hermann Jónasson): Þessi málsvörn hæstv. ráðh. í þýðingarmesta máli þjóðarinnar er með eindæmum. Það sýnir sig, hvernig málsvörnin er, þegar hann ræðst á Framsfl. fyrir það, að þm. hans séu ekki viðstaddir, vegna þess að þeir séu á fundi. En hæstv. ráðh. gat þess ekki, að 3 sjálfstm. eru á sama fundi, hv. þm. Borgf., 2. þm. Árn. og 2. þm. Rang. Á þessu getum við séð sannsögli hæstv ráðh. og heiðarleika, þegar hann er að verja mál. Það er skemmtilegur blær yfir þessu, þegar verið er að tala um eitt alvarlegasta mál þjóðarinnar. Og það er furðulegt, að hæstv. ráðh. skuli leyfa sér að bera annað eins á borð fyrir hv. þm. og þetta, þegar svo hver einasti hv. þm. veit það, að hér er verið að fara með ósatt mál, og það, sem hæstv. ráðh. beinir gegn andstöðuflokknum, gildir svo nákvæmlega það sama varðandi þann flokk, sem hann sjálfur ræður yfir.

Náttúrlega þarf ég ekki að ræða um það við þennan hæstv. ráðh., hvað er siðvenja milli þjóða. Hann getur ekki frætt mig um neitt í því tilliti, ekki nokkurn skapaðan hlut. Og vitanlega sýnir till. ráðherrafundarins það einnig, um að halda málinu leyndu, að hæstv. ráðh. taldi sig þurfa að gera um þetta samþykkt á ráðherrafundi, sem ekki hefði þurft við, ef það hefði verið ófrávíkjanleg regla. Og það hefur verið upplýst, og er bezt að ég upplýsi það í þriðja skipti. að við fórum fram á það strax, er þetta mál var rætt, að það yrði birt og fengið leyfi Bandaríkjastjórnar til þess að gefa út um málið opinbera tilkynningu, vitanlega til þess að skýra frá málavöxtum, þannig að báðar þjóðirnar fengju að vita allan sannleikann. Eins og hér hefur verið tekið fram, þurfti 3 daga fyrirvara til þess að mætti birta tilkynninguna samtímis í Washington og Reykjavík. Þannig er þessi fyrirsláttur, að ekkert megi birta um málið og að það væri óvild gagnvart þessari þjóð, eins og ásökunin um fjarveru þingmanna. Þetta er bezt, að sé á allra vitund, að þetta leyfi hefur verið fengið.

Hv. þm. talaði um, að það mætti nærri geta, hvernig færi, ef ætti að birta orðrétt símskeyti og bréf, sem farið hefðu milli ráðherra og sendiherra eða milli stjórna. (*Forseti:* Þetta átti nú að vera aths.). Já, ég skal þá, til þess að lengja ekki mál mitt, benda á, að hann virðist ekki hafa lesið grg., því að í henni er tekið fram, hvernig ég hugsa mér þessu fyrir komið. Ekki þannig að birta skeytin orðrétt, heldur að þjóðin fái að vita efnið, og til þess hefur verið fengið leyfi fyrir löngu síðan. Satt að segja er það furðulegt — þó að ég geti ekki farið langt út í það, vegna þess að ég hef aðeins leyfi til stuttrar aths. — að heyra það úr stóli forsrh., eftir að búið er að fá leyfi Bandaríkjastjórnar til þess að gefa út opinbera tilkynningu um málið, að það sé þá fjandsamleg ráðstöfun gagnvart Bandaríkjunum. Það væri tæplega hægt að hugsa sér að koma fram af meiri óvild gagnvart Bandaríkjunum en það, að eitt stjórnarblaðið tínir saman allt, sem sagt er um þetta mál verst í garð Bandaríkjanna. Það berast sífellt fréttir um fundarsamþykktir úti um allt land, þar sem menn láta í ljós andúð sína á því, að skjölunum er haldið leyndum og að ekkert er um málið birt. Og þessi skrif um Bandaríkjaþjóðina eru þess eðlis, að fyrir löngu er gengið fram af íslenzku þjóðinni og óhugsandi, að sá hæstv. forsrh., sem lætur halda uppi slíkum skrifum í skjóli leyndarinnar og sjálfs sín, skuli geta risið hér upp úr stólnum og talað um, að ekki megi birta skýrslu um það mál, sem Bandaríkin hafa leyft, því að það væri óvinátta við Bandaríkin. Meiri fjarstæða er ekki til.

Ég hef aðeins leyfi til að gera stutta aths., og ég vil að lokum segja þetta: Það hafa verið gerðar fundarsamþykktir úti um allt land þessa dagana og mikið verið um þetta skrifað í Þjóðviljann og þá kannske ekki þýðingarlausar þessar umr. um þetta mál. Hvar eru nú raddir sósíalista um þetta mál? Sjáum til, nú biður einn þeirra um orðið. Því verður veitt athygli, hvað hann segir, og það verður vissulega fróðlegt að heyra, hvort þeir eru jafnskeleggir í málinu hér í þessu húsi og þeir telja sig vera í sínu blaði og fundasamþykktum um allt land. Ef þeir líða, að málinu verði vísað til n., til þess að láta svæfa það þar, skilur þjóðin heilindi þeirra í þessu máli.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég dreg ekki í efa, að þetta mál verði rætt meira en hér hefur verið gert. En ég hef nú verið að tæpa á því, að mér þætti nokkuð greinilega koma í ljós, að Framsfl. veit ekki sjálfur, hvað hann er að fara fram á með flutningi þessarar till., og má vera rétt að láta þá þegar vita, hvað það er, sem á milli ber. Hér er um tvö ólík atriði að ræða. Annars vegar um birtingu á efnishlið málsins, hins vegar um birtingu á skjölum málsins. Þetta eru tvö ólík spursmál, svo ólík, að um hið fyrra, að birta efnishlið málsins, á ríkisstj. íslenzka

kröfurétt á ríkisstj. Bandaríkjanna, og ríkisstj. íslenzka mun, þegar henni sýnist, birta efnishlið málsins, þótt hún telji sér ekki fært, án fulls samþykkis ríkisstj. Bandaríkjanna, að birta skjölin í málinu, en það er það, sem þessi till. fer fram á. Það er rétt, að ég segi framsóknarmönnum frá þessu, sem þeir virðast ekki vita, til þess að þeir komist hjá því að vera með þessar vífilengjur, sem hér hafa hvað eftir annað verið endurteknar nú við meðferð málsins. Ég skal endurtaka þetta. Það er um tvær ólíkar kröfur að ræða. Annars vegar að birta efnishlið málsins, og það mun ríkisstj. gera, þegar henni sýnist, áður en gengið verður til kosninga. Hitt er það, sem þessi till. vill, að skjölin í málinu séu birt, sem ég tel algera óhæfu, og hef ég þar fyrir mér mikinn fjölda manna.

Hv. þm. Str. sagði, að ég hefði ekki lesið grg., þar sem hann þar segði, að ekki ætti endilega að birta skjölin, sem hefðu farið á milli í málinu, heldur efnishlið málsins. En í sjálfri grg. stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir því, að öll símskeyti og bréf snertandi herstöðvamálið verði birt.“ Það er þetta, sem ekki er talið samrýmast velsæmi í viðskiptum meðal vinveittra þjóða. En varðandi hitt, að birta yfirlýsingu um efnishlið málsins, þá telur ríkisstj., að hún eigi kröfu til að gera það og hefur löngu ráðið að gera það í tæka tíð, til þess að öll þjóðin geti gengið til kosninga.

Varðandi till. mína um, að málið fari til n., sem hv. þm. Str. hefur andmælt, vil ég lesa upp hans eigin orð úr grg.: „Sennilega verða og tvær umr. um till. þessa, og getur þá ríkisstj. skýrt málið fyrir nefnd þeirri, er um málið fjallar.“ Honum hefur því, þegar hann lagði þessa till. fram, ekki dottið annað í hug en að hún færi til n., og auk þess hefur heldur ekki verið gert ráð fyrir, að hún kæmi á dagskrá fyrr en þetta. (*Forseti:* Till. hefur verið á dagskrá nokkrum sinnum). Já, en ekki komið til umr., og er ekki hægt að fella forseta undir sök í málinu.

Af því, sem ég hef sagt, vænti ég, að flestir skilji það, að umr. um þetta mál á ráðherrafundi hafa eingöngu snúizt um það, hvenær ríkisstj. ætti að nota það vald, sem hún hefur til þessarar birtingar, hvort hún teldi heppilegra að gera það fremur í dag en á morgun. Um það hafa verið skiptar skoðanir. En fyrir því skal gerð grein. Hitt hefur aldrei verið gengið til atkv. um innan ríkisstj., hvort ætti að samþ. að birta öll skjöl, því að það datt engum ráðh. í hug.

Ég vænti þess, að þessar leiðbeiningar geti orðið til þess, þegar rætt verður um þetta mál að nýju, að komizt verði hjá því, sem nú hefur hent flm. og framsóknarmenn ýmsa, sem hér hafa talað, að skilja ekki þann eðlismun, sem hér um ræðir. Ég vil aðeins minna á það til sönnunar því, að flm. hefur þó á sínum tíma gert sér grein fyrir þessum eðlismun, að hann hefur sjálfur skýrt frá því, að þegar hann ætlaði að birta bréfaviðskipti milli ríkisstjórnarinnar íslenzku og erlends sendiherra, taldi hann sér skylt að leita samþykkis þess erlenda sendiherra. Þetta er aðalatriði málsins. Og það er sitt hvað, hvort íslenzka ríkisstj. hefur haft leyfi Bandaríkjastjórnar til þess að birta efnishlið málsins eða Bandaríkin taki í mál, að skjölin séu birt. Og það er áreiðanlegt, að svo er ekki, auk þess sem ég hef hér sýnt fram á, og hv. 1. þm. Eyf. tók undir það með mér, hvílík vitleysa það væri að ætla að taka upp þann hátt að birta það, sem fer á milli íslenzku ríkisstj. og trúnaðarmanna hennar í öðrum löndum um viðkvæm mál eins og þetta.

Ég vil svo að lokum minnast á það, sem hv. þm. Str. beindi til mín vegna ummæla minna um fjarveru framsóknarmanna hér á Alþ. í dag, segja það, að ég var út af fyrir sig ekkert að ámæla eða sakast um fjarveru þeirra, heldur hélt ég því fram, að fjarvera þeirra væri notuð til þess að fresta hér afgreiðslu nú, jafnmikið og nú er liðið á þing. Ég álít, að þeim sé heimilt með leyfi forseta að fara úr bænum, og um það var ég ekkert að sakast. Hitt vildi ég ekki, að þessi fjarvera væri notuð til þess að fresta afgreiðslu málsins.

Forseti (JPálm): Það hafa verið fluttar hér ásakanir í minn garð af hv. flm. og hans flokksmönnum, að hafa þessar umr. að nóttu til, að fjarstöddum mörgum þm. Ég sé mér því ekki annað fært, því að margir eru á mælendaskrá, en að fresta þessari umr. þangað til allir þm. geta verið viðstaddir, og er umr. því frestað og málið tekið af dagskrá.

Einar Olgeirsson: Er það rétt skilið hjá mér, sem hæstv. forseti sagði, að þar í felist loforð frá honum að taka þetta mál á dagskrá, þannig að hægt sé að ræða það að degi til? Því aðeins, að það sé tryggt, get ég sætt mig við, að þessu verði frestað nú. En ég skildi þessa yfirlýsingu hæstv. forseta á þann veg.

Forseti (JPálm): Ég get ekki lofað neinu um það, hvort málið verði tekið fyrir að degi til eða kvöldi. En áður en þingi er slitið, skal því verða haldið áfram.

Umr. frestað.

Á 44. fundi í Sþ., 29. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

Eysteinn Jónsson: Ég sé ekki ástæðu til að halda áfram þeim kappræðum, sem áttu sér stað þegar málið var til umr. síðast og var svo haldið áfram í sambandi við annað mál, sem nú hefur verið afgreitt. Hins vegar hefur komið fram annað í málinu, sem ég vildi minnast á með örfáum orðum.

Ég vil fyrst lýsa yfir þeirri skoðun minni, að mér finnst jafnrík ástæða til þess nú að samþ. þessa till. og áður. Þótt hæstv. ríkisstj. hafi gefið út nokkra skýrslu um það, sem fram hefur farið í málinu, þá væri að mínum dómi rétt, að þál. yrði samþ., sérstaklega varðandi það efni málsins, að skjölin yrðu birt fyrir þingheimi. En ég skal ekki fara lengra út í að færa rök fyrir því, það yrði endurtekning á því, sem áður hefur verið sagt. — En þar næst vildi ég með tilliti til þess sem fram hefur komið í blöðum, gera fyrirspurnir til hæstv. forseta. Það hefur verið skýrt

frá því, að Bandaríkjastjórn hefur gefið út yfirlýsingu um þetta málefni. Þær blaðafregnir, sem komið hafa um þá yfirlýsingu, hafa verið óljósar, en eftir þeim skilst mér þó, að svo beri að líta á, sem Bandaríkjastjórn hafi fært fram nýjar uppástungur um þetta mál til ríkisstj. um það, að herinn yrði hér þangað til friðarsamningum væri lokið. Nú vil ég spyrja hæstv. forsrh., hvað um þetta hefur komið frá Bandaríkjastjórn og hvernig yfirlýsing hennar var, sem birt var í Washington.

Þar næst vildi ég fara nokkrum orðum um það svar, sem hæstv. ríkisstj. gaf Bandaríkjastjórn 6. nóv. og birt hefur verið orðrétt. Í þessu svari er byrjað á að skýra frá því, að 25. febr. s. l. hafi allir flokkar Alþ. lýst yfir því, að þeir óskuðu þess, að Íslendingar yrðu þá þegar viðurkenndir sem ein hinna sameinuðu þjóðanna. Út af þessu vil ég taka fram, að mér virðist þetta geta valdið misskilningi. Sennilega er átt við það, að haldinn var lokaður fundur í sambandi við, að óskað var eftir því af öðrum þjóðum, að Ísland lýsti yfir ófriði við Þýzkaland og öxulríkin. Á þeim fundi var samþ. ályktun, sem ekki er heimilt að greina frá, en að efni til fjallaði hún um það, að Íslendingar vildu vera með á þeirri ráðstefnu, sem haldin var í San Fransisko. Þessi till. var samþ. á lokuðum fundi gegn atkv. framsóknarmanna. Það má segja, en ekki er hægt að rekja gang þessa máls í einstökum atriðum, að ég hef að minnsta kosti litið svo á, að þessi yfirlýsing, eins og hún var send af þingi og stjórn, hafi aðeins verið ósk um það, að við vildum taka þátt í San Fransisko-ráðstefnunni, en engin endanleg ákvörðun um það, hvort Íslendingar yrðu þátttakendur í bandalagi því, sem yrði stofnað og taka að sér hvaða skuldbindingar sem því væri samfara. Þannig leit ég á afgreiðslu þessa máls. Og ég vil taka það fram til að fyrirbyggja misskilning um afstöðu Framsfl. um þetta mál og til þess að lýsa sérstaklega minum skilningi, að ég álít það þurfi sérstaka ákvörðun þingsins til þess, að Íslendingar gerist aðilar að bandalagi sameinuðu þjóðanna og gangist undir þær kvaðir, sem því eru samfara. — Þar næst vildi ég segja það, að út af næstsíðasta lið þessa svars, þar sem tekið er fram eftirfarandi: Íslendingum er ljóst, að ein afleiðing þess, að þeir verði viðurkenndir sem ein hinna sameinuðu þjóða, er sú, að þeir takist á hendur þær kvaðir um þátttöku í ráðstöfunum til tryggingar heimsfriðinum, sem sáttmáli hinna sameinuðu þjóða gerir ráð fyrir, — að það er náttúrlega ekki heimilt að undirgangast slíkar kvaðir nema með samþ. Alþ. Og það er óákveðið, hvaða kvaðir það eru, sem undirgangast verður til þess að ganga í bandalagið. Þetta allt þarf sérstakrar athugunar við. Og ég vil lýsa yfir því sem skilningi mínum og míns flokks, að ég tel ekki heimilt að undirgangast neinar slíkar kvaðir nema með sérstöku samþ. þingsins. Undir þetta gæti fallið, að sameinuðu þjóðirnar færu fram á að hafa hér her, og það er augljóst, að undir slíkar kvaðir eða nokkrar kvaðir er óheimilt að gangast nema með sérstöku samþ. þingsins. Þær umr., sem fóru fram um stríðsyfirlýsingarmálið, voru enginn undirbúningur undir þátttöku Íslands í alþjóðasamstarfi. Það þarf miklu nánari undirbúning en þar fór fram.

Ég tel skylt, að þessi skilningur komi fram hér í þinginu í tilefni af því svari, sem hæstv. ríkisstj. hefur birt. Og ég geri mér vonir um það, að þótt svarið hafi verið með þessu móti á sínum tíma, þá líti hæstv. ríkisstj. líka eins á þetta mál, að ekki verði tekin ákvörðun um að undirgangast neinar kvaðir eða annað slíkt án þess að þingið ákveði það. Ég fer fram á, að hæstv. forsrh. lýsi yfir sínum skilningi á þessu.

Forsrh. (Ólafur Thors): Varðandi till. þá, sem hér er á dagskrá, læt ég mér nægja að vísa til þess, er ég sagði í umr. um vantraustið s. l. föstudag. Sé ég ekki ástæðu til að bæta við það.

Út af fyrirspurn hv. 2. þm. S.-M. um það, hvort ríkisstj. hafi borizt ný skilaboð frá stjórn Bandaríkjanna, skal ég segja það, að mér hafa engin ný skilaboð borizt um þetta. Ég hef veitt þessu atriði eftirtekt í blaði hér í Reykjavík, sem birtir um þetta mál símskeyti frá London. En slík tilmæli hafa ekki borizt. Ég hef ekki fengið um það nein ný tilmæli, en hvort þau eru væntanleg, um það get ég ekki sagt. Hins vegar sýndi stjórn Bandaríkjanna stjórn Íslands svarið og þá blaðatilkynningu, sem ætti að gefa út, og þar var ekkert um það, sem þetta sérstaka símskeyti ræðir um og hv. 2. þm. S-M. talaði um áðan. Í þeirri yfirlýsingu var ekkert, sem stjórn Íslands gat ekki fallizt á eins og frá var gengið.

Varðandi þann þingvilja, sem kom fram á lokuðum fundi 15. febr. 1945, þá man ég ekki betur en að flokkar ríkisstj. hafi samþ. tilkynninguna, sem birt var. Og það er rétt, að Framsfl. hafði sérstöðu varðandi þá tilkynningu, sem stjórnarliðið stóð að, en sú sérstaða snerti þó ekki aðalefni tilkynningarinnar, en aðalefni hennar var það, að Íslendingar töldu sig hafa rétt til að vera ein hinna sameinuðu þjóða og vildu verða það og sóttu um að fá að taka þátt í San Fransisko-ráðstefnunni án þess að fullnægja þeim kröfum, sem gerðar voru um það. Og þetta var tilkynnt öðrum þjóðum, bæði Bretum, Bandaríkjamönnum, Rússum og fleiri. Ef mig rekur rétt minni til, var það svo, að ef við vildum fullnægja fyrsta skilyrðinu, að segja báðum stríð á hendur, þá skyldum við öðlast rétt hinna sameinuðu þjóða, en ef við vildum það ekki, fengjum við ekki þennan rétt. Og við vildum ekki gera þetta, en heimtuðum að fá að vera á San Fransisko ráðstefnunni með sameinuðu þjóðunum. Svo er það rétt, að við höfðum þá ekki gert okkur grein fyrir því, hvaða skilyrðum það var bundið að vera meðal sameinuðu þjóðanna. Ég hef litið þannig á, að Ísland ætti í þessum efnum ekkert vald. Ef við ættum kost á því, yrðum við að taka þeim kostum, eins og aðrar þjóðir hafa gert, allar nema Svisslendingar, sem ekki hafa óskað eftir því. Aftur á móti hafa Svíar óskað eftir því, að þeir yrðu meðal sameinuðu þjóðanna, og ég hef fengið fregnir af því, að Svíar mundu ekki bera fram slíka ósk nema þeir teldu víst, að hún næði fram að ganga. Ég veit ekki til, að í sáttmála sameinuðu þjóðanna sé ákveðið, hvernig beri að æskja upptöku í þeirra hóp. Ég hygg nú, að gangurinn hafi verið sá, að öryggisráðið, sem

er skipað 11 meðlimum, ræði við hlutaðeigandi þjóð, áður en til þess kemur, og svo taki allsherjarsamband hinna sameinuðu þjóða ákvörðun um að fallast á eða fallast ekki á till. Og eins og ég sagði, hefur ríkisstj. Íslands í sambandi við San Fransisco ráðstefnuna í fyrra skilizt, að hún óskaði eftir, að Ísland vildi verða sameinuð þjóð. Ef Íslendingar óskuðu þess ekki, þyrftu þeir að gera nýja samninga um það og tilkynna sameinuðu þjóðunum, að þeir kærðu sig ekki um það. En ég taldi það óhugsandi. Varðandi þau ákvæði, sem þessu fylgja, þá er ekki rétt að ræða þau hér. En í 43. gr. sáttmála sameinuðu þjóðanna er gert ráð fyrir, að þær þjóðir, sem öðlast upptöku þeirra á meðal, hafi skyldur til þess að láta í té í þágu heimsöryggisins ýmsa hervernd eða aðra aðstoð. En ég held, að það sé svo ráð fyrir gert, að um það komi til sérstakur samningur í hvert sinn milli öryggisráðsins og hlutaðeigandi þjóðar.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, en vil biðja hæstv. forseta, áður en hann slítur umr., að gefa stutt fundarhlé.

Flm. (Hermann Jónasson): Ég er nú búinn að tala um þetta mál, og ætla aðeins að gera örstutta aths.

Um till. sjálfa hef ég ekki ástæðu til að segja mikið. Það hefur verið nokkuð rætt um hana áður, t. d. í útvarpinu, en eins og gengur og gerist, er þar ýmsu snúið öfugt, ekki síður en í öðrum umr., og skal ég ekki fara að rifja upp þá útúrsnúninga. Það verður áreiðanlega tækifæri til þess á öðrum grundvelli, og skal ég ekki tefja þ. með því, þar sem svo áliðið er þingtímans. Ég vil vekja athygli á því, að í till. er talað um að gefa skýrslu á opnum þingfundi, en ekki talað um að gera hitt á opnum þingfundi. Og hvað sem grg. um málið líður, þá er vitanlega stjórnin ekki bundin við annað en orðalag þáltill. En ég vil benda á, að þegar lesið hefur verið upp úr grg., hefur jafnan verið lesið aftur að þessum kafla:

„Sennilega verða og tvær umræður um till. þessa, og getur þá ríkisstj. skýrt málið fyrir nefnd þeirri, er um málið fjallar. Verður að sjálfsögðu tekið fullt tillit til allrar rökstuddrar varfærni um afgreiðslu þess."

Skýrar er ekki hægt að tala í grg. sem rökstuðning fyrir því, sem fram kemur í tillögunni, enda vitað, að um 3 aðferðir er að ræða. Í fyrsta lagi að birta öll þau skjöl, sem samþ. fæst til að birta, eins og við höfum gert hér áður. Í öðru lagi fyrir þm., sem ekkert leyfi þarf til, og svo í þriðja lagi með opinberri skýrslu. Og loks má svo nota þessar aðferðir allar þrjár saman. T. d. hefur nú verið birt eitt af símskeytunum, jafnhliða því, að ríkisstj. hefur gefið út opinbera tilkynningu um málið, sem hún hefur sent til Bandaríkjastjórnar. En ég ætla ekki að segja meira um það, þar sem ég hef aðeins leyfi til stuttrar aths. En viðvíkjandi því, hvort við eigum að gerast meðlimir hinna sameinuðu þjóða, vil ég ekki segja annað en það, að ég lít svo á, að sú beiðni, sem send var til San Fransisco, sé úr sögunni um leið og henni var neitað, þannig að ekki liggi fyrir frá Alþ. nein samþykkt um það á þessu stigi, að við gerumst meðlimir hinna sameinuðu þjóða. Og sízt af öllu vil ég, að litið sé svo á, að það liggi fyrir í þeirri grg., sem kom fram í símskeytinu, sem Bandaríkjastjórn var sent og gefur til kynna, að við álítum, að hér þurfi að vera herstöðvar. Ég vil sérstaklega vekja athygli hv. þm. einmitt á þessu atriði. Ég álít þess vegna, að til þess að við getum öðlazt sess meðal hinna sameinuðu þjóða, þurfi að liggja fyrir ný viljayfirlýsing frá þinginu, sem ekki sé til staðar, því að það, að hún sé innifalin í símskeyti því, sem Bandaríkjastjórn var sent, álít ég, að hafi ekki við rök að styðjast.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Þegar till. þessi var hér síðast til umr., hafði flm. hennar, hv. þm. Str., hér allstór orð og mörg hrópyrði í sambandi við herstöðvamálið og beindi sérstaklega að okkur sósíalistum brýningarorðum og reyndi að tortryggja afstöðu flokks okkar. Ég þarf ekki, vegna þess að nú er komið rétt að þingslitum, að eyða löngum tíma, sem ég hafði þó hugsað mér að gera, í að rekja það, sem þessi hv. þm. sagði viðvíkjandi afstöðu okkar sósíalista til þessa máls, enda hef ég gert það að nokkru í útvarpsumr. um málið. En það er annar þáttur þessa máls, sem mér þykir rétt að minnast hér nokkuð á vegna þeirra ummæla, sem fram hafa komið undanfarna daga um afgreiðslu málsins.

Þm. Alþfl. hafa mjög haldið á lofti, bæði í útvarpi og þó sérstaklega í blaði sínu, Alþýðublaðinu, að flokkur þeirra hafi tekið forustuna um lausn þessa máls. Og ekki nóg með það, heldur hefur Alþfl., og það er aðalatriði málsins, reynt að tortryggja afstöðu okkar sósíalista og reynt að láta í það skína, að við hefðum í þessu máli yfirleitt ekki aðra afstöðu en þá að feta í fótspor Alþfl. Ég vil, af því að þetta er til umr., algerlega mótmæla þessu og skal benda á nokkur atriði til sönnunar máli mínu.

Það er flestum hv. þm. kunnugt, að meðan á afgreiðslu þessa herstöðvamáls stóð, og það er reyndar ekki liðið hjá, tóku nokkrir Alþýðuflokksmenn sig saman og gáfu út blað hér í höfuðstaðnum, Útsýn. Þeir, sem að því stóðu, hafa um langan tíma verið félagar í Alþfl. og eru það enn, og skyldi maður því ætla, að þeir menn, sem að því blaði stóðu, hafi vitað, hvernig var umhorfs á Alþýðuflokksheimilinu um afstöðu til þessa máls. Í Útsýn er greinilega sagt, að Alþfl. hafi skipzt mjög klofinn um afstöðu til málsins. Og það er kveðið svo fast að orði í þessu blaði, að það er frá því sagt, að það sé vitað, að í þingmannahópi flokksins séu menn, sem séu ákafir samningsmenn við Bandaríkin um leigu á herstöðvum. Og það var líka öllum kunnugt, að þann mánaðartíma, sem það tók, frá 1. okt. og fram til 5. nóv., höfðu fulltrúar okkar sósíalista margoft lýst yfir því, að afstaða flokks okkar væri skýr í málinu, að við óskuðum eftir, að svar okkar yrði skýrt neitandi. En frá Alþfl. fékkst aldrei nein skýr afstaða allan þennan tíma. Mér er ekki kunnugt um það, að frá neinum flokki allan þennan tíma lægi fyrir skýr afstaða um afgreiðslu málsins. Mér finnst óhjákvæmilegt, þegar þetta mál er rætt hér, að rifja

upp þennan þátt þessa máls. En sagan er heldur ekki öll sögð með þessu. Þegar svarið frá 5. nóv. var gefið og Alþfl. lét þess þá getið, sem rétt er, að það hafi verið frá hans hendi og hann greitt atkv. með orðsendingunni eins og hún var, í trausti þess, að svarið bæri að skilja svo, að við værum ekki til viðtals um samninga til langs tíma, þá vita fulltrúar Alþfl., sem að afgreiðslu málsins stóðu, mæta vel, að fulltrúar okkar sósíalista höfðu margtekið það fram áður og einnig þá, að þeir vildu ekki aðeins skírskota til þess, að ekki kæmi til greina samningur á grundvelli upphaflegu nótunnar til langs tíma, heldur einnig ekki til neins tíma. (*Forseti:* Ég vil mælast til þess, að menn fari ekki hér að lokum að föndra út yfir málefnið). Þetta mál er hér til umr., og verður ekki hjá því komizt, að mínum dómi, að víkja að þeim ummælum, sem hér hafa fallið um þetta mál, og leiðrétta það nokkuð. Ég fyrir mitt leyti get ekki unað því, að við þetta mál sé skilið á þá lund, sem hér hefur verið gert, og þá sérstaklega í Alþýðublaðinu, án þess að ég láti hér fram koma skýrt, hvernig þetta hefur gengið til. Ég hef tilefni til þess, svo sannarlega.

En það, sem er svo alvarlegast í þessu máli, er það, eins og fram kom í skýrslu hæstv. forsrh., að engin trygging er fyrir því, að þetta herstöðvamál sé úr sögunni enn. Enn hefur ekki fengizt svar um, að þetta mál verði látið niður falla nema í bili, og ég tel því, að enn þá sé fyrir hendi sama þörfin og áður að fulltrúar flokkanna lýsi því einmitt yfir, hver afstaða þeirra sé til herstöðvamálsins almennt, ekki aðeins takmarkað til þess þáttar, sem afgreiddur er. Við sósíalistar höfum lýst því yfir, að við óskum eftir skýru nei viðvíkjandi allri beiðni um herstöðvar. Mér er ekki kunnugt um, að slíkt nei liggi fyrir frá Alþfl., sem þykist hafa forustuafstöðu, og heldur ekki kunnugt um, að hv. þm. Str., sem er flm. þeirrar till., er hér liggur fyrir, hafi fyrir hönd flokks síns gefið yfirlýsingu, sem er tvímælalaus um afstöðu flokks hans gagnvart málinu sjálfu. Það er svo augljóst mál, að þáltill., sem hér liggur fyrir, er nú þegar orðin hégómi einn, enda hefur auðvitað barátta Framsfl. í þessu máli ekkert verið annað en hégómi með kröfu um að birta þessi skjöl, eins og hann hefur sett þá kröfu fram. En hitt er vitanlega aðalatriði málsins, að það komi skýrt fram, hvort menn eru til viðtals um það að leigja herstöðvar í landinu eða ekki.

Ég vil að lokum benda á það, að einmitt Alþýðuflokksmennirnir, sem stóðu að þessu blaði, sem ég minntist á, Útsýn, skildu mæta vel á sínum tíma, að af hendi Alþfl. hafði ekki verið tekin afstaða til herstöðvamálsins nema viðvíkjandi þeim þætti, sem sneri að leigu til langs tíma.

Það kann vel að vera, að þessar aths. mínar verði ekki vel séðar. En eins og ég tók fram, hef ég sett þær fram eingöngu vegna þess, að ég get ekki þolað, að jafnherfilega sé farið með rangt mál og gert hefur verið af fulltrúum Alþfl. og þó sérstaklega í Alþýðublaðinu.

Stefán Jóh. Stefánsson: Ég skal fyrst og fremst leyfa mér að geta þess, að ég var að vísu ekki staddur hér á Alþ., þegar lokaður fundur var haldinn um það atriði, hvort Ísland ætti að segja möndulveldunum stríð á hendur eða ekki. En mér er, eins og öðrum þm., kunnugt um þá þingmannasamþykkt, sem gerð var á Alþ. 25. febr. síðastliðinn. Mér skilst, að þar hafi verið sagt, að Alþ. ályktaði, að það sé Íslendingum mikil nauðsyn að verða þegar þátttakandi í samstarfi hinna sameinuðu þjóða. Hér er í rauninni um ákveðna viljayfirlýsingu að ræða af hálfu alþm. allra, og þessi viljayfirlýsing hefur verið tilkynnt fulltrúum stórveldanna. Það má því gera ráð fyrir, að litið verði svo á, að þm. á Íslandi hafi samhljóða látið í ljós vilja sinn um það að gerast aðili í bandalagi hinna sameinuðu þjóða. Hitt vildi ég segja, að mér finnst, þegar að því kæmi að ganga í bandalag hinna sameinuðu þjóða, að þá þyrfti formlegra samþykki Alþ. um það atriði en felst í þeim yfirlýsingum, sem þegar liggja fyrir um þetta atriði.

En ég hef nú ekki kvatt mér hljóðs til þess að láta þetta koma fram, heldur var það ræða hv. 6. landsk., sem kom mér til að segja fáein orð, og skal ég lofa hæstv. forseta að reyna að stytta mál mitt eins og mér framast er unnt, til þess að tefja ekki umr., þótt ræða hv. 6. landsk. gæfi fullt tilefni til þess, að talað væri rækilega við hann og félaga hans um þetta mál.

Ég vil þá aðeins taka fram út af því, sem fram kom í ræðu hv. 6. þm. Reykv. varðandi blaðið Útsýn, að það blað hefur ekki verið gefið út af Alþýðuflokknum. Og þótt Alþýðuflokksmenn skrifuðu í það um ýmis málefni, voru það ekki neitt sérstaklega raddir Alþfl. um þetta atriði, sem fram komu í þessum skrifum, og eins hitt, að mér er kunnugt um það, að að blaðinu stóðu líka menn, sem standa utan við Alþýðuflokkinn. Og ef þeir kunna að dylgja í garð Alþfl. um sölumennsku og að í Alþfl. væru einhverjir þeir menn, sem vildu selja landið, þá eru það ósvífnar dylgjur af hendi Þjóðviljans.

Hv. 6. landsk. sagði, að Alþfl. hefði aldrei tekið afstöðu í þessu máli. Þetta er fjarri sanni, því að hinn 6. nóv. s. l. gaf Alþfl. skýlausa yfirlýsingu um þetta mál. Hitt er rétt, að á fundi 5. nóvember tók Alþfl. afstöðu til bréfs hæstv. forsrh., en á eftir lýstu fulltrúar úr flokknum afstöðu og vilja Alþfl. Þetta er óhrekjanlegt. Því er það ekki rétt hjá hv. 6. landsk., að Alþfl. hafi verið meira hikandi en hinir stjórnarflokkarnir. Afstaða hans hefur verið og er skýrt mörkuð varðandi þetta mál. Alþfl. kannast ekki við, að það sé viðeigandi að vera með fullyrðingar og getsakir í garð annarra flokka. Það hefur flokkur sósíalista látið sér sæma.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Ég vil segja það, að úr því að nú hefur verið gefin skýrsla um þetta mál, þá er sjálfsagt, að nú komi afstaða flokkanna í ljós.

Það er rétt hjá hæstv. forsrh., að margir fundir voru haldnir um þetta mál. Á öllum fundunum óskaði Sósíalistaflokkurinn þess, að svarið yrði afdráttarlaust nei og að það yrði tekið fram, að Íslendingar vildu ekki leigja herstöðvar og þyddi ekki að ræða slíkt á neinn hátt. Þetta var afstaða sósíalista fund eftir fund. Hinir flokk-

arnir vildu aftur á móti ekki fallast á þetta. — Þann 5. nóv. s. l. á fundi leggur svo hæstv. forsrh. fram uppkast að bréfi, svarbréfi, fyrir *flokkana og óskar þess, að flokkarnir láti í ljós afstöðu sína.* Fyrst talar þá fulltrúi Alþfl., honum var fyrst gefið orðið, og er mér nær að halda vegna þess, að hann, Alþfl., var fyrstur í stafrófsröðinni. Svar Alþfl. var það, að hann féllist á uppkastið sem svar, með þeim skilningi, að neitað væri um herstöðvar til langs tíma. Sósfl. fékk síðar orðið. Fulltrúi flokksins tók fram: Í fyrsta lagi, að með þeim skilningi, sem Alþfl. féllst á bréfuppkastið, þ. e. að í því felist skýlaus neitun við málaleituninni frá 1. okt., þá geti Sósfl. fallizt á það, og svo í öðru lagi, að við tökum það enn einu sinni fram, að við óskuðum *eftir því, að það kæmi skýrt fram í svarinu* alger neitun um herstöðvar í hvaða mynd sem væri og síðasta málsgr., um viðræður við Bandaríkin um öryggismál, falli burt. Framsfl. fékkst ekki til þess að taka afstöðu til málsins og hafnaði að gera tillögu í málinu, en lýsti sig andvígan því svari, sem stjórnarflokkarnir komu sér saman um. Það var því ekki hægt að fá samstarfsflokka okkar til þess að fallast á þá kröfu okkar, að svarið yrði blátt áfram nei, að Íslendingar væru blátt áfram ekki til viðræðu um slíka hluti. Nú er þetta að vísu þýðingarlaust, og það skiptir ekki svo miklu máli um fortíðina. Vel *má vera, að enn þá sé ekki búið að bíta úr nálinni,* enda þótt Bandaríkin hafi fallizt á að stöðva málið í bili. Því er þetta enn vandasamara, sem hv. alþm. verða að gera upp við sig. Mig stingur afstaða flokkanna í þessu máli, og vil ég, að þeir gefi skýrar yfirlýsingar í þessu máli.

Ég skal ekki og vil ekki deila við hv. 4. þm. Reykv. og Alþfl. En ég vil, að þessi hv. þm. gefi fyrir hönd síns flokks skýra yfirlýsingu um það, hvort hann og flokkur hans vilji leigja hér herstöðvar til lengri eða skemmri tíma eða ekki. Vill hv. 4. þm. Reykv. gefa slíka yfirlýsingu eða ekki?

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara út í umr. um það, sem liðið er, og skiptir það líka litlu máli. En hv. 6. landsk. sagði, að krafa Framsfl. væri hégómi, en ef það er krafa sósíalista, þá er það mikils virði. Svona er hugsanagangur þessa hv. þm.

Út af ummælum hæstv. forsrh., um að hann teldi rétt, að Íslendingar gerðust sameinuð þjóð, þá tek ég undir með hv. þm. Str., að hér þurfi nýja samþykkt til og það af hálfu Alþingis.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að Íslendingum væri það nauðsynlegt að taka þátt í samstarfi sameinuðu þjóðanna. Framsfl. vildi athuga málið nánar frá því sjónarmiði. Vilji Alþ. er ekki enn þá fyrir hendi um þetta, og þess vegna finnst mér ríkisstj. hafi farið of langt, er hún samþykkti 25. febr. s. l. að taka þátt í bandalagi sameinuðu þjóðanna. Ég er ekki að segja, að við ættum ekki að gera það, en þetta þarf athugunar við, tel ég.

Það er þetta, sem ég vil láta koma fram, að við framsóknarmenn teljum, að ný ákvörðun þurfi að koma fram til þess að skera úr, hvort við eigum að gerast sameinuð þjóð, og að hæstv. ríkisstj. kynni sér málin betur, og ég undirstrika það, að stjórnin hefur ekki leyfi til að semja um þessi mál, heldur aðeins Alþingi.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Varðandi ummæli hv. 2. þm. S.-M. og hv. þm Str. þá gætir misskilnings varðandi samþykktina frá 25. febrúar s. l. Þá var tilgangurinn að leita nýs samþykkis flokkanna. Hér þurfti ákveðna og jákvæða afstöðu, en það er ekki kjarni málsins, hvort ríkisstj. hefur gengið of langt, með þó meiri hl. þm. að baki sér, og eins og hv. 4. þm. Reykv. sagði, þá þurfum við meiri hl. þm. eða samþykkis Alþ. til þess að gerast sameinuð þjóð og Alþ. mun að sjálfsögðu taka endanlega afstöðu í þessu máli.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja umr., en ég vil taka það fram, sem ég tel, að þjóðin þurfi að átta sig á.

1) Bandaríkjunum hefur verið neitað um herstöðvar á Íslandi. Bandaríkin láta slíkar kröfur niður falla í bili, en við getum verið við því búnir, að slík tilmæli verði endurtekin, og Alþ. og ríkisstj. verða að gera sér ljóst að standa vel á verði og svara ákveðið, svo að slík leiga verði ekki gerð.

2) Hugsanleg eru tilmæli um leigu til skamms tíma. Þá ber okkur að standa saman um að neita þeim, og er vonandi, að þing og stjórn beri gæfu til þess að neita þeim, þótt tilgangurinn virðist máske ekki í svip svo skýr.

3) Hér er enn þá her í okkar landi og hefur sá her dvalið hér lengur en samningar segja til um. Ég held þess vegna, að það væri æskilegt að fara fram á það og það án tafar, að sá her fari héðan strax. Þetta má ekki draga.

Í fjórða lagi er uppistaðan í málflutningi eins þingflokks, sem vill, að sérstakir samningar verði gerðir við einstök stórveldi. Ég álít, að það þurfi að koma fram hjá Alþ., að við séum ekki viðbúnir að leigja sérstökum stórveldum landið okkar, en þetta kom fram í tillögu í miðstjórn Framsfl., þar sem mælzt var til þess, að sérstakir samningar væru gerðir við engilsaxnesku þjóðirnar um varnir Íslands, og er ekki hægt að skilja þetta öðruvísi en að slíkt þýði, að hér hafi stórveldi herstöðvar til umráða. Þetta er líka hættulegt.

Athuga þarf svo í fimmta lagi þann möguleika að ganga í samband sameinuðu þjóðanna. Ég skil ekki þeirra lög, en það yrði að ganga svo frá þeim hnútum varðandi þá samninga, ef til kæmi, að það sé ljóst, að við viljum engar erlendar herstöðvar hér á landi.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég er ánægður með það, að það kom skýrt fram hér í umr. að það var rétt, sem ég benti á, að enn þá skortir Alþfl. að taka skýlausa afstöðu. Hins vegar hefur það komið fram, að frá upphafi þessa máls, frá því að fyrstu orðsendingar komu hingað um þetta mál, hefur Sósfl. tekið sína afstöðu þannig, að enginn gat á henni villzt.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Aðeins örfá

orð út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði. Hvers vegna leggur hann ekki fram till. hér í þinginu um stefnu sína í þessu máli, sem er svo glögg, fyrst honum finnst svo ákaflega nauðsynlegt, að hæstv. Alþ. marki af sinni hendi stefnuna núna í þessu máli? Það þykir mér einkennilegt. — En út af því, sem þessi hv. þm. sagði um ályktun, sem gerð hefði verið af Framsfl. í þessu efni, þá bar það, sem hann sagði, mjög með sér, að hann er í mjög miklum vanda út af þessari samþykkt, því að málstaður þans þoldi ekki, að hann segði rétt frá efni hennar. Hann sagði ósatt um þessa samþykkt. Þessi ályktun er skýr og er yfirlýsing um það, að æskilegt þyki, að við höfum samstarf við hinar engilsaxnesku þjóðir um að tryggja öryggi landsins, án þess að erlendur her sé í landinu. Þetta er hv. þm. augljóst. Það má ræða þetta mál við hv. 2. þm. Reykv. á öðrum vettvangi, en það liggur svo skýrt fyrir, að ekki er ástæða til að ræða það frekar hér.

En út af því, sem hér hefur verið rætt um framtíðina í sambandi við þetta mál og í sambandi við yfirlýsingu hæstv. forsrh., skal ég lýsa yfir, að ég tel mjög til bóta, að hann láti sendiherrum landsins í öðrum löndum í té þau tilmæli frá hendi hæstv. ríkisstj., að þeir geri ríkisstj. aðvart, ef þeir verða þess varir, að Íslendingum sé opin leið inn í bandalag hinna sameinuðu þjóða, því að það yrði að taka um það ákvörðun hér heima, og ég tel nauðsynlegt, að í því tilfelli yrði tekin ákvörðun um það. Og ég álít, að nú á þessu þingi hefði átt að taka um það ákvörðun, hvort við ættum að sækja um þetta. Þá taldi hæstv. forsrh. rétt, að þessum tilmælum fylgdu skilaboð um það, að hann teldi, að þingvilji lægi fyrir um þetta. Ég held, að hæstv. fors.- og utanrrh., ef hann mætti heyra mál mitt, ætti ekki að láta þetta fylgja, að hann teldi þingvilja liggja fyrir um það, að Íslendingar yrðu þátttakendur í bandalagi hinna sameinuðu þjóða. Ég hef talið, að hæstv. ráðh. ætti ekki og hefði ekki heimild til að segja þetta, því að ég lít svo á, að samþykktin frá 25. febr. segi ekki nærri eins mikið um þetta atriði og hæstv. ríkisstj. virðist álíta. Ég álít því, að hæstv. utanrrh. ætti ekki að svo komnu máli að segja þetta, vegna þess að það þyrfti, áður en þetta væri hægt að réttu lagi, að fara fram formleg könnun um vilja þingsins í þessu efni til þess að hægt væri að fullyrða um þetta. Auk þess vita menn ekki um það, hvað Íslendingar mundu þurfa að taka á sig af skyldum og kvöðum að lágmarki til þess að vera þátttakendur í samstarfi hinna sameinuðu þjóða. Og ég álít, að ríkisstj. ætti að nota tímann til næsta þings til þess að athuga um þetta til hlítar, og síðan verði tekin endanleg ákvörðun, en hitt ekki rétt, að gefnar verði yfirlýsingar um þingvilja áður um þessi efni. Í þessu sambandi vil ég benda á það, að nú standa kosningar fyrir dyrum. Og það er alveg eðlilegt, að það Alþ., sem kemur saman eftir kosningarnar, geti tekið ákvörðun um þetta mikilsverða framtíðarmál, bæði hvort Íslendingar verði þátttakendur í samstarfi hinna sameinuðu þjóða og þá líka, hvað Íslendingar geta tekið á sig í því sambandi. Og ég undirstrika það, að það er vitaskuld ekki heimilt að taka á sig fyrir hönd þjóðarinnar neinar kvaðir varðandi herstöðvar eða önnur slík mál, sem heyra til samstarfi við hinar sameinuðu þjóðir, eina eða fleiri, nema um það liggi fyrir skýlaus ákvörðun Alþingis.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Það er aðeins fyrirspurn í tilefni af því, að hér kom fram hjá hv. þm. Str. sá skilningur áðan, að e. t. v. gætu Bandaríkin litið þannig á, að í skjóli þeirrar málaleitunar, sem Bandaríkjamenn hafa borið fram um herstöðvar hér á landi, gætu þeir haldið áfram að hafa her hér í landinu. Nú hafði ég skilið það svar, sem hæstv. ríkisstj. hefur gefið Bandaríkjastjórn við þeirra málaleitun, sem fram hefur komið um herstöðvar hér, þannig, að þetta svar væri þannig, að þessari málaleitun hefði algerlega verið neitað. Ef svo er, þá standa ekki yfir neinir samningar um þetta efni, sem geta gefið Bandaríkjastjórn neinn rétt til þess að hafa herstöðvar hér í landi framar því, sem hervarnarsamningurinn, sem við gerðum við Bandaríkin, hljóðar um, og talið er, að ákvæði hans um þetta efni séu nú þegar útrunnin. — Ég vildi aðeins óska svars hæstv. ríkisstj. um það, hvort það beri ekki að skoða þetta svar ríkisstj. sem algera neitun á því, að samningar standi yfir um þetta herstöðvamál.

Til viðbótar við þetta vil ég aðeins taka undir það, sem hér hefur komið fram, að ég tel, að ekki sé hægt eða rétt að taka ákvörðun um það, að Íslendingar gangi í bandalag hinna sameinuðu þjóða, fyrr en farið hefur fram um það opinber atkvgr. á Alþ. Ég undirstrika þetta vegna þess, sem fram hefur komið frá öðrum hv. þm. um þetta atriði, því að ég tel þá samþykkt, sem gerð var á lokuðum fundi um þetta efni, þess eðlis, að hún sé ekki nægilega traust undirstaða til þess að byggja á svo alvarlega ákvörðun.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. þm. Borgf. vil ég aðeins lýsa því áliti mínu, — enda þótt það að sönnu sé misskilningur hjá honum, að Bandaríkin hafi ekki rétt til að telja, að þessum samningaumleitunum sé ekki lokið, — að ég tel, að Bandaríkin geti sagt: Við höfum fallizt á að stöðva þetta, en við höfum ekki fallizt á að stöðva þessar samningaumleitanir nema í bili, og Íslendingar hafa hins vegar tjáð sig reiðubúna til að ræða vissan hluta þessa máls. — En hvað sem því líður, er það skoðun mín, að í skjóli þessa hafi Bandaríkin engan frekari eða annan rétt öðlazt en þau fengu á sínum tíma árið 1941. Svo að ég er sammála hv. þm. Borgf. um það atriði málsins.

Magnús Jónsson: Með skírskotun til umr. þeirra, er fram hafa farið um málið, og upplýsinga þeirra, sem gefnar hafa verið og fyrir liggja í því, legg ég til, að till. á þskj. 634 verði afgr. með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Með því að ríkisstj. hefur skýrt þjóðinni frá þessu máli, og með því að Alþ. getur ekki fallizt á einstök atriði tillögu þessarar, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá.“

Ég leyfi mér síðan að afhenda hæstv. forseta hina skriflegu tillögu.

Stefán Jóh. Stefánsson: Um leið og ég lýsi yfir því, að ég er samþ. dagskrártill., vil ég taka fram, út af ummælum hæstv. menntmrh. og hv. 6. landsk., að í skilaboðum þeim, er frá fundi Alþfl. komu, var enginn tvískinnungur, heldur lagði hann til, að eigi yrði gengið til umr. um málaleitanir Bandaríkjastjórnar um leigu á herstöðvum til langs eða skamms tíma, en hvorki meira né minna fólst þar í.

Flm. (Hermann Jónasson): Ég er á móti dagskrártillögunni, og liggja hvorki nægar né viðeigandi upplýsingar fyrir í málinu. Hirði ég svo ekki um að rökstyðja þá afstöðu mína nánar, en vísa til fyrri ummæla minna í þessu máli.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Ég get verið samþykkur dagskrártill. þeirri, sem fyrir liggur, af þeirri einföldu ástæðu, að samþykkt aðaltill. er vita þýðingarlaus eftir birtingu málsins. En að gefnu tilefni í ummælum hv. 4. þm. Reykv. vildi ég segja, að eigi fer milli mála að skilja, hvað fólst í orðsendingu Alþfl. út af tilkynningu frá 6. nóv. En þar fólst í sá skilningur, að neita skyldi tilmælum Bandaríkjastjórnar í tilkynningu hennar frá 1. okt., um leigu á herstöðvum á Íslandi til langs tíma. Hins vegar vildi Alþfl. þó ekki láta hreint uppi með afstöðu sína og vildi ekki fallast á þau tilmæli Sósfl., að Íslendingar neituðu í eitt skipti fyrir öll herstöðvum öllum, í hvaða mynd sem væri. En ósvarað er fyrirspurn flokksins þess efnis, hvort Alþfl. **sé reiðubúinn til að lýsa því afdráttarlaust** yfir, að flokkurinn sé eindregið á móti allri hersetu erlends herafla á Íslandi.

Stefán Jóh. Stefánsson: Ég skal aðeins geta þess, að þegar till. forsrh. var til umr., var hún samþ. bæði af Alþfl. og Sósfl., og ég varð ekki var við, að nein till. kæmi fram frá Sósfl. um að svara á aðra lund en gert var.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Hv. þm. kemur sér hjá því að svara fyrirspurn minni. Hver er afstaða Alþfl.? Hann getur ekki svarað þessu nú og gat ekki svarað því í haust. Afstaða Sósfl. hefur hins vegar verið skýrt mörkuð frá upphafi. Svar hans hefur alltaf verið afdráttarlaust nei.

Stefán Jóh. Stefánsson: Ég skýt því til þeirra manna, sem sæti áttu í n., m. a. til ráðh., sem þar áttu sæti, hvort nokkurn tíma hafi komið fram till. frá sósíalistum um að svara öðruvísi en gert var, og ég vísa því algerlega á bug, að við Alþýðuflokksmenn höfum svarað óskýrar en sósíalistar eða munum gera í framtíðinni.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Hvers vegna getur hv. þm. ekki svarað þessu nú þegar? Það er að vísu rétt, að aldrei var gengið til atkv. um till. sósíalista með handauppréttingu. En þegar fulltrúar sósíalista báru þær fram, neituðu fulltrúar allra hinna flokkanna, svo að til atkvgr. kom vitanlega ekki.

Haraldur Guðmundsson: Hæstv. menntmrh. getur fullvissað sig um það, að þeirri fyrirspurn, sem hann bar fram til Alþfl., verður svarað á sínum tíma og á réttan hátt. Hins vegar má geta þess, að Sósfl. tók upp stefnu Alþfl. í þessu máli og má nú vera, að hæstv. menntmrh. og félögum hans þyki nú eitthvað á skorta um sína framkomu áður og vilji nú um bæta.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Ég vil beina þeirri fyrirspurn til þeirra hv. þm., sem sæti áttu í þeirri n., sem skipuð var, hvort Sósfl. hafi ekki lagt til, að neitað yrði afdráttarlaust. Þetta var borið upp á þann hátt, sem venja er til, þar sem fulltrúar þingflokka eiga sæti. Atkvgr. fór ekki fram, en fulltrúar allra hinna flokkanna neituðu að fallast á till. sósíalista.

Flm. (Hermann Jónasson): Það er að gefnu tilefni, sem ég tek til máls. Ég kannast ekki við, að komið hafi nein önnur till. en sú, sem kom frá hæstv. utanrrh. Ef einhver önnur till. hefur komið fram, þá hlýtur það að hafa verið á fundi þriggja flokka án vitundar Framsfl., og vil ég, að það komi skýrt fram. Annars liggja fyrir skýr svör af hálfu Framsfl., þar sem er yfirlýsing miðstjórnarinnar.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 1. þm. Reykv. samþ. með 34:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StJSt, StgrA, ÞÞ, ÞB, ÁkJ, ÁÁ, BBen, BrB, EOl, EE, EmJ, FJ, GÞ, GJ, GÍG, GTh, HB, HG, IngJ, JJós, JS, ÁS, LJóh, LJós, MJ, ÓTh, PM, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, JPálm.

nei: SkG, SvbH, BSt, BÁ, BK, EystJ, HelgJ, HermJ, IngP, JörB, PHerm, PZ, PÞ.

StgrSt greiddi ekki atkv.

4 þm. (BG, GSv, JJ, PO) fjarstaddir.

9 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Steingrímur Aðalsteinsson: Með því að ég tel, að þýðingarlaust sé að samþ. þáltill. eftir að ríkisstj. hefur nú gefið skýrslu um málið, þá segi ég já.

Sveinbjörn Högnason: Þar sem ég get ekki skilið, hvað það er, sem óþarft er í þáltill., segi ég nei.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Með tilvísun til grg. hv. 4. landsk. segi ég já.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Með tilvísun til grg. hv. 4. landsk. segi ég já.

Hermann Jónasson: Ég tel, að það, sem fram hefur komið í þesum umr., sanni, að ekki veiti af frekari upplýsingum í þessu máli, þar sem jafnvel hefur verið upplýst allt annað í dag en í gær. Segi ég því vitanlega nei.

Ásmundur Sigurðsson: Með tilvísun til grg. hv. 4. landsk. segi ég já.

Lúðvík Jósefsson: Með tilvísun til grg. hv. 4. landsk. segi ég já.

Sigfús Sigurhjartarson: Með tilvísun til grg. hv. 4. landsk. segi ég já.

Sigurður Thoroddsen: Með tilvísun til grg. hv. 4. landsk. segi ég já.

Þingsályktunartillögur, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Húsaleiga (till. HermJ).

Á 9. fundi í Sþ., 20. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um ráðstafanir til þess að ráða bót á húsnæðisskortinum og um afnám húsaleigulaganna (A. 179).

Á 10., 11. og 24. fundi í Sþ., 28. nóv., 5. des. og 5. febr., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 25. fundi í Sþ., 7. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Þetta mál var rætt hér allmikið í gær, og sé ég ekki ástæðu til þess að halda hér um það langa ræðu.

Það er nokkurn veginn auðsætt, eins og ég minntist á í sambandi við aðra till., sem lá fyrir um þetta sama mál í gærdag, að það er ekki ætlun Alþingis að gera neitt í þessu máli eftir því, sem ég tel, að hafi komið fram við afgreiðslu till. í gær, þó að það sé alveg auðsætt mál, að þetta ástand, sem nú ríkir í húsnæðismálunum í landinu, er alveg óviðunandi til lengdar, og var bent á margt af því við umr., sem ég sé ekki ástæðu til að endurtaka. En sérstaklega er það þó eitt, sem hefur hættulegastar afleiðingar í för með sér, og það er það, að eins og nú er komið, er framleiðslukostnaður okkar orðinn iskyggilega mikill, og húsaleiga okkar er stöðugt að hækka og er nú einn stærsti útgjaldaliður hverrar fjölskyldu og hvers manns, eins og við vitum. Það er alveg auðsætt, að ef svo fer fram sem nú horfir og gert hefur síðast liðin ár, þá er frekar stutt að bíða þess, að húsaleiga fyrir 3—4 herbergi og eldhús í sæmilegu íbúðarhúsi muni næstum verða 800—1000 krónur á mánuði. Við hljótum að gera okkur það ljóst, að nú fjölgar nýjum húsum mjög ört, og að sú leiguupphæð, sem ég nefndi, 800—1000 kr. á mánuði fyrir 4 herbergi og eldhús, er frekar lág upphæð, þegar til er tekin leiga, sem er nú almenn í bænum, en þegar athugaður er byggingarkostnaður og söluverð húsa, þá er þessi leiga þó þannig, að húsin gera ekki betur en renta sig. Afleiðingin af þessu verður sú, að því meir sem þessum nýju húsum fjölgar, því fleiri sem flytjast úr gömlu húsunum og leigan er hækkuð þar, því nær dregur því, að þessi húsaleiga verður ríkjandi, a. m. k. hér í þesum bæ. Það er alveg óhætt fyrir þm., sem ekki hafa kynnt sér þetta, að trúa því, að þessi tala, 800—1000 kr. fyrir 4 herbergi og eldhús, er frekar lágt til tekin og að oft verður þar á ofan að borga stórar upphæðir til að fá að komast inn í húsin fyrir það verð. Afleiðingin af þessu verður sú, að það er ekki hægt að halda þessu fyrir utan vísitöluna, heldur verður að taka það með, þegar framfærslukostnaðurinn er reiknaður út.

Við sjáum, hvaða geysilegur munur er orðinn á kjörum manna, sem búa, sem borga nú 150—200 kr. fyrir sína íbúð og vinna kannske við sömu stofnun og fyrir sama kaup og menn, sem borga 800—1000 kr. fyrir sína íbúð og verða þannig að borga 600—800 kr. af launum sínum fram yfir það, sem aðrir, sem vinna við sömu stofnun, greiða í húsaleigu. Það er ekki neinn smáræðis munur á lífskjörum þessara tveggja aðila, sem hafa þó nákvæmlega sama kaup og sömu aðstöðu að öðru leyti.

En það, sem ég vil sérstaklega draga hér fram, er það, að um leið og þetta verður ríkjandi húsaleiga, þá verður ekki hægt að halda því áfram, sem nú er gert, að ekkert tillit sé tekið til þessarar húsaleigu í vísitölunni, því að nú telst svo til, eftir því sem sá hagfræðingur telur, sem hefur þessa útreikninga með höndum, að vísitalan sé raunverulega, ef tekið er meðaltal af húsaleigunni, fölsuð gagnvart neytendum um 25—30 stig, en það hefur hins vegar komið fram, að ef hún væri tekin eins og hún raunverulega er, þá væri það eitthvað milli 30 og 40 stig. Fyrri tölurnar gilda, ef húsaleigan væri tekin út úr vísitölunni, þannig að hún væri engin áhrif látin hafa og gengið út frá, að húsaleigan hefði hækkað á sama hátt og aðrar nauðsynjar, sem teknar eru til greina, þegar vísitalan er reiknuð út. En ef tekin er til greina hækkun sú, sem orðið hefur á húsaleigunni, sem er meiri en á flestu öðru, þá er fölsunin milli 30 og 40 stig samkvæmt hans útreikningi. Þetta getur ekki gengið svo áfram, því að vitanlega gera launþegar kröfu til, að þessi útgjaldaliður verði tekinn til greina, og er þess skammt að bíða, vegna þess að hin háa húsaleiga er smátt og smátt að verða hin ríkjandi, og yrði þess vegna að fara meir og meir eftir þessum kröfum neytenda. Sjá allir, hvaða afleiðingar það mundi hafa fyrir framleiðslu landsmanna. Það er m. ö. o. þannig, að það er ekki hægt að halda fram-

leiðslunni á floti nema með því að falsa vísitöluna á þann hátt, sem hagfræðingurinn bendir á.

Þegar talað er um að ráða bót á þessu, þá verður að viðurkenna, að það er engan veginn auðvelt verk. Það er auðsætt mál, að ef húsaleigul. eru afnumin nú án þess að gera róttækar ráðstafanir jafnhliða, þá mundi það hafa slíkar afleiðingar fyrir framleiðsluna sem komið var hér að í gær af hæstv. dómsmrh. og menn geta ráðið af því, sem ég hef sagt. Hins vegar geta menn ekki gengið fram hjá því, að þetta er vandamál, sem verður ekki komizt hjá að hugsa fyrir að ráða bót á. Till., sem var samþ. hér í gær, hefur að mínu áliti þann galla, að málið verður í rannsókn til næsta hausts, eða það verður a. m. k. svo, að sú rannsókn, sem gert er ráð fyrir, að fari fram samkv. till., verður lögð fyrir næsta reglulegt Alþingi, sem ekki eru líkur til, að haldið verði fyrr en næsta haust, og þá er raunverulega of seint að gera þær ráðstafanir, sem gera þarf til þess, að líkur séu til, að hægt verði að ráða fram úr þessum málum, af því að þá er komið haust og getur farið svo, að lítið verði úr framkvæmdum þeim, sem gera þarf til að ráða bót á málinu. Við fáum því með samþykkt þessarar till. að vita næsta haust, hvað þarf að gera, en þá eru allar líkur til, að leiðir verði lokaðar fyrir það, sem gera þarf til að ráða bót á málinu. Ég álít, að drátturinn á afgreiðslu þessarar till. sé raunverulega of langur. Ég álít gagnslaust að afgr. þessa till. hér, ef það verður ekki gert næstu daga, til þess að þingið geti tekið afstöðu til þess, hvort það vill gera þær ráðstafanir, sem þáltill. fer fram á, að gerðar verði, og sumar þessar ráðstafanir þarf að gera með því að setja nýja löggjöf eða breyta lögum.

Ég skal vera stuttorður um þessar ráðstafanir, því að þær koma greinilega fram í till. sjálfri og sérstaklega í þeirri grg., sem henni fylgir.

Fyrsta atriðið, sem gera þarf í húsnæðismálunum, er vitanlega að fá yfirlit yfir það, hvað er margt af húsnæðislausu fólki og hver er hinn raunverulegi húsnæðisskortur. Jafnmikið stórmál eins og þetta er, svo mikið sem hefur verið um það talað, þá má það þykja næsta merkilegt, að ég geri ráð fyrir, að það viti það raunverulega enginn þm., hver húsnæðisskorturinn er í raun og veru, því að um þetta liggja ekki fyrir neinar skýrslur aðrar en þær, sem a. m. k. mjög mikið er deilt um. Þetta er vitanlega fyrsta atriðið, sem þarf vitneskju um í þessu máli. Það sýnir vel, hvað unnið hefur verið ákaflega óskipulega í þessu máli, að það skuli ekki liggja fyrir framan hvern þm. skýrsla um það, sem hefði verið auðvelt að afla m. a. hér í Reykjavík frá bæjaryfirvöldunum um það, hver væri hinn raunverulegi húsnæðisskortur í landinu.

Annað atriði þarf vitanlega að liggja fyrir um þetta mál, sem auðvelt er að afla á 1—2 dögum, meira að segja af þeirri þingn., sem fjallar um málið, en það er, hvað mikið er af húsum hér í byggingu. Þegar við höfum þetta tvennt, þá sjáum við, hvað þarf að byggja mikið af húsum til þess, að ekki verði tilfinnanlegur og helzt enginn húsnæðisskortur hér í Reykjavík. Þetta er það fyrsta, sem gera þarf.

Annað atriðið er að hlutast til um, að byggingarefni það, sem til landsins flyzt, verði notað til að byggja íbúðarhús, en eigi bygginga, sem eru ekki aðkallandi, enda þótt það verði að taka upp skömmtun á byggingarefni og jafnvel vinnukrafti til að byggja þau hús, sem telja verður þörf á í þessu efni.

En jafnvel þó að þetta hvort tveggja sé gert, þá eru líkur til, að ekki verði nægilegt vinnuafl til að byggja þau íbúðarhús, sem byggja þarf. Þess vegna er gert ráð fyrir í þessari þáltill. minni, að það verði leitazt eftir því að fá útflutningsleyfi erlendis fyrir fleiri tilbúnum húsum en verið hefur til þessa, og þess er alveg sérstaklega þörf vegna þess, að mér er tjáð, að ekki sé enn þá byrjað á neinum samningum við Svíþjóð í framhaldi af þeim samningum, sem renna út innan skamms. Það hefur jafnvel heyrzt, að Svíar hafi gert það mikið af samningum við aðrar þjóðir, að þetta setji okkur nú þegar í nokkra hættu fyrir því, að okkur gangi erfiðlega að fá þaðan timbur og tilbúin hús eftir því, sem við áreiðanlega þörfnumst á þessu ári.

Eins og menn sjá á þessari þáltill., þá þolir þetta mál ekki neina bið. Ef á að rannsaka þetta mál til næsta hausts, þá er orðið allt of seint að afla þessara útflutningsleyfa og of seint að reisa þessi hús, sem þyrfti að flytja inn í vor og byggja í sumar.

Þá er gert ráð fyrir í þessari þáltill., að ekki verði teknir hærri tollar af þessum tilbúnu húsum en venjulegu byggingarefni. Það munar mjög miklu fyrir þá, sem kaupa hús og alveg ástæðulaust að hafa þennan toll svo háan, þar sem hann er fyrst og fremst lagður á til að vernda innlendan vinnukraft, því að það er margupplýst, að við höfum ekki nægan vinnukraft í landinu hvorki til að byggja þessi hús né til annars. Það er þess vegna ekki gengið á rétt neins iðnaðarmanns eða verkamanns í landinu, þó að þessum tolli sé af létt, og virðist alveg sjálfsagt, þar sem við svo marga erfiðleika er að stríða fyrir margt húsnæðislaust fólk, að íþyngja því ekki með því að taka toll af þessum húsum. Um þetta þarf löggjöf, og er fullvíst, að það munar miklu, hvort tollurinn er afnuminn eða ekki, svo að það mundi fyrir ýmsa fátæka menn algerlega vera látið ráða, hvort þeir keyptu og flyttu þessi hús inn eða ekki. Hér er enn ein hlið, sem þarf að taka afstöðu til strax, hvort Alþingi vill hér hjálpa til með breyttri löggjöf.

Enn fremur er gert ráð fyrir því í þessari þáltill. að leyfa sænskum verkfræðingum að koma hingað til þess að setja þessi hús upp, því að það er upplýst mál, að það munar ákaflega miklu á dýrleika húsanna, hvort þeir menn, sem eru verkvanir, vinna það eða viðvaningar í þessari grein, en það er áreiðanlega hv. alþm. kunnugt, að þessi hús hafa verið reist í Svíþjóð, svo að mörgum þúsundum skiptir, svo að Svíar hafa mikla æfingu í að setja þau upp, sem mundi lærast mjög fljótt, ef þeir kæmu hingað og kenndu íslenzkum mönnum.

Enn fremur er gert ráð fyrir, að séð verði

fyrir lóðum fyrir þessi hús og eignarnámsheimild verði veitt af Alþingi, ef þörf krefur, en það hefur þótt skorta að undanförnu, að nægar lóðir væru til staðar fyrir þau hús, sem menn hafa viljað reisa. — Þessar ráðstafanir mundu að mínu áliti stórlækka byggingarkostnaðinn í landinu.

Ég viðurkenni, að ég er ekki sérfróður maður í húsbyggingarmálum, og mér getur að sjálfsögðu yfirsézt mjög um val þessara húsa. En ég hef þó rannsakað þetta mál eftir því, sem ég hef bezt getað, og spurt sérfróða menn, sem ég vel treysti, um það atriði, og ég er ekki í neinum vafa um, eftir að ég hef gert þá athugun, að þessi hús, sem gert er ráð fyrir að flytja inn, það eru mjög hlý og góð hús.

Með því að taka þannig á málunum eru líkur til, að hægt sé að lækka byggingarkostnað verulega og þar með húsaleiguna, og ef þessar athuganir eru gerðar nú þegar og þessi verk undirbúin nú áður en vorar og hægt að hefjast handa um byggingar, þá er ég ekki í neinum vafa um, að það er hægt að skapa það ástand fyrir haustið, að það verði hægt að afnema húsaleigul., og það er það, sem þörf er að gera sem allra fyrst, því að það er ekki hægt að láta þvingunarl. standa nema stuttan tíma til að afstýra neyðarástandi, því að ef þau eiga að verða varanleg löggjöf fyrir lengri tíma, þá veldur það svo mikilli spillingu og misrétti, að það er alveg óviðunandi fyrir nokkurt þjóðfélag að búa undir því.

Ég ætla ekki að fara að rekja hér það misrétti, sem húsaleigulögin hafa skapað. Sú saga er allt of löng til þess, og menn þekkja hana ýmsir vel, þó að hv. þm. þekki hana ekki eins vel og æskilegt væri. En ekki er það ótítt, að menn búi í íbúð, sem kostar 150—200 kr., fjögur eða jafnvel fimm herbergi, og hafi síðan reist hvert stórhýsið eftir annað, þeir sömu menn, og selt fyrir of fjár, svo að þeir hafa orðið auðugir menn, en fólkið, sem býr hjá þeim, býr við okurleigu. Gömlu húseigendurnir í þessum bæ eru flestir millistéttarfólk, sem hefur lagt fyrir nokkrar fjárhæðir, og að því leyti er þessu öðruvísi háttað hér en víða erlendis, þar sem húseigendurnir eru menn, sem eiga fjölda húsa hver og hafa leigusölu á húsum beinlínis fyrir atvinnu. Viðast er þetta svo hér, að menn hafa byggt yfir sig eitthvað lítils háttar meira en þeir höfðu þörf fyrir sjálfir, og sú leigusala, sem þeir hafa með höndum, er þess vegna eins konar ellitrygging frekar en atvinnufyrirtæki. Þessir menn hafa talið það eins heppilegt og að leggja smáupphæðir í banka að leggja þær í að byggja ofurlítið stærra en þeir þurftu sjálfir að nota fyrir sig. Það mun verða niðurstaðan hjá þeim hv. þm., sem kynna sér þessi mál, að gamla húseigendastéttin í Reykjavík hefur ekki grætt á því að byggja og leigja út með okurkjörum, og að þessir menn eru millistéttarfólk og flest fátækt. Þess vegna hafa húsaleigulögin, — sem voru alveg nauðsynleg, þegar þau voru sett, — komið hart niður á þessu fólki. Og þessi lög eru að vísu sums staðar enn nauðsynleg, vegna þess, hvernig haldið hefur verið á húsnæðismálunum. En þau eru óþolandi lengur en það ástand helzt, að ekki er hægt að komast af án þeirra. Og það er nú orðið hægt að komast af án þeirra og afnema það ranglæti, sem þau hafa valdið, með því að gera þær ráðstafanir í höfuðatriðum, sem ég hef bent á.

Ég man vel eftir því, þegar húsaleigulögin voru afnumin eftir styrjöldina 1914—1918, vegna þess að ég var þá nákvæmlega sömu skoðunar um afnám þeirra l. og ég er gagnvart húsaleigul. nú. Og það var eitthvert fyrsta málið, sem ég beitti mér fyrir. Sú skoðun var uppi þá, að afnám þeirra l. mundi skapa hin mestu vandræði. En niðurstaðan varð þveröfug. — Nú er það svo, að það eru til auðar íbúðir, sem fólk vill ekki leigja með þeim kjörum, sem húsaleigul. ákveða, því að húseigendurnir telja alls ekki borga sig að leigja fyrir þær fjárhæðir, sem þeir geta tekið án þess að brjóta húsaleigulögin. Þannig var þetta, áður en gömlu húsaleigul. voru afnumin, og þannig er þetta nú.

Ef samþykkt þessarar þáltill. á að verða að gagni, verður að samþ. hana alveg næstu daga, af því að það þarf að gera þær ráðstafanir, sem ákvæði eru í þáltill. um, sem allra fyrst, og af því að möguleikar eru á því að hefja byggingarvinnu í vetur og vor. En ef þetta er ekki gert, er að mínu viti haldið áfram stefnu út í það öngþveiti í húsaleigumálunum, sem hlýtur áður en varir að hafa hinar margvíslegustu afleiðingar, m. a. þær, að háa húsaleigan verði ríkjandi húsaleiga og hún verði eitt af því, sem verði verst að ráða við í framfærslukostnaðinum, þegar neytendur að lokum finna, að farg hinnar háu húsaleigu er svo þungt, að þeir hefjast handa og krefjast þess, að húsaleigukostnaðurinn verði tekinn inn í vísitölureikninginn með þeirri upphæð, sem hann raunverulega er. Og þá munum við sjá, hvernig við stöndum gagnvart framleiðslukostnaðinum í landinu. Þegar húsaleigan er orðin það há almennt, þá er kannske of seint að gera þessar ráðstafanir, eða a. m. k. vont að ráða við málið.

Það var sagt hér í fyrradag, að þessi þáltill. mín væri flutt í auglýsingaskyni við bæjarstjórnarkosningarnar. Það er oft sagt ýmislegt þessu líkt hér í þessum sölum. En ég vil segja það eins og ég meina, að það getur vel verið, að mér missjáist að einhverju leyti í till. mínum um lausn málsins. En hitt fullyrði ég hér, að það séu engar leiðir líklegri til þess að ráða bót á málinu — og það er aðkallandi að ráða bót á því — heldur en þær leiðir, sem hér er á bent. Það er ákaflega æskilegt, að þessi till. gæti í meðförum í n., sem fjallar um hana, tekið einhverjum endurbótum, þannig að hægt væri að ráða skjótar og betur bót á því máli, sem er eitt af okkar stærstu vandamálum, húsnæðismálinu. Og ég skal verða fyrsti maður til að fagna því. En ég vænti þess, að því meir sem þetta mál verður athugað, því nær komist menn þeirri niðurstöðu, að þessi atriði séu það, sem gera þarf, sem tekið er fram í þáltill., og að það eigi að gera strax ráðstafanir til þess að hefja verkið í vor, sem nauðsynlegt er til úrbóta í þessum efnum, því að annars verður þetta vandamál lítt viðráðanlegt fyrir okkar þjóðfélag og atvinnulíf.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Mig langar til að minnast lítið eitt á þessa þáltill., sem hv. þm. Str. er flutningsmaður að og hefur nú rætt um.

Við erum víst allir sammála um það, að það er stórkostlegt vandamál, sem hér liggur fyrir. En hv. þm. Str. minntist einnig á það, að það hefði verið til umr. þáltill. hér í fyrradag. Og hún var afgr. á þann veg, að ég held, að það verði lítið gert í þessu máli fyrr en þær upplýsingar koma fram, sem nauðsynlegt er, að liggi fyrir um þessi mál. Það var þá margtekið fram af flm. þeirrar þáltill., hv. þm. Barð., og ég ætla ekki að fara að víkja að þeim rökum, sem þá voru borin fram.

Nú skilst mér hv. þm. Str. binda sig nokkuð ákveðið hér við einstakar upplýsingar. Og ég fyrir mitt leyti hef nú persónulega leitazt við að afla mér einnig upplýsinga í þessu máli, og tel mig hafa nokkuð sterka aðstöðu til þess. Þó að svona dæmi séu tekin til, eins og hv. þm. Str. tilnefndi, 800—1000 kr. á mánuði fyrir 4 herbergja íbúð og eldhús, þá hygg ég, að nauðsynlegt sé að fá um þessi mál heildarupplýsingar, eins og rætt var um hér í fyrradag. Og ég get því búizt við, að hv. þm. Str. muni vera mér sammála um það, að mér dugi ekki að koma með dæmi um þetta, sem koma gagnstætt á móti þeim dæmum, sem hann kom fram með. En það kom til umr. hér í fyrradag, að það þyrfti að leggja heildargrundvöll að úrlausn málsins. Það er einnig vitað, þegar maður hefur fylgzt með þessum umr. nú, að hæstv. Alþ. og einstakir hv. þm. hafa álitið þetta mál — eins og það er — höfuðvandamál, og er furða, að ekki skuli fyrir löngu hafa komið fram hér á hæstv. Alþ. till. um að gera ráðstafanir til þess að fylgjast með framkvæmd húsaleigulaganna, og ekki sízt þegar byggingar hafa aukizt svo mikið á stríðsárunum hér og raun ber vitni. — Ég hef síðast liðið ár haft tækifæri til þess að ferðast í öðru landi, og þar hefur verið venjulega viðkvæðið, að það opinbera legði ekki í neinar stórbyggingar. Og var það skiljanlegt, þar sem svo margir menn fóru til herþjónustu, þ. e. a. s. í Bandaríkjunum. En þar var farið einnig mjög hægt með íbúðarhúsabyggingar, og var það með þeim röksemdum, að það yrði að hafa allan varann á að taka ekki vinnukraftinn um of frá því, sem nauðsynlegast væri að framkvæma fyrir þjóðfélagið. — Nú vil ég bera fram þá bendingu til hæstv. Alþ., að það er kannske ekki það, sem eingöngu ríður á fyrir okkur, að hrúga upp húsum og byggja. Ég vil bæta úr húsnæðisvandræðunum. En okkar þjóðfélagi ríður þó mest á því, að jafnvægi haldist á milli atvinnuveganna, þannig að framleiðslan þurfi ekki að dragast saman vegna skorts á vinnuafli, eins og hv. þm. Borgf. benti réttilega á. Ef hér væri lögð áherzla á að leysa íbúðarhúsnæðisvandræðin, hvort sem er í Reykjavíkurbæ eða annars staðar á landinu, þá má ekki samtímis kappkosta að byggja fyrir það opinbera hverja stórbygginguna af annarri. Og í þessu sambandi þarf einnig að athuga það, að það sé ekki verið að draga of mikið fjármagn, sem til þessara stórbygginga er varið, frá framleiðslunni. Þetta fannst mér ekki koma nógu glöggt fram hjá hv. þm. Str. — En meðan við höfum ásakað hver annan fyrir að hafa ekki komið upp byggingum, hefur innflutningur byggingarefnis (á sementi og járni) til landsins tvöfaldazt frá 1939 samanborið við 1945. Og það er nauðsyn, að þess sé gætt, hvort siaukinn innflutningur á byggingarefni hljóti ekki að leiða til þess, að svo mikið vinnuafl sé tekið til byggingarvinnu, að framleiðslan líði við það. En eitt af því, sem nauðsynlegt er til þess að vel fari, er, að samræmi haldist milli atvinnugreina um notkun vinnuaflsins í landinu. Kapp er því aðeins bezt með forsjá í því efni að koma upp miklum byggingum. Og það er ekki vafi á því, að hér hefði verið byggt yfir allar þær fjölskyldur í Reykjavík og annars staðar á landinu, annaðhvort fyrir atbeina byggingarsamvinnufélaga eða annarra, ef vinnukraft hefði ekki vantað til þess. Ég hef haft aðstöðu til þess að athuga það og kynnast því, hvaða byggingar hafa hvað eftir annað stöðvazt vegna þess, að vinnukraft hefur vantað. Ef því hæstv. Alþ. ætlar að hafa einhver afskipti af þessum málum, má það ekki láta sér yfirsjást þetta alvarlega atriði og nauðsynina á því, að jafnvægið haldist milli atvinnugreina um notkun vinnuaflsins, til þess að tryggja atvinnulegt öryggi í okkar litla þjóðfélagi. — Hv. þm. Str. hefur mjög oft í ræðum sínum um þessi mál vísað til Jóns Blöndals hagfræðings um umsögn hans um vísitöluna. Mér finnst, að við getum látið það allt liggja milli hluta, þangað til við höfum fengið greinilegar skýrslur um þetta viðhorf, og ég legg því höfuðáherzlu á, að sú rannsókn, sem á að fara fram samkv. þál., sem hér var samþ. í fyrradag í sameinuðu Alþ., fari skjótlega fram. Og ég tel, að eftir þeirri rannsókn sé hægt að fá tiltölulega fljótt þessar skýrslur, því að bæjarstjórn Reykjavíkur hefur þegar hafizt handa í málinu. Mér heyrðist hv. þm. Str. telja þá skýrslusöfnun lítils verða, ef þessi þáltill., sem hér liggur fyrir, yrði ekki samþ. þegar á næstu dögum, svo að hægt væri að hefja byggingar nú þegar. Þetta finnst mér fremur sagt að óathuguðu máli. Því að framundan er nú á næstu dögum og vikum mikið starf að framleiðslunni til lands og sjávar. Og það er varhugavert að ætla sér að leggja svo mikið framtak í eina grein framkvæmda í landinu, þó nauðsynleg sé, að önnur ekki síður nauðsynleg grein framkvæmda líði við það, heldur verður hvað að bíða síns tíma, sem gera þarf, og á ég þar við opinberar byggingar fyrst og fremst.

Ég vænti þess, að hv. þm. Str. geti verið mér sammála um það, að þessi mál þurfi meiri athugunar við og að fyrir þurfi að liggja skýrslur byggðar á rannsókn á málinu, samkv. þál., sem samþ. var hér nýlega. Og í þessari þáltill., sem fyrir liggur, býst ég við, að hv. þm. Str. geti verið mér sammála um sérstaklega eitt atriði, viðkomandi þeim lið, og þeirri málsgr. till., þar sem lagt er til, að Alþ. álykti að fela ríkisstjórninni „að útvega innflutningsleyfi fyrir húsum frá Svíþjóð, nógu mörgum til að fullnægja húsnæðisþörfinni, að því leyti, sem eigi er framkvæmanlegt með innlendu vinnuafli.“ Það er sízt, að ég vilji draga úr þessu. En hér kemur fleira til

greina. Vitað er, að það hefur munað ákaflega miklu, hvað þeir, sem hafa byggt timburhús, hafa orðið að greiða meira í brunatryggingu tiltölulega en þeir, sem hafa byggt steinhús. Ég talaði við einn mann, sem hafði útvegað tilbúin sænsk hús. Og hann sagði mér fyrir nokkrum dögum, að hann hefði ekki trúað því, hvað það gæti orðið dýrt að koma þeim upp að öllu leyti. Og það getum við sagt okkur sjálfir, því að það er margt fleira, sem okkar veðrátta krefst, að lagt sé í kostnað til þess að koma upp þessum sænsku húsum heldur en það að kaupa og flytja inn og setja saman þessi tilhöggnu sænsku hús. Það þarf að hafa einangrun í þeim innan og utan, sem vegna okkar veðráttu þarf að vanda vel. Og auk þess þarf að búa hér sérstaklega að undirstöðu. Og þessi maður, sem ég minntist á, sagði mér, að miðað við sambærilegt tilboð um byggingu húss hér, þá yrði þetta sænska hús dýrara. — Mér virðist það því vera það fyrsta og síðasta, sem gera þarf í þessu máli, að rannsaka þetta mál frá öllum hliðum.

Mér sýnist allir vera hér á einu máli um það, og einnig þeir, sem nokkru ráða í þessu bæjarfélagi, að nauðsyn sé að leysa húsnæðisvandræðin. En ég legg aftur höfuðáherzlu á það, að við verðum að gæta þess að stofna ekki til þeirra byggingarframkvæmda hér, að það geti orðið til óhappa fyrir þá, sem eiga í húsunum að búa. Því að það gagnar ekki að byrja á verkinu, ef það er kannske ekki unnið með nema kannske einum þriðja af þeim vinnukrafti, sem vera bæri til þess að vel gengi, og gera húsin þannig miklu dýrari en æskilegt væri. Og við megum heldur ekki rugla allri okkar stéttaskiptingu, sem hefur staðið undir framleiðslu þjóðarinnar, með því að hlaupa til þess nú að leysa þetta eina spursmál, húsnæðisvandamálið.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég fagna þeirri viðleitni, sem fram kemur á hæstv. Alþ. um það að leysa þessi tvö vandamál, að bæta úr húsnæðisvandamálunum og hitt, að bæta úr því ranglæti, sem hinir einstöku þegnar þjóðfélagsins hafa orðið fyrir með húsaleigulögunum. Ég vil ekki láta telja mig til þess flokks hér á hæstv. Alþ., sem ekkert vill gera í þessum málum. Og ég fagna þessari viðleitni engu síður, þó að hún komi fram frá hv. þm. Str., ef hann meinar það í fullri alvöru, sem hann ber hér fram um þetta á hæstv. Alþ., og vil taka upp samstarf við hann í þessu máli, ef um annað hjá honum er að ræða en auglýsingastarfsemi. En ég tel það miklu miður farið, að hv. þm. Str. hefur ekki rekið meira eftir þessu máli en raun ber vitni um. Þessari þáltill. er útbýtt á Alþ. 20. nóv. og er fyrst til fyrri umr. hér í dag, 7. febrúar. En það var þá fyrir allshn. þáltill. um líkt efni, sem var samþ. hér í sameinuðu Alþ. í fyrradag. Og mér þykir það benda á sáralítinn áhuga hjá hv. þm. Str. að hafa ekki knúð fram a. m. k., að það mál, sem afgr. var hér í fyrradag, væri ekki látið halda áfram í n. fyrr en það væri umbætt eftir þeim till., sem fram koma í þessari þáltill., sem hér liggur fyrir í dag. Ef svo hefði verið að farið, hefði ekki þurft að þrátta um þetta mál nú, sem er um það, sem raunverulega var samþ. þál. um í fyrradag. — Af þessum ástæðum, sem ég hef greint, finnst mér ekki hafa fylgt jafnmikill hugur máli að undanförnu hjá hv. þm. Str. í þessu efni eins og ætla mætti eftir ræðum hans nú út af fyrir sig.

Ég vildi fá skýringar hjá hv. flm. þessarar þáltill., áður en ég treysti mér til að greiða atkv. um málið. — Það er fyrst fram tekið í þáltill., að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að láta rannsaka nú þegar húsnæðisskortinn í landinu og birta niðurstöður þeirrar rannsóknar. Mér skilst, að þetta hafi verið ákveðið með þeirri þál., sem samþ. var hér í fyrradag, og mér finnst þetta uppfyllt með þeirri samþykkt. Og hv. flm. þeirrar þáltill. fullyrti, að hægt væri að gera þetta á 4—5 dögum. Það ætti því ekki að líða langur tími, þar til þeirri rannsókn væri lokið. — Næst er í þáltill. lagt til að fela ríkisstj. að hlutast til um, að byggingarefni, sem til landsins flyzt, verði notað til þess að byggja íbúðarhús, en eigi til bygginga, sem eru ekki aðkallandi. — Þetta er alveg sérstakt mál og spursmál, hvort ekki þarf löggjöf um það og hvort ekki er rétt að fá slíka löggjöf samþ. á Alþ. og bíða alls ekki með það eftir þessari áminnztu rannsókn. Því að mér skilst, að það sé yfirleitt mikill skilningur á því meðal hv. þm., að það sé eitt af þeim málum, sem tvímælalaust þurfi að framkvæma, að skammta byggingarefni, þannig að það fari ekki nema til nauðsynlegra íbúðarhúsabygginga í landinu. Vill þm. Str. ef til vill leggja til, að hætt verði við byggingu Búnaðarbankans og fleiri byggingar, sem nú eru í smíðum? Það virðist misræmi í því að greiða fyrst atkv. með stórkostlegum framkvæmdum og vilja svo stöðva þær. Í till. er gert ráð fyrir lækkuðum tollum á öllu, sem til þess þarf, og þess vegna þarf til að framkvæma þetta stórkostlegar lagabreytingar. Þá er gert ráð fyrir, að ráðnir verði sænskir smiðir hingað til að reisa húsin. Ekki veit ég, hvort flm. á hér við verkfræðinga og yfirsmiði eða óbreytta trésmiði til að vinna verkið. En hér er sýnilega sama árás á íslenzka iðnaðarmenn og þm. S.-Þ. er nú að gera á sjómannastéttina.

Auk þessa á að sjá fyrir lóðum og taka þær eignarnámi, ef með þarf. Reykjavíkurbær á nú orðið mikið af lóðum, og ekki veit ég, hvort fleiri vilja verða til þess, að þær verði teknar eignarnámi af bænum.

Svo það síðasta, þegar allar þessar lagabreytingar hafa verið gerðar, þá á að athuga, hvort ekki er hægt að afnema húsaleigulögin.

Nei. Þm. Str. hefur riðið gandreið í þessu máli. Ég held, að það væri nauðsynlegt, að þeir, sem vilja eitthvað gera í þessu máli, snúi sér að kjarna málsins, og að a. m. k. verði lögð áherzla á það að fá þau herbergi í notkun, sem nú eru í smíðum, og vona ég, að þm. láti ekki á sér standa til þess.

Flm. (Hermann Jónasson): Ég vil fyrst beina orðum mínum til 3. þm. Reykv. Hann sagðist ekki geta tekið til greina, að hér væru borgaðar 800 til 1000 kr. á mánuði fyrir þrjú herbergi og eldhús. Fyrir stríð kostaði slík íbúð 200 kr. á mánuði, þá kostaði m³ í húsum nálægt 50 kr.

Nú kostar m³ 300 kr., eftir því sem reiknað hefur verið. Með sömu leigu, ef miðað er við þennan mismun, ættu 3 herbergi og eldhús að kosta nú 1200 kr. Þetta er því mjög einfalt dæmi. Þetta veit 3. þm. Reykv., enda þótt hann leigi ekki út húsnæði, þá selur hann byggingarefni og er þar af leiðandi vel kunnugt um þessi mál. Það hefur verið minnzt á Búnaðarbankann og þá byggingu, sem hann er að reisa. Ég get fullvissað þm. um, að sú bygging er alveg nauðsynleg, ef bankinn á að halda áfram störfum. Það er bráðum útrunninn leigusamningurinn, sem bankinn hefur á því húsnæði, sem hann nú er í, og ekki hugsanlegt, að sá samningur fáist endurnýjaður. Konan, sem á húsið, þarf á því að halda fyrir sinn eigin rekstur. Bygging þessa húss er því óumflýjanleg.

Ég skal ekki ræða nánar um sænsku húsin á þessu stigi málsins, en ég vil taka það fram, að það er ekki árás á íslenzka iðnaðarmenn, þó að ég telji heppilegt að fá sænska menn, sem hafa unnið við þessa iðn 10 ár eða meira, til að sjá um uppsetningu húsanna. Mér finnst það heldur eiga að vera iðnaðarmönnum hér gleðiefni að fá leiðbeiningar í þessari iðn. Svo það er því skotið fram hjá markinu hjá andstæðingum þessa máls að ætla að hengja hatt sinn á slíkt. — Hv. þm. Barð. var að tala um, að húsin yrðu bæði dýr og léleg. Það er vissa fyrir því, að húsin verða miklum mun ódýrari en hús, sem byggð eru hér, þótt úr sams konar efni væri. Því að bæði er, að þau eru mikið unnin í vélum og svo hitt, að vinna er margfalt ódýrari í Svíþjóð en hér.

Um gæði húsanna vísa ég til þess, að Englendingar, sem vitað er að gera mjög miklar kröfur til húsa, eru nú að fá sams konar hús, og ég hef ekki trú á því, að þeir legðu áherzlu á að fá húsin, ef þeir teldu þau ónothæf. Ég er í efa um það, hvort komandi kynslóðir verða okkur nokkuð þakklátar fyrir að byggja svo mikið úr varanlegu efni eins og nú er gert. Þessir öru þróunartímar, sem við lifum á, færa stöðugt eitthvað nýtt, bæði í húsagerð og öðru, en það er erfitt að brjóta niður okkar rammgerðu steinhús. Það þarf að fá nákvæmar skýrslur um húsnæðisvandræðin, og við erum allir sammála um, að það sé nauðsyn að gera áætlanir um framkvæmdir til úrbóta, en það hafa engar áætlanir um framkvæmdir verið gerðar á Íslandi. Það, sem nýbyggingarráð átti fyrst af öllu að gera, var að gera áætlun um, hvað þyrfti fyrst og fremst að framkvæma, og jafnhliða að athuga, hvað væri til af fé til framkvæmdanna, en þetta hefur ekki verið gert, heldur safnað tillögum úr ýmsum áttum, án þess að vita nokkuð, hvað væri mögulegt að gera. Í sambandi við húsnæðisvandræðin hefur ekkert verið gert, en eins og allir vita, er það þó eitt frumstæðasta skilyrðið til að lifa að hafa hús til að búa í. Ég ætla ekki að ræða nánar um vinnuaflið, vegna tímaskorts.

Hv. þm. Barð. var með alls konar getsakir, sem eru hans sérgrein, er ég vildi ráðleggja honum að leggja niður, hvort sem hann hlýðir því ráði eða ekki. Að rísa upp eins og þessi hv. þm. og segja, að till. sé gerð í illum hug, það eru strákavinnubrögð, sem ekki eiga við hér í þingsölunum.

Ég sé ekki, að sú till., sem fram hefur komið hér áður um húsnæðismálin, sé nein lausn, þar sem flm. lætur sér lynda, að málum sé slegið á frest til næsta þings, sem hann veit, að kemur ekki saman fyrr en 1. okt. og þá alveg óvíst um afdrif málsins.

Það atriði, að ég hafi ekki rekið á eftir till. minni fyrir jól, er aðeins fyrirsláttur hjá andstæðingunum, því að eins og þeim er kunnugt, lágu þá mörg mál fyrir, sem ekki var hægt að komast hjá að afgreiða. Auk þess sem þessum sömu mönnum er kunnugt, þá er nú erfiðara fyrir stjórnarandstæðinga en stjórnarsinna að hraða málum sínum á þessu þingi. En ef málinu er nú hraðað, ætti þessi till. að geta komið að notum.

Hv. þm. Barð. telur ekki mikla hugkvæmni í þessari till., og auk þess þurfi til þess að hún nái fram að ganga fjölda lagabreytinga. Um fyrra atriðið skal ég ekki frekar deila við hv. þm. Barð. Ég held líka, að hann misskilji till. Síðara atriðið er rétt, — það þarf nokkrar lagabreytingar, en þær eru mjög fljótgerðar, þegar vilji þingsins er fyrir hendi til að gera eitthvað raunhæft í þessum málum.

Ætlun mín með þessari þáltill. er meðal annars sú, sem ég hef fram tekið, að fá sönnun á því, hvort það er vilji þingsins að gera eitthvað í þessu máli.

Það var eitt atriði, sem ég hef heyrt sagt og gefur mér ástæðu til að ætla, að ekki sé ætlunin að gera neitt í þessu máli. Þetta atriði er, að á fundi hjá húseigendum fyrir skömmu á þm. Barð. að hafa sagt: „Húsaleigulögin eru lífsnauðsyn til að núverandi stjórnarsamvinna haldist.“ Og þess vegna á að fresta öllum aðgerðum. Það kann að vera, að þessi orð eða ummæli hv. þm. Barð. séu eitthvað úr lagi færð, en meiningin er þó sú sama og hann hefur óbeinlínis lýst hér með framkomu sinni í þessu máli.

Það er nauðsynlegt að afgr. þessa till. næstu daga, til þess að hægt sé að gera ráðstafanir, sem gera þarf til undirbúnings því, að hægt sé að vinna þessi störf í sumar, en þessu fullnægir ekki sú till., sem samþ. var í gær.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég sé, að tíminn er það liðinn, að það má ekki setja á langar ræður, enda hafði ég engar fyrirætlanir í því efni. Ég skal taka það fram, að ég ætla ekkert að efa, að hv. þm. Str. flytji þessa till. í góðum tilgangi og þeirri trú, að hún muni leiða til þess að leysa þessi húsaleiguvandræði. En ég vil samt benda honum og þingheimi á það, að samkv. þessari till. á þskj. 179 virðist mér þetta mál vera gert að eilífðarmáli, og kemur það mjög í bága við það, sem hv. flm. tekur fram, að málið fái skjótan endi. Hér eru tekin fram sjö atriði, sem koma þarf í kring, áður en það er tekið til athugunar, hvort ekki sé fært að afnema húsaleigul. Í fyrsta lagi: „að láta rannsaka nú þegar húsnæðisskortinn í landinu og birta niðurstöður þeirrar rannsóknar.“ Hér er farið út í það að taka landið allt til rannsóknar, en við vitum, að þessi húsnæðisvandræði og sú mikla óánægja, sem stafar af húsaleigul., er aðallega hér í Reykjavík. Nú mundi það taka

langan tíma, ef þetta ætti að verða gert eins og er tilgangur hv. flm. Í öðru lagi á að „hlutast til um, að byggingarefni það, er til landsins flyzt, verði notað til að byggja íbúðarhús, en eigi til bygginga, sem eru ekki aðkallandi." Þetta getur tafið meira fyrir, og Alþ. er þegar búið að gera ráðstafanir til að nota byggingarefnið eins og ég hef tekið fram, Alþ. er búið að samþ. að byggja hús, sem að engu leyti er til íbúðar fyrir fólk og á að kosta 10 millj. Þessari þingsamþykkt verður að breyta til þess að þetta atriði till. geti orðið framkvæmt. Það er í hæsta lagi hægt að gera ráð fyrir því að flytja inn eitthvað meira af byggingarefni en til þessara bygginga, sem eiga að kosta 20 millj. kr., og þetta þing, sem nú situr, er búið að samþ. að byggðar skuli. Í þriðja lagi á „að útvega innflutningsleyfi fyrir húsum frá Svíþjóð nógu snemma til að fullnægja húsnæðisþörfinni, að því leyti sem eigi er framkvæmanlegt með innlendu vinnuafli." Þetta gæti verið að væri hægt að leysa á ekki mjög löngum tíma, en sjálfsagt tekur þetta einhvern tíma. Það hefur ekki gengið vel að fá innflutning á ýmsum hlutum, það hefur orðið að bíða eftir því í marga mánuði og ár. Í fjórða lagi „að leyfa innflutning á húsum þessum með tollum, sem eigi séu hærri en nú eru á byggingarefni." Það er alveg rétt, sem hv. flm. tekur fram, að ef nægur vilji er fyrir hendi, er hægt að gera þessar ráðstafanir á stuttum tíma. Í fimmta lagi á „að leyfa, að sænskir sérfræðingar komi hingað til landsins til að setja húsin upp." Þetta gæti kannske tafizt eitthvað, — ég skal ekki spá neinu um það. (*HermJ:* Þetta hefur verið boðið fram). Það mætti þá ekki standa hér heil hersing af stéttasamtökum til þess að verja þeim landgöngu, en stéttasamtökin hér á landi hafa nú gert sig dálítið gild undanfarið. Í sjötta lagi „að sjá um, að kostur sé á hagkvæmum veðlánum út á hús þessi." Við vitum nú, að lánsstofnanir hafa ekki verið ákaflega fljótar til að lána út á vafasama hluti, en vera má, að einhver breyting sé að verða á þessu, en af fyrri raun mætti ætla, að það tæki tíma að koma þessu í kring. Í sjöunda lagi „að sjá um, að kostur sé á viðunandi lóðum undir húsin og taka land eignarnámi í þeim tilgangi, ef þörf krefur." Það er svo strjálbýlt þetta land, að ólíklegt er, að það þurfi að vera erfiðleikum bundið að fá lóðir, en auðvitað fer það eftir því, hvað menn gera sig ánægða með. En að taka eignarnámi kostar a. m. k. löggjöf, og það er hlutur, sem mundi líka tefja nokkuð fyrir. Þessi sjö atriði verða öll að komast í framkvæmd samkv. till., áður en farið er að taka til athugunar, hvort ekki sé fært, þegar framangreindar ráðstafanir hafa verið framkvæmdar, að leggja fyrir Alþ. frv. til l. um afnám húsaleigulaganna. Ég er ekkert að efast um það, að hv. flm. ætli að koma einhverjum umbótum til leiðar, en hann álítur, að það geti orðið með meiri hraða en till. sjálf sannfærir mig um. En eitt er alveg víst og það er það, að þessi síðasti fundur hér í sameinuðu þingi var samþykkur till. um sama efni og þetta. Sú till. var borin fram af hv. þm. Barð., en allshn. lagði til, að þeirri till. yrði breytt á þá leið, sem ég skal, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp: „Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta tafarlaust fara fram rannsókn á áhrifum húsaleigulaganna og endurskoðun á þeim og leggja niðurstöðurnar fyrir næsta reglulegt Alþingi." Ég lít svo á, að með samþykkt þessarar till. hafi Alþ. skorið úr um það, hvaða meðferð það vill, að þetta mál fái. Tel ég því hagkvæmt, að þessar till. fylgist að, því að það er ekki hægt að framkvæma þær, eftir því, sem mér sýnist, hvora út af fyrir sig, því að þær hljóða um sama efni. Ég tel sjálfsagt, að þær fylgist að, hvort sem mönnum sýnist þessi meðferð hafa verið rétt, að fela ríkisstj. þetta. Það var gert í þeim tilgangi, að það gengi fljótar fyrir sig, þar sem sagt er, að tafarlaust skuli fara fram þessi rannsókn. Hvort sem menn því eru einhuga um þetta eða ekki, er þessi vilji Alþ. kominn fram og orðinn að þál., og þess vegna þýðir ekki að fara að reyna að róta við því. En till. eru um sama efni og hljóta þess vegna að fylgjast að. Þess vegna legg ég til, að þessari till. á þskj. 179 verði einnig vísað til ríkisstj.

Gísli Jónsson: Mér þótti miklu betra að fá þær upplýsingar, sem komu fram í ræðu hv. flm. í þessu máli, ef ég má taka það svo, að það sé raunverulegt, að þegar menn greiða atkv. um þetta mál, þá séu þeir með því að lýsa vilja sínum við þau einstöku atriði í till., t. d. um það, hvort skammta ætti byggingarefni eins og ákveðið er í till., og önnur atriði, svo sem að leyfa inn sérfræðingum, hvort ætti að lækka tolla o. s. frv. En hér er um mörg mismunandi og veigamikil atriði að ræða. Þá mun ég ekki sjá mér fært að fylgja þessari till., ef þetta á að takast sem viljayfirlýsing um það, að maður fylgi einnig þeim málum, þegar þau koma fram í lagaformi, eins og hv. flm. skýrði frá. Það er því að athuga það mál, hvort samþykkt þessarar till. eigi að takast sem samþykkt á þeim atriðum, þó að viðkomandi aðilar hafi ekki viljað fylgja þeim, og ég hygg, að það hafi ekki vakað fyrir hv. flm. að binda þetta aftur saman, þó að hann léti svo orð falla.

Ég vil mótmæla þeirri ásökun, sem hann setti fram á íslenzka iðnaðarmenn, og ef hv. þm. vill kynna sér verðlagið á bátunum, sem smíðaðir voru í Svíþjóð, fyrir milligöngu Vilhjálms Þórs á sínum tíma, og rómað var af Framsókn, þá mun hann komast að þeirri niðurstöðu, að sænskir verkamenn hafa lítið minni laun en íslenzkir og minni afköst, því að það tekur helmingi lengri tíma að fá þessa báta smíðaða en lofað var og lengri tíma en það hefði tekið hjá okkur. Það er því ekki þess að vænta, að þessir smiðir komi húsunum upp ódýrar eða á skemmri tíma heldur en Íslendingar.

Ég vil svo að síðustu aðeins leyfa mér að segja það, að ég tek ekki á móti ráðleggingum hv. þm. Str. En ég vil beina því til hans, hvort hann vilji ekki athuga, hvort ekki er tími til kominn fyrir hann, eftir að hafa setið samfleytt í 8 ár sem forsrh., að hætta að bera slúður af opnum fundum og lokuðum fundum, hætta að fara með rangfærslur. En þetta hefur þessi hv. þm. lagt mjög í vana sinn í seinni tíð. Ég vil upplýsa hann um það, að ummælin, sem hann hafði í

frammi áður um ummæli mín á fundi fasteignaeigendafélagsins í Reykjavík, eru röng. Þau voru sögð af flokksbróður þessa hv. þm., og ég hygg, að það sé það, sem hann vonar, að þessi ályktun verði stj. að falli, enda kom það berlega fram hjá þeim mönnum, sem hv. þm. Str. sendi til þess að halda uppi málsvörn á þeim fundi. Ég held, að honum væri meiri sómi að því að kunna almenna þingsiði heldur en að sýna hér siðleysi og fara með rangfærslur og leggja út af máli, sem hann skilur ekki eða vísvitandi fer rangt með.

Flm. (Hermann Jónasson): Ég bjóst ekki við því, að hv. þm. mundi taka þessum leiðbeiningum, og vissi ég það, að íslenzka máltækið, sem allir þekkja, það hefur rétt fyrir sér, eins og fleiri gömul íslenzk máltæki. En viðkomandi þessu, sem hann sagði um slúðursögur, geta menn séð sannleiksást hv. þm. Hann segir, að ég vilji afnema húsaleigul. nú þegar til þess að koma stj. í vanda, alveg þvert ofan í það, sem ég tók hér fram í viðurvist allra, sem hér eru viðstaddir, og þegar hv. þm. segir ósatt um þetta atriði í margra votta viðurvist, hverju getur maður þá ekki búizt við af hv. þm., þar sem hann kemur sér við og ekki eru vitni viðstödd. Annars, hvort sem hann hefur sagt þetta um þá eða ekki, þá er það alveg vitað mál, að þetta er satt, því að hann staðfestir það hér með því að segja, að ég mundi vilja afnema húsaleigul. til þess að koma stj. í vanda; hann endurtekur þau ummæli, sem hann sagðist ekki hafa sagt á fundinum. Ég vænti þess, að hv. þm. skilji þetta og muni, hvað hann var að ljúka við að segja. Slúður okkar ætlaði ég ekki að fara að minnast á. Við segjum margt, sem er ekki eins og það ætti að vera, en aldrei hef ég enn verið dæmdur né nokkur annar þm. eins og þessi hv. þm., sem var dæmdur í hálft þriðja þúsund króna sekt fyrir slúðursögu, sem hann hafði um mig. Ég hafði ekki svo mikið við að birta þetta, vegna þess að það var fullkomlega ljóst þeim fyrir vestan, vegna þess að þeir telja það enga nýlundu, þó að þeir fái það staðfest með dómi. Það vita allir, að hv. þm. er ekki sérstaklega áreiðanlegur, og því miður auðsjáanlega ekki hægt að kenna honum það héðan af. Um lokaða fundi og ólokaða á hann auðvitað við ummæli, sem ég hafði eftir honum af lokuðum þingfundi hér, þar sem borið var upp, hvort ætti að skýra þjóðinni frá efni fundarins. Síðan var birt efni hins lokaða fundar daginn eftir, og þess vegna er þetta orðið opinbert mál. En hvort þar hefur verið sagt rétt eða rangt frá, þá vitna ég til samþm. minna. Og það mætti kannske dálítið ráða af því, hvor okkar fer betur með heimildir, þegar hv. þm. leyfir sér hér að koma fram og ásaka mig fyrir það, að ég hafi ekki farið rétt með í viðurvist þeirra manna, sem hann talaði um og umræðurnar heyrðu. En þetta sýnir meðal annars samvizkusemi af vissri tegund, sem fáir þm. munu óska sér til handa, eða þá vöntun á einhverju öðru í dómgreind þessa hv. þm, sem ég ætla ekki að gera skóna hvað er. Eins og þetta með bátana. Að hugsa sér að koma með svona rök. Það hafi dregizt bátasmíðin í Svíþjóð, og af því geti menn séð, að ekki sé rétt að fela sænskum mönnum að setja upp húsin. Veit hv. þm. ekki, af hverju drátturinn stafar? Veit ekki allur heimur um verkfallið í stáliðnaðinum í Svíþjóð? Ég þarf ekki að fara út í að ræða samningana um bátana. Það var dómsmrh., sem kom með þau tilboð frá Svíþjóð, og sendiherrann í Stokkhólmi fór eftir tilvísun dómsmrh. um það, hvar bezt væri að fá þessi skip.

Ég skal ekki lengja þessar umr. Ég skal aðeins að lokum segja þetta viðkomandi því, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði: Hann segir, að það eigi að rannsaka ýmislegt, og taldi það upp. Ég hef áður gert grein fyrir því, að það er fljótgert að framkvæma allt það, sem talið er upp í þáltill. Það er viku verk að vita, hver húsnæðisskorturinn er. Það er ekki annað en ganga á bæjarskrifstofurnar og sjá, hvaða hús er verið að byggja. Það er reikningsdæmi eftir eina viku að sjá, hver húsnæðisskorturinn er. Ég vil ekki vera að þreyta hæstv. Alþ. með upptalningum, en á því er enginn vafi að allt þetta er hægt að framkvæma á stuttum tíma og áður en byggingar hefjast í vor. Og að lokum þetta: Það kann að þykja ósanngjarnt gagnvart húseigendum að gera þetta áður en húsaleigul. eru afnumin, en þeir munu fá að þreifa á því, að l. verða ekki afnumin fyrr en búið er að bæta úr húsnæðisskortinum, og þess vegna á að gera þessar ráðstafanir, sem auðvelt er að gera í sumar, og með því eina móti, að þetta sé framkvæmt í sumar, verður hægt að afnema húsaleigul., þegar við komum saman á þing í haust. En að leggja fyrir rannsókn í haust um það, hvað þurfi að gera til þess að bæta út húsnæðisskortinum, það þýðir það, að framkvæmdir eru útilokaðar, og þannig verður auðvitað farið með málið. Þetta er sá stóri munur á þessum tveim aðferðum.

Ég ætla svo ekki að orðlengja um þetta frekar, en aðeins segja það að lokum við hv. þm. Barð., að ég vil enn gefa honum eitt ráð. Það er ekki leiðin að reiðast við þm. eða aðra, þótt haft sé rétt eftir þeim það, sem þeir segja, hvort sem það er á fundi í fasteignaeigendafélaginu, lokuðum eða ólokuðum fundum í Alþ. Bezta ráðið er að hugsa meira og tala ekki af sér.

Gísli Jónsson: Mér þykir rétt, þar sem hv. þm. Str. taldi það samboðið stöðu sinni að tala um dóm, að upplýsa það, af hverju sá dómur fór eins og hann fór. Hann fór svo af því, að þm. Barð. þótti ekki sómi að því, sem hv. þm. Str. þótti sómi að, að láta sækja fjölda manna, fjölda kjósenda úr sýslunni til þess að setja á sakarannsókn mánuð eftir mánuð. Dómurinn fór svo meðal annars vegna þess, að þm. Barð. gerði aldrei tilraun til að verja sig, og meðal annars vegna þess, að eitt áhrifamikið skjal kom ekki fram, og málafærslumaður minn lýsti yfir því, að ef það hefði verið birt, þá hefði dómurinn snúizt við, en ég taldi það fyrir neðan mína virðingu. En ég vil upplýsa það, að ummælin, sem ég var dæmdur fyrir, voru aldrei dæmd dauð og ómerk, ummæli, sem sögð voru um hv. þm. Str. En hvers vegna lét ekki hv. þm. Str. það fylgja með? Og ég get upplýst það, að hv. þm. Str. varð sér svo mikið til skammar á þrem

fundum í Barðastrandarsýslu, að hann var svo að segja hrópaður út. Þetta hefði líka átt að fylgja með sögunni. Ég vil nota tækifærið hér til að lýsa yfir því, að ummælin, sem hv. þm. Str. hafði eftir mér á þessum fundi, sem mest er talað um hér, eru algerlega röng. Ég vil hins vegar ekki deila við mann, sem kann svo lítið í siðfræði, að hann leyfir sér að brjóta helgustu skyldu þingmanna. Hann hefur reynt að fá mig til þess að segja frá málinu, svo að hann gæti varið sig og sagt: einnig þm. Barð. hefur brotið. —Hitt vita allir þm., að það er ekki rétt farið með þessi mál, sumpart eru þau slitin úr samhengi, og kemur þá allt annað fram en ég hef sagt. En þessi hv. þm. leyfir sér samt að hampa þessum málum í nýársboðskap sínum, þó að hann brjóti með því helgustu skyldu sína sem þm.

Flm. (Hermann Jónasson): Ég tek það fram, að náttúrlega er hv. þm. vorkunn, að ummælin voru ekki dæmd dauð og ómerk, því að það var farið með það mál ekki eftir meiðyrðalöggjöfinni, heldur voru þau svo gróf, að það var farið með þetta mál samkv. hegningarlöggjöfinni. Þess vegna er ekki von, að hann fari þar rétt með, það er bara vanþekking. Hitt getur sýnt hv. þingmönnum skemmtilegt dæmi, að hann lætur sér detta í hug, þegar búið er að leiða 5—6 vitni í málinu, að hann geti látið vitna á móti, til þess að segja hinn ljúga, vitnisburðum, sem einhverjir þekktustu menn á Vestfjörðum hafa borið. Hann heldur, að hann geti bara vitnað þar á móti. Vill hv. þm. hafa sig til þess að lýsa því yfir, að þessi vitni, 5—6 menn, hafi framið stærsta glæp, sem yfirleitt er hægt að fremja, meinsæri? Hv. þm. ætti ekki að tala meira um þá hluti, enginn þm. ætti að láta svona lagað út úr sér, að 5—6 menn hafi svarið rangan eið. Það er áreiðanlegt, að hv. þm. veit oft ekki, hvað hann er að segja. Hann segir, að ég hafi verið hrópaður niður á þrem fundum, sem aldrei kom fyrir. Það var aldrei minnzt á þetta mál nema á einum fundi, í Tálknafirðinum, þar sem ég var spurður eftir málinu, vegna þess að þar gerðist það. Svo kemur þessi hv. þm. og segir, að Hermann hafi verið hrópaður út af því hann hafi talað um það á þessum stöðum. Hv. þm. væri ekki vanþörf á því að fara í skóla til að læra að vera ekki alltaf að tala af sér.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Sþ., 11. febr., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. frá 7. þm. Reykv. um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 20:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigfS, SG, SEH, SK, STh, StJSt, StgrA, ÞB, BBen, BrB, EOl, EE, EmJ, FJ, GJ, HG, JJós, KA, LJóh, JPálm.

nei: PO, SÞ, SkG, SvbH, BSt, BÁ, BK, EystJ, HelgJ, HermJ, IngP, JS, JörB, PHerm, PZ, PÞ.

ÞÞ, BG, IngJ greiddu ekki atkv.

13 þm. (SB, ÁkJ, ÁÁ, GÞ, GSv, GÍG, GTh, HB, JJ, LJós, MJ, ÓTh, PM) fjarstaddir.

2. Sænsk timburhús.

Á deildafundum 27. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsókn á því, hvort hagkvæmt sé að flytja sænsk timburhús til landsins (A. 221).

Á 11. fundi í Sþ., 5. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 25. fundi í Sþ., 7. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Sþ., 11. febr., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég get látið mér nægja að vísa um þessa till. bæði til meginmáls till. og grg. hennar um þá rannsókn, sem þar er gert ráð fyrir, og ástæðurnar fyrir nauðsyn þess, að fyrir liggi áreiðanlegar skýrslur um það, hvort hagkvæmt sé að kaupa þessi sænsku timburhús eða ekki. Ég hef hugboð um það, að hæstv. ríkisstj. sé að gera ráðstafanir til þess, að slík rannsókn fari fram. Og síðan þáltill. þessi var fram borin, hafa nokkur sænsk hús verið flutt hingað, og er von á enn þá fleirum. Það má því segja, að hægara sé nú en í upphafi virtist að koma þessari rannsókn fram. Ég tel því mikilsvert, að slík rannsókn og skýrslugerð, sem hér er farið fram á, verði framkvæmd, og legg áherzlu á það, að meginefni þáltill. verði samþ. Mér virðist eðlilegt, að þáltill. verði samþ. Hún er einföld, og ég tel ekki ástæðu til að vísa henni til n., nema því aðeins að víst sé, að sú n., sem fengi hana til meðferðar, afgreiddi hana fljótt. Ég get líka fallizt á að vísa þáltill. til hæstv. ríkisstj., ef slíkt þætti eðlilegra. En ég álít þó eðlilegra, að till. yrði samþ. nú þegar.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Mér skildist á hv. flm., að hann jafnvel fremur óskaði þess, að þessu máli væri vísað til ríkisstj., en mér skilst, að það hafi ekki verið hans eindregin tilmæli. En ég vil veita honum hjálp með það. Mér skilst, að ríkisstj. hafi þessi mál til meðferðar, og þykir mér það sjálfsagt og eðlilegt, því að ríkisstj. hefur aðstöðu til að fá langbezt yfirlit um slíkt mál sem þetta og bezta aðstöðu til að gera allt, sem bezt hentar og sem skjótast í þessu efni. — Ég geri það að till. minni, að máli þessu verði vísað til ríkisstj.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Að ég hafði orð á því, að ég gæti sætt mig við, að þáltill. þessari væri vísað til ríkisstj., byggðist á sömu forsendum og hv. 1. þm. Árn. tók fram. Svo að þótt hann vilji aðstoða mig, þá er það meira af stuðningi við aðaltill., að hann gerir þá till., sem hann lýsti. Ég treysti hæstv. félmrh. til þess að láta þessa rannsókn fara fram, því að ég veit, að hann hefur fullan áhuga á því, svo framarlega að till verði ekki felld. En á hvern annan veg sem þáltill. verður afgr., veit ég, að

hæstv. félmrh. lætur rannsókn um þetta efni fara fram, eins og henn hefur áhuga á að gera. Þess vegna sagðist ég geta fallizt á þá afgreiðslu, að málinu yrði vísað til ríkisstj., þar sem nú eru tveir eða þrír mánuðir síðan málið var lagt fram á Alþingi.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Mér skilst, að þykkjur okkar hv. 6. þm. Reykv. og mín um þessa till. fari alveg saman. Þó að hann af kurteisi og hæversku gerði það ekki að till. sinni strax, að þessu máli yrði vísað til ríkisstj., þá erum við sammála. Og mér skilst, að með þessari afgreiðslu sé bezt tryggt, að verkið, sem till. er um, verði framkvæmt á sem farsælastan hátt. Vænti ég því, að hæstv. Alþ. fallist á þessa málsmeðferð.

ATKVGR.
Till. frá 1. þm. Árn. um að vísa till. til ríkisstj. samþ. með 29:2 atkv.

3. Flutningur hengibrúar.

Á deildafundum 3. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um flutning hengibrúar (A. 267).

Á 24. og 25. fundi í Sþ., 5. og 7. febr., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 26. fundi í Sþ., 11. febr., var till. enn tekin til fyrri umr. (A. 267, 306).

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að tala mjög langt mál til skýringar þessari till., vegna þess að það eru tekin fram í grg. aðalatriði málsins. En ástæðan til þess, að ég og hv. þm. Borgf. höfum flutt þessa þáltill., er sú, að nú fyrir nokkru hefur verið ákveðið brúarstæði á Hvítá í Borgarfirði hjá Bjarnastöðum, og er öllum kunnugt, að það er hin mesta nauðsyn að koma brú þar á ána. Í sambandi við það, að nú er gamla brúin á Ölfusá laus úr notkun eftir byggingu hinnar nýju brúar, hefur okkur komið til hugar að óska eftir rannsókn á því, hvort Ölfusárbrúin gæti ekki hentað á Hvítá á þessu fyrirhugaða brúarstæði. Mun láta nærri, hvað lengd brúarinnar snertir, að hún falli þar vel við. Ef sérfræðingar kæmust að þeirri niðurstöðu, að örugglega mætti búa um brúna á þessum stað, sýnist sjálfsagt, að reynt væri að nota hana þar. Það er ekkert annað en þetta, sem farið er fram á af okkur tillögumönnum.

Ég sé, að komið hefur fram brtt. við þessa till. um það að koma brúnni niður annars staðar, og mun ég bíða átekta um það, þangað til ég heyri þá brtt. reifaða af flm. Vildi ég svo óska þess, að hæstv. Alþ. fallist á þessa till. okkar hv. þm. Borgf.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Árn., 1. flm. að brtt. á þskj. 306, er ekki viðstaddur, en þar sem ég flyt till. með honum, þykir mér hlýða að gera með fáum orðum grein fyrir flutningi hennar.

Hv. þm. Mýr. var að mæla fyrir þáltill. um að flytja Ölfusárbrúna vestur á Hvítá í Borgarfirði, en okkur flm. till. á þskj. 306 finnst eðlilegra, að Ölfusárbrúin sé notuð á Suðurlandsundirlendinu, ef hún skyldi passa á vatnsföllin þar, sem óbrúuð eru og nauðsynlegt er að brúa á næstu árum. Í brtt. okkar er farið fram á, að það verði rannsakað, hvort Ölfusárbrúin passi ekki á einhvert þessara mörgu vatnsfalla fyrir austan. Ég fyrir mitt leyti hef sérstaklega í huga eitt fljót. Það er Tungnaá, þar sem hún fellur í Þjórsá. Ég hef oft farið yfir Tungnaá á þessum stað, og ég held, að Ölfusárbrúin, hvað lengd snertir, gæti passað á þann stað. — Ég veit ekki, hvort það er leyfilegt á þessu stigi málsins að vitna í vegamálastjóra, en ég held þó, að það sé ekkert launungarmál, að hann hafi áhuga fyrir því að brúa Tungnaá og tengja saman á þann hátt Sunnnlendinga- og Norðlendingafjórðung. Mér finnst, að það sé engin goðgá að rannsaka og mæla brúarstæðið á Tungnaá og rannsaka, hvort Ölfusárbrúin er ekki heppileg á þeim stað. Það hefur verið talað um það áður, að það væri eðlilegt að flytja Ölfusárbrúna að Iðu og setja hana þar niður, en það mun hafa verið rannsakað nokkuð og talið, að hún sé of stutt til þess að geta komið þar að notum. — Í Rangárvallasýslu er eitt vatnsfall, sem ef til vill gæti líka komið til greina, en það er Hólmsá. Það hefur ekki verið rannsakað, hvort Ölfusárbrúin gæti ekki passað þar, og í Árnessýslu eru einnig mörg vatnsföll, sem bíða eftir því að verða brúuð, eftir því sem hv. 2. þm. Árn. segir, og gæti komið til mála, að Ölfusárbrúin hentaði þar. Það tekur vitanlega ekki langan tíma hjá vegamálaskrifstofunni að rannsaka það, hvort Ölfusárbrúin er nothæf á þessi mörgu vatnsföll fyrir austan, sem eru óbrúuð, og till. okkar fer ekki fram á annað. Ég vil hins vegar unna hv. þm. Mýr. og hv. þm. Borgf. að fá þessa gömlu brú til sín, ef rannsókn leiðir í ljós, að hún sé ekki hentug á vatnsföllin fyrir austan, sem nauðsynlegt er að brúa og verða brúuð næstu ár. En mér sýnist það svo ekki vera skynsamlegt að flytja þessa gömlu brú í annan landsfjórðung, ef hún skyldi vera heppileg rétt hjá þar sem hún hefur verið. Ég vænti því, að hæstv. Alþ. taki brtt. okkar til athugunar og að hún verði samþ.

Forseti (JPálm): Ég vil út af ræðu hv. 2. þm. Rang. láta það í ljós, að ég teldi hagkvæmt, að allar þessar brúartill. færu til fjvn. og ekki yrðu frekari umr. um þær nú, og vildi þess vegna óska eftir, að brtt. þyrfti ekki að koma til atkv. fyrr en við síðari umr.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég ætla ekki að fara að karpa við hv. 2. þm. Rang. út af brtt., en ég vil aðeins benda á, að það er dálítið hlægilegt kapphlaup um þessa gömlu brú. Viðvíkjandi því, að hún hafi staðið lengi í þessu sérstaka héraði, þá vil ég taka það fram, að héraðið hefur ekki forgangsrétt að henni, þar sem það hefur fengið

myndarlegustu og dýrustu brúna, sem byggð hefur verið hér á landi, í staðinn fyrir þessa gömlu brú. Viðvíkjandi flutningi á brúnni í annað héraað þá vita allir, að þegar búið er að taka hluti eins og þessa upp á bíl, þá munar það ekki miklu á kostnaði, hvort billinn fer með farangurinn einum km lengra eða skemmra.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en vænti þess, að n. fái þetta til meðferðar og athugi málið gaumgæfilega.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég segi eins og hv. þm. Mýr., að það er dálítið undarlegt kapphlaup um þessa brú, og þó er það enn undarlegra, að þeir menn, sem vilja flytja hana á þennan eða hinn staðinn, skuli ekki hafa aflað sér upplýsinga um það, hvort hún geti komið að gagni á þeim stað, þar sem þeir vilja láta hana. Vegamálaskrifstofan hefur mælt og gert áætlanir um þau brúarstæði öll, þar sem talað er um að nota Ölfusárbrú og flm. tala um, og það er ekki nema nokkurra mínútna verk að sjá, hvaða á það er, sem er það breið, að þessi brú geti passað á hana. Engir af þessum mönnum, sem vilja flytja brúna, hafa fyrir því að athuga þetta, heldur gera þetta bara til þess að geta sagt við kjósendur: Við vildum fá brúna á þennan eða þennan staðinn. Allir vita, að það þýðir ekki að setja þessa gömlu brú þar, sem mikil er umferð. Þegar hv. fjvn. fær till. til athugunar, vænti ég þess, að hún fái hjá vegamálastjóra upplýsingar um þau brúarstæði, sem til greina koma. Vil ég leyfa mér að benda á einn stað, þar sem ég býst við að brúin passi. Það er á Tungnafljót hjá Króki í Biskupstungum. Þar vantar brú fyrir bæi, sem þurfa að koma sinni mjólk yfir ána. Gæti brúin enzt þar mörg ár, og ef hún að öðru leyti getur gengið, þá held ég, að það sé sú á, sem helzt kemur til greina. Líklega er hún varla nægjanlega löng, en ána mætti mjókka, hún er lygn þarna og þyldi það. — Á þetta vil ég benda hv. fjvn., þegar hún fer að athuga málið. Annars held ég, að við hv. þm. ættum allir að reyna, þótt við viljum flytja eitthvað fyrir kosningar, að gera okkur það mikið far um að athuga málin, áður en við flytjum þau, að afla okkur upplýsinga hjá vegamálastjóra áður en við flytjum þau. Það er búið tvisvar sinnum að flytja till. um að setja brúna á Hvítá hjá Iðu, þegar vegamálastjóri segir hana 20—30 metrum of stutta til að vera þar. Nú er flutt till. um að flytja brúna á Hvítá hjá Bjarnastöðum og á fleiri staði, og allt ber að sama brunni. Málið órannsakað, flutt til að geðjast kjósendum, en gerir þá, er flytja, hlægilega.

ATKVGR.
Brtt. 306 tekin aftur til síðari umr.
Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 26 shlj. atkv. og til fjvn. með 31 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Sþ., 23. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 267, 306, n. 880).

Frsm. (Björn Kristjánsson): Herra forseti. Þessi þáltill., sem flutt er af hv. þm. Mýr. og hv. þm. Borgf., fer fram á að heimila ríkisstj. að láta flytja gömlu hengibrúna á Ölfusá og setja hana niður á fyrirhugað brúarstæði á Hvítá í Borgarfirði hjá Bjarnastöðum í Hvítársíðu. — Fjvn. hefur leitað álits vegamálastjóra um þessa þáltill. ásamt fleiri till., sem eru sama efnis, um flutning þessarar gömlu brúar. Og vegamálastjóri hefur látið þá skoðun sína í ljós við n., að tæpast muni hægt að treysta því, að þessi brú, ef flutt yrði, yrði nægilega sterk til þess að þola umferð stórra bifreiða við fólksflutninga og aðra þungaflutninga á þessum tiltekna stað. Að öðru leyti telur hann, að þetta mál sé órannsakað, þannig að ekki sé hægt nú þegar að segja um, hve mikið sé hægt að nota af þessu brúarefni. Þessi rannsókn er ógerð enn, en þörfin fyrir brýr er ákaflega mikil, víðs vegar um landið, og það er þess vegna full ástæða til þess að athuga gaumgæfilega, hvort hægt sé að nota þetta brúarefni, ef það mætti verða til þess, að aðrar stórbrýr yrðu byggðar annars staðar á landinu. En þar sem þessi rannsókn, eins og ég hef sagt, er enn eftir og verður ekki gerð fyrr en brúin hefur verið tekin niður, þá sér fjvn. sér ekki fært að gera neinar ákveðnar till. um það, hvað gert skuli við þessa gömlu brú, og leggur n. því til, að þessu máli verði vísað til hæstv. ríkisstj., sem þá mundi ráða málinu til lykta eftir till. sérfróðra manna á vegamálaskrifstofunni.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Það liggur hér fyrir brtt. við þessa þáltill., sem er frá mér og hv. 2. þm. Rang., um hagnýtingu á gömlu brúnni á Ölfusá. Það liggja fyrir ýmsar till. um hagnýtingu á þessari gömlu brú, eins og hv. þm. vita. En með þeirri álitsgerð, sem nú er að styðjast við frá vegamálastjóra, þykir mér það eðlileg till., sem fram hefur komið, að vísa þessu máli til hæstv. ríkisstj. Ég álít hægt með því að ná skynsamlegri niðurstöðu um hagnýtingu þessarar brúar, fremur en að láta ákvörðun Alþ. af handahófi ráða niðurstöðu um þetta efni. Allt öðru máli hefði verið að gegna, ef vegamálastjóri hefði lagt eitthvað ákveðið til um þessa hagnýtingu, sem er ekki til staðar. En af fróðum mönnum hefur verið dæmd frá sú tilhögun að hagnýta brúarefni þetta á þeim stað, sem ég og fleiri höfðum áður lagt til, sem sé á Hvítá hjá Iðu. Það var samþ. og réttmætur skilningur hjá hæstv. Alþ., að þar yrði þetta brúarefni notað, ef tiltækilegt þætti að gera það. En sérfræðin sagði nei við því, „hún dugir þar ekki". Og það varð að hlíta því. Og ég hygg þá hagkvæmast og réttast að láta þá, sem eiga að hafa bezt vit á þessum hlutum og eiga að vera óhlutdrægastir í þessum efnum, ráða niðurstöðunni um það, hvar þessi gamla brú eða efni úr henni skuli hagnýtt. En ég vil samt sem áður leggja áherzlu á það, sem fram kemur í brtt. frá mér og hv. 2. þm. Rang., að því skemmra sem þessi brú eða efni hennar verður flutt, þar sem tiltækilegt er að nota efnið, því réttlátara sýnist, að öðru jöfnu, að hagnýta þetta efni heldur þar en annars staðar. En ég hygg, að það sé bezt, að vegamálastjóri ákveði um þetta endanlega, en ekki hæstv. Alþ.

ATKVGR.
Till. fjvn. á þskj. 880, um að vísa málinu til ríkisstj., samþ. með 28 shlj. atkv.

4. Brúargerð á Skjálfandafljót.

Á deildafundum 5. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um brúargerð á Skjálfandafljóti (A. 286).

Á 24. fundi í Sþ., 5. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 25. fundi í Sþ., 7. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 26. fundi í Sþ., 11. febr., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég hef látið fylgja þessari þáltill. nokkuð ýtarlegar skýringar, og sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þær hér.
Ég vænti þess, að þessu máli verði vísað til fjvn. til athugunar.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 29 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 37. fundi í Sþ., 23. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 286, n. 836).

Frsm. (Björn Kristjánsson): Herra forseti. Þetta mál er órannsakað í raun og veru, hvort tiltækilegt er að flytja efni gömlu Ölfusárbrúarinnar til þess að gera af því brú yfir Skjálfandafljót. Er því ekki hægt að mynda sér neina ákveðna skoðun á því, hvort rétt sé að flytja þangað þetta efni eða ekki. En um þessa brú á Skjálfandafljóti, ef reist væri, stendur dálítið öðruvísi á en um brú á Hvítá hjá Iðu, að brúin á Skjálfandafljóti, þegar til kemur, að hún verði byggð, er ætluð mest fyrir innansveitarflutninga, og þar verður lítið um að ræða þungar bifreiðar, eins og hins vegar eru líkur til yfir brú yfir Hvítá. Bárðardalur er ákaflega langur, og er byggð báðum megin dalsins. Og sveitamenn þar hafa öld eftir öld búið við það að geta ekki haft samgöngur sín á milli öðruvísi en með því að fara yfir ána án brúar, stundum hálfófæra. Sennilega hafa orðið þar slys, þó ég viti það ekki beint. En oft hefur sú á verið ófær. — Það eru meiri líkur til þess, að þessi gamla Ölfusárbrú eða efni hennar geti orðið nothæft á þessum stað heldur en á Hvítá. Og það er reynsla um það um brú, sem flutt var af Soginu upp að Hvítá hjá Hvítárvatni, að sá flutningur hefur, að því er ég bezt veit, gefizt vel og brúin komið þar að fullu gagni fyrir umferð léttra vagna.
Fjvn. telur ekki fært fyrir sig að ákveða, hvar heppilegast verði að endurreisa þessa brú, en leggur til, að ríkisstj. verði falið að ákveða um það í samráði við vegamálastjórnina. — Með þessum ummælum vil ég, fyrir hönd fjvn., leggja til, að málinu verði vísað til hæstv. ríkisstjórnar.

ATKVGR.
Till. fjvn. á þskj. 836, um að vísa málinu til ríkisstj., samþ. með 27 shlj. atkv.

5. Kaup á skipinu Pétursey.

Á deildafundum 6 des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um kaup á skipinu Pétursey handa Sjóminjasafni Íslands (A. 299).

Á 24. fundi í Sþ., 5. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 28. og 29. fundi í Sþ., 21. og 27. febr., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 30. fundi í Sþ., 2. marz, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér, ásamt hv. þm. V.-Sk. og 10. landsk., að bera fram till. á þskj. 299. — Sjóminjasafn Íslands á m. a. að hafa það verkefni að varðveita og geyma margvísleg tæki, sem menn hafa á ýmsum tímum notað við sjómennsku, til þess að eftirkomendur okkar fái sem bezt yfirlit yfir atvinnuhætti þjóðarinnar. Nú eru hin opnu skip óðum að hverfa úr sögunni, a. m. k. hin stærri. Þessi skip eiga margra alda merkilega sögu að baki sér. Það er ekki tími til þess hér að fara ýtarlega út í þá sögu, en ekki verður annað sagt en hún sé orðin löng og afdrifarík. Hin opnu áraskip Íslendinga koma mjög við sögu, enda hafa þau um langa hríð verið meginstoð flutninga og atvinnulífs þjóðarinnar. Ein merkileg tegund þessara opnu skipa eru hin svonefndu sandaskip. Það eru þau skip, sem íbúar Skaftafellssýslna, Rangárvallasýslu og Árnessýslu hafa haft til sjósóknar og aðdrátta um mjög langt skeið. Þessi skip eru mjög merkileg, smíðuð með það fyrir augum að brjótast í gegnum brimlöðrið við suðurströnd landsins. Nú eru þau óðum að hverfa sjónum okkar, og er nú hver síðastur að fá sér slík skip. Þess vegna væri mjög eðlilegt, ef hv. þm. vildu á það fallast að kaupa eitt slíkt skip og geyma til minja um dáðir forfeðra vorra á þessu sviði. Ég veit ekki til, að t. d. í Vestmannaeyjum, þar sem til var fjöldi opinna skipa, sé nú til neitt skip, er gefi rétta hugmynd um opin áraskip, t. d. áttæring eða tíæring. Þau eru horfin, hafa verið rifin eða fúnað. En nú vill svo til, eins og segir í grg. á þskj. 299, að í Vík í Mýrdal er til eitt sæmilega gott opið áraskip í eigu Jóns Halldórssonar kaupmanns. Það heitir Pétursey.

Hún á merkilega sögu, sem sjálfsagt verður einhvern tíma sögð eftirkomendum okkar. Þetta skip er í allgóðu ástandi og væri hæfilegt sem minjagripur fyrir íbúa þessa lands í framtíðinni. Væri vel til fallið, að þessi merkilega fleyta úr Skaftafellssýslu yrði varðveitt frá eyðileggingu, og þar með mundi sá flokkur skipa, sem hún tilheyrir, verða varðveittur frá gleymsku.

Það mun víst óþarfi að tala hér langt mál, enda erum við flm. þess fullvissir, að hv. alþm. muni taka undir með okkur. Þetta skip hefur verið allvel varðveitt, eins og áður er sagt, enda er það mikill hirðumaður, sem á það, og mætti búast við, að það væri ekki í eins góðu ásigkomulagi, ef það hefði ekki verið í eigu þessa mæta manns. Okkur flm. þótti sjálfsagt að vekja athygli á þessu, ef unnt væri að fá þessar merku minjar um sjósókn landsmanna til varðveizlu og geymslu fyrir óbornar kynslóðir.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Áður en mál þetta verður afgr., vil ég aðeins vekja athygli hv. fjvn. á því, þar sem hún hyggst nú að kaupa skip til minja og geymslu, hvort hún sæi sér ekki fært að festa kaup á hákarlaskipi til minja um þá veiði. Ég hygg, að ekki séu nú til nema tvö hákarlaskip gömul, svo að þar þarf að hafa hraðann á, eigi síðari tíminn að fá að sjá slíkt skip. Ég tel í rauninni ekki síður ástæðu til að kaupa og geyma hákarlaskip en áttæring. — Þessu vildi ég aðeins skjóta til hv. fjvn.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Sþ., 23. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 299, n. 906).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Þessi þáltill. er um að fela ríkisstj. að festa kaup á áttæringnum Pétursey, sem nú er í eigu Jóns Halldórssonar í Vík í Mýrdal, og er gert ráð fyrir því í till., að skipið verði afhent Sjóminjasafni Íslands til eignar og varðveizlu.

Fjvn. hefur athugað þessa þáltill., og eins og fram er komið á nál. 906, er fjvn. samþykk því, að ráðstafanir verði gerðar til þess, að þetta skip verði varðveitt frá eyðileggingu. Hins vegar komu fram raddir í n. um það, að líkur væru til þess, að hægt væri að ná því markmiði án þess, að ríkissjóður keypti skipið, a. m. k. nú þegar. Og þess vegna leggur fjvn. til, að máli þessu verði vísað til ríkisstj. Ekki er það ætlun n., að þar með verði máli þessu eytt, enda kemur það glöggt fram í nál., heldur að ríkisstj. athugi möguleika til þess að koma þessu í framkvæmd, að vernda skipið frá eyðileggingu á sem hagkvæmastan hátt. — Sé ég ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en vísa til nál.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir þetta nál. með fyrirvara, vegna þess að ég tel ekki, að þetta mál hafi verið afgr. í fjvn. eins og nál. skýrir frá. Ég skal leyfa mér að benda á, að í bókun fjvn. um þetta atriði er tekið fram, að n. sé samþykk að mæla með till. með breyttu orðalagi. Það var ákveðið í n. að breyta þannig þáltill., að þess væri vænzt, að ríkisstj. leitaði upplýsinga um það, fyrir hvað hægt væri að fá skipið keypt, og síðan að geta varið skipið. Þetta verður svo mikill kostnaður að flytja skipið til Reykjavíkur, byggja yfir það og gæta þess, að menn gera sér kannske ekki ljóst, hvaða útgjöld þetta hefur í för með sér. Ég vil því ekki, að það sé tekið svo, að afgreiðsla málsins í n. sé einróma samþykkt af n., eins og stendur í nál., þannig að ríkisstj. sé falið að koma þessu í framkvæmd á sem hagkvæmastan hátt. Það var samþ. í n. að fela ríkisstj. að leita sér upplýsinga um það, hvað þetta mundi kosta.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Ég þakka hv. fjvn. fyrir, að hún hefur þó tekið undir nauðsyn þess, að því sé komið í framkvæmd, að skip þetta eyðileggist ekki og að reynt sé að gera ráðstafanir til þess, að þetta skip varðveitist frá eyðileggingu. Hins vegar get ég ekki séð, að það sé eðlilegt að vísa þessari þáltill. frá með þeim röksemdum, sem hér eru fram settar, því að það var til þess ætlazt af n., eftir þeim formála, sem er fyrir því gerður af n., að ríkisstj. geri það, sem stendur í þáltill. Ég sé því ekki, hvað er á móti því að samþ. till. sjálfa eins og hún er. Það er vitaskuld, að ríkisstj. kaupir ekki skipið, nema með beztu kjörum, sem hún getur að komizt. Og það er ekkert annað en það, sem sagt er í þáltill., aðeins að skipið sé fest í þessu efni. En ég veit ekki, hvað hv. frsm. fjvn. á við eða n. í heild með því að segja, að það muni vera hægt að ná þessu marki án þess að ríkisstj. festi kaup á þessu skipi. Ég sé ekki, ef á að varðveita skip þetta frá eyðileggingu, að hjá því verði þá komizt, að ríkisstj. nái eignarhaldi á skipinu, og ef hægt er að ná um það hagkvæmari kjörum en nú er vitað um, þá geri ríkisstj. það, og það er ekkert um annað rætt í þáltill. en að vernda skip þetta frá eyðileggingu. Og þar sem ríkisstj. hefur svo trausta menn að baki sér eins og hv. form. fjvn., sem leggur til, að þessu máli verði vísað til ríkisstj., þá finnst mér það þó traustara, að hún hafi fyrirmæli um það, að þetta skuli gert eftir vissum leiðum. Og ég sé engan eðlismun á þessum tveimur aðferðum, hvort till. verður samþ. eins og hún er eða hins vegar samþ. verður till. fjvn. eins og n. sjálf hefur gert grein fyrir afstöðu sinni til málsins og málið framkvæmt eftir því. En það er ekki venjuleg aðferð um meðferð þingmála um mál, sem ætlazt er til, að ríkisstj. komi í framkvæmd, að þeim sé vísað til ríkisstj., því að vanalega þýðir sú meðferð það að smíða nokkurs konar líkkistu utan um málin og kistuleggja þau og grafa. Ég veit hins vegar, að meiri hl. fjvn.-manna er með því að þetta skip verði varðveitt frá eyðileggingu. Og m. a. veit ég það um hv. form. n., sem sagði, að það hefði verið samþ. í n. að mæla með þáltill. með breyttu orðalagi, sem er um að athuga kostnaðinn við þetta. — Hvor till. því sem samþ.

verður, sjálf þáltill. eða að vísa þáltill. til ríkisstj., þá er látið í veðri vaka, að það eigi að miða að því sama, að varðveita þetta skip frá eyðileggingu, og það er þá hreinni aðferð að samþ. þáltill. sjálfa. Ég get hins vegar ekki vel skilið hv. form. n., þm. Barð., sem er stórhuga maður og lætur sér ekki allt fyrir brjósti brenna í skipakaupum og öðru, að hann skuli vera svo ákaflega hræddur við kostnaðarhlið þessa máls, að ná þarna einu áraskipi í eigu ríkisins til þess að varðveita það fyrir sjómannastétt þessa lands, sem margir menn úr þeirri stétt óska eftir að varðveita, — ég get ekki skilið þennan ótta hjá hv. þm. Barð., með tilliti til stórhugar hans um að leggja út í skipakaup nú fyrir ríkisins hönd. Þess vegna þykir mér alleinkennilegt, ef menn eru hræddir við, kostnaðarins vegna fyrir ríkið, að festa kaup á gömlu áraskipi, sem vitanlega getur aldrei orðið stórfelldur kostnaður. Hins vegar er vitað, að það má ekki dragast, að þetta verði gert, ef það á að ná tilgangi sínum að kaupa þetta skip, því að það er ekki í notkun og hefur ekki verið um nokkurn tíma, og gengur það því úr sér, ef ekki er fest eignarhald á því og því komið til varðveizlu. — Ég get upplýst það, að við flm. þessarar þáltill. bárum hana fram af því í raun og veru, að vakin var athygli okkar á þessu máli af mætum manni, skipstjóranum á Esju. Og álít ég það óviðurkvæmilegan trassaskap að vernda ekki þetta skip frá eyðileggingu til þess að hafa það á Sjóminjasafni Íslands.

Þó að það sé með miklum velvilja, að fjvn. samkv. forsendum sínum gerir þá till. um afgreiðslu þessa máls að vísa því til ríkisstj., þá finnst mér myndarlegri afgreiðsla að samþ. þáltill. eins og hún er, þannig að lagt sé ákveðið til, að ríkisstj. skuli gera þessi kaup. Vildi ég því eindregið mælast til þess, að hæstv. Alþ. gæti á þessa afgreiðslu fallizt.

Forseti (JPálm): Ég vildi eindregið mælast til þess, að hv. þm. styttu mál sitt, til þess að þessari umr. gæti orðið lokið nú.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hef áður bent á, að fleiri skip væru til en Pétursey, og benti á í því sambandi eitt af hinum gömlu hákarlaveiðiskipum og taldi ástæðu til að hugleiða og athuga, hvort ekki ætti að geyma til minja fleiri tegundir skipa. N. virðist ekkert hafa skipt sér af þessu. Þó benti ég henni á, að til væru t. d. hákarlaskip, sem nú væru að verða hin síðustu, og ef Alþ. hugsaði sér að geyma skip sem sýnishorn af skipum liðna tímans, þyrfti það að gerast með meiru en því einu að fá og geyma eitt skip frá suðurströndinni, því að þar hefði verið sérstaða með sjósókn, og það væri því fjarri því að vera sýnishorn fyrir allt landið.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Út af ræðu hv. form. fjvn. bendi ég á, að allir nm. samþ. að vísa málinu til ríkisstj., og hafa þeir staðfest það með undirskrift sinni.

Hv. þm. V.-Sk. óskaði þess, að þessi þáltill. yrði samþ. eins og hún liggur fyrir. — Það er talið af sumum, að möguleiki væri á því að vernda skipið án þess að ríkisstj. kaupi það, en nefndarmenn telja það aðalatriðið, sbr. nál., og n. leggur til, að þessu máli verði vísað til ríkisstj. til frekari framkvæmda. Í fjvn. var aðeins minnzt á þetta skip, en ekki önnur. En það er rétt, að ástæða gæti verið til að athuga um varðveizlu fleiri skipa.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara, og ég hefði viljað vísa málinu til ríkisstj. undir öðrum forsendum.

Í sambandi við ummæli hv. þm. V.-Sk., að þm. hafi ekki hugsað þetta mál mikið, þá er það þó aðalatriðið, hvort kaupa eigi þetta skip og fá það á sem ódýrastan hátt. Hitt er svo óvíst, hve mikið kostar að flytja skipið og byggja yfir það. Það má vera, að það sé menningarlegt atriði að varðveita svona skip. Alþ. hefur samþ., að varðveita skuli ýmsa gamla hluti, t. d. gamla bæi. Þetta er ofvaxið ríkisstj., að vernda slíka hluti, og ef þetta skip verður keypt, þá er sýnt, að önnur skip komi á eftir, hákarlaskipin og skúturnar, og ég held, að það þurfi athugana við, hvað mest virði er að varðveita. Hef ég því viljað orða þáltill. þannig, að ríkisstj. yrði falið að rannsaka þetta mál, en ekki setja henni fyrirmæli um að kaupa skipið. Þetta er minn fyrirvari, og vil ég, að ríkisstj. rannsaki þetta mál og athugi, hvort rétt sé að varðveita þetta gamla skip, Pétursey.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ræða hv. frsm. hefur ekki sannfært mig um, að ég hafi haft á röngu að standa. Fjvn. hefur ekki afgr. málið og ég vil láta fylgja hér réttri málsmeðferð. Ég vil láta rannsaka, hve mikill kostnaður það er að flytja þetta skip, en ekki vísa till. til ríkisstj., eins og frsm. leggur til, og ég tók þetta fram, er ég skrifaði undir með fyrirvara, og það liggur hér ekkert fyrir um kostnaðinn.

Hv. þm. V.-Sk. blandaði öðrum skipakaupum inn í þetta, og er það líkt því, að hann sé 200 ár á eftir tímanum. En ég veit ekki, hvort það bjargaði nokkuð þessum hv þm. að kaupa nokkrar gamlar kollur til dauðasiglingar við næstu kosningar. Já, þeir gera allt til þess að blekkja þjóðina, þessir menn, og þetta sýnir ljóslega stefnu þeirra.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Hv. þm. Barð. vefengir afgreiðslu þessa máls, en afgreiðslan liggur nú samt í þessu nál., og ég hélt, að þeir væru menn til þess að standa við þetta. Og ég verð að segja, að þær umr. um, að við séum ekki þess umkomnir að varðveita eitt gamalt áraskip, þær umr. eru Alþ. Íslendinga og íslenzku þjóðinni til skammar.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég skal ekki verða langorður, en ég var frá tafinn og gat því ekki fylgzt með umræðum. Ég hef tekið eftir, að hv. þm. V.-Sk. hefur hlaupið í skarðið fyrir mig sem frsm. Ég ætla ekki að fara að blanda mér í deilur, en nál. á þskj. 906 talar sínu máli. Það skal engan undra það, þótt við þm. V.-Sk. viljum varðveita svona skip sem forngrip, en það er aðeins um útúrsnúning að ræða, er hv. þm.

Barð. talaði um, að við ætluðum að nota þetta skip til fiskveiða. Svona skip voru notuð í margar aldir hér við suðurströnd landsins og róið á þeim frá Selvogi, Þorlákshöfn, Eyrarbakka, Stokkseyri og Vestmannaeyjum. Okkur hefur því dottið í hug, að það væri einhvers virði að varðveita svona skip. Ég skal taka undir það, að eðlilegt væri að varðveita eitt hákarlaskip, og komandi kynslóðir gætu þá sannfærzt betur um baráttu forfeðra vorra á sjónum.

Ég get sætt mig við afgreiðslu þessa máls samkv. nál. — Það var aðeins þetta, sem ég vildi segja.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Ég þarf nú ekki að svara hér neinu, þar sem hv. þm. Vestm. og hv. þm. Borgf. hafa gert þessu máli skil. Ég verð nú samt að segja það, að mér finnst það undarlegt, að maður, sem hefur verið í sjómannastétt, skuli setja sig upp á móti þessu, að vernda sum af hinum gömlu skipum okkar, og ég er viss um það, að sjómannastéttin okkar vill læra af reynslu forfeðranna og hefði gott af því á margan hátt. Hv. þm. Barð. ætti að læra af þessu. Pétursey fór aldrei neina dauðasiglingu, og ég fullyrði, að þessi hv. þm. er fyrsti maðurinn, sem siglir dauðasiglingu á þessu skipi, en það er í þessu máli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 38. fundi í Sþ., 24. apríl, var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Till. fjvn. á þskj. 906, um að vísa málinu til ríkisstj., samþ. með 26:1 atkv.

6. Vátryggingargjöld vélbáta.

Á deildafundum 25. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um skipun nefndar til að rannsaka og gera tillögur um, hvernig lækka megi vátryggingargjöld íslenzkra vélbáta (A. 608).

Á 35., 36. og 38. fundi í Sþ., 28. marz, 2. og 24. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég skal að mestu leyti vegna hins skamma tíma, sem eftir er af þessu þingi, láta nægja að vísa til grg. þeirrar, sem fylgir þessari till. minni. Ég vil þó taka fram, að það er ljóst, að hér er um svo mikið velferðarmál að ræða, að hver prósenta, sem hægt er að lækka á vátryggingargjaldi á hinum stóra nýja flota, sem væntanlegur er til landsins, hefur mjög mikla fjárhagslega lækkun í för með sér fyrir eigendur skipanna. Er því nauðsynlegt að koma þessu máli í svo gott horf sem mögulegt er. Ástæðan fyrir því, að ég hef borið þessa till. fram, er sú, að í Vestmannaeyjum er vélbátaábyrgðarfélag, sem hefur komizt svo langt niður með iðgjöld, að þau eru meira en helmingi lægri en þau, sem hæst eru í landinu. Sýnir það, hvaða árangri hægt er að ná í þessu máli. Ég held, að þetta sé mögulegt með því að nota þá innlendu stofnun, íslenzka endurtryggingu, sem þegar hefur tekið til starfa og getur boðið þó nokkru betri kjör en hægt var að fá áður, auk þess sem iðgjöldin liggja þá meira inni í landinu en þau gera nú.

Ég sé ekki ástæðu til að óska eftir, að þessari till. sé vísað til n. eftir þessa umr. Það er sama og að svæfa málið. Mælist ég til þess, að hún verði látin ganga fram á þessu þingi, vegna þess hve stórkostlegt fjárhagsatriði þetta er fyrir bátaflotann, ef hægt er að finna leið til þess að lækka þessi gjöld. Það hefur þegar verið gerð ýtarleg tilraun af hálfu Alþ. til að lækka vaxtabyrði í sambandi við kaup hins nýja flota. En það sér hver maður, að þótt vextirnir séu lækkaðir um 2%, þá er þetta þó enn nauðsynlegra að koma tryggingargjöldunum niður, því að það verður þó að greiða af allri kostnaðarupphæðinni. Og verði hægt að koma iðgjöldunum niður um helming, sér hver maður hve miklu betra það er fyrir útveginn en þótt vextir séu lækkaðir. — Vona ég, að till. verði samþ. óbreytt.

Sigurður Kristjánsson: Það er ekki hægt að eyða miklum tíma á þessum fundi til að ræða þetta mál, en það er svo umfangsmikið og mikilvægt, að ég hlýt að gefa á því skýringu, þar sem það hefur einnig verið mjög til umræðna í blöðum og á mannfundum, en málið snýr að mér, sem er forstjóri endurtryggingarskrifstofu vélbátaflotans. Ég hef aldrei sagt orð um málið, vegna þess að ég tel, að ég þurfi ekki að standa reikningsskap fyrir mönnum, sem hafa málið milli tannanna, heldur fyrir hæstv. ríkisstj. og Alþ.

Fyrst vil ég víkja að því, að þessi till., sem mælt var fyrir mjög friðsamlega af hv. fyrsta flm., kom mér einkennilega fyrir sjónir vegna þess, að mér er ekki kunnugt um, að nokkur maður vissi nokkuð um þetta mál, nema tryggingarfélögin sjálf og við, sem eigum að heita stjórnendur Samábyrgðarinnar. En enginn flm. hefur leitað upplýsinga hjá mér um málið, enda er í grg., sem till. fylgir, margt, sem er fjarri öllu viti. En ég er ekki að gera það að sérstöku umtalsefni, því að þetta er flutt af beztu trú af flm., en þeir hafa ekki verið heppnir með heimildarmenn. — Fyrst vil ég skýra frá því, sem hv. þm. ætti að vera kunnugt, að bátaábyrgðarfélögin hér á landi eru stofnuð fyrir þjóðarnauðsyn. Ástandið var þá þannig, að mikill hluti bátanna var óvátryggður og óveðhæfur, og sá hluti, sem tryggður var, bjó við þau kjör, að lítt var við unandi. Ég hafði þá tal af forstöðumanni vátryggingarfélags, sem hafði allmikið með bátatryggingar að gera, og var mér sagt, að félagið hefði tekið 10% iðgjöld og haft tjón af því. Nú var þetta ástand bætt með því að stofna þessi félög, gera tjóntryggingu yfir landið allt og bátaflotann veðhæfan. Í öðru lagi var meiningin að gera tryggingargjöldin raunveruleg, þannig að hver maður borgaði það, sem áhættan kost-

aði. Þeir, sem vátryggja bátana, eru eigendurnir sjálfir. Þeir ganga í stærri eða minni félög, og þau taka alla báta félagsmanna og tryggja þá og endurtryggja svo frá sér. Frá upphafi var byrjað skakkt á þessu, þar sem félögin voru höfð of mörg, en smá, og er það miklum örðugleikum bundið að færa það í lag. Það er mál út af fyrir sig, og er það komið nokkuð áleiðis. Iðgjöldin ákveður ríkisstj. í samráði við hvert félag, svo að þessir tveir aðilar skapa iðgjöldin. Vitanlega voru iðgjöldin nokkur ágizkun, en voru svo löguð eftir reynslunni. Og það get ég sagt hv. þm., að reynslan er sú, að stærstu félögin hafa komizt bezt af. 9 félög af 20—30 hafa komizt í greiðsluþrot. Þrjú af þeim hafa lagzt niður, 3 hafa greitt upp skuldir sínar, en 3 eru þannig stödd fjárhagslega, að vonlítið er, að þau rétti sig við með sömu iðgjöldum. Þessi vátryggingarfélög eru, eins og hv. þm. er kunnugt, félagsskapur bátaeigenda sjálfra, sem hafa tekið í eigin hendur tryggingar bátanna og reyna að finna hið rétta gjald miðað við áhættu. Það er því ekki hægt að komast neðar í gjöldunum en það, sem er raunverulegur áhættukostnaður, því að enginn tryggir fyrir minna en það, sem tryggingin ber sig með. Eins og hv. frsm. skýrði frá, eru iðgjöldin frá 5—8%. Það eru tvö smáfélög, sem hafa þessi 8%, en flest félögin eru með 6—7% og nokkur með 5%. En nú vildi ég skýra hv. þm. frá því, vegna þess að málið er komið á dagskrá og talað er um að lækka þessi iðgjöld, að þau eru miklu lægri en menn hyggja og á pappírnum stendur. Þessu er þannig varið, að félögin standa skil á tryggingunum á þann hátt, að þau bæta öll tjón, sem verða. Tjónin eru oftast viðgerðartjón og þau kosta samkv. verðlagi, sem nú er við skipabyggingar, með því fráviki, að aðgerðin er alltaf miklu dýrari en nýbygging. Þetta stafar af því, að við aðgerðina verður að rífa það gamla frá. Nú vita menn, að nýbygging báta mun kosta um 10 þús. kr. smálestin. Ég hygg, að það sé ekki ofsagt, að aðgerðartjón sé milli 10—15 þús. kr. smálestin eða dýrara. En hvað halda nú menn, að eigendur bátanna borgi mikið í iðgjöld miðað við smálest? Ég hef reiknað það út fyrir 2 ár. Það er ekki fyrir s. l. ár, heldur árin næstu á undan. Árið 1943 voru iðgjöldin miðuð við mat 3,3 þús. krónur á smálest, og 1944 var meðalverðið yfir landið 4,1 þús. á smálest. En á sama tíma borga félögin miðað við mat 10—15 þús. kr. á smálest. Svo að iðgjöldin eru í raun og veru varla meira en helmingurinn af því, sem er á pappírnum. Langmestur hluti bótanna er aðgerðartjón. — Ég vildi vekja athygli á þessu, því að búið er að rannsaka, að iðgjöldin hér á landi eru ekki meira en 3—4%, ef menn borga iðgjöld af bátum miðað við nútíma verðlag.

Það hefur verið vitnað hér í það, að mismunandi iðgjöld væru hér á landi, t. d. tryggði félagið í Vestmannaeyjum fyrir 3% og í það horf ætti að koma tryggingunum yfirleitt. Ég vil upplýsa, hvernig á þessu stendur. Það stendur þannig á því, að Vestmannaeyjafélagið tryggir aðeins fyrir algeru skipatapi og björgun og eru borguð 3% fyrir, og er þessi greiðsla miklu lægri en hjá þeim, sem tryggðu fyrir öllu, bæði aðgerð, algeru tjóni, björgun og hverju, sem vera skal. Ég get líka getið þess, að Vestmannaeyjafélagið býr við alveg sérstakar aðstæður og hefur betri aðstæður til að hafa lág iðgjöld en flest önnur félög. Félag þetta er stórt, hefur mikinn bátaflota. Það hefur alla bátana í einni höfn, og munar það miklu. Af þessum ástæðum geta þeir algerlega séð um aðgerðir. Þeir eru búnir að koma sér þannig fyrir, að aðgerðir og björgun er miklu ódýrara en annars staðar á landinu. Þetta er líka vegna þess, að þeir eru búnir að temja sína félagsmenn. Það er mjög fátítt, að þeir noti það sem féþúfu að aðstoða félaga sína, en víða annars staðar er rík tilhneiging til þess. Og mér er engin launung á því, og ég hef sagt forstjóranum í Vestmannaeyjum það, að Samábyrgðin hefur aldrei fengið neinn halla af tryggingunum þar, þótt hún hafi fengið mikla skelli af öðrum félögum. Það er því alls ekki rétt að miða við Vestmannaeyjafélagið. Það er algerlega rangur samanburður. Það er að bera saman tvo ólíka hluti. Og hvað félagið í Vestmannaeyjum snertir, þá vil ég bæta því við, að það hefur annan tryggingarmælikvarða en önnur félög fyrir sína félagsmenn fyrir mikinn hluta flotans. Hafa eigendur haft þar í eigin ábyrgð 25%. Og þegar menn hefja opinberar umr. um þessa hluti, þá eiga þeir að kynna sér málið út í yztu æsar.

Ég hef heyrt því mjög haldið fram, að Samábyrgðin tæki of mikil gjöld af félögunum og hún endurtryggði allt of mikið og væri með því að ausa fé út úr landinu, og að þessu kom hv. flm. Ég skal skýra frá því, hvernig þessu er háttað. Það er ekkert launungarmál og ríkisstj. er send skýrsla og reikningar um það árlega. Fram að stríðinu eða um 30 ár endurtryggði Samábyrgðin á Norðurlöndum. Það endaði þannig, að þegar samband rofnaði vegna styrjaldarinnar, hafði endurtryggingin þar ekki fengið neinn hagnað, og það var af gamalli tryggð, að hún hélt áfram að endurtryggja. Það fór enginn peningur út úr landinu fyrir þær tryggingar. Síðan var leitað um endurtryggingu í Englandi. Þá stóð illa á, menn voru hræddir við stríðsáhættuna og miðuðu allt við styrjöld. Hætt var við, að tjón af styrjaldarástæðum lenti á almennu tryggingunum, því að ekki er hægt nema mjög sjaldan að sanna, að um tjón af styrjaldarástæðum væri að ræða. Það fékkst þó tryggt í Englandi fyrir sömu kjör. Og eins og Samábyrgðin greiðir til félaganna nokkur prósent fyrir innheimtuna, þá greiðir endurtrygging okkar á sama hátt nokkra fjárhæð. Síðan bátaábyrgðarfélögin voru stofnuð, hefur Samábyrgðin haft nokkurn gróða. Ég skal skýra frá því, að þegar ég tók við þessu fyrirtæki, átti það ekki fyrir skuldum, og er það ekki vel viðeigandi fyrir tryggingarstofnun. En síðan hefur verið nokkur gróði á hverju ári. Samábyrgðin hefur tryggt verðmæti, sem er um 60 millj. kr., og mun fara vaxandi á næstu árum. En gróði Samábyrgðarinnar hefur á 8 árum orðið um ½ millj kr., og það er eign Samábyrgðarinnar eftir öll þessi ár. En ég vil taka það fram, að þessi hagnaður er að verulegu leyti af styrjaldartryggingum. Ég hvatti öll félög til að taka báta í styrjaldartryggingu. Það var gert sums staðar, en ekki alls staðar, því að styrjaldarótt-

inn var svo ríkur í mönnum. En eins og ég sagði áðan, þá er hér um bil ómögulegt að sanna styrjaldartjón, og lendir því tjónið oftast á almennu tryggingunum. Af stríðstryggingunum er því næstum 100% hagnaður, þar urðu aldrei útgjöld. Og gróðinn, sem Samábyrgðin hefur fengið, er talsvert af þessu. Ég held hv. þm. sjái af þessu, að Samábyrgðin hefur ekki tekið of há iðgjöld. Það hafa verið gerðir út til mín menn til þess að krefjast þess af mér, að ég endurtryggði ekkert og léti Samábyrgðina taka til sín þann gróða til þess að lækka iðgjöldin. Þessu hefur ekki verið anzað. Ég vil segja, að sá, sem tryggir, hann á einmitt að leggja áherzlu á og á heimtingu á, að endurtryggt sé. Það er skiljanlega öryggi fyrir hann, að endurtryggt sé. Það á ekki að krefjast aðeins skírteina, sem svo ekkert er á bak við. Einnig á sá, sem tryggir, að spyrja, hvað hann geti fengið það ódýrt. Og svörin við því eru þau, að hann eigi að fá trygginguna fyrir það, sem hún kosti raunverulega. Og það er það, sem gert hefur verið, því að þetta eru sennilega ódýrustu tryggingar, sem til eru í heiminum á öðru eins hættusvæði og hér, þar sem flotinn gengur allt árið. Eins og ég hef bent á, kostar hin raunverulega trygging ekki meira en 3—4%, ef metið er til tryggingar eftir nútíma verðlagi. — Ég skal halda áfram þessu yfirliti. Ég hef skýrt hv. þm. frá því, hvað Samábyrgðin hefur eignazt á þessum árum. En af því að það eru svimháar upphæðir, sem talað er um í þessu sambandi, vil ég geta þess, að öll iðgjöldin eru undir 3 millj. kr. af bátaflota, sem er 60 millj. að mati, en það mat má sennilega tvöfalda miðað við verðlag í dag. Það hefur verið greitt til endurtryggingarinnar af öllum þessum flota, þannig að félögin taka helming áhættunnar, en þó ekki meira en 40 þús. hvert á áhættunúmer. Samábyrgðin hæst 35 þús. á einu skipi og erlenda endurtryggingin afganginn. Til erlendu endurtryggjendanna hefur verið greitt 1350000 kr. Þeir hafa endurgreitt 900 þús. kr. fyrir tjón. Þeir hafa greitt fyrir uppistöðu skipa 127 þús. kr. og Samábyrgðinni fyrir innheimtu 101 þús. kr. Samábyrgðin hefur lagt til hliðar fyrir óuppgerðu tjóni 250 þús. kr. að sínum hluta. Enginn vafi er á því, að erlenda endurtryggingin á eftir að greiða 300—400 þús. upp í óuppgert tjón. Hún hefur því sáralítinn hagnað af tryggingunum. — Ég held því, að það sé bara í höfðinu á mönnum þegar þeir segja, að verið sé að ausa fé út úr landinu með þessum endurtryggingum. Hingað til hefur Samábyrgðin, sem hefur endurtryggt í nær 40 ár, því miður ekki getað skilað sínum endurtryggjanda nema sáralitlum hagnaði. En það hefur ekki litla þýðingu að skapa tiltrú á íslenzkum tryggingum erlendis. — Ég hef skýrt frá því, að þegar góður maður, vanur tryggingum sagði, að ekki bæri sig að taka 10% af bátum, sem tryggðir voru hjá honum, þá spurði ég hann, hvernig á því stæði, og hann sagði, að það væri vegna þess, að það kæmi meira á trygginguna en henni bæri að greiða. Endurtryggingunni væri kunnugt, að verulegum hluta viðhaldsins hefði verið komið á vátryggjanda. Og þetta skapar ótrú á tryggingum okkar erlendis. Ég hafði togara hjá erlendu umboði, er starfaði hér. Þetta var nýlegur togari, en hann varð að borga 10% iðgjald. Ég spurði forstjórann að því, hvernig á þessu stæði, og hann sagði, að þeir hefðu ótrú á tryggingunum, því að á þær kæmi svo og svo mikið af viðhaldskostnaði skipsins.

Ég fyrir mitt leyti hef sett mér það mark, að endurtryggjandi skyldi aldrei geta vefengt neitt, hvorki smátt eða stórt. Ég vil heldur, að mín stofnun greiði mismuninn — og það hefur stundum verið gert — en það komi nokkur tortryggilegur hlutur fyrir hjá endurtryggjanda í því. Það verður að skapa tiltrú til íslenzku tryggingaanna, og það verður ekki gert nema með því móti, að það sé óvefengjanlegt, að allt sé öruggt og rétt, sem gert er.

Eins og áður er sagt, hef ég ekki séð mér fært að halda uppi löngum umr. um þetta mál, en hefði þó þurft að tala miklu meir um þetta efni. Ég vona þó, að hv. þm. hafi fengið nokkra hugmynd um þetta af þessum fáu orðum, sem ég hef sagt.

Ég vil geta þess að lokum, að félagsskapur sá, sem bátaeigendur, sem þessi mál varðar fyrst og fremst, hafa stofnað með sér, hver á sínu sviði, varðandi tryggingarnar, átti sameiginlega samkomu nú í vetur til þess að ráða ráðum sínum um ýmislegt, sem snertir þessar tryggingar og fyrirkomulag þeirra. Þar var rætt um það, hvernig gera ætti tryggingarnar sem ódýrastar. Öllum held ég hafi komið saman um það, að iðgjaldalækkun gæti ekki komið til mála, þar sem iðgjöldin hefðu sýnt sig að svara varla til kostnaðar. En það, sem við lögðum áherzlu á, var að finna leið til þess að draga úr kostnaðinum, en hann er mestur á viðgerðum, sem eru, eins og menn vita, orðnar ægilega dýrar. Og þessir menn, sem eiga allt á hættu í þessu máli, hafa sjálfir sett nefnd til þess að rannsaka og gera tillögur, sem gætu orðið til þess að draga úr áhættunni, sem leiðir af sér um leið iðgjaldalækkun.

Um annað mál var líka mikið rætt, þ. e. um að flokka skipin, því að það er óréttlátt, að ný skip úr góðu efni og örugg beri sömu iðgjöld og léleg skip, sem varla mega anda. Ég veit, að það verður óvinsælt að gera þessa flokkaskiptingu, en okkur kom saman um, að félögin skyldu rannsaka þetta vel, hvort ekki væri rétt að flokka skipin. Ég get lýst yfir því, að mín reynsla er sú, að eins gott sé að tryggja gott og vandað eikarskip fyrir 3% eins og gamalt furuskip fyrir 8%, og af því geta menn séð, að ekki er rétt að hafa öll skip í einum flokki. En auk þess kemur hér til greina ein skekkjan enn, og hún er sú, að hin nýrri og betri skip eru virt yfirleitt með kostnaðarverði og því borgað af þeim í allt öðrum mælikvarða en hinum. Sum skip hér á landi eru kannske virt undir 2 þús. kr. pr. smálest, en nýrri skipin á 10 þús. kr. pr. smálest. Er þetta að sjálfsögðu mikið misrétti, en þetta er í höndum félaganna sjálfra, Alþ. kemur það ekki við. Félögin verða að leysa þennan vanda eftir því, sem þeim þykir skynsamlegast.

Ég sé, að hæstv. forseti er farinn að ókyrrast í sætinu, og skal ég nú ljúka máli mínu. Ég vænti, að hv. þm. hafi séð, að þetta mál er og á að

verða í höndum eigendanna sjálfra, félaganna sjálfra og ríkisstj., og því mun ég leggja til, að þessari till. verði vísað til ríkisstj.

Umr. frestað.

Á 42. fundi í Sþ., s. d., var fram haldið einni umr. um till.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Það hafði eiginlega orðið samkomulag um það milli mín og hv. 7. þm. Reykv., að ekki yrðu um þetta mál miklar umr. Það, sem hér er farið fram á, er að skipa nýja n. En þá hélt þessi þm. hér um einnar klst. ræðu. Hann hélt því fram, að þetta heyrði ekki undir tryggingarnar og menn væru frjálsir með það, en þetta er rangt hjá hv. þm. Kjarni málsins er sá, að Vestmanneyingar eru þeir einu undanþegnu og hafa bezt kjör. Það er ekki að undra, þótt vér óskum eftir nefndarskipun um þetta mál, þegar Vestmanneyingar hafa fengið sína tryggingu lækkaða niður í 3%, og þá verður að gera öðrum þetta hagræði líka. — Hann segir, að till. sé flutt friðsamlega, en grg. sé full af vitleysum. Kannske af litlu viti vegna þess, að lagt er til að lækka viðgerðarkostnað og tryggingu. Ég vil upplýsa það, að tilboð hefur komið fram um að lækka mikið vátrygginguna, og er það tilboð komið frá stríðstryggingafélagi íslenzkra skipshafna. Á þessu þingi var l. um stríðstryggingu breytt svo mjög, að það gæti tekið að sér endurtryggingu mótorbáta. Þetta frv. var sent frá Ed. í febrúar til Nd. og var vísað til sjútvn. í Nd. 7. marz og hefur legið þar síðan hjá hv. 7. þm. Reykv. Nú vil ég spyrja, hvort einhverjir leyniþræðir séu á milli þess, að hann hefur svæft þetta mál, og hins, að hann vill ekki láta endurtryggja annars staðar en nú er. Ég ætla mér ekki að segja meira um þetta, en hann gaf tilefni til þess, að ég tók hér til máls, með því að slá fram þeirri firru, að hér væri ekkert af viti.

Ef þetta er félag eigenda, þá eru þeir þröngvaðir inn í það með valdboði. Það er engin sönnun, þótt hv. þm. segi, að útlendingar séu ekki ofhaldnir af þessu iðgjaldi. Hvaða erlent vátryggingarfélag mundi lækka endurtryggingu? Mér heyrðist á hv. 7. þm. Reykv., að hann hefði hvergi reynt að fá lækkaðar tryggingarnar.

Hv. frsm. sagði, að greiða þyrfti hátt verð fyrir að draga báta á land til vélaviðgerða. En þessi hv. þm. hefur nú nýlega ásamt öðrum fleiri staðið að því, að vélstjórar fá aukin réttindi án aukinnar kunnáttu, en vélabilanir eru fyrst og fremst af kunnáttuleysi vélstjóranna, en ekki fyrir slit. Hann sagði enn fremur, að mikið af tjónunum yrði í höfnum. En þá þyrfti að athuga, hvernig koma má í veg fyrir þau tjón.

Ég vænti svo, að þessi till. verði samþ., þar sem augljóst er, að brýn þörf er að koma þessum málum í heilbrigðara horf.

Sigurður Kristjánsson: Hv. þm. Barð. sagði, að samkomulag hefði orðið milli okkar um að hafa þessa umr. ekki langa. Það er rétt, að hann kom til mín og sagðist ekki mundi gefa tilefni til langra umræðna, en yrði þó að gefa skýrslu að því er snerti mína afstöðu. Þá kvaðst hv. þm. Barð. verða því fylgjandi, að málinu yrði vísað til ríkisstj. En nú er hann ekki fyrr staðinn upp en hann svíkur þetta loforð, sem hann gaf ótilkvaddur.

Þá sagði hann, að ég hefði sagt, að grg. fyrir tillögunni væri tóm vitleysa. Ég fór þó mjög hóflega í umsögn minni um þetta, sagði einungis, að n. hefði fengið rangar upplýsingar. En þar sem nú hefur verið gefið tilefni til þess, hlýt ég að fara nánar út í þær skekkjur, sem eru í grg. T. d. stendur í grg., að Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja greiði einungis 3% í iðgjöld. En vitanlega er það eins og að stökkva vatni á stein að segja hv. þm. Barð. þetta, hann bara hristir sig. Af einskærri miskunnsemi hef ég upplýst hv. þm. Barð. um rangfærslur hans í sambandi við iðgjaldagreiðslur Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja og kostnað við erlenda endurtryggingu. En það eru fleiri en kálfar venjulegir, sem launa illa ofeldið.

Þá telur þessi hv. þm. enga fyrirhyggju í því að tryggja ekki báta eftir kostnaðarverði, en það er það, sem alltaf hefur verið gert. — Hann heldur því fram, að ekkert íslenzkt tryggingarfélag borgi eins lág iðgjöld og Vestmannaeyjafélagið. Þetta er ekki heldur rétt. Það eru til félög hér á landi, sem tryggja fyrir 5%, en það er svipað og hjá Vestmannaeyjafélaginu. — Þannig er öll grg. eintómt fimbulfamb og staðlausir stafir. Mig undrar það stórlega, að maður, sem er að gutla við útgerð, skuli ekki geta skilið jafnaugljósan hlut og þann, að iðgjöldin miðast við áhættuna og það er staðreynd, að hættan er tiltölulega mest í vondum höfnum og það er það, sem verið er að prófa, hvar hættan er mest.

Hv. þm. Barð. sagði, að Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna hefði gert tilboð í að tryggja bátana, en þetta félag hefur ekki enn þá leyfi til að tryggja. Sannleikurinn er sá, að þetta félag hefur verið að pota við það með n. að bjóðast til að tryggja nýja báta, en hvernig mundi þá fara um ruslið? Ég ætla ekki að draga þetta félag inn í umr., en ég ætla, að það hafi líka tryggt erlendis. Ég hef séð reikninga, sem sýna, að félagið hefur greitt ½ millj. kr. til erlendra aðila, en fékk einungis 100 þús. til baka. Þetta kalla ég að ausa fé til óþarfa.

Ég skal svo láta nægja að endurtaka þetta: Það eru útgerðarmenn sjálfir, sem þetta mál varðar mestu. Þeir ætla sér að tryggja bátana fyrir sanngjarnt verð og hafa falið n., sem þeir hafa sjálfir kosið, að gera till. um þetta mál og ráða fram úr því í samráði við ríkisstj., og það er engin Barðstrendinganefnd, sem íslenzkir útvegsmenn hafa kosið til þessa.

Ég held, að enginn ágreiningur geti orðið um það að vísa málinu til ríkisstj.

Flm. (Gísli Jónsson): Í tilefni af ummælum hv. 7. þm. Reykv. um, að þetta mál sé mál útgerðarmanna, vil ég geta þess, að á fiskiþinginu á vetur var samþ. till. þess efnis að skora á ríkisstj. að láta endurskoða þessa vátryggingarlöggjöf. Af þessu má sjá, að krafan um þetta er ekki komin frá neinum Barðstrendingum, eins og hv. 7. þm. Reykv. orðaði það, heldur frá útgerðar- og fiskimönnum sjálfum. En nú vil ég spyrja, hvaða

þræðir liggja milli þess, að hv. 7. þm. Reykv. hefur stöðvað þetta nauðsynjamál útvegsins, og þeirrar stofnunar, sem hann veitir forstöðu. Þessi hv. þm. getur fullvissað sig um, að það skal verða upplýst.

Sigurður Kristjánsson: Ég vil aðeins lýsa yfir því, að útgerðarmenn kjósa sjálfir stjórn í sín félagssamtök, en fulltrúar þeir, sem koma hér á fiskiþing, eru meira og minna rusl utan útgerðarmannastéttarinnar.

ATKVGR.

Till. frá 7. þm. Reykv. um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 17:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SK, STh, ÞÞ, ÞB, ÁÁ, BÁ, BrB, EOl, GJ, IngJ, JörB, LJóh, SigfS, SB, SG, SEH, JPálm.

nei: StJSt, EystJ, GÍG, HelgJ, IngP, PZ, PO.

StgrSt, SkG, BSt, BK, FJ, PHerm, PÞ greiddu ekki atkv.

21 þm. (StgrA, SvbH, ÁkJ, BG, BBen, EE, EmJ, GÞ, GSv, GTh, HB, HG, HermJ, JJós, JS, JJ, ÁS, LJós, MJ, ÓTh, PM) fjarstaddir.

3 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Í trausti þess, að hæstv. ríkisstj. láti fara fram rannsókn þá, sem þáltill. fer fram á, segi ég já.

Pétur Ottesen: Ég tel miklu öruggara fyrir úrlausn málsins, að þáltill. verði samþ., og segi því nei.

Sigurður Bjarnason: Ég er að vísu einn af flm. þessarar þáltill. En nú virðist mér sem flótti sé brostinn í þá fylkingu, þar sem 1. flm. hefur samþ. að vísa till. til hæstv. ríkisstj. Og þar eð ég treysti hæstv. ríkisstj. til að vinna að lausn þessa máls, segi ég já.

Þingsályktunartillögur ekki útræddar.

1. Bændaskóli Suðurlands.

Á deildafundum 26. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um byggingarstað fyrir bændaskóla Suðurlands (A. 53).

Á 4. fundi í Sþ., 30. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 5. fundi í Sþ., 5. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég hef í grg. þessarar till. rakið aðalrökin fyrir því, hvers vegna hún er fram komin, og get ég því verið stuttorður.

Það hefur um mörg ár þótt allmikill ljóður á ráði Íslendinga, að þeir hafa alls ekki hlynnt að þessu mikla setri, Skálholti, sem var höfuðstaður landsins um margar aldir. Hefur þar við setið í þau 150 ár síðan skólinn var fluttur þaðan burtu, og hefur jörðin búið að því, sem einstakir bændur hafa þar gert, en þjóðfélagið hefur ekkert gert fyrir staðinn. Aftur á móti hefur Hólum í Hjaltadal verið sýndur sómi og viðurkenning. Þar hefur verið reistur bændaskóli, gerðar miklar jarðræktarframkvæmdir og reistar myndarlegar byggingar, og er eftir atvikum ekki annað hægt að segja en sæmilega sé séð fyrir Hólaskóla, úr því að hann breytti hlutverki sínu. Á síðasta þingi var samþ. að reisa bændaskóla í Skálholti, en sú n., sem hefur farið með þessi mál, mun hafa gert ráðstafanir til þess, að skólinn verði reistur langt frá gamla setrinu. Þetta held ég óráð og álít það sjálfsagða skyldu Alþ. — jafnvel af sparnaðarráðstöfunum — að neita þessu. Úr því að ákveðið hefur verið, að skólinn yrði byggður í Skálholti, þá verður hann að standa þar, sem hinn forni skóli var. Ég hygg, að Alþ. geti varla gert sér grein fyrir því, sem hér um ræðir, ef bændaskólinn verði reistur bæjarleið frá gamla Skálholtsstað, þar sem mikil ræktun er, og verður jörðin vitanlega lögð undir bændaskólann, því að ekki er hægt að hugsa sér þetta tvískipt. Verður þetta þá til þess, að Skálholt sem hinn forni sögustaður fellur í enn meiri niðurníðslu en áður var. Þegar ákveðið var að reisa bændaskóla í Skálholti, hlaut tilgangurinn að hafa verið sá að halda uppi hinni sögulegu frægð staðarins, en sú aðhlynning verður minni en engin, ef svona verður að farið eins og n. hefur lagt til, vegna þess að höfuðsetur jarðarinnar verður þar sem skólinn stendur, en hitt setrið leggst í raun og veru í eyði. Viðvíkjandi því atriði, að til þess að ná í heitt vatn til skólans, verður að dæla því hina löngu leið upp á hæðina að húsum nýju skólabyggingarinnar úr Þorlákshver, þá munar hvort sem er engu á leiðinni að Skálholtsstað, auk þess sem vart hefur orðið við jarðhita í heimatúninu, og er það álit hæfra manna, sem vit hafa á þessum hlutum, að það hljóti að vera hægt að fá þaðan jarðhita, ef hans verði leitað. — Ég hygg þess vegna frá sögulegu og búskaparlegu sjónarmiði, að sjálfsagt sé að halda fast við gamla staðinn, en þar er túnstæði mjög gott og er túnið þar nú 800 hestar. Það var raunar engin tilviljun, að Skálholti var valinn þessi staður, því að landnámsmenn höfðu mjög góðan skilning fyrir slíku. Er útsýnið einmitt frá gamla Skálholti mjög tilkomumikið og mun ánægjulegra en frá þeim stað, sem nú er talað um að reisa skólann á. Ástæðan til þess að n. hefur valið skólanum stað á þessari eyðihæð, bæjarleið frá Skálholti, virðist vera sú, að hún hefur tekið of mikið tillit til þess, að einstakir kirkjunnar þjónar hafa látið sér detta í hug, að Skálholt væri og ætti að vera helgað kirkjulegri starfsemi, og voru þeir því á móti því, að búnaðarskólinn yrði reistur heima í Skálholti. Þetta er misskilningur, því að um langan tíma hefur prestastéttin ekkert gert til þess að halda við kirkjulegri starfsemi á staðnum, og í öðru lagi er að sjálfsögðu engin ástæða til að ætla, að þótt bændaskóli yrði þar reistur, þyrfti það að þrengja að kirkjulegri menningu á staðnum.

Finnst mér svo ekki ástæða til að fjölyrða um þetta mál, en þótti rétt, að einhver okkar, sem er sæmilega kunnugur sögu og staðháttum þarna, gerði síðustu tilraun til þess, að þetta villispor yrði ekki stigið, og hef ég þess vegna flutt þessa till.

Eiríkur Einarsson: Ég játa það fúslega, að það getur verið álitamál, hvort Skálholt er hentugur staður fyrir bændaskóla, og vitanlega eru þar tvö sjónarmið, sem koma til greina, svo sem fram hefur komið, hvort byggja ætti hann á heimalóðinni eða annars staðar í Skálholtslandi. — Til frumathugunar þessa málefnis var stofnað með ákvörðun hæstv. landbrh., er skipuð var þriggja manna n. til þess að gera till. um skóla-

stæðið og annað, er lyti að undirbúningi skólastofnunarinnar. Þeir menn, sem hæstv. ráðh. valdi í n. þessa, voru: Steingrímur Steinþórsson búnaðarmálastjóri, er var oddamaður, og tveir glöggir og víðsýnir bændur úr Árnes- og Rangárvallasýslum, þeir Sigurður Ágústsson í Birtingaholti og annar bóndi úr Fljótshlíðinni. Þeir tókust ferð á hendur þangað austur til þess að athuga alla staðháttu gaumgæfilega, og veit ég, að þeir athuguðu jöfnum höndum bæði kosti og galla, ef skólinn yrði reistur heima í Skálholti eða annars staðar í landareigninni. Og til þess að fara ekki óþarflega mörgum orðum um þetta, þá er þess að geta, að það varð einróma niðurstaða n., að réttast væri að reisa hann á lítilli hæð, spölkorn vestur frá túngarðinum þar í landareigninni. Ég tel, að það hafi verið nákvæm athugun og rannsókn þessara manna, en engin handahófsákvörðun, sem réð þessari ákvörðun. *Að vísu ætla ég, líkt og komið hefur fram* hjá hv. flm. þessarar þáltill., að það væri í aðra röndina fullt eins skemmtilegt, að skólinn yrði í Skálholti vegna minninganna, sem við heimalóðina eru bundnar. En ég held, að víðsýni n. hafi orðið þess valdandi, að niðurstaðan varð sú, að hagkvæmara mundi vera að reisa bændaskólann annars staðar en alveg heima í Skálholti, og því hafi þeir valið skólanum stað á hinum fögru hæðadrögum vestan við Skálholt, þar sem í framtíðinni er fyrirhuguð stórfelld ræktun. Það er að vísu rétt, eins og hv. flm. sagði, að heima í Skálholti er fagurt útsýni og að þar er stórt tún og virðulegt að öllu leyti. En þó að þetta sé stórt tún, þá er það nokkrum erfiðleikum bundið að auka við það út frá heimatúninu og þar er ekki eins æskilegt land til ræktunar og vestur á hinum víðlenda hæðaklasa, þar sem hið fyrirhugaða skólastæði er. Þar eru jafnar aflíðandi hæðir og þurrir móar og álítur n., að á þessum stað geti orðið mjög mikil ræktun. Og hvað útsýni þaðan snertir, sérstaklega þegar búið er að rækta þarna í kring, þá nýtur staðurinn hins fegursta útsýnis og er útsýni þaðan víðsýnna en heiman frá Skálholti.

Flm. sagði, að hinn fyrirhugaði skólastaður uppi í þessari eyðihæð væri bæjarleið frá Skálholti. Ja, þær eru nú misjafnar bæjarleiðirnar. Frá túngarðinum í Skálholti og þangað, sem skólinn á að standa, er ekki um að ræða nema 1 km. vegalengd, og þarf ekki mikinn stórhug til þess að láta sér detta í hug, ef reistur verður bændaskóli rétt vestan við Skálholt, að ekki líði á löngu þar til er gamli túngarðurinn í Skálholti verði rofinn, og verður þarna þá alveg samfelld ræktun við túnið í gamla Skálholti. (*JJ:* Það má byrja á heimastaðnum og teygja ræktunina vestur eftir). N. taldi heppilegri skilyrði til mikillar ræktunar þar, sem skólanum hefur verið hugsaður staður, aðeins 1 km vegalengd frá Skálholti, og mun ræktunin þá vitanlega aukast í allar áttir og þá einnig til gamla Skálholts.

Hvað hitaskilyrði snertir, þá liggur þetta skólastæði nálega miðja vega milli Þorlákshvers og Skálholtsstaðar, og ef byrja ætti á að dæla vatninu þangað, þá er það nú styttri leið en að Skálholti, þótt það yrði gert síðar. Sérfræðingur í þessum efnum hefur farið þangað austur og athugað þetta nákvæmlega. Taldi hann ekkert því **til fyrirstöðu að leiða vatnið að þessum skólastað** úr Þorlákshver, þótt það vitanlega hefði kostnað í för með sér, en að reisa skólann við Þorlákshver taldi n. ekki koma til greina. Vatnsmagn í hvernum er mjög mikið. Biskupi og fornminjaverði leizt vel á, að þarna yrði reistur bændaskóli, en kirkjan ætti að hafa varðveizlu einstakra staða þarna eystra.

Það er ekki rétt, sem sumir segja, að skólinn eigi ekki að standa í Skálholti, heldur í eyðiholti, því að þetta er í Skálholti. Og þeir menn, sem hafa ákveðið skólastæðið þarna, hafa þegar látið byrja á vegagerð þangað. — *Málið átti á sínum* tíma erfitt uppdráttar, og því aðeins til leiðinda að ræða það frekar, en ég tel ekki nétt að gera n. ómerka af valinu af ekki veigameiri ástæðum en hér hafa komið fram. Hv. flm. talaði um möguleikana á því að reisa skólann heima í Skálholti eða við túnið á biskupssetrinu. En ef þetta er skoðað, þá kemur það í ljós, að ekki væri hægt að fá tiltækilegan stað nema nokkurn spöl utan við túnið. Ég treysti því þess vegna, að öllu þessu athuguðu, að ákvarðanir n. verði látnar óbreyttar.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri, en af því að ég er þarna kunnugur, vildi ég láta til mín heyra.

Ingólfur Jónsson: Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta mál. En til þess að koma þessu máli fram til sigurs, þá beitti hv. 2. þm. Árn. þeirri höfuðröksemd, að það ætti að endurreisa Skálholt. Á þessu vann hv. þm. málið. En ég geri ráð fyrir, að þeir hv. þm., sem greiddu atkv. á þeim forsendum, geti ekki sætt sig við, að skólinn verði **fluttur til og reistur langt frá Skálholti.** Þessir sömu hv. þm. geta ekki látið bjóða sér það, að skólinn verði reistur annars staðar en heima á sjálfum staðnum. Nú á að reisa þarna nýbýli, meira en 1 km. frá Skálholti, á óræktarmóum, og verður þess langt að bíða, að túnin nái saman, og þá verður Skálholt orðið að nokkurs konar *hjáleigu frá þessu nýbýli.* — Hv. 2. þm. Árn. sagði, að það þyrfti að ræsa fram mýrina, og það er rétt, en slík ræktun er mjög erfið og kostnaðarsöm og tekur langan tíma, og væri því eðlilegra að nota gamla túnið fyrst. — Einnig mundi vegagerð þarna verða ærið kostnaðarsöm, en litla vegagerð þarf, ef skólinn verður í Skálholti. Og þótt nú sé á fjárl. upphæð, sem ráðgert er að veita til vegagerðar þarna, þá mun hún hrökkva skammt og þyrfti áfram. Og þrátt fyrir þetta fé verður Skálholt endurreist.

Hv. flm. og 2. þm. Árn. sögðu, að kirkjunnar menn vildu, að í Skálholti yrði reist andlegra manna setur, en ekki bændaskóli. En í fyrra, þegar ég benti á, að skólinn ætti að vera reistur á Sámsstöðum, en endurreisa ætti Skálholt með andlegrar stéttar setri, þá vildu þessir hv. þm. ekki hlusta á það, en nú eru þeir annarrar skoðunar. Það er ekki hægt fyrir hv. þm. að komast hjá því að sjá þær krókaleiðir, sem hér eru farnar. Ég hygg, að ekki verði komizt hjá lagabreyt. og hætta við að byggja skólann í Skálholti, og hljóta þeir, sem í fyrra vildu endur-

reisa Skálholt, að vilja lagabreyt. og flytja skólann til Sámsstaða.

Að þessu athuguðu, þá hygg ég, að meiri hl. þm. verði ásáttur um það, að annaðhvort verður að reisa skólann heima í Skálholti eða á Sámsstöðum.

Hv. þm. sagði þá, að ekki væri rétt að gera þá n., sem ráðh. skipaði, ómerka að þessu. En ég tel, að n. hafi ekki verið ljóst, hvernig hér var að farið, og að hv. þm. samþ. þetta mál með þeim forsendum að endurreisa Skálholt.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða meir um þetta, en ég geri ekki ráð fyrir, að meiri hl. hv. þm. fari nú að snúast í þessu máli.

Umr. frestað.

Á 6. fundi í Sþ., 8. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Herra forseti. Ég vildi aðeins með fáum orðum gera grein fyrir þeim ástæðum, sem 3 manna n., sem skipuð var til að gera till. um tilhögun á væntanlegum bændaskóla í Skálholti, færir fyrir því, að skólinn skuli reistur, ekki heima á bænum í Skálholti, heldur á hæðunum fyrir vestan túnið, sem lagt er til. Þessar ástæður, sem n. hefur lagt fram, eru þrenns konar. Í fyrsta lagi telur n., að bæjarstæði sé betra á þessum stað en heima í Skálholti. Ég verð að segja það eins og er, að ég get ekki af eigin reynd dæmt um þetta. Ég hef ekki komið að Skálholti í mörg ár og þekki ekki svo vel staðhætti, að ég geti skapað mér sjálfstæða skoðun um það, hvort þetta er á rökum reist. Hitt er víst, að nm. allir eru sammála um þetta og ungur búfræðingur, Hjalti Gestsson frá Hæli, sem skipaður hefur verið til að standa fyrir og hafa eftirlit með framkvæmdum, sem ætlað er að gera í Skálholti, er n. sammála í þessu efni. Það er talið, að skólastæði sé á allan hátt heppilegra þarna og einnig að því er tekur til væntanlegra ræktunarframkvæmda.

Í öðru lagi hefur n. talið, að þetta sé fegursti staðurinn, sem um sé að ræða. Það er smekksatriði, og ætla ég ekki að halda því fram, að nm. séu dómbærari um þetta heldur en hv. þm. S.-Þ. (JJ), en þetta hefur samt sem áður ráðið hjá n., — að minnsta kosti ekki dregið úr, — að leggja til, að skólinn yrði reistur á þesum hæðum.

Í þriðja lagi telur n. mæla með, að skólinn verði reistur á þessum stað, að töluvert styttra er til heita vatnsins en heiman frá bænum. Mér skilst, að þessi fyrirhugaði skólastaður sé mitt á milli gamla bæjarstaðarins og Þorlákshvers, eða kringum 1 km frá Skálholti. Og þaðan, sem nú er ákveðinn staður af n. fyrir skólann, er fullur 1 km. suður að heita vatninu. Þetta eru nú máske ekki veigamiklar ástæður, því að rétt er það, sem hv. þm. S.-Þ. segir um það, að ef leiða þarf vatnið á annað borð þetta langa leið, þá væri það sjálfsagt tæknilega fært að leiða það alla leið heim á gamla bæjarstaðinn, en nokkur aukakostnaður mundi þó verða við það.

Þetta eru ástæðurnar, sem þriggja manna n. hefur fært fyrir till. sínum. Það er náttúrlega skylt að meta þann áhuga, sem fram kemur hjá hv. þm. S-Þ. til að varðveita sögulegar minjar og sýna sóma þeim merka stað, sem hér er um að ræða, en mér finnst hins vegar það vera misskilningur hjá honum, að ekki sé unnt að sýna Skálholti alveg sama sóma, þó að skóli sé reistur á þessum hæðum. Og ég verð að segja það, að ef á annað borð á að hefjast handa um að koma upp merkilegu mannvirki, sem ætti að standa um langan tíma, jafnvel margar aldir, þá hygg ég, að ástæða sé til þess að ætla, að gamla bæjarstæðinu verði einhver sómi sýndur, því að þess er að gæta, að þótt skóli yrði reistur vestur á hæðunum, þá eru fleiri byggingar, sem þarf að reisa, svo sem hús handa skólastjóra, hús handa kennurum skólans, hús fyrir þá, sem á búinu ættu að starfa, sem ekki að öllu leyti kæmi skólastjórninni við, og ýmsar fleiri byggingar, sem gjarnan kæmu til greina að verða reistar heima á gamla bæjarstæðinu.

Þess ber að gæta, eins og bent hefur verið á af hv. 2. þm. Árn. (EE), að það er ekki eins og hið fyrirhugaða hússtæði sé í órafjarlægð frá gamla bæjarstæðinu, því að eins og ég veit, er líklega 10 mínútna gangur á milli staðanna og sýnist mér, að ekkert geti verið því til fyrirstöðu, að þeir menn, sem vinna við skólann, gætu búið þar heima, og gæti það e. t. v. að ýmsu leyti verið heppilegt, að einhver þeirra yrði til að búa þar, sem bærinn er nú.

Ég játa fúslega, að það liggja ekki fyrir neinar till. um það og ég get ekki endanlega bent á, hvað gera ætti til þess að sýna Skálholtsstað og gömlum sögulegum minjum, sem þar eru, tilhlýðilega virðingu. En það mun vafalaust gert á sínum tíma, og eins og ég sagði fyrst, sýnast mér miklar líkur til, að gamla bæjarstæðið verði prýtt og sýndur sá sómi, eftir að búið er að koma þessu mannvirki upp, sem ætlað er, að verði reist, og hygg ég því, að hv. þm. þurfi ekki að hafa áhyggjur út af því, að gamla Skálholt verði eins og hjáleiga, eins og hann talar um í grg. þáltill. sinnar, heldur getur það risið upp í þeirri mynd, sem flestir mundu óska, og það verður gert með því að sýna þeim gömlu sögulegu minjum þann sóma, sem skylt er að gera.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég hef heyrt sagt, að hæstv. fjmrh. væri með betri málafærslumönnum hér á landi og sigursæll í málflutningi, og hygg ég það rétt vera. En þó hygg ég, að hann hafi slæman málstað hér, þegar maður, sem svo er fær, getur ekki fært sterkari rök fyrir þessu máli. Hygg ég það stafa af því, að málið sé óverjandi. Og ástæðan til þess, að ég hreyfi þessu hér, er sú, að ég vildi ekki segja það, eftir að það slys, sem hér á eftir að verða, þessi niðurníðsla á Skálholti, það sé ekki aðeins af völdum n., sem valdi þennan stað, eða á ábyrgð stj., heldur er það á ábyrgð þingsins, og það verður vel að athugast, ef Alþ. hefur ráð á að veita, þótt ekki sé nema 1 millj. og 200 þús. kr. sem fyrsta fjárframlag til byggingar á þessum stað með þeim hætti, að sýnilegt er, að það verður til móðgunar og leiðinda við þær minningar, sem áður voru tengdar við Skálholt.

Enda þótt hæstv. ráðh., sem er húsbóndi þeirrar n. (og sjálfsagt er góður húsbóndi við hjú

sín), sem valdi staðinn, telji þetta betra bæjarstæði, þá skal ég ekki deila um það nema með einni röksemd. Það er ekki að efa, að reynslan hefur sannað, að landnámsmennirnir völdu þau beztu bæjarstæði, sem til voru, og virðast líka hafa haft næman smekk fyrir fögru útsýni, enda munu það hafa verið þroskaðir menn, sem völdu sér stað í Skálholti. Andleg menning landnámsmannanna átti þar heima í margar aldir, og er staðurinn þannig samofinn okkar sögu. Það er því áreiðanlega ekki vansalaust að níða nú staðinn meira niður en orðið er. Ég leyfi mér því að mótmæla rökum hæstv. ráðh. Ég treysti heldur á forfeður okkar, sem hafa upprunalega valið Skálholt og búið þar, því að mér þykir ólíklegt, að þessir 3 menn eða aðrir menn taki þeim fram.

Hæstv. ráðh. viðurkennir, að röksemdin um heita vatnið sé veik, því að þegar búið væri að dæla heita vatninu á annan km og í sömu hæð og Skálholtsbærinn er nú, þá mundi auðvelt að leggja leiðslu, sem ekki væri 1 km, heim að Skálholti. Aftur á móti má telja gamla bæjarstæðinu það til gildis, að í túninu sjálfu verður vart við jarðhita og eru líkur til, að fá megi þar nægjanlegt heitt vatn heima við bæinn. Mun kostnaður við þá virkjun ekki reynast eins mikill og hv. 2. þm. Rang. (IngJ) hefur minnzt á. Hitt hélt ég, að væri ekki hægt, að lokka heita vatnið úr Þorlákshver á þennan stað, nema þangað komi rafmagnsleiðsla, og hún mun reynast nokkuð dýr, því að næsti staður, sem hugsanlegt væri að fá rafmagn frá, er Sogið.

Hæstv. ráðh. vildi gefa í skyn, að hægt væri að sýna staðnum sóma með öðru móti. Ég man ekki betur, úr því að farið er að tala um þetta, en að það sé hálf öld frá því að staðnum hefur verið sómi sýndur. Og á síðustu öld hefur prestastéttin staðið á bak við þann óhróður að hafa látið það viðgangast, að sett skuli hafa verið í kirkjugarðinn í Skálholti minnismerki, sem er til minnkunar og ég veit, að er eitt af mörgum ljótum. Það er til skammar, að þetta minnismerki skuli vera í Skálholti, og er það eins konar tákn um þá vanrækslu, sem kirkjustjórnin hefur haft af þessum málum, því að virkilega átti kirkjustéttin í Árnessýslu að hafa eftirlit með og sjá svo um, að þetta væri ekki gert.

Ég er ekki að þreyta mig lengi á að svara ræðu hv. 2. þm. Árn. (EE), því að málið liggur opið fyrir, þegar einn af færustu málafærslumönnum þjóðarinnar hefur ekki önnur rök í málinu en þau, sem fram hafa komið. En þá eru það einhver önnur rök, sem hafa komið því til leiðar, að n. setti þetta fram. Síðan reynir hæstv. ráðh. að standa með n. Það sýnir góðan húsbónda að vilja standa með hjúunum, en þó getur það orðið til óþæginda, ef of langt er gengið. Ef það hefði svo ekki bætzt ofan á, að hv. 2. þm. Árn. hefur túlkað málið hér, til nokkurrar áþyrgðar fyrir þá sýslu, með þeim rökum, sem hann nú rífur niður aftur með því, sem nú er gert. Ef um það hefði verið talað að byggja hinn nýja skóla í útjaðri Skálholts, þá hefði það ekki þótt mikill glans í fyrra til að hressa upp á biskupssetrið.

Ég skal vera fáorður um það, hvaða líkur verða til þess að gera myndarlegar byggingar á staðnum að öðru leyti, og mun ég þá sérstaklega leita til sögunnar. Við höfum alls ekki verið svo fátæk þjóð undanfarin ár, að ekkert hefði verið hægt að gera. Það er ekki aðeins, að það sé eitt minnismerki uppistandandi í Skálholti, heldur er það líka eina endurminningin, sem eftir er þar frá fyrri öldum. Það er lítið minnismerki. Þar er beisklegt að sjá minnismerki í kirkjugarðinum. Það er ekkert gert til að hlynna að kirkjunni, hún er gamalt og fornfálegt timburhús. Nú er ekkert annað hægt að gera fyrir staðinn en það að reisa þar myndarlega kirkju. Það væri hægt að endurreisa þar kirkju Brynjólfs biskups eins og hún var. Fáir menn hafa stungið upp á því enn, og veit ég ekki betur en Árnesingar hafi ekki lagt því liðsinni á nokkurn hátt. Hvaða líkur eru til þess, hv. þm., að farið verði að sýna gamla staðnum sóma, þegar búið er að leggja hann niður og skólinn er búinn að rækta sitt tún vestur í öræfunum, eins og hv. 2. þm. Árn. hefur sýnt fram á? Þá er það eins og menn sjá, að gamli staðurinn er þá orðinn útkjálki frá nýja staðnum. Hverjum dettur í hug, að reist yrði kirkja í Skálholti, þó að ekki sé nema í 1 km fjarlægð frá nýja staðnum? Það mundi hvergi vera gert. En það, sem mælti með því, væri þörfin á að sýna forfeðrunum heiður. Að þessu leyti erum við skuldug, því að þeir höfðu Skálholt fyrir höfuðsetur um margar aldir, og þessa skuld stendur á okkur að borga nú þegar, af því að ekkert hefur verið gert af núverandi kynslóð til að borga þessa skuld, og get ég ekki treyst henni til þess, því að nóg annað mun hún hafa að gera, að reisa nýbýli á eyðistaðnum heldur en að reisa við kirkju á hinum staðnum. Ég vil skjóta því til hæstv. ráðh., að íslenzka þjóðfélagið hefur á 50 árum ekki haft kraft í sér eða efni til þess að koma upp verkstæði á Hólum og Hvanneyri. Búnaðarskólar landsins hafa staðið verkstæðislausir í 50 ár af fátækt eða hirðuleysi. Getur nokkur búizt við því, að svo vel verði brugðið við nú þegar, að ekki verði aðeins nógir peningar til byrjunarframkvæmda í Skálholti, heldur líka til að prýða eyðistaðinn, úr því að ekkert hefur verið gert að því áður?

Ég held, að þetta mál hafi verið heldur óheppilega undirbúið af þessari n. Síðasta þing lagði inn á að breyta vel undirbúinni ráðherraákvörðun um að byggja skólann í Rangárvallasýslu. Ég fullyrði, að þingið geti gert það réttara nú — með því að skera úr því að flytja hinn nýja skóla aftur heim á gamla staðinn í Skálholti — heldur en það gerði í fyrra.

Eiríkur Einarsson: Ég skal stilla orðum mínum í hóf og ekki hafa langt mál um þessa till.

Hv. flm. (JJ) till. minntist á það, að hér mundi ekki vera af andmælenda hálfu um góðan málstað að ræða. Það verður Alþ. að meta sjálft, hvað sé sanngjarnt af þeim rökum, sem fram koma um málið. En venjulega er það ekki talið benda á hinn góða málstaðinn, þegar sókn er hagað þannig, að staðreyndirnar eru hnoðaðar til eftir þörfum. Það þykir að síðustu venjulega bezt, að þær fái að tala sínu máli án tillits til sækjenda og verjenda. Hvað ég á við með þessu,

þá vil ég fyrst láta þess getið, að mér finnst það ekki vera að sýna til hlítar vilja til að fara rétt með, þar sem því er sveigt að mér, að ég hafi vent mínu kvæði í kross, þar sem ég hef sótt málið áður, þegar það var í undirbúningi til lagasetningar, með tilliti til þess, að skólinn yrði reistur heima í Skálholti, þar sem bærinn stendur. Ég neita, að þetta sé rétt, og ég skal segja hv. þm., við hvað ég vil styðja þá neitun mína. Eins og öllum er kunnugt, var n. búin að fjalla um þetta mál og hafði gert till. um, að skólinn yrði reistur annaðhvort í Skálholti (meiri hl.) eða í Kálfholti í Ásahreppi (minni hl. n.). En í nál., sem kom frá þessari n., — og sérstaklega veitti ég því athygli, þegar þetta var rætt, að þá var það gert að álitamáli, hvort skólinn yrði reistur heima í Skálholti eða einhvers staðar þarna vestur frá. Ég vil þar með ekki fara lengra í þessari umsögn en talizt gæti sannleikanum samkvæmt. Ég hygg, að í heild hafi nm. ekki verið á eitt sáttir, og sumir af þeim þremur, sem sæti áttu í n., álitu, að þetta gæti verið álitamál, svo mikið fullyrði ég. Og út af þessu atriði varð á síðasta þingi að lokum enginn hvalablástur. Það er ekki fyrr en nú eftir á, eftir hvalskurðinn, sem það verður. Af minni hálfu lá málið alveg opið fyrir, hver niðurstaðan yrði við útfærsluna eftir beztu manna yfirsýn, og ég tel, að eftir skipun n. að dæma, þá megi telja, að það sé eftir beztu manna yfirsýn.

Þannig lá málið fyrir. Það hefur ekki verið um nein straumhvörf að ræða hjá mér í þessu máli. Ég og margir fleiri eru þeirrar skoðunar, að það þurfi einkennilega málsókn til að telja mönnum trú um það, að með því að reisa skóla þann vestur í hæðadrögunum, sé það sama og að reisa nýbýli eða hjáleigu frá Skálholti. Það skýtur nokkuð skökku við að gera lítið úr þessari Skálholtshjáleigu, því að ólík er aðstaða hjá fátækum mönnum, sem stofna til nýbýla, því að hv. þm., sem hefur orð á þessu, breiðir sig út yfir það, hve mikið ætti að veita til skólans. En til nýbýla eru nú á fjárl. 1 millj. kr. frá í fyrra. Á fjárl. þessa árs 250 þús. kr. og næsta ár er með millj. og svo 1 millj. kr. þar næsta ár, og þessi hv. þm. gefur í skyn, að þetta haldi áfram. Ef þetta rætist, sem hv. 2. þm. Rang. (IngJ) hefur gefið í skyn, þá verður nýbýlið fullreisulegt kot, miðað við nýbýli eins og þau gerast yfirleitt. Það er erfitt að taka þetta alvarlega. — Annars vil ég skjóta því inn, að hv. 2. þm. Rang. breiðir sig út yfir það, hvað hæstv. fjmrh. (PM) hefur treyst sér til að setja í fjárlfrv. nú til bændaskólabyggingar í Skálholti, þá lítur út fyrir, að hv. þm. vilji skjóta gætnum alþm. skelk í bringu, — þá þykja mér þau orð koma úr allra hörðustu átt. Þetta á að verða menntasetur í faglegri kennslu fyrir bændaefni Suðurlands um langa framtíð, og þó nefnd sé milljón og aftur milljón á næstunni, þá hélt ég, að aðrir yrðu til þess en þessi hv. þm. að auka mönnum hræðslu. Og ef þetta væri samtal fyrir utan þinghelgina, vildi ég blátt áfram segja, að hann mætti skammast sín fyrir þetta.

Hv. 2. þm. Rang. vildi gera mikið úr því, hvað vegurinn heim að Skálholtsstað mundi verða kostnaðarsamur, og það er satt, að allar slíkar framkvæmdir eru dýrar og kosta sína peninga. En til þess að segja blátt áfram, hvað mikla vegalengd er um að ræða, þá get ég upplýst það, að mér hefur verið sagt af þeim, sem hafa mælt þessa vegalengd, að hún sé 1560 metra löng. Vitanlega kostar mikið að leggja þennan veg, en að nefna hundruð þúsunda í sambandi við vegagerð, sem ekki er lengri en þetta, það held ég að sé að fara nokkuð langt yfir það sennilega. Margir bændur í strjálbýlinu hafa verið að basla við að leggja álíka langa vegarspotta heim til sín, með kannske lítils háttar hjálp úr sveitarsjóði, svo að mér þykir hart, að það skuli eiga að gera þetta að grýluatriði í framkvæmd slíks máls. Ef ég hef ekki rétt að mæla í þessu efni, hvað vegalengdina snertir, vona ég, að það verði leiðrétt, því að ég er fús til að taka leiðréttingu, ef hún er sannanleg. Sem sagt, mér er sagt, að vegalengdin sé 1560 m. — Alveg á sama hátt er það, þegar hann segir, að vegalengdin að Þorlákshver frá Skálholti sé 3 km. Þetta munar ekkert miklu, en endilega að láta skekkjuna vera á þennan veginn. Þetta sýnir, að málstaðurinn er ekki sterkur. Mér er sagt, að þessi vegalengd sé 2 km og 100 m samkv. mælingu, en hv. þm. gefur í skyn, að hún sé 3 km. Það skýrir sig sjálft, þetta skakkar ekki mjög miklu, en er nóg til þess að það er slagsíðað frá staðreyndum.

Það er talið af sama hv. þm., að það muni verða erfitt fyrir skólann að nytja túnið í Skálholti, þegar þessi hjáleiga væri stofnuð þarna vesturfrá, um 1 km vegalengd frá heimahlöðum Skálholts, þá ættu að verða vandræði að nýta þetta 800 hesta Skálholtstún. Ég er barn í búfræði, en það er eins og hann sé varla kominn yfir tanntöku í þeim efnum.

Tillögumaður hefur rætt um staðinn heima í Skálholti og hver misgerð það sé við hann að setja ekki skólann þar heima, og hvað bæjarstæðið hafi verið vel valið af fornmönnum. Hver mundi mótmæla því, að fornmenn hafi verið útsjónarsamir að velja bæjarstæði? Enginn hefur á móti því. En þegar þetta mál er nánar athugað frá sjónarmiði þeirra, sem eru kunnugir í Skálholti, þá er það sjáanlegt, að ef vel væri hýst og uppdubbað, þá er þar fallegt og virðulegt. En bæjarstæðið er nokkuð bratt og út frá því tiltölulega hallalítil mýrarvik strax fyrir austan og sunnan. Og þegar þetta fagra bæjarstæði var valið af þeim gömlu, var það ekki valið með tilliti til slíkra reginbygginga, sem bændaskólastofnun mun hafa í för með sér, og miðað við það álit hygg ég, að hyrfi fegursti svipurinn af túninu, því að það er dálítið þröngt. Þetta veit ég, að var rætt í n. og var gert að nokkru atriði. Í hæðadrögunum, þar sem á að reisa skólann, kemur ekkert slíkt til greina, þar er um að ræða jafnan og þægilegan halla í 3 áttir, og verð ég að segja, að það er talsvert mótsett við bæjarstæðið heima í Skálholti. Ég veit, að þeir, sem eru kunnugir þar, hljóta að játa þessu.

Það hefur verið rætt um það, að heima í Skálholti væru volgrur og þess vegna ætti að reisa skólann þar, og ég geri ráð fyrir, að það séu til volgrur hér og þar í kringum hinn mikla Þorlákshver, sérstaklega eru þær niðurundan tungunni með hæðadrögunum. Í Skálholtstúni skal

ég ekki fullyrða, hvort eru volgrur eða kaldavermsl. Sumir halda, að það sé kaldavermsl, en um það skal ég ekki fullyrða. — Hv. tillögumaður gerir ráð fyrir þeim möguleikum báðum, að skólinn verði reistur heima í Skálholti eða við túnið á hinu forna biskupssetri. Ef það yrði nú ofan á, samkv. hans till., að skólinn yrði reistur við túnið, hvar við túnið yrði þá tiltækilegri bændaskólastaður en tæpum 1 km frá túngarðinum, þar, sem n. gerir ráð fyrir að hann verði reistur? Ég hygg, að það sé ekki víða.

Ég hef áður látið þess getið, að það eigi ekki að vera að róta í þessu máli, því að því síðar verður byrjað á þessum framkvæmdum og það er aðeins til að drepa málinu á dreif að vera að rugla þetta í því. En ég þarf ekki að ræða þetta lengur. Ég álít, að hér sé um villurök að ræða, að það sé verið að gera á hluta staðarhelginnar í Skálholti með því að fylgja málinu eftir eins og n. hefur ákveðið. Ég álít, að það séu villurök, að til þess að halda ræktarsemi við staðinn eigi að setja skólasetrið heima í Skálholtshlaði. Hið forna Skálholt, með sína sögu og sína menningu, átti sér langtum viðtækara svæði en heimahlöðin á Skálholtsstað. Við þurfum ekki að leita langt. Skammt fyrir ofan túnið í Skálholti stendur mikil skólavarða, og ekki færi leiðinlega á því, að í hæðadrögunum fyrir vestan rísi bændaskóli Suðurlands, í samfelldri túnbreiðu við Skálholtstúnið sjálft, þar sem þarna er ekki ægilegri vegalengd á milli en raun ber vitni. Svo væri hægt að benda á, að í framtíðinni, á þessu vel ræktaða svæði, þar sem biskupssetrið var áður, þar væri búið að byggja upp á myndarlegri, ræktanlegri lóð t. d. fagra kirkju eða myndarlegt minjasafn, kannske gamla Skálholtsbæinn eins og hann var í tíma Brynjólfs Sveinssonar eða eitthvað slíkt. Svo, eins og hæstv. ráðh. hafði orð á, þar væri líka kennarabústaður. Ég álít, að hinar fornu minjar verði á engan hátt betur varðveittar en á þann hátt, sem fyrir mér og n. vakir.

Ég gef svo ekki um að vera að fjölyrða frekar um þetta mál, það hefur sinn gang. Hitt veit ég, að ef fara ætti að hræra í því á ný nú með nýrri ákvörðun í bága við þær ákvarðanir, sem fyrir liggja, þá sé ég ekki, hvað af því kynni að leiða, og einnig af þeim ástæðum mælist ég til þess, að till. verði á þægilegan hátt komið fyrir, ekki beinlínis felld, heldur vísað til ríkisstj. Mér finnst það eiga betur við, því að málið er í ákvörðunarvaldi ríkisstj. hvort sem er.

Umr. frestað.

Á 11. og 17. fundi í Sþ., 5. og 12. des., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Sþ., 11. febr., var enn fram haldið einni umr. um till.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 28. fundi í Sþ., 21. febr., var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 26 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

2. Hlutleysi útvarpsins.

Á deildafundum 26. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um hlutleysi útvarpsins (A. 54).

Á 4. fundi í Sþ., 30. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 5. og 9. fundi í Sþ., 5. og 20. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Sþ., 28. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Það er orðið nokkuð langt síðan þessi till. kom fram, og hefur málið tekið nokkrum stakkaskiptum síðan. Nokkur úrlausn hefur fengizt á einum lið málsins, en varðandi aðalefni till. hafa engar breytingar orðið.

Eins og hv. þm. muna, var það tilefni þessarar till., að útvarpið eða öllu heldur einn starfsmaður þess, Björn Franzson, hagaði fréttaflutningi sínum þannig, að málfar hans var líkast því sem hann vildi halla sér einungis að skýringum einnar stórþjóðarinnar, Rússa, á heimsviðburðunum. Þegar þetta mál var svo rætt í útvarpsráði og meiri hluti ráðsins gerði ráðstafanir til, að þessi fréttaflutningur héldi ekki áfram, tók fréttamaðurinn sig til og hélt ræðu í útvarpið, sem átti að vera almennur fréttafyrirlestur, en snerist brátt upp í allmikla varnarræðu móti blöðum þeim, sem höfðu deilt á hann fyrir fréttaflutning hans. Sérstaklega sneri hann sér að Alþýðublaðinu. Af ástæðum, sem mér eru ókunnar, tók hann það ráð í málsvörninni að lesa upp mikinn hluta af grein nokkurri, sem aðalritstjóri Alþýðublaðsins, Stefán Pétursson, hafði skrifað. Þegar þetta nýja innlegg kom í málið, tók að vaxa mikið óánægja í bænum og úti um land vegna þessa fréttaflutnings. Og þetta varð til þess, að öll aðalblöð bæjarins, Morgunblaðið, Vísir, Alþýðublaðið og Tíminn og einnig Dagur á Akureyri og Skutull á Ísafirði, sem sjaldan eru öll sammála, urðu sammála um það, að þessi vinnubrögð í útvarpinu gætu ekki gengið. Einnig komu mótmæli frá tveim sjálfstæðisfélögum hér í bænum. Það virðist því vera skoðun manna yfirleitt í borgaraflokkunum þrem, að þessi vinnubrögð í útvarpinu ættu helzt ekki að halda áfram. Aftur á móti varði Þjóðviljinn málið alldjarflega og taldi ekkert aðfinnsluvert hjá Birni Franzsyni.

Nú virðist svo sem sá hæstv. ráðh., sem fer með útvarpsmálin, hafi tekið þetta allnærri sér, og notaði hann tækifærið hér í Nd. í umræðum um óskylt mál til þess að deila á formann útvarpsráðs, sem einnig er þm., og hélt hann áfram

hér í þinginu á stöðum, sem ekki voru þó ætlaðir til að ræða þetta mál á. Í þeim umr. hélt ráðh. því fram, að hann hefði sérstaklega hvatt Björn til að taka þessa afstöðu í síðara skiptið. Þannig virðist hann hafa tekið á sig ábyrgðina á því, að fréttamaðurinn valdi þessa leið. En þótt hæstv. ráðh. væri að minnsta kosti efnislega samþykkur erindaflutningi Björns Franzsonar, ákvað þó útvarpsráð að leysa hann frá þessu starfi. Þá skrifaði ráðh. útvarpsráði bréf og virtist ætla að knýja það til að breyta þessari afstöðu. Með því tók hann upp þá mjög einkennilegu aðferð að ætla sér að fara að segja þingkosinni n. fyrir verkum. Stóð meiri hl. útvarpsráðs að því að hafa bréf hæstv. ráðh. að engu. En nú þykir svo hafa borið við, að þessi málflutningur hafi aukizt frá því sem áður var í þeirri deild, sem heyrir undir ráðh. Aftur á móti heyrðu fræðifyrirlestrarnir undir deild, sem var undir stjórn útvarpsráðs.

Nú má segja, að með ákvörðun útvarpsráðs hafi þessi deila milli útvarpsráðs annars vegar og hæstv. ráðh. og fréttamannsins hins vegar fengið nokkra stöðvun. En þarna eiga hlut að máli fleiri aðilar en hæstv. ráðh. og útvarpsráð, og stærsti aðilinn er þjóðin sjálf, sem á útvarpið og notar það til að hlusta á það. Hlustendur geta að vísu verið ánægðir, ef framvegis verður ekki tekinn upp sá siður, að starfsmenn útvarpsins eigi í orðakasti og í deilum í gegnum útvarpið við ýmsa blaðamenn. En hitt er eftir, sem till. mín að öðrum þræði snýr að. Það er, hvort Alþ. vill ekki gera það eina, sem getur tryggt það, að svipað komi ekki aftur fyrir í útvarpinu, og það er, að horfið sé að því, að hér sé sá siður upp tekinn, sem víða er tíðkaður, að útvarpsráð láti lesa yfir allt útvarpsefni áður en það er flutt. Ástæðan til þess, að þetta hefur ekki verið gert, er ekki fyrir hendi nú. Útvarpið var fyrst fátæk stofnun, en þar sem fjárhagur þess hefur batnað með vaxandi viðskiptamannatölu, er nú svo komið, að ekki er ástæða til að spara þennan lið. Mér er sagt af mönnum, sem eru mér fróðari um þessi mál, að þessi siður sé viðhafður hjá öllum stærri útvarpsstöðvum og að útvarpið tryggi hlustendur móti slíkum mistökum sem þessum, með því að láta koma með allt efni skrifað og það lesið áður en það er flutt. Þetta er kannske dálítið erfitt viðkomandi fréttunum, en þó er það enginn vandi, ef forráðamenn útvarpsins vilja koma þessu á. Samþ. þessarar till. mundi leiða af sér nokkuð aukinn kostnað, en þegar litið er á reksturskostnað útvarpsins í heild, þá er ekki hægt að telja það frágangssök. Ég tel, að ekki verði lengur hjá því komizt að minna ríkisstjórnina á að taka upp sama öryggi í þessu efni og aðrar þjóðir. Hér er ekki eingöngu um efni að ræða, heldur líka um form þess efnis, sem flutt er, mál o. s. frv.

Ég óska, að málinu verði vísað til n., að þessari umr. frestaðri, og það tekið svo fyrir aftur, eftir að n. hefur athugað það.

Magnús Jónsson: Ég hef ekki hugsað mér að ræða það verulega að svo komnu, hvort hlutleysi útvarpsins hafi verið brotið í þessu tilfelli eða ekki, enda hefur komið í ljós, að spjótin hafa staðið að útvarpinu frá báðum hliðum í þessu máli. Það er einkennilegt, að um leið og hér liggur fyrir till. um nokkrar ávítur til útvarpsins fyrir að hafa brotið hlutleysi sitt kommúnistum í hag, þá hefur útvarpsráð einnig, eins og hv. frsm. vék að, orðið fyrir aðkasti fyrir að hafa verið hlutdrægt á móti þessum stjórnmálaflokki. Ég ætla að láta þetta liggja milli hluta.

Ég held, að langheppilegast sé fyrir þessa stofnun, að hún fái að starfa í friði, og þeim mönnum, sem Alþ. kýs til að gæta hennar, sé treyst til að gera sitt bezta, en ella sé skipt um menn. Áður en þessi till. fer til n., vil ég segja það viðvíkjandi henni, að ég álít, að sú aðferð, sem hér er stungið upp á, að ritskoða allt efni, sem flutt er, til þess að tryggja hlutleysi, sé mjög óheppileg og erfið í framkvæmd, einkum ef þetta skal gert á ábyrgð útvarpsráðs. Ég skal geta þess fyrst, að auðvitað er mjög mikið af efni útvarpsins ritskoðað. Það er lesið yfir eins og efni tímarita til að sjá, hvort það er yfirleitt tækt til flutnings frá almennu sjónarmiði. Hins vegar hefur útvarpsráð yfirleitt látið fasta trúnaðarmenn sína flytja erindi fyrir sig án þess að lesa þau yfir, t. d. fréttamenn og menn, sem eru ráðnir til að halda ákveðna þætti eins og Um daginn og veginn. Útvarpsráð sýnir þeim yfirleitt fullt traust. Það verður auðvitað alltaf persónulegt atriði að meta slíkt, en fram hjá því er ekki hægt að ganga. Flm. taldi það vera vegna fátæktar, að ekki hefði verið búið að koma ritskoðun í framkvæmd fram til þessa. En þetta er ekki mín skoðun, a. m. k. ekki eingöngu. Ég held það sé vegna þess, að mjög erfitt er að koma því við. Ég vildi nú spyrja, hvernig haga eigi þessari ritskoðun. Hvernig á að haga því svo, að útvarpsráð geti tekið ábyrgð á öllu því, sem flutt er, og aldrei komi orð, sem ekki hneyksli einhvern í landinu? Eina ráðið væri, að útvarpsráð læsi allt útvarpsefnið, en ég býst við, að hv. þm. sé ljóst, að það er útilokað. Útvarpsráð er nefnd manna, sem eru störfum hlaðnir og koma aðallega saman til að velja efni til flutnings og koma fram með hugmyndir sínar því viðkomandi. Ég hygg, að þótt þeir sætu nokkurn veginn alltaf við, ættu þeir fullt í fangi með að komast yfir allt útvarpsefnið. En hvernig ætti svo útvarpsráð að komast að niðurstöðu um það, hvað væri virkilega hlutlaust efni og hvað ekki? Útvarpsráð er kosið af stjórnmálaflokkunum og er því þannig saman sett, að það er líklegast til að verða aldrei sammála. Sérstaklega gilti þetta, ef um pólitísk mál væri að ræða. Það virðist því augljóst, að fyrir flm. vakir, að útvarpsráð velji trúnaðarmenn til þess að gera þetta. En hvernig á að trúa trúnaðarmönnum til að gera þetta rétt (*JJ*: Eins og fiskimatsmönnum). Ég sé ekki, að hægt sé að treysta þeim nokkuð betur en þeim mönnum, sem trúað er fyrir að flytja erindin. Er nokkur meiri trygging fyrir því, að þeir bregðist ekki? Þótt ritskoðandi teldi eitthvað ekki hlutdrægt, mundi annar alveg eins geta talið það það. Og ólíklegt er, að útvarpsráð, sem er skipað fulltrúum allra stjórnmálaflokkanna, komist að nokkurri niðurstöðu. Það er því ekki neitt ráð til í þessu máli. Eina ráðið til þess, að engum finnist hlutdrægni gæta í út-

varpinu, er það að segja því að þegja. Nú er útvarpið hins vegar stofnað til að tala, og þess vegna væri ekki hægt að segja því að þegja. Hins vegar væri ef til vill hægt að takmarka svið þess og láta það segja þannig frá, að aldrei væri komið nálægt veruleikanum. Jón Magnússon fréttastjóri hefur sagt mér, að hann hafi sterka tilhneigingu til að halda, að sú nákvæmni, sem hann verði að nota, geri fréttayfirlitin nauða ómerkileg, því að ekki sé hægt að segja almennar fréttir öðruvísi en að einhverjum finnist, að verið sé að draga fram þetta mál frekar en hitt. Ég held þess vegna, að þessi ritskoðun mundi aldrei geta tryggt þetta. Þar að auki er því til að dreifa, að oft vinnst enginn tími til þess að framkvæma þetta, því að fréttayfirlitið er samið svo til um leið og það er flutt og gildi þess stundum fólgið í því, að það sé samið nógu stuttu áður en það er flutt. Það er um að gera, að fréttir af viðburðum utan úr heimi eða héðan að heiman séu fluttar sem nýjastar, þegar þær eru fluttar. — Um annað efni, svo sem erindi, get ég upplýst það, að útvarpið mundi missa talsvert af því bezta, sem það hefur að flytja hlustendum sínum, ef allt efni ætti að vera háð ritskoðun, því að margir af okkar mestu fræðimönnum mundu aldrei nærri hljóðnemanum koma, ef erindi þeirra yrðu að vera háð ritskoðun, þar eð þeir geta skrifað það sem þeir vilja í tímarit og blöð. Og ég held, að ef hlustendur yrðu spurðir að því úti um land, hvort þeir vildu vinna það til að hafa ritskoðun á efni útvarpsins til þess að heyra ekki einhverjar setningar, sem sumum viðkvæmum mönnum fyndust hættulegar fyrir aðra, mönnum finnst alltaf hættan vera fyrir aðra, en ekki fyrir þá sjálfa, og að missa þar með marga okkar beztu krafta frá útvarpinu, þá held ég, að langflestir hlustendur mundu litið kæra sig um ritskoðun, því að það er nú svo, að þorri fólks vill heyra það bezta og skemmtilegasta, sem útvarpið hefur að flytja, en skiptir sér minna af skoðunum. — Það kom einhverju sinni fyrir, þegar fluttir voru sönglagaflokkar frá ýmsum þjóðum, að þegar verið var að leika sönglög frá Rússlandi, þá var sunginn söngur um Stalin. Þetta varð brátt að blaðamáli. Þetta mátti ekki, þetta gat verið hættulegt. En ég veit nú ekki til, að neinn hafi orðið að kommúnista, þótt þessi söngur hafi verið leikinn. Ég geri svo ráð fyrir, að söngur hefði heyrzt frá hinni hliðinni, ef leikinn hefði verið söngur um Churchill.

En sannleikurinn er sá, að það er farið rangt með ákvæði útvarpslaganna um þetta. Það er verið að ræða um hlutleysi útvarpsins, en í l. um útvarpið segir, að útvarpsráð skuli gæta þess að skoðanafrelsi og óhlutdrægni ríki, en ekki minnzt á orðið hlutleysi, enda ekki hægt. Það á að reyna að láta skoðanafrelsi og óhlutdrægni ríkja, og ég hef hugsað mér, að þetta sé útfært þannig, að t. d. þegar stofnað er til umr. frá Alþ., þar sem vitanlega koma fram mismunandi skoðanir og sjónarmið, sem ætla mætti, að væru brot á hlutleysi, þá er reynt að gæta óhlutdrægni með því að láta fólkið hlýða á málin frá öllum hliðum. Það er fjarstæða að vera að tala um hlutleysi, því að þá mætti aldrei segja skoðun á neinu máli. Útvarpsráð fær iðulega skammarbréf frá hinum og öðrum mönnum, um það t. d., að einhver ræðumaður hafi talað illa um iðnaðarmannastéttina, eða kvartanir frá templurum eða íþróttamönnum, að hallað hafi verið eitthvað á þá. En það er hins vegar ekki hægt að tala svo, að þeim, sem einhverjar skoðanir hafa, finnist ræðumaður tala eins og þeir hefðu kosið að væri talað.

Við erum nú alveg nýkomnir út úr heimsstyrjöld, þar sem annar aðilinn hafði hér mikil völd og tök á landinu. M. a. hefði hann getað sett útvarpið undir sterkt eftirlit, og komu sí og æ óskir um, að efni þess yrði háð ritskoðun, en þetta gat stjórn útvarpsins einhvern veginn alltaf hólkað fram af sér, og komst ritskoðun aldrei á, þrátt fyrir það, að oft gat fylgt því áhætta fyrir þennan stríðsaðila að flytja allt efni útvarpsins óritskoðað; t. d. gat dulmál leynzt í ýmsum tilkynningum eða auglýsingum. Og þegar ég hugsa um þessa viðkvæmni Íslendinga út af því, hvort sagt er meira eða minna frá þessari borginni eða hinni, þá verður mér ósjálfrátt hugsað um það, þegar þessi stríðsaðili, sem barðist upp á líf eða dauða og hafði þau tök hér á landi, að hann hefði getað beitt áhrifum sínum eftir vild, þá lét hann útvarpið ár frá ári flytja fréttir frá Berlín, skammir um Roosevelt og Churchill og alls konar ísmeygilegar áróðursfregnir um bandamenn. Aldrei hindraði hann þetta. En okkar eigin samlandar mega varla heyra eina setningu, sem einhver teldi hlutdrægni, þá er stokkið upp til handa og fóta. Ég hlusta oft á útvarp frá útlöndum og hef heyrt þar fluttar harðpólitískar ræður, en þar þekkist ekki slík viðkvæmni sem hér, því að útvarpið flytur slíkt án þess að nokkur andmæli eða hindri það. Ég held, að bezt væri fyrir okkur að leggja af okkur þann kotungsbrag, sem kemur ekki sízt í ljós í stöðugri hræðslu um, að aðrir snúist eða verði fyrir áhrifum, ef þeir heyra eitthvað, sem þeir eru ekki vanir að heyra. Það er efalaust, að útvarpið okkar verður skemmtilegast og fróðlegast, ef ekki verða lögð á það of ströng bönd í þessum efnum. Hitt er svo annað mál, að það er skylda útvarpsráðs og Alþ., sem ber ábyrgð á því, að hafa ávallt gætur á því, að útvarpið verði ekki of einhliða í að flytja eina ákveðna stefnu, — og allra sízt, ef hún er talin skaðleg, — en það verður að leyfa talsvert mikið frjálsræði í að tala á þann veginn eða hinn.

Það er þetta, sem ég vildi láta fylgja málinu til n., að hún fari varlega í það að setja ritskoðun á útvarpið; bæði mundi framkvæmd slíkrar ritskoðunar verða fyrir nákvæmlega sama aðkasti og útvarpsráð og fréttastofan hefur nú orðið fyrir, og eins mundi útvarpið verða af margvíslegu góðu efni, ef farið yrði að skylda hvern mann, sem ætlar að flytja erindi þar, til þess að setja handrit sitt undir ritskoðun.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Ég vissi ekki af því, að þetta mál var hér á dagskrá, fyrr en rétt nú, vegna þess að ég hafði ekki fengið dagskrána og hef því ekki hlustað á ræðu hv. flm., en geri ráð fyrir því, að hún hafi

verið rökstuðningur með þeirri till., sem hann flytur á þskj. 54. — Ég get sagt það strax, að mér þykir mjög vænt um, að aðalefni þessarar till. skuli vera borið fram. Ég er alveg sammála hv. flm. hennar um það, að útvarpið eigi að vera hlutdrægnislaust eins og því ber að vera samkv. l., og vænti þess, að þessi till. nái samþ. hæstv. Alþ., þ. e. a. s. þegar búið er að gera nauðsynlegar breyt. á henni í n., sem ég vona, að henni verði vísað til.

Ég tel, að ríkisstj. beri skylda til að vaka yfir, að reglum útvarpsins sé fylgt um fullt skoðanafrelsi og óhlutdrægni. Hins vegar vil ég nota tækifærið til þess að benda á sérstaklega, að valdið yfir útvarpinu og því efni, sem það flytur, og þar með ábyrgð á útvarpinu er að mjög miklu leyti í höndum Alþ., en ekki ríkisstjórnarinnar. Útvarpsráðið er kosið af Alþ. og það ræður yfir dagskrá útvarpsins og því sjálfu ber skylda til að sjá um, að lögum og reglum útvarpsins sé fylgt. Ég álít því, að það geti orðið mikill stuðningur að því fyrir ríkisstj., að svona till. eins og þessi verði samþ. Hins vegar þarf að breyta till. og ég er samþ. hv. 1. þm. Reykv., form. útvarpsráðs, um það, að það eru vandkvæði á að hafa ritskoðun á öllu efni, sem útvarpið flytur, og vænti ég þess, að hv. flm. geti fallizt á þær nauðsynlegu breyt., sem á till. þarf að gera. Hlutleysi er nokkuð óheppilegt orð að mínum dómi, og álít ég, að hv. 1. þm. Reykv. hafi einmitt með sinni ræðu rökstutt það nokkuð vel, þótt ég heyrði hann ekki minnast á þetta orð. Það segir sig sjálft, að ýmsum sjónarmiðum verður að leyfast að flytja mál sitt í útvarpið eins og nú er, og því er það, eins og hv. síðasti ræðumaður tók fram, ómögulegt að girða fyrir, að ýmis stríðandi sjónarmið komi fram í því efni, sem þar er flutt. Það er t. d. kunnugt, að stjórnmálaumr. eru leyfðar í útvarpinu og þær eru að sjálfsögðu ekki hlutlausar, en slíkt er hlutdrægnislaust, því að þar hafa öll sjónarmið jafnan rétt. (*MJ:* Ég var einmitt að benda á þetta atriði). Ég hef þá ekki verið kominn inn til þess að heyra það. Í l. um útvarpsrekstur ríkisins álít ég, að þetta sé alveg rétt orðað, en þar stendur í 5. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Útvarpsráðið tekur ákvarðanir um það, hversu dagskrá skuli hagað í höfuðefnum, og leggur fullnaðarsamþykkt á dagskrá, áður en hún kemur til framkvæmda. Það setur reglur um fréttaflutning útvarpsins og aðrar þær reglur, er þurfa þykir til gæzlu þess, að við útvarpið ríki skoðanafrelsi og fyllsta óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í almennum málum, atvinnustofnunum, félögum og einstökum mönnum." Hér er það staðfest í l., að ríkja skuli skoðanafrelsi og óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og félögum. Þetta er alveg rétt hugsað, og er það engin tilviljun, að orðalagið hefur verið haft þannig, er l. voru sett. Ég geri líka ráð fyrir því, að það, sem fyrir hv. flm. till. vaki, sé það, að þessum lagaákvæðum sé framfylgt og ekkert annað. Þetta er aðalefni till., og það á að nægja. Hitt atriðið, sem fjallar um að koma á ritskoðun við útvarpið, held ég, að eigi að fella niður, því að það mundi verða mjög erfitt í framkvæmdinni, ef ritskoða ætti allt útvarpsefni, og ætti að vera alger óþarfi, þegar vanir starfsmenn útvarpsins eiga í hlut. Annars taldi ég líklegt, að útvarpsráð sjálft mundi segja álit sitt á þessu máli og væri rétt að gefa því kost á því, en formaður þess hefur lýst sinni skoðun, sem að þessu leyti er í samræmi við mína skoðun. — En fyrsta spurningin, sem þarf að leysa úr, er, hvort þetta sé yfirleitt framkvæmanlegt. Sumum mundi ef til vill finnast svona till. óþarfi. Ég álít, að svo sé ekki. Að vísu hefði vissulega verið meiri þörf á, að svona till. hefði komið fram og verið samþ. oft áður, því að það hafa áður komið fyrir tímabil, þar sem ákvæðin í l. um óhlutdrægni og skoðanafrelsi hafa verið svo fullkomlega brotin, að þrátt fyrir góðan vilja núverandi útvarpsstjóra, þá hefur útvarpið að verulegu leyti verið tekið í þjónustu ákveðins áróðurs, ákveðinnar stefnu og ákveðins flokks. Þetta hefur nú mikið lagazt. Það skal ég játa, en enn þá er pottur brotinn. T. d. kemur meginið af þeim fréttum, sem útvarpið flytur, um eina stöð, London, og það fer ekki hjá því, að slíkt fréttaefni sé nokkuð litað, og oft og einatt eru allmikil brögð að því. Bretar eru sérstaklega slungnir í að koma fram áróðri gegnum fréttir. Og einnig er það, að starfsmenn útvarpsins nota mestmegnis amerísk og ensk tímarit sem heimildir fyrir fréttayfirlitserindi sín, og það fer þess vegna ekki hjá því, að útvarpsefnið og þau sjónarmið, sem þar eru túlkuð, séu allmjög einhliða og þess vegna ekki hlutdrægnislaus. Ég tel mér skylt, eftir því sem ég hef vald til, að stuðla að því að færa þetta til betri vegar, og ég álít, að samþykkt slíkrar till. sem þeirrar, er hér liggur fyrir, sé stuðningur við þessa viðleitni mína. Ég veit, að starfsmenn útvarpsins hafa hug á því að færa þetta til betri vegar, og vil vona, að útvarpsráð sé mér sammála um að vilja stuðla að þessu. Það horfir að vísu ekki vænlega nú, þar eð út af einu máli hefur orðið mjög alvarlegur ágreiningur milli mín og útvarpsráðs, en ég vil þó vona í lengstu lög, að það geti orðið samstarf milli mín og útvarpsráðs um það að sjá um, að l. um útvarpið sé fylgt og það fært til betri vegar, sem ábótavant hefur orðið í þessum efnum.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Mér þykir alveg rétt, eins og hv. frsm. till. gat um, að þessu máli verði að frestaðri umr. vísað til n. Ég er að vissu leyti sammála þeim hæstv. menntmrh. og hv. 1. þm. Reykv., að það muni vera vafasamt, að hægt sé á þann hátt, sem hv. frsm. till. gerir ráð fyrir, að koma á ritskoðun á því, sem flutt er í útvarpinu, svo að gagni mætti koma. En úr því að þetta mál er komið hér til umr., vildi ég, áður en það fer til n., sérstaklega minnast á eitt atriði, sem að mínu áliti er mest þörf á að athuga og mest þörf á að endurbæta, og það eru útlendu fréttirnar og jafnvel erindi, sem flutt eru um það, sem gerist úti í heimi. Mér hefur alltaf virzt frá því fyrsta og ekki hvað sízt nú í seinni tíð, að útlendu fréttirnar væru mjög ófullkomnar og að stundum hafi þar borið á hugtakaruglingi og jafnvel frásögnum, sem væru blekkjandi fyrir hlustendur. Það er þetta, sem þarf að forðast, ef fréttir útvarpsins frá út-

löndum eiga að vera á þann hátt, sem vera ber, þ. e. fræðsla um það, sem gerist úti í heimi, eftir þeim óhlutdrægustu heimildum, sem hægt er að fá. Ég sagði áðan, að mér virtist hafa borið á því, að í útlendu fréttunum væru notuð villandi orð, og skal ég minnast á þetta nokkru nánar. Á stríðstímunum hefur verið fundið upp á því að þýða yfir á íslenzku heiti á útlendum elfum og borgum eða nota íslenzkar endingar, og í sambandi við þetta hefur mér oft dottið í hug, hversu illa hefur til tekizt, þegar skýrt hefur verið frá heitum á erlendum stjórnmálaflokkum. Svo illa hefur oft til tekizt, að þetta hefur oft verið mjög villandi fyrir þá, sem ekki hafa haft möguleika til þess að vita neitt meira en það, sem sagt hefur verið í fréttum útvarpsins. Það hefur ýmist verið farið inn á þá braut að þýða heitin á þeim eða þeir hafa haldið sínum útlendu heitum og virðist það hafa verið tilviljun ein, hvort orðið hefur ofan á í það og það skiptið. Þessi ruglingur hefur orðið til þess, að frásagnir um erlenda stjórnmálaflokka hafa oft gefið rangar hugmyndir, ef hlustendur hafa ekki vitað eitthvað nánar um þá. Sérstaklega er þetta dálítið viðkvæmt hér á landi, þar sem allir stjórnmálaflokkar hafa að vissu leyti íslenzkt heiti: Sjálfstfl., Framsfl., Alþfl. og jafnvel Sameiningarfl. alþýðu, þótt hann hafi útlenda orðið á eftir og kalli sig Sósfl. Nú er það svo að vísu, að flokkaskiptingin í lýðfrjálsum löndum, þar sem leyfðir eru allir stjórnmálafl., er dálítið misjöfn, en þó má sjá spegilmynd af íslenzku stjórnmálafl. í hverju því lýðfrjálsu landi, þar sem flokkar geta óhræddir starfað. Í þessum löndum eru fleiri en einn borgaralegur flokkur, sem kallast konservatívir flokkar eða afturhaldsflokkar — eða hægri flokkar. Einnig eru þar oft frjálslyndir borgaralegir flokkar, sem nefna sig ýmsum nöfnum. Síðan eru í öllum þessum löndum til tveir fl., sem á útlendu máli eru oft kallaðir socialdemokratar og kommúnistar. Við vitum það allir mjög vel, sem eitthvað þekkjum til íslenzkra stjórnmála, að verklýðshreyfingin hér hefur skipt sér í tvær höfuðgreinar með misjöfnum stjórnaraðferðum og með að mörgu leyti mismunandi stefnuaðferðum; annars vegar hafa verið kommúnistar, en hins vegar hafa verið þeir, sem hafa verið kallaðir social-demokratar, þótt þeir muni sums staðar hér einnig kallaðir sósíalistar. Þetta var samt greinilegt fyrir stríð, meðan alþjóðasamböndin störfuðu, þ. e. 2. og 3. alþjóðasambandið, 2. alþjóðasambandið, sem samanstóð af sósíaldemokratiskum flokkum, og 3. alþjóðasambandið eða „Comintern", sem samanstóð af kommúnistum. Þessi tvískipting kom skýrt fram í verklýðshreyfingunni hér á Íslandi. Annars vegar sá flokkur, sem tekið hefur sér nafnið Alþýðuflokkur, og hins vegar Sósíalistaflokkurinn, áður Kommúnistaflokkurinn, sem var deild úr „Comintern" fyrir 1938, en eftir það mun þessi flokkur ekki hafa verið í neinu alþjóðasambandi, þótt forustumenn væru hinir sömu og Kommúnistaflokksins. Tveir þessara manna eru nú ráðherrar fyrir Sósíalistaflokkinn, og munu þeir ekki neita, að hér sé rétt með farið. Hér eru því tveir flokkar eins og áður, Alþýðuflokkurinn, sem er í 2. alþjóðasambandinu, og Sósíalistaflokkurinn, sem stjórnað er af kommúnistum.

Þegar svo skýrt er frá erlendum fréttum í útvarpinu, af kosningum eða öðru slíku, virðist tilviljun ein ráða, hvaða nafn er notað í hvert sinn yfir erlenda alþýðuflokka. Þá er ýmist notað orðið sósíalistar eða demokratar. Þannig er það, þegar skýrt er frá kosningasigrum eða framkvæmdum ýmiss konar. Þá er sagt, að sósíalistar hér eða þar hafi gert þetta og þetta. Þetta veldur auðveldlega ruglingi, þannig að almenningur á bágt með að átta sig á fréttunum. Einatt er þessu ruglað saman þegar talað er um sænsku og ensku alþýðuflokkana, sem eru hinir stærstu í hvoru landi. Þegar t. d. er sagt, að X á Ítalíu eða Y í Grikklandi hafi gert þetta og þetta, þá hugsar fólk: Er þetta ekki sams konar maður og sósíalistar hér á Íslandi? Þannig mætti fleira telja. Nú vill svo til, að til er á íslenzku orð, sem komið er frá Jóni Ólafssyni. Það er jafnaðarmenn, jafnaðarmannaflokkur og jafnaðarstefna. Þessi orð eru sambærileg við erlenda orðið sosial-demokratar og fela í sér hið sama. — Ég átti eitt sinn tal um þetta við fréttastofuna, að þetta gæti ruglað fólk og betur færi á að nota hér íslenzk orð. Í rauninni má segja, að þegar þýða á orð eins og Labour-Party, þá liggi nær samkvæmt merkingu orðsins að þýða það Alþýðuflokkur fremur en Verkamannaflokkur. Á Íslandi eru verkamenn ákveðin stétt, en brezki verkamannaflokkurinn stendur saman af allri alþýðu og á því betur við að nota það nafn, þegar talað er um þennan flokk á íslenzku. En þyki þetta nú ekki gott, þá má nota orðið jafnaðarmenn eða jafnaðarmannaflokkur. (*SB:* Er það rétt þýðing á orðinu?) Það er rétt, ef menn vilja gefa rétta hugmynd um stefnu flokksins.

Fleira mætti til tína um ranga túlkun á fréttum útvarpsins. Þann 27. september í haust var skýrt frá nefndarskipun í Austurríki og sagt, að 2 menn frá „alþjóðaflokknum" ættu sæti í þessari nefnd. Þetta mun hafa átt að vera þýðing úr „Folksparti", en „Folk" þýðir þjóð og ætti þetta því að vera Þjóðflokkur. Er þetta þess vegna röng þýðing hjá útvarpinu, og svo mætti enn telja. Vitanlega getur orðið erfitt að finna nöfn þannig, að ekki verði um villzt.

Þetta var nú um þetta atriði. Yfirleitt virðast erlendu fréttirnar fremur losaralegar og mun mörgum finnast það léleg fræðsla, sem almenningur á þar völ á. E. t. v. stafar þetta af því, að ekki er nægur mannafli á fréttastofunni. Í þessu sambandi vil ég geta þess, að ég tel vafasamt að flytja útvarpsfréttir frá Moskvu á þann hátt sem gert er, sökum þess að útvarpið þar túlkar einungis eina stefnu og eitt sjónarmið. Það er ekki þar með sagt, að ekki megi fylgjast með fréttum þaðan og skýra frá útdrætti úr þeim. Þannig er það t. d. með Lundúnaútvarpið. Þar hlusta fréttaritararnir á erlendar útvarpsstöðvar, vinza síðan úr og koma með sjálfstæðar fréttir. Nú vil ég ekki segja, að erlend útvörp séu öll hlutlaus. Það vita menn, að ekki er. En hitt er augljóst, að ólíkt er að hlusta á útvarp t. d. frá London og Moskvu. Það er líkast tveim ólíkum heimum. Þess vegna segi ég, að það eigi að hlusta á Moskvaútvarpið, en flytja ekki frétt-

ir beint frá því. Hugsum okkur t. d., þegar endurtekið er tíu sinnum, að einn fótboltaflokkur hafi sigrað í Bretlandi. Væri hugsanlegt, að slíkt kæmi fyrir í brezku útvarpi. Ég held ekki.

Ég held, að íslenzka fréttastofan þurfi endurbóta við. Hún þarf að fá fleiri og nýrri blöð og fréttir. Ég er sammála kennslumálaráðherra um það, að gott væri að fá blöð víðar að en frá Bretlandi og Bandaríkjunum, jafnvel þau blöð, sem flytja áróðursfregnir. Það verður svo að vera hlutverk fréttamannanna að vinna úr því það, sem nýtilegt er. — Þá tel ég nauðsynlegt að koma sér niður á ákveðin nöfn á hinum algengustu pólitísku flokkum og stefnum.

Allt þetta tel ég, að beri að athuga. Ég legg því til, að umr. verði frestað og málinu vísað til nefndar.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það er ánægjulegt að heyra, hvað menn eru sammála um, að útvarpið eigi að vera hlutlaust. En eins og hæstv. kennslumálaráðherra gat um, þá er eftirlit þessarar stofnunar í höndum tveggja aðila. Segja má, að vald það, sem útvarpsráð hefur, sé í höndum Alþingis, þar sem það er kosið af Alþingi. Nú hefur það komið í ljós, að menn hafa yfirleitt ekkert að setja út á starfsemi útvarpsráðs, heldur hefur starfsemi þess sætt almennri ánægju. Hins vegar hefur nokkur óánægja orðið út af starfsemi fréttastofunnar, en stjórn hennar er í höndum útvarpsstjóra og menntmrh. Þar sem nú hefur komið fram, að fréttastofan og útvarpsstjóri hafa sætt nokkurri gagnrýni, lít ég svo á, að þessum málum væri bezt skipað á þann hátt, að fréttastofan væri einnig lögð undir útvarpsráð. Og þar sem hæstv. menntmrh. hefur með mörgum orðum lýst sínum einlæga og góða vilja í því að leysa þetta mál og tryggja hlutleysi útvarpsins, vil ég beina því til n., hvort ekki væri rétt að fela útvarpsráði stjórn þessarar stofnunar, þar sem það virðist rétt mynd af vilja þjóðarinnar. Vona ég, að hæstv. menntmrh. beiti sér fyrir þessu.

Menntmrh. (Bryjólfur Bjarnason): Herra forseti. Út af ræðu hv. 4. þm. Reykv. vil ég fyrst segja það, að lengi mun um það mega deila, hvernig þýða skuli hin ýmsu flokkanöfn. Sést það bezt á því, að hann tók að gagnrýna þá aðferð að kalla flokkana þeim nöfnum, sem er bókstaflega hárrétt þýðing á þeirra erlendu heitum. Það er réttast að kalla flokkana þeim nöfnum, sem þeir heita, og nota þá alþjóðleg nöfn yfir þá.

Þá var hér og annað atriði hjá hv. þm., sem ég er honum ósammála um. Hann hafði á móti fréttaflutningi frá Moskvu, en það mun stafa af því, að skoðanir Moskvaútvarpsins stemma verr við skoðanir hv. þm. en skoðanir Lundúnaútvarpsins. Þetta er öfugt hjá mér. En þetta sýnir þá stöðugu tilhneigingu hjá mönnum, að útvarpið sé hlutdrægt. Skrýtið, að enginn skuli hafa haft á móti því, að fréttir voru teknar frá Berlín. Fréttir hafa alltaf verið hér of einhliða, þar eð mest hefur verið tekið af fréttum frá London, en það stafar sennilega mest af hnattstöðu okkar. Ég er á móti því að sjóða saman fréttir frá mörgum stöðvum í óbeina frásögn. Það er skemmtilegast að heyra beinan útdrátt frétta frá sem flestum stöðvum.

Þá kem ég að því, er hv. 6. þm. Reykv. sagði, og það hlýtur að gefa mér tilefni til að ræða öll þessi mál nánar en ég ætlaði. Hann telur rétt, að fréttastofan væri líka undir útvarpsráði, og færði rök að því, og skein í gegnum það vantraust á útvarpsstjóra og þá einkum upp á síðkastið. En í því felst einnig vantraust á mig. Í orði kveðnu erum við sammála um, að skoðanafrelsi skuli ríkja hér, en þó greinir okkur á um margt, og vil ég gera því nánari skil. Út af ágreiningi milli útvarpsráðs og mín um erindi frá útlöndum, þá vil ég taka það fram, að ég tel þætti Björns Franzsonar algerlega óhlutdræga og miklu óhlutdrægari en flesta aðra slíka þætti. Og þess vegna tel ég ráðstafanir tveggja útvarpsráðsmanna gagnvart Birni algerlega óréttmætar. Í þætti sínum, sem mest var um rætt og gaf tilefni til ádeilna á útvarpið, sagði hann frá skoðunum rússnesks blaðamanns, en hér hefur meir borið á skoðunum vestrænna blaðamanna. Með þessu tel ég, að hann hafi verið að gera útvarpið minna einhliða. Og í seinna þættinum reyndi hann að sýna fram á, að árásirnar á hann væru rangar og las þar upp athugasemdalaust ritstjórnargrein eftir Stefán Pétursson. Mér finnst alveg ótækt að tala um hlutleysisbrot í þessu sambandi, og þeir hafa orðið sér til athlægis, sem það hafa gert, en hitt er satt, að það gat orkað tvímælis, að hann færi að minnast á gagnrýni á sjálfan sig, og hefði átt að benda honum kurteislega á það. Af því að útvarpið hefur verið hlutdrægt, þá finnst sumum mönnum alveg ótækt, ef það verður óhlutdrægt, og bendir það raunar til þess, að þeir séu alveg orðnir ruglaðir í því, hvað sé hlutdrægni og hvað ekki. Þar eð aðeins eitt blað hefur birt athugasemdir útvarpsstjóra um þetta efni, þá vil ég leyfa mér að lesa úr skýrslu hans um þetta, með leyfi hæstv. forseta, og segir útvarpsstjórinn þar:

„Samkvæmt því sem háttað er um hnattstöðu lands okkar og sambönd við aðrar þjóðir, verður meginhluti allra frétta og fréttaheimilda útvarpsins sóttur til hinna engilsaxnesku og norrænu þjóða. Sundurliðun á fréttamagni liggur að vísu ekki fyrir. Hitt verður hverjum athugulum manni ljóst, að fréttir frá Rússlandi og málstað Rússa er aðeins mjög óverulegur hluti af öllu fréttamagni útvarpsins.

Nú er það staðreynd, að ádeilur á fréttastofu útvarpsins og ásakanir um áróðurskenndar fréttir hafa vaxið í sömu hlutföllum og viðleitni hennar að greina einnig frá því, er Rússa varðar. Og þar sem engin rök né tilraun til rökstuðnings um áróður og hlutdrægni fréttastofunnar liggur fyrir, verður að álykta, að ádeilurnar séu risnar af þeirri óbeinu og óumtöluðu kröfu einhvers hluta þjóðarinnar, að fréttastofan dyljist alls þess, er gerist með Rússum, og gangi þegjandi fram hjá málstað þeirra og málflutningi. Orsakirnar liggja þannig í meira eða minna ofstækiskenndum pólitískum ágreiningi í landinu, sem fréttastofan lætur sig ekki varða og getur ekki látið ráða fréttavali sínu og fréttaflutningi.

Það er enn fremur alkunn staðreynd, meðal annars studd af ítrekaðri reynslu fréttastofunnar, að kvartanir um hlutdrægni í fréttaflutningi berast einkum frá þeim mönnum, sem eiga erfiðast með að sætta sig við óhlutdrægni og vilja láta liggja í þagnargildi eða ófrægja málstað og málflutning, sem er andstæður eigin skoðunum þeirra eða hagsmunum. Ég kem síðar meir að þessu sögulega.“ — *Og enn segir útvarpsstjóri:* „Mér þykir í þessu sambandi ástæða til að vekja athygli landsmanna á starfsemi fréttastofunnar meðan á hernáminu stóð og viðskiptum hennar við herstjórn bandamanna hér á landi. Fréttastofan ákvað í upphafi styrjaldarinnar að rækja lögákveðna hlutleysisskyldu sína í öllum frásögnum af stríðinu og flytja fréttir frá báðum aðiljum eftir þeirra eigin opinberu heimildum. Þegar Bretar hernámu landið árið 1940, hafði fréttastofan ástæðu til að óttast, að herstjórn þeirra mundi ekki virða þessa afstöðu fréttastofunnar og mundi telja sér nauðsynlegt að hlutast til um fréttaflutninginn. Ég skýrði þá fyrir yfirmönnum hernámsins þessa afstöðu fréttastofunnar og óskaði þess, að hún mætti starfa lögum samkvæmt. Eins og landslýð er kunnugt, virtu Bretar og síðar Bandaríkjamenn þessa afstöðu fréttastofunnar, og flutti hún öll stríðsárin styrjaldarfréttir Öxulríkjanna jafnt og bandamanna, eins og þær birtust frá herstöðvum þessara þjóða. Dæmi þetta er að minum dómi eftirtektarverður vottur um frjálshyggju, viðsýni og kurteisi, sem Íslendingar mættu vel taka sér til fyrirmyndar.

Ádeilur á hendur fréttastofu útvarpsins um áróður og hlutdrægni, risnar af viðleitni hennar til alhliða frásagnar og fræðslu um heimsviðburði, eru, samkvæmt framansögðu, óbein krafa um hlutdrægni, ósamrýmanleg norrænu og engilsaxnesku stjórnarfari, lýðræðishyggju og frelsiskröfum. Slíkir starfshættir geta hvergi tíðkazt nema þar, sem einræði ríkir og skoðanakúgun. *Fréttastofan mun því hér eftir sem hingað til,* samkvæmt lögum og starfsvenjum, leitast við að flytja sem víðtækasta fræðslu um hvers konar ágreining, sem uppi er í heiminum, og um hagi hætti og málflutning allra þjóða, hversu sem honum kann að vera háttað. Það skal hins vegar tekið fram, að ádeilur þessar og umræður, sem af þeim rísa, verða fréttastofunni og starfsliði hennar aukin hvatning um að gæta fyllstu varúðar og samvizkusemi í starfi sínu.“

Þetta er kafli úr grg. útvarpsstjóra, sem ekki var birt í útvarpinu og kom aðeins í einu blaði, þó að hún væri send öllum dagblöðunum.

Því miður hefur útvarpsráð látið undan þessum kröfum um hlutdrægni og ráðið annan mann en Björn Franzson til þess að flytja þessi erindi. En þá tókst bara svo illa til, að þessi maður var ekki einungis hlutdrægur í erindi sínu, heldur fór rangt með staðreyndir, þar sem sagt var á þá leið, að Rússar hefðu farið í stríð við Kínverja, að vísu var þetta ekki orðað svo, en meiningin var sú sama. En að bera slíkt á borð sem þetta er alveg ótækt og ekki hægt að fremja meira hlutleysisbrot. En ég er þó alveg sammála hv. 1. þm. Reykv. um það, að menn mega ekki vera alltof viðkvæmir, en fyrr má nú rota en dauðrota. Ég skrifaði útvarpsráði, og horfir ekki vel um samkomulag, en ég vona þó allt hið bezta og að samkomulag náist áður en lýkur.

Þá vil ég koma að till. þeirri, sem hér liggur fyrir, og þá einkum einu atriði, sem varpar ljósi yfir þær kröfur manna, að útvarpið sé hlutlaust. Mörgum finnst, að þessi till. komi úr hörðustu átt, þar sem þessi hv. þm. og fylgismenn hans *hafa mest allra unnið að því að gera útvarpið* hlutdrægt eða að áróðurstæki. Ég hef hér bréf, sem varpar nokkru ljósi yfir þetta, þar sem flm. þessarar till. gerði á sínum valdatíma kröfu til þess, að allir starfsmenn útvarpsins væru framsóknarmenn. Ég veit, að hv. þm. S.-Þ. mun ekki neita þessu. — Næsti stóratburðurinn gerist svo á Alþingi 1939. Það var skaði, að hv. 6. þm. Reykv. skyldi ekki geta tekið þátt í þeim umr. á því þingi. Þá stóð Finnagaldurinn sem hæst. Íslenzka útvarpið tók þátt í stríðinu gegn Rússum, útvarpið var notað sem áróðurstæki. Fremstir í flokki stóðu framsóknarmenn, og fengu þeir innblástur frá sínum æðstu. Er löng saga að segja frá því, og mun ég ekki rekja hana hér. Á haustþinginu 1939 voru gerðar breytingar á útvarpslögunum samkv. till. hv. þm. S.-Þ. Þetta var einn þátturinn í hinum svokallaða höggormi, sem allir þm. kannast við. Var þetta sparnaðarfrv., sem fól m. a. í sér þetta: 1) Fréttastofan sé sett beint undir útvarpsráð. — Það er það sama sem hv. 6. þm. Reykv. vill gera nú. 2) Stjórnarblöðin taki þátt í starfrækslu fréttastofunnar. — Hv. 6. þm. Reykv. *finnst víst ekki,* að það komi til greina, að það séu stjórnarblöðin nú, heldur Morgunblaðið, Alþýðublaðið og Tíminn. (*MJ:* Í lögunum er talað um blöð lýðræðisflokkanna. — *BBen:* Hæstv. ráðh. telur sinn flokk víst ekki lýðræðisflokk). Hv. 6. þm. Reykv. telur ekki varða, hvað ég álít um þessi mál. Með öðrum orðum, það átti að gera fréttastofuna að fréttastofu fyrir stjórnarblöðin. Fréttir hennar hefðu þá vitanlega orðið áróðursfréttir. Þetta virðist enn þá vera í huga hv. 6. þm. Reykv., þó að furðulegt sé. Tilgangurinn með þessu var að hverfa frá hlutleysisstefnunni, hverfa frá 5. gr. útvarpslaganna um óhlutdrægni og skoðanafrelsi, en gera útvarpið að áróðurstæki. Það var gengið markvisst og ákveðið að því að framkvæma þetta.

Tildrög þessa voru kröfur þær, sem hv. flm. þessarar þál. gerði á hendur útvarpsstjóra um það að víkja ýmsum starfsmönnum útvarpsins frá vegna pólitískra skoðana. En útvarpsstjóri neitaði. Þáverandi forsrh., Hermann Jónasson, sagði því öllu starfsfólki útvarpsins upp í júní 1939 og gerði það að tilhlutun hv. flm. þessarar tillögu. (*JJ:* Vill ekki ráðh. lesa þessa kröfu mína? — Slík krafa hefur aldrei komið fram. Þetta er allt skáldskapur. — *BBen:* Hvaða þátt getur þetta átt í Finnlandsstríðinu? — *Forseti:* Ekki samtal í hv. d.). Finnlandsstríðið hófst haustið 1939, en þetta var sprottið af kröfum hv. þm. S.-Þ., er voru áður fram komnar. Þetta var gert til að koma framsóknarmönnum að útvarpinu, og í sambandi við það var lagt fram frv. á Alþ., og tilgangurinn með öllu þessu var að hreinsa til í útvarpinu. (*JJ:* Það er víst algengt í Moskva að hreinsa til). Já, sem sagt,

þetta var gert að eigin sögn og tilhlutun þessa hv. þm. Síðan var starfsmönnum fréttastofunnar sagt upp þann 30. apríl að undanskildum Sigurði Einarssyni. Um þetta urðu mikil átök, en strandaði um síðir á andstöðu útvarpsstjóra, en gekk jafnvel þó svo langt, að honum var hótað brottrekstri.

Til að sanna mál mitt ætla ég að lesa upp nokkra kafla úr bréfum, sem farið hafa á milli útvarpsstjóra og hv. þm. S.-Þ. og hv. þm. Str. Útvarpsstjórinn skrifar bréf 21. febr. 1941 til formanns Framsfl., Jónasar Jónssonar. Þar segir svo meðal annars: „Á haustþinginu 1939 voru fyrir þinn atbeina gerðar breytingar á 3. grein útvarpslaganna. Eru meginbreytingarnar tvær. Í fyrsta lagi, að ráðherra er veitt heimild til þess að gera fréttastofu útvarpsins að sérstakri deild undir stjórn útvarpsráðs, eða með öðrum orðum, að skipa fréttastofunni alfarið undir stjórn útvarpsráðsins. Enn fremur er ráðherra þar heimilað „að semja við blöð lýðræðisflokkanna um þátttöku í starfrækslu fréttastofunnar eftir nánari fyrirmælum í reglugerð." — Í öðru lagi er sú breyting gerð frá því, sem áður var, að numin er burt fyrri skilgreining á tillögurétti um val starfsmanna. Nú er sú málsgrein þannig orðuð, að ákvæði hennar verða í reyndinni ekki framkvæmd ágreiningslaust, enda hefur og reynslan orðið sú, eins og síðar verður að vikið.

Um tildrög þessarar lagasetningar er mér það eitt kunnugt, að orðið hafði ágreiningur okkar á milli út af kröfum, sem þú gerðir á hendur mér sem forstjóra, um pólitíska tilhreinsun í starfsliði stofnunarinnar. Með tilvísun til hlutleysisákvæða 5. greinar útvarpslaganna neitaði ég að verða við kröfum þínum og benti þér á, að ef um pólitíska tilhreinsun í landinu yrði að ræða, þá yrði hún að hefjast ofan frá, með valdboði Alþingis og ríkisstjórnar. Þetta samtal okkar átti sér stað sumarið 1939. Þú lýstir því þá yfir, að þú mundir, er þing kæmi saman þá um haustið, „laga til" hjá mér hlutina, eins og þú orðaðir það, og lít ég á fyrrgreinda lagasetningu á haustþinginu 1939 sem efndir á því heiti þínu." — Með öðrum orðum: Það er rétt farið með hjá mér um hótun á pólitískri tilhreinsun í útvarpinu sumarið 1939. (*JJ:* Vissu menn þá um Finnastríðið?) Nei, en það var gott að fá það til viðbótar, þegar reynt var að gera útvarpið að áróðurstæki. Útvarpsstjóri heldur áfram: „Í þessu samtali lýstir þú því einnig yfir, að af þínum tilhvötum hefði verið sú fáheyrilega ráðstöfun, er ráðherra, Hermann Jónasson, sagði upp og fyrirskipaði, að upp yrði sagt öllu starfsfólki Ríkisútvarpsins í júnímánuði það ár.

Ekki verður hjá því komizt að gefa í sem fæstum dráttum yfirlit um það, sem síðan hefur gerzt í stofnuninni sem beinar afleiðingar af þessum ráðstöfunum.

Þegar dró að árslokum 1939, hafði ráðherra engar ráðstafanir gert til þess að endurráða starfsmenn Ríkisútvarpsins. Ég taldi mér þá skylt, vegna stofnunarinnar, að vekja athygli hans á því, að ef engar sérstakar ráðstafanir yrðu gerðar, þá mundi rekstur Ríkisútvarpsins stöðvast á nýársdag 1940. Sendi ég ráðuneytinu þann 20. desember tillögur mínar um endurskipun starfsfólksins. Þann 28. des. móttók ég bréf ráðuneytisins, þar sem þess er óskað, að starfsmennirnir haldi áfram störfum fyrst um sinn, með sömu kjörum og að undanförnu, og þess beiðzt, að ég tilkynnti það þeim, sem hlut áttu að máli.

Næst gerist það í þessu máli, að mér þann 20. marz 1940 berst bréf ráðuneytisins, þar sem mælt er fyrir um skipun starfsmanna að nýju og mér falið að gera skipunarbréf og senda ráðuneytinu þau til staðfestingar. Samkvæmt þessari skipun var starfsliði stofnunarinnar skipt í launaflokka eftir eðli starfa og launakjör fastákveðin eftir starfsaldri, og var sú skipun til mikilla bóta, enda þótt launabreytingar yrðu litlar.

Í þessu bréfi ráðuneytisins er tekið til orða á þessa leið: „Ráðuneytinu er það ljóst, að það er miklum vandkvæðum bundið að grípa inn í og kippa í lag rekstri á opinberum fyrirtækjum án þess að skipta þar um yfirstjórn." Kveðst ráðuneytið þó vilja gera þessa tilraun og brýnir það fyrir mér að framkvæma fyrirmæli sín nákvæmlega og með fyllsta þegnskap." Það er svo sem auðheyrt, að hér er um hótun að ræða um brottrekstur útvarpsstjóra. Og enn heldur útvarpsstjóri áfram í sama bréfi: „Skipunarbréf til handa starfsmönnum Ríkisútvarpsins voru síðan gefin út, eftir því sem fyrir var lagt. Þó gengu þar frá allir starfsmenn á fréttastofum, með því að þeim var enn að nýju sagt upp störfum frá 30. apríl sama ár, að Sigurði Einarssyni einum undanteknum. Voru síðan auglýstar til umsóknar fjórar stöður í fréttastofunni. Urðu um skipun starfsmanna við fréttir allmikil átök í stjórn stofnunarinnar, eins og nokkuð hefur orðið kunnugt af opinberum umræðum um það mál.

Í bréfi ráðuneytisins 20. marz var gert ráð fyrir nokkrum tilfærslum starfsmanna í stofnuninni, meðal annars þeirri, að Helgi Hjörvar tæki að sér aðalþularstörf. Þessar ráðagerðir strönduðu þó, er til framkvæmda skyldi koma. Eina breytingin á starfsliði stofnunarinnar varð í fréttastofu og mun það vera flestra manna mál, er til þekkja, að enda þótt þar mætti um bæta, hafi það ekki tekizt enn sem komið er, þegar á allt er litið." Svo er enn haldið áfram: „Framsfl. felur mér 1929 að stofna Ríkisútvarpið og stjórna því. Ströng ákvæði eru sett um gæzlu óhlutsemi og réttlætis. Við, þú og ég, höfðum þá um tíu ára skeið staðið hlið við hlið í baráttu Framsfl. og vissulega staðið í fylkingarbrjósti í blaðamennsku hans. Mér að minnsta kosti er þetta samstarf okkar minnisstætt og kært í endurminningunni. Við áttum sameiginleg hugsjónamál, og samstarf okkar var í alla staði svo ákjósanlegt sem verða má.

Ég held því ekki fram, að skipulagsstarf það, sem flokkurinn fól mér, og stjórn mín á þessari stofnun hafi verið óaðfinnanlegt. Hinu held ég fram, að ég vann mikið verk, að stofnunin óx jafnt og þétt og örugglega og að samstarf innan hennar var hið ákjósanlegasta, meðan afskiptum þings og stjórnar af rekstri hennar var stillt í hóf.

Örðugasta viðfangsefnið var, eins og áður er tekið fram, stjórn fréttamálanna. En einnig þar vannst smám saman sigur á örðugleikunum. En á

níunda aldursári stofnunarinnar, löngu eftir að hún er komin í þær skorður, sem hún nú er í, komast ráðamenn Framsfl. að þeirri niðurstöðu, að mér sé ekki lengur trúandi sem yfirmanni fréttanna og forstjóra stofnunarinnar.

Þú gerir á þingi ráðstafanir til þess að sýna mér opinbert vantraust sem yfirmanni fréttanna með fyrrnefndri lagasetningu um heimild ráðherra til þess að taka fréttirnar undan minni stjórn.

Hermann Jónasson, ráðherra, notar heimildina að hálfu leyti, með því að óska eftir tillögum útvarpsráðs um skipun fréttastofunnar og val fréttamanna. Í bréfi sínu 20. marz 1940 kveðst hann ætla að gera tilraun til að „kippa í lag" þessu mínu níu ára starfi, en kveður það vandkvæðum bundið, án þess að skipt sé um yfirstjórn. Er mér það vel ljóst, að hér er um að ræða hótun um að reka mig úr embætti.

Áður en ég spyr um sakir, vil ég taka það fram, að stofnunin stendur að vísu enn í sömu skorðum og áður, að öðru leyti en því, að um fréttastofuna gildir bráðabirgðaskipun. Hins vegar hefur tilefnislaus og óskýrð uppsögn allra starfsmanna valdið glundroða, gremju starfsmanna og vantrausti þeirra á æðstu stjórn stofnunarinnar, þ. e. sjálfri ríkisstjórninni.

Ályktun verður, að þið Hermann Jónasson hafið í þessu brambolti ykkar gagnvart stofnuninni haft að ráðgjöfum einhverja þá menn kunnuga henni, sem þið treystið betur en mér. Mér er það að minnsta kosti ljóst, að ráðherra hefur gert Jón Eyþórsson að ráðgjafa sínum og að Jón Eyþórsson gekk opinskátt erinda þinna í fréttastofumálinu síðastliðið vor. Út af þessu öllu hafa gerzt miklar og í raun og veru sorglegar greinir með okkur Jóni Eyþórssyni, sem vorum áður bæði góðir kunnningjar og góðir samstarfsmenn. En hvort tveggja er, að Jón Eyþórsson hefur um of gengizt upp við það, er honum var treyst til þeirrar ráðsnilli að kippa hér í lag níu ára skipulagsstarfi mínu, og að hann er, eins og vel er kunnugt af starfssögu hans í Veðurstofunni, ekki slíkur skapdeildarmaður, að hann láti niður falla þykkju. Stofnunin er því, að öllu athuguðu, fyrir þessi afskipti ykkar, veikari en hún áður var og að vísu á engan hátt betur farin, en í sumum efnum er framtíð hennar óviss, eins og til dæmis að taka framtíðarskipun og stjórn fréttamálanna."

Þá segir hér enn fremur: „Eins og áður getur hefur kennslumálaráðherrann notað fyrrgreinda heimild í lögum að því leyti, að hann hefur leitað tillagna útvarpsráðs um skipun og val fréttamanna. Tillögur mínar komu þar ekki til greina, nema að því leyti sem þær urðu á eina leið með tillögum meiri hluta útvarpsráðs. Hins vegar hefur dagleg framkvæmd um fréttirnar verið óbreytt, úrskurðir í vafaatriðum fallið undir mig og ég hef því borið ábyrgð á starfi þeirra manna, sem að nokkru leyti eru ráðnir gegn mínum tillögum. Ég hef haldið því fram sem viðurkenndri og eðlilegri skipun slíkra mála, að sá, sem ber ábyrgð á störfum annarra manna, eigi einnig að hafa tillögurétt um val þeirra. Þessar röksemdir hefur kennslumálaráðherrann ekki viljað taka til greina. Þó hefur hann sjálfur manna ótvíræðlegast sannað þessa reglu og gert hana gildandi, þegar hann sem lögreglustjóri í Reykjavík rak af höndum sér lögregluþjóna, sem bæjarstjórnin valdi gegn tillögum hans.

Þessi tvískipting valdsins hefur ruglað þau eðlilegu og ljósu greinarmörk, sem áður voru um starfsskiptingu og ábyrgð á stofnuninni að þessu leyti, skapað glundroða og óviðunandi ástand." (*HermJ:* Hver var ráðinn útvarpsstjóri?) Það kom aldrei til brottrekstrar hans, en tilraun þessi strandaði á andstöðu útvarpsstjóra. — Ég hef hér meira, t. d. bréf frá útvarpsstjóra til forsrh. þáv., Hermanns Jónassonar, dagsett 28. apríl 1941. Þar segir svo m. a.: „Með því að fréttastofumálið gerist nú aðkallandi, en ég tel, samkvæmt undangenginni reynslu, næsta tvísýnt, hvort ég nái tali af þér, svo að gagni megi verða, þá skal því ekki á frest skotið að segja þér allan hug minn um það mál, bera fram aðvaranir í málinu og benda þér á dýpstu rök þess og þær hættur, sem á þessari leið eru fólgnar fyrir Ríkisútvarpið sjálft.

Ég skal ekki þreyta þig með orðmælgi um dýpstu tildrög málsins. Sjálfur veiztu frumorsökina, þá, að ég vildi ekki þeygja mig fyrir óbilgjörnum kröfum og geðþótta Jónasar Jónssonar. Af því stafaði uppsögn allra starfsmanna og lagabreytingin á haustþinginu 1939.

Þá er þér það ljóst, að þú notaðir lagaheimildina til hálfs, með því að skjóta vali starfsmanna í fréttastofunni undir útvarpsráð, án þess að skipa henni að fullu undir vald þess, stjórn og ábyrgð. Af þessu hefur leitt óviðunandi ástand í stofnuninni, eins og ég hef margsinnis sýnt fram á." — Og útvarpsstjóri heldur áfram: „Skipun sú, sem þú tókst upp á í fyrravor, að láta persónulegan reipdrátt og pólitíska atkvæðagreiðslu í útvarpsráði ráða vali starfsmanna í fréttastofu, en mig bera ábyrgð á fréttastofunni eftir sem áður, stríðir á móti heilbrigðri skynsemi, réttlæti og venjum, og ég mun alls ekki sjá mér fært, hversu feginn sem ég vildi, að una slíkri skipun framvegis." Og enn segir hann: „Sem reyndur maður í starfinu ætla ég því að leyfa mér að vara þig við hættum í þessu máli. Aðalhættan yrði sú að setja fréttastofuna undir stjórn útvarpsráðs, hversu sem vali þess yrði hagað á hverjum tíma og hversu sem það yrði skipað. Með því yrði öllum friði um fréttastofuna slitið í framtíðinni og trausti á henni komið fyrir kattarnef."

Hér er einnig ýmislegt annað fróðlegt, eins og t. d. ummæli hv. þm. viðvíkjandi till., sem þá kom fram á þinginu um ritskoðun í útvarpinu. En þetta geta hv. þm. lesið í Alþt. frá 1937.

Ég held nú, að það hljóti allir að vera sammála um það, að það hafi þó færzt til nokkuð betra horfs með stjórn útvarpsins og rekstur þess frá því sem þá var þegar það var verst, enda þó að betur mætti fara. Og ég held, að þessi þáltill., sem nú er fram komin, ætti að vera okkur hvöt til þess að reyna að halda áfram á þeirri braut, í staðinn fyrir að láta sækja í sama horfið. Og það er von mín enn þá, að það muni takast.

Umr. frestað.

Á 11. fundi í Sþ., 5. des, var fram haldið einni umr. um till.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Vegna þess að nokkuð er liðið frá síðustu umræðum um þetta mál, vil ég leyfa mér að lesa upp till. þá til þál., sem ég flyt á þskj. 54, með leyfi hæstv. forseta: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að tryggja hlutleysi útvarpsins frá því, sem nú er, m. a. með því að láta fara fram fullkomna ritskoðun á öllu útvarpsefni undir yfirumsjón útvarpsráðs og á þess ábyrgð."

Tilefni þessarar till. er það, að Björn Franzson hafði haldið ræðu í Ríkisútvarpið, þar sem hann var að gera grein fyrir því, að stjórnarfar það, sem nú ríkir í Austur-Evrópu, væri hið fullkomnasta lýðræði. Flestum þótti að vonum þetta vera mikil afglöp, og kom það fram bæði í fundarsamþykktum og öllum blöðum bæjarins nema Þjóðviljanum. En þá hélt þessi maður aftur ræðu í útvarpið og deildi fast á ýmsa menn, m. a. á ritstjóra Alþýðublaðsins. Eftir þetta urðu greinir nokkrar milli útvarpsráðs og ráðuneytis þess, er útvarpið heyrir undir, og skal síðar að því vikið.

Það mun öllum ljóst, að meiri gæzlu þarf við þessa stofnun en verið hefur, og er í þessari till. bent á þá einu leið, sem fær er. Það er að skipa hlutlausa menn til að dæma um það efni, sem flytja skal. Um þetta urðu nokkrar umræður hér á Alþingi, og taldi formaður útvarpsráðs ógerlegt að koma á slíkri endurskoðun. Ég var ekki alls kostar ánægður með röksemdir hans og tel, að ekki sé meiri ófæra að endurskoða þetta en margt annað.

En svo að ég víki aftur að ræðu Björns Franzsonar, þá var hún, eins og áður er sagt, um lýðræðið í Rússlandi. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að Stalin, æðsti maður kommúnista, hefur samkvæmt tilkynningu í Þjóðviljanum tekið sér leyfi, og nokkru síðar er aftur tilkynnt, að hann hafi framlengt leyfi sitt. En það, sem einkennilegt er við þetta, er það, að útsendarar kommúnista hér á landi hafa einnig tekið sér leyfi til eins og annars, og má þar fyrstan til nefna yfirmann útvarpsins, hæstv. menntmrh. Ég geri nú ráð fyrir, að þessar umr. hljóti að snúast um, hversu þessar leyfisveitingar þessa æðsta manns kommúnista og manna hans séu æskilegar fyrir land og þjóð. Þá er þess fyrst að minnast, að þessi hæstv. ráðh. tók sér leyfi til að segja allmikið ósatt viðvíkjandi mér fyrir skömmu. Hann las hér upp bréf, sem ég mun koma að síðar. Þá vildi hann halda því fram, að ég hafi viljað gera útvarpið að tæki míns flokks. Þetta hefur nú verið hrakið af útvarpsstjóra, en ég ætla samt að taka það fram, að ég hef ekki í 15 ár gert tilraun til að hafa áhrif á mannaval við útvarpið. Þetta leyfi hæstv. ráðh. er því allmikið. Það, sem hann fór hér með, voru ekkert annað en tóm ósannindi. Þá hélt hann því fram, að hv. þm. Str. hafi reynt að kúga útvarpsstjóra. En daginn eftir birtir útvarpsstjóri grg. hér í dagblöðunum, sem tætir sundur staðhæfingar hæstv. ráðh. Annars fer ég ekki út í þetta nema að því leyti, sem það varpar ljósi á málið sjálft.

Fyrirsögnin um þessa kúgunartilraun þm. Str. var endurtekin í Þjóðviljanum, en greinargerð útvarpsstjóra kom þar ekki. (*Menntmrh.:* Hún kom í Þjóðviljanum, og mun flest annað álíka sannleikur hjá hv. þm.). Þá hefði líka átt að fylgja skýrsla um iðrun og yfirbót, en það hefur enginn séð. Útvarpsstjóri segir í þessari greinargerð, að þm. Str. hafi ekki gert neina slíka tilraun, heldur hafi sú breyting, sem til stóð, stafað af sparnaði, en ekki af pólitískum áhrifum, enda er augljóst, að ef hreinsa hefði átt til, þá hefði það verið lítilsvert dagsverk okkar í fjvn. að koma slíku í kring. En þetta þarf raunar engra skýringa, þar sem greinargerð útvarpsstjóra gerir það fullvel, en sú greinargerð kom víst líka í kommúnistablaðinu.

Þetta var um leyfisveitingar hæstv. ráðh. viðvíkjandi mér. Ósannindi hans hafa verið hrakin af útvarpsstjóra, og skal ég ekki yrkja þann akur frekar.

En svo hefur þessi hæstv. ráðherra tekið sér leyfi viðvíkjandi útvarpsstjóra og sést þar bezt, hver andi ríkir yfir vötnunum hjá kommúnistaráðherranum. Einnig réðst hann hér með offorsi miklu á hv. 6. þm. Reykv. út af hans hógværu ræðu og hótaði að segja af sér ráðherraembættinu og taldi það víst verulega hótun! Þá hefur hæstv. menntmrh. veitt sér leyfi viðvíkjandi manninum Jónasi Þorbergssyni, þar sem hann tekur bréf, einkabréf, sem hann hlýtur að hafa komizt yfir með embættiskúgun, þar sem það er ekki venja fólks að láta slík bréf af hendi, enda sést bezt á mótmælum útvarpsstjóra, að hann hefur misnotað þessi bréf.

Þegar þessari hlið málsins er lokið, kem ég að annarri, sem ekki verður farið fram hjá, en það eru óþarfaleyfisveitingar þessa hæstv. ráðh. við útvarpið sem stofnun. Í þessu sambandi verður ekki komizt hjá að víkja að bréfi útvarpsstjóra til mín, sem hæstv. ráðh. las hér upp úr, og þá um leið að manninum Jónasi Þorbergssyni.

Það er svo um marga menn, að tímaskipti verða í lífi þeirra, og má skipta ævinni í tvo meginhluta. Þannig er það t. d. með Múhameð. Fyrri hluta ævi sinnar er hann venjulegur og lítt merkilegur maður, en eftir flóttann frá Mekka er hann öllu merkilegri persóna, eins og kunnugt er. Á svipaðan hátt má skipta ævi Jónasar Þorbergssonar í tvö tímabil, fyrra tímabilið, meðan hann var framsóknarmaður og allt gekk honum til vegs og sóma, og síðara tímabilið, eftir að hann komst undir áhrif kommúnista. En sá er munur á Jónasi og Múhameð, að síðari hluti ævi Múhameðs er merkur, en síðari hluti ævi Jónasar miklu fremur ómerkur, en að svo fór, mun stafa af áhrifum þeim, sem hann hefur orðið fyrir af kommúnistum. Ég tel rétt, að ég segi frá því, að einu afskiptin, sem ég hef haft af mannaráðningu við útvarpið, eru þau, að ég benti eitt sinn á, að vanda þyrfti betur val á mönnum, og hafði þá einkum í huga að halda óreglu burt frá þessari stofnun. Þessar bendingar hafði útvarpsstjóri að engu. Því miður. Þessar bendingar gaf ég af því að ég sá, hvert stefndi, og vildi beina útvarpsstjóra á rétta braut, ef þess væri nokkur kostur, og fer mönnum löngum svo. Ef ég sæi t. d. hæstv. kennslumálaráðherra vera að hrapa, þá mundi ég reyna

að kippa í hann á síðustu stundu, mundi ekki kunna við að láta hann farast þannig. — En það sýndi sig síðar, að betra hefði verið að fara að mínum ráðum í þessu efni. Í fyrstu var útvarpsstjóri heppinn með menn að útvarpinu, en eftir að hin austrænu áhrif byrjuðu, af ástæðum, sem mér eru ekki kunnar, — skal ekki segja um, hvort hæstv. kennslumálaráðh. hefur þar átt hlut að — fór allt miður um mannavalið. Má í því sambandi minnast á einn mann, sem að ýmsu leyti var góður starfsmaður, en fremur óreglugefinn, svo að þegar hann fór frá stofnuninni og farið var að taka til í vistarveru hans, var þar fullur skrifborðsskápur af tómum flöskum. (*Menntmrh.:* Hvaða maður var þetta?) Hæstv. ráðh. getur aflað sér upplýsinga um það hjá sömu heimildarmönnum og hann fékk bréfin hjá. Hvað segir svo þessi arfur í skrifborðsskápnum? Hann segir það, að þarna hafi verið drukkið. Að vísu hefur plássið í skrifborðsskápnum e. t. v. ráðið nokkru, hve mikið hefur verið drukkið. Það er mest fyrir það, að ég vil hlífa hæstv. ráðh., að ég fer ekki út í að lýsa, hver áhrif slík veizluhöld geta haft fyrir eina stofnun. En ég gæti getið um dæmi, sem er enn þá nær hæstv. ráðherra. En það var þegar skrúfað var fyrir einn ágætan ræðumann og sagt, að það hefði orðið bilun. Að vísu var það rétt, að hér var um eins konar bilun að ræða, eins konar leyfisveitingu. Biðin, sem varð, var auðvitað sú stund meðan útvarpsstjóri var að framkvæma sitt húsbóndaverk og segja fyrir, hver skyldi tala næst. Ég vil benda hæstv. menntmrh. á, að þarna kom það fram, sem ég hafði séð fyrir, þegar farið var að ráða fólk að útvarpinu, sem tekur sitt leyfi sjálft. Menn geta hugsað sér, að þá er langt gengið, þegar útvarpsstjóri hlutast þannig til, og mun þá hlustendum vera nóg boðið.

Loks kem ég að því, þegar nokkuð af þessu lausafólki var farið að ráðast á aðra starfsmenn þessarar stofnunar. Árásin var þannig gerð, að hægara var að bera hana fram en hrinda henni. Dæmi af þessu tagi eru mjög kunn. Það var sem sagt kominn lausingjalýður inn í útvarpið, sem ekki átti að vera þar.

Nú höldum við sögunni áfram, og af hagkvæmum ástæðum, til að lengja ekki mál mitt um of, er ekki vert að nefna fleiri dæmi. Þetta var dæmi um það, að ekki var farið eftir hógværum tillögum mínum um starfsmannaval útvarpsins, og hefur það nú mistekizt hrapallega þegar það kemur á daginn, að manni eins og Birni Franzsyni er hleypt að útvarpinu, sem er gegnsýrður af ofstækistrú á bolsana í austri og trúir og fylgir ofbeldisstefnu þeirra. Nú hefur auðvitað þessi maður álitið sér óhætt að færa sig svona upp á skaftið, úr því að yfirmaður stofnunarinnar, útvarpsstjórinn, var á sömu hillu og hann. Þessi starfsmaður heldur „fræðifyrirlestur" í útvarpið, vafalaust án þess að gera sér grein fyrir, að hann er að brjóta hlutleysi útvarpsins, og hann tekur að lýsa hinni svörtustu kúgun sem lýðræði. Það mætti alveg eins opna tjörukagga og segja: Þetta er hvítt, þetta er skjannahvítt. — En þessu vildi þjóðin bara ekki trúa. Fræðimaðurinn var viss um það, að austræna „lýðræðið" væri það fullkomnasta lýðræði, sem þekkzt hefur á jarðríki. Með svona löguðu er vissulega hægt að misbjóða því fólki, sem hlýðir á útvarp. — Nú vita allir, að þetta var gagnrýnt í blöðunum — nema auðvitað Þjóðviljanum — og meira að segja tvö Sjálfstæðisflokksfélög víttu harðlega þennan erindaflutning Björns Franzsonar. Niðurstaðan varð sú, að hv. 1. þm. Reykv., sem er form. útvarpsráðs og er maður gæddur miklum mildleik og langlundargeði og veit, hvílíkt brekabarn hæstv. menntmrh. er, tekur fyrir á fundi í útvarpsráði tillögu, sem hafði verið borin þar fram, þar sem deilt var harðlega á þessa framkomu Björns Franzsonar í útvarpinu, og var form. falið að ræða við Björn, en árangurinn af því virðist hafa verið sorglega lítill. Næst þegar Björn Franzson flytur erindi, sem líktist einna helzt eldhúsræðu, ræðst hann með afskaplegu offorsi á andstæðinga sína og alveg sérstaklega á hálfbræður sína við Alþýðublaðið. Ég skal játa, að ég heyrði ekki nema seinni hluta þessa erindis, og ég hef heyrt af ræðum manna, að þeim hafi alveg sérstaklega blöskrað æsingurinn og tónninn hjá ræðumanni, sem átti alls ekki heima á þessum stað. — Þegar umræður urðu um þetta í útvarpsráði, mun hæstv. menntmrh. sjálfur hafa lýst víginu á hendur sér til þess að reyna að forða Birni. Ég hygg nú samt, að Björn Franzson hafi sjálfur samið ræðu sína upp á sitt eindæmi. Nú skal ég ekki þræta fyrir það, en hygg þó, að ráðh. hafi gert sig að verra manni en hann þurfti, og var þó sannarlega ekki á það bætandi.

Ég hleyp hér yfir þann þátt, sem er viðvíkjandi útvarpsstjóra, en held áfram viðskiptum, sem átt hafa sér stað innan stjórnarfjölskyldunnar, þar sem hæstv. kennslumálaráðherra var í miklum grimmdarhug, er hann heyrði, að sjálfstæðismenn höfðu leyft sér að hafa þá skoðun, að útvarpið væri ekki rekið í alla staði eins og það ætti að vera. Hv. 1. þm. Reykv. sér þó brátt, að ekki má við svo búið standa og fær samþ., gegn atkvæðum kommúnistans í útvarpsráði, að Birni Franzsyni er ekki leyft að flytja erindi frá útlöndum í útvarpið, en til þess er ráðinn annar maður. Svo höldum við áfram með söguna. Ef hæstv. ráðh. finnst hér vera farið óþarflega nákvæmt út í hlutina, getur hann borið saman mína fyrri ræðu og svo sinn bréfalestur, og hygg ég, að hann geti þá ekki mikið sagt. Næst tekur hæstv. ráðh. sig til og skrifar útvarpsráði hirðisbréf, þar sem hann reynir að kúga það til að hafa Björn Franzson áfram. Þetta sýnir glöggleg, að honum er alls ekki ljós verkaskiptingin í útvarpinu. Útvarpsráð er kosið af Alþingi og starfar það samkvæmt þess fyrirsögn, en ekki ráðh. En ráðh. er svo vanur að heyra frá Rússlandi alls konar kúgunaraðferðir, að hann heldur, að hann geti leyft sér að nota hið sama hér, en hér er bara allt annað skipulag en í Rússlandi. En þá skrifar útvarpsráð honum bréf á kurteisan hátt og gefur honum í skyn, að það þurfi ekki á hans ráðleggingum að halda. Hér var einræðishneigð ráðh. í algleymingi, og er hann hafði haldið sína bréflestrarræðu, sneri hann tilfinningum sínum mest upp á hv. 1. þm. Reykv. Og alveg eins og Daði í Snóksdal tók Jón Arason höndum forðum í

þoku, þannig hitti ráðh. hv. 1. þm. Reykv. í stofu nokkurri, sem er allskammt í burtu héðan, þar sem hann var staddur sem gestur á nefndarfundi úr Nd. Ráðh. veittist svo að þessum fyrrnefnda þm., að hann neyddist til að biðja fundarstjóra áðurgreindrar nefndar um vernd. Eftir að þessu var lokið flutti hv. 1. þm. Reykv. sig á annan stað hér í þinginu, og fylgdi hæstv. ráðh. honum þegar eftir. Urðu ræður þeirra á milli, og hæstv. ráðh. gefur hv. þm. í skyn, að hann gæti krafizt þess, að Alþ. setti þá löggjöf, sem hann yrði að beygja sig fyrir.

Þetta er ekki svo mikilvægt í sjálfu sér, en það sýnir, að það er ekki alveg hættulaust fyrir landið, að menn með svona hugsunarhætti hafi um of áhrif á stofnanir. En þessi deila hæstv. ráðh. og hv. 1. þm. Reykv. liggur nú í salti.

Síðan ber það við, er hæstv. ráðh. hélt hér ræðu síðast um þetta efni, að hann misnotar bréf útvarpsstjóra. Úr því að ég er farinn að tala um þessi bréf, held ég, að mér sé óhætt að segja, að þar kenni greinilega persónulegrar gremju og kala til mín, eins og oft á sér stað um menn, sem snúa frá sinni fyrri trú og fara villir vegar, en í bréfum þessum kom ekkert fram, sem sannaði skoðun hæstv. ráðh.

Þó að útvarpsstjóri haldi því fram í dularfullum bréfagerðum, að gætt hafi tilhneigingar hjá okkur hv. þm. Str. að leggja undir okkur útvarpið, þá heldur hæstv. ráðh., að við séum eins og hann að reka fólk brott að ástæðulausu, þó að honum sé ákaflega auðvelt að sópa fólki burtu, eins og kemur fram í blaði ráðh., Þjóðviljanum, nú síðustu dagana, er blaðið leyfir sér að halda því fram, að það beri að reka Pálma Loftsson frá starfi sínu, þó að allt það, sem sósíalistar hafa gert, mundi engan veginn vega salt á móti því, sem þessi eini maður hefur komið í framkvæmd, og samt er þetta blað svo svívirðilegt að leyfa sér að birta aðra eins ósvífni og þessa. Ég vil benda þessum mönnum á það, að skip þessi eru gerð eftir beztu fyrirsögn enska sjóliðsforingjaráðsins úr hinu vandaðasta efni, og samt leyfa þessir fáfræðingar sér að halda því fram, að skipin séu ónýt. Ég veit, að framtíðin á eftir að sýna, að íslenzkir sjómenn eru ekki þeir aumingjar að geta ekki siglt á skipum þessum alveg eins og enskir sjómenn. Ég öfunda ekki hæstv. ráðh. þegar hann stendur feiminn og skömmustulegur frammi fyrir dómi íslenzkra sjómanna og á að svara til saka eftir að hafa gefið íslenzkum sjómönnum þennan glæsilega vitnisburð.

Ég hef gert þennan útúrdúr hérna, af því að ég taldi það rétt, þar sem þessi hæstv. ráðh. var að tala um frumhlaup hjá mér, og enn fremur þar sem þessi hæstv. ráðh. hefur ráðizt á íslenzka sjómenn og enska „admiralty-ið" og auk þess þann mann, sem mest og bezt hefur unnið fyrir íslenzku skipaútgerðina.

Eftir að þetta hafði farið fram og hinn óhöndulegi bréfalestur ráðh. — því að hann hafði ekki nema eina nótt til að búa sig undir og lesa þessi bréf, enda voru þau ekki vel skrifuð, þar sem þau eru frá seinni tíma útvarpsstjóra, — og útvarpsstjóri hafði svo lesið kveðju hæstv. ráðh. í blöðunum daginn eftir umræðurnar hér í þinginu, sér útvarpsstjóri, að ekki tjói að sökkva þannig í bát ráðh., því að útvarpsstjóri er greindur maður og sá, að ekki mátti við svo búið standa vegna þessarar hastarlegu framkomu ráðh. Og sýndi útvarpsstjóri þá, að menn búa lengi að góðu uppeldi, og hreinsaði hann sig algerlega undan áburði ráðh. Í yfirlýsingu útvarpsstjóra kemur það greinilega í ljós, þótt hann segi það ekki berum orðum og orði það á kurteisan hátt, að hann treystir alls ekki ráðherra. Er þetta á sinn hátt hliðstætt frásögninni í Grettissögu um Gretti og hryssuna Kengálu. Þá er hinn ungi Grettir var heima á Bjargi og Ásmundur faðir hans fékk honum þann starfa að gæta hrossa sinna, sagði hann við son sinn, að hann skyldi hafa heimfýsi Kengálu til marks, er hrossin vildu ganga í hús. Mælti þá Grettir, eins og frægt er orðið: „Illt þykki mér at treysta merinni, því at þat veit ek engan fyrr gert hafa." Þessi orð voru raunar ekki í yfirlýsingu útvarpsstjóra, en hugur útvarpsstjóra var alveg sá sami og hjá Gretti, hann vill ekki treysta ráðherranum.

Ég hef nú minnzt á mest af því, sem fram hefur farið í þessum umræðum, og ég vil ítreka það, að ég held, að þjóðinni finnist nóg um leyfisveitingar hæstv. ráðh. og hans líka. Auðvitað hafa menn ekkert að athuga við það, þótt erlendir hershöfðingjar í Rússlandi eða Stalin taki sér leyfi. Það kemur okkur ekkert við.

Nú hefur komið glöggt fram í síðustu umræðum, hve mjög hæstv. ráðh. stendur einn með að verja Björn Franzson. Með því hefur hann móðgað bæði Alþfl. og Sjálfstfl. og einnig reynt að sverta framsóknarmenn.

Það er nú augljóst, að Sjálfstfl. er farinn að finna nokkuð til eins og útvarpsstjóri, því að hv. 6. þm. Reykv. tók sömu afstöðu og ég, en auðvitað kunni hæstv. kennslumálaráðherra ekki að meta slíkt. Ég vil segja það eins og ég hygg, að sé skoðun hins algenga borgara í landinu, að ég gladdist þegar góðir menn voru ráðnir að útvarpinu, en varð hryggur er miður fór. Á þingi 1939 voru gerðar ráðstafanir til að tryggja það, að ekki réðust nema vandaðir starfsmenn að útvarpinu, og hygg ég, að borgaraflokkunum hafi fundizt, að vel væri fyrir þessu séð. Hvernig ríkisstjórnin notaði heimild þessa, skipti ég mér ekki af. Þingið hafði gert skyldu sína og næst var það ríkisstjórnin, sem átti að framkvæma, og má e. t. v. ásaka hana fyrir að hafa ekki gengið betur fram. Þannig var það alltaf mín hugmynd að reyna að vanda sem bezt starfsmannaval útvarpsins og alla reglusemi til að hindra, að nokkuð gæti hent stofnunina, sem henni væri óvirðing að. Enn fremur að lesið yrði yfir allt efni, sem flutt er í útvarpinu, það er m. ö. o. tilraun til að hafa útvarpið eins og fólkið vill, og ég fullyrði, að þar sem Morgunblaðið, Alþýðublaðið og Vísir heimta, að svo sé, þá er það dómur þjóðarinnar og er það sama og þjóðin sjálf.

Svo kem ég nú að því, sem hæstv. ráðh. féll þyngst, er borgarstjórinn í Reykjavík sagðist álíta, að bezt væri að leggja fréttastofuna undir útvarpsráð, en hafa hana ekki undir umsjón útvarpsstjóra og ráðh. Þá sprakk blaðran. Ráðh.

þoldi þetta ekki og tók nú upp þá aðferð, sem hann áleit kröftugasta og að bezt mundi duga, en það var að hóta rofi á stjórnarsamvinnu, ef *hreyft yrði eitt hár á höfði hans*. En þegar að er gáð, sjá allir óblindir menn, að það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði, er einmitt það, sem allir skynsamir menn álíta. Þeir treysta betur 5 manna ráði til þess að hafa á hendi stjórn fréttastofunnar en útvarpsstjóra og ráðh. En það, að ráðh. vill ekki missa tökin á fréttastofunni, sýnir ljóslega, að hann ætlar sér að misnota aðstöðu sína sem yfirmaður útvarpsins.

Að síðustu vil ég beina þeirri ósk til þeirrar n., sem mun fjalla um þetta mál, að taka til athugunar útvarpsefni, sem flutt er á Norðurlöndum og gera ráðstafanir til að tryggja betri og hlutlausari fréttaflutning en nú er. Mér er sagt af mönnum, sem þar til þekkja, að á Bretlandi sé allt efni lesið vandlega yfir áður en það er flutt, ekki einungis til að tryggja hlutleysi útvarpsins, heldur til þess að mál og framburður sé eins og bezt verður á kosið. Í þessu felst auðvitað ekkert vantraust á Björn Franzson hvað mál hans og framburð snertir, til þess vantrausts liggja aðrar og dýpri orsakir. Ef hæstv. menntmrh. hefði ekki séð ástæðu til að fara að draga ákveðnar persónur inn í þessar umræður, hefði ég ekki gert það heldur. En nú er um það að ræða að tryggja það sem bezt, að útvarpið verði réttlát og hlutlaus stofnun.

Ég álít, að það út af fyrir sig sé heppilegt, að hæstv. ráðh., sem nú fer í bili með æðstu völd við útvarpið, hefur nú með nokkrum hætti opinberað sig hér eins og orðið er, þannig að þjóðin veit nú glöggt, að hverju hún gengur. Einmitt þessi deila hans við borgarstjórann í Reykjavík hefur orðið til þess að varpa glöggu ljósi yfir það, að hæstv. ráðh. vill hafa útvarpið handbært í ákveðnum tilgangi, hvað sem þjóðin segir.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég verð að segja það, að mig undrar dálítið þær ræður, sem hér hafa verið haldnar. Það er dálítið einkennilegt að heyra einmitt þennan mann, hv. þm. S.-Þ., tala hér ógurlega langt mál, þar sem hann hvað eftir annað lýsir yfir því, að það, sem farið er með og undirskrifað af viðkomandi aðilum, sé ósannindi. Það er dálítið einkennilegt af því, að þessi hv. þm. hefur sjálfur ekki alltaf verið álitinn neinn sérstakur sannleikspostuli af fólki á Íslandi. Það hefur nú stundum verið það álit á honum, að honum væri sjálfum sérstaklega hætt við því að bregða *því fyrir sig* að vera nokkuð jafnvægislaus í að fullyrða, að það, sem aðrir væru að fara með, væri af eitthvað sama tagi og hann væri að bera á borð fyrir aðra. Og það er ekki tilviljun, að það, sem hann var að segja, skyldi vera rekið ofan í hann á meðan hann var að tala.

Samt var það ekki þetta, sem ég er mest hissa á í þessum umr. Ég var meira hissa á þeim tóni, sem í þeim er, og hefði ég þó átt að þekkja hann frá gömlum tíma. Og ég skal koma að því seinna, hvernig á því stendur. Mér finnst það, hvernig tryggja skuli, að það, sem útvarpið flytur Íslendingum, sé rétt, of alvarlegt mál til þess að það eigi að reyna að hafa það annars vegar í flimtingum, eins og þessi hv. þm. gerði, og hins vegar að beita þeim rangfærslum, sem hann gerði.

Hann fór að vefa inn í þessar umr., sem hér hafa orðið, þó nokkru af ævisögum og öðru. Hann fór að gefa yfirlýsingar um embættakúgun, pólitískar ofsóknir og að ég ekki tali um, að ósannindi væri það, sem honum væri sérstaklega á móti skapi og hann hefði aldrei komið nærri. Hann væri mjög heilagur maður í slíkum efnum, og væri furðulegt, að nokkrum manni kæmi í hug að bendla sig við nokkuð, sem héti embættakúgun(!) — Ég veit ekki, hvort það er minnisleysi, sem er að þessum hv. þm. þegar hann gefur þessa yfirlýsingu. En fyrir okkur, sem munum eitthvað ofurlítið aftur í tímann, þá verður þetta nú heldur til þess að rifja upp þann hluta af ferli þessa hv. þm., sem við þekkjum. Þegar talað er um pólitískar ofsóknir, þá er náttúrlega ekki óeðlilegt, þó að manni detti í hug, að það er prinsíp, sem þessi hv. þm. hefur alltaf haft, að vilja beita embættakúgun, svo framarlega að hann hafi haft valdaaðstöðu til þess að beita henni. Ég held, að slíkar yfirlýsingar frá þessum hv. þm. komi úr hörðustu átt, og jafnvel þó að þessi hv. þm. talaði ekki svona mikið ekki aðeins um það, hvað ósannindi séu óviðurkvæmileg, heldur líka ókristilegt orðbragð. Ég held einmitt, að orðbragðið, sem kennt er við þennan hv. þm., hafi ekki alltaf þótt kristilegt, og mál, sem hann hefur farið með, ekki alltaf þótt sannleikanum samkvæmt, meira að segja ekki í þingsölunum. Mig minnir, að fyrsta ganga þessa hv. þm. hafi ekki verið sérstaklega góð, hún hafi kallað fram yfirlýsingar í þinginu. Og mér virðist það ekki ætla að enda öllu betur fyrir honum á þessu þingi, sem þessi hv. þm. e. t. v. á sæti á síðustu. — Hann var að rekja ævisögur hér og taldi, að einhver maður hefði verið á fyrra skeiði ævi sinnar eitthvað meira en venjulegur menskur maður, líklega meira en venjulegur stjórnmálamaður. Svo hafi orðið tímamót í ævi hans. Hann talaði um, að á fyrra hluta ævi sinnar hefði þessi maður verið mjög þýðingarmikill, en síðari partur ævi hans þýðingarminni. Og allt átti þetta út frá hugsunarhætti hv. þm. að standa í sambandi við það, að á meðan maðurinn hafi verið mjög tryggur Framsfl.maður, þá hafi allt gengið honum til vegs og sóma. Ég man eftir framsóknarmanni, sem þessi lýsing á að nokkru leyti mjög vel heima við. Hann situr ekki fjarri mér nú. Hann var *fyrri part sinnar ævi mjög þýðingarmikill* maður, ráðh. og form. Framsfl., form. utanrmn. og einn aðal-valdamaður fjvn., og jafnvel einn aðal-valdamaður landsins. Og það var talað um hann sem „Islands stærke Mand" í dönskum blöðum. En svo fór einmitt með þennan mann eins og manninn, sem hv. þm. S.-Þ. minntist á, að síðari parturinn í ævi hans varð þýðingarminni. Hann hélt sjálfur, að hann væri átrúnaðargoð allrar þjóðarinnar, hann hafði þá hugmynd, að hann mundi vera hjá þjóðinni yfirleitt sá maður, sem hún tryði á. Og honum hætti þess vegna við, þegar hann var að tala um eitthvað, sem hann trúði sjálfur, að segja: Þjóðin trúir þessu. Og ef einhver bábilja hefur fest sig í kollinn á

honum á síðari hluta æviskeiðs hans — ekki þeim hluta, þegar hann var venjulegur stjórnmálamaður — þá heldur hann, að þjóðin öll trúi þessu öllu hreint, jafnvel þó að þjóðin við hverjar kosningar hafi sýnt fram á, að hún er fjarri því að gera það. En hann tekur ekki mark á staðreyndum, heldur heldur hann enn, að hann sé átrúnaðargoð þjóðarinnar, þó að hann hafi ekki nokkurn hlut á bak við sig. — Ég held, að þessi hv. þm. ætti ekki að fara mjög mikið út í ævisögulestur.

Hv. þm. S.-Þ. talaði um það áðan, að Ríkisútvarpið væri á röngum leiðum, og sérstaklega undir stjórn núv. hæstv. kennslumálaráðherra væri því lélega stjórnað. Og sem dæmi um það nefndi hann, að einu sinni hefðu fundizt flöskur í einu skrifborði hjá einum starfsmanni þar. Og þetta átti að sanna það, að það væri ekki að vita, hvert þjóðin væri að halda með útvarpið undir stjórn núverandi hæstv. kennslumálaráðherra, — að flöskur fundust í einum skrifborðsskáp hjá starfsmanni útvarpsins, löngu áður en hæstv. kennslumálaráðherra tók við yfirstjórn útvarpsins, hjá manni, sem einu sinni hafði verið starfsmaður við útvarpið. Það væri gaman að fá að vita hjá þessum hv. þm., hvort maðurinn, sem flöskurnar í skrifborðinu fundust hjá, hefði e. t. v. verið eitthvert átrúnaðargoð þessa hv. þm. í því að framkvæma þá stefnu, sem þessi hv. þm. vildi láta framkvæma í útvarpinu. Þessi hv. þm. flutti sem sé hér á þingi 1939 m. a. mjög ákveðnar till. í þá átt, að öllum, sem væru ekki sömu stefnu og „lýðræðisflokkarnir", eins og það var orðað, væri vikið frá útvarpinu og séð um, að þessir menn gætu hvergi nokkurs staðar verið. Og einmitt á sama tíma var þessi maður með flöskurnar, sem hv. þm. á sennilega við, aðalframkvæmdastjóri þessarar stefnu hv. þm. S.-Þ. í útvarpinu.

En mér er nærri að spyrja: Hvað var drukkið úr þessum flöskum? Kannske stríðsöl Finnagaldursins. Það hefur kannske verið nauðsynlegt fyrir viðkomandi mann að drekka þetta, sem þarna var, til þess að geta ruglað aðra eins vitleysu í útvarpið og hv. þm. S.-Þ. vildi vera láta. Og mér er nær að halda, að það hafi endað með því, að þessi maður, sem hv. þm. S.-Þ. var að tala um, hafi e. t. v. gengið fulllangt í þessari stríðsöldrykkju Finnagaldursins og e. t. v. drukkið sig næstum út úr útvarpinu þá.

Ég held, að hv. þm. S.-Þ. ætti að fara frekar varlega, því að það er engan veginn víst nema þessar sögur, sem hann segir, sem stundum eru kallaðar Grósögur, hitti hann aftur, einhverjar þeirra. Og það er ekki skemmtilegt að þurfa að standa hér í sölum Alþ. eftir aðrar eins leiðindaaðdróttanir og þessi hv. þm. hefur komið með, til þess að reka þær ofan í hann, þannig að þeir geirar, sem hann ætlar að skjóta að andstæðingum sínum, skuli einmitt lenda í hans eigin samstarfsmönnum í því að innleiða hlutdrægni í útvarpinu.

Ég ætla mér ekki að öðru leyti að fara hér langt út í ræðu þessa hv. þm. að svo komnu máli. Ég geri það kannske síðar við þessar umr., ef mér finnst ástæða til. En mig langar til að ræða ofurlítið alvarlegar en ræða hv. þm. S.-Þ. gefur tilefni til þær hugmyndir og skoðanir, sem hér hafa komið fram hjá nokkrum hv. þm. viðvíkjandi því, hvað útvarpið eigi að gera og hvert verkefni þess sé. Það virðist, að það mundi verða svo, eftir þeim umr. að dæma, sem hér hafa farið fram, að ekki mundi það nú ganga betur með sumt af stjórninni á útvarpinu hjá okkur, sem höfum verið í útvarpsráði undanfarið, þó að þeir hv. þm., sem hér hafa talað, sumir hverjir, ættu að fara að stjórna því. Það var m. a. talað af hv. 4. þm. Reykv. um fréttaflutning útvarpsins, aðferðir við þýðingar og annað slíkt, sem hann ræddi í sambandi við það. Ef ég man rétt, minntist hv. 4. þm. Reykv. m. a. á það, að gert væri allt of mikið að því að þýða nöfn, og fór að krítisera ýmislegt af því, sem væri þýtt en hann teldi rangt að þýða. Hann byrjaði að minnast á fljótsnafnið Weichsel. Það er ekki rétt hjá hv. 4. þm. Reykv., sem hann sagði um það. Það hefur verið notað nafnið Visla á þessari á, og það er hennar pólska heiti. Weichsel er þýzkt nafn, sem hefur ekki verið notað á ánni af hálfu þeirra manna, sem landið hafa byggt. Og það er ekki ástæða til að breyta því nafni. Og það er kannske svipað þessu með sumar leiðbeiningar, sem koma fram viðvíkjandi fréttaflutningi útvarpsins. — Hv. 4. þm. Reykv. minntist á fleiri dæmi um það, hvernig ætti að þýða. Og hann virtist miða till. sínar við það, að við þyrftum að þýða með tilliti til þess, hverju hlustendur hér heima væru vanastir eftir okkar íslenzku viðhorfum, flokkaheitum og öðru. Ég held, að það væri mjög fjarri því að vera til bóta að taka upp slíkar aðferðir. Það er nefnilega svo undarlegt, að veröldin hefur ekki tekið sér flokkaskiptingu hér á Íslandi til fyrirmyndar, þegar menn hafa myndað flokka í öðrum löndum, heldur hefur þróunin í þessu byggzt á þjóðfélagslegum og sögulegum forsendum, sem fyrir liggja, sem eru gagnólíkar því, sem hér er. Og það virðist ekki vera ástæða fyrir okkur að steypa nöfn þessara flokka í sama formi og á flokkum okkar. Menn geta reyndar gert sér það til gamans, þegar snjallir rithöfundar rita eitthvað eins og Heljarslóðarorustu og slíkt. En það er ekki ástæða til að gera þetta, ef á að upplýsa fólkið um hið raunverulega ástand í hverju landi, því að það er mótað af því, sem þar er fyrir höndum, og engan veginn víst, að það passi við það, sem hér er heima. Ég býst líka við, að hvað fjöldann allan af nöfnum snertir, mundi ekki nokkrum manni detta í hug að þýða þau. Ég býst við, að frekar mundi það t. d. valda ruglingi, ef fara ætti að þýða nöfn á flokkum í Bandaríkjunum. Og hvað snertir svo og svo mikið af flokksheitum í Evrópu, þá er það mjög mismunandi, hvernig þeir flokkar eru og hvaða nöfn þeir hafa. Hv. 4. þm. Reykv. virtist ganga út frá því, að sú flokkaskipting, sem átti sér stað á tímabilinu frá 1919 til stríðsbyrjunar, mundi haldast áfram, og það væri því eðlilegt, að þeir hétu áfram þeim nöfnum, sem viðgengizt hafa á þessum tíma. Ég held, að sú flokkaskipting hafi breytzt meðan á þessari styrjöld stóð og að það sé að byrja tímabil, sem verði mjög ólíkt því, sem leið á milli styrjaldanna, eins og það tímabil var ólíkt tímabilinu fyrir 1914. Orð eins og sósíalistar, kommún-

istar og slíkt höfðu aðra merkingu fyrir þann tíma en síðar. Og það er mjög hæpið fyrir okkur að ætla að þýða á íslenzku þessi heiti, sem eru á erlendum flokkum. T. d. fyrir 1914 kölluðu rússneskir bolsjevikar sig socialdemokrata í blaði, sem Lenin gaf út. Eftir 1914 breytast þessi nöfn. Og ég get trúað, að nú séu þau að taka miklum breyt. Mér virtist hv. 4. þm. Reykv. vilja, að Arbejderparti og Labour party ætti að þýðast á íslenzku og helzt að heita Alþýðuflokkur eða jafnaðarmenn eða eitthvað slíkt, bara eftir hugtökum, sem íslenzkir hlustendur hafa vanizt. En ef einhver flokkur heitir í sínu landi socialistaflokkur, þá má nafn hans haldast, þó að það sé nefnt í íslenzkt útvarp. Ég veit ekki, af hverju þetta er sprottið hjá hv. 4. þm. Reykv., að hann vill þýða þessi flokksheiti. Það var helzt að heyra á honum, að ef einhver stór verkalýðsflokkur væri erlendis, þá ætti hann að heita Alþýðuflokkur, en síður, ef um lítinn flokk var að ræða. Ég held, að það sé ákaflega varhugavert að þýða þessi flokksheiti. Og út af orðunum Alþfl. og Jafnaðarmannaflokkur mætti spyrja, hvernig þessum hv. þm. mundi líka það, ef menn sem eru róttækir sósialistar, mynduðu einhvers staðar flokk og kölluðu hann Alþýðuflokk. Hvort vildi þá hv. 4. þm. Reykv. heldur kalla þann flokk í útvarpinu Alþýðuflokk eða Jafnaðarmannaflokk? — Ég held, að við eigum að lofa þeim erlendu flokkum, sem skapað hafa sér heiti, að halda þeim. Og ég held, að það væri rangfærsla hjá útvarpinu að breyta þeim. Þá villast menn sízt á því, um hvaða flokk er að ræða. Og það, sem mestu skiptir í þessu sambandi, er, að upplýsingar um þessa flokka séu réttar. Þetta, sem ég hef haldið fram um flokkaheitin, sést bezt, hve sjálfsagt er, þegar athuguð eru flokkaheiti í fjarlægum löndum. Þegar talað er um Congressflokkinn á Indlandi eða Þjóðþingsflokkinn, ef við ættum að finna eitthvert íslenzkt heiti yfir hann samsvarandi, en vildum þó taka eitthvað úr okkar sögu til þess að nefna hann eftir, þá mundi það líklega verða Sjálfstæðisflokkur eins og sá flokkur var til 1918. Það er samsvarandi stig, sem flokksmenn þessa flokks eru nú á, við það, sem var á Íslandi fyrir 1918, þegar menn stóðu hér saman að því að berjast fyrir sjálfstæði Íslands. Ég veit ekki, hvort hv. 6. þm. Reykv. vildi ganga inn á að kalla þennan flokk á Indlandi Sjálfstæðisflokk. Og með sömu röksemdum mætti segja, að það séu sjálfstæðismenn á Java, sem eru að berjast fyrir sínu sjálfstæði og eru að berjast um völdin við Breta. Hvernig ætli hv. sjálfstæðismönnum hér líkaði það, ef Bretar tilkynntu, að sjálfstæðismenn á Java hefðu drepið þetta eða þetta marga fanga. Og ef Bretar tilkynntu, að sjálfstæðismenn á Java hefðu myrt konur og börn. Ég veit ekki, hvernig hv. 6. þm. Reykv. líkaði að fá þetta nafn á þann flokk á Java, sem er að berjast fyrir sjálfstæði landsins. Ég er hins vegar fjarri því að vilja taka upp þetta nafn á þann flokk. — Svo mundu þessi nöfn, sem við gæfum flokkum, náttúrlega gefa allt aðra hugmynd um stefnur flokkanna en þær raunverulega eru. Þannig er t. d. flokkaskiptingin í Kína, að Alþýðuflokkurinn þar er stór flokkur, en er, eins og menn vita, alger einræðisflokkur. Svo er hins vegar annar flokkur þar í Kína, sem kallar sig kommúnistaflokk, sem berst fyrir því, sem bændaflokkar í Evrópu börðust fyrir víða á 19. öld, að eigum aðalsins verði skipt upp á milli bænda. Þetta er aðalstefnuskrá þess flokks. En það er haldið, þegar þessi flokkur er að berjast í Kína, að þá séu þeir, sem í þeim flokki eru, að hugsa um stóriðju. En það er ekki rétt, því að stóriðja er þar ekki til. Svo eru menn ákaflega reiðir við þennan kommúnistaflokk í Kína, þó að þeir hafi ekki minnstu hugmynd um, hverju hann er að berjast fyrir.

Ég held, að við höfum sætt okkur við það á flestum sviðum, að útvarpið hefur reynt að láta hvert land ráða því sjálft, hvaða heiti það velur flokkum sínum. Við höfum kallað konservativa flokkinn í Bretlandi íhaldsflokk. Eftir því sem hv. 4. þm. Reykv. hélt fram, ætti að velja honum heiti íhaldssamasta flokksins á Íslandi. Og hvað á hann þá að heita? Ég held, að hann ætti að heita Framsfl. Svo kemur annar og segir, að hann eigi að heita Sjálfstfl. Hér getur því orðið vandi að skera úr. Ég held því, að við ættum að láta fréttastofu útvarpsins um þetta með þeim hætti, sem hún hefur lengst af haft. Ég held, að hún hafi leyst það betur en þeir, sem hér hafa lagt orð í belg, hefðu getað gert, fram að þessu.

Viðvíkjandi orði, sem hv. 4. þm. Reykv. minntist á, að hann vildi láta nota heitið Jafnaðarmannaflokkur, þá mundi það vera alveg villandi og í fyrsta lagi vegna þess, að ég er á þeirri skoðun, að það sé ekki rétt fyrir sósíalista að nota þetta orð. En ef það yrði samkomulag milli manna, að það þætti rétt hvað íslenzkt málfar snertir, þá mundi það þýða „sósíalistar". Það mundi verða nothæft um alla þá flokka, sem okkur annars greinir á um, hversu góðir séu. Þess vegna mundi verða sífelldur misskilningur og deilur um, hvernig þetta orð væri notað. Sjálft orðið með þeirri hugmynd, sem það gefur, gefur alls ekki rétta hugmynd um nútíma sósíalisma, heldur er það orðið, sem haft er um verkalýðshreyfinguna ensku, „liberales", og væri skást að nota það. Ég held því, að hvað þetta snertir, þá væri það það alvitlausasta, sem við gætum gert, að fara að skíra upp erlenda flokka eftir því, hvað flokkarnir heita hér heima. Við eigum að lofa heiminum að halda sér eins og hann er, eins fjölskrúðugum og hann er, en ekki að gera hann fátækari. Það, sem við fyrst og fremst þurfum að sjá um, að sé gert, er, að fólkið fái að vita um staðreyndir, sem þar gerast.

Ég held, að það hafi verið þessi sami hv. þm., sem fór inn á að sanna, að ekki ætti að taka fréttir eftir Moskvaútvarpinu. Við skulum athuga, hvað er hlutverk útvarpsins gagnvart þeim erlendu fréttum. Það er að tryggja, að þjóðin fái að vita, hvað er að gerast í veröldinni. Og hvers vegna þarf þjóðin að fá að vita það? M. a. vegna þess og fyrst og fremst vegna þess, að hún er sjálfstæð þjóð, sem sjálf á að ákveða sína utanríkispólitík út frá þekkingu sinni á veröldinni, sem hún lifir í. Ef hún hefur ranga þekkingu á þessari veröld, getur hún gert vitleysur í utanríkispólitík sinni, sem getur varðað hennar sjálfstæði. Það er nauðsynlegt nú fyrir ís-

lenzku þjóðina meira en nokkru sinni fyrr að fá að vita mikið og vita rétt um það, sem gerist í veröldinni í kringum hana, því að þjóðin má ekki vaða í villu og svima um staðreyndirnar, hvað er að gerast. Það er betra að fá að vita mismunandi skoðanir um þetta en að fá að vita of lítið. Það hefur verið álit flestra mestu stjórnmálamanna nú, að einhver stærsti gallinn á öllum fréttaflutningi í öllum hinum borgaralega heimi síðustu 15—20 árin hafi verið sá, að menn hafi ekki fengið að vita nógu mikið og rétt um ástandið í Sovétríkjunum, margar þjóðir hafi gert sér svo rangar hugmyndir um, hvers konar ástand þar ríkti, hvað sú þjóð væri sterk og hvað hún gæti gert, að það hefur jafnvel verið talið, að ef stjórnir ýmissa þjóða hefðu haft hugmynd um ástandið í Sovétríkjunum, mundi jafnvel hafa verið komizt hjá því ægilega stríði, sem nú hefur staðið yfir. Það er engum efa bundið, að eitt af því, sem hefur valdið því, að þessar ógnir hafa yfir heiminn gengið, er það, að hjá mörgum þjóðum hefur verið kerfisbundið skýrt rangt frá því ástandi, sem í þessum ríkjum er, með þeim afleiðingum, að meira að segja stjórnendur margra ríkja í heiminum hafa alveg vaðið í villu og svima um það. Það hefur sýnt sig, að fræðslan um þessi ríki þarf að vera miklu miklu meiri en hefur verið áður. Ég held þess vegna, að það sé tími til þess kominn, að við hér á Íslandi athugum alveg realistiskt, hvað við höfum gert í þessu efni og hvað við getum lært af reynslu annarra þjóða í þessu efni. Einum þekktum menntamanni hér, sem ekki fylgir kommúnismanum, varð að orði, þegar staðreyndirnar töluðu einna greinilegast um, að hann hefði haft rangar hugmyndir um þessi ríki: „Mikil lifandi ósköp hefur verið logið að okkur um Sovétríkin.“ Sannleikurinn er sá, að flest ríki Evrópu hafa keppzt við að reyna nú að bæta úr vanþekkingu sinni og reynt að sjá til þess, að þjóðirnar fái nú að vita mjög mikið og sem allra mest um þessi ríki. Menn vilja ekki aftur bera ábyrgð á því, að út frá þekkingarleysi fólksins og valdhafanna séu gerðar aðrar eins utanríkispólitískar vitleysur eins og gerðar voru sumpart út frá þekkingarleysi og röngum hugmyndum í sambandi við undirbúning síðasta stríðs. Þetta er mál, sem ég held, að við ættum alveg án tillits til þess, hvernig skoðanir menn kunna að hafa á sósíalismanum, að athuga alveg sérstaklega vegna íslenzku þjóðarinnar í heild, svo að hún geti fengið sem réttastar hugmyndir um það, sem er að gerast.

Nú er það svo hér á landi, að við viljum hafa lýðræði í okkar þjóðskipulagi, og við viljum treysta á það, að þjóðin sé á hverjum tíma eða meiri hluti hennar færust um að ráða því, hvaða stjórnarstefnu við höfum. Og þá er líka skylda okkar, sérstaklega okkar, sem á þingi erum, að láta þjóðinni þessa þekkingu í té meira að segja án tillits til þess, hvort við erum með eða móti í þessu efni. En það fer mjög fjarri því, að blöðin, eða a. m. k. þrír flokkar hér á landi, hafi skoðað það sem skyldu sína að reyna að skapa slíka almenna fræðslu um Sovétríkin. Ég verð að segja, að þó að ég hafi ekki verið lengur í burtu en þessa 2—3 mánuði, sem ég var í burtu nú í haust, þá brá mér, þegar ég kom heim. Ég var kominn það mikið út úr gamla pólitíska þvarginu hér heima, að ég varð hálfhissa, þegar ég sá, hvernig blöðin skrifuðu viðvíkjandi Sovétríkjunum. Ég var hissa vegna þess, að ég hafði haft tækifæri til að fylgjast með helztu blöðum Norðurlanda á þessum tímum, og ég varð þar hvergi var við þennan móðursýkistón, sem er í skrifum um Sovétríkin hér á landi. Það er ekkert við því að segja, þó að við skömmum hver annan eins og við viljum. Við erum vanir því, og þar dregur enginn af sér. En við skulum gera skyldu okkar í því efni að sjá um, að þjóðin geti haft einhverja möguleika til að geta dæmt um stórfelldustu staðreyndirnar, sem eru að gerast í veröldinni, svo að það geti ekki komið fyrir, að svo og svo stórkostlegir viðburðir og breytingar geríst í veraldarsögunni, sem fari fram hjá henni og hún viti ekkert um það. Þetta er nauðsynlegt fyrir okkur. Við ættum að gefa þjóðinni möguleika til að beita dómgreind sinni sjálfstætt um þá hluti, sem eru að gerast í heiminum og skapa sér þar með þann grundvöll, sem hún á að standa á, en þeim möguleika er hún svipt, ef blaðakostur okkar og ég tala nú ekki um, ef útvarpið er notað eins hatrammlega og gert hefur verið hvað snertir ákveðið ríki í veröldinni, annað, ef ekki helzta stórveldi heimsins. Ég hef ekki orðið var við t. d. í blöðum Sósfl. neina þess háttar aðferð, þegar t. d. hefur verið um stórveldi eins og Bandaríkin að ræða. Þar er ekki verið að tína upp einhver smáatvik, sem kynnu að koma fyrir í einhverjum smáherbúðum eins og ef einhver bandarískur hermaður kynni að myrða konu í Englandi. Þar er ekki verið að reyna að draga þetta fram sem einhvern fjandskap við eitthvert stórveldi, það er ekki verið að setja þetta þar á fremstu síðu, en þetta rekur maður sig daglega á í blöðunum hér heima.

Við verðum að athuga það, að þótt mörgum sé illa við hin sósíalistisku ríki í heiminum, þá er það staðreynd, sem verður ekki út skafin, að sósíalisminn er til og verður til, og þá verðum við að kynna okkur, hvers konar fyrirbrigði þetta er, og þess vegna er útvarpinu skylt að taka upp fréttir frá Moskvu. Ég er sérstaklega hissa á, að þeir, sem hér heima á Íslandi hafa sagt, að þeir væru hinir sönnu lýðræðissinnar og andstæðingar fasismans, að þeir hafa aldrei nokkurn tíma fundið það ámælisvert, að fréttum frá Berlín hefur verið útvarpað á hverjum degi, en stökkva upp og umhverfast, þegar fréttum frá Moskva er útvarpað hér í 2—5 mínútur. Það er óheppilegt og hættulegt fyrirbrigði að vilja meina þjóðinni þannig að fá að vita, hvað þarna sé að gerast. Það er enginn að biðja þjóðina að trúa öllu, sem hún heyrir í fréttum, hvorki frá einum eða öðrum. Þegar fréttum er útvarpað frá Berlín, þá er það ekki gert vegna þess, að útvarpsráð, útvarpsstjóri eða kennslumálaráðuneytið endilega trúi því öllu eða ætlist til, að því sé trúað, heldur til að gefa mönnum hugmynd um, hvað þessir menn álíta um sjálfa sig, en þessir sérstöku postular lýðræðisins hafa aldrei átalið þetta. Nú er það vitanlegt, að Sovétríkin eru orðin langsterkasta veldið í Evrópu. Það er því nauðsynlegt fyrir okkur að hafa hugmynd

um, mikla hugmynd, hvers konar ríki þetta er, hvað þessir menn eru að segja og hvaða álit þeir hafa á sjálfum sér alveg eins og við viljum vita, hvað Churchill er að segja í enska útvarpið. En í staðinn fyrir það, að það hefði átt að vera eitt af því, sem hefði gersamlega breytzt í lok þessarar styrjaldar, að mörg hægri blöðin hér á landi hefðu átt að álíta það skyldu sína að reyna að flytja þjóðinni dálítið meira um það, sem gerist í þessu landi, jafnvel þó að fréttirnar væru frá báðum hliðum, þá hefur það öfuga gerzt, því að áróðurinn gegn þessu ríki hefur aldrei verið meiri en nú, því að blöðin hafa haldið uppi æsingum gegn því litla, sem birzt hefur í útvarpinu frá þessu ríki.

Ég held, að við megum til með að líta á þessi mál frá sjónarmiði okkar þjóðar, að henni sé nauðsynlegt að fá að vita þetta eins og annað til að geta dæmt um staðreyndirnar í heiminum, en ekki út frá sjónarmiði þess, hvort stjórnin í þessu landi sé svona og svona mikið í samræmi við það, sem þessi og þessi flokkur vill, eða eitthvað annað þess háttar. Við verðum að reyna að aðgreina það. Ég legg svo mikla áherzlu á þetta vegna þess, að mér er ljóst, að hver einasta þjóð, og það mestu stórveldi heimsins, hafa talið skyldu sína að breyta verulega um í þessu efni, gefa þegnum sínum tækifæri til að fá allt aðra og meiri vitneskju um þetta land, og þeir hafa gert þetta án tillits til þess, að þetta væru ákveðnir pólitískir andstæðingar þeirra. Ég get tekið þar sem dæmi, að eitt íhaldssamasta tímarit heimsins, „Life", álítur rétt að helga heilt blað frásögn um þetta ríki.

Það er alveg sama, hvert við lítum. Menn deila um þessar stjórnmálastefnur. En menn vilja ekki endurtaka það ástand, sem var 1919—1939, þegar ⅙ hluti veraldar gerði stórkostlega merkilegar athafnir og skapaði ný og áður óþekkt viðhorf og svo og svo mikið af þjóðunum vissi ekki, hvað var að gerast. Menn gera þetta af því, að þeir hafa dýrkeypta reynslu af því, hvað það getur haft að þýða, að þjóðirnar fái ekki að vita hið sanna í þessum málum og fái ekki tækifæri til að skapa sér skoðanir um þau.

Ég held því, að í staðinn fyrir að stökkva upp, ef lesnar eru fréttir frá Moskva eða birt eru sítöt úr blöðum frá þessum ríkjum, þá ættu menn að biðja um að heyra meira um ástandið þarna, fá að vita, hvers konar ríki þetta eru í staðinn fyrir að láta eitthvað mystiskt hvíla yfir þessum ríkjum, sem hafa staðið sig svo framúrskarandi vel í styrjöldinni. Ég er hræddur um, að við Íslendingar séum nærri því eina þjóðin í veröldinni, þar sem þetta gæti komið fyrir. Ég segi þetta af því, að ég er hræddur um, að fjöldi hv. þm. geri sér ekki ljóst, hvað við erum að verða aftur úr og miklir eintrjáningar í heiminum, ef við höldum svona áfram. Það er ekki aðeins af því, að þetta sé leiðinlegt fyrir okkur, að ég vil, að við fáum að vita um það, sem gerist í útlöndum, heldur er það blátt áfram nauðsynlegt fyrir þjóðina að fá fréttaflutning og þá einmitt um það ríki, sem heimurinn er nú sannfærður um, að hann þarf að fá að vita miklu meira um en hann hefur áður fengið.

Stríðið hefur ekki skollið á okkur hér heima með þeim ógnum, sem aðrar þjóðir hafa fengið að kenna á. Það væri því illa farið, ef við létum ekki hina dýrkeyptu reynslu annarra þjóða okkur að kenningu verða. Við erum minnsta þjóðin í veröldinni, en við erum ekki lengur á neinum útkjálka eða í einangrun. Við erum þannig, að tekið er eins mikið eftir okkur og ýmsum öðrum miklu stærri þjóðum. Undir þeirri stefnu, sem okkar litla þjóð markar í utanríkispólitík, verður komið að mjög miklu leyti okkar eigið sjálfstæði og velfarnaður. En þjóðin getur ekki tekið þessar ákvarðanir, skapað sér réttar hugmyndir án þess að fá aðgang að staðreyndunum, án þess að fá þekkingu á þessum málum. Að ætla að dylja hana því, sem er að gerast í voldugasta ríki Evrópu, það er fásinna, ekki endilega vegna þess, að þetta ríki sé sósialistiskt, heldur vegna þess, að þetta er vald í heiminum, sem við sem sjálfstæð þjóð þurfum að hafa hugmynd um, þurfum að þekkja til þess að geta haft þá þekkingu með til hliðsjónar, þegar við mótum okkar pólitík, m. a. okkar utanríkispólitík. Okkur má ekki skorta þennan grundvöll, hvernig sem við dæmum, hvað sem við drögum af þeim staðreyndum, sem við heyrum. Þess vegna er ég á því og vil undirstrika þýðingu þess fyrir okkur frá almennu sjónarmiði, að íslenzkum hlustendum sé látin í té fræðsla um Sovétríkin og að fréttir frá útvarpinu í Moskva séu auknar frekar en hitt. Margar þjóðir mundu vilja gefa mikið til þess, að þær hefðu 1938 verið búnar að fá þá fræðslu um Sovétríkin, sem þær hafa nú fengið, líka úr íhaldssömustu blöðunum í kapítalisku löndunum. Það er því svo langt frá því, að nú séu tímar til fyrir okkur að minnka það litla, sem við fáum í íslenzka útvarpinu að vita um þessi ríki, heldur er miklu fremur ástæða fyrir okkur að reyna að vinna það upp, sem við höfum vanrækt. Og þar hefur verið um meira en vanrækslu að ræða, því að þar hefur verið gengið í þveröfuga átt og beinlínis útbreidd skipulagsbundin ósannindi um þessi ríki. Þess vegna tel ég, að þessi þáltill. og tildrög hennar sé ákaflega leiður vottur um það þroskaleysi, sem hér ríkir enn í þessum málum. En ég er þó alls ekki með þessum orðum að reyna að fá andstæðinga sósialismans á þá skoðun, sem ég hef, en hinu held ég fram, að vegna þess að okkar þjóð á á lýðræðislegan hátt að ákveða sína utanríkispólitík, á hún heimtingu á að fá frá útvarpinu þekkingu um þau mál, sem hún þarf að leggja til grundvallar, þegar hún ákveður þessa hluti. Íslenzka útvarpið hefur undanfarið látið allt of lítið af þeirri þekkingu í té.

Að svo mæltu ætla ég að láta þessari ræðu lokið, en kann síðar meir að fara inn á málið, ef nauðsyn krefur.

Bjarni Benediktsson: Ég skal nú ekki blanda mér mikið í þær umr., sem um þetta mál hafa verið í kvöld. Sannleikurinn er sá, að sá ævisagnalisti og sú málfærslugreinargerð, sem hefur brotizt út í umr., skiptir ekki ýkja miklu máli fyrir kjarna þess umræðuefnis, sem hér er til íhugunar. Varðandi ævisögurnar er það því miður svo, að flest af því, sem ræðumenn segja hver um annan og misjafnt er, er satt, og er það ekki

til slíkrar ánægju, að vert sé að hafa um það fleiri orð. Varðandi málfærsluflutning hv. 2. þm. Reykv., þá kom þar þó fram ein mjög merk viðurkenning, sem stríðir gegn hans kennisetningu yfirleitt og varðar töluvert kjarna þessa máls. Hv. þm. sagði, að flokkaskipting í hverju landi færi mjög eftir þjóðlegum og sögulegum ástæðum þar, og það væri algerlega rangt, villandi og óvinnandi verk að bera saman flokka í mismunandi löndum. Þetta er að meginefni til alveg rétt, en þetta brýtur algerlega í bága við kenningu hinna sósíalistisku flokka. Þeir telja, að höfuðatriði flokkaskiptingar í öllum löndum séu hin sömu og eftir ákveðnum meginreglum, þannig, að náskyldir flokkar séu raunverulega til í öllum löndum þar sem flokkaskipting þekkist, og á þessu byggja einmitt hinir sósíalistisku flokkar alþjóðasambönd sín, sem þeir a. m. k. fram að þessu einnig hafa viljað taka þátt í af Íslands hálfu. Nú kemur hv. 2. þm. Reykv. og neitar þessari kenningu og segir, að flokkaskipting í hinum ólíku löndum sé svo ósambærileg. Þetta er rétt, en algerlega ný kenning úr þessum herbúðum, þar sem hún er flutt nú. Hún er einnig þeim mun eftirtektarverðari, þar sem þessi hv. þm. og hans skoðanabræður hafa talið gilda svo fast lögmál um flokkaskiptingu, að þeir segja, að í þjóðfélagi, þar sem viss atvik séu fyrir hendi, þar geti engin flokkaskipting átt sér stað. En samkv. þeirri kenningu, sem hv. 2. þm. Reykv. nú hélt fram um að hin algildu lögmál, sem sósíalistar hafa haldið fram, væru ekki til, þá er auðvitað þessi kenning þeirra einnig úr sögunni. Það er vissulega eftirtektarvert og mikilsvert að fá játningu frá jafnsterkum fræðimanni í þessum efnum og hv. 2. þm. Reykv., um að allar þeirra fyrri kenningar í þessum efnum séu á sandi byggðar.

Ég ætla heldur ekki að fara að deila við hv. 2. þm. Reykv. um það, frá hvaða útvarpsstöðvum eigi að taka fregnir í íslenzka útvarpið. Ég hef aldrei fundið að því, að birtar væru fregnir frá Rússlandi, og tel ég, að að svo miklu leyti sem fregnir frá Moskva eru raunverulegar fregnir frá Rússlandi, að þá sé rétt, að Íslendingar fái vitneskju um þær. Það, sem að hefur verið fundið, og það er ekki að ástæðulausu, er það, að fregnir frá Moskva, sem birtar eru í íslenzka útvarpinu, hvort sem það er forráðamönnum íslenzka útvarpsins að kenna eða þar liggja til aðrar ástæður, þær hafa á sér allt annan svip en fregnir frá öðrum löndum. Fregnir frá Moskva ganga yfirleitt í þá átt að básúna ágæti þess skipulags, sem í Rússlandi gildir, eða eru beinar umsagnir frá rússneskum stjórnaryfirvöldum um ástandið í öðrum löndum, þar sem aftur á móti fregnir frá öðrum útvarpsstöðvum, sem hér er hlustað á, eru frásagnir af staðreyndum. Þessu veit ég, að allir hlustendur hafa tekið eftir, og ég ber það traust til skynsemi íslenzkra útvarpshlustenda, að þeir geri þar upp á milli, þegar þeir hlusta á þessa fyrirlesara. Þessir fyrirlestrar eru að vissu leyti einnig lýsing á mismunandi viðhorfi valdhafanna í hverju landi um sig. Hitt verð ég þó að segja, að óþarft er og ekki til uppbyggingar fyrir neinn þegar útvarpið er að lesa hér upp, eins og komið hefur fyrir, að Moskvaútvarpið hafi sagt, að opinber blöð í Bandaríkjunum hafi farið mörgum orðum um það, hve frjálslegar kosningarnar hafi verið í Búlgaríu og öðrum þeim löndum, þar sem almenningi hér á landi er fullkunnugt af öðrum fregnum eftir heimildum þar, að þessar kosningar voru með öllu ófrjálsar. En þó að það sé út af fyrir sig illa varið tíma að hlusta á þetta, þá skaðar það ekki svo mikið, og íslenzkir hlustendur hafa vissulega dómgreind til þess að skilja þarna á milli og sjá, hvað það er, sem þýðingu hefur, og hvað er einber áróður. Gallinn er bara sá, eins og hv. 2. þm. Reykv. réttilega tók fram, að enn þá hefur umheimurinn fengið allt of lítið að vita um ástandið í Rússlandi, ekki vegna þess, að umheimurinn hafi ekki verið þess fús, heldur hafa valdhafarnir í Rússlandi af einhverjum ástæðum verið ófúsir að láta umheiminum þá þekkingu í té. Og það er vitað af öllum og engum kunnara en hv. 2. þm. Reykv., að frjáls ferðalög fréttaritara erlendra blaða þarlendis eru með öllu óheimil, og þar með er hinni alþjóðlegu fréttaþjónustu gert ómögulegt að starfa. Það er viðurkennt af öllum, að umheimurinn hefur ekki fengið þá vitneskju um Rússland, sem hann þyrfti. Það, sem um er deilt, er það, hvort sú vitneskja, sem hann fær gegnum Moskvaútvarpið, sé tæmandi eða ekki. Þeir hlustendur, sem gera sig ánægða með þá vitneskju, sem þeir fá í íslenzka útvarpinu eftir Moskvaútvarpinu, eru vissulega lítilþægir, og ég tek sannarlega undir það með hv. 2. þm. Reykv., að við þurfum að fá að vita miklu meira en þar hefur komið fram.

Ég verð að segja, að á dauða mínum átti ég von á dögunum, en ekki þeim undirtektum, sem hæstv. menntmrh. veitti þeim ummælum, sem ég lét hér falla á fyrra stigi þessarar umræðu. Ég hafði í einfeldni minni og barnaskap tekið það trúanlegt, að hæstv. ráðh. mælti af heilum hug þegar hann sagðist vilja tryggja hlutleysi útvarpsins. Og þegar hann lýsti því hér yfir, að hann ætlaði að nota samþykkt þessarar till. til þess að gera vissar ráðstafanir til að tryggja þetta hlutleysi, þá tók ég það sem góður og trúr stuðningsmaður hans í þeirri góðu trú, að hann meinti það, sem hann sagði, og benti honum á, hvað væri öruggasta leiðin til þess að tryggja þetta á þann veg, að Alþ. gæti við unað. Ég benti honum á, að eðlilegast væri, að útvarpsráð, sem er skipað fulltrúum allra flokka á Alþ., hefði þessa yfirstjórn, en ekki útvarpsstjóri og sá ráðherra, sem hverju sinni fer með útvarpsmál. Hæstv. ráðh. taldi, að í þessu væri fólgið vantraust á sig. Ég verð nú að segja, að til þess hafði hann ekkert tilefni. Hann hefur ekki enn þá verið ráðherra nema eitt ár, og þær lýsingar, sem hann gaf hér á fyrirrennurum sínum í embættinu og ekki sízt hv. þm. Str. og hv. þm. S.-Þ., þær voru vissulega ekki með þeim hætti, að hvorki hann né ég gætum verið rólegir, ef slíkir menn ættu nú að taka við yfirstjórn útvarpsins á ný. Og það skiptir ekki máli, þó að það sannist því miður undir umr. og enn þá betur við yfirlýsingu útvarpsstjóra í blöðunum skömmu síðar, að öll ræða hæstv. menntmrh. þetta varðandi hvílir á misskilningi og að hann fer að mestu leyti með staðleysustafi, er hann

talar um þessa menn og útvarpið. Þetta skiptir ekki máli í þessu sambandi. Maður eins og hann, sem hefur haldið klukkutíma ræðu til þess að færa þingheimi heim sanninn um, að fyrirrennurum sínum í embættinu væri ekki trúandi til þess að gæta hlutleysis stofnunarinnar, hann ætti manna helzt að skilja, hversu völt trygging það er fyrir hlutleysi útvarpsins í höndum slíkra manna, og þegar stoðin, sem þeir eiga að styðjast við, er ekki öruggari en útvarpsstjóri, sem brást nú hæstv. *ráðherra, eftir að hann ætlaði* að eiga svo mikið undir honum, sem raun ber nú vitni um. En það er meir en svo, að hæstv. ráðh. hafi sannað með ummælum sínum, að fyrirrennurum hans í embættinu var ekki trúandi, heldur verður að segja eins og er, að hæstv. ráðherra sýndi einnig, að jafnvel honum, sem ég veiti þó fullan stuðning, jafnvel honum getur maður litið treyst og með þeim hætti, að býsna varhugavert virðist nú vera að láta þetta heyra undir hans yfirstjórn, a. m. k. ef hann ætlar að fara að *gera sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja* það, sem hann kallar hlutleysi útvarpsins.

Hæstv. ráðh. hélt því hér fram, að í erindi starfsmannsins við fréttastofuna, **Björns Franzsonar**, hefði ekkert komið fram, **sem réttlætti** þær ádeilur, sem hann hefði orðið **fyrir, og mig** minnir, að hæstv. ráðherra hafi sagt, að hann hefði engan hitt, sem gerði annað en að hlæja að þeim ásökunum, sem útvarpið hefði orðið fyrir af þessu tilefni. Nú vissi þó hæstv. ráðh. um undirtektir fjölmennra funda og um undirtektir *þingheims, að allir þessir aðilar töldu*, að þarna hefði þessi að öðru leyti mjög mæti fréttamaður gert sig beran að misskilningi á sínu starfi. Þrátt fyrir það er hæstv. ráðh. svo blindur í sinni skoðun, að honum finnst, að allir séu sér sammála um það, að þarna sé allt í bezta lagi, þó að allir aðrir segi, að þeir hafi engan hitt nema æstustu trúbræður ráðh., sem ekki fordæma a. m. k. þennan verknað, og hvað sem þeir álíta um frammistöðu útvarpsins að öðru leyti. Nú fer því fjarri, að ég vilji halda því fram, að hæstv. ráðh. *í þessu fari með vísvitandi ósannindi eða vilji* skrökva að þingheimi, alveg eins og ég vil taka fram að ég álít, að sá fréttamaður, sem hér braut af sér, hafi ekki vísvitandi brotið af sér, heldur verið í góðri trú, eins og ráðherra. En það viðfangsefni, sem hér er um að ræða, verður enn þá vandasamara vegna þess, að það sýnir, hversu viðhorfin eru gersamlega ólík, eins og einnig kemur fram í þessu útvarpserindi, sem hér hefur verið gert svo mjög að umræðuefni. Þar kemur í ljós, og ræðumaður undirstrikar *þann skilning mjög í hinni löngu ræðu* á dögunum, að ræðumaður telur, að það, sem hann kallar hið austræna lýðræði, sé í raun og veru fullkomnasta form *lýðræðis. Og ég vil vekja athygli* á því, að það er ekki rétt, eins og fram hefur verið haldið, að þessi ræðumaður hafi látið sér nægja að vitna eingöngu í erlenda rithöfunda máli sínu til stuðnings, heldur fer hann og með rangan rökstuðning úr eigin brjósti þessu til sönnunar, sönnunar því, að í Rússlandi ríki allt það frelsi, sem tilheyri hinu borgaralega lýðræði, og auk þess komi það, sem þessi ræðumaður kallaði hið efnahagslega lýðræði, til viðbótar. Raunar er á þessu einn galli. Þessir menn hafa fundafrelsi, málfrelsi o. s. frv., en eigi að síður er þó á þessu einn galli. Það kemur nefnilega fram í fyrra erindinu, að þeir verða allir að vera kommúnistar. Það mega engir halda fundi nema kommúnistar, engir skrifa nema kommúnistar, engir bjóða sig fram nema kommúnistar. Þetta kemur fram í erindinu. Það væri hlægilegt að halda því fram, að þetta væri fullkomnasta lýðræði, sem til er. Til þess að sýna, að ég fer *hér með rétt mál og* að Björn Franzson hefur haldið þessu fram, ætla ég að lesa smáklausu upp úr Þjóðviljanum frá 2. okt. 1945, þar sem ræðumaður kemst svo að orði: „Röksemdinni, að í Ráðstjórnarríkjunum sé aðeins um einn stjórnmálaflokk að ræða, svara þeir þannig, að tilvist margra stjórnmálaflokka í tilteknu landi sé í sjálfu sér enginn vitnisburður um lýðræði í því hinu sama landi, heldur um það, að í landinu séu margar stéttir, er hafi ólíkra hagsmuna að gæta, því að stjórnmálaflokkur sé ávallt fulltrúi *ákveðinnar stéttar, en í landi*, þar sem stéttamunur sé útþurrkaður, sé í raun og veru ekki verksvið fyrir fleiri stjórnmálaflokka en einn."

Felst ekki í þessu örugg viðurkenning á því, að þarna er aðeins einn stjórnmálaflokkur leyfður og að frelsi er aðeins leyft þeim, sem í þeim stjórnmálaflokki eru eða eru hans málstað hlíðhollir, og að öðrum er frelsið meinað? Og það er eðlilegt, að þessir menn segi, að þetta sé bezta og fullkomnasta lýðræði, sem til sé, því að einn *af þeirra spekingum hér, Jóhannes úr Kötlum*, hefur lýst því yfir, að í lýðræðislöndum hafi hinir frjálsu stjórnmálaflokkar gerspillandi áhrif á stjórnmálamennina, og telur hann aðalkostinn á stjórnarfarinu í Rússlandi vera þann, að þar séu menn lausir við hin gerspillandi áhrif frjálsu stjórnmálaflokkanna. Þar er einn flokkur, sem ræður og menn fá að vera frjálsir meðan þeir eru honum sammála, en síðan er frelsið búið. Nei, við skulum ekki vera að ræða frekar um þetta. Hér eru á ferðinni tveir góðir og gegnir *menn, hæstv. dómsmrh. og þessi útvarpsfyrirlesari*, sem halda því fram í góðri trú og eru sannfærðir um það, að þetta sé bezta lýðræði í heimi. Okkur hinum sýnist þeir sjálfir sanna með ummælum sínum, að hér sé um fullkomið einræði að ræða og ekkert annað. Við höfum síður en svo á móti því, að þessir menn tali sem oftast í útvarp og á mannamótum, en þá verða að vera jafnir möguleikar. Þeir mega ekki lauma sér inn, þar sem þeir hafa einkaréttaraðstöðu. Það er það, sem menn fundu að framkomu Björns Franzsonar. Hann misnotaði trúnaðarstöðu, þar sem aðrir höfðu ekki aðgang en hann. Ég held nú, að þegar jafnvel svo skýrum og velviljuðum *manni eins og hæstv. menntmrh.*, sem ég ber mikið traust til, getur sýnzt, að þetta sé í bezta lagi, þá held ég, að öllum öðrum en honum kunni nú að sýnast, að það sé betra, að fleiri manna ráð komi til. Ég hef ekki haldið öðru fram og vil segja hæstv. ráðh. í allri vinsemd, að ef á að gera ráðstöfun til þess að tryggja betur hlutleysi útvarpsins en gert er, þá verður sú ráðstöfun að vera sú, að láta útvarpsráð fá þessi mál. Og ég get fullvissað hæstv.

ráðh. um það, að hvorki ég né margir aðrir góðir stuðningsmenn hans munu samþ. nokkra aðra nýja ráðstöfun í þessu efni.

Menntmrh. (Brynjólfur Bjarnason): Mér þykir ákaflega leiðinlegt að þurfa að ræða þetta mál við hv. 6. þm. Reykv. (BBen), ákaflega leiðinlegt. Ég veit, að þetta er greindur og gegn maður, en svo talar hann alveg eins og krakki. Maðurinn er í sjúklegu ástandi þegar hann talar um Sovétríkin, enda var það sýnilegt, að hann var í sjúklegu ástandi þegar hann hlustaði á ræðu Björns Franzsonar. Nú skil ég, hvernig á þessum samþykktum stendur, sem þessi hv. þm. hefur staðið fyrir. Mér þykir þetta ákaflega leiðinlegt þessa hv. þm. vegna, sem ég að ýmsu leyti ber mikla virðingu fyrir. Þessi hv. þm. byrjaði ósköp rólega og gagnrýndi nokkur atriði í ræðu hv. 2. þm. Reykv. (EOl). Hann sagði, að okkar flokkur, Sósfl., héldi því fram, að í höfuðatriðum væri flokkaskiptingin í öllum löndum hin sama. Þetta er rétt. Við höldum því fram, að flokkaskiptingin fari eftir stéttaskiptingu landsins, en stéttaskiptingin fer eftir þróunarstöðu hvers lands. Þetta er nú einmitt nákvæmlega það sem hv. 2. þm. Reykv. var að segja. En athugasemd hv. 6. þm. Reykv. sýnir í raun og veru ekki annað en það, hvað hv. þm. skilur nauðalítið í þessum málum.

Þá sagði hv. þm., að hann væri ekki á móti fréttum frá Moskva, en taldi, að þær væru gallaðar og skýrðu ekki frá staðreyndum. Þarna kemur ofheyrnin í ljós, þegar Moskva er nefnd, og ber það greinilega vott um móðursýki. Fréttir frá Moskva eru ekkert annað en frásögn frá staðreyndum. En þegar sagt er í brezkum fréttum, að kosningarnar í Búlgaríu hafi ekki verið frjálsar, þá eru það staðreyndir í eyrum hv. þm. Ég veit raunar ekki til, að það hafi verið sagt í brezkum útvarpsfréttum, en það hefur verið sagt í afturhaldssömum blöðum bæði í Bretlandi og Ameríku, en frá sjónarmiði þessa hv. þm. eru það staðreyndir, því að hann vill trúa því, og nú sé ég, að hann trúir því yfirleitt, sem stendur í Morgunblaðinu. Hann trúir því t. d., að fréttaritari geti ekki sent sannar fréttir frá Rússlandi. Ég hélt, að hv. þm. væri ekki . . . (*BBen:* Ekki sagði ég þetta, en hitt sagði ég, að þeir fengju ekki að fara um Rússland frjálsir). Ég hef tekið eftir því, að þetta stendur líka í Morgunblaðinu, en þetta er þó mikil fjarstæða, en ég heyri, að hv. þm. trúir því samt. (*BBen:* Hvað segir hv. 2. þm. Reykv. um það? — *EOl:* Hvort menn megi fara frjálsir ferða sinna? Við máttum fara frjálsir ferða okkar og bróðir hv. þm. líka).

Hvað meinar hv. þm. með hlutleysi, t. d. um Rússland? Maður heyrir á ræðum hans, að hann meinar ekkert annað en að frásagnir frá Rússlandi eigi að vera í Morgunblaðsstíl. — Hann rangfærir orð mín er hann segir, að ég hafi sagt, að enginn hafi gert annað en hlæja að ádeilunum á Björn Franzson. Þeir voru því miður margir, sem deildu á Björn, og það er skiljanlegt, því að þeir eru margir, sem eru blindaðir af áróðri Morgunblaðsins. En hitt sagði ég, að það hafi ekki verið nema einn meðlimur í útvarpsráði, sem hafði brjóstheilindi í sér til að halda því fram, að í fyrra erindi Björns hafi verið hlutdrægni, og það er rétt. Hvaða sakir hefur svo hv. þm. á Björn? Engar. Þær „sakir" voru á hann bornar, að hann hafi vitnað í rússneskan blaðamann, sem er mjög þekktur og skrifar oft í blaðið Nýir tímar, sem mjög mikið er vitnað til í öðrum blöðum víðs vegar um heim. Og enn fremur er því haldið fram af hv. þm., að hann hafi talað frá eigin brjósti um Ráðstjórnarríkin. Hann hafði sem sagt leyft sér það, sem mönnum getur stundum orðið á, að tala frá eigin brjósti. Hvað var það svo, sem Björn Franzson hafði í ræðu sinni talað frá eigin brjósti? Jú, hann skýrði nokkur atriði í stjórnarskrá Sovétríkjanna. Nú, og þar með heldur hv. þm. því fram, að Björn hafi sagt í þessu erindi sínu, að enginn mætti tala, enginn mætti skrifa og enginn mætti halda fund í Ráðstjórnarríkjunum, nema kommúnistar. „Það kann að vera, að hann hafi ekki notað þessi orð, en hann skýrði frá þessu," sagði hv. þm. Ef Björn hefði sagt þetta, þá ætti hann ekki skilið að vera látinn flytja þessi erindi frá útlöndum. Ef hann hefði borið fram slíka fjarstæðu, hefði slíkt verið alveg ófyrirgefanlegt, en hann sagði ekkert því líkt, — fjarri því. Það hafa allir málfrelsi í Rússlandi, undantekningarlaust, og miklu meira fundafrelsi en hér í Reykjavík. (*BBen:* Þjóðviljinn segir hið gagnstæða). Það er ekki satt. Það er ekki aðeins, að þm. þjáist af ofheyrn, heldur sér hann líka ofsjónir. Það er ekki nóg, að hann geti ekki hlustað á útvarp, heldur er hann líka blindaður þegar hann tekur Þjóðviljann og les grein um Ráðstjórnarríkin. Það hefur aldrei staðið í Þjóðviljanum, að enginn mætti tala eða halda fundi í Ráðstjórnarríkjunum nema kommúnistar. Það er alveg þvert á móti. Það er meira fundafrelsi í Ráðstjórnarríkjunum en hér í Reykjavík, á Íslandi, eins og þar er meira og fullkomnara lýðræði en hér, þó að Ísland sé að ýmsu leyti í fremstu röð borgaralegra ríkja hvað það snertir. Það felst meðal annars í því, að menn hafa jafnan möguleika til að fá fundahús, meiri möguleika en hér. T. d. er Sjálfstfl. nú að gera ráðstafanir til þess, að Sósfl. geti ekki fengið húsnæði við bæjarstjórnarkosningarnar. Þetta mætti bera saman við lýðræðið í Búlgaríu, en hv. þm. heldur því fram, að þar hafi kosningarnar ekki verið frjálsar, þar sem ríkisstj. hafði gert ráðstafanir til þess, að allir flokkar gætu haft jöfn afnot af húsnæði. (*BBen:* Hvers vegna er ekki nema einn flokkur í Ráðstjórnarríkjunum?) Það getur hver sem er, hvaða hópur manna sem er boðið fram í Ráðstjórnarríkjunum, en það er ekki rúm fyrir skoðanabræður hv. þm., vegna þess, að ef þeir færu að bjóða fram, þá væri það alveg vonlaust. (*BBen:* Af hverju má ekki reyna það?) Af því að það eru ekki til þeir menn í Ráðstjórnarríkjunum, sem kysu þann flokk, og þess vegna hefur starfsemi þeirra af eðlilegum ástæðum verið í því fólgin að vinna skemmdarverk, svo sem að sprengja upp járnbrautir. (*BBen:* Gera þeir það hér?) Hver er að tala um ástandið á Íslandi? (*BBen:* Eru þetta ekki flokksbræður mínir?) Er það þessi flokkur, sem þessi hv. þm. ber fyrir brjósti? (*BBen:* Hvaða flokkur er það þá? Er

þetta ekki borgaralegur flokkur, flokkur auðvaldsins í Ráðstjórnarríkjunum? Hvaða flokkur er það þá?) Jú, þessi flokkur hefur gerzt samsærisflokkur. Það eru menn, sem hafa ekki notað sömu aðferðir og lýðræðisflokkar, heldur hafa þeir skipulagt sig sem samsærisflokk. Þeir hafa ekkert fylgi innan Ráðstjórnarríkjanna og geta því ekki boðið fram. (*BBen:* Það má reyna). Þeirra starf er fólgið í skemmdarverkastarfsemi. Þeir hafa skipulagt morð, eyðilagt vélar og verksmiðjur og eitrað matvæli. (*BBen:* Kommúnistar gera þetta við félaga sína). Skilur ekki hv. þm., að þetta er bannað. Önnur flokkastarfsemi er ekki bönnuð, en innan Ráðstjórnarríkjanna er ekki til grundvöllur fyrir þessa flokka lengur. Hins vegar hafa öll samtök, sem starfa á löglegum grundvelli, frelsi til hvaða athafna sem vera skal. Þau hafa fullt málfrelsi, prentfrelsi og fullt frelsi til að hafa menn í kjöri. (*BBen:* Allir nema flokksbræður mínir). Ég veit ekki, hvaða menn hv. þm. á við, sem hann kvartar um, að hafi ekki frelsi. Eða telur hann t. d. þá menn flokksbræður sína, sem ég gat um, að væru í samsærisflokkum? Ef Sjálfstfl. einhvern tíma tekur upp sömu starfsaðferð og þeir flokkar í Rússlandi, sem hv. þm. ber svo mjög fyrir brjósti, þá verður hann líka bannaður, ef valdið er raunverulega í höndum íslenzku þjóðarinnar. Það er sýnilegt, að hv. þm. er haldinn ofheyrn þegar hann hlustar á frásögn um Rússland. Maðurinn er ekki andlega heilbrigður þegar hann er í þessu ástandi, það er eina skýringin á þessu tali. Hann er haldinn þeim sjúkdómi, sem virðist nokkuð algengur hjá íslenzku borgaraflokkunum, miklu algengari en í flestum öðrum löndum og er ein tegund af móðursýki. (*BBen:* Það er þá meiri hluti íslenzku þjóðarinnar, sem er sjúkur). Ég skil ekki, að meiri hluti íslenzku þjóðarinnar hafi sömu skoðun og þessi hv. þm. eða geti orðið sér eins til skammar og hann. (*JJ:* Hann er þó nógu mikið með stjórninni.) Ef annars ætti að prófa sálarástand íslenzku þjóðarinnar t. d. með því að láta menn halda erindi um þessi mál, þá þætti mér ólíklegt, að það mundi ekki vera meiri hluti íslenzku þjóðarinnar, sem stæðist prófið betur en þessi hv. þm. Þeir eru t. d., sem betur fer, ekki ákaflega margir meðal forustumanna Sjálfstfl., sem eru jafnilla haldnir og hann, þessi hv. þm., í þessu efni.

Það er kannske rétt að koma ofurlítið inn á það, sem um þetta mál var rætt hér síðast. Hv. 6. þm. Reykv. var þá að grípa fram í fyrir mér og sagði, að ég hafi haldið því fram, að Finnlandsæsingin hafi verið orsök þeirra uppsagna, sem urðu hjá útvarpinu á árunum 1939 og 1940. Ég hef aldrei haldið því fram, að þessar uppsagnir hafi verið afleiðingar af æsingunum í Finnlandsstríðinu, en ég tók það fram, að fyrstu tildrögin að þessum aðgerðum hafi verið kröfur hv. þm. S.-Þ. (JJ), sem höfðu verið bornar fram af miklu offorsi eftir að þjóðstjórnin var mynduð árið 1939. Síðan rak hver aðgerðin aðra af hálfu stjórnarvaldanna, ríkisstj. og Alþ., þar á meðal uppsagnir starfsmanna 1939 og aftur 1940. Það skiptir ekki höfuðmáli, í hvaða röð þessir atburðir gerðust, því að allar þessar aðgerðir stöfuðu af sameiginlegri ástæðu og höfðu einn og sama tilgang, að gera útvarpið að áróðurstæki þeirrar stjórnarstefnu, sem þá var, gegn stjórnarandstöðunni. Hámarki náði þessi misnotkun útvarpsins í Finnagaldrinum, hinni fáránlegu áróðursherferð, bæði á erlendum og innlendum vettvangi, sem lengi mun minnzt verða. En tilefni hennar var finnsk-rússneska stríðið. Og af því að þetta allt er nokkuð fróðlegt, þykir mér rétt að rekja atburðina nokkru nánar. (*BBen:* Bara að það verði réttara en síðast). Það verður nákvæmlega jafnrétt og síðast. (*JJ:* Það var tvímælalaust allt vitlaust.) Hvað var rangt? (*BBen:* Um dagsetninguna þegar uppsögnin fór fram). Það fór fram uppsögn bæði 1939 og 1940. Hv. þm. (BBen) var alltaf að grípa fram í fyrir mér, og hafði ég nefnt skakkt ártal — síðara ártalið, 1940 — af því að ég vissi ekki vel, hvað þm. átti við, en ég leiðrétti það undir eins og ég vissi, hvað um var spurt, svo að það fór ekki á milli mála. (*BBen:* Þetta er hallur málstaður). Það er hallur málstaður, þegar menn eru svo langt leiddir, að þeir reyna að nota gegn andstæðingnum, að honum hafi orðið mismæli eða misskilið framitöku, en leiðrétt þó samstundis. Ég sagði hv. þm. rétt til um ártalið, og ég held líka, að ég hafi nefnt mánaðardaginn, þegar þessi uppsögn fór fram, sem hann átti við. En annars er þessi bardagaaðferð þessa hv. þm. nokkuð algeng hér á landi, þegar menn hafa hallan málstað. Hann byrjar á því að snúa út úr. Og á þessum útúrsnúningi byggir hann svo ræðu sína, dregur sínar ályktanir og svo fellur allt um sjálft sig, þegar það er leiðrétt.

Kunnur íslenzkur rithöfundur hefur haldið því fram, að slíkur ritháttur tíðkist mjög meðal sumra íslenzkra blaðamanna. Hann lýsir því á þessa leið: Fyrst er snúið út úr. Síðan eru andstæðingarnir á grundvelli þess útúrsnúnings kallaðir idjótar eða hundar. — Þetta telur rithöfundur, að stafi af því, að menn með barnalegt sálarlíf veljist að blöðunum. Og eftir tilvitnunum í orð hv. þm. væri hægt að ímynda sér, að menn með barnalegt sálarlíf veldust einkum til setu á Alþ.

Þá vildi ég segja nokkur orð um það, sem er aðaltill. hv. 6. þm. Reykv., sem er á þá leið að setja fréttastofuna undir stjórn útvarpsráðs. Hv. þm. hlýtur að vera það ljóst, að með því væri samningur stjórnarflokkanna rofinn hvað starfssvið og verkaskiptingu ráðh. snertir. Honum hlýtur að hafa verið það ljóst, þegar hann bar þetta síðast fram, að ef slíkur háttur yrði upp tekinn, þá gæti hvaða flokkur sem er tekið ákveðna starfsgrein undan ráðh. samstarfsflokksins, ef hann hefur atkvæðamagn með stjórnarandstöðunni til þess að fá l. samþ. á Alþ. um það. Það er auðskilið, að með því væri allt samkomulag stjórnarinnar gert að engu. En svo er hitt ekki minna atriði, að slíkt fyrirkomulag er undir öllum kringumstæðum óhæft. Það yrðu skrýtin vinnubrögð, ef 5 manna n., skipuð fulltrúum andstæðra pólitískra flokka, ætti að skipta sér af daglegri fréttastarfsemi útvarpsins. Slík till. hefur raunar áður verið sýnd á Alþ. Það var árið 1937, og till. var flutt af þm. Sjálfstfl. En það er fróðlegt að heyra skoðanir þm.

Framsfl. og Alþfl. um málið þá. Þá sagði t. d. HG: „Ég álít ekki rétt, að útvarpsráðið ráði fréttaflutningnum. Hv. flm. talar um, að óánægja ríki með fréttaflutninginn, en mér er ekki kunnugt um það. Það hefur að vísu verið reynt að vekja slíka óánægju, en það hefur aftur fallið niður jafnharðan. Ég hef engar kvartanir fengið, og væri það ólíklegt, ef almenn óánægja ríkti, að ég hefði engar umkvartanir fengið.“ Þá sagði hv. 2. þm. S-M. (EystJ): „Ég vil loks benda á, að enn hefur ekki verið minnzt neitt á aðalatriði þessa máls, hvernig hv. meðmælendur frv. hugsa sér að fá betri fréttaflutning með því að leggja hann undir útvarpsráð heldur en með því fyrirkomulagi, sem nú er. Þetta sýnir bezt, að það er rétt, sem ég sagði áðan, að frv. er borið fram í þeim tilgangi að fá tækifæri til þess að leysa frá skjóðunni. Ég hef ekki trú á, að það sé bót að því að leggja þetta undir útvarpsráð. Einstakur maður eins og útvarpsstjóri, sem ekki þarf að taka þátt í opinberum deilum, stendur miklu betur að vígi til þess að standa að hlutlausum fréttaflutningi, þar sem hann þarf ekki að taka tillit til neinna sérstakra umbjóðenda.“ Og enn fremur segir hv. þm.: „Gagnrýni hefur eingöngu verið beitt gegn útvarpserindunum, sem heyra undir útvarpsráð, sömu stofnunina sem frv. vill láta taka við umsjón fréttastarfseminnar. Gagnrýnendurnir hafa ekkert dæmi getað fært fram til stuðnings þeirri skoðun, að fréttaflutningur útvarpsins eins og hann er sé pólitískur. Samt vilja þeir koma fréttaflutningnum undir útvarpsráð, sem þeir leggja mest kapp á að sýna, að starfi pólitískt. Kennir hér óneitanlega nokkurrar mótsagnar.“ — Þessi rök eru enn í fullu gildi, en það, sem er aðalatriðið í þessu, er það, að þetta er óframkvæmanlegt. Hins vegar skal ég játa, að það getur komið til mála að skipa fréttastofustjóra, sem um leið væri dagskrárstjóri, er starfaði eftir fyrirmælum útvarpsstjóra og útvarpsráðs, eftir því sem lög standa til. Um slíka hluti sem þetta mætti ræða.

Þá kem ég að ræðu hv. þm. S.-Þ. (JJ). Þetta er einhver sú veikasta ræða frá sjónarmiði rökfræðinnar, sem ég hef heyrt. Allt, sem hv. ræðumaður staðhæfði í fyrri hluta ræðu sinnar, hrakti hann sjálfur í seinni partinum. Hann byrjar á því, að hann hafi aldrei skipt sér af ráðningu starfsmanna útvarpsins, en síðar harmar hann mjög, að útvarpsstjóri fór ekki að hans ráðum um mannaval, en hafi þess í stað ráðið kommúnista að útvarpinu. Hann kallar alla menn kommúnista, sem ekki eru á sömu skoðun og hann, og telur sýnilega, að ef t. d. er minnzt á Stalin í útvarpinu, eigi að taka það fram, að hann sé blóðhundur. (*JJ:* Ég vona, að honum líði vel í fríinu). Já, það vona ég líka. Það er auðheyrt á ræðu hv. þm., hvernig hann hugsar sér, að hlutleysis útvarpsins sé gætt. Þar er hv. þm. alveg á sama máli og hv. 6. þm. Reykv. Það á að vera eins og það var á Finnagaldurstímanum, það er það, sem þeir kalla hlutleysi. Hv. þm. S.-Þ. lýsti þessu nákvæmlega. Það á að vera þannig, að ef minnzt er á Ráðstjórnarríkin, þá á að segja: Þar er einræði og kúgun, þar er undirokun, stjórnendur þeirra eru blóðhundar. — Það var nákvæmlega þetta, sem hv. þm. sagði í ræðu sinni. Og hv. 6. þm. Reykv. sagði: Þar má enginn tala og enginn halda fundi, enginn skrifa í blöð nema hann sé kommúnisti. Svona á að skýra frá Ráðstjórnarríkjunum í útvarpinu, það er hlutleysi. En ég get sagt hv. þm. það, að meðan ég er yfirmaður stofnunarinnar mun ég gera það, sem ég get til þess að sjá um, að slíkt hlutleysi sé ekki iðkað í þeirri stofnun. Með öðrum orðum, þeir vilja að við högum okkur eins og við værum í styrjöld við Ráðstjórnarríkin. Ég skal ekki fara út í þessar hlutleysisskýringar hv. þm., þær eru ekki nema til skemmtunar. Það var margt broslegt, sem kom fram í ræðu hans, eins og þegar hann kallar það ádeilu af hendi Björns Franzsonar, að hann las upp, athugasemdalaust, ritstjórnargrein úr Alþýðublaðinu í útvarpið. Þetta kallar hv. þm. ádeilu, og er ég ekki frá því, að svo hafi verið, en Björn Franzson verður ekki um það sakaður.

Þá segir hv. þm. enn einu sinni, að hann hafi ekki gert till. um að koma neinum manni að í útvarpinu, þrátt fyrir það, sem hann hafði áður tekið fram í ræðu sinni, að gerður hafi verið um þetta nokkur skali, þar sem hann ber fram alveg ákveðnar till. um mannaráðningar við útvarpið.

Þá talaði hv. þm. um yfirlýsingu útvarpsstjóra í blöðunum, og hv. 6. þm. Reykv. endurtók það allt. Honum fannst þessi merkilega yfirlýsing, sem útvarpsstjóri hefur gefið, í mótsögn við það, sem ég hef hér sagt. Nú sagði ég ekkert hér nema það, sem stendur í útvarpsstjórabréfinu sjálfu. Ég gerði ekkert annað en að lesa upp bréf frá útvarpsstjóra, og ég sagði ekkert, sem brýtur í bága við það, sem hann segir í bréfinu. Þetta er því tóm ímyndun hjá hv. þingmönnum, þar fór ekkert á milli mála. Ég gerði ekkert annað en að lesa upp orð útvarpsstjóra sjálfs og lagði þar engan dóm á. — Þá hélt hv. þm. því fram, að ég mundi hafa kúgað útvarpsstjóra til þess að láta þetta bréf af hendi. Hvernig heldur hv. þm., að mér hafi komið til hugar, að þetta bréf væri til? Ég hefði átt að vita, að þetta bréf var til og hóta honum, að hann skyldi verra af hljóta, ef hann léti mig ekki hafa þetta bréf. Ég hef nú þegar fengið nokkurt svar frá útvarpsstjóra. Útvarpsstjóri hefur afhent mér bréf, sem hann sendi ráðuneytinu á sínum tíma og varðar embætti hans og er því ekkert einkamál. Bréfið var ekki virt svars. Það er því söguleg heimild, sem hver ráðh. útvarpsins á rétt á að kynna sér. Ég get ekki hugsað mér, að nokkur maður geti staðið sig öllu verr fyrir rétti en hv. þm. S.-Þ., og það munu flestir vera mér sammála um það. Hann hefur í ræðu sinni ekki gert annað en að undirstrika, að það sé rétt, sem ég skýrði frá samkvæmt ótvíræðum gögnum, sem fyrir hendi eru. Í öðru orðinu segir hann t. d. að því er þetta snertir, að útvarpsstjóri sé mjög nákominn mér og hálfgerður kommúnisti, en samt sem áður þurfti ég að kúga hann til þess að láta þetta bréf af hendi.

Eitt af því, sem hv. þm. talaði um, var óreglan í útvarpinu, og sem dæmi um það er einhver maður, sem einu sinni hafði verið við útvarpið,

en er þar nú ekki lengur, eftir því, sem manni skildist. Hann talaði um dánarbú hans þegar hann fór frá útvarpinu og að í dánarbúinu hefðu verið margar flöskur. Þetta átti að vera til þess að sanna það, að betur væri nú komið starfi útvarpsins, ef farið hefði verið að till. hans um mannahald. Út af þessu hef ég fengið frá útvarpsstjóra bréf, sem hljóðar svo: „Sigurður Einarsson var ráðinn samkvæmt áeggjan Jónasar Jónssonar 1931."

Ég ætla nú að rekja helztu atburðina í sambandi við útvarpið frá því að þjóðstjórnin var mynduð vorið 1939. Á því þingi var samþ. sú breyt. á útvarpslögunum að fækka í útvarpsráði úr 7 mönnum í 5 og allt ráðið skyldi kosið af Alþ. Þetta var gert til þess að koma 2 mönnum úr ráðinu, sem voru í Alþfl., en gengu í Sósfl. Eftir að þjóðstjórnin var mynduð, var líkast því sem hv. þm. S.-Þ. teldi sig formann í tveim flokkum, Framsfl. og Sjálfstfl. Hann krafðist þess, að það yrði gerð pólitísk tilhreinsun í útvarpinu og að við það yrðu ráðnir tómir framsóknarmenn. Þessar kröfur sótti hann með mesta ofurkappi 1939. 14. júní 1939 segir forsrh. öllum starfsmönnum upp frá ársbyrjun 1940. Um þessa uppsögn segir útvarpsstjóri í bréfi til ráðh., 28. apríl: „Ég vil lýsa því yfir, að ég tel frumorsökina þá, að ég vildi ekki beygja mig fyrir óbilgjörnum kröfum Jónasar Jónssonar. Af því staðaði uppsögn allra starfsmanna útvarpsins og lagabreyt. á aukaþinginu 1939." Og í bréfi til Jónasar Jónssonar, dags. 21. febrúar 1941, segir útvarpsstjóri: [Eyða í handriti.] Á haustþinginu 1939 er fyrir atbeina hv. þm. S.-Þ. gerð sú breyt. á útvarpslögunum, að ráðh. var veitt heimild til þess að gera fréttastofuna að sérstakri deild, enn fremur heimild til þess að semja við blöð lýðræðisflokkanna, stjórnarfl., um þátttöku í starfrækslu fréttastofunnar. Þetta er í samræmi við nótu hv. þm. S.-Þ. um það að „laga til" í stofnuninni, eins og hann orðar það sjálfur. Um þetta segir útvarpsstjóri í bréfi dags. 31. marz 1941: „Um tildrög þessarar lagasetningar nægir mér að vísa til eftirrits af einkabréfi mínu til JJ." En það varð aldrei af þessu pólitíska uppgjöri við útvarpið, það var aldrei framkvæmt nema til hálfs. Má segja þáv. forsrh., Hermanni Jónassyni, það til hróss, að hann taldi sér ekki fært að framkvæma fyrirætlun þm. S.-Þ. nema til hálfs, enda sýndi það sig, að það voru til nægir starfskraftar til þess að gera útvarpið að áróðurstæki fyrir stefnu stjórnarvaldanna í hinni pólitísku baráttu. Það er þetta og ekkert annað, sem útvarpsstjóri er að lýsa yfir í hinni stuttu yfirlýsingu í blöðunum, að þáverandi ráðh. framkvæmdi aldrei til fulls þetta pólitíska uppgjör, sem af honum var krafizt og hann byrjaði á að framkvæma með uppsögn starfsfólksins 1939—1940. En það er alveg furðulegt, að hv. þm. S.-Þ. skuli gera tilraun til þess að vefengja það, að hér var verið að gera ráðstöfun til pólitískrar tilhreinsunar við útvarpið af hans völdum. Það liggja fyrir svo ótvíræð gögn í málinu, að þau verða ekki vefengd fyrir neinum rétti. Útvarpsstjóri fullyrðir þetta í einkabréfi til þm. S.-Þ. 1941, og hv. þm. hefur sjálfur staðhæft, að uppsögn starfsmannanna 1939 hafi verið gerð samkvæmt kröfu frá honum og að hann hafi ætlað að láta Alþ. gera ráðstöfun til þess að hreinsa til við útvarpið. Sömuleiðis hefur hv. þm. margsinnis gert þær kröfur, að störfum við útvarpið yrði „haldið til Framsfl." Þetta endurtekur útvarpsstjóri í bréfi til ráðun. og ráðh. hvað eftir annað þetta sama ár. Það er beinlínis fáránlegt að láta sér detta í hug, að 1940 hafi útvarpsstjóri skrifað þm. S.-Þ. einkabréf, þar sem hann færi að skrökva því upp, sem þeirra fór á milli. Þetta bréf var ekki ætlazt til, að yrði birt, það var einkabréf, það var skrifað í tilefni af atburðum, sem höfðu gerzt og voru að gerast og átti því aðeins að fara þeirra á milli, og bréfið er þeirra einkamál í 4 ár. Það er svo hlægilegt og fjarstætt að hugsa sér, að útvarpsstjóri hafi ætlað sér með þessu einkabréfi að gera honum upp orðin, að það nær engri átt. Hver var tilgangurinn með slíku? En svo kemur vitnisburður hv. þm. sjálfs og staðfestir þetta enn þá betur. Um haustið 1939 flytur hann frv. það, sem hann hótaði um sumarið að flytja og átti að framkvæma, og hann gerði meira. Hann flutti ásamt þm. úr öðrum flokki till. 1940 um það, að enginn sósialisti megi vera í trúnaðarstöðu, en auðvitað til þess að gera lýðræðið sem allra fullkomnast. Með bréfi frá 29/11 1939, undirskrifuðu af Jónasi Jónssyni, Pétri Ottesen og Bjarna Bjarnasyni, átti fjvn. frumkvæðið að uppsögnum við útvarpið. Hún lagði enn fremur áherzlu á, að löggjöfin þyrfti að tryggja það, að ríkisstj. gæti haft meira eftirlit en verið hefði um mannahald og störf í útvarpinu. Síðan bera þeir fram ákveðna till. um ráðningu aðalmanns við fréttastofuna. Eins og kunnugt er, var þessi umrædda löggjöf sett að tilhlutun hv. þm. S.-Þ. og að hans fyrirmælum. Fjvn. og hv. þm. er því í þessu tilfelli það sama, eins og má ráða af nöfnum þeim sem undir bréfinu standa, og á sparnað er ekki minnzt í þessu sambandi, heldur aðeins á afskipti ríkisstj. og Alþ. af mannahaldi og vald þeirra yfir útvarpinu. Hvað sparnaðinn snertir, þá er það úr lausu lofti gripið, að þetta brölt í útvarpinu hafi verið gert í sparnaðarskyni, eins og bezt sést á ummælum útvarpsstjóra. Í bréfi útvarpsstjóra til ráðuneytisins 1941 segir: „Þér er kunnugt um tildrög þessa máls." Það getur verið, að það hafi verið í sambandi við falinn sparnað, en það stendur þar ekkert um neina sparnaðarráðstöfun. Það eina í öllum þessum plöggum, sem fram kemur, er það gagnstæða. T. d. skýrir hann frá því, að Jón Eyþórsson hafi gert ítrekaðar tilraunir til þess að koma Birni Franzsyni frá útvarpinu og í bréfi hafi hann lagt til, að Birni yrði vikið frá störfum, og gaf honum að sök grein, sem hann hafði skrifað í Vísi. En Sigurður Einarsson sendi þá umsögn sína um þetta og segir, að hann hafi haldið, að ritdeilur Jóns Eyþórssonar og Björns hafi verið skilmingar gáfnamanna, og gaf Birni þann vitnisburð, að hann hafi reynt hann að því að vera lipran mann til starfa og prúðmenni, og hælir honum á hvert reipi. Það er vissulega skrýtið, þegar á allt er litið, að hv. þm. S.-Þ. og félagar hann skuli enn vera að hrópa um hlutleysi útvarpsins þegar saga þessara manna er rakin. Það er skoplegt. En batnandi mönnum er bezt

að lifa, og vissulega væri þetta ánægjulegt, ef hugur fylgdi máli. En því miður hefur þessi umr. sýnt allt annað.

Umr. frestað.
Málið var ekki á dagskrá tekið framar.

3. Brúargerð á Skaftá.

Á deildafundum 2. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um brúargerð á Skaftá undan Heiði á Síðu (A. 90).

Á 5. fundi í Sþ., 5. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Gísli Sveinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram þáltill. um brúargerð á Skaftá undan Heiði á Síðu. Ég tel, að sú grg., sem fylgir þáltill., sé fullnægjandi skýring á þörf þessarar brúar. Ég vil þó geta hér tveggja atriða til skilningsauka.

Ég hef í fyrsta lagi leyft mér að bera fram, að þessi brú verði tekin upp í brúalögin, þar er sem sé í 1. gr. II. kafla ákvæði, er inniheldur upptalningu á brúm á ófærum ám. Vil ég í því sambandi minna á, eins og fram kemur í þskj. 3, að samkv. brtt. vegamálastjóra síðast á síðasta ári var gerð brú á Laxá, sem fellur undir sama lið.

Ég vil svo í öðru lagi óska þess, að þáltill. verði vísað til fjvn. að lokinni þessari umr. Vænti ég þess, að fjvn. taki brú þessa upp á fjárl. þau, sem nú eru í undirbúningi í fjvn. — Þetta tel ég nægja til skýringar og óska, að málinu verði vísað til síðari umr. og fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 6. fundi í Sþ., 8. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 26 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

4. Verkleg kennsla í nokkrum heimavistarskólum.

Á deildafundum 6. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um fjárframlög úr ríkissjóði til verklegrar kennslu í nokkrum heimavistarskólum (A. 93).

Á 7. fundi í Sþ., 15. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Þessi till. miðar að því, að Alþ. bæti úr þeirri vanrækslu, sem átt hefur sér stað síðan 1939, þegar ákveðið var með lögum, að héraðsskólar skyldu auka stórlega verklega kennslu bæði karla og kvenna, þannig að ⅓ hluti námstímans gengi í verklegt nám, þiltar fengjust við smíðar, en stúlkur saumuðu. En svo skall styrjöldin á, og ekki var hægt að auka byggingar og vart hægt að fá efni.

Hvað snertir áhuga þingsins 1939, er það víst, að allir flokkar fögnuðu þessari breyt., sem gerð var á l. þá. Það mundi hafa holl og góð áhrif á þroska unglinganna og gera þá að nýtari mönnum, og þegar þess er gætt, að í skólum þessum eru um 800 nemendur, þá er þetta mikilvægt atriði. — Nú tel ég sennilegt, þar sem búnaðarskólarnir tveir hafa ekki neina verulega vinnukennslu haft, að farið verði að sjá þeim fyrir vinnustofum.

Nú var tekið fram í l. 1939, að ríkið legði fram 25 kr. á hvern nemanda til kennslunnar. Nú hef ég hækkað það allverulega með tilliti til þeirrar dýrtíðar, sem nú er, því að ekki er hægt að ætlast til, að nemendurnir leggi fram sjálfir efni til smíða sinna, því að oft vinna þeir í þjónustu sjálfra skólanna. Enn fremur er það staðreynd, að kennsla í verklegum greinum er dýrari en kennsla í bóklegum efnum. Nú hefur tímakaup fyrir bóklega kennslu verið hækkað upp í 20 kr., svo að verkleg kennsla er nú orðin alldýr. Mér hefur þótt eðlilegt að hreyfa þessu máli nú, þar sem hæstv. ríkisstj. leggur mikla áherzlu á að auka hina verklegu kennslu. Nú eiga allir unglingar, samkv. hinum nýju l., að stunda nám í gagnfræðaskóla 2 eða 3 ár, og finnst mér, að þeir hv. þm., sem fylgja hinu meira frv. stjórnarinnar, geti einnig samþ. þáltill. þessa, þar sem hún er sniðin eftir þeim l., sem nú eru í gildi. Mér þykir verra, að hæstv. ráðh. skuli ekki vera hér viðstaddur, svo að við gætum hlýtt á álit hans, en ég vona, að það megi þá verða við síðari umr.

Að endingu læt ég þá ósk í ljós, að till. verði samþ. til 2. umr. og síðan vísað til viðeigandi nefndar.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 38 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GJ, GSv, GTh, HB, HelgJ, IngJ, JJós, JS, JJ, JörB, MJ, ÓTh, PZ, PÞ, PM, PO, SigfS, SG, SEH, SK, STh, SÞ, SkG, StgrA, SvbH, ÞÞ, ÁS, ÁkJ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, BK, KTh, EE, EystJ, JPálm.
14 þm. (GÍG, HG, HermJ, IngP, KA, LJóh, LJós, PHerm, SB, StJSt, BrB, EmJ, FJ, GÞ) fjarstaddir.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til fjvn. með 32 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

5. Kauplækkun og afurðaverð.

Á deildafundum 6. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um hlutfallslega lækkun á kaupi, launum og íslenzkum afurðum á innlendum markaði (A. 101).

Á 9. fundi í Sþ., 20. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Þetta mál hefur nú beðið nokkra stund eftir því að verða tekið hér til umr. og meðferðar. Býst ég ekki við, að það saki, því að dýrtíðin hefur ekki heldur farið burt frá okkur. Er því sama tækifæri og þörf til að sinna þessu máli eins og þegar till. var borin fram. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, því að öllum hv. þm. er það jafnkunnugt, að dýrtíðin er komin á það stig, að það getur ekki dregizt mjög lengi, að hér verði margháttuð atvinnustöðvun. Það er öllum kunnugt, sem ganga niður að höfn, að nú liggja næstum öll gufuskip landsins bundin við festar. Stafar það af því, að nokkrir starfsmenn skipanna, um 50 menn, þessi litli hópur, hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að það henti ekki fyrir sig að lækka kaupið, þó að friður sé kominn á, og óska að halda um það bil jafnmiklu kaupi og meðan stríðið var, vegna þess að aðrar stéttir hafa ekki gefið eftir af kaupi sínu. Nú ætla ég ekki að fara út í það, hvort þessi hugsunarháttur er réttur, en það er staðreynd, að um 2 mánaða skeið hafa sum skipin legið bundin, af því að sjómenn vilja ekki lækka kaupið á undan öðrum. Búið er við, að þetta svar þeirra sé allsherjarsvar allra launamanna. Þess vegna er ekki um það að deila, að það, sem þarf með, er hlutfallsleg lækkun á öllum þessum 3 liðum, sem hér er rætt um.

Ég get nefnt annað dæmi, sem ekki er eins kunnugt öllum hv. þm., en sýnir aðstöðu okkar. Það er við gróðurhús hér. Húsin eru flest á Suðurlandi. Þar er kaup verkakonu 1400 kr. á mánuði og allt frítt. En í Danmörku hefur kona, sem vinnur sömu vinnu, 250 kr. kaup á mánuði. Það leiðir af sjálfu sér, þegar sá munur er á dýrtíð okkar og næstu þjóða, að það getur ekki liðið á löngu þangað til að vörur okkar verða ekki seljanlegar erlendis, með þeim erfiðleikum, sem því fylgja. Ég býst við, að ýmsir af leiðtogum verkamanna hafi fyrir sitt leyti fram að þessu útskýrt afstöðu sína til dýrtíðarmálanna með því, að á meðan atvinnuvegirnir bæru sig með þessu kaupi, þá væri ekki ástæða til að lækka það. Það er ekki hægt að segja það um siglingarnar hjá Eimskipafélagi Íslands, að þær beri sig með þessu kaupi, því að það munar miklu. Og það er ekki hugsanlegt, að Eimskipafélagið eða slík fyrirtæki önnur reyni að halda uppi siglingum með óbreyttu kaupi. En þótt maður gangi inn á þessa röksemd verkamannaleiðtoganna, þá er að minnsta kosti komið svo nærri þeim punkti, eins og þeir sem allir aðrir hljóta að sjá, að lækkun verður að gerast, og það ætti að vera hugsanlegt einmitt nú að fá á þessu þ. samkomulag á milli allra aðila um að taka á þessu máli.

Ég hef leyft mér að leggja til, að þ. kjósi 4 menn í n., einn af hverjum stjórnmálaflokki, og að þeir, í samráði við ríkisstj. þá sem er eða kemur, ef breyt. er í aðsigi á henni, vinni að því að finna þennan grundvöll, sem hlutfallsleg lækkun verður byggð á. Ef það tekst ekki, þá er það víst, að það kemur að því, að eins verður ástatt í öðrum atvinnugreinum og nú er ástatt með skipin. Það er stórkostlegt tap á skipum Eimskipafélagsins í samkeppninni við hin erlendu leiguskip. En þessi sama samkeppni kemur fyrr en varir á öðrum sviðum, og verður þess vegna sýnilega aðeins augnabliksfrestur þar til hún nær til allra landsmanna.

Ef þessi till. verður ekki samþ., þá er það sökum þess, að Alþ. sér sér ekki fært að taka á þessu máli, heldur verði beðið eftir, að erfiðleikarnir brjóti niður atvinnulífið af sjálfu sér. — Ég legg til, að málinu verði, að lokinni þessari umr., vísað til allshn. til frekari athugunar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 25:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, GSv, HB, HelgJ, IngJ, IngP, JJós, JJ, JörB, LJóh, MJ, PHerm, PZ, PÞ, PO, SB, SEH, SkG, ÞÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, BK, EystJ, JPálm.

nei: LJós, SG, SK, STh, ÁS.

22 þm. (GÞ, GÍG, GTh, HG, HermJ, JS, KA, ÓTh, PM, SigfS, SÞ, StJSt, StgrA, SvbH, ÁkJ, BG, BBen, BrB, EOl, EE, EmJ, FJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 23:5 atkv. og til allshn. með 25:2 atkv.

Á deildafundum 15. apríl var útbýtt frá Sþ. nál. frá minni hl. allshn., á þskj. 805, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

6. Rafveitulán fyrir Búðahrepp.

Á 6. fundi í Sþ., 8. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að ábyrgjast lán fyrir Búðahrepp til aukningar raforkuveitu hreppsins (A. 113).

Á 7. fundi í Sþ., 15. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Með þessari till. er farið fram á, að ríkisstj. sé heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán fyrir Búðahrepp til raforku hreppsins. Þetta er þó bundið því skilyrði, að ráðuneytið samþykki þann mann, sem verður fenginn til þess að hafa yfirumsjón þessara framkvæmda. Það hafa verið gerðar áætlanir um þetta, sem sýna, að 3 leiðir eru til þess að framkvæma þetta. En ég geri ráð fyrir, að sú leið verði farin að setja upp nýtt innanbæjarkerfi.

Það er óhjákvæmilegt að ráðast þegar í þessa breytingu sökum raforkuskorts.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

7. Rafveitulán fyrir Eskifjarðarhrepp.

Á 6. fundi í Sþ., 8. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Eskifjarðarhrepp (A. 116).

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Ég get verið fáorður um þessa till., því að önnur þáltill. um svipað efni hefur áður borizt Alþ. Þessi þáltill. miðar að því að heimila ríkisstj. að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstj. metur gildar, 700 þús. kr. lán til endurbóta á rafveitukerfi Eskifjarðarhrepps. Það þarf ekki að fjölyrða um nauðsyn þessa máls, rafmagnið er orðið allt of lítið og því ekki hægt að draga þetta lengur.
Ég legg svo til, að málinu verði vísað til fjvn.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

8. Veiting héraðsdómaraembætta.

Á deildafundum 9. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um undirbúning löggjafar um veiting héraðsdómaraembætta (A. 121).

Á 7. fundi í Sþ., 15. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 9., 10., 11., 24. og 26. fundi í Sþ., 20. og 28. nóv., 5. des., 5. og 11. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 28. fundi í Sþ., 21. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Gísli Sveinsson): Áður en ég hef mál mitt fyrir alvöru, vildi ég spyrjast fyrir um það, hvort hæstv. dómsmrh. hafi ekki gert orð, að hann mundi verða viðstaddur umr. þessa. (*Forseti:* Ráðh. hefur ekki boðað nein forföll, en annars er hægt að fresta umr., ef flm. óskar). En væri hægt að skyggnast um eftir hæstv. ráðh., ef hann væri hér innan húss. (*Forseti:* Svo skal gert. — Sú orðsending hefur borizt frá hæstv. dómsmrh., að hann telur sig ekki geta verið viðstaddan umr. nú). — Herra forseti. Það hefur í rauninni ekki neina úrslitaþýðingu, hvort hæstv. ráðh. sé viðstaddur eða ekki. Það er miklu meira formsatriði. Hér er um almennt mál að ræða, sem snert getur alla þá dómsmrh., sem verða munu í náinni framtíð, og vel er hugsandi, að það muni þá einnig geta snert einhverja þá, er nú hlýða á mál mitt. Þannig er ástatt, að hér á enginn einn sök á né um sárt að binda, heldur er mál þetta almenns eðlis. Þessi till. kom hér fram á þ. fyrir jólin, og vænti ég, að hún geti fengið skjótan og góðan framgang. Till. felur ekki í sér annað en það, að ríkisstj. er falið að undirbúa löggjöf um veiting héraðsdómaraembætta, og er þetta nánar sagt í grg. og gerist ekki þörf að endurtaka það hér. Menn kannast fúslega við það, að veiting slíkra embætta er algerlega á valdi ríkisstj. Þó má segja, að svo sé ekki um ýmis önnur embætti, t. d. héraðsdómaraembætti. Á síðari árum hefur komizt upp, ef svo má segja, nefnd til ráðuneytis ríkisstj. Þar hafa átt sæti hlutvandir aðilar, eins og stjórn Læknafélagsins o. fl., sem ríkisstj. hefur ekki getað gengið fram hjá. Hún hefur einmitt farið eftir till. hinna beztu manna um þetta efni, þótt auðvitað geti þar komið til greina einhver flokkapólitík, því að menn hafa alltaf sínar misjöfnu skoðanir á landsmálum. En með því að hafa álit hæfra nefnda til hliðsjónar er miklu síður hætt við hlutdrægni en hjá einstökum pólitískum ráðh. Í okkar lýðræðisríki er það nú svo, að hinir pólitísku ráðh. eru engan veginn óvilhallir. En þótt það verði raunar erfitt að sigla algerlega fyrir það, þá er sjálfsagt að reyna að girða fyrir alla hlutdrægni eftir megni og að fara fremur eftir hæfileikum mannanna en pólitískum skoðunum. Enn er eitt atriði, sem er mikilvægt, en það er embættisaldurinn. Sumir tala raunar um það, að ekkert tillit beri að taka til embættisaldurs, en þetta er hin mesta firra. Sérstaklega er embættisaldur mikilvægur við t. d. dómaraembætti. Auk þess sem störf þessi eru þannig vaxin, verður reynslan ólygnust um hæfni þessara manna til að rækja þau.
Tilefnið til þess, að hér er riðið á vaðið um undirbúning löggjafar um veiting héraðsdómaraembætta — og það þarf ekki að fara neitt dult með það — er það, að allmikill glundroði hefur ríkt hjá veitingarvaldinu um veiting þessara embætta og engin sjáanleg regla virðist hafa verið höfð til hliðsjónar, og útkoman hefur orðið sú, að menn hafa gagnrýnt sumar embættaveitingar og talið þær óviðeigandi. Nú er ekki hægt að ásaka neinn sérstakan ráðh. fremur en annan, heldur má víst öllu fremur segja, að allir hinir pólitísku ráðh. hafa syndgað í þessum efnum. Svona hlutdrægni virðist nú vera að gegn-

sýra allt þjóðfélag vort. Allir sjá, að slík stefna er óhæf. Öll siðspilling er í rauninni eyðileggjandi, öll siðspilling mun hefna sín um síðir. Og í annan stað kemur það niður á þeim störfum, sem unnin eru. Störf eru misjafnlega af hendi leyst eftir hæfni mannanna. Allur almenningur kann því illa, að ekki séu valdir hinir beztu menn, sem völ er á, í embætti. Og að lokum gæti svo farið, að úrvalsmenn vildu ekki leggja sig undir slíkan dóm. Menn geta verið misjafnlega undirbúnir, hafa lagt sig misjafnlega fram. Af þessu sést, að mikið er í húfi. Þess vegna hefur Félag héraðsdómara látið sig mál þetta miklu varða. Fyrir 5 árum, eða 1941, samþykkti félagið gagngerða ályktun, þar sem stjórninni var falið að gera gangskör að því að koma á einhverri reglu um veiting héraðsdómaraembætta svo sem auglýsa embættin, taka tillit til menntunar, reynslu og síðast en ekki sízt embættisaldursins, því að hann hefur ætíð mikið gildi. Auk embættisgildis hefur hann starfsgildi, reynslugildi og einnig siðferðilegt gildi. Nú kveður raunar nokkuð að því, að embættismenn vorir sumir hverjir vilja ógjarnan leggja á sig mikið erfiði, heldur sitja í ró og makindum. Auðvitað er þetta ekki neitt glæsilegt. En eftir að stjórn Félags héraðsdómara samþykkti fyrrgreinda ályktun sína bóluði ekki á því, að ríkisstj. tæki sig til og fylgdi einhverjum reglum. Árlega eru embætti veitt og engri reglu fylgt, heldur er allt látið ráðast af handahófi. Og ekki kemur ósjaldan fyrir, að pólitikin ráði einhverju um. Það er ekki þar með sagt, að slíkar embættaveitingar geti ekki reynzt vel, það fer skiljanlega mest eftir mönnunum sjálfum. Þó að stundum hafi kannske verið slampazt á rétta manninn, þá er hitt víst, að bezt væri og ekki sízt fyrir stjórnarvöldin, að fylgt yrði einhverri ákveðinni og fastri reglu, þá yrði ekki hnýtt í ráðh. fyrir rangar eða flaustурslegar embættaveitingar. — En fyrrgreind ályktun fékk enga úrlausn í reyndinni. Þess vegna var þetta endurtekið á aðalfundi héraðsdómara nú í sumar og farið fram á, að sett yrði löggjöf um þetta efni. Ætlazt var til, að ríkisstj. stæði fyrir því með aðstoð löggjafarvaldsins frekar en einstakir þm. Sem sé, í ályktuninni var þess vænzt, að ríkisstj. skærist í málið og Alþ. setti lög og reglur hér að lútandi. Hér fylgdi vissulega hugur máli. Lagt var til, að ráðh. fengi ráðgefandi n. eða ráðuneyti, sem yrði kosið eða skipað úr stétt lögfræðinga. Heppilegt þótti, að leitað yrði tillagna þar til kjörinnar n., sem 3 menn ættu sæti í, og væri einn kjörinn af héraðsdómurum, annar af hæstarétti og hinn þriðji af lagadeild háskólans. Þessi skipting er álitin í alla staði bezt og öruggust. Einn maður skal koma úr stjórn Félags héraðsdómara. Þeir vita manna bezt um starf héraðsdómara og annað, er að því lýtur. Í öðru lagi skal vera maður úr hópi hæstaréttardómara. Ætti hann að vera vel dómbær um hæfni umsækjenda, því að til hæstaréttar fara allir hinir vafasömu dómar. Hinn þriðji skal svo vera úr kennaraliði lagadeildar háskólans. Þá deild hafa allir dómarar gengið í gegnum. — Að sjálfsögðu kveður misjafnlega mikið að hlutdrægni í embættaveitingum eftir því, hver í hlut á. Þess vegna ætti hverjum ráðh. að vera mikill akkur í að hafa einhverjar reglur til þess að fara eftir. Af þessum sökum er till. þessi borin fram og fylgir með allýtarleg grg. og vil ég ekki endurtaka það, sem í henni felst, en þar er farið fram á, að sett verði löggjöf um veiting héraðsdómaraembætta, og bent á, hvernig hún muni bezt vera.

Að mínum dómi virðist mér óþarfi að vísa málinu til n. Hins vegar mun ég ekki setja mig á móti því, ef þm. æskja þess. En ég legg áherzlu á það, að hæstv. Alþ. samþ. till. þessa.

Forseti (JPálm): Þar sem ég geri ráð fyrir, að till. þessari verði vísað til allshn., verður umr. frestað og málið tekið af dagskrá.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 29. fundi í Sþ., 27. febr., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Sþ., 2. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 30 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á deildafundum 11. apríl var útbýtt frá Sþ. nál. frá allshn., á þskj. 745, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

9. Rafveitulán fyrir Húsavíkurhrepp.

Á deildafundum 9. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Húsavíkurhrepp til að endurnýja rafveitukerfi kauptúnsins (A. 122).

Á 7. fundi í Sþ., 15. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Eins og hæstv. Alþ. er kunnugt, stendur til að leggja línu frá Laxárvirkjuninni til Húsavíkur næsta sumar. Mun þetta hafa mikla þýðingu fyrir kauptúnið og horfa til bóta. — Áætlað er, að verkið muni kosta 650 þús. kr., en hreppurinn treystir sér ekki til að leggja fram nema 150 þús., og er hér því farið fram á, að ríkissjóður ábyrgist ½ millj. kr. lán fyrir hreppinn. Þar sem þetta hefur tíðkazt, að ríkið hlaupi þannig undir bagga, vonast ég til, að máli þessu verði vel tekið og hljóti samþykki.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til fjvn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

10. Flugvellir o. fl.

Á deildafundum 19. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um meðferð flugvalla og annarra mannvirkja, er gerð hafa verið á Íslandi á styrjaldarárunum (A. 182).

Á 9 fundi í Sþ., 20. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 10., 11. og 24. fundi í Sþ., 28. nóv., 5. des. og 5 febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

11. Rafveitulán fyrir Gerða-, Miðnes- og Grindavíkurhreppa.

Á deildafundum 21. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveitulánum fyrir Gerðahrepp, Miðneshrepp og Grindavíkurhrepp (A. 191).

Á 10. fundi í Sþ., 28. nóv., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 11. fundi í Sþ., 5. des., var till. aftur tekin til fyrri umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

12. Rafveitulán fyrir Akraneskaupstað.

Á deildafundum 22. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Akraneskaupstað (A. 199).

Á 10. fundi í Sþ., 28. nóv., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 11. fundi í Sþ., 5. des., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Pétur Ottesen): Um efni þessarar till. læt ég nægja að vísa til grg. — Ég óska að málinu verði vísað til fjvn.
Alþt. 1945. D. (64. löggjafarþing).

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til fjvn. með 30 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

13. Menntaskólinn á Akureyri.

Á deildafundum 29. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um endurbyggingu menntaskólans á Akureyri (A. 222).

Á 11. fundi í Sþ., 5. des., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar, en á deildafundum 11. des. var útbýtt frhgrg. um málið, á þskj. 324.

---

14. Rafveitulán Eyrarsveitar.

Á deildafundum 27. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um ríkisábyrgð fyrir rafveituláni Eyrarsveitar á Snæfellsnesi (A. 225).

Á 11. fundi í Sþ., 5. des., var till. tekin til fyrri umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til fjvn. með 30 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

15. Uppeldismál.

Á 10. fundi í Sþ., 28. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um skipun nefndar til að rannsaka og gera tillögur um uppeldismál þjóðarinnar (A. 229).

Á 11. fundi í Sþ., 5. des., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

16. Bandalag hinna sameinuðu þjóða.

Á deildafundum 30. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um athugun á því, hversu Íslandi muni henta að ganga í félag hinna sameinuðu þjóða (A. 251).

Á 11. fundi í Sþ., 5. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar, en á deildafundum 11. des. var útbýtt frhgrg. um málið, á þskj. 311.

17. Mannahald á varðbátum.

Á deildafundum 14. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um mannahald við landhelgisgæzlu og björgunarstörf á hraðbátum ríkisins (A. 339).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

18. Rafveita Flateyrarhrepps.

Á deildafundum 14. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast lán fyrir rafveitu Flateyrarhrepps (A. 344).

Á 19. fundi í Sþ., 18. des., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég tel nægja að vísa til grg. og óska þess, að till. verði vísað til fjvn.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

19. Alþjóðarútgáfa af Heimskringlu.

Á deildafundum 19. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um alþjóðarútgáfu af Heimskringlu Snorra Sturlusonar (A. 358).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

20. Rafveitulán fyrir Eyrarbakka-, Stokkseyrar- og Sandvíkurhreppa.

Á deildafundum 20. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Eyrarbakkahrepp, Stokkseyrarhrepp og Sandvíkurhrepp (A. 377).

Á 25. fundi í Sþ., 7. febr., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 26. fundi í Sþ., 11. febr., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Ég skal ekki vera margorður um þessa till. Málið á þá undirbyggingu frá Alþ. og er í beinu framhaldi af þegar gerðum ráðstöfunum, að þess ætti ekki að þurfa með. Hlutaðeigandi hreppum er óhjákvæmilegt að fá ábyrgð á lántöku, og það væri skrípaleikur, ef þeim yrði ekki auðveldað með lántöku. Ef einhver gerir kröfu til þess að vísa málinu til n., hefði ég ekkert við það að athuga. Ég læt þá máli mínu lokið að þessu sinni, en ef það fer til n., mælist ég til þess, að hún starfi sem fljótast að því.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins benda á það, sem ekki kom fram í ræðu hv. flm., að almenn heimild um þetta er í hinu almenna frv. um raforkumál, sem nú hefur verið afgr. úr Nd., og ef það frv. verður samþ., er þessi till. óþörf. Ég vildi því leggja til, að n., sem fær málið til athugunar, ljúki ekki við það, fyrr en séð er, hvernig fer um almenna frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Fjvn. hefur komið sér saman um að geyma að athuga þetta mál, þar til séð er, hvernig fer með allsherjar raforkufrv.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Herra forseti. Ég skil afstöðu hæstv. ráðh., og það er rétt og satt, að ef almenna frv. verður samþ., þá er svona till. óþörf, og vildi ég vona, að svo yrði. En það er stórt mál og getur gengið seint, en hlutaðeigendur telja þetta mjög aðkallandi, og er því allur dráttur á því óheppilegur; teldi ég því æskilegt, að till. yrði afgr., þar eð hún yrði fyrri en heill lagabálkur, en ég álít hins vegar, að hún geti aldrei orðið til skaða, og af þeirri ástæðu gerir ekkert til, þó að hún yrði samþ., og hún yrði a. m. k. aldrei verri en óþörf. Ég vildi nú skjóta þessu til hæstv. ráðh.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vona, að hv. flm. búist ekki við, að orð mín áðan hafi átt að skiljast á þann veg, að ég væri á móti fjárveitingu, þegar svona er samþ. á öðrum stað. Hjá fjvn. er heil röð af sams konar till. En svo virðist sem úr því verði skorið innan tveggja til þriggja vikna, hvaða örlög almenna frv. fær. Ég vænti þess svo að lokum, að hv. flm. geti fallizt á þetta sjónarmið mitt.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

21. Rannsóknarnefnd um atriði varðandi öryggi landsins.

Á deildafundum 20. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um kosningu rannsóknarnefndar um atriði varðandi öryggi landsins (A. 380).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

---

22. Rafveitulán fyrir Raufarhafnarhrepp.

Á deildafundum 8. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Raufarhafnarhrepp (A. 401).

Á 26. fundi í Sþ., 11. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Björn Kristjánsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þessa till., því að margar hliðstæðar till. hafa komið hér fram, þar sem og sömu ástæður eru fyrir hendi. Þetta er fátækt hreppsfélag, en nauðsyn á að koma upp rafstöð, og er því leitað til ríkissjóðs um ábyrgð til þess. Ég vísa til þeirra raka, sem hér hafa áður komið fram í líkum málum sem þessu.

Ég sætti mig við að afgreiðslu þessa máls verði frestað, þar til fjvn. hefur athugað það, og þar til séð verður, hvort raforkulagafrv. fer í gegn, en flyt þessa till. til vara. Ég óska svo, að till. verði vísað til fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 28. fundi í Sþ., 21. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

23. Virkjun Laxárfossa o. fl.

Á deildafundum 13. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um aukning virkjunar við Laxárfossa og að gera fossana laxgenga (A. 407).

Á 28. og 29. fundi í Sþ., 21. og 27. febr., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

24. Rafveita Norðurlands.

Á deildafundum 20. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um rafveitu Norðurlands (A. 438).

Á 28. fundi í Sþ., 21. febr., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 29. fundi í Sþ., 27. febr., var till. aftur tekin til fyrri umr. (A. 438, 448, 460).

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Þessi þáltill., sem hér liggur fyrir á þskj. 438, er um rafveitu Norðurlands, flutt af níu þm. Í þáltill. er í fyrsta lagi lagt til, að ríkisstj. verði falið að láta hraða áætlunum um virkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, er miðast við það að fullnægja raforkuþörf Norðurlands, og að fullnaðaráætlanir verði tilbúnar áður en næsta Alþ. kemur saman og þá lagðar fyrir í byrjun þess. Við þetta vatnsfall er nú rafstöð, sem Akureyrarbær reisti þar fyrir nokkrum árum. En hún mun nú senn ófullnægjandi fyrir þá rafmagnsnotendur, sem fá rafmagn þaðan, og vitanlega eru svo fleiri, sem þurfa á raforku að halda, sem mun verða heppilegt að taka einmitt frá virkjun við Laxá. Það er talið, að auðvelt sé að auka mjög virkjun við Laxá á þessum stað, þar sem rafstöðin nú er. En auk þess mun vera unnt að byggja rafstöð ofar við ána og fá þar mikið afl. — Hér er lagt til, að þeim áætlunum um virkjun, sem þegar er byrjað á, verði hraðað, eins og ég áður gat um, þannig að fullnaðaráætlanir um byggingu stórrar rafstöðvar við Laxá liggi fyrir í byrjun næsta þings.

Þá er hér í öðru lagi lagt til í þessari þáltill., að ríkisstj. verði falið að afla nú á þessu ári tilboða í efni í háspennulínur frá orkuveri við Laxá norður um Norður-Þingeyjarsýslu allt til Raufarhafnar og vestur um Norðurland, um Þingeyjar-, Eyjafjarðar-, Skagafjarðar- og Húnavatnssýslur, og einnig að afla tilboða í efni í aðalspennistöðvar í þessum héruðum. Er til þess ætlazt, að þessara tilboða verði leitað svo tímanlega, að þau geti legið fyrir þegar næsta Alþ. kemur saman. Þetta ætti að vera auðvelt að gera nú þegar, þó að ekki sé lokið fullnaðaráætlun um virkjunina. Í þessar línur og spennistöðvar ætti að vera hægt að leita tilboða þrátt fyrir það, og vil ég í því sambandi, ef þetta verður samþ., vænta þess, að reynt verði að fá tilboð um sölu á þessu efni sem víðast að frá þeim

löndum, sem til greina geta komið, til þess að tryggt sé, að hægt sé að fá þetta efni, þegar ráðizt verður í kaup á því, með svo góðum kjörum sem kostur er á.

Svo sem kunnugt er, liggur fyrir þessu þingi frv. til raforkulaga, og ég geri ráð fyrir því, að það verði að l. áður en þessu þingi lýkur. Í því frv. er einmitt gert ráð fyrir því, að ríkið komi upp stórum rafstöðvum og aðalleiðslum frá þessum stóru rafstöðvum um byggðir landsins, en síðan taki við héraðarafveitur, annaðhvort reknar af héruðum eða ríkinu. Þetta, sem hér er lagt til í þessari þáltill., að undirbúin verði stórvirkjun og að undirbúin verði kaup á efni í háspennulínur og aðalspennistöðvar í nokkrum héruðum, er því í fullu samræmi við ákvæði þessa frv., sem ég nú hef nefnt.

Loks er svo í þessari þáltill. rætt um fyrirhugaða virkjun Laxár í Austur-Húnavatnssýslu. Það mun vera langt komið að gera kostnaðaráætlun um virkjun þar, og telur Rafmagnseftirlit ríkisins horfur á, að þar muni vera hægt að byggja sex til sjö þús. hestafla rafstöð. Hér er í till. lagt til, að ríkisstj. verði heimilað að verja fé úr ríkissjóði þegar á þessu ári til kaupa á efni og vélum til þeirrar virkjunar, ef hagkvæmt þykir að koma upp orkuveri þar að loknum áætlunum um virkjun vatnsfallsins.

Vil ég benda á, að áður hefur ríkisstj. verið heimilað að verja fé úr ríkissjóði til slíkra framkvæmda. T. d. er það svo um þær rafveitur, sem nú er unnið að að koma upp bæði hér um Reykjanesskagann og frá Laxárvirkjuninni til Húsavíkur og nú einnig frá Sogsstöðinni til kauptúna og byggðarlaga á Suðurlandsundirlendinu, að þar hefur ríkisstj. fengið heimild til að verja fé úr ríkissjóði til þeirra framkvæmda, með ályktunum og frv., sem samþ. hafa verið hér á Alþ., og er gert ráð fyrir því þar, að þessi fyrirtæki verði rekin af ríkinu.

Ég sé ekki ástæðu á þessu stigi málsins að fara fleiri orðum um þessa till. Væntanlega er öllum hv. þm. það ljóst, að þörfin er mjög mikil í öllum héruðum landsins fyrir rafmagnið, og er þess þá að vænta, að menn geti orðið sammála um það að greiða fyrir því, að þeirri þörf verði fullnægt svo fljótt sem kostur er á, og ef þessi till. verður samþ., þá ætti það að flýta fyrir nauðsynlegum framkvæmdum á þessu sviði í þeim fjórðungi landsins, sem þar er um að ræða.

Það mun hafa verið venja um till. slíkar sem þessa, að fjvn. fengi þær til athugunar, og vil ég því leggja til, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr. og fjvn.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu ekki nema eðlilegt, að þeir hv. þm., sem standa að flutningi þessarar þáltill., sem munu vera allir kjördæmakjörnir þm. í Norðlendingafjórðungi, sýni áhuga sinn fyrir því, að gerðar séu ráðstafanir til þess að koma upp orkuveri til að fullnægja raforkuþörf Norðlendingafjórðungs, og er ekki nema gott um það að segja, og ég fyrir mitt leyti mun að sjálfsögðu verða því fylgjandi, að gerðar verði svo fljótt sem kostur er á þær ráðstafanir, sem þessi till. fjallar um, þó að sýnilega megi telja nokkuð vafasamt, að hægt verði að gera þær ráðstafanir, sem talað er um, á jafnskömmum tíma og þar er gert ráð fyrir. En hitt kemur mér dálítið undarlega fyrir sjónir, þegar áframhaldandi virkjun Laxár er gerð að þingmáli og ætlazt til, að gerðar séu ráðstafanir til áframhaldandi virkjunar, að þá skuli í því sambandi ekki vera minnzt neitt á þann aðila, sem nú þegar hefur látið reisa allstóra virkjun við Laxá og rekur hana, sem sé Akureyrarkaupstaður. Ég get ekki betur skilið en flm. þessarar till. ætlist til, að sú stórvirkjun, sem ráðgerð er við Laxá, verði framkvæmd af hálfu ríkisins, verði sem sagt ríkisrafveita, væntanlega samkv. þeim l., sem sennilega verða sett á þessu þingi um rafveitur ríkisins, og ég fæ sömuleiðis ekki betur séð en það sé ætlun þeirra, að sú virkjun, sem Akureyri hefur látið gera við Laxá, hljóti þá að renna inn í þessa heildarvirkjun og verða tekin af Akureyrarbæ. Ég skal náttúrlega ekki fullyrða, hvort þetta er ætlun þeirra, en mér sýnist þetta samt og ekki sízt í tilefni af þeim orðum, sem féllu frá hv. frsm. þáltill., þegar hann talaði um, sem rétt er, að allmiklir stækkunarmöguleikar væru þar, sem Laxá hefur verið virkjuð, og eins, að reisa mætti fleiri orkuver við Laxá. En einmitt með því, ef virkja á Laxá fyrir önnur héruð, þar sem virkjun Akureyrar er, þá hljóta hagsmunir Akureyrar að koma mjög til greina. Mér þykir því ástæða til þess í sambandi við þessa þáltill. að gera það atriði nokkuð að umtalsefni.

Ég vil benda á, að í þeim l., sem nú er fyrirhugað að setja um rafveitur ríkisins, er gert ráð fyrir þeim möguleika, að þeir staðir, sem nú þegar hafa reist og reka rafveitur, fái að reka þær áfram og enda að stækka þær, a. m. k. upp að vissu marki. Í sambandi við raforkulagafrv. er einnig frv. um virkjun Sogsins, sem heimilar Reykjavíkurbæ að stækka mjög mikið þá virkjun, sem bærinn á nú, þrátt fyrir þessa fyrirhuguðu rafveitu ríkisins. Mér finnst, að það hljóti að koma til með að gilda svipað gagnvart Akureyri, og þrátt fyrir það að ríkið mundi hraða að reisa virkjun við Laxá fyrir Norðurland og aðra þá staði, sem til greina gætu komið, þá ætti Akureyri að halda rétti sínum til að reka það orkuver, sem bærinn hefur nú reist og enda til stækkunar. Ég tel eðlilegt, að Akureyri fái að fullvirkja Laxá þar, sem núverandi orkuver er. Þar eru nú virkjuð um 6 þús. hestöfl, og í áætlunum um framhaldsvirkjun á þeim stað, sem eru að vísu ekki alveg samhljóða, er gert ráð fyrir, að hægt sé að virkja a. m. k. 6 þús. hestöfl í viðbót, og eftir sumum reikningum allt að 10 þús. hestöflum, en hins vegar er gert ráð fyrir, að Laxá fullvirkjuð gefi um 40 þús. hestöfl. Sá hluti, sem þarna kemur til greina, er því ekki nema kringum ⅓ af Laxá fullvirkjaðri. Og þegar tillit er tekið til þess, að væntanlega er mjög mikið vaxandi rafmagnsþörf á Akureyri vegna iðnaðar, sem þar kann að rísa upp, þá er eðlilegt, að Akureyri fái leyfi til að fullvirkja Laxá á þessum stað, vegna þess að líkur eru til, áður en mjög langur tími líður, að ef til vill verði þörf fyrir svo að segja alla þá raforku á Akureyri einni vegna mikils iðnaðar, sem þar kann að

rísa upp. Ég hef því ekki viljað láta þessa þáltill. fara hér fram hjá án þess að á það sé bent, að Akureyrarkaupstaður á hér hagsmuna að gæta og ástæða til, þegar talað er um og síðan framkvæmdur sá undirbúningur, sem hér er ráðgerður, sem sé stórvirkjun við Laxá, að þá sé tillit tekið til hagsmuna Akureyrarkaupstaðar. Ég vil því leyfa mér að bera fram brtt. við þessa þáltill., þannig að á eftir orðunum „þegar næsta Alþingi kemur saman" komi nýr stafliður, svo hljóðandi: Akureyrarkaupstað skal þó gefinn kostur á að starfrækja áfram núverandi orkustöð sína við Laxá og stækka hana svo, að áin verði fullvirkjuð á þeim stað.

Ég held, að ekki sé ástæða til að fjölyrða sérstaklega um þetta. Akureyrarkaupstaður hefur þegar gert nokkrar ráðstafanir til að undirbúa framhaldsvirkjun við Laxá, þ. e. a. s. stækkun þeirrar stöðvar, sem nú er við Laxá. Ég veit ekki nákvæmlega, hvað sá undirbúningur er langt kominn, en ég hygg, að ef að því er undinn bráður bugur, mundi Akureyrarkaupstaður geta fullnægt því ákvæði, sem er í hinum væntanlegu raforkul., að áætlunum sé skilað innan sex mánaða frá gildistöku l. Mér er nær að halda, að það takist, en fullyrði það ekki. Á þann hátt gæti Akureyri þá fullnægt ákvæðum l., sem væntanlega verða samþ. á þessu þingi. En hvað sem því líður, álít ég, að þegar Akureyri er búin að leggja þann kostnað á sig, sem hún hefur gert við að reisa stöðina, og vitað er, að rafmagnsþörf á Akureyri eykst mjög á næstu árum, þá komi ekki til mála að útiloka Akureyrarkaupstað frá að mega stækka orkuverið, svo að tryggt sé, að bærinn sjálfur hafi nægа framleiðslu í eigin orkuveri.

Ég vil svo leyfa mér að leggja fram þessa brtt. og óska þess, að leitað verði afbrigða fyrir hana, svo að hún komi til afgreiðslu í sambandi við þessa þáltill.

Forseti (JPálm): Það er gefið, að þetta mál fer til n., sennilega fjvn. Þess vegna vil ég fara fram á við hv. 4. landsk., ef honum væri sama, að fresta þessari till. til síðari umr., því að hér liggja fyrir fleiri brtt.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Á þskj. 448 eigum við hv. þm. Str. viðaukatill. við þá meginþáltill., sem hér er til umr.

Ég vil strax í upphafi taka það fram, að ég vil, að þessi þáltill., fylgi megintill. til n., sem athugi þessar till. og leggi úrskurð sinn á þær, og vænti ég þess, að sú n., sem verður sennilega fjvn., taki till. okkar til velviljaðrar athugunar og ályktunar.

Það eru aðeins örfá atriði út af þessari till., sem ég vil minnast á. Því er þannig farið með það svæði, sem þessi viðaukatill. á við, Dali og nokkurn hluta Strandasýslu, að það má heita, að þetta svæði sé komið í kvína og hringinn í kringum það sé farið að hefjast handa um athugun og jafnvel framkvæmdir á rafvirkjunum. Með þessari till., sem hér liggur fyrir, megintill., er það Norðurland, sem á að takast fyrir og athugast. Vestfirðir eru þegar komnir á flugstig með, að þar verði hafnar framkvæmdir, og Snæfellsnes er í uppsiglingu í sambandi við rafveitu Borgfirðinga. Við erum því komnir inn í hringinn, við erum eins og auður depill, þar sem hringur liggur allt í kring, þar sem verið er að vinna að þessum málum, en ég veit, að við verðum ekki skildir þar alveg eftir í eyðunni. En ég vil sérstaklega minnast á það atriði við þá n., sem tekur þetta mál til athugunar, enda þótt við höfum kveðið svo að orði, að athuga skuli um háspennulínu frá Andakílsárfossum, að hún taki það til athugunar, hvort ekki væri heppilegra að leggja línuna frá Laxárfossum. Það getur leikið á tveim tungum um það atriði, hvort heppilegra sé að leggja línu á Strandir og í Dali að norðan eða sunnan. Þetta bið ég n. að athuga. Þá er það einnig Þrándargil, sem þarf athugunar og rannsóknar, því að jafnvel við lauslegt álit frá Rafmagnseftirliti ríkisins gizka menn á, að þar mætti fá allt að 900 hestöfl, og gæti komið til mála, að það mætti verða til að bæta úr brýnustu þörf nokkurs hluta þessa svæðis. En sem sagt, að svo komnu máli treysti ég n., sem fær þetta mál til meðferðar, — og ég geri ráð fyrir, að hv. meðflm. minn geri það líka, — að hún athugi þetta mál, og vil fela henni það til beztu úrlausnar og sjá svo, hversu horfir, þegar hún er búin að leggja sína líknarhönd og réttlætishönd á þessa þáltill. og þá fylgifiska, sem henni fylgja.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Það eru nokkur orð út af því, sem fram hefur komið í ræðum manna.

Hv. 4. landsk. gat þess, að flm. þessarar till. mundu ætlast til þess, að virkjun Laxár yrði framkvæmd af ríkinu, og það er alveg rétt hjá honum. Hitt, sem hann er að geta sér til, að flm. mundu gera ráð fyrir að taka af Akureyrarbæ þá rafstöð við Laxá, sem hann nú á, það hefur aftur á móti ekki við neitt að styðjast, er mér óhætt að fullyrða, enda vil ég benda á, að ef það frv. til raforkul., sem nú liggur fyrir þinginu, verður samþ., sem við gerum ráð fyrir, að verði, þá hefur Akureyrarbær samkv. því ótvíræða heimild til þess að reka sína rafstöð áfram. Ég sé því ekki, að nein þörf sé á því að taka neitt fram í þessari ályktun, að Akureyrarbær eigi að hafa leyfi til að reka stöðina áfram, því að það verður væntanlega komið í l. áður en þessu þingi lýkur. Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að það sé engin fyrirætlun hjá flm. um það að taka þessa stöð af Akureyrarbæ eða á nokkurn hátt að hindra það, að Akureyri geti fengið raforku áfram frá Laxá og þá vitanlega aukið afl þaðan, eftir því sem þörf krefur. Það er sem sagt engum leiðum lokað fyrir Akureyrarbæ, þó að þessi þáltill. okkar verði samþ.

Ég tel, að hér geti verið um fleiri en eina leið að ræða, þegar til framkvæmdanna kemur. Það getur vitanlega verið um þá leið að ræða, sem hv. 4. landsk. gat um, að Akureyrarbær auki við sína stöð til að fullnægja sinni rafmagnsþörf, og það getur líka verið um þá leið að ræða, að viðbótarvirkjanir við Laxá verði framkvæmdar í félagi af Akureyrarbæ og ríkinu, ef það þætti henta. En hvaða leið verður farin í þessu efni, það er alveg óákveðið og hægt að fara hvaða leið sem er í því, þótt okkar till. verði samþ.

hér á þingi, hún er bara um undirbúning framkvæmdanna.

Ég álít það vera frekar til stuðnings Akureyri en til tafar málum þessa kaupstaðar í þessu efni, að þessari fullnaðaráætlun um virkjun Laxár verði lokið svo fljótt sem verða má. Það mundi þá verða verkefni næsta Alþ., ef þessi till. yrði framkvæmd, að ákveða um það, hvernig framkvæmdum yrði hagað að þessu leyti.

Mér finnst vitanlega rétt, að þessar framkomnu till., bæði frá hv. 4. landsk. og öðrum, fái athugun jafnframt aðaltill. í fjvn. En ég vil aðeins beina því til hæstv. forseta, að ég teldi, að eðlilegra og heppilegra væri, að sú athugun færi fram áður en brtt. koma til nokkurrar meðferðar eða afgreiðsla fer fram um þær sjálfar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 30. fundi í Sþ., 2. marz, var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 438, 448, 460, 489).

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv. og til fjvn. með 30 shlj. atkv.

Á deildafundum 26. apríl var útbýtt frá Sþ. nál. frá fjvn., á þskj. 979, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

25. Virkjun Þverár í Steingrímsfirði.

Á deildafundum 22. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um virkjun Þverár í Steingrímsfirði (A. 446).

Á 29. fundi í Sþ., 27. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 30. fundi í Sþ., 2. marz, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

26. Rafveitulán fyrir Borgarneshrepp.

Á deildafundum 25. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Borgarneshrepp (A. 461).

Á 29. fundi í Sþ., 27. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, stendur yfir og hefur staðið yfir virkjun Andakílsár í Borgarfirði, og er því verki langt komið, svo að gera má ráð fyrir, að því verði lokið á næsta ári. Fyrirhugað er að leggja línur til Akraness og Borgarness og að teknir verði um leið nokkrir bæir í nærliggjandi sveitum. Þetta hefur í för með sér, að endurnýja verður rafmagnskerfi beggja þessara staða. Hefur þegar verið vísað til fjvn. till. um ríkisábyrgð fyrir innanbæjarkerfi Akraness, en þessi till., sem hér liggur fyrir, er um sama efni viðvíkjandi Borgarnesi og er flutt að beiðni oddvita Borgarness.

Ég tel, að málið á þessu stigi þurfi ekki meiri skýringar við. Ég vænti þess, að till. verði nú vísað til fjvn. að lokinni þessari umr. eins og öðrum till. um þetta efni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 30. fundi í Sþ., 2. marz, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til fjvn. með 31 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

27. Fullnaðarrannsóknir fallvatna.

Á deildafundum 25. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um fullnaðarrannsóknir á fallvötnum til raforkunota handa íbúum Vestur-Skaftafellssýslu og hluta af Rangárvallasýslu (A. 462).

Á 29. fundi í Sþ., 27. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Sþ., 2. marz, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Gísli Sveinsson): Herra forseti. Ég læt mér nægja að vísa til grg., sem fylgir þessari þáltill. á þskj. 462. Þessi þáltill. er fram komin jafnhliða þeirri þáltill., sem nú var verið að samþ. til síðari umr. og vísa til n., sem er 182. mál, um virkjun Sogsins o. fl., og má segja, að þessi þáltill., sem hér liggur fyrir, sé borin fram sem nauðsynleg viðbót við þá þáltill., sem afgr. var hér áðan, og fleiri áskoranir, sem hafa verið frammi á undanförnum þingum og eru enn. — Ég vil ekki bæta nú að þessu sinni neinu sérstöku við það, sem fram er komið um þessi mál yfirleitt, en óska þess, að þessi þáltill. verði að lokinni fyrri umr. látin ganga til hv. fjvn.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

28. Virkjun Sogsins o. fl.

Á deildafundum 26. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um virkjun Sogsins o. fl. og orkuveitur um Suðurland og til Vestmannaeyja (A. 464).

Á 29. fundi í Sþ., 27. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Það skulu verða aðeins örfá orð. — Við höfum nokkrir þm. leyft okkur að flytja þessa till., sem er um það að hraða undirbúningi að virkjun Sogsins og frekari rannsókn, sem komið hefur til orða að gera á Suðurlandsundirlendinu. Hvað áhrærir það fyrirkomulag, sem verða kann, svo sem hvaða aðili kann að annast þessar framkvæmdir, er alveg látið standa opið eftir þessari till., aðeins er þess óskað af stjórnarvaldanna hálfu, að þau flýti og greiði fyrir þeim undirbúningi og rannsókn og framkvæmdum, sem hér að lúta, og jafnframt því geri ráðstafanir til að afla efnis bæði hvað áhrærir virkjanirnar og enn fremur efni í línur og spennistöðvar á þessu svæði ásamt nákvæmum rannsóknum um dreifingu orkunnar. Það er eðlilegt, að fólkið þrái að fá raforkuna til sinna nota, og okkur er það ljóst, að það er mikil nauðsyn að greiða fyrir því að koma raforkunni til almennings eftir því, sem fljótast er hægt, og fyrir þá sök er ályktunin flutt.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða um þetta. Það er að öllum hætti eðlilegt, að þetta mál fari til n., og ég vil óska, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til síðari umr. og fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 30. fundi í Sþ., 2. marz, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv. og til fjvn. með 29 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

29. Útsvör.

Á deildafundum 27. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um skipun milliþinganefndar til endurskoðunar útsvarslaganna (A. 480).

Á 30. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Flm. þáltill. þeirrar, sem hér liggur fyrir, eiga allir sæti í allshn. Ed., og ástæðan til þess, að þeir hafa leyft sér að flytja hana, er sú, að á þessu þingi og einnig því síðasta hefur legið fyrir Ed. frv. til l. um breyt. á l. um útsvör. Fjallar þetta frv. um það að setja ný ákvæði um, hvar greiða skuli útsvör af atvinnurekstri, sem í ýmsum tilfellum hefur getað orðið nokkur ágreiningur um samkv. þeim ákvæðum, sem nú eru um þetta í útsvarslögunum.

Allshn. Ed. hefur ekki talið sér fært að taka efnislega afstöðu til þessa máls, telur, að á því sé nokkur vandi og að athugun þurfi að gera um það, hvernig þeim ákvæðum verði haganlegast fyrir komið. Var málið því afgr. á síðasta þ. með dagskrá, þar sem vísað var til þess, að almenn endurskoðun á útsvarsl. mundi fara fram og að n. hefði fengið upplýsingar um það, að sú endurskoðun mundi standa fyrir dyrum. Nú hefur farið svo, að allshn. Ed. hefur ekki viljað taka efnislega afstöðu til þess frv., sem nú er flutt á ný um þetta efni, og hefur fengið upplýsingar um, að sú endurskoðun, sem hún bjóst við, að fara mundi fram á útsvarsl., mundi ekki fara fram á það víðum grundvelli, að hún tæki til þeirra ákvæða, sem hér ræðir um, nema Alþ. samþ. að heimila greiðslu á þeim kostnaði, sem störf þeirrar n., sem fjallaði um endurskoðun útsvarsl., mundi hafa í för með sér. Það varð því samkomulag um það í allshn. hv. Ed. að flytja þessa þáltill., sem hér liggur nú fyrir, þar sem farið er fram á, að Alþ. kjósi með hlutfallskosningu 5 manna mþn. til þess að framkvæma almenna endurskoðun á útsvarsl., svo og það, að þessi endurskoðun skuli framkvæmd það snemma, að unnt verði að leggja till. fyrir næsta reglulegt Alþ., þannig að þá verði hægt að flytja frv. um breyt. á útsvarsl., sem byggt verði á þessari endurskoðun. Enn fremur fer þessi þáltill. fram á, að kostnaður við störf n. skuli greiðast úr ríkissjóði.

Við flm. viljum vænta þess, að með þessum ráðstöfunum verði framkvæmd sú endurskoðun, sem hér er um að ræða, er við allir gerum ráð fyrir, að geti legið fyrir næsta Alþ., teljum heppilegra, að þessi háttur sé hafður á en að hæstv. Alþ. fari nú að gera samþykkt um þetta eina ákvæði útsvarsl., og það því fremur, sem við teljum, að á því sé nokkur vandi og því heppilegra, að það fái nánari athugun og betri undirbúning en hægt er að framkvæma af þm.

Sé ég svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta frekar, en vil fyrir hönd annarra flm. vonast til þess, að þessi þáltill. verði samþ., og legg til, að henni verði að lokinni þessari umr. vísað til athugunar hv. allshn. Sþ.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Samkv. III. kafla útsvarsl. frá 1936 segir svo í 8. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Þar skal leggja útsvar á gjaldþegn, sem hann hafði heimilisfang vitanlega eða samkvæmt manntali næst á undan niðurjöfnun."

Nú hefur fallið hæstaréttardómur á þann veg, að aðilar skuli greiða útsvör — ekki samkv. þessum skýlausu fyrirmælum 8. gr., heldur þar sem stjórn viðkomandi félags eða aðila á aðsetur, burtséð frá því, hvort viðkomandi félag eða aðili á starfrækslu eða fasteignir á öðrum stað eða ekki. Þetta hefur orðið til þess, að fleiri en einn sveitarsjóður hafa orðið af því að fá lögmætar tekjur af útsvörum og atvinnurekstri samkv. þessari gr. útsvarsl., og hafa af þessu oft hlotizt málaferli og ýmiss konar óánægja. Ég bar því fram till. til breyt. á þessum l. á síðasta þ., en henni var vísað frá af hv. allshn. með rökst. dagskrá, þar sem þess var vænzt, að hæstv. ríkisstj. léti fara fram endurskoðun á útsvarsl. Þetta var ekki gert, og bar ég því fram á ný sams konar brtt. á l. á þessu þingi. Þetta fór á sömu leið, og gaf hv. allshn. út nál. með rökst. dagskrá þann 3. des. f. á., þess efnis að vísa málinu frá, þar sem upplýst var, að verið væri að vinna að heildarendurskoðun á útsvarsl., og gert ráð fyrir, að niðurstöður hennar yrðu tilbúnar til þess að leggja fyrir Alþ. 15. febr. þ. á. Ég tel það vera bráðnauðsynlegt að fá þessa endurskoðun sem allra fyrst, einkum þó á III. kafla útsvarsl., þar sem deilt er um þetta atriði. — Ég vildi því fá að heyra það hjá hæstv. dómsmrh., ef hann er hér, hvort hann hugsi sér að láta fara fram endurskoðun á l., ef þessi till. verður samþ. En ef svo færi, að hann vildi ekki lýsa þessu hér yfir, annaðhvort við þennan hluta þessarar umr. eða síðar, eftir að málið kemur úr n., að hann láti fara fram umrædda endurskoðun og það svo snemma, að hægt væri að gera breyt. á l. þegar á næsta þ., þá er nauðsynlegt, að Ed. taki efnislega ákvörðun til þessa máls, því það er svo alvarlegt fyrir viðkomandi héruð, og fæ ég ekki skilið, hvernig hv. allshn. Ed. skuli tvisvar hafa skotið sér undan því að taka afstöðu til málsins. Vil ég því vænta þess, að málið fái skjóta afgreiðslu hér á hv. Alþ., og einnig, að hæstv. dómsmrh. lýsi yfir því, hvaða afstöðu hann tekur til þess, því að annars er nauðsynlegt að knýja fram nú þegar efnislegan úrskurð a. m. k. hv. Ed. um þetta atriði.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er að vísu búið að gera uppástungu um að vísa þessari till. til n., sem ég á sæti í, en ég held, að ef skipa á n. til þess að endurskoða útsvarsl., — og á því tel ég mikla þörf, — eigi verksvið þeirrar n. að vera stærra en hér er gert ráð fyrir. — Það orkar ekki tvímælis, að ekki er síður þörf á að endurskoða skattalöggjöfina, en hún hangir að mörgu leyti saman við útsvarslöggjöfina, en þó eru ef til vill óljós ákvæði í báðum þessum l., sem ekki verða lagfærð með endurskoðun. Kemur þetta til af því, að í þessum l. hvorum tveggja eru svo greinilega óljós ákvæðin, sem lúta að heimilisfestu manna. Þeir vita það bezt, sem fjalla um þessi mál, hve oft er erfitt að hafa upp á fólki, því að hér eru hópar manna, sem ekkert lögheimili eiga og hvergi borga neitt, hvorki til ríkis né bæjar- eða sveitarfélags. Get ég nefnt mörg dæmi um slíkt. Af þessum ástæðum tel ég nauðsynlegt að gera störf þessarar n. víðtækari, þannig að hún geti stuðlað að því að færa þetta mál, sem ég drap á, í viðunandi horf.

Nú liggur fyrir hæstv. Alþ. frv. um nýja tryggingalöggjöf, og ef það verður að l., verður þar ákvæði um endurskoðun skattal., þannig að þeim mönnum, sem að þessu máli hafa unnið og samið hafa frv., hefur verið ljóst, hve nauðsynlegt er að endurskoða þau l. og hve erfitt það er að vita um lögheimili manna eða hvar þeir eiga heima.

Það er því mín skoðun, að sú n., sem hér er gert ráð fyrir, að skipuð verði, taki ekki aðeins útsvarsl. til meðferðar og endurskoðunar, heldur og skattalögin og enn fremur, að hún taki til athugunar, hvort ekki væri hægt að koma því fyrir á einhvern hátt, að hver maður fái vegabréf, sem væri áritað einu sinni á ári af viðkomandi yfirvöldum, er sýni lögheimili hans og hvar hann er skattskyldur, til þess að ekki þurfi að vera sú eftirleit, sem nú á sér allt of mikið stað gagnvart því fólki, sem alltaf er að flytja úr einni sveit í aðra, en á ekkert sérstakt lögheimili og er alltaf farið úr þeirri sveit, sem það var í næst á undan, þegar komið er þar að gjalddaga opinberra gjalda. Lögin um heimilisfestu þarf því líka að endurskoða.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Ég er ekki eins sannfærður um það og þeir hv. þm., sem hér hafa nú talað um þetta mál, að það sé svo brýn nauðsyn víðtækra breyt. á útsvarsl., þeim sem nú gilda, að ástæða sé til að skipa sérstaka mþn. til þess að taka þetta mál til athugunar. Þessi löggjöf hefur að nafninu til gilt síðan 1926. Þá lét þáv. ríkisstj. framkvæma mjög gagngerða endurskoðun á útsvarslöggjöfinni, sem þá var komin í hið mesta öngþveiti. Þessi athugun, er leiddi til þeirrar löggjafar, er þá var sett, hefur verið ein sú allra bezta, sem við höfum búið við á því tímabili, sem liðið er síðan. Að vísu fóru fram nokkrar breyt. á útsvarsl. 1936, sem voru ekki mjög fyrirferðarmiklar eða víðtækar, og þá voru þær breyt. felldar inn í meginmál l., þannig að þau voru þá prentuð í einu lagi. Nú virðast mér þær breyt., sem fram hafa komið í hv. Ed. og valdið hafa svo miklum erfiðleikum, að því er virðist, að sú n., sem málið hefur haft til meðferðar, hefur gefizt upp við að taka ákvörðun um það, eins og hv. þm. Barð. lýsti yfir áðan, — engan veginn vera svo erfiðar viðfangs, að ekki sé fullkomlega hægt fyrir hv. Alþ. að ganga frá þessu máli, því að þetta er aðeins um einstök atriði í vissum kafla l., og eins og hv. þm. Barð. lýsti hér, að dómar hafa fallið, sem samrýmast ekki vel anda þessarar löggjafar.

Hv. 2. þm. N.-M. (PZ) minntist hér á það, að ýmsir menn væru hér á landinu, sem hefðu ekkert fast heimilisfang. Það er hins vegar allt önnur löggjöf, sem fjallar um þessi efni, því að allir þegnar þessa lands eiga að hafa fast heimilisfang, og væri því ástæða til að taka þá löggjöf til nýrrar athugunar, svo að betri skipan

kæmist á þessi mál. Það er vitanlega einn meginþátturinn í uppbyggingu okkar þjóðfélags, að því sé fylgt fast eftir, að allir þegnar þess eigi fast lögheimili, því að ella geta þeir í skjóli þess skotið sér undan skyldum gagnvart þjóðfélaginu, sem öllum er skylt að rækja. En það er vitanlega ekki vettvangur útsvarslöggjafarinnar að fjalla um slíkt, heldur er sérstök löggjöf um þessi atriði.

Ég vildi aðeins láta þessa skoðun mína koma hér fram við fyrri hluta umr. þessarar þáltill., því að mér finnst útsvarslöggjöfin hafa reynzt vel, þótt ef til vill séu einstök atriði hennar, — eins og það, sem hér liggur fyrir, — sem þyrfti að endurskoða, og ætti það ekki að vera ofviða fyrir Alþ. að gera þá breyt.

Umr. frestað.

Á 31. fundi í Sþ., 8. marz, var till. tekin til frh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Sþ., 15. marz, var fram haldið fyrri umr. um till.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það var út af ummælum hv. þm. Borgf. um þetta mál, er það var til umr. á dögunum, að ég kvaddi mér hljóðs aftur. Hann hélt því fram, að mál það, sem til umr. er í Ed., gæfi tilefni til frekari umr. um þetta. En ég get ekkert tilefni séð til þess að fara að skipa n. um þetta mál.

Útsvarsl. voru tekin til athugunar á síðasta þingi að tilhlutun hæstv. félmrh., og kom þá til greina að setja inn þá breyt., er hér um ræðir, en þá var svo langt komið, að ekki þótti tiltækilegt að bæta því inn í að svo stöddu. Mér finnst mjög mikið mæla með því, að hv. allshn. Ed. tæki efnislega afstöðu til málsins í heild. Það er engin ástæða til þess að rannsaka l., ef efnisleg afstaða er tekin til málsins í heild.

Ég vildi nú mælast til þess, að hv. form. allshn. tæki efnislega afstöðu til málsins og tæki till. til baka.

Flm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins segja örfá orð vegna ummæla hv. þm. Barð. Hann áleit ekki þörf á að skipa mþn. í þessu máli. Í því tilefni vil ég leyfa mér að benda hv. þm. á það, að Samband sveitarfélaga, er nýlega var stofnað, lítur öðrum augum á þetta mál og skipaði sérstaka n. til þess að undirbúa breyt. á útsvarsl. Er þing kom saman í haust, var talað um þetta við hæstv. dómsmrh. og lýsti hann yfir því, að þessi endurskoðun á l. væri í gangi. Síðar lýsti hann yfir því, að till. væru fram komnar frá þessari n. og næðu þær ekki til þeirra atriða, sem frv. hv. þm. Barð. fjallaði um, og að breyt. hans yrðu ekki lagðar fram af sambandinu. Og af þessu sagði hann, að heildarendurskoðun færi ekki fram nema mþn. settist í málið.

Einmitt þetta atriði, um sveitfesti manna, hefur verið eitt viðkvæmasta málið í þessu og hefur verið mesta ágreiningsefnið milli sveitarfélaga. Og það hefur sérstaklega vakað fyrir allshn. Ed. að finna varanlega lausn á þessu máli og telur hún, að mþn. mundi hafa betri aðstöðu til þess að gera því slík skil. Það væri ekki vænlegra, að þessi þn. færi að leita að lausn á þessum málum. Ég get því ekki fallizt á uppástungu hv. þm. Barð. að taka aftur till. mína.

Ég óska, að till. gangi til n. og fái afgreiðslu í Sþ.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég get vel fellt mig við það, að till. gangi til n., því að ég býst við, að þar fái hún hægt andlát. En mér finnst það ótækt, að skipuð sé mþn. í hvert skipti, sem breyta þarf lagagrein.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 34. fundi í Sþ., 19. marz, var enn fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 27:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

30. Lyfjasala.

Á deildafundum 28. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun á löggjöf um sölu lyfja (A. 485).

Á 30. og 31. fundi í Sþ., 2. og 8. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Sþ., 8. marz, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Garðar Þorsteinsson): Þessi till. fer fram á endurskoðun á löggjöf um sölu lyfja. Þetta mál er þannig til komið, að árið 1942 lagði landlæknir það til við heilbrigðismálaráðh., Jakob Möller, að skipuð yrði nefnd til að athuga lyfsölulöggjöfina. Nefndin skilaði áliti sínu í frumvarpsformi, og var það sent til heilbr.- og félmn. Nd. frá landlækni. Ekki náðist samkomulag í n., svo að frv. var aldrei flutt. Nú gerist það, að Apótekara- og Lyfjafræðingafélög Íslands töldu, að lítt gætti hagsmuna þeirra í frv. því, er samið var af mþn. Þess vegna skipuðu félög þessi n. til að semja nýtt frv., — og mun prof. Ísleifur Árnason hafa samið frv., en prof. Ólafur Lárusson samið greinargerð. Var frv. síðan sent til heilbr.- og félmn. Nd. og mælzt til, að hún flytti það. En jafnframt hefur hið eldra frv. lítið breytt verið sent heilbr.- og félmn. Ed. og farið fram á, að hún flytti það, en í hvorugri n. hefur náðst samkomulag, og koma því þessi frv. ekki inn í þingið nema frá klofnum nefndum. Heilbrigðis- og félagsmálanefndir beggja deilda hafa rætt málið og reynt að ná samkomulagi, en ekki tekizt og gera nú það að tillögu sinni,

að skipuð verði 5 manna milliþingan., þannig, eins og segir í greinargerðinni: einn frá Apótekarafélagi Íslands, annar frá Lyfjafræðingafélagi Íslands, þriðji frá Læknafélagi Íslands, fjórði skipaður af hæstarétti og landlæknir sjálfkjörinn. Ætlazt er til, að n. ljúki störfum fyrir næsta þing. Með skipun þessara manna í milliþingan. telja nefndarmenn beggja deilda, að allir þeir, er hagsmuna hafa að gæta, geti komið fram með sínar tillögur.

Ég vil aðeins benda á, að löggjöfin um þessi efni er orðin gömul, þ. á m. tilskipunin um apótek frá 1672, og að öðru leyti er löggjöfin um eftirlit með apótekum víða í lögum. Er því full ástæða til að semja um þetta heildarlöggjöf. — Vil ég fara fram á það, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. allshn. Sþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 33. fundi í Sþ., 15. marz, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 27:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Á 35., 36., 38., 41. og 42. fundi í Sþ., 28. marz, 2., 24. og 27 apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 485, n. 636).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

31. Lækningastöð á Reykjum í Ölfusi.

Á deildafundum 1. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um lækningastöð á landi ríkisins í Ölfusi (A. 490).

Á 30. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 31. og 33. fundi í Sþ., 8. og 15. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

32. Endurgreiðsla á aðflutningsgjöldum.

Á deildafundum 13. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum (A. 542).

Á 33. fundi í Sþ., 15. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 34. fundi í Sþ., 19. marz, var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 542, 548).

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 30 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á deildafundum 4. apríl var útbýtt nál. frá meiri hl. fjvn., á þskj. 688, og á deildafundum 8. apríl nál. frá minni hl. n., á þskj. 703, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

33. Áfengisvarnir.

Á deildafundum 25. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um nefndarskipun til að gera tillögur um áfengisvarnir (A. 602).

Á 35. fundi í Sþ., 28. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 36. fundi í Sþ., 2. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

34. Björgunarskúta Vestfjarða.

Á deildafundum 25. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um byggingu björgunarskútu Vestfjarða (A. 610).

Á 35. fundi í Sþ., 28. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta mál á þessu stigi. Efni till. er það, að Alþ. ályktar að heimila ríkisstj. að láta byggja eða kaupa á þessu ári hentugt björgunar- og eftirlitsskip, er annist björgunar- og eftirlitsstörf fyrir Vestfjörðum. Ríkissjóður skal leggja fram nauðsynlegt fé, en Slysavarnafélagsdeildirnar á Vestfjörðum leggja fram a. m. k. 200 þús. kr. á móti framlagi ríkissjóðs.

Þetta mál hefur hlotið langan undirbúning. Heima á Vestfjörðum hefur verið ritað og rætt um það um 20 ára skeið, en það er sökum þess, að rík nauðsyn er, að slíkt skip sé til. Undirbúningurinn hefur einkum verið í því fólginn að safna fé.

Hin mörgu sjávarpláss á Vesturlandi, sem eiga meginþorra ungra manna á sjónum, vita nauðsyn þess, að eftirlit sé haft með flotanum. Þegar að því var komið, að hafizt yrði handa um út-

vegun skipsins, varð samkomulag um, að ríkið og slysavarnasveitirnar þar vestra keyptu skipið í félagi, en ríkið annaðist síðan rekstur þess. Var samningur þess efnis undirritaður 1. ág. síðastliðið sumar, og skyldi ríkissjóður þá þegar hefjast handa um útvegun skipsins. Nokkru síðar voru keypt 3 skip frá Englandi, sem nota átti til landhelgisgæzlu og björgunarstarfa. Var áformað, að Vestfirðingar fengju eitt þessara skipa, en nú hafa þessi skip reynzt ónothæf, og er því tími til kominn að taka þetta mál upp, þar sem áður var frá horfið.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta mál eða nauðsyn þess, að Vestfirðingar fái slíkt skip hið fyrsta. En ég vil vænta þess fastlega, að till. þessi verði nú samþ. og bygging björgunarskútunnar hafin þegar í sumar.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Eins og fylgiskjal ber með sér, hef ég fyrir hönd ríkisstj. gert samning um framkvæmd þessa máls, og er ríkisstj. bundin af þeim samningi. Hins vegar leit ég svo á, að ekki þyrfti þál. um þetta mál. Framkvæmdir hafa dregizt vegna þess, að þau skip, sem keypt voru, reyndust ekki nothæf. Hv. flm. kom að máli við mig áður en hann lagði fram þessa till., og sagði ég honum, að ef heimildar þyrfti við í þessu máli, þá ætli ég að leita hennar, en ég liti svo á, að hennar þyrfti ekki. Enn fremur get ég upplýst það hér, að ég hef sent fjvn. till. varðandi strandgæzlu og björgunarmál og óskað eftir áliti n., en þetta mál er þar einn liður. Þess vegna lít ég svo á, að þessi till. sé óþörf.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Ég vil fagna því, að hæstv. ráðh. hefur áhuga á framgangi þessa máls, og mátti ég raunar vita, að annars var ekki af honum að vænta, þar sem þetta mál er svo mikilsvert fyrir hans kjördæmi. En viðvíkjandi því, sem hann gat um, að hann teldi slíka heimild, sem þáltill. fer fram á, óþarfa, þá skilst mér þó, að hann liti öðruvísi á, þegar samningurinn var gerður, sem hér er prentaður sem fylgiskjal. Ég vil benda á það, að fjárveiting til þessa máls var á fjárl. síðasta árs, en er það ekki nú, og af þeim ástæðum vil ég, að ríkisstj. fái þessa heimild.

Ég vil svo vænta þess, eftir að hafa heyrt ræðu hæstv. ráðh., að till. eigi jafnvel betri byr að fagna, og er það að vonum.

Gísli Jónsson: Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að till. varðandi þessi mál hafa verið til athugunar í fjvn. En nú vildi ég gjarnan fá upplýsingar um, hvort undirbúningur sá, sem rætt er um í 5. lið, hefur farið fram, og hvort þetta er þannig nú, að fjvn. geti fengið uppdrætti að skipunum.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég þarf raunar ekki að lýsa neitt áhuga mínum á þessu máli, en samningur sá, sem fylgir þessari till., vitnar m. a. þar um.

Viðvíkjandi fyrirspurn hv. þm. Barð. vil ég upplýsa það, að á síðastliðnu ári var langt komið með, að samkomulag næðist um þetta mál milli ríkisstj. og björgunarskútunefndar Vestfjarða. Hins vegar kom þá nýtt fram í málinu, og nú er mér kunnugt um, að björgunarskútunefnd er ánægð með, að ný athugun fari fram, og fellst á, að ríkisstj. láti þá athugun fara fram.

Ég vænti, að þessar upplýsingar nægi fyrir hv. þm. Barð., þar sem ég geri ráð fyrir, að hann hafi átt við, hvort búið væri að slá nokkru föstu hér um.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Ég skal ekki tefja þessar umr. frekar, en vil aðeins benda hv. þm. Barð. á, að í 1. gr. samningsins eru ákvæði um gerð skipsins.

Ég vil svo minnast á það viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðh. sagði áðan, að ég fékk leyfi hjá honum til að birta þennan samning.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Á 37., 38. og 41. fundi í Sþ., 23., 24. og 27. apríl, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. enn tekin til síðari umr. (A. 610, n. 707).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Eins og nál. á þskj. 707 ber með sér, var fjvn. ekki á einu máli um afgreiðslu þessarar þáltill. Meiri hl., 6 nm., leggja til, að hún verði samþ., en einn nm., hv. þm. Barð., greiddi atkv. gegn henni, og tveir þm., hv. þm. Borgf. og 9. landsk., greiddu ekki atkv.

Ég hef í raun og veru ekki neitt sérstakt að segja fyrir hönd þeirra nm., sem leggja til, að þáltill. verði samþ. eins og hún liggur fyrir. Um málið var allmikið rætt í n., og þeir, sem fylgja þessari þáltill., eru þeirrar skoðunar, að mikil þörf sé á því, að þessi skúta fyrir Vestfirði verði byggð.

Það er nú svo, að gæzlustarf hér við land er nú orðið þannig, að það þarf ekki síður að gæta íslenzkra veiðiskipa en að verja landhelgi, og á ríkið nú sama sem 3 skip til þeirra starfa, þó að eitt sé að nafninu til leiguskip, sem er Sæbjörg. Einu skipinu er ætlað að gæta Faxaflóa, öðru að vera við Vestmannaeyjar og hinu þriðja er ætlað að vera við Austfirði til þess að gæta fiskiskipanna íslenzku. Þessi skip eru fyrir öllu Norðurlandi um síldveiðitímann. Aftur hafa gæzluskip við Vestfirði gengið misjafnlega, því að skipin hafa líka verið höfð til flutninga, og samrýmist það illa að hafa sama skipið við flutning og gæzlustörf, því að yfir vertíðina verða þessi skip í raun og veru að fylgja bátunum á fiskimiðin, annars er gæzla þeirra ekki örugg. Ef skipin væru fjögur, mundi það strax verða viðráðanlegra að gæta fiskiflotans íslenzka, ef skipin gætu þannig skipt landinu á milli sín.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en meiri hl.

n. leggur til, að þáltill. verði samþ. eins og hún liggur fyrir.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Um sama leyti og gerður var samningur, sem staðfestur hefur verið með þáltill., við Slysavarnafélag Íslands, um stækkun á Sæbjörgu, gerði ég samning þann, sem nú fylgir hér sem fylgiskjal með þessari þáltill., og ætlunin var þá að nota þá fjárveitingu, sem veitt var á síðustu fjárl., til framkvæmda á þessum samningi. Ég er að öllu leyti samþ. þáltill., sem hér liggur fyrir, sem eðlilegt er, þar sem hún er fram komin til þess eins að leita staðfestingar á þeim samningi, sem ég hef gert fyrir hönd ríkisstj. og með samþykki allrar ríkisstj. En þegar hv. 1. flm. spurði mig að því, hvort ég vildi vera meðflm. að þessari þáltill., tjáði ég honum það, að ég teldi mig hafa heimild til þess að nota fjárveitingu síðasta árs á þá lund, sem gert er ráð fyrir í samningnum, og hefði þurft að leita heimildar til staðfestingar á samningnum, mundi ég gera það, og þá í sambandi við aðrar úrlausnir, sem ber að gera í landhelgisgæzlunni. Nú hefur hv. þm. N.-Ísf. farið þá leið að létta af mér þeim erfiðleikum að leita eftir þeirri heimild, sem ég taldi mig hafa frá Alþ., þó að ég kunni að taka hana með í aðra till. um viðtækara efni. Ef svo er, sem ég hygg, að hv. þm. N.-Ísf. telji nauðsynlegt, að bæði leiti ríkisstj. heimildar um þetta og svo hann, til þess að fullkomlega sé nú leitað heimilda ofan á þá heimild, sem ríkisstj. var veitt í fjárl. fyrir árið 1945—1946, þá hef ég ekkert á móti því, að þessi till. verði samþ., því að það er þá eins og þar stendur, að „kross er undir og ofan á." Og ef hv. þm. heldur, að hann njóti einhverra hlunninda fyrir að leggja þennan kross undir (*PO:* Hann er ofan á.) það, sem áður var búið að gera í þessu efni, get ég vel unnt honum þeirrar ánægju.

Ég skal segja það um landhelgisgæzlumálin að öðru leyti, að ég hef þegar gert ráðstafanir til þess, að athugun, sem ætlazt var til með þskj. 606, fari fram. Og það hefur verið send fyrirspurn til brezku flotastjórnarinnar, hvort hún vilji taka á móti mönnum til þess að athuga skipti á skipum og fá í staðinn þau 3 varðskip, sem forstjóri Skipaútgerðar ríkisins keypti fyrir ríkisstj. s. l. haust og ekki teljast hæf til landhelgisgæzlu. Svar er ekki komið við þessu enn þá, en ég hef gert ráðstafanir til þess að fá upplýsingar og hef fengið þær upplýsingar, að innan mjög langs tíma verði úr því skorið í Bretlandi, hvort skipin fást þar, og þá um leið, ef svo yrði, að eitthvert skipið yrði hentugt til þess að taka að sér landhelgis- og björgunarstarf fyrir Vestfirði. Sá síður komst á meðan ófriðurinn stóð, að ríkisstj leigði vélskip, að svo miklu leyti sem hennar skip dugðu ekki til þess að halda uppi landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi bæði við Vestfirði og eins við Faxaflóa og eins við Austfirði. En hins vegar hefur Ægir þangað til nú venjulega haft með höndum gæzluna við Vestmannaeyjar.

Það er alveg rétt hjá hv. 7. þm. Reykv., að það hefur nú á meðan á stríðinu stóð verið gripið til þessara skipa til þess að láta þau fara í vöru- og mannflutninga, þegar forstjóri Skipaútgerðarinnar hafði talið, að eitthvað lægi við. Og sérstaklega hefur þetta átt sér stað með skipin, sem hafa verið við Vestfirði, að hvað eftir annað hefur verið gripið til þess bæði til vöruflutninga og mannflutninga, en þá líka venjulega eftir ósk Ísfirðinga sjálfra vegna þeirra samgönguvandræða, sem hafa verið ríkjandi meðan stríðið hefur staðið. Á þessari vertíð, sem nú er að enda, var haft sérstakt skip við Vestfirði, og ég hef veitt því eftirtekt, að það hefur nokkrum sinnum verið tekið til þeirra nota, sem ég nefndi áðan, og meðal annars til þess að flytja fulltrúa slysavarnasveita Vestfjarða hingað til Reykjavíkur á þing Slysavarnafélags Íslands. Svo mikil hafa samgönguvandræðin verið, að jafnvel fulltrúar slysavarnasveitanna á Vestfjörðum hafa gengið fram í því að koma þessari reglu á, sem ekki hefur þótt annað fært en óska eftir því, að skipin væru tekin frá gæzlu til þess að flytja þá til Reykjavíkur og jafnvel þó að ekki væri örgrannt um, að ef til vill gæti það komið í bága við gæzlu skipsins við Vestfirði, sem þessar slysavarnasveitir höfðu óskað eftir, að haldið yrði uppi.

Hafi ríkisstj. ekki heimildina til þess að skipta á skipum, sem eru nú í eigu ríkisins, með því að fá önnur ný, þá er vitanlega nauðsyn að fá heimild til þess.

Ætlazt var til, að þáltill. á þskj. 656 gilti fyrir alla landshlutana og auðvitað fyrir Vestfirði jafnframt. Ég tel víst, að sú till. nái afgreiðslu á þessu þingi. Í raun og veru geta ekki verið skiptar skoðanir um, að auka þarf landhelgisgæzluna til muna frá því, sem nú er. Ég skal geta þess í þessu sambandi, að skipum ríkissjóðs hefur fækkað um eitt við það, að Þór var seldur nýlega samkv. heimild í 22. gr. fjárl. En jafnhliða því, að aukinn verður skipakostur ríkisins til strandvarna, þá tel ég, að halda þurfi áfram tilraunum, sem gerðar voru á s. l. sumri um notkun flugvéla til landhelgisgæzlu. Og ef ríkið eignaðist eitthvað af flugvélum til landhelgisgæzlu, ættu þær flugvélar einnig að verða notaðar til síldarleitar á sumrin. Athuganir, sem gerðar hafa verið og hæstv. Alþ. er kunnugt um, sýndu, að erfitt var að gera nákvæmar staðarákvarðanir á skipum, sem eru að veiða í landhelgi. En ég hygg, að nú sé farið að nota tæki, sem nota mætti í flugvélum í þessu skyni, svo að líklegt er, að flugvélar geti komið að betri notum við landhelgisgæzlu en athuganirnar sýndu, er gerðar voru á s. l. sumri.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar. Ég ítreka, að ég er að efni til samþykkur till., þar sem hún er þáttur í þeim aðgerðum, sem þegar er búið að framkvæma og ég í rauninni hef talið mig hafa heimild til að gera eftir heimildum á s. l. fjárlögum.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. Þegar þessi þáltill. var til athugunar hjá fjvn., lýsti ég yfir því, að ég væri ekki reiðubúinn til að taka afstöðu til till. með því að greiða atkv. Mér þykir rétt nú að gera grein fyrir afstöðu minni til málsins og hvers vegna ég treysti mér ekki til að greiða atkv. þá. Þegar fjvn. hafði

málið til athugunar, lágu fyrir upplýsingar hjá n. um það, að ríkisstj. hefði þegar gert samning við tvö slysavarnafélög um björgun og landhelgisgæzlu. Það var og vitað, að ríkisstj. hafði í hyggju að halda áfram á þessari braut og gera samninga við fleiri slysavarnafélög viðkomandi björgun og landhelgisgæzlu. Fyrri samningurinn, sem hæstv. ríkisstj. hafði gert um þetta efni, var við Slysavarnafélagið í Reykjavík, eða Slysavarnafélag Íslands. Sá samningur var um það, að ríkisstj. tók að sér að leggja fram mjög myndarlega fjárhæð til þess að endurbyggja Sæbjörgu og fá í hana nýja hjálparvél. Mestur hluti kostnaðar við að stækka skipið og vélarkaupin átti að greiðast úr ríkissjóði gegn samningi um það, að ríkisstj. fengi skipið á leigu til björgunar og landhelgisgæzlu í 15 ár. Var ætlazt til þess, að þessi tími mundi vera fullnægjandi til þess, að ríkið þyrfti ekki að fá skell af þessu. Hæstv. ríkisstj. lagði þennan samning fyrir Alþ. til afgreiðslu. Sá samningur hefur nú þegar verið fyrir þinginu og hlotið staðfestu þess. Hinn samningurinn, sem ríkisstj. gerði, var við björgunarsveitirnar á Vestfjörðum. Hann var um það, að sveitirnar legðu fram 200 þús. kr. til þess að byggja og kaupa skip til björgunarstarfa á Vestfjörðum, en ríkisstj. skyldi sjá um þessi kaup og framkvæmd málsins að öðru leyti. Hæstv. ríkisstj. sendi fjvn. till. til þál. um það, að leitað yrði staðfestingar Alþ. m. a. á þessum samningi. Í þeim till. fólst fleira, t. d. heimild til þess að leita áfram eftir samningum við Slysavarnafélagið um, að félagið aðstoðaði annars staðar á landinu. Þegar þessi till., sem hér liggur fyrir til umr., var lögð fram á Alþ., var vitað um þessa tvo samninga. Hæstv. ríkisstj. óskaði eftir staðfestingu á öðrum samningnum og óskaði eftir fyrirgreiðslu fjvn. um staðfestingu hins samningsins. Mér fannst það eðlilegt og rétt, að hæstv. ríkisstj., sem sjálf hefur gert þessa samninga, hefði einnig forgöngu um það að leita staðfestingar Alþ. á samningunum. Þess vegna vildi ég fyrir mitt leyti ekki fylgja þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir til umr. Ég fylgdi því hins vegar, að fjvn. samkv. ósk hæstv. ríkisstj. tæki að sér að bera fram þá þáltill., sem hér liggur fyrir til umr. og vísað hefur verið til síðari umr. Ég skal taka fram, að ég er fyrir mitt leyti síður en svo andvígur till., sem hér liggur fyrir. Ég tel, að það sé óhjákvæmilegt að gera allt hér á Alþ., sem felur í sér staðfestingu á þeim samningi, sem hér liggur fyrir til afgreiðslu. Hins vegar álít ég rétt, að fyrst það er hæstv. ríkisstj., sem hefur ótilknúin af öðrum hv. þm. beitt sér fyrir og gert samningana, þá hafi hún forgöngu um það að fá samningana staðfesta á Alþ., enda felst í till. staðfesting á þeim samningi, sem hér um ræðir, og enn fremur heimild til ríkisstj. til þess að halda áfram á þeirri braut, sem lagt hefur verið út á. Ég verð líka að taka fram, að ég fyrir mitt leyti álít ekki rétt, að Vestfirðirnir séu teknir einir út úr, en aðrir landshlutar skildir eftir. Þótt ekki verði um það deilt, að nauðsyn sé að leysa þessi mál fyrir Vestfirði og hæstv. ríkisstj. hafi þegar með samningi gert myndarlega tilraun til þess, þá er einnig nauðsyn til þess að láta aðra landshluta fylgja þar í. En ef þessi till., sem hér liggur fyrir, yrði afgreidd út af fyrir sig, þá væru aðrir landshlutar eftir skildir, en ég tel slíkt með öllu óviðunandi og tel, að gefa verði hæstv. ríkisstj. heimild til þess að leysa einnig málið annars staðar. Þetta er önnur ástæðan fyrir því, að ég hafði ekki viljað mæla með, að þessi till. yrði samþ. út af fyrir sig. Ég vildi mega vænta þess, að þeir flm., sem að þessari till. standa, geti fellt sig við þetta. Og fjvn. hefur nú orðið við beiðni hæstv. dómsmrh. og borið fram í heild till. um þetta mál, till. sem felur í sér ekki aðeins lausn á því, sem leitað er eftir með till., sem hér liggur fyrir, heldur allsherjar lausn á málinu, eftir því sem hægt er að gera á þessu stigi. Og ég vildi mega beina þeirri fyrirspurn til hv. flm. till., hvort þeir fyrir sitt leyti geti ekki fellt sig við þetta og tekið þessa till. til baka og látið sér nægja, að sú heildartill., sem hér liggur fyrir og komin er til síðari umr., verði samþ. Það er sérstök ástæða til að beina þeirri fyrirspurn til flm., vegna þess að frá þeim hefur lítið um þetta heyrzt eftir að þáltill. um heildarlausn málsins kom fram. Ég vildi mega vænta þess, að áður en þessari umr. er lokið, þá segi flm. till. hreint til um þetta fyrir sitt leyti. Ég vil taka það fram, að það er nákvæmlega sama, hvort till. á þskj. 656 verður samþ. óbreytt eða hvort brtt. á þskj. 734 verður samþ. Báðar till., bæði heildartill. á þskj. 656 og eins brtt. á þskj. 734, fela í sér fullkomna lausn á þessu máli fyrir flm. þeirrar till., sem hér liggur fyrir. Ég vildi því á ný endurtaka ummæli mín til hv. flm. till., að þeir taki hana til baka, og ég vildi mega vænta þess, að þeir gefi um þetta yfirlýsingu í hv. d., áður en umr. verður lokið.

Ég sé þá ekki á þessu stigi málsins ástæðu til þess að taka neitt frekar fram og læt máli mínu lokið að sinni.

Pétur Ottesen: Ég tók ekki þátt í atkvgr. fjvn. um þessa þáltill. Það byggðist á því, að ég hugsaði mér að bera fram brtt. við þáltill. um landhelgisgæzlu og björgunarstarf, sem fæli í sér fullkomna lausn á þessu málefni björgunarfélaganna á Vestfjörðum. Þessa brtt. hef ég nú borið fram í sambandi við þá till., sem rétt áðan var verið að vísa til síðari umr., og þar liggur fyrir mín afstaða til þessarar till. Ég álít rétt að afgreiða málið sem lið í till. um landhelgisgæzlu og björgunarstörf. Þess vegna hef ég talið æskilegt að tengja þetta þannig við þá till. nú. Í brtt. minni og hv. þm. Barð. um þetta efni er og ýmislegt annað, sem snertir landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi, sem hér er um að ræða, og felast þar óskir okkar um þessi mál. — Þetta vildi ég láta koma fram. Mín afstaða er sú, að það eigi að afgreiða málið í sambandi við þáltill. um landhelgisgæzlu og björgunarstarf.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vildi mælast til þess, að hæstv. forseti frestaði umr. Ég vil benda á, að það hafa verið stöðugir fundir síðan kl. 9,30 í morgun, og boðaður hefur verið fundur, sem á að standa til kl. 12, og einnig fundur í Sþ. eftir kl. 12. Það er því ástæða til, að hæstv. forseti fresti þessari umr., þar sem líka flestir þm. eru farnir heim.

Forseti (STh): Ég get ekki orðið við þeim tilmælum hv. þm., því að þegar aðalforseti brá sér frá, fól hann mér að láta umr. halda áfram.

Gísli Jónsson: Það hefur nú skeð tvisvar sama daginn, að Sósfl. misnotar vald sitt í forsetastól. Fyrst skeði það í Ed. í dag og svo nú hér. Ég sé þá ekki annað ráð en að halda áfram umr. um málið. Það hefur verið rætt um málið í hv. fjvn., eins og tekið hefur verið fram af hv. frsm. Ég gat þar ekki átt samleið með hinum nm. og var á móti till., af því að ég vildi gera víðtæka tilraun til samkomulags og koma með till., sem gæti fullnægt málinu fyrir fullt og allt. Fyrsti flm. hefur ekki viljað fylgja till. þannig og sækir af ofurkappi að fá málið tekið út. Hann veit, að ef till. okkar hv. þm. Borgf. verður samþ., þá er ekki aðeins fullnægt þessu, heldur einnig miklu betur strandferðamálum landsins. En hann vildi fórna því, hafandi kosningar undir og ofan á. Ég vil benda á í sambandi við þetta, að ef þessi till. verður samþ. og hæstv. ráðh. hugsar sér að framkvæma till. eins og hún er nú, þá leysist einn liður í strandferðamálum án þess að miðað sé við heildina, og það er óheppilegt og þannig á ekki að leysa málin. Þar er ekki neitt um 100 tonna bát fyrir Ísafjörð. Einnig upplýsti hv. 7. landsk., að hann teldi bátinn of stóran, hann teldi, að báturinn ætti ekki að vera nema 70 tonn, því að hann þurfi að hjálpa og fylgja flota út til fiskveiða. Hins vegar telja aðrir, að það þurfi stærri bát, því að hann þurfi að vera öðrum til aðstoðar alla tíma ársins. Meðan ekki er fullkomið samkomulag um þetta atriði, væri reynandi að taka málið út og reyna að leysa það sér. Það er þess utan búið að kaupa 3 báta til landsins, þar sem einn átti að fara til Ísafjarðar, og það er vitanlegt, að ef bátarnir hefðu verið hæfir til strandferða, þá hefðu Ísfirðingar tekið við bátnum og samningurinn þar með uppfyllt-ur. — Ég tel, að meðferð málsins ætti að vera önnur en byrjað var á. Hv. flm. hugsar aðeins um að skreyta sig með þessu máli með því að eiga þátt í því. — En ég vil spyrja hæstv. dómsmrh. um það, hver beri ábyrgð á kaupum þessara skipa. Mér skilst, að skipin hafi verið keypt samkv. heimild frá þinginu á sínum tíma. Mér finnst þetta hafi verið falið manni, sem er forstjóri Skipaútgerðar ríkisins. En ég vildi spyrja, hver ber ábyrgð á þessum kaupum, ef um það er að ræða, að skila þurfi skipunum aftur, gera við þau eða láta þau liggja hér og fúna niður engum til gagns. Einnig vildi ég fá að heyra, hver er orðinn kostnaðurinn við þessi skip. Ég hef heyrt, að það kostaði 50—60 þús. kr. á mánuði að láta skipin liggja í höfninni. Ég vildi fá að heyra þetta allt í einu ásamt því, hvort hægt væri að skila skipunum og hvað fást mundi fyrir þau. Mér skilst á þeirri skoðun, sem hér liggur fyrir, að það sé ekki kaupanda að kenna, að skipin eru ekki notuð, og það sé að kenna því, að hér kunni menn ekki að fara með þau. Ég trúi því ekki, að íslenzkir sjómenn vilji láta slíkt á sér liggja, en þetta má skilja á þeim manni, sem skipin keypti. Og hv. þm. S.-Þ. hefur borið fram þáltill., þar sem skorað er á ríkisstj. að flytja inn erlenda sjómenn til þess að kenna Íslendingum á skipin. Ég gæti hugsað mér, að þegar búið væri að losa okkur við þessi skip og búið að kaupa í þeirra stað, þá mætti uppfylla samninginn við Ísafjörð með því að láta Sæbjörgu fara þangað. Ég tel ekki útilokað að fá hagkvæmara skip en Sæbjörgu fyrir Faxaflóann. Þess vegna finnst mér það rangt að beita sér fyrir því að verja 900 þús. kr. til að byggja skip, sem ekki getur verið tilbúið á þeim tíma. Það er vitanlegt, að ef lagt er út í slíkan kostnað sem smíði slíks skips, þá verður það skip ekki tilbúið fyrr en eftir 12—18 mánuði, og þá er verið að gera Vestfirðingum bjarnargreiða með því að gera þessar ráðstafanir með þessari þáltill., ef hæstv. ráðh. ætlar að framfylgja till. eins og hún er samin nú, ef hún verður samþ. Mér finnst rétt, að þessi till. verði tekin aftur, þar til séð er, hvernig fer með hinar till. Ef hin till. yrði felld, kemur til greina, hvort þingið vill láta leysa þennan hluta málsins sérstaklega. En það vil ég ekki. Ég vil vera með að leysa allt málið, á góðum grundvelli, en ekki taka út úr þetta í dag og annað á morgun. Ég vil benda ákveðið á, að við hv. þm. Borgf. höfum gert brtt., ekki við þetta ákvæði till. hér, heldur við málið í heild, þar sem við leggjum til, að málið sé fyrst rannsakað og síðan leyst sem heild. En þangað til búið er að finna réttu leiðina, séu þessir samningar við Vestfirði uppfylltir með leiguskipi, ef það verður ekki hægt á annan hátt, því að það þarf ekki að svíkja samningana við Vestfirði, þó að þessi till. sé ekki samþ. Það stendur hér í fskj., að þetta skuli leyst eftir ákveðnum fyrirmælum í samningnum, og því hamlar það ekki, að þar til búið sé að kaupa góð skip, megi leigja handa Vestfirðingum skip til gæzlu úti fyrir Vestfjörðum. — Á það hefur verið bent í fjvn., að Vestfirðir hafi lagt fram 200 þús. kr., og því sé Alþ. skyldugt að byggja handa þeim skip, sem kostar um 1 millj. Sannleikurinn er sá, að það væri miklu ódýrara að þiggja aldrei þessar 200 þús. kr. og taka málið upp á frjálsum grundvelli. Það gæti verið miklu betra fyrir ríkissjóð og landið í heild að þiggja ekki þessar 200 þús. kr., til þess að þurfa ekki að henda út fé fyrir nýtt skip. Ég vil einnig benda á, að vafasamt er, hvort búast má við því hér, að þeir sömu menn fylgi fram miklum fjárfúlgum úr ríkissjóði til þess að leggja til björgunarstarfsemi og björgunarskipa á sama þingi, sem meiri hl. Alþ. hefur verið svo óvarkár að samþ. breyt. á l. til þess að kippa burt því öryggi, sem skapa átti. Á þessu þingi hefur verið breytt til hins verra l. um vélgæzlu, sem heimila mönnum að fara með á eigin ábyrgð mótorvélar, sem nema nærri 400 hestöflum, þó að þeir hafi aldrei þekkt annað til mótorfræði en að stýra trillum upp í 16 hestafla í 12 mánuði og verið 14 daga á námskeiði. Þegar þannig er farið að, er ekki að furða, þó að maður vilji stinga við fæti til þess að vita, hvort nokkur alvara ríkir í þessu máli hjá þeim mönnum, sem vilja stofna til slíkrar áhættu, og væri það mál út af fyrir sig til þess að ræða um meira en einn matmálstíma.

Ég tel, að það þurfi að taka öll þessi mál frá rótum, tel, að hæstv. dómsmrh. þurfi að setja í þetta sérstaka n. til rannsóknar, til þess að

rannsaka til fulls, hvort þau skip séu hæf, sem keypt voru inn, til þess að annast nokkuð af þessum störfum hér. Því að þrátt fyrir þær skýrslur, sem fram hafa komið frá þeim mönnum sem áttu að rannsaka þetta mál, er það ekki ljóst enn, því að það er ekki samkomulag með n. og þeim manni, sem á að bera ábyrgð á þessu, hvort ástæða sé til að stöðva skipin og selja þau. N. virðist ekki hafa gengið til botns í þessu máli, ekki gert það, sem fyrir hana var lagt, og forstjórinn, sem keypti þessi skip, heldur því enn fram, að engin ástæða sé til að breyta hér um. Þetta séu mjög góð skip, það hafi verið færðar sönnur á, að þeim hafi tekizt að taka hér togara í landhelgi, og svo muni enn verða. Þau séu mjög hentug til síldveiðigæzlu á sumrin. Ég held þess vegna, að það væri sjálfsagður hlutur, að dómsmrh. léti fara fram ýtarlegri rannsókn en gert hefur verið í þessu máli, og láta svo þetta atriði bíða, þar til er sú rannsókn hefur farið fram og séð er, hvort ekki muni hægt að fá, einmitt nú þegar, skútu eða skip í Englandi, annaðhvort keypt þar eða í skiptum, til þess að uppfylla þegar samninginn við Vestfirði, en láta þá ekki bíða eftir því kannske í 18 mánuði, eins og virðist vera heitasta ósk hv. þm. N.-Ísf. Og hann veit vel, að litlir möguleikar eru til þess að uppfylla samninginn, ef ekki verður farin sú leið, sem ég hef bent á. En hann virðist sækja málið svo fast, að hann vill heldur, að bætt sé úr því í 18 mánuði en að fara þá leið, sem honum hefur verið bent á. En ég vildi, að hann athugaði mál sitt og féllist á till. þeirra manna, sem hafa af góðum hug bent honum á þetta. (*SB:* Hvar svo sem kemur fram sá góði hugur hv. þm. Barð?). Hann kemur fram í hverju einasta máli. (*SB:* Hið sanna er, að hann kemur ekki fram í einu einasta máli). Hann kemur alltaf fram, og ég held enginn efist um þann góða hug. Og ég veit, ef hv. þm. N.-Ísf. vildi setja sig inn í þetta mál, að þá mundi hann komast að þeirri raun, að það yrði fyrir hann miklu verra kjaftshögg en hann fékk í bæjarstjórninni á Ísafirði að sjá, á hvaða braut hann er. En offorsið er svo mikið, að hann vill ekki gá að því, á hvaða leið hann er í málinu. Það er hið sorglega við þetta allt saman. — Ég legg því til, að þessari umr. málsins hér verði ekki lokið og till. ekki látin koma til atkv. fyrr en till. á þskj. 656 hefur fengið afgreiðslu, til þess að sjá, hvort ekki sé með henni hægt að leysa málið á þann hátt, sem bent hefur verið á af þeim, sem hlutlaust vilja ræða málið og hafa annað sjónarmið en í kringum pollinn á Ísafirði. (*SB:* Heyr á endemi). Ég vænti þess nú, að hv. þm. N.-Ísf. treysti sér til þess að taka þessum góðu ráðleggingum. Ég held það yrði betra fyrir sjálfan hann og málið í heild en að till. hans yrði samþ.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég kemst ekki hjá því að svara hv. þm. Barð. og þá einkum því, hver beri ábyrgð á þeim skipakaupum, sem framkvæmd voru síðastliðið haust til landhelgisgæzlu.

Eins og ég hef áður skýrt frá og hygg, að komið hafi fram í fskj. með þáltill. á þskj. 656, fór forstjóri Skipaútgerðar ríkisins, Pálmi Loftsson, utan seint á síðastliðnu sumri í erindum Skipaútgerðarinnar til þess að athuga um kaup eða byggingu á strandferðaskipum. En jafnframt fól dómsmrn. honum með sérstöku bréfi að athuga möguleika á byggingu eða kaupum á skipum til strandvarna. Meðan hann var utan, sendi hann ríkisstj. símskeyti, þar sem hann sagðist hafa möguleika til þess að fá keypta 3 báta, sem hefðu verið í förum milli Sviþjóðar og Bretlands yfir Norðursjó á stríðsárunum yfir vetrartímann í versta veðri, fyrir mjög hentugt verð, og mælti eindregið með kaupunum. Ríkisstj. kom saman á fund, og varð hún öll sammála um það, ef möguleikar væru á því að ná slíkum kaupum, að þá væri ófært að láta það farast fyrir, þar sem henni hafði verið sagt, að skipshöfn á þessum bátum væri álíka mannmörg og á Óðni, og talið, að reksturinn yrði ekki öllu meiri en á Óðni. Eftir þeim upplýsingum, sem ráðunautar ríkisins í þessum efnum hafa gefið, virtist vera hægt að bæta úr vandræðunum í sambandi við landhelgisgæzluna með þessu móti á svo ódýran hátt, að ríkisstj. taldi ekki annað gerlegt en að nota sér þetta góða kauptilboð. Nú, ríkisstj. sendi því Pálma Loftssyni símskeyti um að fá kaupin útkljáð, áður en hann færi frá Bretlandi, en hann hefur farið það snemma frá Bretlandi, að skeytið hefur ekki náð honum og hann ekki gengið frá kaupunum áður. Hann kemur svo heim og er enn á fundi ríkisstj., þar sem hann skýrir henni frá ágæti þessara skipa. Hann hafði skoðað þau sjálfur og taldi þau mjög hentug til landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi. Ríkisstj. þóttist þá hafa himin höndum tekið, og þar sem Pálmi Loftsson var farinn frá Bretlandi, ákvað hún að fela sendiráði Íslands í London að ganga frá þessum kaupum formlega við flotastjórn Bandaríkjanna. — Ég verð nú að segja, að vitanlega ber ríkisstj. sem slík ábyrgð á þessum skipakaupum. Annað mál er það, hvort ríkisstj. hefur ekki sína afsökun, hvort ásaka mætti ríkisstj. fyrir það að fara eftir till. trúnaðarmanns síns, sem verið hefur í þessu starfi um mörg ár. Ég hygg, að yfirleitt sé það svo í störfum ríkisins, að ríkisstj. fari eftir till. þeirra manna, sem standa fyrir ríkisstofnunum, ef ekki er eitthvað sérstaklega tortryggilegt við þær, þannig að ríkisstj. telji ekki gerlegt að fara eftir þeim.

Ég hygg nú, að ég hafi svarað þeirri fyrirspurn hv. þm. Barð., hver bæri ábyrgð á þessum skipakaupum. Ríkisstj. ber það formlega, en hún hefur í þessu efni algerlega farið eftir till. trúnaðarmanns síns. Forstjóri Skipaútgerðarinnar hefur skýrt ríkisstj. frá því einu, að hægt væri að fá þessum skipum skipt eða selja þau, og meðan ég ekki reyni annað, verð ég að trúa því, að svo sé.

Ég held það sé mjög ofmælt hjá hv. þm. Barð., að lega þessara skipa hér í höfninni kosti 50—60 þús. kr. á mánuði. Eitt þessara skipa verður notað til landhelgisgæzlu hér í flóanum út þessa vertíð, því að það þótti ekki nægilegt að hafa eitt skip í flóanum. Þetta skip fer daglega úr höfn og liggur einatt úti í vondu veðri, og ég held, að skipstjórinn sé kominn að þeirri niðurstöðu, að ekki sé hættulegt að vera á skipinu í þó nokkuð vondu veðri. Þó mun það ekki vera

heppilegt til björgunarstarfsemi, m. a. vegna þess, að skipið mun ekki geta farið hægar en um það bil 7 mílur. — Nú, hvað því viðvíkur að láta Sæbjörgu fara til Ísafjarðar, þegar búið er að gera hana í stand, hygg ég, að það sé ekki hægt nema með sérstöku samkomulagi við Slysavarnafélagið, ef þeir teldu sig eiga kost á betra skipi. Samningarnir, sem gerðir hafa verið um Sæbjörgu, eru um það að láta skipið stunda gæzlu hér í flóanum yfir vertíðina.

Ég tel nauðsynlegt — og er þar á annarri skoðun en hv. þm. Barð. — að heimila ríkisstj. fé til væntanlegra framkvæmda og tel ófært að binda þannig hendur ríkisstj., að hún geti ekki haft neitt annað en það andvirði, sem hún e. t. v. fær fyrir þau 3 skip, sem skipt verður á, því að við þá athugun, sem verður látin fara fram í þessu máli, getur komið í ljós, að til þess að fullnægja þessum samningum þurfi sérstaka fjárveitingu. Ég skal geta þess, að ég hef þegar gert ráðstafanir til þess að setja nefnd í þessu máli og ítreka það, að ég hef óskað eftir því, að tekið yrði á móti þessari n. í Bretlandi og hún fengi aðstöðu til þess að athuga, hvort hægt væri að fá skip í staðinn fyrir þessi og hvort þau skip væru álitin hentug til strandgæzlu. Ég vil taka fram, að ég mun sérstaklega leggja áherzlu á það við n., ef hún vill fá skipti á skipunum, að hún fái skip, sem verði hentug fyrir Vestfirði til strandgæzlu. Ég vil ítreka þá yfirlýsingu, sem ég hef um þetta gefið, að ég ætla mér að framkvæma þennan samning, sem ég gerði í fyrra við slysavarnasveitirnar á Vestfjörðum, hvort sem till. verður samþ. eða ekki, því að ég tel mig hafa heimild til þess eftir þeirri fjárveitingu, sem til þess var veitt á síðustu fjárl. En meðan ekki er hægt að fá keypt hentug skip, verður þessi samningur auðvitað uppfylltur með leiguskipum, og ég veit, að hv. þm. Barð. er kunnugt um það, svo að óþarfi er að gera fyrirspurn um það í sambandi við þessa umr. Það er vitað, að þessi skip, sem hafa verið á undanförnum árum á vertíðinni við þessa gæzlu, hafa haft óvenjulega mikið að gera, vegna þess að vélbilanir hafa verið mjög algengar hjá bátum, sem stunda fiskveiðar, af þeirri ástæðu, að ekki hefur fengizt nægur forði af varahlutum hingað til lands vegna stríðsins.

Ég held það sé mjög ofmælt hjá hv. þm. Barð., að sú undanþága, sem gefin hefur verið í l. frá Alþ. fyrir vélstjóra, stofni mótorbátaútveginum í meiri eða minni hættu. Þessi undanþáguheimild er fyrst og fremst nauðsynleg vegna kaupa á nýjum skipum til landsins og vegna skorts á vélstjórum, og hv. þm. Barð. hlýtur að vita það og vera það manna ljósast, að það er ekki svo mikill munur á litlum og nokkuð stórum vélum, að þetta ætti að gera mikið til, hvað öryggi skipanna snertir. Ef vélstjóri á annað borð er fær um að fara með litla vél, ætti honum að vera trúandi fyrir að fara með nokkru stærri vél. Ég held, að flestir þeir vélstjórar, sem um er að ræða, hafi verið vélstjórar á skipum, sem hafa haft svona frá 90—100 eða jafnvel 120 hestafla vélar. Og þó að bætt sé við undanþágu upp í 250 hestöfl, tel ég það ekki svo mikla áhættu. — Ég vildi taka þetta fram út af þessum orðum hv. þm. Barð., um að Alþ. hafi farið út á mjög svo hála braut, sem e. t. v. gæti orðið sjómannastéttinni að tjóni. Ég held, að svo sé ekki. Og væntanlega hverfa þær vélabilanir, sem hv. þm. Barð. talaði um, nokkurn veginn úr sögunni, þar sem yfirleitt má fá nægan forða af varahlutum til landsins. Ég er að sjálfsögðu með viðtækustu till., sem fram hefur komið í þessum efnum, og það er till. ríkisstj. Ég ítreka það, að ég er því andvígur, að ríkisstj. sé ekki veitt nokkur fjárveitingarheimild í þessu skyni. (*Forseti:* Ég vil vekja athygli hæstv. ráðh. á því, að útvarpsumr. eiga að hefjast kl. 8, og tími því orðinn mjög naumur). Ég verð vitanlega að beygja mig undir úrskurð hæstv. forseta, og hefði gjarnan viljað að hann hefði komið fyrr.

Sigurður Bjarnason: Ég vil aðeins láta hæstv. aðalforseta Sþ. vita það, að hér hefur í fjarveru hans verið haldið uppi argasta málþófi af hálfu hv. þm. Barð. Ég vil láta hæstv. forseta vita um þetta og óska þess, að þetta mál verði ekki stöðvað fyrir asnalegt og frekjulegt málþóf, sem einasta þingfífl þingsins hefur leyft sér að hafa í frammi varðandi þetta mál.

Umr. frestað.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

35. Landhelgisgæzla og björgunarstörf.

Á deildafundum 1. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um landhelgisgæzlu og björgunarstörf (A. 656).

Á 37., 38. og 41. fundi í Sþ., 23., 24. og 27. apríl, var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 42. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. enn tekin til fyrri umr. (A. 656, 734).

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Fjvn. hefur borizt till. til þál. frá hæstv. dómsmrh. um landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi ásamt tilmælum um, að n. bæri þessa þáltill. fram. Hefur n. orðið við því að flytja þessa till. til þál. á þskj. 656, sem hér liggur fyrir. Allir óska þó nm. að taka það fram, að þeir vilji hafa óbundnar hendur um flutning brtt. og afstöðu til þáltill. í heild, eftir því hvernig fer með þeirra brtt.

Frá hæstv. ríkisstj. hefur fylgt þessari þáltill. mjög ýtarleg grg. ásamt fylgiskjölum, og ætti því ekki að þurfa að ræða hana ýtarlega, ef menn hafa kynnt sér þessi skjöl.

Mér þykir þó rétt að gera með nokkrum orðum grein fyrir efni þessarar þáltill. sjálfrar og því tilefni, sem liggur til grundvallar þess, að hún er borin hér fram.

Eins og sjá má, er þar lagt til, að hæstv. ríkisstj. verði heimilað að selja varðskipin Njörð, Baldur og Braga eða skipta á þeim skipum og

öðrum. Verður þó að láta fara fram athugun á því, áður en þau skipti fara fram, hvaða skip henti bezt landhelgisgæzlu og björgunarstarfi hér við land. Jafnframt er gert ráð fyrir því í þáltill., að ríkisstj. verði heimilað að fullnægja samningi, sem hún hefur gert við slysavarnasveit Vestfjarða og dagsett er 1/8 1945. En þessi samningur er þess efnis, að þessi slysavarnasveit leggur fram allt að 200 þús. kr. til byggingar eða kaupa á skipi, sem geti haft með höndum gæzlu og björgunarstarf á Vestfjörðum. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. sé heimilt að gera sams konar samninga við aðrar björgunarsveitir annars staðar á landinu.

Enn fremur er í þáltill. lagt til, að ríkisstj. sé heimilað að verja úr ríkissjóði allt að 2 millj. kr. í þessu skyni. Og enn fremur, að ríkisstj. sé heimilt að taka þessa fjárhæð að láni, ef með þarf til þess að fullnægja ákvæðum þáltill.

Ég vil út af þessú síðasta atriði taka það fram, að ég verð að bera hér fram brtt., þar sem lagt er til, að lánsheimildin sé numin burt úr þáltill., vegna þess að það mun ekki samrýmast fyrirmælum stjskr., að slík heimild sé eingöngu tekin upp í þáltill. Til þess mun þurfa lagafyrirmæli.

Eins og hv. dm. mun kunnugt, þá hefur nú á síðustu tímum í yfirstandandi styrjöld orðið allmikil breyting á landhelgisgæzlu og björgunarstarfi hér við land. Fyrir stríð var landhelgisgæzlan með þeim hætti, að við hana störfuðu ákveðin gæzluskip allt árið, sem höfðu ákveðið svæði. Þegar styrjöldin skall á, hefur orðið að gera á þessu nokkrar breyt., sem urðu æ róttækari eftir því sem leið á stríðið. Og var svo komið þegar styrjöldin hafði staðið nokkurn tíma, að helztu landhelgisgæzluskipin voru tekin til annarra starfa en landhelgisgæzlu. Ægir, sem áður hafði verið við landhelgisgæzlu, var mest notaður til fólksflutninga og olíuflutninga á þessum tíma. Þór var leigður til fiskflutninga. Og voru hvorug þessi skip notuð til landhelgisgæzlu nema að litlu leyti, kom hún því á Óðin og Sæbjörgu og aðra báta, sem voru við landhelgisgæzlu hingað og þangað við landið.

Þó að segja megi, að notast mætti við þessi skip og þessa skipan á málunum meðan á stríðinu stóð og lítið var hér um erlend skip, þá er víst, að þegar stríðinu er lokið, má telja víst, að fjöldi erlendra skipa leiti hingað til veiða. Getur því sú skipan, sem á þessum málum hefur verið hingað til, ekki gengið lengur.

Ríkisstj. er, eins og tekið er fram í grg., ljóst, að brýna nauðsyn ber til þess, að hér verði gerðar nægar varúðarráðstafanir og að eitthvað verði gert til þess að efla landhelgisgæzluna og útvega fleiri skip en hingað til hefur verið gert. Í þessu skyni samdi ríkisstj. á sínum tíma við Slysavarnafélag Íslands um það, að Sæbjörg yrði stækkuð og sett í hana stærri vél. Bar ríkisstj. að verulegu leyti kostnaðinn af þeirri breyt., en þó þannig, að henni var samtímis leigð Sæbjörg til 15 ára, og skyldi leiga og kostnaður, sem ríkið yrði að leggja þar út, koma alls staðar hvað á móti öðru. Samningur um þetta hefur verið staðfestur af Alþ. með þáltill. Á sama hátt samdi ríkisstj. við slysavarnasveit Vestfjarða á síðasta ári um það að leggja fram 200 þús. kr. til byggingar eða kaupa á skipi, sem hefði með höndum gæzlu- og björgunarstarf fyrir Vestfirði. Í þessari þáltill. er leitað staðfestingar á þessum samningum. Það er litið svo á af hæstv. ríkisstj., að hér sé farið inn á mjög heppilega leið, þegar samið er við slysavarnafélögin um þessi mál. Og þess vegna felast einnig í þessari þáltill., sem hér liggur fyrir, tilmæli um það, að ríkisstj. verði heimilað að leita eftir sams konar samningum við aðrar slysadeildir. Þá hefur ríkisstj. gert aðrar tilraunir til þess að efla landhelgisgæzluna. Sú tilraun var gerð, þegar forstjóra Skipaútgerðar ríkisins var á síðasta ári falið að leita eftir hentugum skipum einkanlega til þess að annast landhelgisgæzlu og björgunarstarf. Að hans ráði voru keypt 3 varðskip, eins og öllum hv. þm. er kunnugt, eða þrír bátar í Englandi, sem fyrir nokkru eru komnir hingað til landsins. Og eins og hv. þm. er einnig kunnugt, þá kom upp orðrómur um það, þegar þessir bátar voru komnir hingað, að þeir mundu ekki vera sem heppilegastir og í raun og veru alveg ónothæfir til landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi. Þegar hæstv. ríkisstj. festi kaup á þessum bátum, byggði hún aðallega á þeim till. og þeim meðmælum, sem fyrir lágu frá forstjóra Skipaútgerðar ríkisins. Og hún taldi sig hafa fulla ástæðu til þess að treysta því, að hann hefði athugað skipin og gengið úr skugga um, að þau væru til starfsins hentug, og að treysta mætti því, að hann hefði fulla þekkingu á þessum hlutum. Ríkisstj. var því í þeirri góðu trú og fullu trausti þess, að hér væri verið að gera mjög heppilegar ráðstafanir, þegar skipin voru keypt.

Eftir því sem síðar hefur komið fram varðandi þessi skip, hefur hins vegar komið í ljós, að ekki virðist viðlit að nota þau til þeirra hluta, sem þau voru ætluð, og er álitsgerð ásamt umsögn skipaskoðunarinnar prentuð hér sem fylgiskjal með þáltill., og sé ég ekki ástæðu til þess að ræða það sérstaklega. En á grundvelli þessarar álitsgerðar leitar nú ríkisstj. eftir heimild frá Alþ. til þess að mega selja þessi skip, og þess er að vænta, að svo verði gert, eins og nú er komið í málinu, því að það er með öllu óhjákvæmilegt, að gerðar verði þegar í stað ýtarlegar ráðstafanir til þess að efla þann flota, sem við höfum á að skipa til landhelgisgæzlu og björgunarstarfa hér við land. Því að þau skip, sem fyrir eru nú, eru með öllu ófær til að leysa þetta starf af hendi svo að fullu gagni komi. Um þetta held ég, að allir geti orðið sammála. Það hafa að vísu komið fram raddir um það, að fresta mætti að gera nokkrar ráðstafanir í þessu sambandi, þar til fyrir lægi fullkomin rannsókn á því, hvernig þessum málum yrði bezt skipað. Og skyldi svo niðurstaðan af þeirri rannsókn lögð fyrir Alþ., og það tæki svo sínar ákvarðanir í þessu efni. Ég fyrir mitt leyti vil ekki fallast á það, að sú leið verði farin, ekki vegna þess, að ég telji ekki fulla þörf á, að þessi rannsókn fari fram, heldur vegna þess, að ég tel málinu vel borgið, ef niðurstaða þessarar rannsóknar er lögð fyrir hæstv. ríkisstj., og síðan geri ríkisstj., að fenginni þessari rannsókn, ráðstafanir til þess að leysa málið. Og ég tel, að

það gæti orðið of mikill dráttur á lausn þessa máls, ef fyrst á að ljúka rannsókn og síðan á að tefja það með afgreiðslu hér á Alþ. Þess vegna er ég fyrir mitt leyti ekki vel fylgjandi þeim hv. meðnm. mínum, sem hafa viljað gera þessa breyt. á þáltill. hæstv. ríkisstj.

Ég sé þá ekki ástæðu til þess að fylgja þessari þáltill. úr hlaði með fleiri orðum. En ég vildi leyfa mér að bera fram brtt. um, að orðin „eða til að taka fé að láni" falli burt úr síðari mgr. tillgr. Væri máske réttast, að síðari mgr. yrði felld niður, vegna þess að þeim hlutum verður ekki skipað með þáltill.

Forseti (JPálm): Má ég spyrja hv. frsm., hvort ég megi skoða þessa brtt. sem úrfellingu, þannig að hann óski fyrir hönd flm. að taka þessi orð aftur? (*GÍG:* Jú, það má).

ATKVGR.
Brtt. 734 tekin aftur til síðari umr.
Orðin í síðari mgr. tillgr. „eða til að taka fé að láni" tekin aftur.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

36. Fiskveiðar í landhelgi.

Á deildafundum 2. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um eftirlit með framkvæmd l. um fiskveiðar í landhelgi (A. 661).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

37. Réttindi Íslendinga á Grænlandi.

Á deildafundum 3. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um réttindi Íslendinga á Grænlandi (A. 678).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

38. Síldveiðitilraunir.

Á deildafundum 5. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um síldveiðitilraunir (A. 693).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

39. Samgöngur Norðurlands.

Á deildafundum 9. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um samgöngur Norðurlands (A. 715).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

40. Samgöngur á sjó.

Á deildafundum 10. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um samgöngur á sjó (A. 728).

Á 38. fundi í Sþ., 24. apríl, utan dagskár, mælti

Eysteinn Jónsson: Ég vil leyfa mér að skora á hæstv. forseta að taka á dagskrá næsta fundar till. um samgöngur á sjó, sem ég hef leyft mér að flytja. Mér sýnist málið þannig vaxið, að eðlilegt sé, að það fengi þinglega afgreiðslu.

Forseti (JPálm): Ég mun taka það til athugunar næst, þegar fundur verður haldinn í Sþ.

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

41. Tjón vegna svínapestar.

Á deildafundum 10. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um heimild handa ríkisstj. til þess að bæta tjón vegna svínapestar (A. 738).

Á 38. fundi í Sþ., 24. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Páll Zóphóníasson: Mig langar til þess að fá upplýsingar um þetta mál. Það er flutt af sex hv. þm. og gerir ráð fyrir að bæta mönnum skaða, sem þeir hafa orðið fyrir á bústofni sínum af völdum svínapestar. Þetta er bráðhættulegur sjúkdómur, og er talið, að eina ráðið til að hefta útbreiðslu hans sé að skera niður. En þegar þessi sjúkdómur gekk hér meðan setuliðið var hér og keypti svínakjöt háu verði, var það ekki gert, í þess stað voru svínin bólusett og gerð ónæm, en þó þannig, að þau eru látin vera smitberar alla sína ævi. Hvenær sem svín fæðast smitast þau af stofninum, sem fyrir er, nema viðhöfð sé bólusetning. En bóluefni er ekki búið til hér á landi og ekki á Norðurlöndum; það fæst í Ameríku, og það hefur gengið erfiðlega að fá það. Ég hefði gjarnan viljað heyra álit yfirdýralæknis (SEH) um þetta mál. Það er vitað, að svínastofninn á Norðurlandi er ósmitaður, en í Reykjavík og á Suðurlandi er hann smitaður. Ég álít málið þess eðlis, að það eigi að ræðast. Það réttasta væri að drepa niður svínastofninn, sem er á sýktu

svæðunum, og endurnýja hann svo með heilbrigðum stofni af Norður- og Austurlandi.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 41. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. tekin til frh. fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 42. fundi í Sþ., s. d., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til fjvn. með 28:2 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

42. Verzlunar-, viðskipta-, verðlags- og gjaldeyrismál.

Á deildafundum 11. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um skipun milliþinganefndar til þess að athuga og gera tillögur um verzlunar-, viðskipta-, verðlags- og gjaldeyrismál (A. 755).

Á 42. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

43. Áburðarverksmiðja.

Á deildafundum 11. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um framlag ríkisins til byggingar áburðarverksmiðju (A. 757).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

44. Stórgróðaskattur.

Á deildafundum 13. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um skipun milliþinganefndar til þess að gera till. um sérstakan skatt á stórgróða (A. 780).

Á 42. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

45. Samgöngur við Vestmannaeyjar.

Á deildafundum 13. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um bættar samgöngur við Vestmannaeyjar (A. 784).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

46. Hvalfjarðarferja.

Á deildafundum 17. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um lendingarbætur og vegagerð vegna Hvalfjarðarferju (A. 860).

Á 41. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 42. fundi í Sþ., s. d., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Pétur Ottesen): Herra forseti. Ég læt mér nægja að vísa til grg., sem er mjög rækileg, og vildi óska, að till. yrði vísað til fjvn., í þeirri von, að fundur verði í Sþ. á mánudag, svo að n. hafi þá skilað áliti.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 30 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

47. Landssmiðjan.

Á deildafundum 23. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um heimild til handa ríkisstj. til þess að ábyrgjast lán fyrir landssmiðjuna (A. 907).

Á 42. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

48. Slysabætur handa Þórði Geirssyni.

Á deildafundum 24. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um sérstakar slysabætur handa Þórði Geirssyni (A. 941).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

49. Jarðhitarannsóknir við Laugaland í Holtahreppi.

Till. til þál. um jarðhitarannsóknir við Laugaland í Holtahreppi í Rangárvallasýslu (A. 945).

Á deildafundum 24. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

Fyrirspurnir.

1. Verðlag landbúnaðarvara.

Á 5. fundi í Nd., 10. okt., var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstj. varðandi framkvæmd annars tölul. l. nr. 58 frá 3. marz 1945, um verðlag landbúnaðarvara (A. 19).

Á 6. fundi í Nd., 11. okt., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 21 shlj. atkv.

Á 66. og 67. fundi í Nd., 13. og 14. febr., var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að landbrh. hafði tjáð sig reiðubúinn að svara henni.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 75. fundi í Nd., 26. febr., var fyrirspurnin enn tekin á dagskrá.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég vil biðja hæstv. forseta að taka mál þetta út af dagskrá, þar sem ég get ekki svarað fyrirspurninni að svo stöddu, en vona, að hægt verði að svara henni bráðlega.

Forseti tók málið af dagskrá, og svo fór enn á 76., 77. og 78. fundi deildarinnar, 27. og 28. febr. og 1. marz.
Á 80. fundi í Nd., 5. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ráðuneytið hafði óskað umsagnar hagstofustjóra um málefni það, sem fyrirspurn þessi lýtur að. Ég hef nú í höndum umsögn hagstofustjóra og skal leyfa mér að lesa bréf hans. Það hljóðar svo:
„Með bréfi, dags. 29. f. m., hefur hið háa ráðuneyti óskað umsagnar minnar um fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um framkvæmd 2. töluliðs laga nr. 58/1945, um verðlag landbúnaðarvara.
Þegar frumvarpið til laga þeirra, sem hér um ræðir, lá fyrir þinginu í fyrra, var ég kallaður af nefnd þeirri, sem hafði það til meðferðar, til viðtals um 2. lið þess, þar sem svo var fyrir mælt, að hagstofan skyldi mánaðarlega reikna út breytingar þær, sem yrðu á vísitölu landbúnaðarafurða, svo og vinnslu og sölukostnaði þeirra, vegna hækkunar á kaupgjaldi á tímabilinu 15. sept. 1944 til 15. sept. 1945. Tjáði ég þá nefndinni, að það væri öldungis ógerlegt fyrir hagstofuna að reikna út jafnóðum, hvaða breytingar á landbúnaðarvísitölunni sérhver kauphækkun á landinu hefði í för með sér. En þar sem þessi ákvæði um hækkun á verði landbúnaðarafurða vegna kauphækkana munu hafa verið skilyrði fyrir 1. liðnum (að hækkun landbúnaðarafurða 1944 samkv. vísitölu félli niður), þá voru þau látin standa áfram með þeirri breytingu, að hagstofan reikni út eftir á við lok tímabilsins, hvaða breytingum kaupgjaldshækkanir hafi valdið, og skuli þær teknar til greina, þegar verðlagið er gert upp.
Hagstofan stendur að því leyti betur að vígi nú til þess að finna, hvaða breytingum á vísitölu landbúnaðarafurða kauphækkanir á þessu tímabili hafa valdið, að slík vísitala hefur verið reiknuð fyrir árið 1945 í sama sniði sem áður, og má því nota þær upplýsingar, sem við það hafa fengizt, til stuðnings við áætlun þá, sem hér er um að ræða.
Í útgjaldaáætlun þeirri, sem landbúnaðarvísitalan byggist á, kemur hér aðallega til greina útborgað kaup til verkafólks landbúnaðarins. Sá liður er 1491 kr. hærri 1945 heldur en árið áður, og nemur sú hækkun 4,8% af allri útgjaldaupphæðinni 1944. Þessi hækkun á útborguðu kaupi mun þó ekki öll stafa af kaupgjaldshækkun síðasta árs í laganna skilningi, því að þar mun vera átt við hækkun á almennu kaupgjaldi (kaupgjaldstaxta). Nokkuð af hækkuninni á þessum lið stafar hins vegar óefað af því, að fallið hafa í burtu eldri ráðningar, sem orðnar voru aftur úr og ekki höfðu fylgzt með hinni almennu kauphækkun. Þegar í stað þeirra koma nýjar ráðningar í samræmi við almennt greitt kaup, þá hækkar útborgað kaup, án þess að þar með verði hækkun á almennu kaupgjaldi, hækkunin stafar af eldri kaupgjaldshækkunum. En þar sem grundvöll vantar til þess að gera áætlun um, hve mikill hluti af hækkun útborgaðs kaups sé þannig til kominn, þá virðist ekki annar kostur fyrir hendi en að reikna með allri hækkuninni, enda hafa útgjöld landbúnaðarins hækkað sem því nemur, ef gert er ráð fyrir, að úrtak það, sem notað hefur verið, sýni rétta mynd heildarinnar. Hækkunin á þessum lið skiptist ekki jafnt á allt árið, heldur er hún miklu minni á vetrarkaupi heldur en á vor- og sumarkaupi. Hækkunin samkv. skýrslunum á haust- og vorkaupi hefur hér verið talin til vorsins, því að þá varð hækkun á vegavinnukaupi, sem mun hafa haft í för með sér allmikla hækkun á landbúnaðarkaupi. Samkv. þessu nemur hækkunin á þessum lið yfir vetrarmánuðina (nóv.—apríl) 0.4% af upphæð land-

búnaðarvísitölunnar, 22% um vorið (maí—júní) og 4,8% um sumarið (júlí—sept.).

Í útgjaldaáætlun þeirri, sem landbúnaðarvísitalan byggist á, er annar liður, sem hækkað hefur að einhverju leyti vegna kauphækkunar. Það er liðurinn flutningur, sem látinn er breytast eftir farþegatöxtum sérleyfishafa. Þeir hækkuðu 1. des. og 15. apríl s. l. Hækkunin 1. des. stafaði af kauphækkun og hækkun á viðgerðarkostnaði, sem orðið hafði um langan tíma undanfarið (1½ ár). Þó gert sé ráð fyrir, að kauphækkun hafi verið aðalorsök þessarar hækkunar, þá er það tímabil, sem hér kemur til greina, svo lítill hluti af öllu hækkunartímabilinu, að gera verður ráð fyrir, að aðeins lítill hluti hækkunarinnar stafi af því. Hækkunin 15. apríl stafaði mestöll af benzínhækkun og hækkun á sérleyfisgjaldi og kemur því varla hér til greina. Þótt einhver lítill hluti af hækkun landbúnaðarvísitölunnar á þessum lið kunni að stafa af kauphækkunum, sem orðið hafa á því tímabili, sem hér um ræðir, þá nær hún sjálfsagt ekki svo hárri upphæð, að hún geti orðið hækkuð upp í 0.1% af landbúnaðarvísitölunni, og tel ég því, að henni beri að sleppa.

Loks er enn einn liður í landbúnaðarvísitölunni, sem hækkun kaupgjalds getur verkað á. Það er kaup bóndans, sem miðast við tekjur annarra stétta, og hækkar því, ef tekjur þeirra hækka vegna hækkaðs kaupgjalds. En sú hækkun veldur engum kostnaðarauka fyrir bóndann og ákvæðin í 2. lið laganna nr. 58/1945 virðast eingöngu eiga að tryggja framleiðendur gegn auknum tilkostnaði vegna hækkaðs kaupgjalds, enda hefur mér verið tjáð, að sú sé tilætlunin. Þessi liður kemur því ekki til greina í þessu sambandi. Verður þá ekki um aðra hækkun að ræða vegna hækkunar landbúnaðarvísitölu heldur en þá, sem stafar af hækkun af greiddu kaupi, en samkvæmt því á verð til bænda á vörum, sem framleiddar hafa verið í nóv. 1944—apríl 1945, að hækka um 0.4%, á þeim, sem framleiddar hafa verið í maí og júní, um 2.2% og í júlí—sept. um 4.8%.

Í 2. lið laga nr. 58/1945 er eigi aðeins ákveðið, að verðlag landbúnaðarafurða skuli hækka vegna kauphækkana, sem valda hækkun á landbúnaðarvísitölu, heldur einnig vegna kauphækkana, sem valda hækkun á vinnslu og sölukostnaði afurðanna. Hagstofan hefur engar skýrslur handbærar um slíkar kostnaðarhækkanir á þessu tímabili og telur ekki tiltækilegt að safna þeim í þeim tilgangi að finna eitt almennt hækkunarhlutfall, sem síðan skyldi miða við. Hins vegar liggur það beint við, að þeir, sem telja sig eiga rétt til verðhækkunar af þessum sökum, leggi fram skilríki fyrir því, hvenær kauphækkun hefur orðið, og hve miklum kostnaðarauka hún hefur valdið. Verður þá, eftir prófun skilríkjanna, ákveðið, hve mikið sá aðili skuli fá verðið hækkað á hverri einingu, sem seld hefur verið, eftir að kostnaðaraukinn bættist við, að svo miklu leyti sem það hefur ekki þegar verið nægilega tekið til greina fyrirfram við verðákvörðunina (sbr. hækkun kjötverðsins vegna áætlaðrar hækkunar á slátrunarkostnaði, geymslu- og flutningskostnaði).

Tvö fylgiskjöl með bréfi ráðuneytisins, dags. 29. f. m., endursendast hér með.

Þorsteinn Þorsteinsson."

Eins og hv. þm. hafa heyrt af bréfi því, sem ég hef nú upp lesið, treysti hagstofan sér ekki til að áætla, hver hækkunin hefði orðið vegna dreifingarkostnaðar vörunnar, og hefur því verið gerð tilraun til þess að fá það úr annarri átt. Skýrsla, sem enn hefur ekki verið endurskoðuð, hefur fengizt um þetta fyrir milligöngu Búnaðarfélags Íslands, og eftir henni að dæma mun hækkun dreifingarkostnaðar nema ca. 0,925%. Sú aðferð hefur verið höfð á síðasta ári fram til 15. sept. f. á., eins og áður hefur verið gert, að greiða tiltekna upphæð á mjólk, ég áætla 14 aura pr. mjólkurlítra, en þegar reikningar mjólkurbúanna eru fyrirliggjandi, er svo endanlega gert upp, hverjar uppbæturnar eigi að vera. Þessir reikningar liggja ekki enn þá fyrir, en þegar þeir koma, mun verða bætt upp á samræmi við þessa útreikninga hagstofunnar, þannig að hækkun á afurðum bænda yfir vetrarmánuðina verður 0.4% fyrir mánuðina nóv. til apríl, vormánuðina maí til júní 2.2% og sumarmánuðina 4,8%; auk þess verður bætt við uppbótum vegna aukins dreifingarkostnaðar, sem orðið hefur á þessu sama tímabili, þ. e. 15. sept. 1944 til 15. sept. 1945.

Öðru tel ég ekki þörf á að svara varðandi þessa fyrirspurn. Þetta er framkvæmdaatriði, sem verður að afgreiðast á sama hátt og uppbætur hafa verið greiddar á undanförnum árum. Ég hef hér útreikninga hagstofunnar á landbúnaðarvísitölunni 1945 og veit ekki, hvort hv. þm. hafa fengið aðgang að þeim útreikningum, en skal leggja þá hér fram á lestrarstofu þingsins, til þess að hv. þm. geti kynnt sér þá, en tel ekki ástæðu til þess að lesa þá hér upp.

Fyrirspyrjandi (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Það mun mega telja, að mér beri skylda til þess að verða hér fyrir svörum. Það eru nú liðnir 5 mánuðir, síðan þessi fyrirspurn var borin fram, og nú fyrst kemur svarið. Liðið er nú meira en ár síðan bændur áttu að fá útborgaðar uppbætur samkv. l. yfir tímabilið 15. sept. 1944 til 1. jan. 1945, og þeir eru ekki enn þá farnir að heyra, hverjar þær eigi að vera. Þann 15. júní f. á. minntist Búnaðarfélagið á þetta í bréfi til viðkomandi ráðun. og óskaði eftir, að eitthvað yrði gert í þessu. Ekkert var gert. Þegar Alþ. kom aftur saman, hafði ekkert gerzt í málinu, og þá fluttum við nokkrir þm. þessa fyrirspurn, sem nú loks, eftir 5 mánuði, fæst svar við. Þetta svar er þá þannig, að lesið er upp svar hagstofustjóra til hæstv. ríkisstj. viðvíkjandi fyrirspurn okkar. Nú vil ég taka það fram, að ég tel þetta svar hagstofustjórans mjög óviðunandi á mörgum sviðum. Skal ég fyrst benda á það, að samhliða því, sem allt fólk í sveitum hefur ákveðið kaup, fær það ókeypis fæði. Fæðiskostnaður á því ári, sem hér um ræðir, hefur verið 0,9% hærri en árið á undan. Hagstofustjóri sleppir þessu og tekur aðeins tillit til þess, sem fólkið fær meira greitt í kaup. Hæstv. ráðh. lætur þetta gott heita. Vitanlega á einnig að taka tillit til

þess, að fæði hefur hækkað, þegar greiddar verða uppbæturnar.

Þá tekur hagstofustjóri fram, að einhver hafi sagt honum, að ekki bæri að taka tillit til, þótt kaup bænda hafi hækkað. Hvernig hljóðar 2. töluliður 1. um þessar uppbætur? 2. töluliður hljóðar einmitt um það, að ef kaupgjaldið hækki, sem hefur áhrif á vísitölu landbúnaðarafurða, þá eigi verðlagið að hækka að sama skapi. Hefur þá kaup bóndans ekki áhrif á vísitöluna? Hæstv. ráðh. hefur útreikninga á vísitölu landbúnaðarafurða fyrir framan sig, og hann getur þar séð það, að kaup bóndans hefur áhrif á vísitöluna, og þess vegna hlýtur samkv. 1. að eiga að taka tillit til þess við uppbótagreiðslur. Þess vegna fer fjarri því, að uppbæturnar eigi að hækka um 0,4%, 2,2% eða 4,8%, þar sem fæðiskostnaður hefur aukizt um 0,9% og kaup bóndans um 1%. Ég vil því biðja hæstv. ráðh. að taka þetta til nánari athugunar og gleypa ekki við öllu, sem hagstofustjóri segir, því að það á skýlaust að taka tillit til þessara atriða lögum samkv. við uppbótagreiðslur.

Mér er það ljóst, að það er ekki enn þá á neinn hátt farið að undirbúa greiðslur vegna þessa árs, og eins og ég sagði áðan, eiga þessar greiðslur að koma á síðustu mánuði ársins 1944, og er búið að gefa upp verð á vörum, sem hér koma til greina og fyrir þetta tímabil, fyrir löngu. Vildi ég því spyrja hæstv. ráðh.: Hvað hefur hann gert til þess að afla sér upplýsinga um það, hvað mikið hafi verið selt af nautakjöti þessa mánuði í landinu eða af smjöri og öðrum landbúnaðarvörum, sem verðbæta skal? Því að það er meira en mjólk og kindakjöt, sem á að verðbæta og áhrif hefur á vísitöluna samkv. 1. Ég er hræddur um, að hæstv. ráðh. hafi ekkert gert enn sem komið er til þess að afla sér gagna, til þess að hann geti borgað þetta út. Og það er meira en samsölusvæðið kringum Reykjavík, sem hér verður að taka til greina, þar sem hann sagði, að hækkun dreifingarkostnaðar mundi nema 0,925%, en útlagt kaup árið 1944 var 1,7% hærra en árið 1943, þannig að hækkun á árinu kemur á allt árið 1945. Það kemur því út allt önnur og hærri tala en hann gerir ráð fyrir, og það mun hann sjá, þegar hann miðar við 15. sept., en ekki árslok. Talan, sem hæstv. ráðh. las upp, 0,925, er mismunur á útborguðu kaupi á mjólkurbúunum og til bílstjóra á mjólkursamsölusvæðinu sunnanlands á árunum 1944 og 1945, en þar er ekki tekið tillit til þeirrar hækkunar, sem varð síðast á árinu 1944, en kemur á allt árið 1945.

Af því að það hefur gengið svo erfiðlega fyrir bændum að fá greiddar þær uppbætur, sem þeim ber, þá vil ég benda hæstv. ráðh. á það, að nýmjólk hefur ekki eingöngu verið seld af samsölusvæðinu hér sunnanlands, heldur víða annars staðar af landinu. Það er t. d. seld mjólk opinberlega á Patreksfirði, Ísafirði, Akureyri, Norðfirði, Hornafirði og Sauðárkróki. Á öllum þessum stöðum á að verðbæta mjólkina bæði með þeirri tölu, sem framleiðslukostnaður hefur hækkað, og einnig með þeirri tölu, sem dreifingarkostnaður þar hefur hækkað. Enn fremur er sjálfsagt að athuga þetta gagnvart nautakjöti, eins og ég minntist áður á. Er þar um að ræða nálega 300 tonn, sem á að verðbæta, og nemur þetta hjá stærsta aðilanum, Sláturfélagi Suðurlands, upp undir 600 þús. kr. Verðlag á eggjum gengur líka inn í vísitöluna og á því að greiða uppbætur á þau með þeim aukna framleiðslukostnaði, sem á þeim hefur orðið, bæði hjá félögum og einstökum mönnum. Það er því kominn tími til fyrir hæstv. ráðh. að fara að reyna að afla sér upplýsinga um það, hvað þetta vörumagn er mikið, og finna rétta tölu fyrir það, hvaða upphæð eigi að borga til bænda í uppbætur, en það mun vera fyrir fyrsta tímabilið, sem hæstv. ráðh. talaði um, rúm 2%, eða frá 15. sept. 1944 til 30. apríl 1945, fyrir vormánuðina maí til júní vera 4% og ca. 7% frá júlí til 15. sept. 1945. Hæstv. ráðh. mun komast að þessu, þegar hann fer að rannsaka málið nánar. Við þessa hækkun bætist svo hækkun á dreifingarkostnaði, sem hann benti á, hver væri fyrir mjólkina. Greiðslurnar, sem hæstv. ríkisstj. borgaði út á kjötið haustið 1945, voru hækkaðar vegna aukins tilkostnaðar við það og áætlaðrar mjólkurhækkunar, og það hefur verið gert ráð fyrir því að koma til móts við þennan aukna dreifingarkostnað, sem talað var um, að væri 0,925 fyrir mjólk, en hvað sem þessu líður, þá er ég hræddur um, að þess hafi ekki verið gætt í útreikningum við útborganir á þessum aukna dreifingarkostnaði að taka tillit til þeirra misjöfnu hækkana, sem urðu við slátrunina þetta haust á nokkrum stöðum úti á landi, svo sem á Djúpavogi, Norðfirði o. fl. stöðum. Á þessum stöðum hefur kaupgjaldið hækkað úr kr. 1,90 upp í 2,20—2,30, en á öðrum stöðum er aðeins um litla hækkun að ræða. Það orkar þess vegna ekki tvímælis, að sums staðar á landinu hefur orðið bein hækkun vegna aukins tilkostnaðar á kjötsölu, sem á að greiðast úr ríkissjóði eftir öðrum leiðum. Annars staðar hefur orðið lítil eða engin hækkun, en ég hygg, að þetta muni hafa verið látið ganga nokkuð jafnt yfir, sem er röng framkvæmd á málinu eins og það hefur verið hugsað og hefur legið hér fyrir.

Ég efast ekki um, að hæstv. landbrh. mun bæta upp hækkaðan dreifingarkostnað á mjólk til manna á Sauðárkróki, í Hafnarfirði, Patreksfirði, Ísafirði, Norðfirði, Hornafirði og víðar, en ég vildi gjarnan fá að heyra það frá hæstv. ráðh., hvernig hann ætli sér að fara með þá menn, sem senda ekki mjólk sína í samsölu eða mjólkurbú, heldur selja hana beint til neytenda. Og hvernig ætlar hann að afla sér upplýsinga varðandi þetta atriði?

Þá vænti ég þess, að hæstv. ráðh. taki það til athugunar, sem ég er reyndar búinn að minnast á, að fæði í sveitunum er einn liður í kaupgjaldinu og að hækkaður fæðiskostnaður þýðir hækkað kaup. Vildi ég heyra frá hæstv. ráðh., hvort hann ætlar sér að taka tillit til þess, svo og þess, að kaup bóndans hefur áhrif á vísitöluna, og þess vegna ber að taka tillit til þess atriðis.

Í sambandi við þetta vil ég líka spyrja um það, hvernig á því stendur, að hæstv. ríkisstj. hefur aldrei — eða ekki svo að menn viti — hugsað neitt að ráði um það að framfylgja 4. lið þessara l., sem mælir svo fyrir, að ríkisstj. skuli halda vísitölunni í 142 stigum með fjár-

framlögum úr ríkissjóði, eftir því sem frekast er unnt, yfir það tímabil, sem afurðaverð einnig standi í stað. Var þetta sett inn í l. til þess að tryggja það, að ekki kæmi til þess, að borga þyrfti hærra verð fyrir þá vöru, og vísitalan hækkaði ekki, heldur stæði í stað. Þetta hefur ekki verið gert. Vísitalan hefur verið látin fara upp, þannig að í staðinn fyrir 142 er hún komin upp í 285, og afleiðingin af því er hækkað kaup, og síðan verður að koma á móti þessu með verðuppbótum á vöruna. Þetta sýnir einmitt greinilega, hve framleiðendur landbúnaðarvara eiga skýlausan rétt á verðuppbótum. Það er ekki einungis, að búið er að draga þá um þetta, heldur hefur þeim varnagla, sem þeir settu í l., sem sé að heimilt er með fjárframlögum úr ríkissjóði að halda vísitölunni í 142 stigum, verið breytt, og þess vegna hækka uppbótagreiðslurnar. Þetta sýnir enn greinilegar, hve sjálfsagt er að greiða þetta og það áður en langt um líður. Í þessu sambandi dettur mér í hug, að það hefur komið fyrir, að ómögulegt hefur verið að koma bátunum á veiðar, nema ríkisstj. ábyrgðist síldarflotanum fyrir fram ákveðið verð fyrir síldina og greiddi það strax. En nú er liðið meira en ár, síðan bændum var lofað að fá þessar uppbætur, en þeir eru ekki farnir að sjá neitt af þessu enn né hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að greiða þeim þær. Og það, sem meira er, það er ekki hugsað meira um þetta mál en svo, að þótt Búnaðarfélagið geri fyrirspurn varðandi þetta mál í sumar og hún sé ítrekuð af flm. í þessari fsp., sem hér liggur fyrir, þá er beðið með að svara henni í 5 mán. Á þessum tíma hefur ekkert verið gert annað en að hagstofustjóri er beðinn að annast svar við fyrirspurninni, sem síðan hefur verið til umhugsunar hjá hæstv. ríkisstj. Svarið er svo þannig, að það er ekki tekinn nema partur af því, sem kaupið hefur hækkað um og áhrif hefur á vísitöluna, og hvorki tekið tillit til aukins fæðiskostnaðar verkafólks né kaups bóndans sjálfs, sem líka á að taka tillit til eftir orðum 2. liðs.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Þessi reiðilestur hv. 2. þm. N.-M. er næsta furðulegur. Hann getur ef til vill sagt með réttu, að það hafi dregizt að svara þessari fyrirspurn, sem kannske gæti orkað tvímælis, hvort ætti að svara, en þótt það sé rétt, að dregizt hafi að birta svarið við þessari fyrirspurn, þá veit hv. 2. þm. N.-M., að einn liður í þessum upplýsingum, þ. e. varðandi dreifingarkostnaðinn, barst ekki í mínar hendur fyrr en fyrir örfáum vikum. Hann vann sjálfur að því að útvega þessar upplýsingar, og er ég honum þakklátur fyrir það, en fyrr en þær upplýsingar lágu fyrir var ekki hægt að svara fyrirspurninni, svo að neitt væri á henni að byggja.

Ég veit ekki betur en það hafi verið með fullu samþykki hans, síðan byrjað var að greiða uppbætur mánaðarlega á hvern mjólkurlítra, að eftir árið hefur verið gert upp og aðilum borgað eins og þeim hefur borið eftir settum reglum. Ég held, að ég fari rétt með það, að mánaðargreiðslur á síðasta ári hafi verið 2 aurum hærri á hvern mjólkurlítra en árið á undan og án þess að hv. þm. hafi fundið neitt að þessu. Endanlegt uppgjör getur hins vegar ekki farið fram fyrr en reikningar frá mjólkurbúunum liggja fyrir. Það hafa ekki komið fram neinar kröfur frá mjólkurbúunum um að hafa þessar mánaðargreiðslur hærri, og er því ekki hægt að ásaka ríkisstj. fyrir það, þótt hún hafi ekki hafizt handa um að hækka þessar greiðslur.

Hv. þm. staðhæfði, að útreikningar hagstofunnar væru skakkir, og leitaðist við að færa nokkur rök fyrir því. Útreikningar hagstofunnar eru byggðir á hennar eigin skýrslum og rannsókn á landbúnaðarvísitölunni fyrir árið 1945, sem ég hef hér fyrir framan mig og hv. þm. verður gefinn aðgangur að. Annað liggur ekki fyrir um þetta mál nú. Það eru tvær breytingar, sem verða vegna kauphækkana, sem lögin gera ráð fyrir, að teknar séu til greina. Ég sé, að einn liðurinn hér er um kaup verkafólks. Það er ekki hægt fyrir ríkisstj. að byggja á öðru en útreikningi hagstofunnar. Hv. þm. var að þrástagast á því, að stj. væri ekki farin að undirbúa greiðslur. Ég sé ekki, að hægt sé að hefjast handa um þær, fyrr en skýrslur liggja fyrir um, hvað greiða skuli. Hv. þm. þarf ekki að vera svo óþolinmóður, þessar skýrslur fara að berast. — Hv. þm. spurði, hvað stj. hefði hugsað sér um uppbætur á mjólk, sem seld er beint til neytenda. Það hafa ekki verið greiddar uppbætur á þá mjólk. Ég verð að játa, að ég sé ekki möguleika á að greiða þeim uppbætur, sem selja mjólk beint til neytenda. Þeir hafa minni dreifingarkostnað og væri það óframkvæmanlegt nema af einhverju handahófi, og eru allir sammála um það.

Fyrirspyrjandi (Páll Zóphóníasson): Ég vil með leyfi hæstv. forseta lesa upp 2. tölulið þessara laga.

2. töluliður bráðabirgðaákvæða laga nr. 58 frá 3. marz 1945 hljóðar svo:

„Verði hækkun á kaupgjaldi á tímabilinu 15. sept. 1944 til 15. sept. 1945, sem áhrif hefur á vísitölu landbúnaðarafurða eða vinnslu og sölukostnað þeirra samkvæmt útreikningi hagstofunnar, skal verðlagið hækkað í samræmi við það. Breytingar þessar skal hagstofan reikna út fyrir lok tímabilsins, og skulu þær teknar til greina, þegar verðlagið er gert upp."

Nú orkar ekki tvímælis, að bóndinn borgar kaup, í peningum og fæði. Þegar þess vegna hagstofan sleppir að taka tillit til fæðis, þá er það rangt. Það kaup, sem bóndanum er reiknað, verður og að miðast við það kaup, sem hann borgar í fæði og húsnæði, því að það hefur bein áhrif á verðlagið. Hérna eru tvær hækkanir, sem verka beint á kaupgjaldið, sem hagstofustjóri hefur ekki tekið tillit til. Fyrst er kaup vinnumannsins í fæði og svo kaup bóndans. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. taki þetta til athugunar. — Hæstv. ráðh. talaði um, að ég væri óþolinmóður eftir greiðslunum, og ég er það, því að það liggur skýrt fyrir, hvað kjötmagnið var, sem selt var frá 15. sept. 1944 til 15. sept. 1945. Ég geri ráð fyrir, að kjötverðlagsnefnd hafi gengið frá, hve mikið seldist, og ekki sé eftir annað en að deila fénu. Það er nú komið fram í marzmánuð, og ætti kjötverðlagsnefnd að vera það vorkunnarlaust að vera búin að ganga frá því, sem uppbót

átti að greiðast á. Ekkert hefði verið upplagðara en að afla um það skýrslna. Menn hafa átt von á því, að þeir þyrftu ekki að ganga eftir þessum uppbótum, nema þá ef til vill einhverjir slungnir lögfræðingar, sem fá prósentur fyrir innheimtuna.

Hitt er aftur rétt, að ekki munu liggja fyrir skýrslur varðandi mjólkina. En þær munu heldur aldrei liggja fyrir, nema eftir þeim sé gengið. Alveg sama máli gegnir um eggin og nautakjötið, vörur, sem hafa áhrif á vísitölu. Framleiðslukostnaður hefur hækkað samkv. útreikningi hagstofunnar, og fæði hefur hækkað og kaup bóndans.

Ég vildi vona, að þessar umræður hér verði til þess, að hæstv. ráðh. láti hagstofustjóra reikna út, hve mikilli hækkun á kaupi það hefur valdið, fæðið, sem bóndinn greiðir vinnumanni sínum, og kaup það, sem hann greiðir sjálfum sér.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég vona, að hv. þm. virði mér það til vorkunnar, þótt ég leggi meira upp úr skýrslum hagstofustjóra en tali hv. þm., er seinast talaði. Ég vil samt benda hv. þm. á það, að í niðurlagi þeirrar greinar, sem hann las, segir hvenær gert verði upp. Reikningar hafa ekki enn legið fyrir, og ekki eru allar skýrslur komnar enn, og er því ranglátt að ásaka ráðuneytið vegna þessa.

Fyrirspyrjandi (Páll Zóphóníasson): Ég vil benda hæstv. ráðh. á, að langt er síðan gert var upp kjötið frá 1944, og er þetta bara vanræksla hjá ráðuneytinu.

Skúli Guðmundsson: Mér finnst, að ekki ætti að þurfa að tefjast lengi að framkvæma þessi lög, og ætti að vera hægt að ljúka þessu máli fljótlega. Mér finnst af því, sem hæstv. ráðh. las upp, að allt þetta sé gert of flókið og gæti verið miklu einfaldara. Það er tvennt, sem þarf að skýrast betur: fyrst, útreikningar hagstofunnar um áhrif kauphækkunar á vísitölu, og svo þarf að liggja fyrir skýrsla um vinnslu og sölukostnað.

Ég sé hér í greinargerð fyrir þessari fyrirspurn, að vísitala landbúnaðarafurða hefur hækkað um 9,7% á einu ári. Vegna þess að sundurliðun vantar, veit ég ekki, hve mikið af þessari hækkun stafar af kaupgjaldshækkun. Segjum, að 7—8% stöfuðu af kaupgjaldshækkun, en til viðbótar kemur svo vinnsla og sölukostnaður. Þegar þetta er fengið, þá ætti að vera ofur einfalt að framkvæma lagaákvæðið.

Ég vona, að frá þessu verði gengið sem fyrst, svo að framleiðendur fái það, sem þeim ber.

2. Olíugeymar o. fl.

Á 6. fundi í Nd., 11. okt., var útbýtt:

Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar varðandi framkvæmd l. nr. 110 frá 1943, um olíugeyma o. fl. (A. 20).

Alþt. 1945. D. (64. löggjafarþing).

Á 7. fundi í Nd., 12. okt., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 18 shlj. atkv.

Með bréfi, dags. 12. okt., sendi forseti Nd. atvmrh. fyrirspurnina og beiddist jafnframt vitneskju um, hvenær hann teldi sig reiðubúinn að svara.

Við bréfi þessu barst aldrei svar, og var fyrirspurnin ekki á dagskrá tekin framar, en á 36. fundi í Nd., 21. nóv., mælti utan dagskrár

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Á öndverðu þingi flutti ég fyrirspurn til hæstv. atvmrh. um olíumál, en hún hefur ekki verið tekin á dagskrá enn þá, og vonast ég eftir, að það verði gert fljótlega, þar eð mig er farið að lengja eftir því, og vona ég, að hæstv. forseti athugi það.

3. Ullarsala.

Á 17. fundi í Nd., 26. okt., var útbýtt:

Fyrirspurn til landbúnaðarráðherra varðandi sölu íslenzkrar ullar (A. 52).

Á 18. fundi í Nd., 29. okt., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 25 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 4. des., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, með því að landbrh. hafði tjáð sig við því búinn að svara henni.

[Handr. var eftir beiðni þáv. landbrh. léð ráðuneytinu sumarið 1947, en hefur ekki fundizt þar þrátt fyrir ítrekaða eftirgrennslan.]

4. Læknishéruð.

Á 40. fundi í Nd., 27. nóv., var útbýtt:

Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um óveitt læknishéruð og starf milliþinganefndar um skipun læknishéraða og læknisþjónustu í sveitahéruðum (A. 231).

Á 41. fundi í Nd., 28. nóv., var fyrirspurnin tekin á dagskrá til ákvörðunar um, hvort leyfð skyldi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., 29. nóv., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 21 shlj. atkv.

Með bréfi, dags. 29. nóv., sendi forseti Nd. ríkisstjórninni fyrirspurnina og beiddist jafnframt

vitneskju um, hvenær hún teldi sig við því búna að svara.

Á 105. fundi í Nd., 9. apríl, utan dagskrár mælti

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, að hann hlutaðist til um, að svarað yrði fyrirspurn, er ég bar fram hinn 27. nóv. um það, hvað gert hefði verið til þess að fá lækna út í héruðin, og litur út fyrir, að á þeim tíma hefði verið hægt að gefa einhverjar upplýsingar um þetta.

Forseti (BG): Forseti getur lítið í þessu gert; það er algerlega á valdi ráðh., hvenær hann svarar þeim fyrirspurnum, sem fyrir hann kunna að vera lagðar.

Við bréfi forseta barst aldrei svar, og var fyrirspurnin ekki á dagskrá tekin framar.

---

5. Varðbátakaup.

Á 47. fundi í Nd., 3. des., var útbýtt:
Fyrirspurn til dómsmálaráðherra um varðbátakaup (A. 271).

Á 48. fundi í Nd., 4. des., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 23 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Sþ., 21. des., utan dagskrár, mælti

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Þann 3. des. s. l. var útbýtt frá mér fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. um varðbátakaup. Þessi fyrirspurn var leyfð og send hæstv. ráðh. Spurt var, hvað hefði gerzt í þessu máli síðan og hvenær mætti vænta svars frá honum og nokkurrar skýrslu um þetta mál. Ég hef talið nauðsynlegt og jafnframt viðeigandi að beina þessari fyrirspurn hér til hæstv. ráðh., þó að í sameinuðu þingi sé. Ég hef talið æskilegt, að nú, áður en þingmenn skilja og þingi verður frestað, þá fái þm. vitneskju um það frá hæstv. ráðh., hvenær hann a. m. k. hyggst að gefa þessa skýrslu, úr því að hún hefur ekki þegar verið gefin, hálfum mánuði frá því að fyrirspurnin var leyfð og honum send. Vildi ég óska, að ráðh. gæfi um þetta nokkrar upplýsingar.

Forseti (JPálm): Ég vil vekja athygli á því, að það var ekki meiningin, að hér ættu sér stað fyrirspurnir á þessum fundi.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Þetta mál er í athugun, og vænti ég að geta svarað því á fyrsta fundi, sem haldinn verður í neðri deild.

Sigurður Bjarnason: Ég vildi aðeins þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að hafa gefið þessar upplýsingar, og tel ég þetta fullnægjandi.

Á 76. fundi í Nd., 27. febr., utan dagskrár, mælti

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Á síðasta fundi sameinaðs þings fyrir jól spurði ég hæstv. dómsmrh., hvenær vænta mætti svars frá honum við fyrirspurn varðandi varðbátakaup ríkisins. Ég taldi rétt, að hæstv. ráðh. gerði ráð fyrir að svara þessari fyrirspurn á fyrsta fundi eftir 1. febr. Nú er liðinn mánuður af framhaldi þingsins, og hefur hæstv. ráðh. ekki gefið neina yfirlýsingu enn. Reyndar getur hann haft góð og gild rök til þess.
Ég leyfi mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort eigi megi vænta þess, að hann gefi áðurlofaða yfirlýsingu og skýrslu mjög fljótlega.
Ég vil svo ekki fjölyrða meira um þetta mál, en tel æskilegt, að hæstv. Alþ. fengi þá yfirlýsingu og skýrslu sem fyrst frá hæstv. ráðherra.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég hef ekki haft þau gögn í höndum, sem ég vildi haft hafa. Ástæða var ekki tilkynnt, og hv. þm. N.-Ísf. var fjarverandi lengi framan af þessu þingi. Ég leit svo á, að hv. þm. væri enginn greiði ger með því að svara, af því að hann var ekki viðstaddur til skamms tíma. En ég vil svara fyrirspurninni, hvenær sem forseti æskir þess.

Sigurður Bjarnason: Ég þakka hæstv. ráðh. — Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að ég var ekki viðlátinn hér um hríð. Getur það hafa verið ástæða til þess, að hann svaraði ekki.
Ég sé ekki ástæðu til að vera ekki fyllilega ánægður með svar hæstv. ráðh. Ég beini þeirri ósk til hæstv. forseta, að fyrirspurnin verði sem fyrst tekin á dagskrá.

Á 80., 81. og 82. fundi í Nd., 5., 6. og 7. marz, var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að dómsmrh. hafði tjáð sig við því búinn að svara henni.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 84. fundi í Nd., 11. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Ég hef ekki talið rétt að svara þessari fyrirspurn, fyrr en hv. þm. N.-Ísf. væri viðstaddur, en hann hefur verið forfallaður undanfarið.
Eins og kunnugt er, hefur verið látin fara fram athugun á skipum þeim, sem keypt voru á síðastliðnu hausti og ætluð voru til landhelgisgæzlu. En niðurstöður þær, sem fengizt hafa, eru ekki alls kostar samhljóða. Bátarnir komu hingað í byrjun nóvember, en alllengi stóð á því, að sjóferðaskírteini fengjust, þar sem engar reglur eru til um byggingu slíkra skipa. Álitsgerð n.

þeirrar, er skipuð var 23. jan. s. l. til að athuga skipin, hljóðar svo:

„Við undirritaðir, er skipaðir vorum af hæstv. dómsmrh., Finni Jónssyni, þann 23. jan. 1946 til þess að athuga og gera tilraunir um hæfni hinna nýju skipa, er keypt hafa verið frá Bretlandi, til þess að nota þau til landhelgisgæzlu og björgunarstarfs hér við land, höfum orðið sammála um eftirfarandi:

Skip þessi eru bæði hvað gerð og efni snertir mjög frábrugðin því, er við höfum átt að venjast, svo að jafnvel í reglugerðum um eftirlit með skipum er fátt, sem hægt er að heimfæra upp á þau.

Þar sem hér er um nýjung að ræða í skipasmíði, að minnsta kosti hvað okkur snertir, þá er erfitt að dæma um styrkleika skipanna.

Mahogny byrðingurinn sjálfur virðist vera hið veikasta í skipunum og þolir hann illa allt hnjask, sérstaklega alla harða og oddhvassa hluti, er rekast í hann, og verður því að hafa sérstaka aðgæzlu með alla snertingu skipanna við önnur skip, bólverk eða þess háttar. Einnig viljum við geta þess, að vélstjórar sögðu okkur, að alltaf yrði vart við talsverðan leka á skipi því, er við fórum út með, í hvert skipti og það væri hreyft, þótt varla yrði vart við leka þegar skipið lægi kyrrt.

Skipin eru 118 fet á lengd og 17 fet á breidd. Í hverju skipi eru 3 aðalvélar og þrjár skrúfur. Eru þetta um 1000 hestafla dieselvélar, sem geta knúið skipin allt að 24 sjómílur á klst., þegar allar vélar eru notaðar í einu, en hver vél út af fyrir sig getur knúið skipið um 15 sjómílur. Vélstjórarnir hafa skýrt okkur frá því, að ekki væri hægt að keyra hverja einstaka vél minna en 80 snúninga, en sá snúningshraði knýr skipið áfram um 6—7 mílur, og getur skipið því ekki hægara farið þegar vél er í gangi.

Þessi mikli hraði gerir það mjög erfitt að athafna sig til aðstoðar öðrum skipum, enda mjög erfitt að aðhafast nokkra vinnu á þilfari skipsins, sérstaklega þegar allar vélar eru stöðvaðar, því að þá veltur skipið svo mikið, þótt veðrið sé sæmilegt, að lítt mögulegt er að aðhafast nokkra vinnu á þilfari þess.

Að þessu öllu athuguðu verðum við að telja, að skip þessi séu ekki nothæf til björgunarstarfa.

Hvað snertir vistarverur skipanna, þá eru þær mjög kaldar og ófullnægjandi eins og þær nú eru með kolaofnum og súðin óþiljuð að innan, en úr þessu virðist auðvelt að bæta, þar sem plássið er nóg.

Yfirbyggingar skipanna eru úr þumlungsþykkum krossviði klæddum stálplötum sums staðar. Yfirbyggingin virðist boltuð niður í stálskilrúm, að minnsta kosti að framan og aftan. Útbúnaður þessi virðist mjög veigalítill á okkar mælikvarða, og stjórnpallurinn að ofan er alveg opinn og teljum við það ómögulegan umbúnað í íslenzku veðurfari. Dæluútbúnaði skipanna er þannig háttað, að sérstök handdæla er fyrir hvert vatnsþétt rúm í skipinu út af fyrir sig, en þar að auki er svo ein véldæla, er á að geta dælt úr öllum rúmunum.

Til þess að reyna stöðugleika skipsins, sem við fórum með, létum við taka 2½ smál. af sandkjölfestu skipsins stjórnborðsmegin. Hallaðist skipið við þetta ekki meira en 7 gráður, og bendir það á, að skipið hafi næga kjölfestu.

Þótt við teljum hinn mikla hraða skipanna mjög mikinn ávinning og þess vegna möguleika á að nota þau til staðbundinnar landhelgisgæzlu og þau jafnvel heppileg til síldarleitar og eftirlits að sumri til, þá álítum við þau engin vetrarferðaskip.

Reykjavík, 8. febrúar 1946.

Hafsteinn Bergþórsson. Ólafur Sigurðsson.
Henry Hálfdánsson."

Eftir að hafa meðtekið þessa skýrslu, ritaði ég Skipaútgerð ríkisins bréf, þar sem ég fól henni að gera ráðstafanir til að losna við skipin, ef hún teldi þessa álitsgerð skera úr um það, að þau væru ekki heppileg til þess starfs, sem þau voru ætluð. Skömmu síðar barst mér bréf frá forstjóra Skipaútgerðarinnar, Pálma Loftssyni, og fer það hér á eftir:

„Með bréfi, dags. 23. f. m., hefur hið háa ráðuneyti sent mér til umsagnar álitsgerð nefndar þeirrar, sem falið var að dæma um hæfni hinna nýju varðbáta. Álitsgerð þessi hrekur ekki að neinu leyti það, sem vitað er um nefnda varðbáta eða báta af svipaðri gerð, en það er í stuttu máli þetta:

1. Bátarnir voru í ferðum milli Bretlands og Svíþjóðar á stríðsárunum og sigldu þá helzt í því veðri, sem flugvélar gátu ekki athafnað sig í. Reyndust bátarnir vel í þessum ferðum, að sögn kunnugra.

2. Bretar og Ameríkumenn höfðu báta af sömu gerð hér við land, meðan á stríðinu stóð, og notuðu þá til ýmiss konar hernaðaraðgerða meðfram strröndum landsins. Voru þeir bátar þó um 50 lestum minni en þeir, sem hér um ræðir.

3. Það er vitað, að sams konar bátar eru notaðir við landhelgisgæzlu við Spán, Portúgal, Írland, Frakkland, England og víðar.

4. Tryggingaiðgjald af bátunum er nálega helmingi minna en t. d. af Ægi, hvort tveggja hjá vátryggingafélaginu Lloyds í London.

5. Fyrir 1930 var farið að byggja björgunarbáta við England úr sama efni og af svipaðri gerð og hinir umræddu varðbátar. Má lesa um slíkt í „International Comferentie Van Redningdienst-en", útgefið í Amsterdam 1932. Er þar talað um björgunarbáta 60 feta, byggða úr sama efni og af sömu gerð og varðbátarnir. Höfðu þeir tvær skrúfur og gengu 17 mílur. Þetta eru staðreyndir, sem ættu að sanna að fullu, að varðbátarnir eru hæfir til síns starfs sem landhelgisbátar hér við strendur landsins. Hitt er svo annað mál, hvort íslenzku sjómennirnir geta fellt sig við þessa tegund skipa eða hraðskreið skip yfirleitt. Sjómennirnir hafa nú haft nefnda varðbáta í rúma 3 mánuði og farið á þeim margar gæzluferðir. Ætti því brátt að fást úr því skorið, hvort sjómennirnir geta fellt sig við bátana. Geti þeir það ekki, hefur brezki sjóherinn tjáð sig fúsan til að skipta á þeim fyrir önnur hæggengari skip af annarri gerð."

Einnig hef ég fengið umsögn skipstjóra á einum bátnum, Nirði, um, hversu hann hafi reynzt í ferð þeirri, er hann fór til Ísafjarðar í haust

og fræg er orðin. Tel ég rétt að lesa hér upp þessa skýrslu líka, *en hún hljóðar svo:*

„Fórum frá Reykjavík kl. 24 þ. 23. nóv. Vorum 16 klst. til Ísafjarðar, þar af var haldið upp í vind og sjó á Breiðafirði í 4 klst. Vindur NA 8. Eftir það fengum við vindhraða 6 og stundum 7. Sjór mestur út af Kóp, Barða og Stiga, sjór um 7 (hnútasjór).

Á leiðinni suður var logn við Vestfirði, en vestanalda 4—5, sjór vestan 5. Var haldið til Stykkishólms, gekk ferðin vel og gekk skipið um 16.4 sjómílur til jafnaðar.

Þaðan til Rvíkur var vindur A og NA, 6—7 vindstig. Í Faxaflóa var kröpp vindkvika og gekk illa að halda skipinu á stefnu, varð helzt að hafa vindinn og kvikuna á hlið og vegna þess, hvað skipið hjó mikið, var oftast siglt með hliðarvélunum tveimur með minnstum snúningshraða.

Skipið lét afar illa í sjó, valt um 30°, kastaðist til, tókst á loft að framan á öldunni og datt svo niður með þungum skellum í næsta öldudal; gefur að skilja, hvað þetta reynir feiki mikið á byrðing skipsins. Þarf helzt að skáskera öldurnar, jafnvel flatskella.

Það virðist láta vel undan þessum hörðu átökum, var ekki stíft. Álít ég skipsskrokkinn sterkan og vel vandaðan, en yfirbygginguna get ég ekki vel dæmt um.

Skipið tók aldrei á sig sjó á leiðinni, eða í þessari ferð. Mjög erfitt er að halda því á stefnum, sérstaklega á lensi; á sléttum sjó þarf lítið að hreyfa stýri.

Að vera við vinnu á þilfari á svona skipi þegar eitthvað er að veðri, tel ég ómögulegt, jafnvel hættulegt að fara fram í hásetaklefa.

Til að draga báta virðist mér skipið ekki hæft, bæði af ofangreindri ástæðu og einnig vegna þess, að ganghraði getur ekki verið minni en 8 sjómílur. Einungis til landhelgisgæzlu mætti nota þau, ef hægt er að koma fyrir á þeim akkerum, því að óvíða er hægt að liggja við bryggjur, nema í logni og súglausu, því að hvað lítil hreyfing sem er, fer skipið að velta og slást í bryggjur. Skoðun mín á því, að hægt sé að nota þau til landhelgisgæzlu, byggist á því, að þar sem þessi skip eru látin vera, þá munu togarar veigra sér við að fara inn fyrir, þar sem þeir geta alltaf búizt við bátnum á vettvang.

Á sumrum munu þessi skip mjög hentug, bæði til síldarleitar og mætti þá jafnvel spara flugvélar og þá jafnframt á gæzlu.

Þess skal getið, að í ferð þessari var skipið algerlega kjölfestulaust.

Það skal tekið fram, að eins og gefur að skilja, þá er líðan manna um borð í þessum bátum alveg afleit, þegar þeir eru á ferð í misjöfnu veðri, t. d. var ekki matur um borð á leiðinni til Ísafjarðar og ég hygg, að fáir hafi getað sofið.

30. nóv. 1945.

Þ. Bj."

Eins og menn heyra, er niðurstaða Þórarins Björnssonar sú, að ekki sé hægt að nota skipin til björgunarstarfsemi, en möguleikar að nota þau til landhelgisgæzlu, a. m. k. á vissum tíma árs.

Að lokum hef ég fengið umsögn um þessi skip frá Com. E. Thomas, sem fylgdi þeim hingað frá Englandi og hefur verið hér til þess að setja Íslendinga inn í vélgæzluna á skipunum. Og með leyfi hæstv. forseta tel ég rétt, að þessi umsögn hans komi hér fram einnig, svo að menn heyri sem flest af því, sem sagt hefur verið um þessi skip, en íslenzka þýðingin er gerð af löggiltum skjalaþýðanda. Honum farast orð á þessa leið:

„Á því getur ekki leikið nokkur vafi, að afkastamesta og fjölhæfasta tegund smáherskipa úr síðasta ófriði er Fairmile B-flokks mótorbáturinn. Af þessari skipategund voru byggð mörg hundruð skipa á ýmsum skipasmíðastöðvum í Bretlandi, Kanada, Ástralíu og víðar. Skipin voru notuð til ýmislegra hernaðarstarfa, svo sem til að fylgja skipalestum, bjarga flugvélum úr sjó, slæða tundurdufl og til almennrar landhelgisgæzlu umhverfis. Bretlandseyjar, í Miðjarðarhafi, Atlantshafi og Indlandshafi. Eftir stærð þeirra voru engin skip fremri um sjóhæfni og afköst. Þau hafa siglt þúsundir mílna um opinn sjó, oft í sjógangi, sem var svo mikill, að stærri skip urðu að draga úr hraða til öryggis. Þess eru fá dæmi eða engin, að nokkurt slíkra skipa hafi týnzt af völdum veðurs eins saman, en auðvitað hafa mörg farizt af völdum óvinaárása. Þessi skip hafa verið notuð við öll meiri háttar strandhögg og innrásir á strandsvæði í óvinahöndum. Í upphafi ófriðarins voru þau aðalvarnarvopnið gegn E-bátunum þýzku og kafbátunum, en það fór ekki á milli mála, að bátarnir voru talsvert hægfara (15 knots á siglingu) og ákaflega viðkvæmir fyrir skotum, því að þeir nota mjög eldfimt benzín í hraðmótora þá sem þeir eru knúðir með, og olli þetta því, að þeir urðu hraðskreiðari skipum óvinanna of auðfengin bráð. Mörg þeirra skipa voru búin dieselvélum, og olli það miklu minni hættu af völdum skotárása.

Með hliðsjón af reynslu þeirri, sem aflað var með notkun Fairmile B-skipanna, var sköpuð sú tegund skipa, sem hér um ræðir, Camper & Nicholson dieselmótor fallbyssubáturinn. Skipasmíðastöð Camper & Nicholson er sennilega einhver þekktasta skipasmíðastöð heimsins. Hún byggði og teiknaði allmörg kappsiglingaskip. Meðal þeirra má nefna „Endeavour" og „Shamrock" og einnig „Philante", sem var mesta kappsiglingaskip, er Bretar höfðu byggt til 1939. Varð um það samkomulag við flotamálaráðuneytið að hafa í skipunum samsetta stálgrind og tvöfalt dekk og tvöfaldan byrðing úr mahognyplötum lögðum í kross. Einnig var ákveðið að sameina það að hafa skipin styrk og létt, enda reyndist það nauðsyn, svo að hægt væri að hafa sterkt byssustæði á slíkum bátum, sem fyrst og fremst var ætlað að fást við þýzka E-báta.

Snemma á árinu 1943 var hinn fyrsti þessara báta tekinn til flotaþjónustu, eftir að farin hafði verið reynsluferð, sem tókst með afbrigðum vel, en þá komst hámarkshraðinn upp í 27,4 mílur. Eftir að skipin höfðu verið tekin til þjónustu, var enn haldið áfram miklum tilraunum með þau. Var þá ráðin bót á ýmsum barnasjúkdómum í vélasamstæðunni, en hún var af nýrri gerð og með öllu óreynd. Var svo lokið við fyrstu samstæðuna, átta skip, en þegar hér var komið sögu, hafði flotamálaráðuneytið ákveðið skip-

unum ákaflega þýðingarmikið verkefni, en það var að smjúga fram hjá flotagæzlu Þjóðverja í Skagerak og sækja sænskar kúlulegur til Svíþjóðar. Það var ljóst, að ekki gætu nema beztu skip haldið uppi stöðugum ferðum um Norðursjó að vetrarlagi. En tilraunina varð að gera að vetrarlagi til að njóta sem lengstrar nætur og myrkurs í síðasta sprettinum, um 20 mílna vegalengd, gegnum flotakví Þjóðverja.

Fimm hinna nýju skipa voru því tekin úr flotaþjónustu í júlí 1943, grímubúin í skyndi sem kaupför og mönnuð áhöfn úr kaupskipaflotanum. Fyrsta tilraunin var gerð seint á árinu 1943, og komst þá aðeins eitt skipanna heilu og höldnu í gegn, eitt lenti því miður í klóm Þjóðverja, en hin þrjú sneru aftur til Englands, fullhlaðin kúlulegum. Frá þeim tíma var haldið uppi reglulegum ferðum fram í marzlok 1944, en þá var næturdimman orðin svo stutt, að of hættulegt taldist að freista þessa að sinni. Farnar höfðu verið ellefu ferðir, sem allar tókust með ágætum vel. Margar ferðir höfðu mistekizt, enda þótt bátunum yrði ekki um kennt, þótt við þyrfti að snúa. Til dæmis var til þess vitað, að Þjóðverjar voru að tundurduflalagningum, oft var verið að fylgja þýzku orustuskipi eða beitiskipi um Skagerak, og voru þá margir tundurspillar og loftvarnaskip á þeim slóðum, er um þurfti að fara

Það má fá nokkra hugmynd um styrkleika þessara byssubáta með því að athuga sveigjuprófun, sem fram fór á þeim um það leyti, sem verið var að breyta þeim í kaupskip. Bátur var hlaðinn 50 smálestum af brotajárni, og voru settar fimm í hvora lest í einu, fyrst í fram- og síðan í afturlest. Ekki varð vart neinnar sveigju um að fimmtán smálestum í framlest og tíu í afturlest (sem er hámarksmagn í þeirri lest). En öll sveigjan nam ekki nema ⅝", þegar 40 smálestir voru komnar í framlest og tíu í afturlest.

Enn frekar skýrist styrkleikinn þegar þess er gætt, að einu sinni þegar einn þessara báta var að koma frá Svíþjóð og sigldi inn á Humberfljót í svartaþoku, tókst svo illa til, að hann rakst á 1000 smálesta stálskip í strandferð. Byssubáturinn missti talsvert af stefni sínu, allt frá sjólínu og aftur að vatnsþétta skilrúminu nr. 1. Ekki varð neitt manntjón á bátnum, en einn maður kastaðist fyrir borð af strandferðaskipinu og drukknaði. Strandferðaskipið þurfti að snúa við og fara í þurrkví í níu vikur, en báturinn var kominn aftur til Svíþjóðar innan mánaðar. Þetta kann vel að þykja ótrúlegt, en á þessu ætti að vera auðvelt að fá staðfestingu hjá eftirlitsnefnd Humberfljóts. Báturinn hét „Gay Viking".

Sjálfur get ég sagt eftirtektarverða sögu um sjóhæfni þessara skipa. Meðan verið var að gera við skipin milli skottúranna til Svíþjóðar 1944 og 1945, reyndist það nauðsynlegt að fara í 2 sólarhringa reynsluför út á Norðursjó. Í lok þeirrar ferðar kom ákaflega óhagstæð veðurspá, en þá vorum við komnir í stefnu heimleiðis og förinni nálega lokið. Var því ákveðið að halda áfram fremur en að sigla upp að landi í hlé. Þegar við vorum komnir á móts við Tynefljót, var vindurinn kominn upp í 8 vindstig á NA, að við ætluðum. Sást þá mikill brotsjór koma upp aftan við skipið og rórmaðurinn, gamall flotamaður, sem verið hafði meir en tuttugu ár í brezka flotanum, sagði dálítið aumingjalega: „Drottinn minn, ég vildi að ég væri ekki hér." Ekki braut samt yfir skipið, og við héldum áfram til Humber. Mikið brotnaði af leirtaui, og skipverjar urðu að lifa á súpu, því að kolaeldavélina, sem þá var höfð í kabyssunni, var ekki hægt að nota. En engar skemmdir urðu á skipinu, utan hvað kartöflukista slitnaði upp af afturdekkinu og skolaðist fyrir borð.

Það gefur nokkra hugmynd um álit þeirra sjómanna úr kaupskipaflotanum, sem störfuðu á þeim meðan á Svíþjóðarferðunum stóð, að af meir en áttatíu manna, sem störfuðu á skipunum á ferðunum 1943—1944, voru ekki nema sex, sem ekki gáfu sig fram af fúsum vilja til ferðanna 1944—1945. Það var almennt sáran harmað, að skipin voru að lokum afhent flotanum aftur í apríl 1945.

Þó að þessi litlu skip hefðu reynzt svo vel í Svíþjóðartúrunum, þá var ákveðið að útbúa þau algerlega að nýju áður en þau yrðu send til Kyrrahafsins til viðureignar við Japani. Var með réttu litið svo á, að upprunalega hjálparvélin væri of lítil til að annast hið aukna álag, sem leiddi af radsjánni (radar) og hinum mörgu vindsnældum, sem nauðsyn var á í hitabeltishöfum. Voru því settar í skipið tvær stærri vélar. Aðalvélarnar höfðu gengið í mörg hundruð klukkustundir, og voru þær því teknar úr og sendar í verksmiðjuna til viðgerðar. Sama gilti um aðalgírkassana. Öll þessi vinna tók miklu lengri tíma en upprunalega var ætlað, og skipin komust ekki á stað áður en monsúnarnir hófust 1945. Svo sem vitað er, lauk ófriðnum við Japani nokkru fyrr en áður hafði verið gert ráð fyrir. Bátarnir fóru því aldrei til Kyrrahafsins, heldur voru seldir til Íslands.

Af þeim átta bátum, sem byggðir voru í upphafi, var tveim sökkt af óvinavöldum, einn hertekinn, einn strandaði í þoku, þegar hann var að fara inn í höfn, einum var haldið eftir sem sýnishorni tegundar sinnar, en hinir þrír fóru til Íslands.

6. 3. 1945.

E. Thomas."

Ég get í rauninni látið þessa umsögn um skipin til þess að vera hér við strandgæzlu nægja. Og hvað sem því líður, að þau væru e. t. v. nothæf á vissum tíma árs, lítur út fyrir, að það sé sameiginlegt álit þeirra aðila, sem umsagnir hafa gefið um þau, annarra en Skipaútgerðar ríkisins, að þau séu ekki hæf til vetrarferða, a. m. k. ekki til langra vetrarferða. Hitt er annað mál, hvort þau væru nothæf til staðbundinnar landhelgisgæzlu, en í rauninni má segja, að okkar landhelgisgæzla sé orðin nokkuð staðbundin, vegna þess að það er orðin föst regla að hafa landgæzluskipin á vissum ákveðnum stöðum á vertíðinni. Undanfarin ár hefur verið eitt skip á Hornafirði, eitt við Vestmannaeyjar, eitt hér í flóanum og eitt við Vestfirði. Ætlazt er til, að þessi skip stundi björgunarstarfsemi jafnframt landgæzlunni, sem einkanlega komi fram í því að draga skip til hafnar. Eftir því, sem Þórarinn Björnsson lætur í ljós, telur hann, að skipin séu

ekki hæf til þess. Að því er snertir þá skoðun, sem uppi hefur verið á Alþ. að sameina björgunarstarf og landhelgisgæzlu, þá heldur Þórarinn Björnsson því fram, að ekki sé hægt að nota skipin til þeirra hluta. Að vísu hefur ekki verið gerð *nema ein* tilraun með að láta þessi skip draga önnur skip, þ. e. vélskipið Frón, sem var dregið um nokkurt skeið, en bandið milli skipanna slitnaði mjög fljótlega, og virðist af þessu mega ráða, að skipið hafi haft of mikla ferð á sér við dráttinn. Forstjóri Skipaútgerðarinnar hefur haldið fram, að úr þessu megi bæta, með því að setja dráttarskrúfur, eina eða tvær, á skipið, í stað þeirra, sem nú eru á því.

Ég hygg, að ég hafi í raun og veru svarað fyllilega þessari fyrirspurn.

Ég vil þá koma að seinni hlutanum, viðvíkjandi athugunum á fyrirkomulagi landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi, sem gerðar hafa verið að tilhlutan ríkisstj. Í sumar sem leið fól ég forstjóra Skipaútgerðar ríkisins að láta mann frá landhelgisgæzlunni taka þátt í síldarflugi um nokkurn tíma til þess að komast að raun um, *að hvaða leyti hægt væri að nota flugvélar* til landhelgisgæzlu. Þórarinn Björnsson, skipstjóri, tók þetta starf að sér, og hefur hann gefið stjórnarráðinu alllanga skýrslu um þetta, sem ég sé ekki ástæðu til að lesa alla, en leyfi mér að lýsa þeirri niðurstöðu, sem hann hefur komizt að. Hann segir þar: „Það, sem vakir fyrir mér, er, að flugvélarnar séu nokkurs konar augu varðskipanna. — Ég hafði með sextant í þessum flugvélum, til þess að athuga, hvort hægt væri að gera staðarákvörðun með láréttum hornum úr flugvél. Það reyndist mjög létt, er komið var ca. 10—15 sjómílur frá landinu, en innan landhelgislínunnar verður sú staðarákvörðun aldrei nákvæm, vegna þess að þá er flugvélin svo nálægt landi og hraða hennar gætir svo miklu meira. En þó er hægt með nokkurri vissu að ákveða, hvort skipið er fyrir innan eða ekki. Og væri nú togari t. d. langt fyrir innan landhelgi, þá mundi vopnuð flugvél jafnvel geta haldið honum þar kyrrum, þar til varðskip kæmi á vettvang, ef það væri ekki allt of langt í burtu."

Tillögur hans eru svo hljóðandi:

„Að fengnir verði tveir 4 manna flugbátar, sem gætu einnig lent á landi, og hefur mér þá helzt dottið í hug Grunmannflugbátar, en það má vel vera, að einhver önnur tegund væri heppilegri, og læt ég sérfræðinga um það.

Á vertíðinni verði önnur flugvélin höfð á Hornafirði, og hafi hún vörzlu Austfjarða til Portlands. Hin flugvélin verði höfð í Reykjavík, og hafi hún gæzlu á svæðinu Vestfirðir til Portlands.

Yfir síldveiðitímabilið mundu þessar flugvélar verða í síldarleit jafnframt sem þær hefðu landhelgisgæzluna, og sé ég ekki annað en að það fari ágætlega saman. Hefði þá önnur svæðin Vestfirðir til Gjögurs og hefði stöð t. d. einhvers staðar við Húnaflóa, en hin hefði vörzlu á svæðinu Gjögur, Austfirðir og hefði t. d. bækistöð á Raufarhöfn.

Á flugvélar þessar þarf áhöfnin að vera flugmaður, vélamaður, sem einnig getur tekið að sér stjórn flugvélarinnar, skipstjóri og einn stýrimaður. Nauðsynlegt er að hafa tvo siglingafróða menn til þess að þeir geti tekið tvö lárétt horn samtímis til staðarákvarðana. Þá þyrftu flugmaður og vélamaður að kunna að fara með byssu, því að sjálfsögðu yrðu flugvélar þessar að hafa að minnsta kosti eina fallbyssu.

Á flugvélum þessum þarf að vera hægt að draga upp stöðvunarmerki með merkjaflaggi, og er það mjög auðvelt, en eins og kunnugt er, má elta skip út fyrir landhelgi, ef stöðvunarmerki hefur verið gefið meðan það enn var í landhelgi.

Að mínu áliti verður landhelgisgæzlunni bezt borgið með samvinnu flugvéla og hraðskreiðra varðskipa, og vil ég bæta því við, að að öllum líkindum mundu landhelgisveiðar svo að segja hverfa úr sögunni að mestu leyti.

V/s Sæbjörgu, 31/8 1945.

Virðingarfyllst

Þ. Björnsson."

Jafnhliða því, að þessar athuganir voru gerðar viðvíkjandi flugvélunum, þá fékk dómsmrn. mann, mjög kunnugan landhelgisgæzlu, til þess að athuga *hina litlu hraðbáta, sem hafðir voru hér í* förum af herstjórninni meðan ófriðurinn stóð, í Faxaflóa. Þessir bátar eru 20—30 tonn að stærð, en mjög hraðgengir og virðast vera byggðir sem góð sjóskip, þó þannig, að vegna þess hvað þeir eru litlir, gengur sjór mjög yfir skipin. Niðurstaða þessa kunnuga manns varðandi bátana varð sú, að þeir væru ekki hentugir til gæzlu, vegna þess að þeir færu mjög illa með menninia, sem væru þar um borð. Menn væru, þegar þeir kæmu úr ferðum yfir flóann, bláir og marðir, og af þessari ástæðu taldi þessi kunnugi maður, að þessir bátar væru ekki hentugir til strandgæzlu.

Í þriðja lagi varðandi þessa till., þá var forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, Pálma Loftssyni, þegar hann fór utan s. l. sumar, falið að athuga um möguleika á því að fá hentug skip til strandgæzlu í Englandi. Það er kunnugt, að ófriðnum var lokið, og þótti ekki ólíklegt, að eitthvað af þeim skipum, sem notuð hafa verið í ófriðnum, gætu verið hentug hér til strandgæzlu. Eins og kunnugt er, hefur ríkisstj. ekki aðrar fjárveitingar til landhelgisgæzlu til að auka skipastólinn en 500 þús. kr., sem voru á fjárl. s. l. ár. Það er vitanlega ekki hægt að gera mikið fyrir þessa upphæð, en þó hafði verið ætlunin snemma sumars að semja við Vestfirði um, að þar yrði byggð björgunarskúta og þessar 500 þús. kr. notaðar til þess, en síðan fengin aukafjárveiting á þessu ári, og ætluðu Vestfirðir að leggja fram 200 þús. til byggingarinnar, með því skilyrði, að skipið annaðist strandgæzlu fyrir Vestfirði. En þegar Pálmi Loftsson hafði símað ráðuneytinu um það frá Englandi, að hann ætti kost á 3 hraðskreiðum skipum, sem hann taldi hentug til björgunarstarfa og strandgæzlu hér við land, þá var bygging björgunarskútu á Vestfjörðum slegið á frest, og í rauninni þarf ég ekki að lýsa því fyrir þingheimi, að hjá ríkisstj., sem hefur mikinn áhuga á því að bæta úr landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi, vakti það vitanlega fögnuð, ef unnt væri að leggja fram rúmlega 1 millj. til þess að fá úr þessu bætt. Á fyrra ári þessara

fjárlaga var ætlað til landhelgisgæzlu 3 millj. kr., útgerðin á Ægi mun kosta um 2 millj., en ætla má, að hann vinni eitthvað fyrir sér með björgun. Þessir nýju bátar munu kosta í rekstri 800 þús. til 1 millj. kr. á ári. Þeir eru hraðskreiðir, með tiltölulega stórar vélar og þess vegna nokkuð dýrir í rekstri, en það mun vera hægt að halda úti 2 hraðbátum fyrir það, sem Ægir kostar. Útgerð á bátum eins og Óðni kostar um 600 þús. kr. Nú er það svo, að um tvær leiðir er að velja til þess að halda uppi strandgæzlu. Önnur sú að hafa skip á borð við Ægi og halda þeim úti árið um kring. Sennilega væri þá ekki hægt að komast af með færri en 5 skip af þeirri stærð, yfir vertíðina yrði að hafa skip á a. m. k. 4 stöðum á landinu og eitt skip við almenna gæzlu. Segjum, að komast mætti af með mótorbát á stærð við Óðin við Hornafjörð og úti fyrir Vestfjörðum, en þar fyrir utan nægði að hafa 3 mótorbáta, þá mundi landhelgisgæzlan kosta okkur nærri 7½ millj. kr. á ári, þótt ekki væri gert ráð fyrir flugvélum. Ef hins vegar væri horfið að því að breyta landhelgisgæzlunni meira í það horf að hafa smábáta, yrði landhelgisgæzlan 4½ millj. á ári. Nú er það svo, að frá mörgum er uppi sú krafa að stækka landhelgisgæzlu- og landvarnarskipin, og það er ekki óeðlileg krafa. Menn, sem eiga að vera á þessum skipum árið um kring, gera vitanlega kröfu til þess að hafa nokkurn veginn viðunandi aðbúnað á skipunum. En þá kemur það til álita, hvað ríkissjóður treystir sér til að gera í þessum efnum. Fyrir stríð var ríkið búið að eignast Ægi, Óðin og Þór, og meðan fjárhagurinn var sem verstur, var tveimur skipunum lagt og einu haldið úti, en landhelgisgæzla, sem er framkvæmd þannig, að skipunum er ekki haldið úti allt árið, er gagnslítil. Sé ekki hægt að hafa hraðskreið skip til að elta togarana uppi, er líklegt, að reynslan verði sú, að það sé bezt að hafa strandgæzluskip, sem líkjast fiskiskipum, þannig að togararnir þekki þau ekki og geti þess vegna ekki varað sig á þeim. Skip á stærð við Óðin geta tæplega gengið meira en milli 14 og 16 mílur, og ef slík skip líta auk þess út eins og fiskiskip, geta togararnir ekki varað sig á þeim. Hins vegar hafa hraðbátar elt togara uppi, og mótorbátar, sem togarar hafa ekki varað sig á, standa jafnvel enn betur að vígi með það að ná togurum en skip af sömu stærð og Ægir. Og ég get, til þess að styðja þetta, skýrt frá því, að samkv. skýrslu frá Skipaútgerð ríkisins, dags. 30. marz 1945, þá hafði Óðinn frá því að hann byrjaði og til þess tíma tekið 9 útlenda togara og 7 íslenzka togara að fiskveiðum í landhelgi og 5 útlenda og einn íslenzkan togara fyrir að veiða með ólöglegum veiðarfærum, samtals 22 skip, en á sama tíma hafði Ægir tekið 2 útlenda togara. Og ef þetta má teljast sönnun fyrir því, hvað eftirlitsbátar séu hæfir til þess að ná togurum í landhelgi, þá er eftirtekjan ákaflega ólík, þegar þess er gætt, að útgerð Óðins kostaði ekki nema ⅓ af því, sem útgerð Ægis kostaði, og fyrir þann kostnað hefði átt að vera hægt að gera út 3 mótorbáta til strandgæzlu og um leið gætti hann (Óðinn) björgunarstarfsemi fyrir sama verð og Ægir. Ég hef í þessu sambandi dálítið látið athuga möguleika á því að fá önnur skip í Bretlandi fyrir þessi varðskip, og vitanlegt er, að það er hægt að fá ef til vill ýmis önnur skip þar. En hættan á þeim skiptum er sú, að þau skip mundu kosta álíka mikið og Ægir kostar yfir árið, útgerð á þeim mundi kosta um 2 millj. kr., vegna þess, að skip, sem væru af heppilegri stærð, 180 fet, og gengju 16—17 mílur, á þeim mundu þurfa að vera 22—25 menn, þannig að þau yrðu álíka dýr í rekstri og Ægir, án þess að gera meira gagn við landhelgisgæzluna en mótorbátur á stærð við Óðin.

Ég held svo ekki, að það sé fleira, sem sé ástæða til að taka fram í þessu sambandi. Ef það væri eitthvað, sem fyrirspyrjandi óskaði upplýsinga um og ég get svarað, þá er það að sjálfsögðu til reiðu.

Fyrirspyrjandi (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir hans ýtarlegu svör við fyrirspurn minni og þá greinagóðu skýrslu, sem hann hefur gefið hér um það eftirlit, sem fyrirspurnin fjallar um, þ. e. a. s. um hæfni og eiginleika þeirra skipa, sem hæstv. ríkisstj. lét forstjóra Skipaútgæzlu og björgunarstarfsemi hér við land í gerðar ríkisins kaupa til landsins til landhelgis- Englandi í sumar. Það, sem skýrsla hæstv. ráðh. ber fyrst og fremst með sér og niðurstaða hennar, er, að þessi þrjú skip, sem komu á fyrrgreindum tíma, séu ekki hæf til þeirra starfa, sem þeim var ætlað að inna af höndum. Þetta virðist svo að segja öllum innlendum aðilum, öðrum en forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, bera saman um. Nefnd sú, sem hæstv. ráðh. skipaði 23. jan. s. l., hefur talið skipin óhæf til björgunarstarfa fyrst og fremst og ekki hæf til eftirlitsferða við landhelgisstörf. Skýrsla sú, sem skipstjórinn á einu skipinu, Þórarinn Björnsson, hefur gefið um vesturför hans á einu skipinu 21. nóv. s. l. til Ísafjarðar, ber það einnig með sér, að álit hans er á sömu lund. Ég tel ekki ástæðu til þess að ræða í þessu sambandi álitsgerð þá og umsögn, sem hæstv. ráðh. hefur fengið frá Com. E. Thomas. Hann lýsir skipunum sem mjög vel færum og hæfum til þeirra starfa, sem þeim var ætlað að vinna í Bretlandi, sem sé til skyndiferða og hraðferða milli Svíþjóðar og Bretlands. En öllum hv. þm. er ljóst og öllum, sem vita, til hvaða starfa þessi skip eru ætluð, að þó að skipin hafi reynzt vel í þessar nauðsynlegu hraðferðir milli þessara landa á styrjaldarárunum, þá fer fjarri því, að af því megi ályktа, að þau hæfi til landhelgisgæzlu og björgunarstarfa hér við land. Aðalatriðið í yfirlýsingu og skýrslu hæstv. ráðh. var það, að það væri álit allra íslenzkra aðila, að skipin séu ekki hæf til þeirra starfa, sem þeim voru ætluð.

En þá kemur að hinu, sem vitanlega er mjög mikið atriði í þessu sambandi: Hvað hyggst hæstv. ríkisstj. að gera með skipin? Því hefur hæstv. ráðh., a. m. k. að nokkru leyti, svarað, þar sem hann hefur skýrt frá því, að hann hafi skrifað forstjóra Skipaútgerðar ríkisins bréf, þar sem hann (ráðh.) óskar þess, að hann losi Skipaútgerðina og ríkissjóð við skipin og helzt í skiptum við önnur skip. Nú skýrði hæstv. ráðh.

aðeins frá því, að forstjóri Skipaútgerðarinnar hafi svarað þessu með bréfi 1. marz s. l., þar sem hann ítrekar þá skoðun sína, að hann telji bátana hæfa, en telji hins vegar líkur til þess, að brezki sjóherinn mundi vilja taka við þeim og skipta á þeim og öðrum skipum. Mér finnst þetta mjög góð tíðindi, ef sönn eru, en í þessu sambandi verð ég þó að segja það, að áður en farið yrði út í það að skipta á skipunum og fá önnur í staðinn, þá þyrfti töluvert meira að gerast. Þá þarf það að gerast, að ýtarlega rannsókn fari fram á því, hvaða skip það eru, sem okkur henta til þeirra starfa, sem hér um ræðir. Þó má það ekki vera þannig, að einn maður væri fenginn, sem sendur væri fyrirvaralítið í skyndi til Bretlands, og hann keypti þar skip, sem honum einn daginn kynni að litast vel á. Til þess verður meira að koma til. Þá verður rannsókn að hafa farið fram á því, hvað okkur henti í þessum efnum, sem gert er ráð fyrir í þeirri þáltill., sem samþ. var á síðasta þingi og bent er á í þessari fyrirspurn. Og enda þótt ég þykist hafa séð skoðun hæstv. ráðh. á því, hvað eigi að gera í þessum efnum, sem sé það, að hans áliti, að fá skipt á skipum, þá vildi ég þó beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort hæstv. ríkisstj. hafi nú þegar tekið ákvörðun um það að skila skipunum og hvaða skoðun hæstv. ráðh. og stj. hefur á því, hvaða skip beri að kaupa í stað þessara. Ég hygg, að það beri til þess brýna nauðsyn, að hæstv. stj. geri þetta upp við sig mjög fljótlega. Í fyrsta lagi er það, að þessi skip, sem nú liggja hér í Reykjavíkurhöfn undir umsjón íslenzkra manna, kosta ríkissjóð daglega stórfé, og hygg ég, að ég fari rétt með það, að skipin kosti ríkissjóð á mánuði óstarfrækt um 75000 kr. Þau hafa nú legið óstarfrækt rúma fjóra mánuði, og það er nokkurt fé, sem landhelgisgæzlan og ríkissjóður hafa orðið að blæða fyrir þessi gagnslausu skip. Það ber þess vegna til þess nauðsyn, að stj. taki skjótar ákvarðanir um það, hvað hún ætlar að gera í þessum efnum, og vænti ég, að það verði það, sem hæstv. dómsmrh. lýsti hér áðan sem sinni skoðun, að það ætti að skipta á skipunum og taka önnur. Og ég vil lýsa því sem minni skoðun, að undangenginni þessari rannsókn, sem fram hefur farið á skipunum í höfn, að það á að skipta á skipunum, svo fremi að þess sé kostur, og þetta á að gera sem allra fyrst, og þetta hefði helzt átt að vera búið að gera, enda þótt ekki hefði legið fyrir rannsókn um það, að málin standa eins og þau standa í dag, en það verður að standa við þessa rannsókn. Í þessum efnum er sjálfsagt að fá sem greinilegast úr þessu skorið, og hæstv. ráðh. hefur verið fús til þess að láta kryfja þessi mál til mergjar. En aðalatriðið er nú, að menn geri sér ljóst, að þessi mál eru aðkallandi, því að ástand landhelgisgæzlunnar eins og það er í dag er hið hörmulegasta. Má það hverjum manni vera ljóst, sem fylgzt hefur með björgunarstarfseminni og landhelgisgæzlunni á s. l. ári, að þeim málum hefur mjög farið hrakandi, og athyglisvert er, hvernig ástandið er í þessum efnum í dag. Það er þannig, að Ægir er í viðgerð í Kaupmannahöfn og Þór, annað aðalskip landhelgisgæzlunnar, er í fiskflutningum og björgunarskip landsins, Sæbjörg, er í viðgerð, og björgunarstarfsemin og landhelgisgæzlan er því rekin með leigumála, með misjöfnum mótorskipum. Það má öllum vera ljóst af þessu, hvernig raunverulega er ástatt með landhelgisgæzluna og björgunarstarfsemina í dag. Þess vegna vildi ég leggja á það mikla áherzlu, að ákvörðunum stj. í þessum efnum yrði hraðað sem allra mest, og ég vil lýsa því sem minni skoðun, að þá leið beri að fara, sem hæstv. dómsmrh. drap á, sem sé að skila skipunum sem skjótast aftur og athuga, hvort hægt muni að fá betri í staðinn.

Ég vil svo minnast á síðari hluta fyrirspurnar minnar, sem hæstv. ráðh. einnig svaraði, þ. e. a. s., hvað gert hefur verið í því að láta fara fram þá athugun á fyrirkomulagi landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi, sem ríkisstj. var falin með þál. á síðasta Alþ. Ég var einn af flm. þeirrar till., og það var okkur flm. hennar mjög mikið áhugamál að fá þá rannsókn framkvæmda, á fyrirkomulagi landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi, sem þar var lagt fyrir stj. að koma í framkvæmd. Ég verð að segja það, enda þótt ég vilji ekki áfellast hæstv. stj. svo mjög fyrir það, sem gerzt hefur í þessu máli s. l. ár, að ég hefði talið eðlilegra, að sú rannsókn á fyrirkomulagi landhelgisgæzlunnar og björgunarstarfseminnar, sem lagt var til með þessari till., hefði farið fram áður en þessi þrjú óhappaskip voru keypt frá Bretlandi. Það hefði verið langsamlega æskilegasta og eðlilegasta leiðin í þessu máli, að stj. hefði látið fara fram ýtarlega athugun á því, hvaða skipsstærð hentaði okkur við landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi hér við land, og hvaða starfsemi önnur væri nauðsynleg í höfn til þess að landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi yrði haldið hér uppi á sæmilega viðunandi hátt. En niðurstaðan varð sú, að áður en þessi rannsókn hafði farið fram, þá voru þessi þrjú skip keypt, og það er ekki hægt að neita því, að þessi kaup hafa, auk þess sem þau hafa valdið þeim, sem í góðum huga stóðu að kaupum þeirra, miklum vonbrigðum, beinlínis tafið framkvæmd þessara mála mjög verulega. Í fyrsta lagi hafa þau gersamlega eyðilagt þau áform Vestfirðinga að fá sína björgunarskútu byggða á s. l. ári og byrjun þessa árs, sem búið var að semja um við stj. að verulegu leyti, og það hefur enn fremur slegið á frest raunverulegri ýtarlegri rannsókn á því, hvað bezt henti í þessum efnum yfirleitt. Tíminn hefur farið í það að velta vöngum yfir þessum skipum, sem svo miklum vonbrigðum hafa valdið, og fé, sem ætlað var á síðustu fjárl., ½ millj. kr., til kaupa á varðskipum, hefur einnig farið í það í viðbót við ½ millj. kr. Ég er ekki að ásaka hæstv. stj. fyrir þetta, enda þótt ég hefði talið heppilegri og eðlilegri leið, að byrjað hefði verið á því að framkvæma till. að þessu leyti. En ég veit það, að bæði hæstv. dómsmrh. og stj. í heild hafa mikinn áhuga fyrir þessum málum og að það eru stj. vonbrigði, að svo hefur til tekizt sem raun ber vitni um þessi skip, og eins hv. alþm. og landsmönnum yfirleitt, sem áhuga hafa fyrir þessum málum og telja, að brýna nauðsyn beri til að koma þessum málum í betra horf en þau raunverulega eru í nú.

Ég held svo, að ég hafi ekki mjög miklu við þetta að bæta, sem ég hef sagt. Ég vil aðeins beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort það megi ekki vænta þess, að stj. taki nú alveg á næstunni endanlega ákvörðun um það, hvað gert verður við þessi skip, þegar þessi rannsókn liggur fyrir, hvort það megi ekki vænta þess, að á næstu dögum verði tekin um það ákvörðun. Ég vil lýsa því sem minni skoðun, að það eigi að fara þá leið, sem hæstv. ráðh. talaði um, að skila skipunum sem skjótast og athuga möguleika á því að fá ný skip í staðinn. Og enn fremur vildi ég spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort ekki er rétt með það farið, að skipin á mánuði hverjum kosti ríkissjóð þá upphæð, sem ég nefndi, 75000 kr. á mánuði. — Ég vil svo lýsa þeirri skoðun minni, sem ég setti hér fram þegar ég mælti fyrir þeirri þáltill., sem ég flutti á síðasta ári og samþ. var með nokkrum breyt., að ég teldi, að það væri ólíklegt, að landhelgisgæzlunni verði komið í sæmilegt horf meðan sá háttur væri á hafður um yfirstjórn hennar, sem nú er, að landhelgisgæzlan sé höfð í horninu hjá flutningafyrirtæki. Þessi skoðun mín er óbreytt, og ég tel, að það, sem nú hefur gerzt í þessu máli á s. l. sumri, sanni það, að þessi skoðun mín er fyllilega á rökum byggð, að það beri að stefna að því og stj. beri að hafa það í huga, þegar hún framkvæmir rannsóknina, að að því verði að stefna, að landhelgisgæzlan verði sett undir sérstaka stjórn og sérstaklega sérfróða og menntaða stjórn. — Þetta var skoðun okkar flm. þeirrar þáltill., sem samþ. var í fyrra með nokkrum breyt., og ég hygg, að ég geti fyrir munn okkar allra fullyrt, að sú skoðun sé óbreytt.

Ég skal ekki fara að ræða, hvaða stærð sé heppilegust af þeim skipum, sem hér eiga að stunda landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi, það er hlutverk þeirrar n. og þeirra aðila, sem þá rannsókn eiga að framkvæma, sem hér hefur verið rætt um. En ég tel það ekki rétt, að draga megi þá ályktun af því, að Ægir hefur aðeins tekið 2 togara, en Óðinn 22 skip, að hin minni skipastærðin sé hentugri. Við vitum, að það, sem er fyrst og fremst hlutverk skipanna, sem annast landhelgisgæzlu, það er að verja landhelgina. Það er ekki það að lokka skipin inn í landhelgina til þess að geta tekið þau þar, heldur er það fyrst og fremst hlutverk þeirra að koma í veg fyrir, að erlendir og innlendir veiðiþjófar veiði í landhelgi, og mér finnst þess vegna, að það sé ekki fyllilega rökrétt að álykta um hæfni skipa til landhelgisgæzlu eingöngu út frá því, hvað mörg skip þau hafa tekið. Skip, sem þekkist af togurum, það varnar því, að skip komi inn í landhelgina, þó að það sé ekki tekið. Annars vil ég ekki fara að rökræða þetta atriði. Það er að sjálfsögðu mjög athugandi í þessu máli, um stærð skipanna, og það er afar stórt atriði í þessu sambandi, hversu gífurlegur er rekstrarkostnaður hinna stærri skipa, og vil ég taka undir það með hæstv. dómsmrh., að það beri mjög að athuga þetta mál um stærð skipanna einnig frá fjárhagslegri getu og bolmagni okkar opinbera sjóðs, ríkissjóðs.

Ég hygg svo, að ég hafi ekki mjög miklu við þetta að bæta. Ég vil ítreka þá ósk, um leið og ég þakka hæstv. ráðh. fyrir góð og greið svör hans við fyrirspurn minni, að fram verði haldið þeirri rannsókn, sem stj. var falin með þál. á síðasta þingi, og ég tel þá rannsókn grundvöll undir það, sem gera á í þessum efnum, og að þá rannsókn verði fyrst og fremst að hafa til hliðsjónar, þegar það verður ákveðið að skila þessum skipum og kaupa önnur í staðinn. Það má ekki endurtaka sig, að einn maður, hvort sem hann heitir forstjóri Skipaútgerðar ríkisins eða eitthvað annað, verði sendur til útlanda og að tiltölulega lítt yfirveguðu ráði kaupi það skip, sem svo reynist af óhentugri stærð eða skortir eiginleika, sem nauðsynlegt er að skip, sem annast eiga landhelgisgæzlu og björgunarstörf við Ísland, hafi. Þess vegna tel ég það grundvallaratriði í þessu máli, að aðallínurnar séu markaðar fyrst um það, hversu landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi skuli varið hér við land. Ég tel það alveg meginatriði, og mér þykir líklegt á undirtektum hæstv. dómsmrh., að hann sé mér sammála um þetta, enda hefur hann þegar látið hefja nokkra athugun á því, hvað henti í þessum efnum, þar sem hann hefur fengið mann til þess að vera með í síldarleit og athuga möguleika í þá átt að nota flugvélar til landhelgisgæzlu. En enn sem komið er nær þessi athugun og rannsókn of skammt, og þess vegna er það, sem við erum komnir í þann vanda, sem raun ber vitni um nú, þegar við erum að ræða um þessi skip, sem væntanlega verður nú skilað og önnur fengin í staðinn.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég hef ekki mörgu að svara hv. þm. N.-Ísf. Við erum sammála um þessi mál, og honum er vel kunnugt um það, að fyrir mér hafa landhelgisgæzlumálin alltaf verið mikið áhugamál.

Það er ekki að öllu leyti rétt, að skipin hafi verið algerlega óstarfrækt, því að eitt þeirra hefur verið að starfi nær óslitið síðan um áramót og hefur á því tímabili tekið einn togara í landhelgi. Ég upplýsti áðan, að rekstrarkostnaður varðbátanna mundi vera um 800 þús. til 1 millj. fyrir hvern þeirra á ári, ef þeir eru úti, en ef þeir hins vegar liggja í höfn, þá sem svarar varðmannskaupi þriggja manna, þar eð annar kostnaður kemur vart til greina. Ég hef lagt svo fyrir, að afskrá skuli af öllum skipunum nema einu, en það skuli starfa, þar til ákveðið er, hvað gert verður við skipin öll.

Mér er það ljóst, að landhelgisgæzlunni er mjög áfátt, en ekki varð hjá því komizt að senda Ægi í klössun, eftir að hann hafði verið í stöðugri notkun allan stríðstímann. Sama er að segja um Sæbjörgu. Sagt var, að vélin hefði verið orðin laus í henni, svo að varla hefur verið seinna vænna. Til gæzlu við Vestfirði var leigt skip og einnig var skip leigt með tilvísun Slysavarnafélagsins til björgunar og gæzlu í Faxaflóa og kom það að góðu haldi í mannskaðaveðrinu um daginn. Þá var leigður bátur til þess að vera við Vestmannaeyjar, þar til Ægir kemur, og enn einn bátur er við Hornafjörð.

Einn af skipstjórum landhelgisgæzlunnar hefur verið fenginn til þess að athuga um þetta og einnig hafa forstjórar flugfélaganna verið

kvaddir til. Svo var trúnaðarmaður Skipaútgerðarinnar sendur utan til þess að athuga um kaup á nýjum skipum eftir stríðið.

Það er mesti misskilningur, að ég hafi löngun til þess að spara við landhelgisgæzluna, en það þýðir ekki að hafa svo dýr skip, sem ekki er hægt að halda úti fyrir það fé, sem veitt er til þessara mála af fjárl. Fyrir 3 millj. kr. er ekki hægt að halda mörgum skipum úti. Á Ægi er 26 manna áhöfn, á Óðni 10 manna og á hraðbátunum 14 manna, en rekstrarkostnaðurinn fer nokkuð eftir því, hve fjölmennar áhafnirnar eru. Ef við ættum að halda úti 3—4 skipum með 26 manna áhöfn, mundi það kosta um 6—8 millj. kr. Þó yrði það ekki fullnægjandi, því að fleiri skip þarf. Þór er ekki hafður við landhelgisgæzlu vegna þess, hve dýr hann er í rekstri. Í 3 ár hefur verið samþykkt heimild til þess að selja hann, en enginn kaupandi hefur fengizt.

Ég er ekki viðbúinn að svara því, hvað stór skip við ættum helzt að hafa í þetta, en mér er þó nær að halda, að ekki sé hægt að hafa nema 5 skip með 13 manna áhöfn og 2 flugvélar, sem vetur og vor væru til björgunar og gæzlu, en á sumrin til síldarleitar. Það yrði og spursmál, hvort ríkið ætti ekki að eiga þær flugvélar. En eins og stendur, er sem sagt áhöfn á einum af hraðbátunum og hinir verða látnir liggja, þar til ákveðið er, hvað um þá verður. Og ef svo ber undir, verður skipunum skilað aftur.

Viðvíkjandi því, að skipin þurfi að vera auðþekkt, held ég, að það geti verið nokkuð tvíeggjað. Veiðiþjófar mundu vera öruggari um sig að fara í landhelgi, ef þeir gætu þekkt gæzluskipin úr 7—6 mílna fjarlægð. Ég held, að hitt væri nær að hafa skipin þannig, að þau þekktust ekki á langleiðum. Hitt get ég í sjálfu sér fallizt á, sem hv. þm. sagði, að landhelgisgæzlan væri allt eins mikið í því falin að verja landhelgina eins og að taka skip í henni.

Ég gleðst yfir áhuga hv. þm. N.-Ísf. á þessu máli, og landhelgismálin fengju áreiðanlega fljótari afgreiðslu, ef allir þm. væru sama sinnis og ég og hann í því máli.

Fyrirspyrjandi (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Hæstv. ráðh. má ekki skilja orð mín svo, að ég hafi verið að ásaka hæstv. ríkisstj. fyrir það, að Ægir og Sæbjörg eru í viðgerð. Ég vildi hér aðeins benda á það, hvernig ástandið er í þessum málum. Sama máli gegnir með Þór, að mér var um það kunnugt, að landhelgisgæzlan vildi losna við hann. En nauðsynin til úrbóta er enn þá brýnni, úr því að skipin eru ýmist í viðgerð eða fiskflutningum. Ég legg áherzlu á það, að ríkisstj. verður að ákveða eitthvað, hvað gera skuli í þessum málum, og eiginlega saknaði ég þess úr ræðu hæstv. ráðh., að hann upplýsti eitthvað um það. (*Félags- og dómsmrh.:* Ég hygg, að ég hafi svarað þessu í ræðu minni). Nei, ég held ekki. En bæði sjómenn og þm. langar til þess að fá um það vitneskju.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Ég held, að ég hafi svarað því, að verið væri að athuga, hvað gera ætti við hraðbátana, og mannskapurinn hefði verið afmunstraður af tveimur þeirra, en ég bið afsökunar á því, ef þetta hefur ekki verið nógu skýrt hjá mér.

6. Flutningur hengibrúar.

Á 16. fundi í Ed., 26. okt., var útbýtt:
Fyrirspurn til samgöngumálaráðherra um flutning hengibrúar (A. 51).

Á 17. fundi í Ed., 29. okt., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 12 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 13. nóv., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, með því að samgmrh. hafði tjáð sig reiðubúinn að svara henni.

Fyrirspyrjandi (Eiríkur Einarsson): Vegna þess hve brúargerð á Hvítá hjá Iðu í Biskupstungum er aðkallandi, þótti mér rétt að gera þessa fyrirspurn til hæstv. samgmrh., til þess að fá úr því skorið, ef tímabært reyndist, hvort samþ. frá Alþingi í fyrra um færslu Ölfusárbrúar á Hvítá hjá Iðu í Biskupstungum er möguleg. Ég vil þakka Alþingi fyrir skilninginn á þessu máli og einnig fyrir heimildina sjálfa. Ég hef hugboð um, að rannsókn hafi farið fram, en óska að vita, hvort hún hefur orðið jákvæð eða neikvæð, því að nauðsynlegt er að vita, hvað hægt er að gera í þessu mikla vandamáli, en það fer allmikið eftir því, hvað rannsóknin hefur leitt í ljós.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Strax og þáltill. var samþ. 6. febr. 1945 varðandi þetta mál, var vegamálastjóra falið að gera þá athugun. Álit hafði ekki borizt, þegar fyrirspurnin kom frá hv. 2. þm. Árn. Þess vegna var fyrirspurnin send til vegamálastjóra. Atv.- og samgmrn. hefur nú borizt bréf frá vegamálastjóra varðandi þetta mál, og þar sem í því felast beztu upplýsingar um þetta efni, vil ég lesa bréfið hér í deildinni, með leyfi hæstv. forseta. Það hljóðar svo:

„*Brú á Hvítá hjá Iðu.*

Síðan samþ. var ályktun á Alþingi 6. febr. s. l., hefur verið mælt og rannsakað ýtarlegar brúarstæðið á Hvítá hjá Iðu. Kemur í ljós, að þar þarf hengibrú 104 m langa, en milli turna Ölfusárbrúar er aðeins 75 m. Þá er það upplýst við athugun á ástandi Ölfusárbrúar, að járnin, sem bera upp gólf brúarinnar, eru orðin nokkuð aflöguð og ótrygg. Akbreidd brúarinnar er aðeins 2,6 m, og er það allmiklu mjórra en nú þykir rétt að hafa á nokkurri brú, nema helzt á afskekktri leið, þar sem engin teljandi þungaumferð er, en ekki er unnt að breikka brúna, þar sem hún yrði sett upp á ný, nema með mjög verulegum kostnaði. Af framangreindum ástæðum tel ég hana algerlega ófullnægjandi á Hvítá hjá Iðu, með því að nauðsynlegt verður, að þar komi traust brú með sæmilegri breidd, er nægi

til frambúðar. Eg er kominn að þeirri niðurstöðu að leggja til, að á Hvítá verði sett 104 m löng brú, að öllu leyti nýsmíðuð og 4 m breið, og miðist styrkleiki hennar við, að hún þoli umferð þungra bifreiða svo og allt að 12 tonna þungan vagn, sem dreginn er af bifreið, og er þetta sami þungi og styrkleiki nýju brúarinnar á Jökulsá hjá Grímsstöðum verður miðaður við. Innan skamms mun ég geta haft tilbúna kostnaðaráætlun um slíka brú á Hvítá. Ég hef nýlega fengið tilboð í járn og járnsmíði hengibrúar á Jökulsá frá beztu brúarsmiðjunni, sem smíðaði Ölfusárbrúna, og mun bráðlega hafa tilbúna kostnaðaráætlun um þá brú. Telur firmað, að til mála komi einhver lítil lækkun á brúarsmíðinni, ef tvær brýr eins yrðu pantaðar samtímis. Að því er snertir gömlu Ölfusárbrúna, þá mun ekki svara kostnaði að nota hana aftur nema yfir styttra brúarhaf, því járn í henni eru of veik, ef hafið lengist, og þarf þá gildari járnbita, en af því leiðir enn aðrar breytingar. Þá þarf og hærri turna fyrir lengri brú, en hins vegar má jafnvel vænta þess, að talið verði öruggt að nota strengina fyrir styttri brú. Samt verður gamla brúin ekki endurbyggð svo, að hún þoli verulega meiri þunga en nú, sem er mest 6 tonna bifreið. Kemur því ekki til að nota hana nema þar, sem fyrirsjáanlegt er, að ekki þarf að gera ráð fyrir umferð mjög þungra bifreiða. Á næstu árum má vænta, að komi hengibrýr á þessar ár, allar styttri en Ölfusárbrúin:

1. Blöndu hjá Löngumýri um 50 m löng.
2. Hvítá í Borgarfirði hjá Bjarnastöðum í Hvítársíðu, 52—55 m löng.
3. Lagarfljót hjá Kirkjubæ, 62 m löng, og
4. ef til vill Tungnaá á Haldi á Sprengisandsleið, 65—70 m löng.

Þar sem vænta má, að styrkleiki þriggja fyrst töldu brúanna verði að miðast við, að fullhlaðnar mjólkurflutningabifreiðar fari um þær, efast ég um, að rétt þyki að nota Ölfusárbrúna þar, því að þær eru allt að 8 tonn á þyngd. Að minnsta kosti yrði fyrst að gera útreikninga um áætlaðan styrkleika hinnar endurbættu brúar. Frekar geri ég ráð fyrir, að gamla brúin þætti viðunandi sterk á jafnfáfarna leið og yrði yfir Tungnaá. Ég vil þó að svo stöddu frekar fresta að gera tillögu um, hvar brúin yrði endurbyggð.

Aðrar hengibrýr, sem væntanlegar eru, eru allar lengri:

1. Skjálfandafljót í Bárðardal, um 112 m löng.
2. Hvítá í Árnessýslu hjá Kiðjabergi, um 140 m löng.
3. Þjórsá hjá Þjórsárholti, um 100 m löng.

Hefur þess sérstaklega verið óskað, að athugað væri, hvort ekki mætti nota Ölfusárbrúna á Skjálfandafljót, því að þar mundi væntanlega nægja léttbyggð brú. Brúarstæði, er til greina koma þar, hafa á ný verið rannsökuð og mæld á síðastliðnu sumri, og er fullvíst, að styttra brúarhaf fæst þar ekki en um 112 m. Er brúin því að dómi okkar verkfræðinganna ónothæf þar, nema ef til vill með mjög kostnaðarsömum breytingum, og er hætt við, að kostnaðarmunur á endurbyggingu hennar og á nýrri brú yrði þá ekki mikill. Jafnframt er þó til athugunar, hvort ekki megi setja brúna á annan stað, þar sem að vísu þyrfti um 165 m langa brú. Hún yrði þó allmiklu ódýrari en hengibrú 112 m löng, ef þar reynist ráðlegt að koma fyrir steyptum stöplum úti í farveginum, en þarna er talið vera mikið ísrek, og gæti því stöplunum verið nokkuð hætt.

Virðingarfyllst

Geir Zoëga."

Eftir þessu bréfi tel ég, að ekki komi til greina, að Ölfusárbrúin verði flutt á Hvítá hjá Iðu.

Fyrirspyrjandi (Eiríkur Einarsson): Ég er þakklátur hæstv. ráðh. fyrir skýrslu hans og greið svör, þó að betra hefði verið að fá jákvætt svar, svo að brúin hefði mátt flytjast til á sínu vatnsfalli, en kringumstæðurnar leyfa það ekki. Ég tel víst, að skýrslan, sem hæstv. ráðh. las upp, sé í alla staði rétt.

Ég endurtek þakklæti mitt til hæstv. ráðh. fyrir greið svör við þessari fyrirspurn og álít hæggara að finna lausn á þessu máli, þar sem þessi leið er ekki álitin koma til greina.

Jónas Jónsson: Eftir að ég hafði fengið að vita hjá vegamálastjóra, að Ölfusárbrúin væri ekki nothæf á Hvítá, þar sem hún er hvorki nógu löng né breið, skrifaði ég samgmrh. og spurðist fyrir, hvort hún væri ekki nothæf á Skjálfandafljót í Bárðardal. Sveit þessi er um 40 km á lengd, en fljótið klýfur mjög bæði samgöngur og hvers konar viðskipti, en það er eins og allir skilja mjög bagalegt. Þó að ráðh. sé vondaufur um, að nota megi brúna þar, er ég ekki vonlaus um, að það mætti takast. Stórár, sem kljúfa héruð, eins og Skjálfandafljót í Bárðardal, Jökulsá í Lóni o. fl., og gera nútímalíf svo torvelt, er nauðsynlegt að brúa. Ég vona, að ráðherrann noti Ölfusárbrúna á góðan stað og þá einkum í eitthvert þessara vanræktu héraða. Býst ég við að hreyfa þessu máli síðar, að hin klofnu héruð fái brýr.

7. Bætur frá Þjóðverjum fyrir hernaðarspjöll.

Á 75. fundi í Ed., 1 marz, var útbýtt:

Fyrirspurn til ríkisstj. um, hvað unnt er að gera til að fá bætur frá Þjóðverjum fyrir hernaðarspjöll á Íslandi (A. 491).

Á 76. fundi í Ed., 4. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 10 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., 27. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, með því að dómsmrh. hafði tjáð sig við því búinn að svara henni.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Þetta mál er nú þannig, að ekki þarf mikið að tala um það. Það er vitað, að á stríðsárunum sökktu Þjóðverjar nokkrum íslenzkum skipum með allri áhöfn, auk annarra spjalla. En þessar

árásir, sem voru ákaflega ómannúðlegar — að svo miklu leyti sem við vitum um þær frá mönnum af þeim skipum, þar sem nokkur mannbjörg varð, — voru þannig, að hér fer saman mikið manntjón og þar með sá skaði þjóðhagslega, sem því fylgir, ef hægt er að meta hann til fjár, og einnig mikið eignatjón. Þar sem nú aðrar þjóðir leitast við að fá nokkrar bætur fyrir þau spjöll, sem einræðisríkin gerðu á eignum aðila í öðrum ríkjum, fannst mér rétt að hreyfa því hér í hv. þd., hvað hæstv. ríkisstjórn væri búin eða hugsaði sér að gera til þess að tryggja rétt Íslands í þessu efni. Mér þætti vænt um, ef hæstv. dómsmrh. vildi segja sína skoðun um þetta mál.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Mér er ljúft að upplýsa það, sem gerzt hefur í þessu máli, að að stríðinu loknu var farið að ræða um það á milli dómsmrn. og utanrrn., hvað gera skyldi í þessu máli. Og með bréfi, dags. 18. okt. 1945, og með tilvísun til samtals, sem fram hefur farið um þetta áður, þá skýrir utanríkisráðuneytið frá því, að utanrrh. hafi fyrir nokkru óskað álits dr. Einars Arnórssonar fyrrv. hæstaréttardómara um það, á hvern hátt Íslendingar ættu að gera skaðabótakröfur á hendur Þjóðverjum fyrir mann- og eignatjón af þeirra völdum í styrjöldinni, og enn fremur um það, að ef horfið yrði að því ráði, að gerðar yrðu slíkar kröfur, hvernig ætti að haga meðferð þessa máls.

Með bréfi, dags. 6. ágúst 1945, sendir dr. Einar Arnórsson hæstv. forsrh. álitsgerð, sem ég skal leyfa mér að lesa upp. — Og með tilvísun til þeirra samtala, sem ég gat um, beinir utanrrn. til dómsmrn., að það láti gera yfirlit yfir allar skaðabótakröfur, sem það telji rétt, að gerðar verði á hendur Þjóðverjum, og að það rökstyðji þær með sem ýtarlegustum sönnunum sem frekast kostur væri á.

Álit dr. Einars Arnórssonar er, með leyfi hæstv. forseta, svohljóðandi:

„Með bréfi, dags. 27. f. m., hefur hæstv. forsrh. óskað álits míns um það,

I. „hvort Íslendingar ættu að gera skaðabótakröfur á hendur Þjóðverjum fyrir manna- og eignatjón af þeirra völdum í styrjöldinni", og

II. „ef horfið yrði að því að gera slíkar kröfur, hversu bæri þá að haga þeim og meðferð slíkra mála."

Ég vil leyfa mér að lýsa hyggju minni um þessi atriði í fáum orðum.

Um I. Um árás þýzkrar flugvélar á s/s „Súðina" hér við land sumarið 1943 mun varla vafasamt, að þýzka ríkið eigi að bæta það tjón, er árás þessi hafði í för með sér. Hin skipin, sem fyrir árás urðu, munu hafa verið í förum milli Íslands og lands, sem Þjóðverjar áttu í styrjöld við, og í takmarki, er þeir höfðu lýst ófriðarsvæði, eða í fylgd og vernd herskipa óvinaríkja Þjóðverja. Nú leikur ekki á tveim tungum, hver nauðsyn Íslandi var á því að hafa samgöngur við Bretland og Ameríku á styrjaldarárunum, og eigi orkar það heldur tvímælis, að Ísland var í fyrstu hernumið af Bretum og síðan, frá því nálægt miðju ári 1941, undir hervaldi Bandaríkja Norður-Ameríku samkvæmt samningi milli þeirra og Íslands. Það mun og almennt viðurkennt, hversu mikilvægur hernaðarstaður Ísland var Bandaríkjunum og Bretum í styrjöldinni við Þjóðverja. Þótt íslenzka *þjóðin* væri *að formi til* hlutlaus í þeirri styrjöld, þá var *landið* raunverulega herstæði og skipakostur þess varð raunverulega að vera í þjónustu Breta og Bandaríkjamanna jafnframt flutningum nauðsynja frá þessum þjóðum til Íslands. Af þessum ástæðum virðist Ísland hafa fulla siðferðislega kröfu til bóta fyrir spjöll á mönnum og munum, er Þjóðverjar hafa valdið því. Þjóðverjar voru gersigraðir og hafa gefizt upp *skilyrðislaust*. En af því leiðir aftur, að Bretland og Bandaríkin, sem Ísland hefur unnið með í styrjöldinni, hafa í hendi sér, ásamt öðrum styrjaldaraðilum þeirra megin, ákvörðun um bætur af hendi Þjóðverja til Íslands, eins og allt annað, er kjör og kosti Þjóðverja vegna styrjaldarúrslitanna varðar. Og þykir því mega vænta þess, að stórveldi þessi telji sanngjarnt, að Ísland fái bætur úr hendi Þjóðverja, hvað sem stranglögfræðilegri túlkun á afstöðu Íslands í styrjöldinni líður

Af framangreindum ástæðum virðist einsætt, að gera beri kröfur um bætur úr hendi Þjóðverja *fyrir spjöll á mönnum og munum*, er þeir hafa valdið Íslandi í styrjöldinni.

Um II. 1. um *friðarsamninga* í venjulegum skilningi milli bandamanna og Þjóðverja verður ekki að ræða, því að samkvæmt hinni skilyrðislausu uppgjöf Þjóðverja munu Bandamenn ákveða einhliða kjör og kosti Þjóðverja. En af því leiðir aftur, að beina verður kröfum Íslands til Bandamanna (þ. e. í þessu sambandi Breta og Bandaríkjamanna), er svo úrskurða, hvort Þjóðverjar skuli greiða, hversu mikið og með hverjum hætti. Sennilega verður sett nefnd til rannsóknar og tillagna um öll skaðabótamálin. Og sú nefnd mun þá fjalla um kröfur Íslands.

2. Mikið vandamál mun hér verða *sönnunaratriðið*. Til stuðnings kröfum um skaðabætur virðist þessara atriða einkum vera þörf:

a) Skrá um hvert einstakt íslenzkt skip, er fyrir spjöllum hefur orðið, hvar og með hverjum hætti þau hafa orðið og hverjum úrslitum, stærð skips, aldur og til hvers notað, eiganda, vátryggingarupphæð og vátryggjanda, vél og aldur hennar, flokkun skips og fylgifé og yfirleitt allar upplýsingar, er unnt er að afla og máli skipta um verðmæti skips.

b) Skrá um menn þá, er farizt hafa eða orðið hafa fyrir heilsutjóni eða öðru tjóni sakir árása Þjóðverja á skip þeirra, aldur þeirra, atvinnu og annað, er máli skiptir um bótahæð.

c) Skrá um konur og ósjálfráða börn hvers manns, er farizt hefur, og foreldra, ef ætla má þá eiga kröfu til dánarbóta.

d) Skrá um verðmæti þau, er í skipi voru og eigi voru beinlínis fylgifé þess, svo sem farm og skipsforða, eignir skipverja, er tapazt hafa, og verðmæti önnur í skipi, og annað, er máli skiptir í því sambandi um kröfu og kröfuhæð.

e) Kröfur þær, er gerðar verða um bætur fyrir hvað eina, svo sem dánarbætur handa konu, börnum eða foreldrum, bætur fyrir heilsutjón, lækniskostnað, heimsendingu manna, uppihald og atvinnutap, skipsbætur og farms og muna

annarra, er tapazt hafa, eftir því sem frekast er kostur.

Sönnunargögn í þessu efni eru skýrslur manna fyrir dómi (sjóferðapróf), farmskrár skipa, skipshafnarskrár, sjóferðabækur skipverja, skýrslur útgerðarmanns um farm og tapað farmgjald, bjarglaun, ef því er að skipta, viðgerðarkostnað skips, sameiginlegt sjótjón, farmiða, kaupkjör manna, skýrslur manna um glataðan farangur sinn, ef því er að skipta o. s. frv., sem of langt yrði upp að telja.

Það er auðvitað verkhyggnisatriði, hvernig haga skuli gögnum þessum. En líklega yrði gleggst að hafa hvert skip sér (upplýsingar um skip, menn á því og muni o. s. frv.) og kröfur allar í sambandi þar við, því að líklega yrði að rannsaka og úrskurða sér kröfu um bætur og bótahæð fyrir spjöll í sambandi við hvert skip.

Loks skal á það bent, að tiltækilegt kann að vera, að Ísland taki undir sjálfu sér bætur í verðmæti eigna þýzka ríkisins hér, svo sem til vinnst."

Ég skal geta þess, að eftir kröfu frá þeim, sem nú stjórna Þýzkalandi, þá hafa eignir þýzka sendiráðsins hér verið teknar til geymslu. Og sama máli er að gegna um það fé, sem stóð hér inni hjá Landsbanka Íslands, þ. e. a. s. skuld Íslands við Þjóðverja fyrir stríð.

Að öðru leyti get ég upplýst það, að gerð var skrá yfir þau skip og þá menn, sem farizt hafa af styrjaldarvöldum svo sannanlegt sé, eða horfið í stríðinu þannig, að enginn veit, hvernig farizt hafa. Þessi skrá er samin af Slysavarnafélagi Íslands, og hún er það nákvæm, að þar eru tilgreindir ómagar, sem tilheyrðu hverjum manni, sem fórst, og allar þær upplýsingar, sem óskað var eftir. Skráin sýnir það, að alls liggja sannanir fyrir um, að Þjóðverjar hafi gert árásir á 9 íslenzk skip í styrjöldinni. Þar af fórust 5 þeirra. Af þessum skipum, sem við vitum sannanlega, að þannig voru gerðar árásir á, voru 11 menn verulega særðir, en 78 drepnir. En auk þess hafa horfið 13 skip, sem ekki liggja neinar sannanir fyrir um, hvernig hafa horfið. Og á þessum skipum voru 147 manns, sem hafa farizt. Þannig hafa alls farizt í styrjöldinni 18 skip, og af þeim höfum við sannanir fyrir, að Þjóðverjar hafa grandað 5 þeirra. En alls hafa týnzt í styrjöldinni, af orsökum, sem við ekki getum vitað um, 225 manns.

Nú barst dómsmrn. snemma á þessu ári vitneskja um það, að e. t. v. mundi vera hægt að fá hjá flotastjórninni brezku upplýsingar um einhver af þeim skipum íslenzkum, sem farizt hafa á styrjaldartímanum, en ekki liggja neinar upplýsingar fyrir hjá okkur um, hvernig farizt hafa. Því að það liggur fullkominn grunur á um það, að nokkur af þeim skipum a. m. k., sem horfið hafa á leiðinni milli Íslands og Bretlands, hafi farizt í kafbátaárásum. Og það er vitað, að brezka flotastjórnin hefur yfirheyrt þá kafbátsmenn þýzka, sem hún hefur náð til, og látið þá gefa skýrslu um skip þau, er þeir sökktu. T. d. munu vera fyrir hendi upplýsingar hjá brezka flotamálaráðuneytinu um árásirnar á Dettifoss og Goðafoss. Og væri þá ekki ósennilegt, að á sama stað væru til skýrslur um árásir á fleiri íslenzk skip. Það hefur þess vegna verið óskað eftir því, fyrst við brezku flotamálastjórnina, sem hefur vísað þeim tilmælum frá sér til utanríkismálaráðuneytisins brezka, og þá seinna einnig óskað eftir því við utanríkismálaráðuneytið brezka, að það léti í té allar upplýsingar, sem flotamálaráðuneytið brezka hefur yfir að ráða um árásir Þjóðverja á íslenzk skip í stríðinu. Og jafnframt hefur verið send skrá yfir öll íslenzk skip, sem hafa horfið, bæði af kunnum og ókunnum orsökum í þessari styrjöld. — Svar við þessu hefur enn ekki borizt. En ég geri ráð fyrir því, að þær upplýsingar, þegar búið er að afla þeirra, muni verða undirstaða þess, að gerðar verði kröfur á hendur Þjóðverjum fyrir a. m. k. það skipatjón og manntjón, sem sannanlega hefur orðið af þeirra völdum hjá íslenzku þjóðinni

Ég skal svo enn fremur geta þess, að spurzt hefur verið fyrir um það hjá Svíum, hvaða háttur hefur verið hafður á meðferð þýzkra eigna, sem þar eru í landinu, eftir að ófriðnum lauk. Hafa borizt upplýsingar um það frá sænsku stjórninni, að eignir þýzka ríkisins og þýzku sendisveitarinnar í Svíþjóð yrðu undir eftirliti sænsku stjórnarinnar, þar til Bandamenn hefðu ráðstafað þeim. En frá þeim verður dreginn kostnaður sá, sem Svíar kunna að hafa af þeim sendimönnum Þjóðverja, sem þar eru í landinu.

Þá hafa einnig verið gerðar fyrirspurnir um það, bæði til Noregs og Danmerkur, hvernig gerðar séu kröfur þær, sem gerðar hafa verið til skaðabóta vegna tjóns, sem Þjóðverjar hafa valdið í þeim löndum, hvernig stjórnir þeirra landa sundurliði þessar kröfur, og enn fremur hvort óskað hafi verið skaðabóta fyrir mannslíf, og ef svo væri, hversu mannslífið sé þá virt.

Þessu máli er ekki komið lengra en það, að það er verið að safna gögnum og upplýsingum í því. En þegar búið er að safna þeim skilríkjum, sem nauðsynleg þykja, þá verður að sjálfsögðu tekin ákvörðun um það af dómsmrn. og utanrrn., á hvern hátt og eftir hvaða leiðum skuli senda bótakröfur fyrir það tjón, sem Þjóðverjar hafa valdið Íslandi í styrjöldinni.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins lýsa ánægju minni til hæstv. ríkisstjórnar yfir því, hversu röggsamlega hún hefur tekið á þessu máli, og yfir þeirri skýrslu, sem hæstv. dómsmrh. hefur nú gefið. Ég býst við, að hæstv. ríkisstj. haldi áfram rannsókn og framkvæmdum í þessu máli, eins og líka hæstv. dómsmrh. greindi, að gert mundi verða. — Sé ég ekki ástæðu til að óska eftir frekari umr. um málið nú.

8. Markaðshorfur í Rússlandi.

Á 75. fundi í Ed., 1. marz, var útbýtt:

Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um markaðshorfur í Rússlandi fyrir íslenzkar afurðir (A. 492).

Á 76. fundi í Ed., 4. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 12 shlj. atkv.

Með bréfi, dags. 6. marz, sendi forseti Ed. viðskmrh. fyrirspurnina og beiddist jafnframt vitneskju um, hvenær hann teldi sig reiðubúinn til að svara.

Við bréfi þessu barst aldrei svar, og var fyrirspurnin ekki á dagskrá tekin framar.